Lagafrumvarp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Aðstoð til vatnsveitna.

Á 8. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 95 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna [51. mál] (þmfrv., A. 52).

Á 14. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Við fjórir þm. þessarar hv. d. leyfum okkur að flytja frv. hér á þskj. 52 til l. um breyt. á l. nr. 93 frá 1947, um aðstoð af hálfu ríkisins við vatnsveitur.

Í l. frá 1947 er kveðið á um fjárhagslega aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélög, sem koma sér upp vatnsveitum. Fyrst og fremst er heimilt að veita styrk úr ríkissjóði, sem nema má allt að helmingi kostnaðar, og er þá miðað við kostnað af stofnæðum svokölluðum, vatnsgeymum, dælum og í fjórða lagi jarðborunum. Þessi löggjöf hefur á liðnum tíma reynzt hin nýtasta um margt og gert ýmsum sveitarfélögum kleift að leggja í tiltölulega dýrar vatnsveitugerðir, sem að öðrum kosti hefði eigi verið lagt í eða framkvæmdir þá tafizt úr hófi fram.

En að fenginni reynslu við framkvæmd þessarar löggjafar hefur þó komið í ljós, að okkur flm. og mörgum öðrum er það mjög í mun, að lögunum verði breytt til annars horfs um nokkur atriði, og ætla ég að rekja þau nokkru nánar hér, en þau eru í þrennu lagi.

Styrkurinn úr ríkissjóði getur stundum orðið æði takmarkaður og langt fram yfir það, sem ætla má að löggjafinn hafi upprunalega ætlað sér, þ. e. í þeim tilvikum, þegar svokölluð stofnæð er einungis lítill hluti af öllu vatnsveitukerfinu. Þá koma aftur á móti, þegar þannig stendur á, til svokallaðar aðaldreifiæðar og koma snemma og verða þá í raun og veru höfuðhluti dreifilínukerfisins. Miðast þá styrkurinn, eins og nú er, við stofnæðina sjálfa, en stofnæð er sá hluti vatnsæðar, sem liggur frá vatnsbóli eða upptökum vatns að fyrstu greiningu. Þannig er stofnæð skilgreind af hálfu þeirra aðila, sem vatnsveitustyrkjum hafa úthlutað.

Það skal út af fyrir sig ekki dregið í efa, að þessi skilgreining sé rétt, en það er auðsætt, þegar svo stendur á um stofnæð, að styrkurinn verður ekki að því gagni, sem löggjafinn hefur upphaflega ætlað sér, og okkur flm. þykir rétt að gera í þessu frv. till. um nokkra breytingu þar á.

Þessi aðstaða, þar sem skammar eru stofnæðar, getur víða komið upp og hefur víða komið upp, sérstaklega þó í dreifbýli, þar sem dreifikerfið er stærsti hlutinn. Við slíkar aðstæður getur framkvæmd vatnsveitugerðar, sem annars er nauðsynleg, stöðvazt eða orðið ónóg, nema ríflegri styrkur komi til. En í l. skortir heimild í þessu efni og þá þegar þörfin er hvað brýnust.

Til þess að gera hér nokkra úrbót, þá leggjum við flm. til í frv., að styrkurinn úr ríkissjóði nái einnig til svokallaðra aðaldreifiæða.

Þetta er varðandi styrkinn skv. löggjöfinni og breytingu þar á í þessu frv.

Þá er í öðru lagi till. af okkar hálfu um það, að ákvæði verði sett inn í lögin frá 1947 um ríkissjóðsábyrgðina, þannig að ábyrgð sú, sem ríkissjóði er heimilt að veita í þessum efnum, þ. e. a. s. til sveitarstjórna vegna vatnsveitugerðar, sé sjálfskuldarábyrgð. Nýlega samþ. lög um ríkisábyrgðir gera ráð fyrir því, að ábyrgð ríkissjóðs sé jafnan einföld, nema sérstaklega sé getið hins. Og víst er það, að vatnsveitugerðir eru mikils verðar framkvæmdir í þágu almennings. Þykir því okkur flm. ærin ástæða til þess, að ábyrgð ríkissjóðs verði í þessum efnum öllu ríkari en annars.

Í þriðja lagi leggjum við til, að ábyrgðar- og styrksfjárhæðin verði hækkuð sameiginlega upp í allt að 90% af öllum vatnsveitukostnaðinum.

Þá hef ég í stuttu máli greint frá þeim breyt., sem felast í þessu frv. og við flm. teljum að séu mjög eðlilegar og í raun og veru sjálfsagðar og allra sízt þess eðlis, að nokkrum verulegum ágreiningi eigi að geta valdið hér í þinginu.

Óska ég, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 624).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. nr. 93 frá 5. júní

1947, um aðstoð til vatnsveitna, felur í sér þá breytingu á 1. mgr. 4. gr. l., þar sem ákveðið er, að styrkur ríkissjóðs nái til greiðslu hluta kostnaðar við stofnæðar, að flm. leggja til, að við það bætist: aðaldreifiæðar, vatnsgeymar, dælur og jarðboranir. Í l. nú er allt þetta nema aðaldreifiæðar, og styrkur til vatnsveitna hefur verið miðaður við helming af þeim kostnaði við framkvæmdir við vatnsveitur, sem l. ná yfir, en aðaldreifiæðar vatnsveitna eru mjög kostnaðarmiklar og það er höfuðbreytingin í frv., sem flm. þess leggja til.

Heilbr.- og félmn. hefur yfirfarið þetta frv. og sendi málið til umsagnar vegamálastjóra, en umsögn hans barst ekki n., og þar sem svo skammt er eftir til þingloka, taldi n. rétt að láta málið ekki daga uppi hjá sér, heldur fannst henni eðlilegast að gefa út nál., enda sammála um að leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún láti fram fara athugun á þessu máli fyrir næsta reglulegt Alþingi.

ATKVGR.

Till. á þskj. 624 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 30 shlj. atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Áfengislög.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954 [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á 3. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er samið í dómsmrn. á grundvelli skýrslu eða álitsgerðar, sem nefnd, sem skipuð var vegna atburða í Þjórsárdal um hvítasunnuhelgina 1963, hefur samið og nú hefur verið birt í blöðum. Ég hygg þó, að það sé rétt að lesa hér upp þær till. n., sem varða endurskoðun á nokkrum ákvæðum laga og reglugerða, og nokkur atriði, er varða löggæzlu og dómgæzlu, vegna þess að þau skýra frv., með leyfi hæstv. forseta. Það eru kaflar um endurskoðun á nokkrum ákvæðum laga og reglugerða:

„1) Áfengislöggjöf verði endurskoðuð með sérstöku tilliti til þess, að komið verði í veg fyrir áfengisneyzlu ungmenna. Koma þar einkum eftirfarandi atriði til greina: Að sett verði skýlaus ákvæði um, að ungmenni innan ákveðins aldurs sé óheimilt að hafa áfengi um hönd, aldurstakmark 18 eða 19 ár. Að ungmennum innan ákveðins aldurs verði óheimil dvöl að kvöldlagi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með forráðamönnum. Að áfengi, sem ungmenni kann að hafa undir höndum, verði skilyrðislaust og án tafar gert upptækt. Að skýr ákvæði verði sett um bann gegn hvers konar afhendingu eða veitingu áfengis til ungmennis. Að sett verði ströng viðurlög gagnvart þeim, er afhenda eða veita ungmenni áfengi. Að hætt verði afhendingu á tollfrjálsu áfengi til ungmenna, enda þótt þau séu lögskráð á skip. Að skilyrðislaust verði gert upptækt áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastaði eða reynt er að bera þangað inn, sömuleiðis áfengi í fórum manna, sem teknir eru ölvaðir á almannafæri. Sektir fyrir ölvunarbrot verði hækkaðar verulega frá því, sem nú er, svo og viðurlög við leynivínsölu.

2) Sett verði ákvæði um bann gegn því, að ökumenn leigubifreiða flytji ölvuð ungmenni eða leyfi ungmennum áfengisneyzlu í bifreiðum sínum. Ákvæðin hindri þó ekki, að ungmenni séu flutt heim til sín, þótt ölvuð séu.

3) Sett verði ákvæði í reglugerð um sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa, er geri þá ábyrgari en verið hefur um flutning ungmenna á skemmtistaði og aðra samkomustaði. Ákvæðin beinist að því að koma í veg fyrir, að ungmenni séu flutt á slíka staði, nema um skipulagðar ferðir sé að ræða undir ábyrgri stjórn hæfilega margra fararstjóra eða ungmennin fari til staðar, þar sem vitað er að skipulagt mót fer fram eða umsjón og eftirlit sé á staðnum. Reglur 2. töluliðar hér næst á undan gilda og um sérleyfis- og hópferðabifreiðar.

4) Settar verði reglur samkv. lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, nr. 55 1949, um læknislegar og félagslegar aðgerðir til þess að sporna við ofdrykkju ungmenna, svo sem að flytja ungmenni, sem ítrekað eru tekin ölvuð á almannafæri, til læknismeðferðar.

5) Gefin verði út almenn reglugerð um útgáfu persónuskilríkja til ungmenna á aldrinum 12—22 ára. Verði miðað að því, að útgáfa geti hafizt á hausti komanda."

Kaflinn, er varðar löggæzlu og dómgæzlu, hljóðar svo:

„1) Skemmtanaleyfi fyrir almennar skemmtanir, svo sem dansleiki, hvers konar mót og mannfagnaði, sem ungmenni hafa aðgang að, séu hvergi veitt, nema tryggilega sé séð fyrir nægilegu eftirliti og löggæzlu.

2) Með því að víða í héruðum er engin aðstaða fyrir löggæzlumenn að taka til geymslu þá, sem ölvaðir gerast, valda óspektum eða setja ómenningarbrag á samkomur með öðrum hætti, er brýn nauðsyn á, að gerð verði hið fyrsta áætlun um byggingu héraðsfangelsa samkv. l. nr. 21 1961, þar sem þörfin er mest.

3) Löggæzla í héruðum landsins verði hið fyrsta efld, eftir því sem fjárveitingar frekast leyfa, bæði hvað snertir fast lið og héraðslögreglulið samkv. lögum um lögreglumenn.

4) Þjóðvegalöggæzla ríkislögreglunnar verði efld verulega, svo að hún geti veitt héraðslögreglumönnum nauðsynlegan stuðning og aðstoð.

5) Hert verði eftirlit með því, að ungmenni fái ekki afgreitt áfengi í áfengisútsölum eða vínveitingastöðum.

6) Haldið verði áfram baráttu gegn leynivínsölu og afgreiðslu slíkra mála fyrir dómi hraðað.

7) Hert verði á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir smygl, eftir því sem frekast er unnt.

8) Unglingar og aðrir, sem ölvaðir eru á almannafæri og hafa í frammi ólæti, verði gerðir ábyrgir, svo að eftirminnilegt megi verða þeim sjálfum og öðrum víti til varnaðar."

Þá er rétt að geta þess, að ekki alls fyrir löngu barst dómsmrn. bréf frá stjórn Landssambands

ísl. barnaverndarfélaga, þar sem eru sendar tillögur, er samþykktar voru einróma á aðalfundi sambandsins, sem haldinn var í Reykjavík dagana 12.—13. sept. s. l. Ályktunin var gerð að undangengnu ýtarlegu framsöguerindi um málið og allmiklum umr., en fundinn sóttu auk kjörinna fulltrúa frá barnaverndarfélögum margir áheyrnarfulltrúar og gestir, eins og segir í þessu bréfi. Till., sem sendar voru, hljóða þannig:

„Fimmti landsfundur Landssambands ísl. barnaverndarfélaga skorar á dómsmrh. að efla löggæzlu og eftirlit með unglingum á almannafæri og á skemmtistöðum. Vill fundurinn benda á eftirfarandi atriði, til að draga úr vandkvæðum af framferði unglinga:

1) Hert sé á eftirliti á sölu áfengis til unglinga.

2) Forráðamönnum skemmtistaða, sem unglingar sækja, sé gert að skyldu að hafa eftirlit með umgengni og háttprýði þeirra og gæta þess, að fjölmenni keyri ekki úr hófi fram.

3) Ákveðnar reglur séu settar þeim aðilum, sem gangast fyrir hópferðum unglinga.

4) Unglingum sé gert að skyldu að bera nafnskírteini, svo að unnt sé að fylgjast með aldri þeirra og ábyrgð.

5) Allir þeir, sem brjóta af sér í umgengni, viðskiptum og framkomu við unglinga, verði hiklaust og tafarlaust sóttir til saka."

Í frv. eru þær breytingar á áfengislögum, sem nauðsynlegt og tiltækilegt þótti að gera á grundvelli álitsgerðarinnar, og eru þær samkvæmt því, sem ég las, í fullu samræmi við till. Landssambands ísl. barnaverndarfélaga, svo langt sem sú till. nær. Í frv. er lögð á það áherzla og efni þess er fyrst og fremst það að hindra áfengisveitingar og áfengisútlát með nokkrum hætti til unglinga og þá yfirleitt miðað við 21 árs aldur. Ég vek þó athygli á því, að í 3. gr. frv. er varðandi dvöl ungmenna á veitingastöðum, þar sem vínveitingar eru leyfðar, miðað við 18 ára aldur eða yngri og þeim bönnuð dvöl þar, nema í fylgd með forráðamönnum sínum séu. Það má segja, að þetta aldursákvæði er eitt meginvandamál, sem taka verður afstöðu til í sambandi við þetta mál. Núgildandi reglur miða við 21 ár, en í álitsgerð þeirri, sem ég áðan las upp, er vikið að yngra aldursmarki í sumum tilfellum, og er till. um 18 ára aldur í 3. gr. í samræmi við þær till. Æskilegast væri að sjálfsögðu að miða þarna við eitt aldursmark, og komum við þá að því, hvort fært þyki að fylgja eftir 21 árs aldursmarki í öllum tilfellum, þannig að það hafi raunhæfa þýðingu. Ég veit, að miklir annmarkar munu þykja á því að lækka þetta aldursmark frá því, sem nú er í lögum. Hitt verðum við allir að viðurkenna, að oft hefur þetta aldursmark verið gersamlega dauður bókstafur, og því miður er hætt við því, að erfitt verði einnig, þrátt fyrir þær tryggingarráðstafanir, sem settar eru í lagafrv., að fylgja því ætíð eftir svo sem vert væri og vissulega gera þarf, ef ákvæðinu er haldið. Ég hef þó ekki talið rétt að gera till. um að lækka þetta 21 árs aldursmark, sem í 1. gr. lagafrv. er haldið, en vek athygli á því til sérstakrar íhugunar fyrir hv. þm., hvort þeir telja rétt að lækka það og þá eingöngu í því skyni, að þau mörk, sem sett séu, séu með þeim hætti, að nokkurn veginn mögulegt sé að fylgja þeim, — ekki allt of miklar líkur til þess, að um dauðan bókstaf verði að ræða. En við vitum það t. d., — ég segi það ekki til þess að færa neitt að þeim hópi manna sérstaklega, heldur einungis vegna þess að þar er um augljósa og alkunna staðreynd að ræða, — að stúdentar, sem ekki hafa náð 21 árs aldri, hafa frá fornu fari tekið þátt í alls konar samkvæmum, þar sem vín er um hönd haft, og þarf að verða mikil breyting á framkvæmd og ég vil segja hugsunarhætti, til þess að þetta sé raunverulega gerlegt að stöðva. Eins vitum við um ýmsa, jafnvel gifta menn, sem vinna fyrir sínum heimilum í ýmsum stéttum og allir vita að vín hafa um hönd, að erfitt kann að vera að fylgja því eftir, að þeim sé það meinað með þeim hætti, sem í lagafrv. er ráðgert og nú á að herða eftirlitið með. Hér er um matsatriði að ræða, þar sem annars vegar verður að hafa í huga, að vitanlega er öllum innan við 21 árs aldur óhollt að drekka vín, og þá einnig að líta á, hvað framkvæmanlegt er, eins og þjóðfélagsháttum okkar nú og raunar lengi hefur verið háttað.

Það er eitt meginatriði þessa máls, að ætlunin er að gera ráðstafanir til þess, að aldursmarkið verði framkvæmanlegra en áður með því að gefa út nafnskírteini a. m. k. fyrir alla unglinga, og hefði framkvæmd þeirrar ráðagerðar þegar verið hafin, ef ekki hefði komið upp við athugun málsins, að hagstofustjóri taldi fyllilega til greina koma að gefa út nafnskírteini til handa öllum landsmönnum, ekki sérstaklega í sambandi við áfengislöggjöfina, heldur gætu slík skírteini orðið hagkvæm í ýmsum öðrum samböndum. Hann hefur nú í haust samið frv. um þetta, sem er til athugunar hjá stjórnvöldum, og fyrr en þeirra athugun er lokið, taldi dómsmrn. ekki rétt að hefjast handa um útgáfu nafnskírteina fyrir unglingana eina, vegna þess að þá yrði um tvíverknað að ræða og óþarfa fyrirhöfn, sem spara mætti, ef sá háttur yrði ákveðinn, sem ekki verður gerður nema með löggjöf og þá eftir ákvörðun Alþingis nú í haust, að lögbjóða nafnskírteini handa öllum. Var þá hugsað af hálfu hagstofustjóra, að a. m. k. í fyrstu fengju einungis hinir yngri aldursflokkar skírteini með mynd sinni á, þannig að um eins konar vegabréf, ef svo má segja, væri að ræða. Nafnskírteini annarra yrðu að því leyti einfaldari, að þar yrði mynd sleppt. En þetta atriði er sem sagt til athugunar, og ef ekki verður úr, að heildarlöggjöf verði um þetta sett, mun dómsmrn. nú á allra næstu vikum hefjast handa um útgáfu allsherjar nafnskírteina handa unglingum og þá sennilega miðað við 22 ára aldur sem hámark.

Að aldursmarkinu slepptu, sem ég tel í raun og veru vera mesta vandamálið í þessu, og útgáfu nafnskírteina, sem er hreint framkvæmdaratriði fyrir þá yngri, en þarf löggjafar við, ef hinn hátturinn yrði tekinn upp, sem ég gerði grein fyrir, þá er ætlunin sú að gera með öllu óheimilt að afhenda yngri mönnum en 21 árs að aldri áfengi með nokkrum hætti, en það hefur verið heimilt undir vissum kringumstæðum eða a. m. k. framkvæmt — skulum við segja — óá-

talið undir vissum kringumstæðum fram að þessu. Þá er einnig ráðgert, að áfengi, sem er í höndum ungmenna yngri en 21 árs, skuli skilyrðislaust gert upptækt. Með sama hætti er heimilað að gera upptækt umsvifalaust áfengi, sem flutt er heimildarlaust inn á veitingastað, eftir því sem nánar segir í 3. og 7. gr. þessa frv.

Enn fremur eru ákvæði, sem eiga að hindra drykkjuskap í bifreiðum, en eins og öllum er kunnugt, er hann nú mjög tíðkaður, ekki síst af ungmennum, — slík ákvæði eru auðvitað ætíð erfið í framkvæmd, en öllum kemur saman um, að svo mjög hafi að þessu kveðið, að ráðstafanir verði að gera gegn því, — og eins að flytja ölvuð ungmenni, nema þá einungis án tafar til heimila þeirra.

Í samræmi við till. í þessari álitsgerð og raunar till. barnaverndarfélaganna líka er svo hert á sektar- og upptökuákvæðum áfengis einnig í fleiri samböndum, svo sem sést af lagafrv. og ég tel ástæðulaust að greina frekar.

Þá vil ég minna á, að lagt hefur verið fram frv. um drykkjusjúka menn, sem þegar er komið hér til n., og er vonandi tryggt, að það nái fram að ganga á þessu þingi, en að ákvæðum þess frv. er einnig vikið í álitsgerðinni.

Ég hygg, að varðandi löggjöf sé í þessu frv., að því er tekur til dómsmrn., farið eftir fram komnum till. í öllu verulegu og hitt séu framkvæmdaratriði, sem sjálfsagt er að fylgja eftir einnig. Ég vek þó athygli á því, að ég hef ekki talið fært að setja refsiákvæði gagnvart ungmennum og þá miðað við aldur 18 eða 19 ár, eins og mér skilst að lagt sé til í álitsgerð Þjórsárdalsnefndarinnar, fyrir það eitt að hafa áfengi um hönd. Ég tel hvort tveggja, að það sé mjög erfitt að setja mörg mismunandi tímamörk, ég hef, eins og fram kemur af því, sem ég hef sagt, ærnar áhyggjur af þeim mismunandi tímamörkum, sem þegar eru í frv., og tel hitt frágangssök, að bæta enn einu við um að refsa unglingum undir tilteknum aldri alveg sérstaklega fyrir það eitt að hafa áfengi um hönd. Ef það er einhverjum að refsa, þá tel ég, að refsingin verði að beinast gegn þeim, sem láti þá fá áfengi, og það er skýlaust í frv., eins og það nú liggur fyrir, að slíkt sé refsivert. En hitt er hæpnara, að ætla að setja ný refsiákvæði fyrir unglingana sjálfa, vegna þess að þá verður í þessu sambandi einu að meta sem óvita og því annaðhvort að senda til læknis, eins og ráðgert er í frv. um drykkjusjúklinga eða lækningu drykkjusjúkra manna, eða beina refsingunni gegn þeim, sem veita þeim áfengið, eins og í þessu frv. er ætlað.

Mér er það alveg ljóst, að hér er um mjög mikið vandamál að ræða, mjög alvarlegt. Ég geri mér einnig ljóst, að því fer fjarri, að þetta frv. eitt leysi allan vanda í því efni. Það þarf margt fleira til að koma. Löggjöfin ein dugir ekki, allra síst refsilöggjöfin ein, þó að hún sé hert, bæði að efni og í framkvæmd. En þó að við viðurkennum, að margt fleira þurfi til að koma, er þessi herðing refsilöggjafarinnar, áfengislaganna sjálfra, og herðing á framkvæmd þeirra nauðsynlegur liður í því, sem gera þarf, og vona ég því, að þetta frv. verði að meginefni til samþ. hér á hv. Alþ., þó að vel megi vera, að mönnum sýnist ástæða til að breyta því í einstökum atriðum.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en þetta frv. um breytingar á áfengislögunum fer til n., vildi ég gjarnan vekja athygli á tveimur atriðum, — nýjum atriðum, sem ég mundi telja æskilegt að fengju nokkra athugun í nefnd.

Ég hygg, að það frv., sem hér liggur fyrir, en í því felast ekki neinar stórbreytingar, það sé heldur til bóta frá því, sem nú er, og get því mælt með því. Hins vegar tek ég undir það, sem kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að það gæti verið nokkurt vafamál, hvaða aldurstakmark á að setja í lög eins og þessi. Ég sé, að í frv. er haldið því aldurstakmarki, sem er í núgildandi áfengisl., og það má vel vera, að það sé rétt. En í þessu sambandi er þó vert að athuga það, að þróunin stefnir heldur í þá átt að lækka aldurstakmörk og veita ungum mönnum aukin réttindi, án þess að ég sé sérstaklega að nefna það í sambandi við þetta mál. Ég býst t. d. við því, að að því muni koma fyrr en seinna í sambandi við kosningar til Alþingis og bæjar- og sveitarstjórna, að aldurmarkið verði heldur fært niður. Ég segi þetta samt ekki vegna þess, að ég sé beinlínis að leggja til, að aldursmarkinu verði breytt í því frv., sem hér liggur fyrir.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., er þetta frv., sem hér liggur fyrir, þannig til komið, að eftir þá atburði, sem gerðust í Þjórsárdal á s. l. vori, var skipuð nefnd af hæstv. menntmrh. til þess að gera skýrslu um þessa atburði og þær ályktanir, sem af þeim mætti draga. Þessi skýrsla liggur nú fyrir, og eitt af þeim atriðum, sem n. bendir á til úrlausnar, felst í því frv., sem hér liggur fyrir. Það getur að sjálfsögðu verið gott að herða á ýmsum bönnum og eftirliti, og skal ég ekki draga úr því, heldur tel það að mörgu leyti nauðsynlegt.

Það atriði í till. n., sem ég vil leggja megináherzlu á eða tel, að leggja beri megináherzlu á, felst í því, sem n. leggur til um það, að aukin sé bindindisfræðsla og æskulýðsstarfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn. Ég hygg, að það sé vænlegast til árangurs í þessum efnum, að slík starfsemi verði efld. Þegar núv. áfengislöggjöf var sett, varð því miður þetta atriði svo að segja alveg út undan. Það er að vísu sérstakur kafli í lögunum um áfengisvarnir, en hins vegar er ekki séð fyrir neinu teljandi fjármagni til þess að gera þennan kafla laganna raunhæfan. Í frv. að áfengislögunum frá 1954 er gert ráð fyrir því, að sérstökum hluta af áfengiságóðanum verði varið til þessarar starfsemi, og þannig var þetta frv. lagt fyrir Alþingi á sínum tíma af hæstv. núv. dómsmrh. En illu heilli var þetta ákvæði um að tryggja áfengisvörnunum og bindindisfræðslunni sérstakt fjármagn fellt niður úr frv. í meðferð þingsins. Ég vil í tilefni af því benda hæstv. n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, á það að taka til athugunar, að þetta ákvæði verði tekið upp í lögin, eins og það var í frv. til áfengislaga á þingi 1953. Þetta ákvæði, sem

þá var lagt til af þeirri nefnd, sem undirbjó lögin, að yrði tekið upp, var svo hljóðandi,, með leyfi hæstv. forseta, og var þá í 31. gr. í frv.:

„Stofna skal áfengisvarnasjóð. Er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu. Skulu í hana renna árlega 3% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins. Áfengisvarnaráð fer með stjórn og reikningshald sjóðsins. Nánari fyrirmæli um áfengisvarnasjóð skulu sett í reglugerð."

Á síðasta þingi flutti ég sérstakt frv., þar sem þessi gamla till. var tekin upp, og hef aftur flutt það á þessu þingi. En mér finnst vel vera hægt að leysa þetta mál þannig, fyrst komin er fram sérstök breyting á áfengislögunum, að þetta ákvæði verði beinlínis tekið upp í þau og þar með tryggt nokkurt fjármagn til þessarar starfsemi. En það getur hver og einn gert sér ljóst, að það er tilgangslaust að vera að tala um bindindisfræðslu og sérstaka æskulýðsstarfsemi til þess að vinna gegn áfengisneyzlu, nema því aðeins að séð sé fyrir hæfilegu fjármagni til slíkrar starfsemi. Þess vegna vildi ég biðja þá nefnd, sem fær þetta mál til athugunar, að taka það jafnframt til athugunar, hvort ekki væri rétt að taka þetta ákvæði upp að nýju og fella það inn í kafla áfengislaganna um áfengisvarnir, eins og það var upphaflega í því frv. að áfengisl., sem lagt var fyrir Alþingi 1953.

Annað atriði, sem ég vildi biðja n. að taka til athugunar, snertir 9. gr. áfengislaganna. 9. gr. áfengislaganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkv. 3. gr. Ríkisstj. ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings."

Þetta seinasta ákvæði 9. gr., að óheimilt sé að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings, virðist hafa verið metið þannig af hæstv. ríkisstj., bæði núv. ríkisstj. og nokkrum, sem hafa setið á undan henni, að það væri eiginlega heimilt eða ríkisstj. og forráðamönnum áfengisverzlunar væri heimilt að gefa afslátt til kaupenda svo að segja allra annarra en veitingamanna. Og þess vegna hefur sá siður skapazt, að allmargir aðilar fá nú afslátt frá útsöluverði á áfengi. Það hefur komizt í hefð að binda þetta að ýmsu leyti við hinar hærri stöður í þjóðfélaginu, ef svo mætti segja, þannig að t. d. ráðh. og þingforsetar og fleiri slíkir hafa fengið þennan afslátt. Ég mundi telja það æskilegt, að 9. gr. yrði gerð alveg skýr í þeim efnum, að það væri ekki aðeins synjað um afslátt til veitingamanna, heldur allra, sem áfengi kaupa, þannig að allir sitji þar við sama borð. og þess vegna ættu þessi niðurlagsákvæði 9. gr. að hljóða eitthvað á þessa leið: „Óheimilt er að gefa afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings."

Ég held, að það hljóti hverjum og einum að vera ljóst, sem telur, að áfengi sé eitthvað skaðlegt, að það sé ekki til þess að skapa holla siðvenju í þessu efni að telja það einhver sérstök hlunnindi, að menn fái afslátt af áfengi, og sízt af öllu að binda það við hinar hæstu tignarstöður í þjóðfélaginu. Ég held þess vegna, að það sé þáttur í því að skapa heilbrigðar venjur í þessum efnum að fella þetta afsláttarleyfi alveg niður. Ég vil taka það alveg skýrt fram, til þess að valda ekki neinum misskilningi, að í sambandi við þetta er ég ekki að deila neitt sérstaklega á hæstv. núv. ríkisstj., því að hún hefur ekki skapað þá venju, sem ríkir í þessum efnum, þó að hún hins vegar sé jafnsek fyrirrennurum sínum. Og ég vil líka segja það, að mér finnst nú ástand þjóðmálanna vera þannig, að hæstv. ríkisstj. sé ekki það traust í sessi, að það megi reikna með því, að þessi réttindi verði endanlega bundin við hana, svo að það sé ekki sérstaklega verið neitt að taka frá henni, þó að þau yrðu felld niður. Það gæti kannske alveg eins verið, að þau væru raunverulega tekin frá einhverjum öðrum. En af þessum ástæðum, sem ég hef greint, að það eru yfirleitt allir kannske jafnsekir um, að þessi hefð hefur komizt á, þá ætti líka að vera auðveldara að ná samkomulagi um að afnema það.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri að sinni, en ég vænti þess, að hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi jafnframt þessi tvö atriði, sem ég hef minnzt á, í fyrsta lagi, að það verði tryggt nokkurt fjármagn til áfengisvarna, og í öðru lagi, að heimild til að veita afslátt frá útsöluverði á áfengi verði alveg felld niður.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Lagafrv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á áfengislögum, snertir eitt mesta og viðkvæmasta vandamál þjóðarinnar, áfengisneyzlu æskufólks. Það vandamál er afleiðing þess háskasamlega leiks, sem mikill meiri hluti þjóðarinnar tekur þátt í og vill ekki vera án, að feta örgranna línu hófdrykkjunnar án þess að falla í hyldýpið, sem við blasir, ef á brestur jafnvægið. Með þeim breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði á áfengislögunum, er gerð tilraun til að koma a. m. k. í veg fyrir, að nokkur hætti sér út á línuna, fyrr en hann hefur náð þeim andlegum og líkamlegum þroska, sem nauðsynlegur er talinn. Ég ætla ekki í tilefni af þessu frv. að ræða áfengisvandamálið almennt, en vildi minnast á nokkur atriði í sambandi við einstakar greinar þess.

Í 1. gr. frv. eru, svo sem segir í aths. með frv., tekin af öll tvímæli um, að hvers konar afhending á áfengi til ungmenna undir 21 eins árs aldri er óheimil. Af því leiðir, að verði uppvíst um ölvun manns undir 21 árs aldri, er það fyrst og fremst staðfesting þess, að einhver annar aðili hefur framið lögbrot. Samkv. því ber vitaskuld að snúast við, þ. e. a. s. að leiða í ljós, hvaðan ungmennið hefur fengið áfengið. Það ber fyrst og fremst að upplýsa. Og ég tel þörf á, að í áfengislögin bætist sérstakt ákvæði þess efnis, að verði ungmenni undir 21 árs aldri uppvíst að ölvun, skuli hverju sinni hefja sérstaka rannsókn á því, hver hefur selt eða veitt áfengið, og beita öllum tiltækum ráðum til þess að rekja þannig afbrotið til upphafs síns. Það, sem fyrst og fremst þarf að tryggja, er, að

hver sá, sem brýtur áfengislög á þann hátt að selja eða veita áfengi yngri mönnum en 21 árs, eigi ávallt á hættu, að til hans verði áfengisneyzla ungmennisins rakin við rannsókn. Fram til þessa hefur áhættan í þessu efni verið lítil, en ég tel, að grundvallarskilyrði þess, að lögin nái tilgangi sínum og komi að einhverju haldi, sé, að í hvert skipti, sem lögreglan hefur afskipti af ölvuðu ungmenni yngra en 21 árs, verði undantekningarlaust rannsakað, hver hafi hverju sinni gerzt brotlegur við ákvæði áfengislaganna um bann við afhendingu áfengis til ungmenna. Það er slíkt höfuðatriði, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að tryggja, að haldin séu þau lög, sem gilda um bann við afhendingu, sölu eða veitingu áfengis til ungmenna, að ég tel, að ef svo reyndist að dómi þeirra, sem eftirlit eiga að hafa með framkvæmd laganna, að hægara væri að tryggja, að þau væru haldin, ef aldursmarkið væri lægra en 21 árs, þá held ég, að það komi mjög til álita að velja þann kostinn að miða t. d. við 19 ár, það munu a. m. k. einhverjar aðrar þjóðir gera, og beita jafnframt mjög ströngum viðurlögum, ef út af er brugðið, beita t. d. veitingastaði, sem bera ábyrgð á slíkum lagabrotum, tímabundnum lokunum og algerum, ef um ítrekuð brot er að ræða.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um, að ökumönnum leigubifreiða og almenningsbifreiða er bannað hvort heldur að taka ölvuð ungmenni til flutnings í bifreiðum nema til heimaksturs eða leyfa þeim áfengisneyzlu í viðkomandi bifreiðum. Í aths. með frv. er þess getið, að áfengisneyzla ungmenna sé allmjög tengd bifreiðaakstri og ákvæði þessarar greinar séu ætluð til þess að draga úr þeim þætti í áfengisneyzlu æskufólks. Nú vita þeir, sem til þekkja, að þær bifreiðar, sem unglingar nota í sambandi við áfengisneyzlu, eru ekki einungis eða fyrst og fremst leigubifreiðar eða almenningsbifreiðar, heldur ekki síður einkabifreiðar, sem oft og tíðum eru í eigu manna, sem stunda það, sem á reykvísku er kallað hark, einkum og ekki sízt í sambandi við dansleiki, sem haldnir eru utan höfuðborgarinnar. Ég er þeirrar skoðunar, að til þess að ákvæði 2. gr. frv. nái þeim tilgangi, sem þeim er ætlað, þurfi þau að vera víðtækari, nánast þannig, að þau nái ekki einungis til ökumanna leigubifreiða eða almenningsbifreiða, heldur allra ökumanna, enda naumast annað í samræmi við þá almennu niðurstöðu áfengislaganna, að forsenda fyrir áfengisneyzlu manns yngri en 21 árs sé sú, að lögbrot hafi verið framið, þ. e. a. s., að 16. gr. áfengislaganna hafi verið brotin.

Í 2. gr. frv. er þannig ákvæði um, að leigubifreiðar og almenningsbifreiðar megi ekki nota til lögbrota eða yfirhylminga yfir lögbrot. Þau ákvæði hljóta að eiga að gilda um allar bifreiðar, þ. e. a. s. að engum bifreiðarstjóra sé heimilt að taka ölvuð ungmenni til flutnings samkv. frv. nema til heimilis þeirra né heldur megi í nokkurri bifreið leyfa mönnum yngri en 21 árs áfengisneyzlu. Sé ungmenni innan við 21 árs aldurs með áfengi undir höndum, hefur verið framið lögbrot, sem hverjum borgara, bifreiðarstjórum sem öðrum, ber að gera sitt til að upplýsa. Sú skylda hlýtur að ná til allra bifreiðarstjóra, en ekki aðeins ökumanna leigubifreiða eða almenningsbifreiða.

Og þá kem ég þar með að því atriði 2. gr. frv., sem kveður á um, að einungis sé leyft að aka ölvuðum ungmennum heim. Ég lít svo á, svo sem ég gat um fyrr, að hendi það, að maður undir 21 árs aldri sé ölvaður, þá hafi fyrst og fremst einhver annar en ungmennið framið lögbrot, nema um þjófnað væri að ræða, einhver hafi brotið áfengislögin með því að selja eða veita því áfengi. Ef koma á í veg fyrir slík afbrot, þurfa þeir menn, sem gerast sekir um þau, fyrst og fremst að eiga á hættu, að þeirra hlutur sé dreginn fram í dagsljósið. Þess vegna ættu lögin að gera ráð fyrir því, að bifreiðarstjórum beri sem öðrum borgurum að stuðla að því, að til sökudólgsins náist, og eigi því að gera yfirvöldum aðvart í stað þess einungis að aka hinu drukkna ungmenni heim.

Ég er sannfærður um, að ákvæði 1. gr. frv. um bann við að afhenda eða veita áfengi yngri mönnum en 21 árs kemur að engu haldi, fyrr en hver sem það gerir veit, að hann á það raunverulega á hættu, að ölvun ungmennisins verði rakin til hans. Til þess þarf undanbragðalausa rannsókn, í hvert skipti sem lögreglu er kunnugt um ölvun manns, sem er yngri en 21 árs.

Þetta er það, sem ég sé ástæðu til þess að taka fram í sambandi við einstakar greinar frv., og ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær það til meðferðar, taki það til athugunar.

Í aths. með þessu frv., sem herðir á ýmsum ákvæðum áfengislaganna og bætir við nokkrum bönnum, er þess getið, að það sé árangur af störfum nefndar, sem skipuð var af hæstv. menntmrh. í júnímánuði s. l. í samráði við dómsmrn. í tilefni atburða, sem urðu í Þjórsárdal hvítasunnuhelgina 1963. Eru till. n. varðandi endurskoðun áfengislaga hinar einu þeirra, sem varða endurskoðun laga. Þess er einnig getið, að veigamestu ráðstafanirnar, sem bent er á í till. n., sem skipuð var lögreglustjóranum í Reykjavík, sálfræðiprófessor við háskólann og formanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur, séu um útgáfu persónuskilríkja ungmenna á tilteknum aldri. Samkv. því, sem birt hefur verið um störf n., virðist hún hafa kynnt sér Þjórsárdalsmálið í smáatriðum, og það blasir vitaskuld við, að á bak við þá atburði liggur keðja lögbrota einhverra einstaklinga, sem veitt hafa, afhent eða selt vín til ungmenna undir 21 árs aldri. En hvergi kemur það þó fram, að hve miklu leyti hafi verið hafðar hendur í hári þeirra sökudólga, og ég vildi gjarnan fá það upplýst, að hve miklu leyti n. hefur kynnt sér þá hlið málsins. Það er vitaskuld til lítils að setja lög og ákveða viðurlög við brotum á þeim, ef ekki er gert allt, sem unnt er, til þess að upplýsa afbrotin og beita þá refsingum, sem raunverulega eru sekir. Á einum stað í skýrsluútdrættinum kemur t. d. fram, að lögreglan á Selfossi hafi tekið í sínar vörzlur unga stúlku meðvitundarlausa af áfengisneyzlu, faðir hennar hafi ekki viljað við henni taka eða kosta bifreið með hana til Reykjavíkur, þar sem hún átti heima. Þar endar frásögn-

in, og ekki er um það getið, hvað gert hafi verið til að upplýsa, hvaðan stúlkunni kom áfengið, hver hafi verið hinn seki. Framhaldið í þessu sérstaka máli mun samkv. þeim heimildum, sem ég hef, hafa verið það, að þegar stúlkan hafði sofið úr sér ölvímuna, ók lögreglan með hana aftur upp í Þjórsárdal, og ég er hræddur um, að þar með hafi ekki meira verið gert í því máli, og að bæði að því er varðar Þjórsárdalsatburðina og önnur brot á þeim lögum, sem banna afhendingu á áfengi til ungmenna, hafi verið of lítið gert að því að draga hina raunverulegu sökudólga fram í dagsljósið, svo að nauðsynlegt aðhald geti skapazt í þessum efnum og öllum verði ljós áhættan af því að veita eða selja ungmennum áfengi.

Till. n. hafa birzt opinberlega nú í morgun og eru að nokkru leyti jákvæðar ábendingar um aukna æskulýðsstarfsemi með tilstyrk bæjarfélaga, og í aths. með lagafrv. þessu er tekið fram, að veigamesta ábendingin sé um útgáfu persónuskilríkja til ungmenna. Litlar till. eru gerðar um jákvætt framlag ríkisins í þessum málum, en hætt er við, að undir hælinn verði lagt, hvað verður um framkvæmdir á ábendingum um aukinn hlut bæjarfélaga, ef ekki koma til bein lagaákvæði, en þá er óeðlilegt að leggja verulega fjárhagsbagga á sveitarfélög með lagaboðum, án þess að ríkið taki þátt í útgjöldunum.

Að öðru leyti þykir mér till. bera nokkurn keim þess, sem um of og einhliða hefur að æskufólki snúið frá opinberum aðilum. Þær virðast, a. m. k. þær, sem mestar líkur eru á að verði framkvæmdar, vera neikvæðar. Og þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið og verið er að taka í samræmi við þær, eru bönn og takmarkanir. Bönn og takmarkanir eru óhjákvæmileg og þurfa meira að segja að vera þannig úr garði gerð, að þau nái tilgangi sínum, þar sem þau eiga rétt á sér. Og bönn og refsingar í áfengismálum þurfa einkum að vera örugglega á þann veg, að þau bitni ekki einungis á unglingunum, heldur fyrst og fremst á þeim, sem draga æskufólk út í drykkjuskap með sölu eða afhendingu áfengisins. En það, sem unglingar og æskufólk þarfnast fyrst og fremst, eru jákvæðar aðgerðir, — aðgerðir, sem tryggja æskufólki það, sem ætti að koma í staðinn fyrir það, sem bannað er.

Ég ætla við afgreiðslu þessa máls, sem hér liggur fyrir, aðeins að minnast á eitt atriði í því sambandi. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að í fræðslukerfi okkar vanti í raun og veru annan helminginn af því, sem þar ætti að vera. Fræðslulögin tryggja æskufólki ekki nema hluta af því, sem nauðsynlegt er að það verði aðnjótandi. Skólarnir sjá svo um hina beinu fræðslu, og þar dveljast unglingarnir hluta dagsins, og heimilin sjá ungmennunum a. m. k. fyrir næturstað, hvað sem meira er í hverju tilfelli, en sá tími í daglegu lífi ungmenna, sem mestu varðar að nýttur sé á jákvæðan og hollan hátt, til þess að viðleitni skólanna og heimilanna komi að haldi, er að mestu látinn eftir aðilum, sem fyrst og fremst hafa áhuga á peningum í vösum ungmennanna, en láta sig lítt varða sálar- eða líkamsheill þeirra. Þar er æskufólki fyrst og fremst boðið það, sem gæti fært einhverjum gróða. Vasar ungmennanna eru hin fengsælu mið fyrir peningamenn, sem hafa komið sér upp viðeigandi veiðarfærum til að sækja þangað aflann. Ég er þeirrar skoðunar, að í fræðslulögunum eða einhverri viðbót við þau eigi að gera ráð fyrir því, að tómstundir æskufólks séu til og það sé ekki sama, á hvern hátt þeim er varið. Það sé jafnrík skylda þjóðfélagsins að sjá æskufólki fyrir húsnæði og viðfangsefnum í tómstundum sínum eins og sjá því fyrir skólahúsum og fræðslu. Í því þjóðfélagi, sem við búum í, þar sem treyst er á gróðahyggjuna sem hreyfiafl, er ekki hægt að búast við jákvæðum árangri í uppeldismálum, fyrr en fræðslukerfið hefur verið útvíkkað svo, að á sama hátt og það er nú skylda ríkis og sveitarfélaga að byggja skóla í bæjum og sjá ungmennum þar fyrir fræðslu, verði það skylda sömu aðila að reisa æskulýðsheimili og gefa þar hverju ungmenni kost á að nota frítíma sína til hollrar tómstundaiðju, skemmtana og til þess að hittast þar í eigin húsakynnum í skjóli fyrir veiðarfærum þeirra útgerðarmanna, sem gera út á vasa æskufólks. Sá tími þarf að koma, að slík æskulýðsheimili séu í hverjum bæ og þorpi og séu talin jafnsjálfsögð og skólar eru nú. Það er víst, að þegar slíkar stofnanir hafa verið til um skeið, þyrftum við síður en nú að binda traust okkar við bönnin ein. En þess tíma, að þannig verði búið að æskunni, má víst því miður bíða alllengi enn í því þjóðfélagi gróðahyggjunnar, sem byggir hverja milljónahöllina eftir aðra utan um skuldabréf sín og víxla og umboðsfyrirtæki erlendra auðhringa, sem býr á sama tíma við slíkt húsnæðisleysi í skólamálum, að ekki er unnt að uppfylla þær kröfur, sem fræðslulögin þó gera um skólaskyldu, nema með því að tví- og þrísetja í skólana.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það voru örfá atriði, sem ég vildi drepa á, áður en málið færi til n., í þeirri von, að hún athugaði þau nokkuð.

Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. sé til bóta, það sem það nær, og því sjálfsagt að veita því stuðning. Hitt vil ég taka undir hjá hv. síðasta ræðumanni, að bönn og viðurlög eru ekki eina aðferðin og ekki aðalaðferðin, sem á að viðhafa til þess að koma hér endurbótum á, heldur verður að vinna að þessum málum jákvætt, byggja upp það þjóðfélag handa ungmennunum, sem kemur í veg fyrir, að þau leiðist út á glapstigu, eins og nú því miður á sér æðioft stað.

Hv. 5. þm. Reykv. drap hér áðan á þann ósið, sem lengi hefur verið viðloðandi, að veita ákveðnum embættismönnum áfengi með afslætti. Ég veit reyndar ekki, hvað þessi afsláttur er mikill, ég býst við, að hann sé æðidrjúgur, ef öll álagningin á áfengið er innifalin í þeim afslætti. En ekki er mér neitt kunnugt um það. Ég veit ekki, hvernig á þessu stendur, að þessi siður hefur upphaflega verið tekinn upp. Hann er kannske frá því fyrir mitt minni eða ríflega það. Hvort það hefur verið af einhverri miskunnsemi við þáv. embættismenn, að þeir hafi verið svo fátækir, að þeir hafi þurft þess með, veit ég ekki, en nú sýnast vera komnir þeir

tímar, að sú ástæða væri niður fallin, og meira að segja á þessu ári ætti hagur sumra þessara embættismanna að hafa batnað svo, að þeir gætu nú sleppt þessum friðindum. Ég tel því, að það sé rétt athugað hjá hv. 5. þm. Reykv., að þetta atriði ætti að athuga í nefnd.

Þá hnýt ég hér um eitt atriði í 3. gr. þessa frv. Þar stendur: „Ungmennum 18 ára eða yngri er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með forráðamönnum sínum. En í fylgd með forráðamönnum sínum má víst hafa börn á öllum aldri á slíkum samkomum. Ég skil þetta svo. Nú er það óneitanlega þannig, að til eru foreldrar í landinu og það helzt til margir, sem telja áfengisneyzlu alls ekki skaðlega. Öðru nær, þeir mundu ekki telja það neitt athugavert, þótt þeir hefðu börnin sín með, svona á ýmsum aldri, á slíka samkomu. En teljum við það æskilegt, að slíkt sé leyft eða heimilað? Við verðum bókstaflega að reikna með hlutunum eins og þeir eru og þá þannig, að til eru foreldrar, sem gæta ekki sinna eigin barna nógu vel í þessum efnum. Við þurfum löggjöf til að vernda börnin, jafnvel fyrir sínum eigin foreldrum í þessum efnum, og þar með eigum við ekki að heimila það, að foreldrar taki börn með sér á drykkjusamkomur. Það er nefnilega ekki víst, að þeir, þegar þangað er komið, séu færir um að gæta þeirra. Ég geri ráð fyrir, að hugsunin í þessu sé sú, að foreldrarnir gæti sinna eigin barna, sem þarna eru á ferðinni. En þegar á það er litið, að þeir líta ekki sömu augum og ýmsir okkar á skaðsemi þessara veitinga, þá held ég, að þessi vernd foreldranna sé lítils virði. Og ég vil meira að segja telja það skaðlegt að leyfa þetta og eiga þannig þátt í því, að börn horfi upp á drykkjuskap foreldra sinna á slíkum samkomum. Þetta bið ég hv. nefnd að athuga.

Það hefur oftast nær, þegar rætt hefur verið almennt um þessi mál, verið vitnað í það, að til þess að skapa hér eða koma á umbótum í þessum málum, þá þurfi að skapast það almenningsálit, er dregið geti úr því tjóni, sem af áfengisneyzlu stafar alltaf. Það er vafalaust hárrétt, þetta. Ég býst við, að það séu flestir — kannske allir alþm. sammála um það, að slíkt almenningsálit þyrfti að skapa. En ég hef orðið fyrir vonbrigðum hér á hv. Alþ. í þessum efnum. Þegar á átti að herða að stíga lítið spor til þess að skapa slíkt almenningsálit, brugðust alþm. sjálfir. En þetta var, þegar við þrír alþm. fluttum fyrir nokkrum árum till. um það að hætta áfengisveitingum í opinberum veizlum. Við töldum það vera fordæmi öðrum til gagns, að slíkur háttur yrði upp tekinn að hætta þessum áfengisveitingum í opinberum veizlum. En það var, held ég, innan við fjórða hluta alþm., sem vildi fallast á það. Ég hef þó ekki breytt um skoðun síðan, að slíkt mundi vera drjúgt spor í þá átt að skapa almenningsálit, sem gæti orðið til bóta í þessum efnum. Ég vil því beina því til hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, hvort ekki sé rétt, annaðhvort að koma slíku ákvæði inn í þetta frv. eða þá á annan hátt að koma þeim sið á að hætta slíkum áfengisveitingum.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta að sinni, en ég treysti því, að hv. n. taki þau atriði til athugunar, sem ég hef hér bent á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 282 og 286, 283).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt á áfengisl., nr. 58 1954, var vísað til allshn. 29. okt. s. l. Hefur n. síðan haft frv. til athugunar og rætt það á allmörgum fundum sínum. Sendi n. nokkrum aðilum frv. til umsagnar, og hafa svör borizt frá þessum aðilum: áfengisvarnaráði, Landssambandi gegn áfengisbölinu, Landssambandi ísl. barnaverndarfélaga og Stórstúku Íslands. Auk þess barst n. umsögn um frv. frá Félagi framreiðslumanna. Enn fremur ræddu nm. við nokkra forustumenn í bindindissamtökum í landinu um efni frv. Allir þeir aðilar, sem n. hefur fengið umsagnir frá, hafa tjáð sig samþykka og fylgjandi þeim nýmælum, sem í frv. felast, sumir þó með nokkrum aths., sem n. hefur yfirleitt tekið tillit til að nokkru leyti eða öllu við afgreiðslu frv.

Frv. þetta er samið á vegum dómsmrn. á grundvelli till. n., sem skipuð var af menntmrh. í júnímánuði s. l. í samráði við dómsmrh. vegna atburða, sem gerðust í sambandi við ferðir æskufólks í Þjórsárdal um hvítasunnuhelgina 1963. Tilgangurinn með setningu þeirra nýmæla, sem í frv. felast, er í stuttu máli sá að reyna að fyrirbyggja ölvun ungmenna innan tiltekins aldurs og ósæmilega hegðun þeirra í sambandi við neyzlu áfengis. Þótt gerð sé í aths. um frv. grein fyrir nokkrum nýmælum, sem í frv. felast, mun ég þó í stuttu máli drepa á nokkur þessara nýmæla og um leið geta stuttlega um þær brtt., sem meiri hl. n. flytur við frv.

Í 1. gr. frv. felst aðeins sú breyting á gildandi áfengislögum, að þar er bætt við, að óheimilt sé að veita eða afhenda yngri mönnum en 21 árs áfengi með nokkrum hætti. Munu þessi orð „með nokkrum hætti“ fyrst og fremst eiga að taka af öll tvímæli um það, að jafnóheimilt sé að veita ungmennum innan tiltekins aldurs áfengi í heimahúsum sem annars staðar og varði það refsingu, ef út af er brugðið.

2. gr. frv. er öll nýmæli, en þar er lagt bann við því, að ökumenn leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða taki ölvuð ungmenni yngri en 21 árs til flutnings í bifreiðum sínum og leyfi þeim þar áfengisneyzlu. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni tafarlaust heim til sín. Hér er raunverulega um eitt helzta nýmæli frv. að ræða, og hlýtur það bann, sem í þessari grein felst, að skoðast tímabært eftir það, sem á undan er gengið, enda mun það fyrst og fremst hafa verið tilefni þess, að þetta frv. var flutt, að ölvuð ungmenni voru flutt í leigubifreiðum og almenningsbifreiðum á þann stað, sem þau ullu hneyksli á með ölvun sinni og drykkjulátum. Við þessa grein frv. flytur meiri hl. n. þá brtt.,

að auk þess sem heimilt sé að flytja ölvuð ungmenni til heimila sinna, sé einnig heimilað að flytja þau til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús.

Ákvæði 3. gr. frv. eru nýmæli í áfengislögunum sjálfum. Þó er í reglugerð um sölu og veitingar áfengis, 9. gr., — þessi reglugerð er frá 1945, — bann lagt við því að hafa með sér áfengi á eða út af veitingastað. Við þessa mgr. hefur meiri hl. allshn. flutt þá brtt., að jafnóheimilt og það sé að bera með sér áfengi inn á veitingastað, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga, skuli það einnig vera óheimilt að bera með sér áfengi út af slíkum stöðum, og er þetta í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar um sölu og veitingar á áfengi, sem ég gat áður um.

Í 2. mgr. þessarar gr. segir, að ungmennum yngri en 18 ára skuli óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á þeim veitingastöðum, sem leyfi hafa til vínveitinga, nema í fylgd með forráðamönnum sínum. Í gildandi áfengislögum er ekki tilgreint aldurslágmark fyrir heimild til aðgangs að þeim veitingastöðum, sem veita mega áfenga drykki. Hefur slík aðgangsheimild hingað til verið bundin við það aldurslágmark, sem ákveðið er í lögreglusamþykktum um aðgang að almennum veitingastöðum og skemmtistöðum, þ. e. a. s. 16 ára aldur. Hér er því lagt til, að aldurslágmarkið hækki úr 16 ára aldri í 18 ára aldur. Ég vil geta þess hér, að við umr. um frv. í n. hafa komið fram raddir um það, hvort ekki væri rétt að fella niður það ákvæði í frv., að ungmenni yngri en 18 ára fengju aðgang að veitingahúsum, sem vínveitingaleyfi hafa, eftir kl. 8 á kvöldin, væru þau í fylgd með forráðamönnum sínum. Ég játa það fúslega, að frá mínu sjónarmiði getur það verið mikið álitamál, hvort leyfa eigi þetta eða banna, og eru frá mínu sjónarmiði til rök bæði með og móti báðum þessum sjónarmiðum. Meiri hl. n. taldi þó að athuguðu máli naumast fært að ganga lengra að svo stöddu með aðgangsbann að veitingastöðum með vínveitingaleyfi en gert er í frv. og taldi naumast fært að banna ungmennum yngri en 18 ára dvöl í veitingastað eftir kl. 8, væru þau í fylgd með t. d. foreldrum sínum eða jafnvel maka. Þetta atriði mun n. þó e. t. v. ræða frekar á milli umr.

Í 4. gr. frv. eru sektarákvæði fyrir óleyfilega áfengissölu og brugg hækkuð úr 800—8000 kr. sekt í 1500—15 000 kr. sekt og fyrir ítrekun brots úr 1600—20 000 kr. sekt í 3000—30 000 kr. sekt.

Í gildandi áfengislögum, 41. gr., er sektarákvæði 100—2000 kr. fyrir að afhenda eða veita bersýnilega ölvuðum manni áfengi, fyrir að afhenda eða veita yngri mönnum en 21 árs áfengi og fyrir að selja þeim mönnum áfengi, sem sekir hafa gerzt um óleyfilega áfengissölu og óleyfilegan tilbúning áfengis. Nú er í 2. mgr. 5. gr. frv. sérstakt sektarákvæði um sölu og veitingar áfengis til yngri manna en 21 árs, og er sektin fyrir slíkt athæfi þar ákveðin 400—4000 kr. Meiri hl. leggur til í 4. brtt. sinni, að þessi sektarrammi verði hækkaður upp í 800—5000 kr. sekt.

Heimild til upptöku á áfengi, sem yngri menn en 21 árs hafa með höndum, er í 3. mgr. 5. gr. frv., og er það nýmæli.

Nýtt sektarákvæði kemur í 6. gr. frv., vegna þess nýmælis í 2. gr. þess, að óheimilt sé að flytja ölvuð ungmenni innan tiltekins aldurs í vissum bifreiðum, og er það ákvæði miðað við 400—4000 kr. sekt.

7. gr. frv. gerir ráð fyrir, að sérstök sekt komi fyrir að bera með sér ólöglega áfengi inn á veitingastað samkv. 3. gr. frv., og er hún í frv. ákveðin 400—4000 kr. Samkv. fyrri brtt. meiri hl. n. nær þetta sektarákvæði einnig til þess að bera með sér ólöglega áfengi út af veitingastað. Nýmæli er það í þessari grein, að slíkt áfengi, þ. e. það, sem borið er ólöglega inn og út af veitingastað, skuli gert upptækt. — Þá segir loks í niðurlagi 7. gr. frv., að það varði áminningu eða sekt frá 100—500 kr., ef ungmenni yngri en 18 ára dveljist á vínveitingastað á óleyfilegum tíma. Samkv. 6. brtt. meiri hl. n. skal beita þessum viðurlögum við ungmennin, sem brotleg gerast, en meiri hl. leggur til, að nýtt sektarákvæði komi fyrir brot veitingamanns á þessu ákvæði og verði það 800—6000 kr. sekt, ef hann gerist sekur um slíkt brot.

Í 8. gr. frv. eru sektir fyrir ölvun á almannafæri, hinar svokölluðu brennivínssektir, hækkaðar úr 100—2000 kr. upp í 400—4000 kr. Í þessari grein felst einnig það nýmæli, að áfengi í vörzlu þeirra, sem sekir gerast um slík brot, skuli gert upptækt.

Í 9. gr. frv. eru hækkaðar sektir fyrir það, ef opinberir starfsmenn, þeir sem gegna trúnaðarstörfum eða vandasömum störfum, eru ölvaðir við starf sitt, fyrir fyrsta brot úr 400—2000 kr. sekt upp í 600— 3000 kr. sekt og fyrir annað brot úr 800—4000 kr. sekt upp í 1200—6000 kr. sekt. Ákvæði gildandi áfengislaga um stöðu- og réttindamissi í slíkum tilfellum haldast óbreytt.

Hef ég þá stuttlega getið nýmæla frv. og vikið einnig nokkuð að nokkrum brtt. meiri hl. n. við það. Einfaldra orðalagsbreytinga, sem n. gerir till. um, hef ég þó ekki getið.

Ég kem þá að þeim brtt. meiri hl. n., sem mestu máli skipta efnislega og skoðanir manna kunna að vera eitthvað skiptar um.

Eins og áður hefur verið getið, felur eitt af nýmælum þessa frv. í sér bann við því, að ungmenni innan 18 ára aldurs dveljist eftir kl. 8 á kvöldin á veitingastöðum, sem leyfi hafa til vínveitinga, nema í fylgd með forráðamönnum sínum. Heimild til að selja og veita áfenga drykki hefur samkv. íslenzkum áfengislögum verið bundin við 21 árs aldurslágmark allt frá árinu 1935, þegar fyrstu áfengislögin voru sett, eftir að bann við sölu áfengra drykkja hafði með öllu verið afnumið í landinu. Er enn gert ráð fyrir þessu sama aldurslágmarki fyrir sölu og veitingum áfengis í frv. þessu og önnur aldurslágmörk, sem frv. setur, einnig miðuð við 21 árs aldur, að undanskildu því 18 ára aldursmarki, sem ég hef áður getið um, þ. e. banni við aðgangi að vínveitingastöðum á vissum tímum.

Fljótlega eftir að n. tók að ræða frv. og þær breytingar, sem í því felast á gildandi áfengislögum, komu upp raddir um það, hvort ekki væri rétt í því skyni að samræma hin mismunandi aldurslágmörk frv. og um leið að auðvelda fram-

kvæmd áfengislaga að áorðnum þeim breytingum, sem frv. gerir ráð fyrir, að hafa aldursmörkin öll hin sömu og miða þau við 18 ára aldur í stað 21 árs aldurs, sem frv. gerir yfirleitt ráð fyrir. Taldi meiri hl. n., um það er lauk, að með slíkri samræmingu á aldursmörkunum, með útgáfu persónuskilríkja almennt eða til ungmenna á tilteknum aldri, sem gert er ráð fyrir í aths. við frv., og með þyngingu refsinga fyrir brot á þeim ákvæðum um aldurslágmörk, sem í frv. felast, væri gert stórum auðveldara að framfylgja ákvæðum frv. Er það ekkert launungarmál, að misbrestur hefur orðið á því, að 21 árs aldurslágmarkið fyrir sölu og veitingum áfengis hafi verið virt í sumum tilfellum, og hefur í því sambandi oft verið minnzt á áfengisveitingar í gleðisamkomum nýstúdenta, sem margir hverjir hafa ekki náð 21 árs aldri, þegar þeir taka þátt í slíkum samkomum, og afhendingu áfengis til ungmenna undir 21 árs aldri á skipum, sem sigla til útlanda, og þá aðallega á kaupskipaflotanum. Okkur, sem leggjum til, að aldurslágmarkið fyrir veitingum og sölu áfengis sé lækkað úr 21 árs aldri í 18 ára aldur, er að vísu ljóst, að skoðanir kunna að vera nokkuð skiptar um þessa ráðabreytni, og viðurkennum við, að rök séu til bæði með og móti slíkri lækkun, þótt við teljum, að þau rök, sem mæla með lækkun aldursmarksins, séu þyngri á metunum, þau rök, að stórum meiri líkur séu fyrir því, að ákvæði áfengislaga um aldurslágmark fyrir sölu og veitingum áfengis verði virt, ef það er miðað við 18 ára aldur, en 21 árs aldur. Á þessi rök hafa þeir bindindismenn, sem við höfum rætt við, fallizt og sumir hverjir meira að segja gert að sínum rökum.

Þá vil ég að lokum geta þess, að ekki mun enn vera fullráðið, með hvaða hætti persónuskilríkjum þeim, sem gert er ráð fyrir í frv., verði úthlutað, en ákvörðun um það mun væntanlega verða tekin, áður en frv. verður afgr. héðan af hv. Alþingi.

Samkv. því, sem ég hef áður sagt, leggur meiri hl. allshn. til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hann stendur að. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma við það. Einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), skilar sérstöku nál. um frv. og annar nm., hv. 4. þm. Sunnl. (BFB), skrifar undir nál. meiri hl. með fyrirvara.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef skilað sérstöku nál. um þetta frv. á þskj. 286. Ástæðan til þess er sú, að hv. meiri hl. allshn. vildi ekki fallast á till. um breytingar, sem ég vil gera á frv.

Meiri hl. n. flytur brtt. á þskj. 283, sem frsm. þess meiri hl. hefur nú gert grein fyrir. 1. brtt. meiri hl., við 1. gr. frv., er um það, að bannað skuli að veita áfengi yngri mönnum en 18 ára, en í frv. er aldursmarkið sett 21 ár. Í samræmi við þetta flytur meiri hl. einnig brtt. við 2. gr. frv. um, að bannið við að flytja ölvuð ungmenni í bifreiðum skuli miðast við 18 ára aldur í stað 21. Ég tel því aðeins mögulegt að fallast á þessar brtt., að jafnframt verði gerðar nýjar ráðstafanir, sem stuðlað geti að því að koma í veg fyrir áfengisneyzlu unglinga innan 18 ára aldurs. Kæmi þar m. a. til álita að banna því unga fólki aðgang að veitingahúsum á þeim tímum, sem vín er veitt þar, eða a. m. k. að kvöldlagi. Ég geri mér vonir um, að þetta mál verði rætt nánar í nefnd milli 2. og 3. umr., eins og hv. frsm. meiri hl. lét orð liggja að.

Ég flyt tvær brtt. við frv., og eru þær prentaðar með nál. mínu á þskj. 286. Fyrri brtt. mín snertir 9. gr. l. Ég legg þar til, að áfengisverzluninni verði bannað að veita nokkurn afslátt á verði áfengis frá hinu ákveðna útsöluverði. Frá þessu ákvæði verði þó gerðar þær undantekningar, að heimilt skuli sem áður að selja erlendum sendiráðum áfengi með lægra verði, og enn fremur, að heimilt skuli að selja Eimskipafélagi Íslands, Skipaútgerð ríkisins og fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli áfengi með afslætti, enda sé það áfengi eingöngu selt farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands.

Um alllangt skeið hefur sá ósiður legið hér í landi, að einstakir menn hafa fengið áfengi hjá vínverzlun ríkisins með sérstöku verði, sem er mjög lágt í samanburði við það, sem aðrir viðskiptamenn verzlunarinnar hafa þurft að borga. Þessi viðskiptaregla hefur ekki byggzt á neinum lögum og því framkvæmd í heimildarleysi. Oft hefur verið reynt með tillöguflutningi á Alþingi að fá þennan ósið lagðan niður, en hefur ekki tekizt til þessa. Ég minnist þess, að árið 1946 bar ég fram till. á þingi um afnám þessarar venju. Á næsta þingi, 1947, var einnig flutt till. um þetta, og þá vorum við flm. 6 úr öllum þingflokkum. Síðan 1947 hafa a. m. k. 6 sinnum verið bornar fram till. á þingi um þetta efni. Rétt þykir nú að gera enn eina tilraun til lagfæringar í þessu máli. Þingkosningar eru nýlega um garð gengnar. Nokkur breyting varð þá á skipan þingsins, og hugsanlegt er, að með nýjum mönnum hafi komið ný viðhorf í málinu.

Á þingi 1947 bar Jónas Jónsson, þáv. þm. Suður-Þingeyinga, fram fsp. til fjmrh. um það, hverjir nytu þeirra fríðinda að fá áfengi með niðursettu verði, og fékk svar við þeirri fsp. svo sem sjá má í þingtíðindum frá þeim tíma. Árið 1952 báru tveir þm. Alþfl., þeir Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson, fram fsp. um sama efni og fengu henni svarað. Við tveir af nm. allshn., hv. 4. þm. Sunnl. og ég, sendum fsp. til áfengisverzlunarinnar um það, hverjir nytu nú þessara fríðinda og hvað þeir hefðu keypt mikið áfengi með lága verðinu síðustu tvö árin. Aðrir nm. vildu ekki standa að þeirri fsp. Svar hefur nýlega borizt, og er það birt með nál. mínu. Þar kemur fram, að þessir aðilar njóta nú hlunnindanna: forseti Íslands, handhafar forsetavalds, þ. e. a. s. þann tíma, sem þeir hafa það vald í sínum höndum, ríkisstj., ráðh., ráðuneyti, Alþingi, forseti Sþ., Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, forstjóri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, Eimskipafélag Íslands, Ríkisskip, fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli. Þá hafa

deildarforsetar Alþingis heimild til að kaupa áfengi á kostnaðarverði fyrir allt að 2000 kr. og varaforsetar Alþingis fyrir allt að 1000 kr. á hverju þingi. Í bréfinu er frá því skýrt, að það áfengi, sem Eimskipafélag Íslands og Ríkisskip kaupa, sé einungis selt í siglingum milli landa og komi því ekki til neyzlu innanlands, og enn fremur, að fríhöfnin selji aðeins farþegum flugvéla við brottför þeirra úr landinu og komi því ekki heldur til neyzlu innanlands það áfengi, er hún fær hjá vínverzluninni og selur.

Ár hvert eru greiddar úr ríkissjóði verulegar upphæðir vegna kostnaðar við gestamóttökur og veizluhöld. Hjá þessu verður tæplega komizt. Sú venja hefur skapazt að halda veizlur fyrir þátttakendur í fundum ýmissa félaga og einnig fyrir ráðstefnur, sem hér eru haldnar með þátttöku útlendinga. Þar fyrir utan koma útlendingar oft hingað til lands, sem rétt þykir að hið opinbera sýni nokkurn sóma. Auðvitað verður ríkið að bera kostnað af þessu og gerir það, en ekki einstakir menn, hvorki forseti landsins, ráðh. né aðrir. Skynsamlegast væri að minni hyggju að hætta alveg að veita vín í opinberum veizlum. Slíkt gæti verið hollt til eftirbreytni fyrir aðrar stofnanir og einstaklinga og þannig orðið til að bæta samkvæmislífið. Till. um þetta mál hafa oft verið fluttar á Alþ., án þess að hljóta samþykki. En jafnvel þó að haldið verði áfram enn um sinn að veita áfengi í veizlum og gestaboðum ríkisins, er engin ástæða til að reikna það vín frá áfengisverzluninni með sérstaklega lágu verði. Ríkið hefur engan hagnað af slíku. Þetta vín ætti að reikna með hinu ákveðna útsöluverði. Veizlukostnaður ríkisins verður þá í meira samræmi við það, sem aðrir verja til slíkra hluta, en á móti kemur aukinn hagnaður af vínverzluninni, og útkoman verður sú sama fyrir það opinbera. Þeirri reglu, sem gilt hefur, að reikna vínið, sem notað er í opinberum veizlum, með sérstaklega lágu verði, hefur sá ókostur fylgt, að eftir þeirri leiðslu hefur einnig runnið vín með sama lága verðinu til nokkurra einstakra manna til persónulegra nota fyrir þá. Þetta er óhæfa, sem þarf að uppræta. Það verður gert með því að selja öllum áfengi með sama verði, ríkinu eins og öðrum, eins og lagt er til í till. minni, enda enginn skaði fyrir ríkissjóð, þó að svo sé gert.

Á næstliðnu ári fengu ráðh. nokkrar launahækkanir, eins og aðrir ríkisstarfsmenn, með úrskurði kjaradóms. Þeir eru nú þannig settir í þeim efnum, að þeir geta vel borgað úr eigin vasa mat og drykk handa sér og sínum og eiga að gera það án þess að fá fjárstyrk frá einni ríkisverzlun. Vínverzlunin á ekki heldur að hlynna sérstaklega að forsetum Alþ., þó að einhver hugvitsmaður hafi fundið það upp fyrir allmörgum árum. Ekki nota forsetarnir áfengi við fundarstjórastörfin á Alþ., enda ekki til þess ætlazt.

Um þessar mundir er mikið rætt og ritað um margs konar ósiðsemi í þjóðfélaginu og að margir gangi á snið við lögin. Því miður er of mikið um þetta. En ekki er það til að kenna fólki þrifalega umgengni á þjóðarheimilinu, ef ýmsir hinna æðstu manna, sem ættu að vera til fyrirmyndar, ganga sjálfir sóðalega um í ríkisstofnunum, eins og þeir hafa gert í áfengisverzluninni um alllangt skeið. Þeir sömu menn, sem fá áfengi með lága verðinu, fá einnig tóbak hjá einkasölunni með sérstaklega lágu verði til sinna nota. Þetta þarf líka að hverfa úr sögunni. Ég hef þó ekki flutt brtt. um það, þar sem frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins um breytingu á áfengislögunum. En eftir að brtt. mín hefði hlotið samþykki, má gera ráð fyrir, að fríðindin í tóbakskaupum yrðu einnig fljótlega afnumin.

Síðari brtt. mín er um stofnun áfengisvarnasjóðs. Hlutverk hans á að vera að styðja áfengisvarnir og fræðslu um skaðsemi áfengis og einnig að efla bindindisstarfsemi með fjárframlögum. Þess er brýn þörf að vinna gegn áfengisneyzlunni og þó sérstaklega að hlynna að samtökum ungra manna, sem vinna gegn áfengisnautn og beina för unga fólksins inn á hollari brautir. Réttmætt er, að ríkið leggi fram meira fé en nú er gert til slíkra þjóðfélagslegra umbóta. Till. um stofnun áfengisvarnasjóðs hafa áður legið fyrir þinginu. Árið 1946 bar núv. hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, fram frv. á Alþ. um heimild fyrir ríkisstj. til að verja fé til eflingar bindindisstarfsemi. Hann lagði til, að heimilt skyldi að verja tveimur hundraðshlutum af árlegum hagnaði áfengisverzlunar ríkisins til þessara mála. Frv. hans varð ekki útrætt. Nefndin, sem undirbjó frv. til þeirra áfengislaga, sem nú gilda, lagði til, að í lögin yrði sett ákvæði um framlag af áfengisgróðanum til áfengisvarnasjóðs. En þetta var fellt úr frv. í þinginu. Fyrir þessu þingi liggur frv. um áfengisvarnasjóð, flutt af hv. 5. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vestf. Það frv. lá einnig fyrir síðasta þingi. Ég tel réttara að setja í lög, að ríkið greiði ákveðna upphæð árlega í áfengisvarnasjóð, en að miða tekjur hans við ágóða af vínsölunni. Till. mín er því um það, að ríkið leggi í þennan sjóð 5 millj. kr. ár hvert. Þetta er ekki mikið framlag á mælikvarða nútímans, þó gæti það orðið að verulegu gagni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. nefnd fyrir athugun hennar og meðferð og till. í þessu máli. Meðan hún hefur haft málið til athugunar, hefur form. n. og frsm. meiri hl., hv. 4. þm. Norðurl. v., haft nokkuð náið samband við mig og rætt þær brtt., sem lagt er til að gerðar verði á frv. á þskj. 283. Ég vil lýsa því yfir, að ég er samþykkur öllum þeim brtt., sem þar eru fluttar, og tel þær vera til bóta. Ég tel augljóst, að n. hefur lagt sig í líma við að athuga þetta frv. og gera á því umbótatill. Ég vil sérstaklega taka það fram, að þetta frv. er nokkuð sérstætt að því leyti sem breyting á áfengislögunum, að það tekur aðeins til eins þáttar þess mikla vandamáls, áfengisvandamálsins, en að vísu til viðkvæmasta þáttar þess, sem snýr að ungmennunum og æskufólkinu. Það er von mín, að þær breyt., sem gerðar eru í frv. og brtt. meiri hl., verði

til umbóta á þessu sviði og megi koma nokkru góðu til leiðar.

Um brtt. hv. minni hl., 1. þm. Norðurl. v., á þskj. 286 skal ég ekki segja annað en það, að þær snerta aðra þætti áfengisvandamálsins en þessu frv. upphaflega var ætlað að taka til, enda er það svo, að varðandi aðra brtt. liggur fyrir sérstakt frv. hér, og með hliðsjón af því, að þetta snertir aðra þætti en viðhorfið til æskufólksins sérstaklega, þá mun ég vera mótfallinn þessum till. en í því felst í sjálfu sér ekki efnisafstaða til þeirra og allra sízt til till. nr. 2 varðandi áfengisvarnasjóð eða fjárveitingu til þess að stuðla að því að bæta úr og lagfæra þau vandræði, sem af áfengisneyzlunni stafa. En ég tel, að það mál þurfi sérstakrar athugunar við og sé því ekki eðlilegt, að það geti hlotið afgreiðslu í sambandi við meðferð þessa máls.

Að öðru leyti þakka ég n. fyrir athugun hennar og brtt. til bóta á frv., sem ég styð, eins og ég hef gert grein fyrir.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 24. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Í aths. með þessu stjfrv. er svo mælt, að tilefni til þess, að það er flutt, er atburður, sem gerðist með æskufólki austur í Þjórsárdal á s. l. sumri. Eftir því að dæma hefði frv. sjálfsagt ekki verið flutt, ef þessi atburður hefði ekki gerzt. Ástandið í áfengismálum almennt í landinu er þó öllum landslýð kunnugt, áfengisneyzla æskufólks hefur farið svo vaxandi á síðari tímum, að valdið hefur miklum áhyggjum allra þeirra, sem vilja vinna að þroska og manndómi uppvaxandi kynslóðar. Fjöldi afbrota er að meira eða minna leyti tengdur áfengisneyzlu, bifreiðaslysin með öllum sínum afleiðingum eru orðin svo uggvænleg, að menn standa svo að segja ráðþrota, og mikill fjöldi þeirra er vegna áfengisneyzlu. Síðast í gærkvöld var verið að segja frá því í útvarpinu, að frá áramótum, eða hér um bil á 50 dögum, hefðu 103 menn verið teknir fyrir ölvun við akstur hér í Reykjavík, og er það miklum mun meira en var á síðasta ári, en þá voru þó teknir 584 menn yfir árið. Svona er saga áfengisneyzlunnar að meira eða minna leyti á flestum sviðum þjóðlífsins. Það hefði því ekki átt að þurfa neina Þjórsárdalsför til þess, að Alþingi hefði leitazt við að gera einhverjar umbætur á áfengislöggjöfinni.

Mér finnst, að yfirleitt hafi gengið heldur treglega hér á hv. Alþ. að fá umbætur á áfengislögum vegna þess, hve menn hafa mjög skiptar skoðanir í þessum efnum. Hitt er mér aftur á móti alveg ljóst, að það er ekki af því, að nokkur þm. vilji, að þessi mál þróist í þá átt, sem verið hefur, en svona hefur það samt gengið til. Séu menn spurðir að því opinberlega, hvað eigi helzt að gera í þessum efnum, er yfirleitt fátt til ráða annað en að benda á, að nauðsyn sé á aukinni fræðslu um skaðsemi áfengis. Slík fræðsla er auðvitað nauðsynleg, og hún ber sjálfsagt einhvern árangur. En ég held þó, að árangurinn af henni sé miklu minni en menn halda. Eða hvers vegna ætti þá ástandið að fara síversnandi í þessum málum, þrátt fyrir að þessari fræðslu er búið að halda uppi áratugum saman? Það er ekki þess vegna, sem æskufólk neytir áfengis, að það viti ekki um afleiðingar áfengisneyzlunnar. Nei, en aðra ástæðu vil ég frekar nefna, hún er sú, að æskufólki þykir það fínt og stórmannlegt að vera eins og þeir fullorðnu. Það jafngildir nokkurs konar vottorði um manndóm og myndarskap að hafa verið þátttakandi í drykkju með fullorðnum mönnum, og þeim mun frekar ef þar hefur verið um svokallaða heldri menn að ræða. Og hvert ættu unglingarnir að sækja fyrirmyndina, ef ekki til sér reyndari og meiri manna? Það eru þess vegna þeir fullorðnu og jafnvel forustumenn í þjóðfélaginu, sem eiga meginsökina á áfengisneyzlu æskufólks í landinu. Það er ekki æskufólkið, sem rekur áfengissölu hér á landi. Það eru ekki unglingarnir, sem hafa gert ósjálfstæði manna og ég vil segja eymd á þessu sviði að tekjulind fyrir ríkissjóð. Nei, það eru hinir eldri, sem verða að færa þetta á sinn reikning að miklu leyti, þar með förina í Þjórsárdal í fyrra.

Það kveður oft við þann tón, þegar rætt er um áfengisvandamál, að það eigi ekki að vera að banna þetta eða hitt, öll bönn séu stórskaðleg, þau séu ekki í samræmi við réttarmeðvitund þegnanna í þjóðfélaginu, þess vegna séu lögin brotin. Ég held, að ég geti seint fellt mig við þessa skoðun. Mér sýnist, ef ætti að fara eftir þessari reglu um löggjöf, þá mætti breyta mörgum lögum, þá mætti t. d. afnema ýmis ákvæði úr umferðarlögunum, sem daglega er verið að brjóta. Það drægi kannske ekki úr slysahættunni, en það ætti þó að vera í samræmi við réttarmeðvitundina, ef þetta er rétt, sem menn halda fram. Og ætli mætti þá ekki t. d. líka draga eitthvað úr löggjöf um friðhelgi eignarréttarins? Afbrot manna á því sviði nú að undanförnu ættu þá að benda í þá átt, að eitthvað af þessari löggjöf sé ekki í samræmi við réttarmeðvitundina. Hvar ætli það endi, ef farið verður eftir þessari stefnu?

Mér finnst, að hv. meiri hl. allshn. sé ekki laus við það að fallast á þessa stefnu um bönn og refsingar í brtt., sem hann flytur við þetta frv. Meiri hl. n. flytur þá brtt. að lækka aldursmark unglinga, sem megi kaupa og neyta áfengis, úr 21 árs aldri niður í 18 ár. Í 29 ár eða frá því að áfengislög voru fyrst sett hefur þetta 21 árs mark verið í gildi, og frv. ríkisstj. gerði ekki ráð fyrir neinni breytingu á því. En hv. meiri hl. allshn. hefur nú komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé rétt að lækka þetta niður í 18 ár. Mér virðist, að með þessari breytingu eigi þetta að verða boðskapur Alþingis til þessa unga fólks, 18—21 árs að aldri: „Nú megið þið drekka.“ Er þetta líklegt til þess að draga úr áfengisneyzlu æskufólks? Ef slík till. yrði samþ., má segja, að nokkuð hafi þeir upp úr krafsinu, unglingarnir, sem fóru í Þjórsárdal, því að ekki hefði þessi tillaga komið til greina, ef sú för hefði ekki verið farin. Mér hefur borizt í dag afrit af bréfi, sem Stórstúka Íslands hefur ritað allshn. einmitt út af þessari brtt. og fleiru, sem hún flytur, þar sem Stórstúkan mótmælir

harðlega þessari breytingu. Eitthvað lítur hún öðruvísi á þetta en meiri hl. nefndarinnar.

Þótt svo illa tækist til, að þessi brtt. meiri hl. allshn. yrði samþ., þarf enginn að halda, að við það verði staðar numið. 18 ára aldursmarkið verður ekki látið standa til eilífðar. Maður getur látið sér detta í hug, að unglingar legðu einhvern tíma leið sína til dala á ný, og þá kæmi annað frv. og þá yrði markið fært niður í 16 ár eða kannske þurrkað út. Nei, ég vara við þessari stefnu, sem fram kemur í þessari brtt.

Í 1. gr. frv. segir, að kaupandi áfengis skuli jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt. Þetta mun hafa áður verið í lögum. En hv. meiri hl. allshn. gerir brtt. við þetta og bætir inn orðunum: „ef krafizt er". Þetta sýnist ekki vera stórvægileg breyting, en hún er stærri en hún sýnist, þessi breyting. Mér sýnist, að þarna sé löggjafinn að segja við þjónustufólk á vínveitingastöðum: „Þið um það, hvort þið eruð nokkuð að spyrja um þessi vegabréf." Að vísu er þjónustufólk í sök, ef það fer að selja svo ungu fólki áfengi. En til hvers er ákvæðið um vegabréf, ef ekki á að gera það að skyldu að leggja það fram, þegar áfengi er keypt eða tekið á móti því? Getur það verið meining hv. meiri hl. allshn., að þetta eigi að vera á valdi veitingafólks, hvort vegabréfin eru sýnd eða ekki, hvort nokkuð er farið eftir þeim eða ekki. Það má að vísu segja sem svo, að það þurfi ekki að spyrja sjötugan karl, hvort hann sé orðinn 21 árs, það sé auðséð. En það á ekki að spyrja neinn að neinu. Það á að vera regla, að mínum dómi, samkv. þessu frv., að hver, sem kaupir áfengi, leggi fram vegabréfið, og er ekki til mikils mælzt. Þurfa ekki þessir menn að opna peningaveskið sitt til þess að borga áfengið, og ef vegabréfið er í þessu veski, er ekki mikið fyrir haft. Og ég trúi ekki, að neinn fari að telja það eftir sér til þess að fá vöruna.

Við 1. umr. þessa máls benti ég á ákvæði í 3. gr. frv., þar sem ungmennum yngri en 18 ára gömlum er bönnuð dvöl á vínveitingastað eftir kl. 8 að kvöldi, „nema í fylgd með forráðamönnum sínum," stendur í frv. Allshn. hefur víst ekkert haft við þetta að athuga, en ég hef mikið við þetta að athuga, eins og ég sagði þá, en ég skal ekki endurtaka það. Ég get ómögulega fallizt á, að foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna eða unglinga sé heimilt að hafa þau með, þegar þeir fara á vínveitingastaði til að gera sér glaðan dag eða glaða nótt og eru þar e. t. v. við drykkju. Ég tel því, að þessi setning ætti að falla niður: „nema í fylgd með forráðamönnum". Það er heldur ekkert aldurstakmark við þetta ákvæði. Þau mega víst vera eins ung og verkast vill, börnin, sem fylgja hinum fullorðnu á þessa staði.

Minni hl. allshn., hv. 1. þm. Norðurl. v., flytur tvær brtt. við frv. Önnur er um áfengisvarnasjóð. Henni er ég að sjálfsögðu meðmæltur, þar sem hún er í aðalatriðum hliðstæð frv., sem ég á hlut í að flutt hefur verið hér í þinginu, þótt í nokkuð öðru formi sé. Hin brtt., sem hann flytur, er um það að afnema þá venju að veita einstökum embættismönnum afslátt frá ákveðnu útsöluverði vínfanga. Þessu er mótmælt að vera að afnema þennan sið. Ég get skilið menn, að þeir séu á móti því að missa af þessum kjarabótum, sem hafa haft þær, en ég skil hins vegar ekki þá þm., sem njóta þeirra ekki, en telja samt, að þessi siður eigi að haldast. Ég hef aldrei heyrt hin minnstu rök fyrir því, hvers vegna eigi að halda við þessum ósið, ekki hin minnstu, hvorki hjá mönnum, sem njóta þessara áfengisuppbóta, því að þetta eru uppbætur, og ekki heldur hjá öðrum, sem ekki njóta þeirra. Samt virðast ætla að verða hinir mestu erfiðleikar á að fá þetta út úr heiminum. Nei, svona áfengisuppbætur held ég að séu sannarlega óþarfar og vafalaust til einna minnstra þrifa allra uppbóta í landinu.

Hv. frsm. meiri hl. n. gat þess í sinni framsöguræðu, að n. mundi athuga þetta frv. nánar milli 2. og 3. umr. Ég hef því ekki flutt neinar brtt. enn við þetta frv. og hafði hugsað mér að bíða til 3. umr. og sjá, hvort það kemur ekki eitthvað betra frá n. en enn er komið. Ég vildi fara fram á það við hv. meiri hl. n. eða frsm. meiri hl., að hann láti þessar brtt. við frv. bíða til 3. umr. Ég sé ekki, að það sé neitt úrhættis að fá þær samþykktar, en rétt að fresta þeim, ekki sízt vegna bréfsins, sem nú hefur borizt frá Stórstúkunni. Ég held, að það væri skynsamlegt að gera þetta. Þá gætu menn frekar borið saman ráð sín um það, hvað þætti rétt að flytja og hvað ekki að flytja við þetta frv., því að það vil ég að lokum taka fram, að ég tel frv. til verulegra bóta í heild, en því sé því miður spillt, ef samþykktar eru þær brtt., sem hv. meiri hl. allshn. hefur flutt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þær till. frá meiri hl. allshn., sem hér liggja fyrir, eru, eins og fram kom hjá seinasta ræðumanni og fram kemur í bréfi því, sem n. hefur borizt frá Stórstúku Íslands, eins konar auglýsing eða staðfesting þess, að á undanförnum árum hefur áfengið verið í sókn, en bindindið á undanhaldi, því að fyrir 10 árum taldi löggjafinn sér fært að binda það bannákvæði, sem er í áfengislögunum, við 21 árs aldurstakmark, en meiri hl. n. telur, að nú eigi að binda þetta við 18 ára aldur, og færir rök að því, sem sannarlega hafa mikið til síns máls, að það sé næsta erfitt að framkvæma lögin með því aldurstakmarki, sem nú er, eða m. ö. o., að á þessu 10 ára tímabili, síðan áfengislögin voru sett, hefur sú breyting á orðið, að áfengið hefur verið að vinna á, bindindið hefur verið að láta undan, með þeim afleiðingum, að meiri hl. hv. allshn. telur nauðsynlegt að lækka aldurstakmarkið um 3 ár frá því, sem nú er. Og ég áfellist meiri hl. n. ekkert fyrir að hafa gert þetta. Ef menn gera sér grein fyrir ástandinu, eins og það er í dag, þá er það sannast sagna næsta erfitt að framkvæma áfengislögin með því aldurstakmarki, sem nú er gildandi, og verður kannske næsta erfitt að framkvæma þau, þó að aldurstakmarkið verði fært í það horf, sem meiri hl. n. leggur til. En þetta er vissulega ömurleg staðfesting á þeirri

öfugþróun, sem hefur átt sér stað í landinu á þeim 10 árum síðan áfengislögin voru sett. Og það er fullkomin ástæða til þess, þegar rætt er um þetta mál hér á Alþ., að menn geri sér nokkra grein fyrir því, hvernig ástandið er nú í þessum efnum og hvort hér sé ekki þörf fyrir einhver meiri átök en þau, sem koma fram í því frv., sem hér liggur fyrir.

Við minnumst þess t. d., að nú að undanförnu hefur verið mikið talað um þá skaðsemi, sem hlytist af sígarettureykingum, og það verið byggt á nýjum rannsóknum, sem hefur verið skýrt frá fyrir nokkru um þær afleiðingar þeirra, að menn fengju frekar lungnakrabba, ef þeir reyktu sígarettur, en ella. Og það eru margir, sem hafa af eðlilegum ástæðum orðið talsvert skelfingu lostnir yfir þessum niðurstöðum og talið nauðsynlegt að hefja sókn gegn sígarettureykingum, og skal ég síður en svo mæla á móti því. En þó að það megi færa vísindaleg rök að því, að nokkurt manntjón hljótist af sígarettureykingum, þá er það tvímælalaust, að það er ekki nema brot af því manntjóni, sem hlýzt á margvíslegan hátt af neyzlu áfengisins. Það eru miklu, miklu fleiri menn, sem áfengið leggur að velli en sígarettureykingarnar nokkru sinni gera, þó að ég sé síður en svo að mæla með þeim. Og svo nauðsynlegt sem það er þess vegna, að menn beini vopnum sínum gegn sígarettureykingunum, þá er enn þá meiri nauðsyn þess, að menn beini vopnum sínum gegn áfengisnautninni og stefni að því, að hún verði takmörkuð og höfð sem mest í hófi.

Ég þarf ekki að nefna það, því að ég veit, að hver og einn þm. þekkir fleiri og færri af mönnum, sem áfengið hefur lagt að velli með ýmsum hætti og það marga hina mætustu menn, sem hefur verið hið stórfelldasta tjón fyrir þjóðfélagið að missa. Við getum minnzt þess líka í þessu sambandi, og það er alls ekki úr vegi að minnast þess, að hér á þessu þingi hefur oft verið rætt um það vinnutjón, sem hlytist af verkföllum. En hvaða vinnutjón er það, sem hlýzt af verkföllum, ef það er samanborið við það margvíslega vinnutjón, sem hlýzt af áfengisneyzlunni í hinum ýmsu myndum? Það vinnutjón er áreiðanlega miklu stórfelldara, þegar það kemur saman. heldur en það vinnutjón, sem nokkru sinni hefur af verkföllunum hlotizt, og eru þó aðrar og verri ástæður, sem til þess liggia, heldur en til þess tjóns, sem verkföllin kunna að valda.

Það hefur verið talað um það á undanförnum árum og sérstaklega nú upp á síðkastið, að hin fyrirhugaða stórvirkjun við Búrfell sé ókleif, nema hún fái meira eða minna af erlendu fjármagni til þessarar framkvæmdar. Búrfellsvirkjun er þó ekki dýrari en það, að það fjármagn, sem þjóðin eyðir í áfengi og tóbak á 2½ ári eða rösklega það, mundi nægja til þess að byggja Búrfellsvirkjun fyrir þetta fjármagn. Svo stórkostlegu fjármagni ver þjóðin til þess að kaupa áfengi og tóbak.

Ég nefni þessi atriði aðeins til þess að sýna, hvílíkur vágestur áfengisnautnin og tóbaksnautnin er orðin í þjóðfélagi okkar og hve nauðsynlegt það er að reyna að gera myndarlegt átak til þess að takmarka það eitthvað frá því, sem nú er.

Að sjálfsögðu eru margar ástæður, sem valda því, að á undanförnum árum hefur sú þróun átt sér stað. að áfengið hefur verið í sókn og bindindi á undanhaldi. Það yrði langur tími að rifja það allt saman upp hér. En það er ein ástæða, sem mér finnst alveg sérstaklega nauðsynlegt að við gefum gaum að hér á Alþ., og það er sá þáttur, sem ég tel að Alþ. og ríkisstj. hafi átt í þessu óhugnanlega undanhaldi, í þessari auknu sókn áfengisnautnarinnar og hinu minnkaða eða takmarkaða bindindisstarfi. Því verður ekki neitað, — og ég beini því ekki sérstaklega að núv. ríkisstj. fremur en mörgum þeim, sem hafa setið á undan henni, og ekki að okkur, sem nú sitjum á Alþ., heldur þeim mönnum, sem hafa setið á Alþingi á undanförnum árum, að því verður ekki neitað, að Alþingi og ríkisstj. hafa sofið í þessum málum og látið þau afskiptalaus og á þann hátt með þessum svefni sínum og aðgerðaleysi átt mikinn þátt í því, hver þróunin hefur verið í þessum efnum að undanförnu. Og ég vil líka segja: Hvers er að vænta af ríkisstj., og hvers er að vænta af Alþingi, meðan það er talið eitt hið mesta hnoss, að æðstu ráðamenn þjóðfélagsins séu sérstakra réttinda aðnjótandi í þessum efnum? Og er hægt að búast við því, að þeir valdhafar, sem vilja halda áfram þessu hnossi, að hafa aðgang að ódýru áfengi og ódýru tóbaki, séu líklegir til forustu um bindindisstarf og baráttu gegn áfengisnautninni?

Nei, meðan það þykir siðferðislega rétt hér á Alþingi að láta hina æðstu valdamenn njóta slíkra forréttinda og það er talið nauðsynlegra t. d. að tryggja þeim ódýrt áfengi og ódýrt tóbak en ódýra nauðsynjavöru, er þá hægt að búast við því, að það sé mikil forusta hjá þessum aðilum, Alþingi og ríkisstj., í þessum efnum, til að halda uppi almennri baráttu gegn áfengisnautninni og fyrir auknu bindindi? Ég held ekki. Þess vegna held ég, að þessi venja, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, að tryggja æðstu valdamönnum þjóðfélagsins sérstök forréttindi í þessum efnum, sé miklu þýðingarmeiri en menn gera sér grein fyrir og hafi miklu meiri áhrif í þá átt að draga úr hinni réttu baráttu þessara manna í þeim efnum en ella mundi vera. Og ég satt að segja hef ekki þá trú, að þeir menn hafi sérstakan áhuga fyrir bindindisstarfi eða fyrir því að vinna á móti áfengisnautninni, ef þeir telja áfengið vera svo eftirsóknarvert og tóbakið svo eftirsóknarvert, að það eigi að verðlauna hina æðstu embættismenn með því að veita þeim sem greiðastan aðgang að þessum munaðarvörum. Þess vegna tel ég það mjög mikilvægt í þessum efnum, hvernig atkvgr. fellur um þá till., sem minni hl. allshn. hefur lagt fram um þetta atriði. Ég álít, að á þeirri atkvgr., sem fram fer um þá till., muni það vel sjást, hver sé hin raunverulega afstaða alþm. til áfengismálsins og áfengisins. Ef menn líta svo á, að það sé rétt að tryggja æðstu valdamönnum þjóðfélagsins sem auðveldastan aðgang að þessum munaðarvörum, er ákaflega erfitt að reikna með því, að sömu menn

hafi nokkurn sérstakan áhuga á því að vinna gegn áfengisnautninni og að auknu bindindisstarfi.

Það, sem ég held að sé eitt mesta óhappið, sem hefur gerzt í áfengismálunum að undanförnu, er sá þáttur í setningu áfengislaganna frá 1954, að þá var unga fólkinu opnaður greiður gangur að vínsöluhúsunum, án þess að það væri látið nokkuð koma í staðinn, nokkur starfsemi koma í staðinn til þess að vega á móti þessu. Í áfengislagafrv. frá 1954, eins og það var upphaflega lagt fyrir þingið, var gert ráð fyrir því, að jafnhliða þessari opnun vínsöluhúsanna, sem þá átti sér stað, skyldu teknar upp auknar áfengisvarnir og aukin æskulýðsstarfsemi, til þess að vega á móti því, að unga fólkið sækti vínsöluhúsin. Í þessu frv. var ákvæði um það, að nokkrum hluta af tekjum áfengisverzlunarinnar yrði varið til þess að styrkja áfengisfræðslu og æskulýðsstarfsemi, sem ynni gegn áfengisnautn, að styrkja t. d. íþróttastarfsemi og ýmsa tómstundastarfsemi unga fólksins o. s. frv. Illu heilli var þessi fjárveiting felld niður úr frv. og lögin afgreidd án þess að áfengisvarnastarfseminni væri séð fyrir nokkru sérstöku fé til þess að halda starfsemi sinni uppi, enda hefur niðurstaðan orðið sú þrátt fyrir góðan vilja þeirra manna, sem hafa valizt í áfengisvarnaráð og áfengisvarnanefndir, að áfengisvarnakafli áfengislaganna hefur orðið meira og minna tómur bókstafur, vegna þess að það hefur skort fjármagn til þess að fylgja þessum ákvæðum laganna eftir. Það hefur vantað fjármagn til þess að styrkja bindindisstarf og æskulýðsstarfsemi, sem ynni eitthvað á móti þeirri opnun vínsöluhúsanna, sem átti sér stað með áfengislöggjöfinni frá 1954. Og af því mörgu, sem til greina kemur í þeirri sókn, sem nú þarf að hefja gegn áfengisneyzlunni, hinni miklu og vaxandi áfengisneyzlu, er einmitt að taka upp þetta ákvæði áfengislagafrv. frá 1954 um að verja hæfilegu fjármagni til þess, að hér sé hægt að koma upp æskulýðsstarfsemi, sem eitthvað vinnur gegn vínsöluhúsunum og getur keppt við þau um unga fólkið. Þess vegna fagna ég þeirri till., sem minni hl. allshn. hefur lagt fram við þetta frv., sem er þess efnis, að a. m. k. 5 millj. kr. af tekjum áfengisverzlunarinnar skuli varið til áfengisvarnastarfsemi, bindindisfræðslu og til æskulýðsstarfsemi, sem sé líkleg til að vinna gegn áfengisnautn og beina unga fólkinu frá vínsöluhúsunum. Að sjálfsögðu er það margt, sem til greina kemur í þeim efnum að vinna gegn áfengisnautninni. Ég skal hins vegar játa það, að ég er þeirrar skoðunar, að ég legg miklu meiri trú á áfengisfræðslu og heilbrigða æskulýðsstarfsemi í þeim efnum en mjög öflug bönn. Bönn geta komið að gagni innan vissra takmarka, en þau geta aldrei leyst þetta mál til fulls, og ég held, að það sé miklu frjósamari aðferð og heppilegri að vinna gegn áfengisneyzlunni með hollri æskulýðsstarfsemi og með heilbrigðri fræðslu á þeim vettvangi, þar sem hún á við, eins og t. d. í skólunum, kannske ekki síst í barnaskólunum og gagnfræðaskólunum. En þessi starfsemi hefur því miður fallið að mestu leyti niður á undanförnum árum, vegna þess að það hefur ekki verið fjármagn til þess að framkvæma þann þátt áfengislaganna, sem fjallar um áfengisvarnir. Og ég verð nú að segja það, að fyrst áfengislögin eru á annað borð opnuð hér á Alþingi og á að gera tilraun til að gera á þeim einhverjar lagfæringar og samræma þau þeim viðhorfum og aðstæðum, sem nú eru, þá finnst mér, að það minnsta, sem hægt sé að gera, sé einmitt það að tryggja nokkra fjárveitingu til þess, að áfengisvarnakafli laganna verði raunverulega framkvæmdur, en hann verði ekki látinn vera dauður bókstafur, eins og átt hefur sér stað þau undanfarin 10 ár, sem áfengislögin hafa verið í gildi. Og sannleikurinn er sá, að það er bezt fyrir Alþ. að gera sér það ljóst, að þegar þessi fjárveiting var felld niður úr áfengislagafrv. 1954, þegar það mál var til meðferðar hér á Alþ., voru það raunverulega svik við bindindismenn, sem þá áttu sér stað. En eins og kunnugt er, var unnið að áfengislagafrv. frá 1954 undir forustu hæstv. núv. forsrh. á þann hátt, að sérstök nefnd vann að samningu frv., og í þeirri nefnd áttu m. a. sæti bæði fulltrúar bindindismanna og fulltrúar vínsöluhúsanna og fleiri aðilar, sem vildu opna sem mest fyrir áfengisflóðið. Og það varð að samkomulagi milli þessara aðila, að gegn því, að bindindismenn þeir, sem í nefndinni voru, m. a. Brynleifur heitinn Tobíasson, féllust á það, að verulega væri rýmkað um starfsfrelsi vínsöluhúsanna, þá kæmi þetta á móti, ákveðin fjárveiting til þess að tryggja það, að hægt væri að halda uppi hæfilegum áfengisvörnum og aukinni æskulýðsstarfsemi, sem ynni gegn áfengisnautn. Þess vegna voru bindindismenn raunverulega sviknir, þegar þetta ákvæði um fjárveitinguna var fellt niður úr lögunum. Og það væri þess vegna ekkert annað en að efna þetta gamla samkomulag við þá, að þessi fjárveiting væri nú tekin upp.

En það, sem ég vildi svo segja að lokum, er það, að ég teldi það mjög til bóta og mikinn þátt í þeirri sókn gegn áfengisbaráttunni, sem nauðsynlegt er að hefja, þó að margt fleira þurfi að gera, að samþykkja þær tvær till., sem hv. minni hl. allshn. hefur lagt til, — að það sé mjög til bóta, og ég tel það í raun og veru algert lágmark, sem Alþ. getur nú gert í þessum efnum, ef það á annað borð vill hafa nokkur afskipti af þessum málum. Það frv., sem hér liggur fyrir, þó að sum ákvæði þess stefni í rétta átt, nær allt of skammt í þeim efnum, og ég hef ekki trú á því heldur, að það hafi verulega þýðingu. En ef það yrði viðurkennt af löggjafanum, að nú skuli það fellt niður, að það skuli vera talin einhver sérstök forréttindi að láta okkar æðstu valdamenn hafa aðgang að ódýru áfengi og ódýru tóbaki, þá væri a. m. k. viss mórölsk vísbending, sem í því fælist, og svo hitt, að ef það væri veitt sérstök fjárveiting, ekki lægri en minni hl. fer fram á, til áfengisvarnanna og til æskulýðsstarfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautninni, — þetta tvennt er algert lágmark af því, sem Alþ. þarf að gera að þessu sinni. Og það, sem ég álít að ætti að gera jafnframt því, að frv. verður afgr. í þessu formi,

væri það, að sett yrði sérstök nefnd, t. d. kosin af Alþ., sem ynni að því að endurskoða áfengislögin fyrir næsta þing með tilliti til þess, að aukin sókn verði tekin upp í þessum efnum gegn hinni sívaxandi áfengisnautn.

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja út af þeim umr., sem farið hafa fram um þetta frv. Ég tel ekki nema eðlilegt, að skoðanir manna séu skiptar um, hvort aldurslágmark fyrir áfengiskaupum og áfengisveitingum eigi að miða við 18 ára aldur eða 21 árs aldur. Við, sem stöndum að meirihlutanefndaráliti allshn. í máli þessu, gerðum okkur þetta ljóst frá byrjun, að sitt mundi sýnast hverjum um, við hvort aldursmarkið ætti að miða. Við vitum um hóp manna, þ. á m. nokkra af forustumönnum bindindissamtaka í landinu, sem eru því hlynntir, að aldurslágmarkið verði fært niður úr 21 árs aldri í 18 ára aldur, eins og við leggjum til, og við vitum einnig um hóp manna, þ. á m. ágæta bindindismenn, sem eru gersamlega mótfallnir þessari lækkun á aldurstakmarkinu. Það er ekki nema mannlegt og eðlilegt, að skoðanir manna séu skiptar um þetta, og ekkert við því að segja. Hins vegar haggar það ekki því áliti okkar, að rétt sé að lækka aldurslágmarkið úr 21 árs aldri í 18 ára aldur, og teljum við, að slík lækkun auðveldi framkvæmd áfengislaganna og stuðli að því, að ákvæðið um aldurslágmarkið fyrir áfengiskaupum og áfengisveitingum væri virt.

Út af brtt. hv. minni hl. allshn. um frv. það, sem hér er til umr., vildi ég aðeins taka þetta fram: Fyrri brtt. hljóðar um, að héðan í frá skuli óheimilt að gefa afslátt af hinu ákveðna útsöluverði Áfengisverzlunar ríkisins af áfengi, þó megi selja sendiherrum og einstaka fleiri aðilum áfengi með öðrum kjörum, enda verði þess áfengis ekki neitt innanlands. Segir frsm. minni hl., hv. 1. þm. Norðurl. v., að sala áfengis til einstakra aðila með öðrum og vægari kjörum en Áfengisverzlun ríkisins lætur aðra áfengiskaupendur njóta hafi ekki stoð í lögum og sé því lögleysa ein. Þetta er nú ekki með öllu rétt hjá hv. þm. Það er að vísu rétt, að heimild til slíkrar áfengissölu er ekki að finna í áfengislögunum sjálfum, en hún er í reglugerð um sölu og veitingar áfengis, nr. 113 frá 1954, en þar segir svo í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Áfengisverzlun ríkisins er, auk þess sem hún selur áfengi í útsölustöðum sínum, heimilt að selja það frá aðalverzlun sinni þeim, sem hér segir: .... 4) Forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn, sveitarstjórnum og erlendum sendiráðum til risnu.“ Á þessu ákvæði reglugerðar um sölu og veitingar áfengis byggist sú áfengissala, sem hv. minni hl. allshn. vill láta afnema og lengi hefur verið tíðkuð hér á landi. Í lögum segir víða, að ákvæði um nánari framkvæmd þeirra skuli sett með reglugerð.

Annars tek ég undir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér við umr. um þetta frv. s. l. fimmtudag, að þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi áfengislögum með því frv., sem hér er til umr., snerta allt annan þátt áfengismálanna en það, sem hv. minni hl. hreyfir með sinni brtt., og tel ég ekki eðlilegt að blanda því máli inn í umr. eða afgreiðslu þessa frv.

Um hina brtt. hv. minni hl., þ. e. um hækkaða fjárveitingu til áfengisvarna, vil ég aðeins segja þetta: Tillögur um, að vissum hluta áfengisgróða ríkissjóðs verði varið til áfengisvarna, hafa oft verið bornar fram hér á hv. Alþ., en þær hafa jafnan strandað á hinu sama, þ. e. áhugaleysi og jafnvel beinni andstöðu bindindismanna og samtaka þeirra á því að afla tekna til áfengisvarna með þessum hætti. Nú leggur hv. minni hl. að vísu til, að ákveðin fjárhæð, en ekki hluti af áfengisgróðanum, verði fest í áfengislögunum. Ég er langt frá því að vera mótfallinn því, að fjárveiting til áfengisvarna verði hækkuð, en tel þó, að slík hækkun ætti að koma fram á fjárlögum, en ekki áfengislögunum, enda er fjárveiting til áfengisvarna einn liður á fjárlögum og hefur verið það um margra ára skeið.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með því frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., eru tildrög þess, að frv. var hér flutt, þau, að óvenjumikill drykkjuskapur hafði átt sér stað í ferðalagi æskufólks hér sunnanlands í Þjórsárdal á hvítasunnunni á s. l. ári. Vegna þeirra atburða, sem þarna gerðust, hafði verið skipuð nefnd manna til þess að rannsaka það, sem þarna hafði farið fram, og hvað gera mætti til þess að reyna að koma í veg fyrir slíka atburði. Og viðbrögðin, sem síðan hafa orðið, eru þau, að frv. það, sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir Alþ., þar sem gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á áfengislögunum.

Ég verð að segja það, að mér finnst, að þær breytingar, sem er að finna í þessu frv., séu harla smávægilegar með tilliti til þess vandamáls, sem hér er við að glíma. Maður verður í rauninni að leita allvandlega í frv. til þess að finna nokkuð í því, sem megi telja til verulegra bóta frá því, sem verið hefur, utan það ákvæði, sem er að finna í 2. gr. frv., þar sem bifreiðastjórum er bannað að aka drukknum unglingum eða stuðla að því á einn eða neinn hátt, að unglingar geti haft vín um hönd í bifreiðum þeirra. Breyting eins og sú, sem er að finna í 1. gr., þar sem sú endurbót er gerð á lagaákvæðinu um það, að óheimilt sé að selja ungmennum, sem eru yngri en 21 árs að aldri, áfengi eða veita þeim áfengi, en við þetta ákvæði er bætt í þessari frvgr. þessum orðum, að það sé óheimilt að veita þeim áfengi með nokkrum hætti, — ég á afskaplega erfitt með að finna það, að þetta breyti á nokkurn hátt frá því, sem verið hefur, um sjálft efni málsins. Sem sagt, mín skoðun er sú, að breytingarnar, sem er að finna í frv., séu fremur smávægilegar og þær hljóti eðli málsins samkvæmt að áorka litlu til bóta í sambandi við vaxandi drykkjuskap í landinu og alveg sérstaklega vaxandi drykkjuskap unglinga.

Mér sýnist, að þetta frv. beri þess öll merki, að það er í rauninni verið að snúast í kringum vandamálið eins og köttur snýst í kringum heit-

an graut. Það er engin dirfska til í því, hvernig taka á á sjálfu vandamálinu. Sannleikur málsins er sá að mínum dómi, að það skortir ekki fyrst og fremst lagaákvæði í þessum efnum. Það er að finna talsvert mikið af bönnum og boðum í löggjöf í sambandi við sölu og veitingar á áfengi og í sambandi við drykkjuskap. En samt flæðir nú allt út í ósóma í þessum efnum, eins og flestir verða að viðurkenna, og þá er fitjað upp á því: Ja, er nú ekki rétt að halla til orðalagi einhvers staðar á því, sem fyrir er að finna, eða þá, eins og æðioft hefur komið fram hér á Alþingi, að menn tala um það að létta eitthvað á bönnunum, breyta eitthvað svolítið til, þá muni verða minna um lögbrot, þá muni þetta vera allt auðveldara í meðförum.

Þetta fengum við mjög að heyra hér, þegar þau áfengislög voru sett, sem enn eru hér í gildi og tóku gildi á árinu 1954. Þá var því mjög haldið fram, að þær breytingar, sem þá var verið að gera á áfengislögunum, ættu að bæta stórkostlega um það ástand, sem þá ríkti í áfengismálunum. Þá höfðu þær reglur verið í gildi hér um alllangan tíma, að aðeins eitt veitingahús í höfuðborginni hafði leyfi til vínveitinga, það var Hótel Borg. Þetta þótti ýmsum ekki fullnægjandi, eins og ástandið var, og það reis upp allmikið stríð um þetta. Fulltrúar annarra veitingahúsa hér í höfuðborginni gerðu miklar kröfur til ríkisvaldsins og heimtuðu þennan rétt sér til handa líka, og það var mjög dregið fram, að hvers konar spilling og vandræði fylgdu þessu einokunarfyrirkomulagi, sem þarna væri um vínveitingar hjá þessu eina hóteli í bænum. Og svo kom fram frv. hér á Alþ. um það, að nú skyldu mörg önnur veitingahús í bænum fá sams konar vínveitingaleyfi, þá gætu menn losnað við alla þá spillingu og þau leiðindi, sem fylgdu því, að menn væru að potast inn á samkomustaði á ólöglegan hátt með áfengi, þá gæti þetta allt saman farið fram eftir settum reglum og hér yrði tekin upp miklu meiri vínmenning, eins og það var orðað. Sem sagt, breytingarnar, sem þá voru gerðar, voru gerðar undir þessu kjörorði, að það átti að gera framkvæmdina í þessum efnum á allan hátt betri en áður var, auðveldara að fylgja fram lagaákvæðum og koma á meiri reglu í þessum efnum. En reynslan hefur nú alveg ótvírætt sannað það, sem við héldum þá fram hér á Alþingi, sem vorum á móti þessari breytingu. Hér var ekki á ferðinni nein tilraun til þess að gera ástandið í áfengismálum þjóðarinnar betra. Hér var verið að knýja fram breytingar, sem miðuðu að því að gera drykkjuskapinn í landinu útbreiddari en hann var nokkurn tíma áður, að gera t. d. ungu fólki, sem sækir samkomustaðina, auðveldara um að fá keypt áfengi á samkomustöðum en áður var. Og þetta hefur líka orðið útkoman. Drykkjuskapurinn hefur ekki minnkað hér á samkomustöðum frá því, sem var, heldur þvert á móti. Afleiðingin hefur m. a. orðið sú, að upp úr hefur soðið á þann hátt, sem gerði á hvítasunnuhátíðinni á s. l. ári og frægt er orðið. Drykkjuskapurinn hefur ekki farið minnkandi hjá ungu fólki, heldur hefur hann aukizt.

Og nú er enn boðað hér í sambandi við afgreiðslu á þessu máli frá meiri hl. þeirrar n., sem fjallað hefur um þetta frv., till. um það, að nú skuli rýmka enn nokkuð til, m. a. undir kjörorðinu um, að þá verði betra að halda reglurnar, þá verði auðveldara að framkvæma lögin. Nú skuli ekki gilda áfram bann, sem búið er að gilda í langan tíma, að óheimilt sé að selja ungmennum áfengi eða veita þeim áfengi, séu þeir undir 21 árs aldri. Nú sé rétt að færa þetta niður í 18 ár, svo að 18 ára unglingar geti þó gengið í áfengisútsölur og keypt sér þar alveg refjalaust áfengi. Og að þeir geti þá fengið einnig fulla afgreiðslu á vínveitingahúsum, þeir sem eru á þessu aldursstigi, á milli 18 og 21 árs, en hefur verið bannað það að undanförnu. Og því er haldið fram, að það eigi að gera þessa breytingu til þess að auðvelda framkvæmd laganna. Ég dreg auðvitað enga dul á það, að ég er algerlega á móti þessari breytingu, tel hana til hins verra og hættulega, eins og ástandið er í þessum málum í dag, að koma fram með slíkan boðskap sem þennan, því að hann geri ekki annað en ýta undir það, að fleiri og fleiri ungmenni stundi drykkjuskap að meira eða minna leyti. En það skal ég fyllilega játa, að ef ég hefði trú á því, að nú ætti virkilega að halda sér við þetta ákvæði í framkvæmdinni og héðan af yrði séð um það, að jafnt út úr áfengisverzlunum landsins sem á vínveitingahúsum gæti enginn án verulega mikillar áhættu, sem yngri er en 18 ára, fengið afhent áfengi, þá mundi ég ekki standa í deilu við einn eða neinn um það, hvort aldursmarkið væri 18 eða 21 ár, það skal ég játa. En það er bara ekki þetta, sem vandinn snýst um. Ég er alveg sannfærður um það, að það fer auðvitað eins í þetta skiptið og hin fyrri skiptin, að þó að aldursmarkið væri bundið við 18 ár, en ekki 21, yrði það brotið, eins og hitt ákvæðið hefur verið brotið, með aldursmarkið 21 árs. En eigi að síður er þessi niðurfærsla ákveðin tilkynning frá hálfu Alþ., ef hún verður samþykkt, um það, í hvaða átt þessi mál stefna hjá okkur, og það hefur sín áhrif.

Aðalvandamálið í þessum efnum er, að það er ekki séð um að framfylgja þeim lagaákvæðum, sem í gildi eru um áfengismál. Það er fullkominn óvilji ríkjandi hjá yfirmönnum lögregluvaldsins í landinu að framfylgja þeim lagaákvæðum. Það væri vitanlega hægt að standa að framkvæmd þessara mála á allt annan hátt en gert hefur verið. Eins og ég sagði, er það búið að standa lengi í lögum hjá okkur, að það er bannað að afhenda eða veita ungmennum undir 21 árs aldri áfengi. En samt koma upp slík tilfelli eins og gerðust á síðustu hvítasunnuhátíð í Þjórsárdal, að mörg hundruð ungmenna, allt niður í 14 og 15 ára aldur, eru tekin ósjálfbjarga af drykkjuskap og lögreglan stendur í því að taka þetta fólk. En hvert var svo áframhaldið í sambandi við þetta mál? Var leitað eftir þeim, sem virkilega höfðu brotið lögin? Var einhver gangskör gerð að því að hafa upp á þeim, sem höfðu selt eða afhent með einhverjum hætti unglingunum þetta áfengi, sem olli drykkjuskapnum? Var reynt að hafa upp á lögbrjótunum, þeim sem brutu lögin? Nei, það var ekkert gert í því, og það er aldrei gert neitt í því. Það er sannleikur málsins. Það er auðvitað enginn vafi á því, að

þar sem það gerist, að ungmenni undir 21 árs aldri eru tekin á einn eða annan hátt ölvuð, á vitanlega að fara fram rannsókn á því, hvaðan áfengið kom, hver afhenti þeim áfengið, hver braut lögin. Og það á að láta þá, sem brotið hafa lögin, sæta sektum, missa vínveitingaréttindi, ef það eru einhverjir slíkir menn. Og við skyldum bara sjá, ef þetta væri gert og gert alveg svika- og undanbragðalaust, hvort menn höguðu sér ekki nokkuð öðruvísi í þessum efnum, að afhenda áfengi og selja áfengi til þeirra, sem má ekki afhenda áfengi, heldur en nú hefur verið gert. Þetta er vandinn í málinu. Er hægt að koma því fram, að lögregluyfirvöldin í landinu vilji raunverulega framkvæma þau ákvæði, sem í gildi eru í áfengislöggjöf okkar?

Ég er á þeirri skoðun, að það beri miklu fremur að stefna að því að herða á ýmsum sektar- og refsiákvæðum, sem í áfengislögunum eru, heldur en að draga úr slíkum ákvæðum. Og ég held, að það eigi að hamra á því áfram, eins og gert hefur verið af ýmsum mönnum á undanförnum árum, að þeir, sem hafa með framkvæmd l. að gera, standi betur í stöðu sinni en þeir hafa gert. Í gildandi lögum eru nú ákvæði um það, að jafnan skuli hver og einn, sem kaupir áfengi eða fær áfengi afhent, verða að framvísa vegabréfi til sönnunar aldri sínum. Hvernig hefur þessu ákvæði verið framfylgt? Hafa menn í vínveitingahúsunum hér í bænum verið látnir framvísa vegabréfum, eins og stendur í l.? Nei. Enn á auðvitað að endurtaka þetta í þessum breytingum. Vegabréfi skal framvísa, og nú er mikið talað um, að það eigi að taka upp þessa reglu. En verður það gert? Verður séð um framkvæmdina á heiðarlegan hátt?

Ég held, að það, sem eigi að gera í þessum efnum, eins og málin standa nú, sé í fyrsta lagi að gera ýmis refsiákvæði l. allmiklu strangari en þau eru. Í öðru lagi eigi að ganga fast eftir því, að t. d. vegabréfaskyldunni sé framfylgt. Og svo er nauðsynlegt, að allir opinberir aðilar hætti öllu dekri við drykkjuskapinn í landinu. Það á hvorki að verðlauna einn né neinn fyrir það að stunda drykkjuskap. Það á ekki að hlífa einum eða neinum, hvorki í dómum né á annan hátt, vegna þess, að hann hafi verið drukkinn, eins og mörg dæmi eru til um. Það á ekki að afsaka menn með ölvun, og það á ekki að vera í gildi hér hjá okkur lengur, að við séum að verðlauna eða heiðra einn eða neinn, t. d. hér á Alþingi eða í ríkisstj., með sérstökum hlunnindum í sambandi við vínveitingar. Slíkt á að leggjast niður. Svo er auðvitað mjög þýðingarmikið í þessum málum að auka verulega fjárframlög til æskulýðsstarfsemi í landinu og gera miklu meira að því að reyna að beina hugum æskufólksins að öðru en að þeim samkomustöðum í landinu, sem þykjast endilega þurfa að hafa vín til afgreiðslu. Við þurfum virkilega samkeppni, m. a. á samkomustöðum, samkeppni við vínveitingasamkomurnar. Við þurfum á samkeppni að halda við slíka staði.

Ég hef hugsað mér að flytja hér ásamt hv. 10. landsk. þm. (GeirG) tvær brtt. við frv., eins og það liggur hér fyrir. Fyrri brtt. okkar er við 1. gr. frv., að við hana bætist svo hljóðandi mgr., með leyfi hæstv. forseta: „Verði ungmenni undir 21 árs aldri uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld skyld að hefja rannsókn á því, hver selt hefur eða veitt áfengið, og skulu hinir seku sæta sektum.“ Með þessari till. er beinlínis gert ráð fyrir því að skylda lögregluyfirvöldin til þess, þegar slíkt kemur fyrir, að ungmenni innan 21 árs aldurs er tekið ölvað, að láta rannsókn fara fram á því, hver er raunverulega sá seki, og koma fram sektum á slíka aðila.

2. brtt. er við 3. gr. frv., en í 3. gr. frv. stendur m. a.: „Ungmennum 18 ára eða yngri er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með forráðamönnum sínum.“ Við leggjum til, að þetta undanþáguákvæði: „nema í fylgd með forráðamönnum sínum,“ verði fellt niður. Það er vitanlega engin trygging fyrir því, að þau ungmenni, sem eru inni á vínveitingastöðum og mega ekki samkv. lögum þiggja þar slíkar veitingar sem áfengið er, geri það ekki, þó að þau séu í fylgd með forráðamönnum sínum. Það á vitanlega að afnema þetta og banna með öllu, að þeir, sem yngri eru en 18 ára, séu inni á þessum vínveitingastöðum eftir kl. 8 á kvöldin. Þá mætti vel segja mér það, að ef staðið yrði heiðarlega að því, færu sumir staðirnir, sem hafa sótt mjög eftir vínveitingaleyfi, að hugsa sig um, hvort væri nú betra að hafa vínveitingaleyfið og vera laus við öll ungmenni upp að 18 ára aldri í landinu eða hvort þeir vildu fá ungmennin á samkomu til sín. En það er auðvitað nokkuð gott að hafa unglingana alla, eins og nú er gert, og vínveitingaleyfið til viðbótar. Það á að loka fyrir þessa smugu að okkar dómi, og það gæti orðið nokkuð til bóta.

Um afstöðu til þeirrar till., sem hér hefur verði flutt um það að afnema þau sérstöku vínréttindi, sem í gildi hafa verið hér um sinn til forseta þingsins og ráðh., þá er ég einnig á þeirri skoðun, að það sé rétt að samþykkja slíka till., það beri að afnema þessi sérstöku réttindi. Þau eru til ills í þessum málum. Á því er auðvitað enginn vafi, að þær vínveitingar, sem fara fram á vegum ríkisins í opinberum veizlum, þegar slíkar veitingar eru þar hafðar um hönd, verða greiddar af ríkinu og eru greiddar af ríkinu. En þær vínveitingar, sem eru á vegum þessara aðila sjálfra, eiga þeir þá að borga á því verði, sem almennt gildir í landinu, og slík fríðindi sem þessi eiga að leggjast af. Ég held, að afnám þeirra mundi út af fyrir sig, þó að segja megi, að það sé ekkert stórmál, hafa heldur góð áhrif í þessum málum og það ætti því að samþ. till. um afnám þessara réttinda.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 332) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 16. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 17, n. 282 og 286, 283, 332).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Fyrir hönd meiri hl. allshn. vil ég lýsa yfir því, að brtt. meiri hl. n., sem prentaðar eru á þskj. 283, eru allar teknar aftur til 3. umr. í trausti þess, að aðrir, sem flutt hafa brtt. við þetta frv., geri slíkt hið sama.

ATKVGR.
Brtt. 283, 286 og 332 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 588.

---

2. Launamál o. fl.

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um launamál o. fl. [56. mál] (stjfrv., A. 57).

Á 9. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Fyrir tæpum 4 árum hófst núv. ríkisstj. handa um þá viðreisn efnahagslífsins, sem hafði verið skotið á frest æ ofan í æ mörg undanfarin ár. Þá hafði verið halli á greiðsluviðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd að heita mátti óslitið frá því í lok styrjaldarinnar. Sá halli hafði farið vaxandi síðustu árin og leitt til þess, að gjaldeyriseign þjóðarinnar var þorrin og lánstraust hennar erlendis glatað, en þjóðin riðaði á barmi greiðsluþrots og algers glundroða. Verðkerfið var með öllu gengið úr skorðum. Engar vörur voru fluttar til landsins eða frá á skráðu gengi, heldur á margvíslegu öðru gengi, sem ákveðið var með gjöldum á innfluttar vörur og uppbótum á útfluttar vörur. Reynt var að afla fjár til greiðslu útflutningsuppbóta með því að örva sem mest innflutning hátollaðra lúxusvara eða munaðarvöru. Annar innflutningur var háður ströngum höftum og sömuleiðis öll önnur gjaldeyrisviðskipti. Flestar framkvæmdir aðrar en byggingar íbúðarhúsa voru háðar leyfum. Verðlag og kaupgjald hækkaði á víxl. Sparnaður fór minnkandi í hlutfalli við þjóðartekjur. Útflutningsuppbætur og háir tollar stuðluðu að óhagkvæmum rekstri atvinnufyrirtækjanna.

Þetta ástand efnahagsmála hafði haft alvarleg áhrif á framþróunina í landinu. Framkvæmdir höfðu verið miklar, en gefið tiltölulega lítið í aðra hönd. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur höfðu vaxið hægar en í flestum nágrannalandanna og lífskjör því einnig batnað hægar en í þessum löndum. Fyrirsjáanlegt var, að svo framarlega sem róttæk breyting væri ekki gerð á stefnunni í efnahagsmálum, væru enn alvarlegri afleiðingar á næstu leiti. Gjaldeyrisskorturinn hlaut að torvelda framleiðslu og skortur erlends lánsfjár og innlends sparifjár að draga úr framkvæmdum. Bóta- og gjaldakerfið varð sífellt þyngra í vöfum og beindi framleiðslunni æ meir í óheilbrigðar áttir.

Horfur í þessu efni höfðu legið ljóst fyrir. Vandlegar athuganir höfðu farið fram á vegum hverrar ríkisstj. á fætur annarri og ætíð leitt hið sama í ljós. Þegar á átti að herða, skorti hins vegar ætíð samstöðu innan ríkisstj. þeirra, sem með völd fóru, til þess að snúast af einurð gegn vandanum, sem þar af leiðandi fór vaxandi með hverju ári. Það var ekki fyrr en árið 1959, að ný viðhorf sköpuðust. Ríkisstj. Alþfl. gat þá framkvæmt bráðabirgðaaðgerðir til þess að stöðva þá öru verðbólguþróun, sem keyrir um þvert bak haustið 1958. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, varð loks til nægilega sterkur og samhentur meiri hl. á Alþingi og með þjóðinni til þess að hrinda fram þeirri stefnubreytingu, sem lengi hafði verið nauðsynleg og nú var orðin með öllu óhjákvæmileg.

Sá árangur, sem af þessari stefnubreytingu hefur leitt á undanförnum 4 árum, er mikill og margvíslegur. Endir bundinn á hallann í greiðsluviðskiptunum, og í fyrsta sinn síðan á styrjaldarárunum varð afgangur í þessum viðskiptum bæði árið 1961 og 1962. Tekið var fyrir aukningu gjaldeyrisskulda og gjaldeyrisforði myndaðist, er var meiri en þjóðin hafði nokkru sinni haft yfir að ráða síðan í lok styrjaldarinnar. Unnt reyndist að gefa innflutning frjálsan að langsamlega mestu leyti og sömuleiðis önnur gjaldeyrisviðskipti og framkvæmdir allar. Sparnaður jókst mjög í landinu, þegar fólkinu var ljóst, að breytt hafði verið um stefnu. Traust þjóðarinnar erlendis var endurreist.

Þegar ákvarðanir á sínum tíma voru teknar um aðgerðir í efnahagsmálum á árinu 1960, hafði verið ráð fyrir gert, að fullur árangur þeirra ráðstafana mundi ekki nást nema með því móti, að lífskjör versnuðu nokkuð í bili og framkvæmdir minnkuðu. Eitt aðalatriði ráðstafananna var einmitt að reyna að búa svo um hnútana, að rýrnun lífskjara kæmi ekki niður á þeim, sem erfiðast ættu með að bera hana. Þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir, benda hins vegar til þess, að engin teljandi rýrnun lífskjara hafi átt sér stað á árunum 1960 og 1961. Hins vegar dró á þessum árum úr ýmsum tegundum framkvæmda, og stuðlaði það að því, að árangur næðist. Þetta millibilsástand stóð þó skamma hríð og skemmri en menn upphaflega höfðu þorað að gera sér vonir um.

Þegar á árinu 1962 hafði hin nýja stefna í efnahagsmálum þegar skapað grundvöll fyrir auknum framkvæmdum og bættum lífskjörum, sem góð aflabrögð og hagstætt verðlag á útflutningsafurðum enn styrktu. Í stuttu máli má segja, að aldrei hafi þjóðin veitt sér jafnmikið, aldrei framkvæmt jafnmikið og aldrei lagt upp jafnmikið sem síðustu tvö árin. Þegar breyting stefnunnar í efnahagsmálum var framkvæmd 1960, var treyst á aðgerðir í peningamálum og fjármálum fyrst og fremst. Á hinn bóginn var

það ljóst, að fullur árangur hinnar nýju stefnu gæti ekki náðst og varanlegt jafnvægi skapazt í efnahagsmálunum, nema fylgt væri þeirri stefnu í launamálum, að laun hækkuðu ekki meira en vöxtur þjóðarframleiðslu og hækkanir á verði útflutningsafurðanna leyfðu. Ríkisstj. hvatti samtök launþega og vinnuveitenda frá upphafi til þess að fylgja slíkri stefnu og staðfesta hana með samningum sín á milli, því að henni var alltaf ljóst og lýsti yfir því æ ofan í æ, að víxlhækkanir kaupgjalds og afurðaverðs umfram það, sem aukning þjóðartekna þyldi, hlytu „að valda verðbólgu, sem fyrr eða síðar mundi gleypa ávexti þess, sem bezt hefur tekizt," svo að vitnað sé í ein af ótalmörgum ummælum af hálfu ríkisstj.

Hér var við mikla erfiðleika að etja. Heildarsamningar um laun, líkt og tíðkast í mörgum nágrannalandanna, hafa aldrei verið gerðir hér á landi, og um samræmda stefnu í launamálum hefur ekki heldur verið að ræða, hvorki af hálfu samtaka launþega né vinnuveitenda. Sjálft skipulag samtakanna er með þeim hætti, að torvelt er að koma á heildarsamningum eða samræmdri stefnu í launamálum. Afleiðingin er sú, að á milli einstakra hópa launþega og á milli launþega og bænda er háð kapphlaup um að ná til sín sem mestu, án allrar hliðsjónar af aukningu þjóðarteknanna, sem kröfurnar þó verða að miðast við. Þetta kapphlaup er enn ákafara þau ár, sem þjóðarframleiðslan vex mikið, en þau árin, sem hún vex lítið. Tekjuhækkanir, sem verða af sérstökum ástæðum hjá einstökum starfshópum, eins og t. d. hjá sjómönnum vegna góðs afla, leiða til þess, að aðrir hópar krefjast sams konar hækkana. Hið sama á sér stað, þegar reynt er að leiðrétta samræmi í launakjörum eins hóps í samanburði við aðra. Enda þótt það sé í orði viðurkennt, að leiðréttingin sé réttmæt, er hún eigi að síður notuð sem grundvöllur að nýjum kröfum annarra hópa. Launahækkanir af þessu tagi leiða ekki til bættra lífskjara, heldur til hækkaðs verðlags, sem svo verður upphaf nýrrar kröfugerðar. Við slíkar aðstæður getur varanlegt jafnvægi ekki skapazt í efnahagsmálum og öruggur vöxtur þjóðarframleiðslunnar ekki náðst.

Þetta ástand í launamálum olli miklum erfiðleikum þegar á árinu 1961. Launahækkanir, er gerðar voru á því sumri, voru langt umfram það, sem vexti þjóðarteknanna nam. Árangur viðreisnarinnar var þá rétt að byrja að koma í ljós. Gjaldeyrisforði var enn lítill, og sjávarútvegurinn hafði enn ekki rétt sig við eftir mikið verðfall á útflutningsafurðunum og slæma síldarvertíð árið áður. Hinar miklu launahækkanir hlutu því von bráðar að leiða til hallarekstrar atvinnufyrirtækja og samdráttar í framleiðslu og framkvæmdum, jafnframt því sem greiðsluhalli við útlönd myndaðist á nýjan leik. Efnahagur landsins var enn of veikur til að þola slíka erfiðleika, jafnvel um skamma hríð, og var því ekki um annað að ræða en lækka gengið þegar í stað. Eftir að það hafði verið gert, skapaðist fljótlega jafnvægisástand að nýju og gjaldeyrisforðinn hélt áfram að vaxa.

Sömu erfiðleikar í launamálum gerðu hins vegar vart við sig að nýju árið 1962. Það ár var eitt hið hagstæðasta fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Útflutningsframleiðslan var mikil og vaxandi og þjóðarframleiðsla í heild óx um 7% frá árinu áður. Hins vegar hækkuðu bæði laun og tekjur mun meira en svaraði aukningu þjóðarteknanna, en það hlaut að leiða til verðhækkana. Íslendingar báru því ekki gæfu til að nota þetta einstaka árferði til þess að tryggja samtímis aukna almenna velmegun og stöðugt verðlag. Hækkun launataxta á árinu 1962 nam þannig rúmlega 12%, en að meðaltali jukust launatekjur launþega um tæp 23%, og áttu hinar miklu tekjur í sjávarútveginum mikinn þátt í þeirri aukningu. Þótt þessi mikla tekjuaukning hefði í för með sér hækkandi verðlag á árinu 1962, komu áhrif hennar ekki fram í versnandi greiðslujöfnuði gagnvart útlöndum vegna þess, hve geysilega mikil aukning átti sér stað í útflutningsframleiðslunni. Það var hins vegar fyrirsjáanlegt, að hin mikla tekjuaukning, sem átt hafði sér stað á árinu 1962, mundi leiða til versnandi aðstöðu gagnvart útlöndum á árinu 1963, nema aukning útflutningsframleiðslunnar yrði jafnör og árið 1962.

Þegar ríkisstj. lagði fram þjóðhags- og framkvæmdaáætlun sína í aprílmánuði s. l., var gert ráð fyrir því, að einkaneyzla og fjárfesting ykjust nokkru örar á árinu 1963 en þjóðarframleiðslan, en það mundi svo aftur hafa í för með sér nokkurn halla á greiðslujöfnuði við útlönd. Þessi halli var þá áætlaður 245 millj. kr., en á árinu 1962 hafði greiðsluafgangur numið svipaðri upphæð. Þessi halli var að dómi ríkisstj. ekki óeðlilega mikill með tilliti til hins mikla skipainnflutnings, sem áætlaður var á árinu. Framkvæmd áætlunarinnar á árinu 1963 hugðist ríkisstj. treysta með því að halda áfram þeirri stefnu aðhalds í fjármálum og peningamálum, sem fylgt hafði verið undanfarin tvö ár. En það var engu að síður augljóst, að meginskilyrðið fyrir því, að þolanlegt jafnvægi héldist á árinu 1962, var, að launþegum og atvinnurekendum tækist að marka stefnu í launamálum, sem væri í samræmi við afkomu atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild.

Nú er ljóst orðið af þeim tölum, sem fyrir liggja, að þróunin hefur orðið mun óhagstæðari en ráð hafði verið fyrir gert. Einkaneyzla hefur líklega aukizt hér um bil helmingi meira en áætlað hafði verið, en þó virðist fjárfesting einkaaðila hafa aukizt enn þá örar. Hefur bæði einka- og samneyzla aukizt um a. m. k. 6% og fjárfestingin um 28%, en þjóðartekjurnar sennilega aðeins um 4%. Þetta hefur svo leitt til þess, að innflutningur hefur vaxið hröðum skrefum og greiðslujöfnuður farið versnandi. Til septemberloka jókst innflutningur án skipa þannig um 27% miðað við 1962, en verðmæti útflutnings jókst aðeins um 6%. Útlit er nú fyrir, að niðurstaða af greiðslujöfnuðinum við útlönd í heild verði talsvert lakari en áætlað var í apríl s. l., sem sýnir þá örðugleika, sem nú er við að stríða í efnahagsmálum í heild.

Of mikil útlánsaukning samfara mikilli notkun stuttra erlendra vörukaupalána átti þátt í að ýta undir þá miklu þenslu, sem átt hefur sér stað

í efnahagskerfinu undanfarna mánuði. Til þess að stemma stigu við þessari þróun var í júlí beint til bankanna, að þeir gættu varúðar í útlánum, og í september voru gerðar frekari ráðstafanir af hálfu Seðlabankans og ríkisstj. til þess að draga úr útlánsaukningu og notkun stuttra vörukaupalána. Þær upplýsingar, sem fyrir liggja, benda til þess, að þessar ráðstafanir hafi haft nokkur áhrif, en það er skoðun ríkisstj., eins og ég mun koma nánar að síðar, að nauðsynlegt sé að gera mun víðtækari ráðstafanir í peninga- og fjármálum til að leiðrétta það jafnvægisleysi, sem nú hefur myndazt í efnahagskerfinu.

Önnur meginorsök þenslunnar og sú, sem vafalaust hefur orðið þyngst á metunum, hefur verið áframhaldandi óheillaþróun í launamálum. Víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags ásamt stórkostlegri kröfugerð af hálfu flestra eða allra hagsmunahópa þjóðfélagsins hefur ekki aðeins haft í för með sér örari tekjuaukningu en þjóðarframleiðslan hefur leyft, heldur hefur þetta jafnframt grafið undan trú manna á framtíðargildi peninganna, ýtt undir spákaupmennsku og komið af stað kapphlaupi um framkvæmdir og vörukaup af hálfu alls almennings. Þjóðin hefur farið í kapphlaup við sjálfa sig í eyðslu og kröfugerð. Þótt enginn vilji verða aftur úr í slíku kapphlaupi, ætti þó öllum Íslendingum að vera ljóst, að með þessum aðferðum getur enginn unnið á nema rétt í bili og þá á kostnað þjóðarheildarinnar, þegar til lengdar lætur. Það er því tvímælalaust í hag alls meginþorra almennings, að þessum leik verði lokið sem fyrst, áður en hagsmunum þjóðarinnar er unnið enn meira tjón. Því er ekki að neita, að hin gífurlega tekjuaukning, sem einstakir hópar launþega hafa fengið og þá sérstaklega sjómenn á síldarbátunum, hefur haft truflandi áhrif og ýtt undir kröfugerð af hálfu annarra stétta. Sama máli gegnir um ýmsa hópa iðnaðarmanna, sem notið hafa góðs af hagstæðum uppmælingartöxtum, og nú síðast hefur leiðrétting á kjörum opinberra starfsmanna með kjaradómi orðið tilefni nýs samanburðar, enda þótt áður hafi virzt víðtæk samstaða um jafnvel enn meiri hækkanir þeim til handa. Þau vandamál, sem hér er við að etja, eru óneitanlega mjög erfið. En þetta eru vandamál, sem launþegar sjálfir verða að horfast í augu við, þar sem kapphlaup á grundvelli þrotlauss samanburðar á milli stétta og starfshópa getur aðeins endað í upplausn og hörmungum fyrir þjóðina í heild.

Ríkisstj. hefur treyst því og viljað vinna að því í lengstu lög, að launþegar og atvinnurekendur leystu þessi mál með skynsamlegum samningum sín á milli, er gætu orðið grundvöllur heilbrigðrar þróunar í efnahagsmálunum. Þegar samningar tókust um það snemma á þessu ári, að lægst launuðu stéttirnar, sem minnsta hækkun fengu á árinu 1962, fengju 5% kauphækkun, var ríkisstj. ljóst, að komið væri mjög nærri þeim mörkum, er útflutningsatvinnuvegirnir og þjóðarbúið í heild þyldi án verulegra erfiðleika. Það liðu þó ekki nema nokkrir mánuðir, þangað til ný kröfugerð var uppi, svo að útlit var fyrir stórfelldar hækkanir eða langvarandi vinnudeilur á mesta þjargræðistíma ársins. Ríkisstj. beindi þeim tilmælum til deiluaðila, að þeir gerðu sameiginlega rannsókn á því, hver væri greiðslugeta atvinnuveganna og hvaða kaupgjald væri samrýmanlegt heilbrigðum rekstri þeirra. Samningar tókust á þjóðhátíðardaginn 17. júní, og skyldu þeir gilda til 15. okt., en sá tími notaður til þess, að fulltrúar launþega og atvinnurekenda gætu gert rækilega rannsókn á afkomuhorfum atvinnuveganna og því kaupgjaldi, sem þeim væri unnt að bera. Jafnframt var samið um 7.5% eða hærri kauphækkun flestra stétta næstu vikur á eftir. Þótt ríkisstj. teldi þessar kauphækkanir óeðlilega miklar og til þess líklegar að ýta undir nýjar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, var hún engu að síður þeirrar skoðunar, að mikilvægum áfanga væri náð, ef fulltrúar launþega og atvinnurekenda féllust á að setjast við sama borð og rannsaka af kostgæfni og öfgalaust öll þau gögn, sem fyrir liggja um afkomu íslenzkra atvinnuvega og möguleika þeirra til þess að bera hærra kaupgjald. Vildi ríkisstj. gera allt, sem í hennar valdi stæði, til þess að þessi athugun gæti borið sem ríkulegastan ávöxt og orðið grundvöllur gagnkvæms skilnings og nýs raunsæis í launasamningum.

Áður en ég ræði þær leiðir, sem til greina koma til að ráða fram úr þeim örðugleikum í efnahagsmálum, sem nú steðja að, vil ég drepa á aðaleinkenni þess ástands, sem nú ríkir.

Þensla í efnahagslífinu hefur vaxið hröðum skrefum undanfarna mánuði. Framkvæmdir og neyzla hafa vaxið ört og örar en svarar til vaxtar þjóðarframleiðslunnar. Meiri eftirspurn hefur verið eftir vinnuafli en hægt hefur verið að sinna. Nýir samningar og launahækkanir hafa verið gerðar með stuttu millibili, jafnframt því sem launagreiðslur umfram samninga hafa aukizt. Launahækkanir eins hóps hafa ýtt undir kröfur annarra um nýjar hækkanir. Í kjölfar launahækkana hafa siglt miklar verðhækkanir, ekki hvað sízt vegna náins samhengis milli launa og verðlags landbúnaðarafurða. Þetta hefur ýtt undir nýjar launakröfur. Jafnframt hafa framkvæmdir og neyzla enn aukizt, vegna þess að fólk hefur búizt við, að laun og verðlag mundi halda áfram að hækka.

Þenslan er nú komin á það stig, að mjög er farið að sverfa að útflutningsframleiðslunni og þeim framleiðslugreinum öðrum, sem standa í beinni samkeppni við erlenda framleiðendur. Framleiðslukostnaður íslenzkra atvinnuvega hefur vaxið örar en framleiðslukostnaður keppinauta þeirra í öðrum löndum. Jafnframt hefur innflutningur tekið að vaxa miklu örar en útflutningur og halli myndazt á greiðslujöfnuðinum, sem er meiri en svarar til eðlilegrar notkunar erlends lánsfjár til framkvæmda. Það er auðséð, að þessi þróun getur ekki haldið áfram og að ráðstafanir verður að gera sem allra fyrst, til þess að þenslan stöðvist, það misræmi, sem skapazt hefur milli neyzlu og fjárfestingar annars vegar og þjóðarframleiðslunnar hins vegar, geti horfið og íslenzkir atvinnuvegir haldið velli í samkeppni við erlenda keppinauta sína.

Í nýafstöðnum fjárlagaumr. komu enn einu sinni fram till. um það af hálfu stjórnarandstöðunnar, hvernig ætti að snúast við þeim örðugleikum, sem við er að etja. Í stuttu máli

fólu þessar till. það í sér, að útlán bankakerfisins væru stórlega aukin og útlánsvextir stórlega lækkaðir. Þensla undanfarinna mánaða hefur leitt til almenns skorts á lánsfé. Einstaklingar og fyrirtæki hafa ráðizt í meiri framkvæmdir og meiri innkaup en þau hafa fjárhagslegt bolmagn til. Jafnframt hefur þenslan dregið úr sparnaði. Eftirspurn eftir lánsfé hefur því aukizt, en framboð á sparifé hefur minnkað og lánsfjárskortur farið vaxandi. Hver sá einstaklingur og hvert það fyrirtæki, sem í lánsfjárörðugleikum stendur, mundi að sjálfsögðu fagna því að fá úr þeim örðugleikum bætt með auknu lánsfé og lækkuðum lánskostnaði. Hitt er jafnauðskilið, að úr erfiðleikum allra verður ekki bætt á þennan einfalda hátt, sem stungið er upp á. Lánsfjárskorturinn stafar af því, að of mikið er verið að framkvæma, of lítið er sparað. Aukning bankaútlána og almenn lækkun vaxta mundi leiða til þess, að enn meira væri reynt að framkvæma og enn minna væri sparað. Hér er þess vegna verið að leggja til að hægja á ferð farartækis með því að gefa vélinni meira eldsneyti eða slökkva bál með því að hella á það olíu.

Ég vil nú víkja að rannsókn ríkisstj. á málinu og þeim niðurstöðum, sem hún hefur leitt í ljós.

Augljóst er, að sé það misræmi í efnahagslífinu, sem þenslan hefur skapað, orðið mjög mikið, verður það ekki leiðrétt nema með róttækum ráðstöfunum, sem hljóta annaðhvort að fela í sér almenna lækkun launa eða breytingu gengisskráningar. Margir mundu telja að lítt athuguðu máli, að almenn lækkun launa og niðurfærsla verðlags, sem þeirri lækkun svarar, væri auðveldasta leiðin til þess að leiðrétta slíkt misræmi. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að gera sér það ljóst, að slík aðgerð mundi leggja þunga byrði á allan almenning, auk þess sem hún mundi verða mjög örðug í framkvæmd. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að meiri háttar aðgerðir af þessu tagi hafa aldrei verið framkvæmdar, hvorki hér á landi né annars staðar. Breyt. á gengisskráningu getur á hinn bóginn ekki náð tilætluðum árangri, eins og nú horfir við, nema hindrað sé nýtt kapphlaup milli launþegahópa innbyrðis og milli kaupgjalds og verðlags.

Ríkisstj. hefur talið, að ef nokkur tök væru á, ætti að reyna að komast að því fyrst og fremst, hvort þetta sé hægt, hvort enn þá sé ráðrúm til að leiðrétta misræmið, sem skapazt hefur, án róttækra aðgerða. Niðurstaðan er sú, að svo sé. Ef þenslan er stöðvuð nú, hófi er haldið í framkvæmdum og neyzluaukningu, eru líkur fyrir því, að misræmið í þjóðarbúskapnum geti horfið á tiltölulega skömmum tíma, án þess að koma þurfi til launalækkunar eða gengisbreytingar. Sá mikli árangur, sem náðist í efnahagsmálum landsins á árunum 1960—1962, skapar grundvöll fyrir því, að þetta geti tekizt. Gjaldeyrisstaða landsins er sterk, og það nýtur fjárhagslegs traust erlendis. Sjávarútvegurinn býr enn að þeim umbótum á starfsskilyrðum, sem framkvæmdar voru á árunum 1960—1961. Verðlag á útflutningsafurðum er hækkandi. Miklar framkvæmdir á undanförnum tveimur árum, ekki hvað sízt í sjávarútveginum, munu skila árangri á næstu árum. Af þessum sökum er nú ráðrúm til þess að leiðrétta á nokkrum tíma það misræmi, sem skapazt hefur, án þess að grípa þurfi til þeirra róttæku aðgerða, sem nauðsynlegar hafa reynzt áður, þegar líkt hefur staðið á. Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að það skipti höfuðmáli, að þetta tækifæri sé hagnýtt og þannig lagður grundvöllur að efnahagslegu jafnvægi, vaxandi framleiðslu og batnandi lífskjörum í framtíðinni.

Ríkisstj. telur, að til þess að þetta megi lánast, verði að beita samræmdum aðgerðum í launamálum, fjármálum og peningamálum. Verður að treysta því, að auðið reynist að skapa skilning þjóðarinnar fyrir því, að án slíkra úrræða hlýtur krónan að falla, en því er yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar mótfallinn.

Þær aðgerðir, sem stjórnin hefur í huga og telur nauðsynlegar, miða í aðalefnum að því að stöðva frekari hækkun tilkostnaðar framleiðslunnar um nokkurt skeið í von um það, að bætt tækni og framleiðni og hækkandi verðlag afurðanna geti á þeim tíma lagfært það misræmi, sem nú er talið vera milli tilkostnaðar og afraksturs. Samfara þessu verði svo gerðar ráðstafanir til að bæta kjör þeirra, sem minnst bera úr býtum, eftir öðrum leiðum en beinum kauphækkunum, sem samkv. reynslunni leiða fljótlega til enn meiri kauphækkana þeirra, sem betri afkomu hafa, auk þess sem allsherjar kauphækkanir koma auðvitað fram í verðlaginu, þannig að þeir verst stæðu eru enn verr settir eftir en áður.

Þá er nauðsynlegt að draga úr útlánum bankanna í visum greinum. Þannig má minnka eyðslu og hina allt of miklu fjárfestingu, sem valdið hefur óheilbrigðri samkeppni um vinnuaflið og harðast kemur niður á framleiðsluatvinnuvegunum, sem öll þjóðin beint og óbeint lifir á. Jafnframt verður að beina meira fjármagni til útflutningsatvinnuveganna og auðvelda þeim þannig að yfirstíga þá erfiðleika, sem hækkaður tilkostnaður hefur haft í för með sér. Einnig verður að tryggja framhaldandi heilbrigðan rekstur ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga og stofnana þeirra. Till. um leiðir til lausnar þessum vandamálum hefur ríkisstj. ákveðið að leggja fyrir Alþ. eins fljótt og ástæður leyfa. Hér er um víðtæk vandamál að ræða, sem skoða verður í heild.

Síðustu daga og vikur hefur orðið skyndileg breyting á aðstæðum, sem krefst skjótra aðgerða í launamálum, ef ekki á að kollvarpa fyrir fram öllum hugsanlegum ráðgerðum um að bjarga gengi krónunnar og treysta efnahagsaðstöðu þjóðarinnar á komandi árum. Óðum berast nýjar kröfur og verkfallsboðanir frá stéttum launamanna. Er auðsætt, að fleiri, að ég ekki segi allar, fylgja í kjölfarið. Er nú krafizt frá 40—70% kauphækkana, og er sú kröfugerð stórkostlegri og mótsagnakenndari en nokkur dæmi eru til um hér á landi. Samfara þessu lýsa atvinnurekendur yfir, að þeir þoli engar kauphækkanir, og sjálfur undirstöðuatvinnuvegurinn krefst ráðstafana, sem færi honum hundrað millj. kr. frá því, sem nú er, m. a. með niðurfellingu 7.4% útflutningsgjalda, sem beint og óbeint renna þó öll til hans, stórfelldra vaxtalækkana, sem sparifjáreigendur og aðrir þá verða að bera. Og ekki má gleyma því, að bændur telja sig hafa borið skarð-

an hlut frá borði þrátt fyrir þá miklu hækkun afurðaverðs, sem framkvæmd hefur verið. Allir krefjast þannig mikilla kjarabóta, hver úr annars vasa, enda þótt menn viti, að fái allir óskir sínar og kröfur uppfylltar, þá fær enginn neitt, heldur leiðum við efnahagslega ógæfu og ósjálfstæði og vansæmd yfir þjóðina, og þá er fleiru hætt.

Ríkisstj. telur því óhjákvæmilegt, að aðilar ætli sér nokkurt ráðrúm til þess að átta sig á afleiðingum þessarar kröfugerðar, og þá ekki síst, að sérhverjum þeim, sem kröfur um kaup hækkanir ber fram, gefist kostur á að horfast í augu við það, hvort hann sjálfur hagnast af því að fá kröfum sínum framgengt, þegar skeiðið er á enda runnið og allir hafa fengið tilsvarandi hækkanir, þ. á m. fjölmennar stéttir, svo sem opinberir starfsmenn og bændur, sem eiga lagalegan rétt til leiðréttingar í samræmi við hækkanir hjá öðrum. Athuganir þær, sem kjararannsóknanefnd hefur unnið að varðandi þróun þjóðartekna og launa og afkomu sjávarútvegsins, ættu að geta komið að miklu gagni í þessu sambandi. Að sjálfsögðu verður svo ríkisstj. að vera til viðtals við alla aðila, um leið og hún heldur áfram undirbúningi ráðstafana, sem hún telur að að haldi geti komið við endanlega lausn málsins. En meðan á þessu stendur, er það skylda ríkisstj. að leitast við að forða frá slysum. Fyrir því er það frv. flutt, sem hér er til umr.

Í frv. er lagt til, að óheimilt verði að hækka hvers konar laun og álagningu á því tímabili, sem lögin yrðu í gildi, þ. e. a. s. til 31. des. n. k. Í þessu felst í raun og veru, að tekjur allra stétta þjóðfélagsins verði óbreyttar á þessu tímabili miðað við sömu vinnu og áður. Í 1. gr. frv. eru ákvæði um það, að óheimilt sé að hækka kaup, laun, þóknun, uppmælingar- og ákvæðisvinnutaxta eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf frá því, sem um var samið eða greitt, þegar frv. til þessara laga var lagt fram á Alþingi. Jafnframt því, að með þessu sé girt fyrir það, að launakostnaður hækki, er í 4. gr. frv. lagt til, að hvers konar álagning sé óbreytt á sama tímabili og engar aðrar verðhækkanir megi eiga sér stað nema með samþykki réttra yfirvalda.

Með því að stöðva þannig hvers konar launahækkanir og hækkanir á álagningu og ágóða stefnir frv. að því, að ekki eigi sér stað frekari verðhækkanir vegna tekjuaukningar einstaklinga eða starfshópa. Á hinn bóginn er rétt að taka það skýrt fram, að ekki getur í þessu falizt trygging um algera verðstöðvun, þar sem óhjákvæmilegt er að taka tillit til þess í verðlagi á vörum og þjónustu, ef sannanleg verðhækkun hefur orðið á efnivöru og öðrum kostnaði. Hér er fyrst og fremst um tvennt að ræða, sem hækkun getur valdið. Annars vegar verðbreyting erlendis, en hins vegar hækkun kostnaðar á undanförnum mánuðum, sem er ekki enn fram komin í verðlaginu. Jafnframt er svo fyrir mælt, að engar slíkar verðhækkanir megi eiga sér stað nema sem samþykki réttra yfirvalda.

Þar sem óhjákvæmilegt er, að meðferð þessa frv. á þingi taki nokkurn tíma, hefur ríkisstj. þótt nauðsyn bera til, að sett yrði ákvæði það, sem fram kemur í 2. gr. frv. um, að launahækkanir, sem samið kann að vera um, eftir að frv. þetta var lagt fyrir Alþingi, skuli og vera ógildar. Ekki er með öðru móti unnt að tryggja það, að ákvæði frv. komi jafnt niður á öllum launþegum.

Loks er í 3. gr. ákvæði, sem gera það óheimilt, á meðan l. eru í gildi, að knýja fram hvers konar breytingar á launum með vinnustöðvunum. Hafi slík vinnustöðvun komið til framkvæmda, þegar frv. verður að lögum, lýkur henni við gildistöku þess. Um einstök atriði vísa ég að öðru leyti til aths. við frv.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, sýnir glögglega, hve alvarlegum augum ríkisstj. lítur á áframhald þeirrar þróunar í átt til sífellt meiri kröfugerðar og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags, sem átt hefur sér stað að undanförnu. Á hinn bóginn er jafnframt nauðsynlegt, að þjóðin mikli ekki fyrir sér þau vandamál, sem hún þarf að leysa, og efli þannig vantrú og vonleysi, einmitt þegar hún býr við betri kjör og líður betur en nokkru sinni fyrr. Sé kröfum nú stillt í hóf og kraftar þjóðarinnar sameinaðir til nýrra átaka, til uppbyggingar og aukinnar framleiðslu, er ríkisstj. þeirrar skoðunar, að unnt sé á tiltölulega skömmum tíma að vinna bug á því misræmi, sem um stund hefur myndazt á milli framleiðslugetu þjóðarinnar annars vegar og neyzlu hennar og fjárfestingar hins vegar. Ríkisstj. stefnir að því að ná þessu marki, án þess að nokkur samdráttur þurfi að eiga sér stað í neyzlu, miðað við það, sem nú er, og án þess að breytingar verði á gengi íslenzku krónunnar. Við höfum öll farið of geyst og aukið kröfurnar til lífsins gæða örar en framleiðslugeta þjóðarinnar hefur leyft. Staða þjóðarbúsins er hins vegar enn þá sterk, framleiðslan mikil, og þjóðin á öflugan gjaldeyrisvarasjóð og nýtur trausts umheimsins. Það er því nægjanlegt, ef menn vilja sameinast um að hægja ferðina um stund, fresta kröfugerðum og leyfa þannig áframhaldandi aukningu þjóðarframleiðslunnar að jafna það bil, sem orðið er á milli þess, sem þjóðin aflar, og hins, sem hún eyðir. Kjarni málsins er sá, að ríkisstj. telur, að leggist allir á eitt, sé auðið að bæta hag þeirra, sem verst eru settir, og varðveita jafnframt verðgildi krónunnar. Verði hins vegar orðið við kröfum allra stétta, er krónan þar með fallin og þeir lægst launuðu verða, eins og jafnan hefur reynzt að undanförnu, verr settir eftir en áður. Verðgildi krónunnar og hagsmunir þeirra lægst launuðu eru þannig tengd órofaböndum. Það er til þess að leitast við að vernda heiður, heill og hag þjóðarinnar allrar, réttlætið og sérhagsmuni þeirra, sem minnst bera úr býtum, sem ríkisstj. fer fram á þann frest, sem þetta frv. mælir fyrir um, og væntir þess, að Alþingi samþykki það, í fullri vissu þess, að flestir, ef ekki allir þm. innra með sér játa, að það er satt og rétt, er ég nú hef sagt. Ég ætla að treysta því, þar til annað reynist, að a. m. k. þeir, sem sér-

staklega vilja vernda hagsmuni þeirra, sem verst eru settir, taki með góðhug og skilningi þátt í þeim viðræðum, sem nú munu hefjast um málið utan þings og innan.

Að lokum þykir mér rétt að geta þess að gefnu tilefni, að ástæðan fyrir því, að ég taldi ekki fært að taka tilboði þeirra þriggja verkalýðsleiðtoga, sem ég átti viðræður við, um viku til 10 daga frest til að reyna að semja um þessi mál án lagasetningar, var m. a. sú, að hvorki þeir né ég gátum tryggt allsherjarfrið þennan tíma, né heldur er líklegt, að málinu gæti lokið á svo skömmum tíma.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil láta það verða mín fyrstu orð um þetta mál, að ég tel, að með því að leggja fram þetta frv. hafi stjórnin því miður valið ófriðarleiðina. Ég álít, að frv. eins og þetta um að lögbinda allt kaupgjald launastéttanna og bænda sé bæði óviturlegt og ranglátt og jafngildi því í raun og veru, að ófriði sé lýst á hendur þessara stétta í stað þess, að nú hefði þurft að mínum dómi að halda alveg þveröfugt á málum og leggja mesta og aldrei sterkari áherzlu en nú á samningaleiðina í þessum efnum.

Þessum orðum vil ég láta fylgja þá yfirlýsingu, að Framsfl. mun beita sér eindregið gegn þessu frv., því að hann telur, að nú þyrfti einmitt að snúa sér að því að gera atvinnuvegum landsmanna kleift að standa undir óhjákvæmilegum kauphækkunum til að mæta þeirri óðadýrtíð, sem á er skollin, og leysa málin á þá lund, í stað þess að stíga nú fram og flytja frv. um að velta byrðunum yfir á launafólk og bændur með allsherjar lögbindingu á kaupi þessara stétta.

Ég vil svo rökstyðja þessar skoðanir með nokkrum orðum og kannske þá í leiðinni vikja nokkuð að sumu af því, sem hæstv. forsrh. flutti fram þessu frv. til stuðnings, að því er honum fannst.

Ég vil þá fyrst minna á, að þegar kosið var í vor, var hæstv. ríkisstj. auðvitað fullkomlega ljóst, að hennar stjórnarstefna hafði beðið algert skipbrot. Ástandið í efnahagsmálum landsins var þannig. En hún reyndi að leyna þessu fyrir kjósendum, og ég vil bara biðja menn að íhuga það, sem hæstv. forsrh. sagði hér sjálfur áðan um ástandið, og bera það saman við það, sem hann og hans félagar sögðu þjóðinni í vor, þegar verið var að kjósa. Og ætli það hefði ekki orðið nokkuð öðruvísi blærinn á því öllu saman og upplitið, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefði verið lagt fram eins og hálfum mánuði fyrir síðustu alþingiskosningar? En það er nokkurn veginn gefið mál, að þá strax munu þeir hafa haft þetta úrræði í huga. En hefði ekki verið drengilegra að segja þjóðinni strax í kosningunum satt um það, hvernig ástatt var og til hvers þeir töldu raunverulega þurfa að grípa, heldur en viðhafa þær aðferðir, sem nú eru fram komnar? Ég held, að flestum landsmönnum muni finnast það.

Það lá alveg ljóst fyrir í vor, að í stað jafnvægis og stöðugs verðlags, sem átti að leiða af stjórnarstefnunni, var búið að sprengja efnahagskerfið og algert upplausnarástand ríkjandi í kaupgjalds- og launa- og verðlagsmálum. Enn fremur var það alveg ljóst, að í stað jafnvægis, sem átti að ná í lánamálum, ríkti þar meira misræmi en svo að segja nokkru sinni fyrr og heiftarlegri lánsfjárskömmtun en menn nokkru sinni áður höfðu átt að venjast. Enn fremur lá það alveg ljóst fyrir, að það hafði gersamlega misheppnazt að treysta verðgildi peninganna, og það lá einnig alveg fyrir, að meira að segja afkoman út á við í mesta góðæri, sem þjóðin hafði nokkru sinni lifað, var þannig, að skuldirnar við útlönd voru meiri að frádregnum innstæðum en þær höfðu nokkru sinni áður verið í sögu landsins. Þetta lá allt saman fyrir, en samt sem áður var kaldhamrað, og þessi mál voru látin fá á sig þann blæ, af miklum krafti, sem í það var lagður af hálfu stjórnarflokkanna, að stefnan hefði tekizt og það þyrfti ekki neitt sérstakt nýtt að aðhafast. En inni á sér voru þeir að hugleiða þau úrræði, sem hér koma nú fram.

Ríkisstj. segir, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, byggist á því, að hún þurfi frest, hún þurfi bara dálítinn frest til að íhuga þessi mál og það megi ekkert gerast í launamálum, á meðan hún sé að íhuga málið. En það eru liðnir fjórir og hálfur mánuður, síðan þessi hæstv. ríkisstjórn ákvað að halda áfram að stjórna landinu, það eru liðnir fjórir og hálfur mánuður síðan, og það hefur legið algerlega ljóst fyrir henni allan tímann, hvernig ástandið var raunverulega orðið — alveg á borðinu. Og meira að segja var hæstv. ríkisstjórn allt þetta svo vel ljóst s. l. vor, að hún færði kosningarnar fram um nokkrar vikur, til þess að úrskurður kjaradóms skyldi ekki liggja fyrir, áður en gengið var að kjörborðinu, því að hún þorði ekki að láta þjóðina horfast í augu við, hvað óhlutdrægir dómarar í kjaradómi töldu opinbera starfsmenn þurfa að hafa í tekjur eins og stjórnin var búin að koma efnahagsmálum landsins. Af þessum ástæðum var kosningunum í vor flýtt um nokkrar vikur. Stjórninni var því mjög vel ljóst strax s. l. vor og auðvitað fyrr, hvernig var raunverulega komið þessum málum, þó að hún legði svona mikla áherzlu á að láta annað koma fram eða annað í veðri vaka, og hún hefur haft fjóra og hálfan mánuð, síðan hún ákvað að halda áfram og taka að sér að stjórna landinu þrátt fyrir litinn meiri hluta og illa fenginn. Hún þarf þess vegna áreiðanlega ekki á neinum fresti að halda vegna tímaskorts, ríkisstjórnin. Hún vill að vísu láta núna í bili líta á sig eins og andvaralausu konuna í þjóðsögunni um „Gilitrutt", hún hefði lifað andvaralaust í fjóra og hálfan mánuð með allan þennan vanda fyrir augunum. En sannleikurinn er sá, að þetta er bara gervi, sem hæstv. ríkisstj. bregður yfir sig, því að það kemur fram, því miður, af öllu því, sem sagt er núna um þetta mál, og síðast af því, sem hæstv. forsrh.

sagði, að stjórnin hefur nú þegar ákveðið að fara inn á þá leið að gera þá aðalbreytingu á sinni stefnu og að því er virðist þá breytingu raunar eina að halda niðri kaupgjaldi og afurðaverði til bænda með lagaboði. Og það er ekki annað að heyra beinlínis á því, sem kemur úr herbúðum stjórnarinnar, en að þetta sé kallað lögbinding til bráðabirgða, eingöngu vegna þess, að það muni vera þægilegra á þann hátt að koma löggjöfinni fram, og síðan eigi að halda þessu hiklaust áfram.

Allt það, sem frá stjórninni kemur, bendir eindregið í þessa átt. Þegar hæstv. forsrh. var að lýsa hér áðan, hver stefna stjórnarinnar væri, sagði hann, að það ætti að beita samræmdum aðgerðum í launamálum og peningamálum og stöðva hækkun tilkostnaðar hjá framleiðslunni. En hvað er að stöðva hækkun? Þetta væri frambúðarleiðin. Hann var ekki að lýsa því, sem væri í þessu frv. Hann var að lýsa því, sem ætti að gerast á næstunni í framhaldi af þessu frv. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að stjórnin ætli að beita sér fyrir því, að kaupgjald í landinu skuli standa óbreytt eins og það er. Og þegar Alþýðublaðið er að lýsa því, hvernig viðhorf Alþfl. hafi verið til þessara mála, þá kemur þetta í raun og veru einnig í ljós. Þar er sem sé ekki gert að skilyrði, að eðlilegar kauphækkanir eigi sér stað, eftir að þessu bindingartímabili lýkur, heldur er þar rætt um aðrar ráðstafanir, sem verði að gera, svo sem skatta- og útsvarsívilnanir, lágmarkslaun, tryggingarbætur eða aðrar slíkar aðgerðir, sem tiltækilegar þykja. Ekki nema það eigi, þegar talað er um lágmarkslaun, að felast í því einhver hækkun.

En allt, sem kemur fram, þessi yfirlýsing hæstv. forsrh. og þessar upplýsingar frá Alþfl., bendir til þess, að stjórnarflokkarnir séu ráðnir í því, ef þeir hafa bolmagn til, að taka upp þá stefnu að halda kaupgjaldi og afurðaverði niðri með lögum og hér sé því ekki í dag verið að ræða um bráðabirgðaráðstöfun, heldur sé verið að taka upp þessa stjórnarstefnu. Ég bið menn að taka eftir því, að þetta kom mjög greinilega fram í stefnuyfirlýsingu hæstv. ráðh., þar sem hann talaði um, að meginatriðið væri að stöðva hækkun tilkostnaðarins. Ég vildi, að þetta væri ekki rétt, sem ég verð að álykta um þetta efni, og ef hæstv. ríkisstj. finnst ég hafa sig fyrir rangri sök í þessu eða hér vera um getsakir að ræða, þá bið ég hann að nota þá einföldu aðferð til þess að koma hér í veg fyrir misskilning að lýsa hér yfir, að hún sé ráðin í því að taka upp aftur eftir 31. des. n. k. þá stefnu, sem hún áður hafði, að samningar um kaupgjald og kjör skuli vera frjálsir. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að láta þessa yfirlýsingu koma hér fram nú þegar við þessar umr., ef það, sem ég hef flutt um þetta, telst af henni getsakir. Ef hæstv. ríkisstj. ekki lýsir þessu yfir skýrt og skorinort, þá er enginn vafi á því, hvaða stefnu hún hefur raunverulega tekið upp í þessum málum, þó að þeir telji heppilegt að kalla þetta til að byrja með bráðabirgðaskref.

Við þekkjum nú nokkuð orðið þessi bráðabirgðaúrræði, sem gripið er til. Okkur er í fersku minni bráðabirgðasöluskatturinn, sem innleiddur var hér fyrir nokkrum árum með hátíðlegum yfirlýsingum um, að hann væri aðeins til bráðabirgða og aðeins settur vegna þess, að aðaltekjuöflunin, sem fylgdi viðreisninni, gilti ekki nema hluta úr fyrsta árinu. Hann væri settur til þess að fylla upp í þá eyðu, sem þar kæmi fram í tekjuöfluninni. En hver varð niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú, að þrátt fyrir yfirlýsingarnar var þessi skattur framlengdur ár eftir ár, og að lokum var hann lögleiddur til frambúðar inn í sjálfa tollskrána.

Við þekkjum þessar aðferðir, og við heyrum þær yfirlýsingar, sem hér hafa verið fluttar af hæstv. ráðh., og öll þjóðin mun vafalaust taka mjög gaumgæfilega eftir því, hver verða svör hæstv. ríkisstj. varðandi þessa ósk mína um, að hún gefi um það alveg skýlausa yfirlýsingu, að hér sé aðeins um bráðabirgðalöggjöf að ræða, sem verði, hvað sem öllu líður, afnumin eða látin falla úr gildi 31. des. og þá komi aftur í gildi óskorað samningsfrelsi um kaup og kjör í landinu, eins og gilt hefur og stjórnin lýsti yfir, að væri einn meginþáttur í hennar stefnu, þegar hún fór af stað, og hefur raunar verið síðasta kjörtímabil. En ef þessi yfirlýsing kemur ekki fram, þá sjáum við, hvað hér er að gerast.

Ef stjórnin er með þessu frv. raunverulega að reyna að skapa sér starfsfrið og einhverja möguleika til þess að reyna að ráða fram úr málunum, en ekki að taka upp hreina lögbindingar- og lögþvingunarstefnu, þá er henni enn meiri nauðsyn sjálfrar sín vegna að gefa svona lagaða yfirlýsingu. Það væri bókstaflega það eina, sem gæti orðið til þess, að stjórnin hefði starfsfrið eða hefði nokkra möguleika til þess að skapa nokkurn jarðveg fyrir ráðstafanir af einu eða öðru tagi, sem hún hefði í huga að gera, — einmitt svona skýlaus yfirlýsing um, að menn skuli ekki misskilja þetta, þetta sé aðeins til bráðabirgða og verði ekki undir neinum kringumstæðum haldið lögbanni eða lögbundnu kaupi og afurðaverði eða lögboðið kaup og afurðaverð eftir 31. des. n. k.

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. er þetta algerlega ljóst. Henni hlýtur að vera fullkomlega ljóst, að ef frá þessu atriði er ekki ósleitilega gengið, þannig að enginn misskilningur geti komizt þar að, þá er ekki til nokkur sá maður í landinu, hvorki stuðningsmaður ríkisstj. né andstæðingur hennar, sem efast um, að hér er raunverulega verið að taka upp þá stefnu að halda niðri kaupgjaldi og afurðaverði með lagaboði. Og þá er alveg óhætt að hætta að ræða þetta sem bráðabirgðamál eða sem bráðabirgðaúrræði eða mál, sem sé sett fram til þess að fá starfsfrið, þá er það sannmæli, sem ég sagði hér áðan, að með þessu er farið inn á ófriðarleiðina. Og það er alveg víst, að það er sannmæli, að þannig mun þetta reynast, ef ekki er öðruvísi frá þessu gengið en enn liggur fyrir og liggur í málflutningi hæstv. forsrh., því að allur málflutningur hæstv. forsrh. bar einmitt með sér alveg það gagnstæða, að hér væri ekki um bráðabirgðaúrræði að ræða.

Nú segist hæstv. ríkisstj. þurfa að grípa til þessara ráðstafana — eins og hæstv. forsrh.

orðaði það áðan — vegna skyndilegra breytinga, sem orðið hefðu í launamálum landsins. Ég verð að segja, að ég varð meira en lítið hissa á því að heyra þennan málflutning hæstv. forsrh. Ég veit ekki betur en það hafi legið ljóst fyrir hverju mannsbarni, a. m. k. frá því í júní í vor, allir megindrættir í þessum málum eins og þeir eru í dag. Þá voru verzlunarmenn búnir að leggja fram sínar kröfur um launabreytingar, og þeim hefur verið haldið fram í marga mánuði til samræmingar við kjaradóm, sem fjallaði um laun opinberra starfsmanna, og verkamenn voru búnir að setja fram kröfur um kaupgjaldsbreytingar, og þá náðist aðeins samkomulag til bráðabirgða um nokkra hækkun á launum, en allir samningar hafðir þannig, að þeir væru opnir 15. okt. í haust. Þetta var gert strax í júnímánuði, bæði samningar verkamanna og ýmissa annarra hliðstæðra og einnig samningar verzlunarmanna, og að allt væri opið 15. okt., og ríkisstj. sjálf átti þátt í því, að svona var haldið á þessum málum, að bráðabirgðaúrlausnir voru gerðar með það fyrir augum, að endanlegir framhaldssamningar færu raunverulega fram í haust, einmitt núna. Ríkisstj. sjálf átti þátt í því, að málunum var frestað á þessa lund.

Svo kemur hæstv. forsrh. nú og segir hér, að það hafi skyndilega orðið breytingar í þessum efnum, sem geri það að verkum, að ríkisstj. þurfi nú að stíga fram og breyta gersamlega um stefnu og flytja frv. um að taka allan samningsrétt af þessu fólki, sem hefur verið að búa sig undir samningana í allt sumar og ríkisstj. og aðrir aðilar ráðgerðu að semja við í haust.

Það, sem hefur þess vegna raunverulega gerzt, er þetta, að það var samið í vor um að fresta þessum málum til hausts, bæði með vitund og fullum vilja ríkisstj. En stjórnin, sem raunverulega er aðili að því, að þessum málum var frestað í vor, ætlar að notfæra sér frestinn til að taka samningsréttinn af þessu fólki með lögum, enda þótt ríkisstj. ætti beinan þátt í því í vor að fresta þessum málum til haustsins, til þess að þá yrði samið. Hvað er að fara aftan að mönnum, ef ekki þetta? Hvað er að svíkja, ef ekki þetta? Hvað er að hafa rýtinginn í erminni, ef ekki þetta?

Hvað hlýtur það fólk að hugsa, sem leikið er á þennan hátt, eins og hæstv. ríkisstj. ætlar sér nú að gera? Og það er komið fram nú þegar, að samtök verkamanna hafa beðið fram yfir þann tíma, sem talað var um í vor, þau fóru ekki af stað 15. okt., það eru komin mánaðamótin október—nóvember, og það er upplýst, að samtök verkamanna buðu enn talsvert langan frest, til þess að hægt væri að vinna að því að ná samningum eða samkomulagi um þessi mál. En þessu er ekki anzað, því var ekki anzað. Hvers vegna er því ekki anzað? Auðvitað vegna þess, að ríkisstj. hefur ákveðið að taka upp þá stefnu að breyta þeim eina þætti í sinni stefnu, sem áður var, að halda nú niðri kaupgjaldi og afurðaverði með lögum.

Ríkisstj. á aðeins einn leik í þessu enn þá, sem hún gæti notað, til að reyna að bæta eitthvað ástandið, og hann væri sá að gefa þá yfirlýsingu, sem ég fór áðan fram á að yrði gefin, hreina og afdráttarlausa, skýra og skorinorða, að ekki komi til nokkurra mála, að hún standi að því að lögbinda kaup eða afurðaverð eftir 31. des. n. k. Hér sé klippt og skorið, hreint og beint aðeins um bráðabirgðaúrræði að ræða og hvað sem fyrir komi, þá taki hún aftur upp þá stefnu, sem hún hefur haft fram að þessu, eftir 31. des., að samningsrétturinn skuli gilda.

Auðvitað dettur mér ekki í hug, að allt það tjón, sem þetta frv. hefur þegar valdið, muni verða bætt með þessu, en þetta mundi þó a. m. k. skýra málið, og ég er alveg sannfærður um hitt, og það veit ég, að allir skilja, að ef hæstv. ríkisstj. ekki gefur þessa yfirlýsingu, þá er ástæðan ekki nema ein og sú, sem allir skilja, að þetta er ekki bráðabirgðamál, heldur upphaf að nýrri stefnu, upphaf að nýrri styrjöld, upphaf að nýju stríði í framhaldi af þeirri 4 ára lotu, sem segja má að hafi endað á þessu ári.

Þá kemur spurningin: Hvernig er svo ástatt núna, þegar stjórnin leggur til, að kaupgjald sé lögbundið, bannaðar séu hækkanir á kaupgjaldi? Þá er þannig ástatt, að fyrir 8 stunda vinnu alla virka daga ársins getur verkamaður fengið 67 þús. kr. tekjur á ári, með því að enginn dagur falli úr. En samkv. framfærsluvísitölunni þarf meðalfjölskylda 95500 kr. til brýnustu nauðsynja, og þá er aðeins gert ráð fyrir 922 kr. húsaleigukostnaði á mánuði eða tæplega 11 þús. kr. á ári. Þótt ekki sé nú reiknað nema með 2500 kr. húsaleigu á mánuði, sem stendur þó raunverulega aðeins undir hálfri íbúð, eins og þær kosta núna, og er þess vegna fjarstæða, — þó að ég reikni með því, og þá bara til þess að verða ekki sakaður um öfgar, þótt ekki sé reiknað nema með 2500 kr. húsaleigu á mánuði, þá þarf 114 500 kr. til að standa undir framfærslukostnaði vísistölufjölskyldunnar eftir opinberum útreikningi. En verkamaðurinn hefur fyrir 8 stunda vinnu allan ársins hring hvern dag segi og skrifa 67 þús. kr. Þetta ástand telur hæstv. forsrh. og stjórnarflokkarnir ástæðu til þess að lögfesta, þetta sé frambærilegt að lögfesta, þetta ástand í kaupgjaldsmálum. En hverjum dettur í hug, að slíkt geti staðizt til lengdar, og hverjum dettur í hug, að það sé raunverulega orðið þannig, að það sé ómögulegt að finna leiðir til þess, að íslenzkir framleiðsluatvinnuvegir geti borgað meira kaup en þetta? Er þó að heyra, að hæstv. ríkisstj. telji, að það sé alveg óhugsandi að finna nokkrar leiðir til þess, að íslenzkir framleiðsluatvinnuvegir geti borgað hærra kaup en þetta. En ég segi: Hvernig lízt mönnum á þá stjórnarstefnu og á þá stjórnarforustu, sem lýsir slíku yfir við þau ytri skilyrði, sem þjóðin býr nú við í landinu? Hvernig lízt mönnum á slíkt? Halda menn raunverulega, að þetta geti staðizt? Hvers vegna er þá verið að þessu? Og mér skildist á hæstv. forsrh., á niðurlagsorðum hans, að það væri einmitt alveg sérstaklega það fólk, sem við þetta býr, sem ætti að þakka stjórninni fyrir þetta frv. Hann fór fram á það.

Auðvitað verður að játa, að okkar efnahagskerfi er orðið að skrípamynd í meðförum þessarar hæstv. ríkisstj. Það er grátlegt að þurfa að segja það, því að þetta var eins og skrípa-

mynd, sem ég var að draga upp, — en því miður er það ekki karikatur, það er skrípamynd, það er mynd af raunveruleikanum, eins og hann er núna. Og vitaskuld verður slíkt misræmi ekki leiðrétt í einu stökki, það er óhugsandi með öllu. En jafnvíst er hitt, að þetta getur alls ekki staðizt og það er með öllu óverjandi að hugsa til þess að lögfesta slíkt ástand, að við þessar kringumstæður sé hægt að færa skynsamleg rök fyrir því að taka samningsréttinn af, rétt, sem ætti að nota til þess að lagfæra þetta, að ég nú ekki tali um, þegar til viðbótar þessu er þannig ástatt, að fjöldamargt af því fólki í landinu, sem hefur margfaldar tekjur á við verkafólk, hefur fengið einmitt á síðustu mánuðum stórkostlegar launahækkanir, sem í sumum dæmum, hækkanirnar einar út af fyrir sig, nema sennilega meira en árslaunum, sem verkamaður getur fengið fyrir 8 stunda vinnu alla daga ársins. Ég er satt að segja alveg hissa á því, að slíkt frv. skuli geta komizt í gegnum stjórnarflokkana t. d., jafnvel þótt hæstv. ráðh. hefði dottið eitthvað slíkt í hug.

Ég tók þarna dæmi af verkamannakaupi, en sumir, sem þarna eiga hlut að máli, hafa nokkru hærra kaup og á dæmið ekki nákvæmlega við þá. Ég vil ræða sérstaklega um afstöðu verzlunarfólksins í þessu sambandi, sem er stór hópur, sem á hér verulegan hlut að máli. Hvernig hefur verið haldið á málefnum verzlunarfólksins? Háttsettir menn úr stjórnarliðinu hafa verið settir í fararbrodd verzlunarfólksins, og það hefur bókstaflega ekki linnt yfirlýsingum frá þessum mönnum, að það yrði séð um það, það væri óhætt að treysta því, að kjör verzlunarfólksins fengjust leiðrétt í samræmi við t. d. kjör opinberra starfsmanna. Það hefur ekki linnt yfirlýsingum af hendi þeirra, sem úr stjórnarherbúðunum hafa verið settir í fremstu raðir þessa fólks, og stundum hefur verið blandað saman ferðum fyrir þessi samtök og pólitískum ferðum til þess að flytja þennan boðskap, m. a. fyrir síðustu kosningar, — beinlínis blandað saman ferðum, til þess að þetta skyldi vera algerlega ljóst, það væri þetta, sem að væri stefnt, það væri óhætt að treysta þessu. Og meira að segja var þessi stefna margyfirlýst og ítrekuð á s. l. vori í sambandi við sjálfa byrjunarsamningana, sem þá fóru fram. En hvað er meiningin að gera núna? Hvernig er meiningin að standa við þessar yfirlýsingar og þessi fyrirheit? Það er ætlunin, að þrátt fyrir kjaradóminn og þrátt fyrir kjarabætur opinberra starfsmanna og þrátt fyrir allar þessar yfirlýsingar og öll þessi loforð verði kaupgjald verzlunarfólksins lögboðið óbreytt eins og það hefur verið og fyrirtækjum í landinu bannað að hækka kaupgjald þessa fólks.

Þetta er nú það, sem snýr að þessari fjölmennu stétt í landinu, og svona hefur verið að henni búið upp á síðkastið. Allir, sem hér eru inni, vita, að þetta er satt. Þetta er alveg laukrétt lýsing á því, sem gerzt hefur varðandi verzlunarfólkið. En hvernig er hægt að fara svona að? Og hvaða kost ætla stjórnarflokkarnir verzlunarfólkinu eftir 1. jan.? Hvar er „paragrafinn“ um verzlunarfólkið í skilyrðum Alþfl. t. d.? Hvar kemur það undir það, sem ég var að minnast á áðan og hefur verið birt um skilyrði Alþfl. fyrir lausn þessa máls? Ég geri varla ráð fyrir því, að þeir hugsi sér, að þeir geti leyst málefni þessa fólks með því að setja inn í næsta launabindingarfrumvarp eitthvert ákvæði um lágmarkslaun. Ég geri tæpast ráð fyrir því.

Og þá kemur spurningin: Hvaða lausn ætla þeir á málefnum þessa fólks? Það er alveg sama, hvort dæmin eru tekin um verkamanninn eða verzlunarfólkið, það er alveg sama, hvar gripið er niður í þetta, það ætti að vera hverjum manni augljóst, að það er gersamlega óverjandi að ætla sér að lögleiða kaupgjaldsbindingu, eins og þessi málefni standa, — alveg gersamlega óverjandi.

Hæstv. forsrh. talaði áðan af talsverðum fjálgleik um víxlhækkun kaupgjalds og verðlags og lýsti því nokkuð. Ja, mér datt nú í hug: Hver skyldi þekkja betur vélina en sjálfur mótoristinn? — þegar ég var að hlusta á hæstv. ráðh. Hvaða víxlhækkun kaupgjalds og verðlags er þetta, sem hæstv. forsrh. er að tala um, og hvaða orsakir á hún? Ekki er það víxlhækkun vegna vísitölunnar, sem þar er að verki, því að þessi ríkisstj. er sú eina, sem mun hafa búið við þau skilyrði að þurfa ekki að berjast við víxlhækkun af völdum vísitölunnar, því að allt það tímabil, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur setið, ef ég man rétt, hefur vísitalan verið slitin úr sambandi við launin. En áður var það yfirleitt þannig, að laun hækkuðu í samræmi við framfærsluvísitöluna. Og meira að segja hefur þessi hæstv. ríkisstj. búið við það, að launasamtökin í landinu hafa látið sér þetta lynda. Þau hafa gengið það langt til móts við kenningar stjórnarvaldanna bæði fyrr og síðar um háska víxlverkunar af völdum vísitölunnar, að þau hafa látið sér það lynda, að það væri ekki í gildi ákvæði um, að kaupgjald skuli hækka í samræmi við framfærsluvísitölu.

Hæstv. forsrh. minntist auðvitað ekkert á þetta. Hann var samt sem áður að tala um þessa víxlhækkun kaupgjalds og verðlags. Og ég spyr: Við hverju geta þeir búizt, miðað við þá stjórnarstefnu, sem þeir hafa framfylgt? Þeir byrjuðu með því 1960 að lögleiða nýja gengislækkun, nýjar stórkostlegar álögur, tolla, söluskatt, innleiða okurvexti í stað tiltölulega sanngjarnra vaxta, sem áður voru. Og það var sýnt fram á það með rökum, sem óhugsandi var að hnekkja, að dýrtíðaráhrifin í fyrstu umferð af öllum þessum ráðstöfunum gátu aldrei orðið undir 1100 til 1200 millj. í þjóðarbúskap, þar sem allar þjóðartekjurnar voru þá metnar 5—6 milljarðar eða 5000—6000 milljónir. Það var þegar í stað alveg augljóst, að af þessu hlaut að leiða slíka dýrtíðarholskeflu, að hún hlaut að gera efnahagsmálefni landsins gersamlega óviðráðanleg, eins og reynslan hefur sýnt.

Samt sem áður tóku menn á sig miklar hækkanir á framfærslukostnaði, án þess að kaupið væri hækkað á móti, alveg óvenjulega miklar, og sýnd var alveg sérstök þolinmæði í því sambandi. Og þegar svo farið var af stað til þess að reyna að bæta ofur lítið kjör launastéttanna eftir dýrtíðarflóðið, þá voru gerðir slíkir samn-

ingar 1961, að þeir voru alveg sérstaklega vel til þess fallnir að reyna að koma á jafnvægi einmitt í þessum málum. Kauphækkuninni, sem þá var innleidd, var þannig í hóf stillt, að það lá alveg fyrir, að með skynsamlegum ráðstöfunum vegna framleiðslunnar þurfti ekki að valda neinum vandkvæðum. Meira að segja sögðu stjórnarblöðin sjálf frá því, að íslenzki iðnaðurinn hefði getað borið þessa kauphækkun og enga verðhækkun fengið vegna hennar, öll verðhækkun, sem orðið hefði hjá iðnaðinum, hefði orðið vegna gengislækkunarinnar, sem stjórnin lét svo dynja í kjölfar þessarar kauphækkunar. Í síldariðnaðinum var þetta þannig, að þessi kauphækkun gat komizt inn í verðlagið, og samt sem áður var hægt að hækka verðið á síld til sjómanna bæði frá söltunarstöðvum og verksmiðjum, þrátt fyrir kauphækkunina. Og það var hækkandi verð á útflutningsafurðum, og sá hluti kauphækkunarinnar, sem deilt var um á þessu tímabili við stjórnina og hennar menn, svaraði til á að gizka 2% breytingar á útflutningsverði á útflutningsafurðum.

En hvað gerði ríkisstj., sem fékk slíka samninga, sem hún hefði getað notað til þess að reyna að koma á jafnvægi í efnahagsmálum? Hún skellti á nýrri 13% gengislækkun ofan á það, sem fyrir var, vegna þess að stefna hæstv. ríkisstj. hefur alla tíð byggzt á því, að reyna að halda kaupgjaldinu föstu, en ná jafnvægi, eins og hún kallar það, í þjóðarbúskapnum með því að láta verðlagið hækka. Og nú átti að láta verðlagið hækka enn í landinu með nýrri gengislækkun, af því að nú sögðu þeir, að komið væri hærra kaupgjald en framleiðslan raunverulega gæti borið, þó að það væri hægt að sanna það í öllum greinum, að einmitt þessi kauphækkun var þannig, að það var mjög auðvelt að rísa undir henni án þess að gera nokkrar sérstakar mótráðstafanir. Ég tala nú ekki um, ef það hefði verið linað nokkuð á vaxtaokrinu til þess að gera útflutningsframleiðslunni enn léttara að bera þessa kauphækkun, enda finnst ekki sá maður í landinu lengur utan stjórnarinnar, sem heldur uppi vörnum fyrir þetta frumhlaup 1961, gengislækkunina, sem þá var gerð.

Þannig hefur stjórnarstefnan beinlínis verið miðuð við það að leita sífellt jafnvægis á þessa lund, með því að láta verða nýjar hækkanir, í því trausti, að hægt væri að halda kaupi almennings niðri. En ríkisstj. getur engu um kennt öðru en sinni eigin stefnu og þeim ráðstöfunum, sem hún hefur sjálf gert, um þá erfiðleika, sem nú er við að stríða. Að hér hafi verið um pólitíska starfsemi að ræða til að hnekkja ríkisstj. í sambandi við kaupgjaldsmálin er fjarstæða, sem þeir eru nú raunar hættir að bera sér í munn, þegar þess er gætt, að þau félög launafólks, sem stjórnað er af stuðningsliði ríkisstj., hafa gengið í fararbroddi til þess að reyna að forða sér að einhverju sáralitlu leyti undan þeim dýrtíðarholskeflum, sem hæstv. ríkisstj. hefur rótað upp. Fram hjá þessu verður ekki komizt, þetta eru einfaldar staðreyndir.

Allar þessar aðfarir hæstv. ríkisstj. hafa leitt til öngþveitis og óðaverðbólgu og upplausnar í kjaramálum og fjárfestingarmálum, það vitum við. En hæstv. ríkisstj. virðist enn þá telja, þrátt fyrir allt þetta, að það eitt hafi á skort, að almenningur tæki á sig nógu eindregið þá kjaraskerðingu, sem honum var ætlað að bera, að það sé það eina, sem á hafi skort í framkvæmd stjórnarstefnunnar, enda er þetta nú það eina, sem á að breyta, því að nú á að taka samningsfrelsið af samtökum almennings og lögbjóða kaupgjaldið í staðinn. Og yfirlýsingar hæstv. forsrh. aðrar um önnur atriði þess, sem á að koma, staðfesta svo, að það á að halda áfram með öll þau úrræði, sem verst hafa gefizt undanfarið. Það á að halda áfram með öll þau úrræði, sem verst hafa gefizt. Stjórnin er enn því miður við sama heygarðshornið, en bætir því einu við að þvinga fram með lögum þá kjaraskerðingu, — reynir það, — sem þeim tókst ekki að koma á til fulls eftir hinni frjálsu leið.

Hæstv. ríkisstj. hefur stundum verið að tala um, að fyrir henni vekti að koma á frelsi í stað hafta og þvingana, sem áður hefðu verið. En hvert verður frelsið, eftir að búið er að taka upp þessa nýjustu breytingu á stefnu ríkisstj.? Þjóðin býr nú þegar við stórkostlegri skömmtun á lánsfé en nokkru sinni fyrr, og það er kallað frelsi. Ofan á það á svo að hæta því að lögbinda kaupgjald og afurðaverð. Hverjir verða þá frjálsir, þegar búið er að framkvæma þetta? Hverjir verða frjálsir? Hvar er frelsið? Fyrir hverja er frelsið? Frelsið er þá ekki orðið fyrir aðra en þá, sem hafa nóga peninga, sem hafa fullar hendur fjár. Það er frelsi fyrir þá eina, sem hæstv. ríkisstj. stefnir að, eins og nú er verið að skipa málum, og þessa stefnu á svo að kenna við frelsi. Það eru þvingunarráðstafanir ofan á þvingunarráðstafanir. Fyrst eru okurvextir innleiddir til þess að fæla menn frá því að nota lánsfé, síðan eru þvingunarráðstafanir í lánamálum. Viðskiptabankarnir eru þvingaðir með því að draga hluta af sparifjárinneigninni inn í Seðlabankann. Það er dregið úr afurðalánunum, nýjar þvingunarráðstafanir, og þegar þessar þvingunarráðstafanir ekki duga, þá á að bæta inn í stefnu frelsisins lögbindingu á kaupgjaldi og afurðaverði. Og ég spyr aftur: Hverjir eru þá frjálsir? Hverjir eru það? Það er ekki vandasamt að sjá, hverjir eru þeir einu, sem þá eru frjálsir. Meira að segja er stofnunum og fyrirtækjum í landinu kirfilega bannað að bæta kjör sinna starfsmanna, hversu nauðsynlegt sem þeim kann að finnast það vera.

Ég álít, að við séum nú staddir á vegamótum, algerum vegamótum í öllum þessum efnum. Annars vegar er þessi stefna þeirra, sem framfylgt hefur verið með „endurbótum“ þeirra, þeirri einni að bæta við lögþvingun á kaupi, að bæta því einu við að halda niðri með lagaboði kaupi launastétta og bænda, kannske bæta svo við nýjum álögum, nýjum neyzlusköttum eða jafnvel vaxtahækkun, eins og mátti nú jafnvel lesa á milli línanna hjá hæstv. forsrh., og auka enn þá lánsfjárhöftin.

Þetta þýðir, að það er enn óbreytt stefnan, og á að herða á með nýjum þvingunarráðstöf-

unum til að leysa ofþensluna, sem nú er í þjóðfélaginu, með því að halda niðri neyzlu og framkvæmdum almennings að ógleymdri starfsemi almannafélaga, eins og t. d. samvinnufélaganna, en þeir fjársterkustu einir allra í landinu hafi frjálsar hendur. Þetta er sú stefna, sem á að innleiða með enn þá meiri hörku en áður hefur komið til greina með þessum nýju lögbindingarráðstöfunum.

Þessi stefna hlýtur að verða til þess að minnka þjóðartekjurnar, alveg tvímælalaust, frá því, sem þær ella gætu orðið, enda sýnir reynslan það. Við sjáum, hvílík óblessun hefur fylgt þessum ráðstöfunum, þegar við athugum annars vegar kaup verkamanna, sem ég var að lýsa áðan, og hins vegar afkomu framleiðslugreinanna og yfirlýsingar hæstv. forsrh. um, að þetta kaup sé það, sem íslenzkar framleiðslugreinar geti hæst borið eftir fjögurra og hálfs árs aðfarir ríkisstj. og eftir að hafa framkvæmt þessa stefnu.

Er hægt að hugsa sér ömurlegri gjaldþrotayfirlýsingu um nokkra stjórnarstefnu en hæstv. forsrh. hefur gefið hér í dag með því að stiga hér fram og segja: Allt það, sem íslenzkir framleiðsluatvinnuvegir þola, miðað við þá stefnu, sem við höfum fylgt í fjögur og hálft ár, er að borga 67 þús. kr. fyrir að vinna 8 stundir hvern einasta virkan dag á árinu? Er til ömurlegri gjaldþrotayfirlýsing um nokkra stjórnarstefnu en þessi yfirlýsing hæstv. forsrh.? Kaupið má ekki hækka, framleiðslan ber ekki hærra kaup, en kaupið er þetta. Og það verður að koma í veg fyrir það með lögum, segir hæstv. forsrh., að þetta breytist. Og þetta liggur að verulegu leyti í því, að þessi stefna að reyna að þvinga fram jafnvægi með þessum ráðstöfunum í peningamálum, sem þeir kalla, og draga úr ofþenslu eftir þeirri leið leiðir í vaxandi mæli til þess, að það verður að víkja, sem sízt skyldi, úr framkvæmdum í íslenzkum þjóðarbúskap og þær framkvæmdir sitja fyrir, sem gefa minni þjóðartekjur, þ. e. a. s. framkvæmdir þeirra, sem peningana hafa í höndunum, sem þeir endilega vilja koma í framkvæmd. En hvaða sönnun er svo fyrir því, eða líkur, að það séu einmitt nákvæmlega þær framkvæmdir, sem eiga mestan rétt á sér frá almennu sjónarmiði eða muni auka mest þjóðartekjurnar? Og ef á að herða þessa stefnu enn og þessar þvingunarráðstafanir, þá verður það bara til þess, að þessu fylgja enn meiri vandkvæði og vandkvæði þessarar stefnu koma enn betur í ljós en áður.

En þá kemur spurningin: Hvernig á að fara að? Hvernig er hin meginstefnan, sem ætti að aðhyllast í staðinn fyrir þessa, sem framkvæmd hefur verið með þeim árangri — eða hitt þó heldur, sem nú liggur fyrir og játað er af hæstv. forsrh.?

Í fyrsta lagi á að viðurkenna það hreinskilnislega og opinskátt, að hlut launafólks almennt í landinu og bænda verður að rétta frá því, sem hann er nú. Það er þýðingarlaust að berja höfðinu við steininn í þessu efni. Sá skakki, sem orðinn er í þessu tilliti, verður vitaskuld ekki leiðréttur í einu stökki, það er líka nauðsynlegt að leggja áherzlu á það, en að hlut þessa fólks verður að rétta, það er alveg óhugsandi annað. Og það ríður meira á því en nokkru sinni áður, að það sé samningaleiðin, sem farin er í því efni, hún sé ekki yfirgefin, það sé ekki farið inn á þvingunar- eða lögbindingarleiðina.

Þá er það annar mikilsverður liður í þessari stefnu að snúa sér tafarlaust að því að gera framleiðslunni á Íslandi fært að greiða það kaup, sem lífsnauðsynlegt er að borga, miðað við núverandi kringumstæður, þó ekki miðað við, að hægt sé í einu stökki að leiðrétta allan þann skakka, sem inn í þetta er kominn. Og í því sambandi koma mörg úrræði til greina, mismunandi fljótvirk, en fyrst og fremst verður að snúa sér að þessu. Þetta er aðalmálið og höfuðviðfangsefnið, og í því sambandi er alveg óhjákvæmilegt að lækka vextina. Hvernig sem menn fara að, þá verður aldrei hægt að koma þessum málum í viðunandi horf með því að halda uppi þeim okurvöxtum fyrir framleiðsluna, sem nú eru, vegna þess að íslenzk framleiðsla getur ekki keppt við framleiðslu annarra þjóða með því að borga miklu, miklu hærri vexti en framleiðendur annarra þjóða þurfa að gera. Og það er ekki heldur hægt fyrir framleiðsluna að borga eins hátt kaup og þarf, til þess að fólkið í landinu geti búið við svona háa vexti.

Þegar það er athugað t. d., að lítil íbúð kostar orðið 550 þús. kr. til 600 þús. kr. og að vextirnir einir eru á milli 50 og 60 þús. kr., eða nærri því sem svarar árslaunum verkamanns, sem vinnur 8 stundir hvern virkan dag, þá sjáum við, hve háir vextir eru stórkostlegur liður í því, sem fólkið þarf að hafa til að geta lifað. Íslenzkir framleiðsluatvinnuvegir geta ekki staðið undir því kaupi, sem þarf að borga fólki, sem býr við þessa okurvexti. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. viðskmrh. eða aðra hagfræðinga að koma hér og fara að lesa einhverjar tölur um, hversu miklir vextir séu borgaðir inn og út í bankakerfinu. Það kemur þessu máli bókstaflega ekkert við, vegna þess að það, sem hér skiptir máli, er hitt, hvaða vexti sá maður þarf að borga, sem þarf að koma sér upp heimili, miðað við núverandi kringumstæður, og það er kaupgjaldið til þessa manns, sem verður að móta kaupgjaldið í landinu. Og í skjóli þeirra háu vaxta, sem þessi maður þarf að geta borgað af sínu kaupi, fá svo allir eignamenn í landinu stórhækkaðar tekjur af sínu fjármagni. Það er hreinn barnaskapur að vera að mæta hér með þessar tölur, svo sem gert hefur verið hér á undanförnum árum í þessu sambandi, og ekki sæmandi. Og það sýnir bara, að ef menn raunverulega trúa á slíkar bábiljur eins og þetta talnaverk, sem hér hefur verið sett upp að þessu leyti um vextina og áhrif þeirra í þjóðarbúskapnum, þá sýnir það bara, að þeir menn, sem hafa ekki betri skilning á samhenginu í íslenzku efnahagslífi en kemur fram í þessu, þeir eiga ekki að koma nærri þessum málum, — hreinlega ekki nærri þessum málum.

Hvaða þýðingu haldið þið, að það hafi, þegar verið er að reikna áhrif vaxtastefnunnar á launagreiðslur í landinu og á afkomu framleiðslunnar, að koma hér fram með það, hve háir

vextir samtals séu borgaðir af öllum innstæðum í bönkunum og hve mikið lántakendur úr bönkunum þurfi að borga inn samtals í vexti, og segja svo: Þetta er svo lítill liður í öllu þjóðarbúinu, að það er alveg sama, hvað vextirnir eru settir. Manni skilst, að það ætti helzt að vera sama, þótt þeir væru t. d. 20%, það mundi ekki hafa neinar alvarlegar afleiðingar fyrir neinn, það væri svo lítil fjárhæð samtals. En hafa þessir menn aldrei hugsað þetta mál til enda? Gera þeir sér það ekki ljóst, að þessi nýi vaxtafótur, sem þeir eru að innleiða til frambúðar og þeir sögðu fyrst að ætti að vera aðeins til bráðabirgða, hann er að móta þetta allt og gera þetta allt svona erfitt viðfangs? Hvers vegna þarf fólk nú að hafa svona hátt kaup? Halda þeir, að þeir geti miðað kaupgjaldið endalaust við þá, sem búnir voru að koma sér upp íbúð, t. d., áður en þeir komu til valda? Nei, það er ekki hægt. Það verður að gera svo vel að fara að miða við það ástand, sem þeir eru búnir að skapa og viðhalda hér í nokkur ár, og þá standa menn frammi fyrir þessum þokkalegu afleiðingum af því. Halda þeir líka t. d., að það sé endalaust hægt að miða í landbúnaðinum við þá bændur, sem voru orðnir grónir og búnir að ganga alveg frá sínum málum fyrir viðreisn? Dettur þeim í hug, að nýja viðreisnarverðið og nýju viðreisnarvextirnir hljóti ekki að koma inn í þessi mál sem vandamál, annaðhvort inn í landbúnaðarverðið eða þá að þeir kyrkja landbúnaðinn, ef þeir komast ekki inn í verðið? Nei, það verður að gera sér ljóst, að til þess að komast út úr þessum erfiðleikum er ekki leiðin sú að reyra þetta fastar í þessar viðjar, láta þetta spólast allt saman niður á við þrátt fyrir góðærið. Það verður að finna leiðir til þess að gera íslenzkri framleiðslu mögulegt að greiða mannsæmandi kaup til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem búið er að skapa. Það verður ekki gert með því að hjakka alltaf ofan í sama sárið, eins og hæstv. ríkisstj. virðist halda. Hún virðist halda, að ástæðan til þess, að hér hefur ekki komizt á jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sé sú, að hún hafi ekki beitt nógu harkalega þessum ráðum sínum, í staðinn fyrir að gera sér grein fyrir því, að hér verður að snúa við blaðinu, leggjast þarf á eitt að finna með öllu hugsanlegu móti leiðir til þess að gera framleiðslunni kleift að borga það kaup, sem verður að vera.

Í þessu sambandi koma vextirnir með þeim rökum, sem ég hef verið að flytja. Og þá koma útflutningsgjöldin. Hvernig geta menn búizt við því, að íslenzkir útflutningsatvinnuvegir geti til lengdar búið við rúmlega 7% útflutningsgjald, að 7% af útflutningsverði vörunnar sé greitt í útflutningsgjald, þar sem atvinnuvegir, sem þeir keppa við, borga engin útflutningsgjöld og hafa jafnvel þjóðfélagslegan stuðning? Þetta geta þeir ekki búið við, eins og búið er að klemma að hér innanlands með þessari nýtízkustefnu, sem uppi hefur verið höfð, og eins og þörfin er orðin mikil fyrir hærra kaup. Þetta er bókstaflega ekki mögulegt, það er ekki með neinu móti framkvæmanlegt. Það verður að lækka útflutningsgjöldin. Hafa menn athugað, hvað þessi útflutningsgjöld raunverulega eru? Hvað þýðir t. d. 7% útflutningsgjald miðað við kaupgjald framleiðslunnar? Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega, en ég veit, að í frystihúsunum er allt kaupgjald eitthvað talsvert undir 20% af útflutningsverðinu. Þetta þýðir, að 7% útflutningsgjald jafngildir tugum prósenta af kaupgjaldinu. Þessu verður að breyta. Það verður að lækka útflutningsgjöldin og leysa með öðrum hætti þau mál, sem nú eru leyst með útflutningsgjöldunum. Það þýðir ekki bara að berja höfðinu við steininn og segja: Kaupið má ekki hækka. — Það þýðir ekki. Það leysir ekki málið.

Fjöldamargar aðrar ráðstafanir koma vitanlega til greina, eins og t. d. þær að breyta tollakerfinu til hags fyrir framleiðsluna og gera henni þannig kleift að standa undir lífsnauðsynlegum kaupgreiðslum, eins og nú er komið.

Einn liður væri sá að láta skila í ríkissjóð söluskattinum, sem innheimtur er af þjóðinni. Hvernig væri það? Hvernig væri að láta skila söluskattinum í ríkissjóð, sem innheimtur er af landsmönnum? Og fleira gæti komið til greina, sem gæti hjálpað í þessum mikla vanda. (Forseti: Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann geti lokið máli sínu á fáum mínútum eða vilji gera hlé á ræðu sinni.) Ég get lokið mér af á fáum mínútum. (Forseti: Þakka fyrir.)

Það verður að vera einn öflugur liður í þessari stefnu að gera mikla sókn undir merkjum vísinda og tækni til að auka framleiðni og framleiðslu og vinna að vinnuhagræðingu og vélvæðingu á öllum sviðum. Mín skoðun er sú, og það finnst mér að eigi að vera liður í hinni nýju stefnu, að vinnuafl og vélaafl eigi að ráða því, hverju verði til vegar komið í framleiðslu og framkvæmdum, og fjármagninu eigi að beina að því fyrst og fremst, sem gagnlegast er. En ofþenslu, sem óneitanlega er núna og getur orðið af og til, sé varnað með því að láta þær framkvæmdir sitja á hakanum og bíða, sem minni almenna þýðingu hafa og síður bæta úr brýnni nauðsyn eða auka framleiðni og þjóðartekjur, að ég nú ekki tali um þær framkvæmdir, sem beinlínis sóa verðmætum. Þetta á að víkja fyrir brýnustu nauðsyn heimilanna og framleiðslunni í landinu, og þannig sé leitað jafnvægis, en ekki með því að lögþvinga kjaraskerðingu og gera aðrar ráðstafanir, sem beinlínis draga úr framleiðslunni með rekstrarfjárskorti hjá fyrirtækjunum, okurvöxtum og skorti á fé til nauðsynlegustu tækja, sem mestu skipta til þess að rífa sig út úr vandanum jákvæðu leiðina, þ. e. a. s. með aukinni framleiðni og aukinni framleiðslu og að forðast, að það, sem síður skyldi, sogi til sín fjármagnið og vinnuaflið.

M. ö. o.: það verður að taka upp stjórn á þessum málum í staðinn fyrir þá upplausn og óstjórn, sem nú ríkir, stjórn, sem markvisst sé miðuð við, að það nauðsynlegasta sitji fyrir, en reyna ekki að leysa vandann eða lækna ofþensluna með því, að almenningur taki á sig minnkaða neyzlu og framkvæmdir, til þess að hinir fjársterkustu geti leikið lausum hala með það, sem þeim sýnist, enda þótt það sé oft og

tíðum alls ekki það, sem fyrst og fremst þarf að gera.

Ég vil að lokum aðeins minnast á eitt atriði í þessu frv. sérstaklega, og það er um það, að lögin verki aftur fyrir sig, að lögin taki gildi, áður en þau eru samþ. á Alþingi. Það er alveg furðulegt. Takið eftir þessu orðalagi: Lögin eiga að taka gildi, áður en þau eru samþ. á Alþingi. Hver treystir sér að mótmæla því? Er þetta ekki skrýtið? Hvernig lízt mönnum á þetta? Ákvæði er í lögunum um, að það verði refsivert, sem fyllilega er löglegt að aðhafast í dag eftir gildandi lögum. Það á að gera refsivert, sem fyllilega er löglegt að aðhafast í dag eftir gildandi lögum. Það er ómótmælanlegt, að það er þetta, sem á að gera með frv., og að lögin eiga að taka gildi, áður en þau eru samþ. á Alþingi. Ég held, að þetta sé ekki hægt. Ég held, að þetta sé fordæmalaust og taki engu tali að reyna þetta. Það nær ekki nokkurri átt, að gildandi lög haldi ekki að öllu leyti sínu gildi, þangað til frv. hefur raunverulega öðlazt lagagildi, og slíkt fær auðvitað ekki staðizt að setja í lög ákvæði um refsingar, — og það er sérstök ástæða til að leggja áherzlu á það, — að setja í lög ákvæði um refsingar fyrir löglegan verknað.

Það á að setja í lög ákvæði um að refsa mönnum fyrir verknað, sem í dag er fullkomlega löglegur á allan hátt eftir gildandi landsins lögum. Hvernig er þetta hugsanlegt? Ég held, að slík lagaákvæði hljóti að falla ómerk fyrir dómstólum, enda mundi það leiða út í hreinustu fjarstæðu, ef þessi háttur yrði yfirleitt upp tekinn í löggjöf. Ég vil því biðja hæstv. ríkisstj. að endurskoða þetta og fallast á að taka þetta ákvæði út úr frv.

Að lokum vil ég svo aðeins segja þetta: Ég álít, að með þessu frv. sé verið að efna til styrjaldar á rústum viðreisnarinnar, eins og ég hef orðað það í öðru sambandi. Ég tel það sorglegt, að þessi leið skuli hafa verið valin í stað þess að velja samningaleiðina. Ég tel, að það hefði verið meiri ástæða nú en oft áður til þess að reyna að forðast ófriðinn umfram alla muni, en í stað þess er hér kastað hanzkanum og benzíni hellt á. En það hefði átt að leita viðtækra samninga, sem leitt hefðu getað áleiðis út úr þeirri flækju, sem málefni landsins eru því miður komin í.

Að endingu, og það vil ég láta verða mín síðustu orð, að þegar hæstv. ríkisstj. fór af stað með viðreisnina árið 1960, þá sagði ég um þær ráðstafanir eftirfarandi orð á Alþingi, með leyfi hæstv. forseta, og ég ætla enn að gera þessi sömu orð að mínum orðum nú við þetta tækifæri, — ég sagði þá, með leyfi hæstv. forseta, og ég vil enda með því að lesa þau orð núna:

„Svona ráðstafanir er blátt áfram ekki hægt að gera. Það er með öllu gersamlega óskiljanlegt, hvernig nokkrum manni dettur í hug að koma fram með svona áætlanir eða svona fyrirætlanir. Hefur þetta alls ekki verið athugað — eða hvað? Hafa þessir hæstv. ráðh. ekki gert sér neina grein fyrir því, hvað þeir voru raunverulega að fara? Hvernig halda menn, að áhrifin af þessu verði í þjóðarbúskapnum? Og dettur mönnum í hug, að svona lagað sé í raun og veru framkvæmanlegt? Ég vil í fullri alvöru biðja hæstv. ríkisstj. að endurskoða þessar fyrirætlanir og endurskoða þessar áætlanir, því að vitanlega er ekkert til hættulegra í efnahagsmálum landsins en að gera einhverjar panikráðstafanir, sem enga stoð eiga í raunveruleikanum og enga möguleika hafa til að heppnast. Menn hafa ekki leyfi til þess að gera slíkar ráðstafanir, vegna þess að slíkt hlýtur að stórauka vandann frá því, sem hann er eða hefur verið."

Þetta sagði ég þá, og við vitum, hvernig komið er í dag, og þetta vil ég núna gera að mínum orðum. Og ég vil nú enn fara fram á þetta sama við hæstv. ríkisstj.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur gert glögga grein fyrir eðli þess vanda, sem nú steðjar að íslenzku efnahagslífi, orsökum hans og rökunum fyrir þeim ráðstöfunum, sem lagt er til að gerðar verði með því frv., sem hér liggur fyrir til umræðu. Innan Alþfl. hefur mál þetta verið athugað og rætt mjög gaumgæfilega, og hefur miðstjórn Alþfl. gert um málið samþykkt, sem ég — með leyfi hæstv. forseta — skal nú leyfa mér að lesa:

„Í trausti þess, að ríkisstj. undirbúi aðgerðir til að bæta kjör láglaunafólks með raunhæfum ráðstöfunum, svo sem skatta- og útsvarsívilnunum, lágmarkslaunum, tryggingabótum eða öðrum slíkum aðgerðum, sem tiltækilegar þykja, og þessar ráðstafanir verði komnar til framkvæmda fyrir n. k. áramót, samþykkir miðstjórnin fyrir sitt leyti, að verðlag og kaupgjald verði fest, meðan á þessum undirbúningi stendur, óbreytt eins og nú er, þó ekki lengur en til 1. jan. n. k."

Í framhaldi af þessari samþykkt, sem markar stefnu og afstöðu Alþfl. í þessu mikilvæga máli, vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um málið almennt.

Vandinn, sem þjóðinni er nú á höndum, er í raun og veru tvíþættur. Annars vegar er það staðreynd, að jafnvægið, sem náðst hafði í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd á árunum 1961 og 1962, hefur raskazt nú á þessu ári. Á árunum 1961 og 1962 var verulegur greiðsluafgangur í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd í fyrsta sinn um langt skeið. Það var ekki aðeins, að lífskjör þjóðarinnar í heild bötnuðu verulega. Þjóðin safnaði einnig gildum gjaldeyrisvarasjóði erlendis. Á þessu ári hafa lífskjör þjóðarinnar haldið áfram að batna, en nú gerist það ekki lengur samfara greiðsluafgangi í viðskiptum við aðrar þjóðir, heldur að nokkru fyrir tilstilli greiðsluhalla í utanríkisviðskiptum. Gjaldeyrisvarasjóðurinn vex ekki í ár. Hann mun þvert á móti að öllum líkindum minnka nokkuð.

Þessa þróun verður að stöðva. Ef hún heldur lengi áfram, eyðist gjaldeyrisvarasjóðurinn, þjóðin fer að nýju að safna lausaskuldum erlendis og glatar lánstrausti sínu. Þá getum við ekki lengur fengið hagstæð lán erlendis til þess að standa undir heilbrigðri uppbyggingu íslenzkra

atvinnuvega. Við verðum á ný bónbjargamenn bandamanna okkar, eins og við því miður vorum um skeið, eða við verðum háðir einræðisríkjum, eins og sumir virtust þá óska. Þegar ekki er lengur hægt að auka skuldir og lifa á lánum, þá verður að lokum að grípa til beinnar eða óbeinnar gengislækkunar. Þetta eru engar bollaleggingar út í bláinn. Þetta eru engar hrakspár. Þetta eru allt saman hlutir, sem hér hafa gerzt og ættu að vera öllum í fersku minni.

Ég er sannfærður um, að enginn heilbrigt hugsandi Íslendingur vill láta þróunina verða þessa einu sinni enn. Ég held, að allir Íslendingar, sem hugsa þetta mál ofan í kjölinn, vilji láta stöðva greiðsluhallann, áður en til slíkra afleiðinga hans kemur. Og þá vaknar spurningin: Hvernig er það hægt? Til þess að unnt sé að svara þessu, verður að gera sér grein fyrir, hver sé orsök greiðsluhallans. Í stuttu máli má segja, að greiðsluhallinn stafi af því, að aukning framkvæmda og aukning neyzlu hefur verið mun meiri en aukning þjóðarframleiðslunnar, einkum og sér í lagi þó aukning framkvæmda og þá fyrst og fremst framkvæmda einkaaðila. Þessa of miklu aukningu neyzlu og framkvæmda má rekja til hinna miklu launahækkana, sem áttu sér stað í fyrra og á þessu ári. Þessar hækkanir hafa aukið eftirspurn eftir bæði neyzluvörum og fjárfestingarvörum, langt umfram aukningu þjóðarframleiðslu. En launahækkanir hafa ekki aðeins haft bein áhrif á neyzlu og fjárfestingu, þær hafa einnig skapað ótta um það, að ekki mundi takast að halda gengi krónunnar stöðugu. Þess vegna hafa menn viljað flýta sér að framkvæma það, sem nokkur leið væri að herja út fé til. Af sömu ástæðu hefur innflutningur alls konar varanlegs neyzluvarnings, svo sem bifreiða, aukizt gífurlega.

Ef þessi þróun á að stöðvast, verður tvennt að koma til. Í fyrsta lagi verða laun að hætta að aukast hraðar en þjóðarframleiðslan. Í öðru lagi verða menn að sannfærast um, að gengi krónunnar muni verða varðveitt og verðlag haldast stöðugt. Innflutningurinn minnkar þá, vinnuaflið flyzt aftur yfir í útflutningsatvinnuvegina, útflutningur vex. Jafnvægið, sem áður hafði náðst, kemst á aftur, gjaldeyrisvarasjóðurinn tekur aftur að vaxa. Í stað þess að festa fé sitt í fasteignum eða öðrum slíkum verðmætum í von um, að þær hækki í verði, taka menn aftur að leggja fé á vöxtu í peningastofnanir og auka þannig skilyrði þeirra til þess að lána atvinnuvegunum nýtt stofnfé og aukið rekstrarfé. Vissan um, að gengi krónunnar verði varðveitt og verðlagið muni haldast stöðugt, verður að geta stuðzt við trausta og örugga stefnu hins opinbera í bankamálum og fjármálum og heilbrigða og skynsamlega stefnu í launamálum. Ef bankakerfið lánar út meira fé en nemur heilbrigðri sparifjármyndun, ef ríkisbúskapurinn er rekinn með halla, ef almennar launahækkanir verða umfram aukningu þjóðartekna, þá getur engin vissa orðið fyrir því, að gengið haldist óbreytt. Þess vegna er samræmd stefna í bankamálum, fjármálum ríkisins og launamálum forsenda þess, að hægt sé að breyta greiðsluhallanum aftur í greiðsluafgang og halda genginu stöðugu.

Þetta er meginorsökin fyrir því, að nú sé nauðsynlegt að festa kaupgjald og verðlag um sinn. Það eitt dugir þó ekki. Jafnhliða verður stefnan í bankamálum og fjármálum ríkisins að vera heilbrigð. Á undanförnum árum hefur ríkisstj. kappkostað að stjórna bankamálum og fjármálum þannig, að ekki gætti of mikillar þenslu. Eins og reynslan sýnir glögglega, getur þetta ekki náð tilætluðum árangri, ef kauphækkanir verða langt umfram aukningu þjóðartekna. Undir slíkum kringumstæðum er ekki hægt að hafa hemil á þenslunni með aðgerðum í peningamálum og fjármálum einum, nema stjórnarvöldin séu reiðubúin að ganga svo langt, að atvinna dragist stórlega saman og jafnvel komi til alvarlegs atvinnuleysis. Þetta hefur núverandi ríkisstjórn að sjálfsögðu ekki viljað gera. Það er og verður grundvallaratriði í stefnu hennar að stuðla að fullri atvinnu í landinu. Skapist hins vegar eðlilegt ástand í launamálum, þannig að laun hækki ekki umfram aukningu þjóðarframleiðslu, getur rétt stjórn peningamála og fjármála náð tilætluðum árangri og er um leið óhjákvæmilegt tæki til, að sá árangur náist.

Ég sagði áðan, að vandinn, sem við blasir nú, sé tvíþættur. Hallinn út á við, sem ég nú hef verið að ræða, er annar þáttur vandans. Hinn þátturinn er sá, að á undanförnum árum hefur orðið breyting á tekjuhlutföllum í landinu. Tekjur launastéttanna í heild hafa vaxið, ekki aðeins peningatekjur þeirra, heldur einnig raunverulegar tekjur, þ. e. peningatekjur leiðréttar með tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga. En raunverulegar tekjur allra launþega hafa ekki vaxið jafnmikið. Smám saman hefur þróunin orðið sú, að raunverulegar tekjur hinna tekjuhærri launastétta hafa vaxið hlutfallslega meira en raunverulegar tekjur hinna tekjulægri. Það hefur m. ö. o. dregið úr þeim launajöfnuði, sem hér ríkti. Meiri munur hefur orðið á raunverulegum launum hinna tekjuhæstu launþega og hinna tekjulægstu. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að geta þess og meira að segja að leggja á það áherzlu, að hliðstæð þróun hefur átt sér stað í öllum nágrannalöndum Íslands undanfarin ár. Hún stendur í sambandi við það, að gildi sérþekkingar hefur vaxið, aukin verkkunnátta og aukin menntun hefur æ meiri þýðingu og á æ meiri þátt í þeirri aukningu þjóðartekna, sem hvarvetna á sér stað. Þess vegna má segja, að ekki sé óeðlilegt, að þeir, sem hafa til að bera sérstaka verkkunnáttu og sérstaka menntun, auki hlut sinn í þjóðartekjunum. Ófaglærðum verkamönnum og verkakonum fer hvarvetna hlutfallslega fækkandi, einnig hér á landi. Um leið minnkar sá vöxtur, sem verður á raunverulegum tekjum þeirra miðað við aðrar stéttir, sem hafa sérstaka verkkunnáttu eða sérstaka menntun til að bera. Hér er um alþjóðlegt fyrirbæri að ræða, og þarf okkur Íslendingum í sjálfu sér ekki að koma á óvart, þótt þess gæti hér eins og annars staðar. Hitt er svo annað mál, hvort okkur geðjast þessi þróun að öllu leyti eða ekki. Við höfum hér á landi um langan aldur vanizt meiri launajöfnuði en annars staðar hefur tíðkazt, og þess vegna kemur það verr við okkur, a. m. k. marga hverja, þegar þessi þróun á sér stað hér,

einkum og sér í lagi þegar hún gerist á tiltölulega stuttum tíma. Hitt er svo annað mál, að hve miklu leyti við höfum tök á að sporna gegn henni. Staðreynd er, að hvorki verkalýðshreyfingunni hér né í nágrannalöndum hefur tekizt að koma í veg fyrir, að þróunin hafi orðið þessi. Þessi breyting á tekjuhlutföllum þessara launastétta hefur gerzt að nokkru í frjálsum samningum stéttarfélaga við vinnuveitendur og í kjölfar breyttra launaforma í iðnaðinum, svo sem aukinni ákvæðisvinnu, og að nokkru á vinnustöðunum sjálfum án atbeina stéttarfélaga. Stjórnarvöld hafa ekki staðið fyrir þessum breytingum. Grundvöllur þeirra er sumpart frjálsir samningar og sumpart öfl vinnumarkaðsins.

Þess vegna er nú svo komið, að ef menn vilja bæta hlut láglaunafólksins, sem dregizt hefur aftur úr í launakapphlaupinu undanfarin ár, verða menn að gera sér það ljóst, að það er ekki unnt að gera með því að hækka kauptaxta þess, því að þá er öldungis víst, að hið sama gerist, sem gerzt hefur margsinnis undanfarin ár, að kauptaxtar iðnaðarmanna, verzlunarmanna, sjómanna og þá um leið bænda og opinberra starfsmanna breytast í kjölfarið, þannig að enginn hefur neitt upp úr kauphækkuninni. Þess vegna verður fyrst og fremst að bæta kjör láglaunafólks með atbeina ríkisvaldsins, þ. e. á þann hátt, að löggjafarvaldinu sé beitt í því skyni að jafna tekjuskiptinguna, flytja tekjur til hinna tekjulágu frá hinum tekjuháu, en það er fyrst og fremst hægt að gera með því að beita skatt- og útsvarskerfinu, tryggingakerfinu eða með því að grípa til annarra félagslegra ráðstafana, svo sem stuðnings við húsbyggingar efnalítils fólks.

Enda þótt ljóst sé, að breytingar hafi orðið á launahlutföllum á undanförnum árum í þá átt, sem ég hef nú lýst, má ekki gera meira úr þessum breytingum en efni standa til. Nákvæmur samanburður á breytingum á tekjum starfsstétta á tímabilinu 1951—1962 hefur nýlega verið gerður. Þessi samanburður sýnir m. a., að meðaltekjur iðnaðarmanna í Reykjavík voru 9% hærri en meðaltekjur verkamanna í upphafi þessa tímabils, þ. e. 1951, en 13% hærri í lok þess, þ. e. 1962. Meðaltekjur sjómanna voru 27% hærri en meðaltekjur verkamanna í upphafi tímabilsins, en 35% hærri í lok þess. Eitthvað hefur munurinn aukizt enn á árinu 1963, þessu ári, en það er ekki um stórfellda breytingu að ræða. Meira máli skiptir hin mikla breyting á launum opinberra starfsmanna, sem varð á árinu 1963.

Á það var lögð áherzla af hálfu ríkisstj. í samningaviðræðunum við opinbera starfsmenn, að launahækkun þeim til handa væri aðeins réttmæt að því leyti, sem hún fæli í sér samræmingu á kjörum til móts við það, sem nú tíðkaðist á almennum vinnumarkaði, og leiðréttingu vegna þeirrar sérstöku ábyrgðar og menntunar, sem störf þeirra krefjast. Enn fremur var lögð á það áherzla, að raunveruleg leiðrétting á kjörum opinberra starfsmanna gæti ekki átt sér stað, nema aðrar stéttir viðurkenndu réttmæti hennar. Svo virtist lengi vel sem um slíka viðurkenningu væri í raun og veru að ræða, og má í því sambandi benda á, að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru afgreidd einróma hér á hinu háa Alþingi og önnur launþegasamtök létu a. m. k. í það skína, að þau styddu kröfur opinberra starfsmanna. Því má ekki heldur gleyma, að málgögn stjórnarandstöðunnar veittu hinum gífurlegu kröfum, sem samtök opinberra starfsmanna lögðu fram, fullan stuðning.

Nú virðist hins vegar sem önnur launþegasamtök hafi í raun og veru alls ekki verið reiðubúin til að fallast á þá miklu leiðréttingu á kjörum opinberra starfsmanna, sem kjaradómur fól í sér, því að nú krefjast hver samtökin á fætur öðrum mikilla kauphækkana með tilvísun til launahækkunar opinberra starfsmanna, enda þótt öllum hljóti að vera ljóst, að kauphækkun þeirra átti að vera leiðrétting á langvarandi misræmi í kjörum þeirra og annarra stétta og þeir eigi samkv. lögum, sem allir þingflokkar hafa samþykkt, rétt á nýjum kauphækkunum til samræmis við almennar kauphækkanir, sem eiga sér stað. Þeir, sem telja, að skynsamlegra hafi verið að fara hægar í leiðréttingu á kjörum opinberra starfsmanna, verða að minnast þess, að ábyrgðin á því, að það var gert, er ekki ríkisstj. einnar. Þá ábyrgð ber Alþingi allt og raunar einnig launþegasamtökin öll.

Eins og fram kemur í þeirri ályktun miðstjórnar Alþfl., sem ég las áðan, er það skoðun flokksins, að láglaunafólk hafi á undanförnum árum dregizt svo aftur úr hinum hærra launuðu í launakapphlaupinu, að ríkisvaldinu beri nú að grípa í taumana og gera sérstakar ráðstafanir til að jafna nokkuð tekjurnar í þjóðfélaginu, þ. e. bæta kjör láglaunafólksins með raunhæfum ráðstöfunum, svo sem skatta- og útsvarsívilnunum, tryggingabótum eða öðrum slíkum aðgerðum. Alþfl. gerir sér fyllilega ljóst, að þetta verður ekki gert með neins konar göldrum, það verður ekki gert án þess, að það kosti neinn neitt. Kjör láglaunafólks verða ekki bætt, nema einhverjir borgi það, sem í hlut þess fellur. En Alþfl. telur, að lífskjör hinna tekjuhærri séu nú svo góð hér á landi, að þeir megi vel við því að taka á sig nokkra byrði til þess að bæta kjör láglaunafólks. Alþfl. telur, að slíkar ráðstafanir mundu gera þjóðfélagið réttlátara og betra en það er nú.

Það er á þessum forsendum og með þessum rökum, sem Alþfl. styður frv. það, sem hér er nú til umr. Honum er ljós þjóðarnauðsyn þess að halda gengi krónunnar stöðugu, að tryggja afkomu útflutningsatvinnuveganna og áframhaldandi stöðuga atvinnu í landinu, að stöðva greiðsluhallann við útlönd og efla gjaldeyrisvarasjóðinn. En honum er jafnframt ljóst réttmæti þess að bæta kjör láglaunafólks með þeim ráðum, sem geta komið því að raunverulegu haldi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir um launamál o. fl., hefur núv. ríkisstj. stigið fjandsamlegasta skref, sem hún hefur stigið til þessa, í samskiptum sínum við láglaunafólk í landinu. Og ætla ég þó, að ríkisstj. verði ekki ásökuð um það, að hún hafi ekki á undanförnum árum gert sitt hvað í samskiptum sínum við láglaunafólk, sem varðað hefur verulega tekjur þess og kjör. Það er

öllum kunnugt, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur á s. l. 4 árum samþykkt gengislækkun tvívegis. Þessar gengislækkanir hafa beinlínis miðað að því að skerða launakjör launþega í landinu. Hún hefur á þeim tíma stórmagnað dýrtíðina með beinum stjórnarráðstöfunum. Hún hefur í öðrum tilfellum heimilað takmarkalausa álagningu, afnumið allt eftirlit á álagningu, og hún hefur samþykkt gífurlega háa vexti, sem óhjákvæmilega hafa leitt til aukinnar dýrtíðar í landinu. Allt hefur þetta varðað mjög samskiptin við launastéttirnar í landinu, enda sýna opinberar skýrslur, að á stjórnartíma núv. ríkisstj. hefur kaupmáttur launa verkafólks í landinu rýrnað til mikilla muna, og nú í dag standa málin þannig, að kaupmáttur tímakaupsins hefur ekki verið lægri á Íslandi en hann er nú í dag á s. l. 17 árum. Og þetta hefur gerzt á þeim tíma, sem afkoma þjóðarinnar í heild hefur farið batnandi, framleiðslan hefur aukizt og heildarafkoman hefði átt að fara batnandi.

En með því frv., sem hér liggur nú fyrir um launamál o. fl., ræðst nú ríkisstj. að grundvallarréttindum launafólks í landinu, vill svipta launþega þeim rétti, sem þeir hafa haft til þess að semja um kaup sitt og kjör. Samkv. þessu frv. er einnig lagt til að fella niður a. m. k. um sinn verkfallsréttinn. En einmitt þessi réttindi hafa verið grundvallarréttindin, sem launþegar hafa orðið að styðjast við í baráttu sinni á undanförnum árum við það að koma fram bættum kjörum eða verjast áföllum, þegar ríkisstj. hefur reynt að ganga á kjörin. Nú er sem sagt lagt til að svipta í burtu þessum grundvallarréttindum. Þetta frv. gerir beinlínis ráð fyrir því að löghelga, a. m. k. nú um skeið, misrétti á milli launþeganna í landinu.

Ríkisstj. er vel kunnugt um það, að á þessu ári hafa ýmsir starfshópar í landinu fengið verulegar launabætur. Hún telur sjálf, að opinberir starfsmenn hafi fengið meðaltalskauphækkun á árinu, sem nemur 45%, og ríkisstj. hefur fylgzt gerla með því, að bankastarfsmenn í landinu hafa tekið sér samsvarandi kauphækkun með beinu samþykki ríkisstj. Ríkisstj. hefur líka fylgzt með því, að blaðamenn hafa háð verkfall og knúið fram tilsvarandi kauphækkun sér til handa. Og ríkisstj. hefur líka fylgzt með því, að bæjarstarfsmenn. t. d. hér í Reykjavík, hafa tekið sér fyllilega jafnmikla kauphækkun og opinberir starfsmenn hafa fengið. Þó að þetta liggi fyrir, leggur hæstv. ríkisstj. hér fram frv. á Alþingi um það að banna öðrum starfsstéttum í landinu að semja við sína vinnuveitendur um breytt kaup þeim til handa. M. ö. o.: það er beinlínis gert ráð fyrir því með þessum lögum að löghelga misrétti. Svo langt á þetta að ganga, að menn í alveg sams konar starfsstéttum eiga að búa við misrétti á þessu tímabili. Starfsmenn t. d. Reykjavíkurborgar hafa fengið sínar launabætur, en starfsmönnum í ýmsum öðrum bæjarfélögum er bannað samkv. þessum lögum að taka sér tilsvarandi launabætur. Þeir skulu bíða. Þannig á beinlínis að lögbinda misrétti.

Það er svo dæmi út af fyrir sig í þessum vinnubrögðum, hvernig hæstv. ríkisstj. og þeir, sem hana styðja fastast, hafa unnið að því á undanförnum dögum, meðan þeir voru að undirbúa þetta frv., að koma þessu misrétti öllu fyrir. Þegar þeir höfðu ákveðið að leggja fram þetta frv. og löggilda á þennan hátt misréttið, ruku ráðh. af stað sjálfir og ýmsir stuðningsmenn ríkisstj. til þess að pota ýmsum sínum gæðingum inn fyrir þröskuldinn, koma þeim inn fyrir, þannig að þeir gætu notið kauphækkunarinnar þennan tíma, á sama tíma sem þeir vissu, að það stóð til að binda aðra úti. Þannig var það núna fyrir nokkrum dögum, að a. m. k. þrír ráðh. stóðu fyrir því að kalla saman bankaráðin í landinu á skyndifundi til þess þar að ákveða mikla launahækkun til bankastjóranna, til þess að reyna að smeygja þeim inn fyrir, svo að þeir yrðu ekki úti.

Ýmsir stuðningsmenn ríkisstj. hafa haldið þannig á málunum, að þeir ruku til, þegar þeir vissu, hvað til stóð, og hafa símað út til vissra bæjarfélaga í landinu, hvað væri að ske, og þar voru haldnir skyndifundir, jafnvel næturfundir, til þess að samþykkja í skyndi kauphækkun til bæjarstarfsmanna þar, svo að þeim yrði komið inn fyrir, á sama tíma sem þeir vissu mætavel, að það átti að fara að lögbinda bann á aðra og banna þeim, öðrum bæjarstarfsmönnum í öðrum bæjarfélögum, að njóta sama réttar. Það hefur svo sem verið skipulega unnið að því, að svo skyldi verða frá málunum gengið, að misréttið skyldi gilda.

Það er eiginlega furðulegt, að ríkisstj. skuli ekki hafa sagt sér það sjálf, að vinnubrögð eins og þessi og eins og þetta mál allt ber að geta ekki staðizt í framkvæmd. Það er alveg útilokað, að slík vinnubrögð verði virt af þeim aðilum, sem þessi lagaákvæði eiga að bitna á. Vitanlega verður gengið fram hjá slíkum lagaákvæðum sem þessum. Þau eru líka svo ósanngjörn, að ég hygg, að atvinnurekendur, sem við fyrstu sýn kynnu kannske að halda, að þeir ættu hagsmuna að gæta að standa gegn vissum launabreytingum, vildu jafnvel reyna að brjóta lögin, ef þeir aðeins gætu fengið trúnað sinna verkamanna, að ekki yrði sagt frá lögbrotunum. Það var t. d. skýrt frá því í útvarpsfréttum í dag, að í gærkvöld hafi nokkur verkakvennafélög hér við Faxaflóa samið um tiltekna kauphækkun við síldarvinnustörf til samræmis við það, sem áður var búið að semja um fyrir nákvæmlega hliðstæð störf á Norður- og Austurlandi. En þessi samningur var gerður hálfum degi eftir, að þetta frv. var lagt hér fram á Alþ., og samkvæmt ákvæðum þess er þessi samningur ógildur. Það varðar við lög af hálfu atvinnurekenda að borga út þetta kaup. Þeim er óheimilt að borga þetta, þó að þeir hafi samþykkt þetta. En dettur nú nokkrum manni í hug, að nokkur síld verði söltuð hér á næstu mánuðum við Faxaflóa upp á lakari kjör en gilt hafa í öðrum landsfjórðungum að undanförnu? Ég veit, að atvinnurekendurnir, sem hér eiga hlut að máli, eru nokkuð hræddir. Verða þeir látnir sæta sektum samkv. ákvæðum laganna, ef þeir borga? Kjaftar einhver frá, hvernig á málum

hefur verið haldið? Þeir vilja borga, á því er enginn vafi. En þeim er auðvitað nokkur vandi á höndum. En þannig er þetta frv., sem hér liggur fyrir, það beinlínis byggist á því, að það eigi að löggilda misréttið, óréttlætið.

Frv., eins og það liggur hér fyrir, er á margan hátt einstakt í sinni röð, eins og þegar hefur verið bent á í þessum umræðum. Það nýmæli er tekið upp í þessu frv., sem maður hefur aldrei séð í frv. fyrr á Alþ., að það er ætlazt til þess, að þau lög, sem sett verða samkv. þessu frv., eigi að gilda frá þeim degi, að frv. var lagt fram á Alþ. Ég er alveg viss um, að þetta ákvæði fær ekki staðizt fyrir dómstólum. En það er kannske í samræmi við anda laganna að öðru leyti að hafa þetta sérákvæði og tilgang allan, því að hann er sýnilega sá að koma mönnum meira og minna á óvart í þessum efnum og knýja þá til þess að búa við misrétti.

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. reynir að afsaka flutning þessa máls með því, að hér er aðeins um tveggja mánaða frest að ræða og hún sé að óska eftir fresti. En það er auðvitað alger fjarstæða að halda slíku fram. Það getur ríkisstj. ekki gert á frambærilegan hátt. Hún hefur fengið þá fresti í þessu máli, að hún getur ekki nú borið við tímaskorti. Hún vissi það mætavel, að þeir samningar, sem gerðir voru 17. júní í sumar, giltu aðeins til 15. okt., þá runnu allir samningar út. Nú í dag er af hálfu flestra verkalýðsfélaga í landinu engir kaupgjaldssamningar til. Þegar samningarnir voru gerðir á s. l. sumri, varð hæstv. ríkisstj. að viðurkenna það, að þá hafi verið samið um mjög hóflegar kauphækkanir og að forustumenn verkalýðssamtakanna hafi þar sýnt mikinn skilning að taka þátt í sérstakri rannsóknarnefnd til þess að athuga um möguleika á frekari kauphækkunum síðar. Ríkisstj. vissi því gjörla um það, að þann 15. okt. varð að vera búið að leysa þessi mál að nýju, ef ekki átti illa að fara. En nú er októbermánuður liðinn, það er ekki aðeins komið fram til 15. okt., eins og markið hafði verið sett, októbermánuður er liðinn, og verkalýðssamtökin buðu ríkisstj. það, nokkrum dögum áður en hún lagði fram þetta frv., að þau skyldu veita henni enn frest í hálfan mánuð, ef hún vildi snúa sér að því að semja um vandamálin. En ríkisstj. þáði ekki þann frest, hún valdi fremur þessa leið.

Það er vitanlega alveg útilokað fyrir hæstv. ráðherra að halda fram, að þeir hafi ekki verið búnir að átta sig á því, hvað var að gerast í efnahagsmálum landsins og hvernig þessi mál stóðu. Hafði hæstv. ríkisstj. ekki gert sér grein fyrir kauphækkunum opinberra starfsmanna? Jú, hún hafði gert sér grein fyrir því. Gat hún búizt við því, að láglaunafólk í landinu mundi ekki óska eftir kauphækkunum í framhaldi af þeim kröfum, sem áður höfðu komið fram, þegar slíkar kauphækkanir höfðu verið samþykktar? Getur það verið, að ríkisstj. hafi lokað svo öllum sínum skilningarvitum, að hún hafi ekki gert sér þetta ljóst? Nei, það er útilokað, og hún hefur líka vitað fullvel um það, hver var staðan í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hún hafði þar hjá sér allar skýrslur á borðinu, það kom henni ekkert á óvart.

Nei, tilgangur þessa frv. er því ekki sá, að ríkisstj. fái frest í tvo mánuði til þess að hugsa sig um, hvað hún eigi að gera í efnahagsmálum landsins. Tilgangurinn er sá að ætla að leysa þann vanda, sem fyrir er, eftir leiðum þessa frv. Það er tilgangurinn. Það er verið að reyna á það, hvort hægt sé að víkja frá þeim rétti, sem í gildi hefur verið hjá launþegasamtökum í landinu, að mega semja um kaupið, að mega heyja verkfall eftir þar til settum reglum. Hér er því um prinsip-spursmál að ræða. Ætlar Alþ. að ganga inn á þá braut, að leyfilegt sé talið, þegar verkfall hefur verið boðað og þegar kaupgjaldssamningar standa yfir, að það sé hægt að breyta út af gildandi lögum og reglum um það, hvernig vinna á að gerð nýrra kaupgjaldssamninga og hvað sé leyfilegt í átökum á milli vinnuveitenda og verkamanna? En þetta er allt ákveðið nú í lögum, hvernig þetta skuli fara fram. Er það meining Alþ. að víkja út af þessum reglum á þann hátt, að það megi fresta verkföllum, fresta samningagerð með nýjum lögum um tiltekinn tíma? Ef þetta er gert, þá er raunverulega verið að eyðileggja þann rétt, sem launþegasamtökin í landinu hafa búið við að undanförnu.

Ég skal aðeins nefna dæmi máli mínu til skýringar. Það vita allir, sem eitthvað hafa um þessi mál hugsað, að réttur stéttarfélaganna, ef samningar takast ekki við atvinnurekendur á tilsettum tíma, til þess að lýsa þá yfir vinnustöðvun með viku fyrirvara og heyja verkfall eftir þar til settum reglum, þessi réttur er framkvæmdur auðvitað á þann hátt, að sá aðili, sem telur sig vera knúinn til þess að beita verkfalli, velur sér tíma til þess að framkvæma verkfallið á með tilliti til þess, sem honum er nauðsynlegt. Hugsum okkur t. d. síldveiðisjómenn, sem vildu fá breytt sínum síldveiðikjörum og teldu sig knúna til þess að leggja út í verkfall, auðvitað nokkru fyrir síldarvertíð, áður en hún hefst, ef ríkisstj. gæti þá komið og sagt: Ja, nú setjum við bara lög um það, að þetta verkfall getur ekki farið fram fyrr en eftir tvo eða þrjá mánuði, eða sem sagt eftir síldarvertíð. — Á þennan einfalda hátt er vitanlega hægt að gera verkfallsréttinn að engu. Það er hægt að eyðileggja alla aðstöðu stéttarfélaganna til þess að heyja baráttu fyrir sínum launakröfum eftir þeim reglum, sem gilt hafa í okkar landi um margra ára skeið. Og eins og hægt væri á þennan hátt að kippa í burtu verkfallsréttinum eða samningarétti um tveggja mánaða tímabil, eins væri vitanlega alveg eins hægt að kippa honum í burt um fjögurra mánaða tímabil, sex mánaða tímabil. Sé farið inn á þessa braut, sé prinsipið skapað, þá má búast við framhaldi á þessum leik.

Nei, það er rétt að gera sér fulla grein fyrir því í þessum efnum, að hér er farið út á mjög hættulega braut með því, að ríkisvaldið grípur þannig inn í og breytir þeim grundvallarreglum, sem gilt hafa um samskipti launþega og atvinnurekenda og settar hafa verið í lögum. Um leið og það grípur þannig inn í og afnemur réttindin, er það að knýja launþegana í land-

inu til að taka upp aðrar vinnuaðferðir, fara ekki eftir hinum hefðbundnu reglum, sem settar hafa verið í lögum. Auðvitað eiga launþegarnir ýmsar aðrar aðferðir til að koma fram sínum málum heldur en fara eftir þeim reglum, sem lagðar hafa verið í vinnulöggjöfinni. Það er hægt í framkvæmdinni að gera verkfall, án þess að það sé tilkynnt formlega með viku fyrirvara. Vitanlega er það hægt. Það er m. a. hægt að gera verkfall á þann hátt, sem gert hefur líklega verið á þessum degi hér í Reykjavík, eftir því sem mér skilst, að verkamennirnir t. d. við Reykjavíkurhöfn gangi bara allir heim og segi: Ég er hættur. — Það er engin vinnuskylda á verkamönnum, það er ekki enn þá búið að binda það í lög hér, að þeir séu skyldugir til þess að mæta á vinnustöðum og vinna. Þeir eru enn þá frjálsir að því að segja við atvinnurekendur: Við vinnum ekki, og við hættum strax í dag. — En ég hefði haldið, að það hefði ekki verið vilji atvinnurekenda í landinu almennt og kannske ekki ríkisstj. heldur, að sá háttur yrði tekinn upp í þessum efnum, að engar fastar reglur ættu að gilda í þessum málum. En einmitt með því að grípa þannig inn í sem hér er gert, með því að svipta í burtu þeim rétti, sem hafði verið löghelgaður í þessum efnum, þá er verið að knýja verkalýðssamtökin í landinu til þess að leysa sín vandamál eftir öðrum leiðum.

Ég sagði hér áður, að frv. þetta væri mjög sérkennilegt í ýmsum efnum. Eitt er nú það í þessu frv., að svo langt er gengið, að það er ekki aðeins verið að banna vinnustöðvanir með þeim skýringum, að slíkt geti kostað þjóðarbúið mikið, að vinna og framleiðsla stöðvist, nei, heldur eru ákvæði frv. þannig, að vinnuveitendum er beinlínis bannað að standa við samninga, sem þeir eru búnir að gera. Atvinnurekendunum er ekki heimilt að borga það kaup, sem þeir telja sig geta borgað og hafa samið um. Ríkisstj. hleypur þar til og segir: Hér veit ég betur en vinnuveitandinn. — Hann fær ekki heimild til þess að gera þennan samning eða standa við hann. Þetta er alveg furðulegt ákvæði í frv. til l. og það hjá ríkisstj., sem áður hefur lýst því yfir, að hennar meginstefna sé, að verkamenn og atvinnurekendur eigi að semja óhindrað af ríkisvaldinu um kjör sín á milli. Sem sagt, í þeim tilfellum, þar sem fullt samkomulag getur verið á milli vinnuveitenda og verkamanna, þá mega þeir ekki gera samninga, þá er þeim bannað það.

Ákvæði þessa frv. eru ólík varðandi kaupgjaldið og svo aftur um verðlagið í landinu. Það leikur því enginn vafi á því, að það er óheimilt samkv. þessu frv., eins og það er orðað, að hækka allar launagreiðslur, í hvaða formi sem er, hvort sem það eru uppmælingar, tímakaup eða í hvaða formi sem er, það er óheimilt. En það er ekki óheimilt að hækka vöruverð. Það er fyllilega gert ráð fyrir því í frv., að vöruverð og þjónusta geti hækkað. Það er að vísu sagt, að það megi ekki hækka verð á ýmsu, sem þar er upp talið, nema með leyfi réttra yfirvalda. Það hefur verið í lögum í mörgum tilfellum, það hefur ekki verið leyfilegt að hækka verð á fjöldamörgum vörum nema með leyfi réttra yfirvalda. Að vísu hafa verið til vörur, sem menn hafa mátt verðleggja eftir vild, en þrátt fyrir allt hefur þetta verið miklu algengari regla, að ákveðin yfirvöld ættu að kveða þar á um. Og samkvæmt skýringum, sem fylgja frv., þá er beinlínis gert ráð fyrir því, að þær vörur og sú þjónusta eigi að hækka í verði, þar sem hægt er að sýna fram á, að einhver tilkostnaður hafi verið á fallinn áður, en ekki kominn inn í verðlagið. Ekki áttu þeir aðilar, sem hagsmuni sína áttu tengda við verðlagið, að taka mikið á sig samkv. ákvæðum þessa frv. Það varð að sjá um það, að þeir liðu ekki mikið. En þó að launþegar í landinu, sem beðið hafa allan tímann, á meðan verðhækkanirnar voru að ganga yfir, yrðu að taka á sig nýjar verðhækkanir, þá urðu þeir auðvitað bara að þola það, af því að það þurfti að bjarga þjóðinni, en hinir þoldu ekki að taka neitt á sig.

Ég sé t. d. ekki annað en það sé fyllilega heimilt og í rauninni eðlilegt samkv. því, sem túlkað er í grg. þessa frv., að á næstunni geti rafmagn hækkað og hitaveitukostnaður hækkað og mörg önnur slík þjónusta, sem alveg er vitað um, að umr. hafa staðið um að þyrfti að hækka, af því að þar hefur fallið á ýmiss konar aukinn kostnaður á undanförnum mánuðum. Það stendur allt opið, að slíkt geti hækkað, en hitt skal vera alveg rammneglt, að kaup í engu formi megi hækka. Svo er gert ráð fyrir í þessu frv., svona að forminu til, að það eigi aðeins að gilda til 31. des. n. k. Já, ég verð nú að segja, að mér finnst þessi dagsetning harla einkennileg, 31. des. Það eru mörg ár síðan Alþingi hefur setið að störfum um það leyti. Venjan er sú, að það sé búið að senda þm. heim nokkru fyrir jól og þeir séu ekki komnir hingað til starfa aftur fyrr en í lok janúar eða þar um bil. En það er líka þekkt fyrirbæri, að ríkisstj. hefur notað sér þennan tíma, á meðan þingið hefur verið í burtu, og gefið út brbl. Ég sé ekki annað en allar líkur samkv. þessu bendi til þess, að ríkisstj. hugsi sér það í framhaldi af þessu frv., að þegar hún er laus við þingið heim í jólaleyfi, þá geti hún leyst allan vandann með brbl. í janúarbyrjun.

Ég veit, að e. t. v. segir hæstv. ríkisstj., að það banni ekkert það, að ríkisstj. verði til með þessar till. fyrr og verði búin að því eitthvað fyrr, t. d. áður en þingið fer í jólaleyfi. En hver býst við því, að hún noti ekki allan þennan frest, sem hún er að herja út með þessum hætti? Ekki kemur mér það til hugar. Ég er sannfærður um það, að þessi frestur verður notaður til enda, og síðan er alveg augljóst mál, að við á að taka setning brbl.

Í sambandi við þetta mál hafa komið fram margar næsta einkennilegar skýringar frá hálfu ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. talar t. d. mikið um, að það verði að stöðva víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, og hún segir enn fremur: Frekari hækkanir kaupgjalds og verðlags verður að stöðva. — Hvað þýðir þetta, þegar ríkisstj. tekur þannig til orða, að frekari hækkanir kaupgjalds og verðlags verður að stöðva? Vitanlega

hlýtur meiningin að vera sú, að úr því sem nú er komið eigi að framkvæma stöðvunina, eða m. ö. o., það eigi að halda áfram einnig eftir þann tíma, sem hún vill nú láta í skína að sé aðeins biðtími, núna fram að áramótum, — einnig eftir þann tíma eigi að vera sama ástand og nú er, þ. e. stöðva allar frekari kauphækkanir en nú eru orðnar, eða m. ö. o. skilja þá eftir, sem eftir eru nú.

Ég hef, þegar þessi mál hafa verið rædd, æðioft bent hæstv. ríkisstj. á, að það er með öllu þýðingarlaust að reyna að framkvæma þá stefnu að leyfa fyrst miklar almennar verðhækkanir eða haga sér með stjórnaraðgerðum þannig, að vöruverð almennt í landinu hækki, og ætla síðan á eftir að standa gegn afleiðingunni af þessu, sem er kauphækkun. Menn blekktu lengi sjálfa sig á því að halda því fram, að vísitölutengingin á milli kaupgjalds og verðlags, sem í gildi var hér um nokkurra ára skeið, væri orsök þeirra erfiðleika, sem þá var við að glíma, þ. e. a. s. sífellt hækkandi verðlags og hækkandi kaups. Menn héldu ýmsir, að þegar búið væri að slíta þetta samband í sundur, þá væri allur vandinn leystur, og það er mjög greinilegt, að hæstv. ríkisstj. hefur lítið svona á. Fyrst byrjaði hún á því að slíta í sundur þetta samband, og svo gerði hún ráðstafanir, sem hlutu að leiða til hækkandi verðlags í landinu. Verðlagið hækkaði, en vísitalan var ekki í beinu sambandi, þannig að kaupið kæmi alveg reglulega á eftir, eins og áður var. En hitt lögmálið var í gildi og verður í gildi áfram, að launþegasamtökin hljóta að reyna að rétta með vissu millibili hag meðlima sinna til samræmis við áður hækkað verðlag. Og það er þetta, sem hefur verið að gerast. Ríkisstj. hefur séð verðlagið hækka, en hún hefur neitað að viðurkenna afleiðinguna af hækkandi verðlagi, sem var sú, að kaupið kæmi til hækkunar á eftir. Þær víxlhækkanir, sem hæstv. ríkisstj. er að kvarta undan nú, eru til komnar á þennan hátt. Hún hefur sjálf staðið fyrir hækkun verðlagsins, og kaupið sækir á eftir samkv. hinu algilda lögmáli. Það, sem ríkisstj. þarf því að gera í þessum efnum og átta sig á, er, að leið hennar, sem hún hefur verið að feta, er með öllu vonlaus. Hún á að hætta að fara þessa leið, hún á að reyna að stöðva verðlagið í landinu, færa verðlagið niður. Þá gæti hún á eftir vænzt þess, að launþegasamtökin í landinu sættu sig við tiltölulega litla kauphækkun hverju sinni. Hitt er vitanlega að fara aftan að siðunum, að standa fyrir hækkuðu verðlagi og ætla svo að neita afleiðingunum á eftir með því að binda kaup. Það fær ekki staðizt. Þessi mikli misskilningur hjá hæstv. ríkisstj. kemur fram á flestum sviðum.

Ég vil taka hér eitt dæmi til þess að sýna fram á það, hvernig þetta raunverulega gengur fyrir sig hjá hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. hafði séð, eins og allir aðrir, hvernig verðlagsmálin höfðu þróazt á þessu ári fram á haustið. Hún vissi mætavel, að verðlagið í landinu hafði hækkað miklu meira en hið almenna kaup. En þrátt fyrir það virðist ríkisstj. vera svo sljó í þessum efnum, að hún ákveður t. d. að hætta að greiða niður ýmsar almennar vörutegundir, sem greiddar höfðu verið niður um langan tíma, og hún tilkynnir í því fjárlagafrv., sem hún leggur fyrir Alþingi, að hún ætli að minnka niðurgreiðslurnar á vöruverði um 92 millj. kr. Auðvitað hefur ríkisstj. vitað það, að verðið á þessum vörum, sem átti að minnka niðurgreiðslurnar á, hlaut að fara upp. Það hlaut að auka á dýrtíðina í landinu. Ríkisstj. var ekki að leggja þetta til til að minnka niðurgreiðslurnar, vegna þess að ríkissjóður þyrfti á þessu að halda. Afkoma ríkissjóðs var góð. Tekjur höfðu þar farið langt fram úr áætlun. Og til viðbótar við það, að það var svo drjúgur tekjuafgangur hjá ríkinu árið 1962, að þá var hægt að leggja álitlega upphæð inn á sparibók, þá voru allar líkur til þess, að á þessu ári yrði tekjuafgangurinn miklu meiri en árið á undan. En þrátt fyrir þessa afkomu ríkissjóðs var sem sagt ríkisstj. á því, að rétt væri að hætta þessum niðurgreiðslum upp á 92 millj. kr., hækka verðlagið í landinu. Og vegna hvers? Af því að hún hafði gert sér grein fyrir því, að verðlagið stóð ekki í neinum beinum föstum tengslum við kaupgjaldið, þó að vísitala verðlagsins færi upp, þá átti kaupgjaldið ekki að fá að fara upp á eftir. En hún gleymdi bara að gera sér grein fyrir því, að um leið og verðlagið hækkaði á þennan hátt, hlutu kröfur um hækkað kaupgjald að koma á eftir.

Nei, það var sannarlega ekki rétti tíminn nú á s. l. hausti að taka ákvörðun um það að hækka verð með minnkuðum niðurgreiðslum. Það var alveg á sama hátt, að það var ekki réttur tími nú á s. l. hausti af ríkisstj. að heimila skipafélögunum, sem annars bjuggu við góða afkomu, skipafélögum þeim, sem flytja vörur til landsins, að hækka flutningsgjöld sín eftir því, sem stjórnendur skipafélaganna töldu sér hagstæðast. Slík heimild auðvitað verkar þannig, að vöruverð fer hækkandi og vandinn, sem við er að glíma, eykst.

Í þessum efnum á auðvitað ríkisstj. auðvelda leið til. Hún getur gert ráðstafanir til þess að lækka verðlag til þess að draga úr kostnaði. Hún gæti t. d. lækkað vextina í landinu. Um það er ekkert að villast, það getur hún gert. Og með því gæti hún unnið að lækkandi verðlagi í mörgum greinum. Ríkisstj. hefði líka fyllilega efni á því að afnema söluskattinn, 3% söluskattinn, sem nú er í gildi. Afkoma ríkissjóðs er þannig, að hann getur það. Það mundi þýða a. m. k. 3% lækkun á verðlaginu í landinu. En það sem sagt virðist nú ekki hafa verið stefna hæstv. ríkisstj. að vinna að því að halda verðlaginu í skefjum í landinu, heldur hitt, að halda launum láglaunafólksins í landinu föstum.

Hæstv. ríkisstj. segir nú þessa dagana, að krónan sé ekki fallin. Það má nú öllu nafn gefa auðvitað. Verðgildi krónunnar hefur í tíð núv. ríkisstj. gerbreytzt. Um það er ekkert að villast. Ef hagstofan segir okkur það, að í tíð núv. ríkisstj. hafi meðaltalsverð á matvörum í landinu hækkað um 75%, þá hefur auðvitað verðgildi krónunnar stórkostlega rýrnað. Um það er ekkert að villast, að krónan hefur verið að falla jafnt og þétt að undanförnu að verðgildi til,

og hún heldur áfram að falla að verðgildi, ef ríkisstj. skiptir ekki um stefnu í þessum efnum í meginatriðum. Mér sýnist, að þetta frv. sýni það og sanni, svo að ekki verður um villzt, að ríkisstj. er gersamlega ráðþrota í þeim vanda, þar sem hún stendur nú. Hún veit í rauninni ekki sitt rjúkandi ráð. Hún veit ekkert, hvað hún á að gera. Fyrir nokkru boðaði hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðu hér á Alþingi, að ráðstafana ríkisstj. til lausnar þessum efnahagsmálavanda væri að vænta alveg næstu daga, og svipaða yfirlýsingu gáfu aðrir ráðh. við önnur tækifæri. Og satt að segja hélt maður, að ríkisstj. væri búin að gauka saman einhverjum till., sem mundu koma hér fram og væru a. m. k. frá hennar hálfu lausn á vandanum. En svo kemur ríkisstj. nú eftir allan þennan tíma og leggur fram frv., sem hún segir sjálf að sé aðeins frestur, hún þurfi að fá frest í tvo mánuði til þess að hugleiða málið. Þetta sannar, svo að ekki verður um villzt, að ríkisstj. hefur enga stefnu í dag. Hún veit ekkert, hvað hún á að gera. Hún er að þreifa fyrir sér, hvort hún t. d. geti komizt upp með það að binda allt kaupgjald með lögum við það, sem er í dag, hún er að athuga, hvort það muni ganga. Færi svo, að launþegasamtökin í landinu beygðu sig algerlega fyrir þessari lagasetningu, þá er auðvitað alveg gefið mál, þá geta allir séð, hvert verður framhaldið. Þá verða brbl., sem gefin verða út í jan., ákaflega einföld, því að þau verða aðeins um það að framlengja þessa stöðvun á kaupgjaldinu.

En fari nú svo, sem allar líkur benda til, að það fari fáir eftir þessum lögum í framkvæmd, atvinnurekendur haldi áfram að semja og þeir haldi áfram að greiða kaup, sem er meira í samræmi við þarfir dagsins í dag, og að þessi lög verði raunverulega eins og hvert annað pappírsgagn, þá er ég fyrir mitt leyti ekki heldur í neinum vafa um það, hvað er efst í huga ríkisstj. að gera. Þá kemur hún um áramótin og segir: Ja, þjóðin hefur ekki viljað fara eftir því, sem ég hef lagt til, eftir mínum ágætu ráðum, og þá er ekkert annað að gera heldur en samþykkja eina gengislækkunina enn. — Það er nefnilega búið að ákveða það, að önnur hvor þessi leið skuli farin, hvernig svo sem allt veltist. Annaðhvort skal binda kaupið með hliðstæðri lagasetningu og þessari eða, ef það gengur ekki, þá skal gengislækkuninni dembt yfir og öðrum kennt um.

Það væri auðvitað freistandi að víkja nokkuð hér í sambandi við umr. um þetta mál að stöðunni í efnahagsmálunum almennt og því, sem fram hefur komið frá hæstv. ríkisstj. í þeim efnum. Ég skal nú gera það hér í stuttu máli. Ég vil þá fyrst rifja upp, að ríkisstj. sagði í júnímánuði s. l. sumar, að allt væri hér í efnahagsmálum okkar í bezta gengi. Þá munum við, að mikið var af því gortað, að gjaldeyrisvarasjóður landsins væri kominn í 1200 millj. kr. Þá var mikið um það talað, að sparifjáraukningin í landinu færi sífellt vaxandi. Og þá var ekkert úr því dregið, að hinn mikli árangur viðreisnarinnar leiddi nú til þess, að hægt væri að bæta kjör opinberra starfsmanna og annarra starfsstétta í landinu. Þá var bent á mikla framleiðslu, og ekki var gleymt að benda á frjálsa verzlun og frelsið í öllum framkvæmdum og að mikið fé væri nú lagt til íbúðarhúsabygginga. Þá var sem sagt allt í stakasta lagi. En svo liðu aðeins örfáir mánuðir, 4 mánuðir eða svo, og þá fóru stjórnarblöðin að skýra frá því, að mikill háski væri á ferðum. Seðlabankinn gaf út aðvörun og tók upp á því að refsa viðskiptabönkunum með 18% vaxtakjörum til þess að knýja þá til þess að lána út minna fé en þeir höfðu gert. Og svo fóru að koma tilkynningar um það, að gjaldeyrisvarasjóðurinn færi nú minnkandi, fyrirsjáanlegur væri stórfelldur halli í vöruskiptum landsins, og tilkynningar fóru að koma um það, að bæði fjárfesting og neyzla hefði farið langt fram úr öllum áætlunum.

Nú er það svo, að þetta lá fyrir í júnímánuði næstum allt. Það var hægt að segja frá þessu, ef menn vildu segja satt, einnig í júnímánuði, því að frá júní og fram í september urðu ekki í þessum efnum neinar verulegar breytingar. Það var sem sagt að koma í ljós á þessu ári miklu betur en áður, að sjálfvirka kerfið ríkisstj. í efnahagsmálum fékk ekki staðizt. Ríkisstj., sem sagðist hafa tekið upp ákveðna og stranga stefnu varðandi peningamálin í landinu og varðandi stefnuna í fjármálum, varð sem sagt að viðurkenna það, að þetta sjálfvirka kerfi hennar væri ekki í lagi. Það var sem sagt opið eftir sem áður, að innflutningurinn á vörum til landsins gæti orðið allt of mikill, að fjárfestingin gæti orðið allt of mikil og að fjárfestingin færi einnig í ýmsar þær greinar, sem væri þjóðinni óhagstætt þrátt fyrir sjálfvirku reglurnar, sem hafði verið látið svo mikið af áður. Það var sagt, að sparifjárbindingin mikla væri alveg óhjákvæmileg, til þess að þjóðin gæti eignazt gjaldeyrisvarasjóðinn, og meira að segja eru sumir ráðh. að halda því fram enn, að það sé nauðsynlegt að auka á sparifjárbindinguna í Seðlabankanum vegna stöðu bankans. En reynslan sýndi aftur á móti, að þessi auknu fjáryfirráð Seðlabankans, þessi aukni inndráttur á fé hafði beinlínis leitt til þess, að meira og meira af sparifé landsmanna var látið ganga til verzlunarinnar, svo að hægt væri að halda uppi þessari frjálsu verzlun.

Skýrslur bankakerfisins sýna það, að árið 1961 fékk verzlunin í landinu — og það var fyrst og fremst innflutningsverzlunin — meira af sparifjáraukningunni til sín heldur en landbúnaður og sjávarútvegur og iðnaður til samans, og nákvæmlega sams konar þróun varð á árinu 1962, þá varð þróunin aftur sú, að verzlunin fékk meira til sín af sparifjáraukningunni í landinu heldur en hinir þrír aðalatvinnuvegirnir til samans. Útlánin til verzlunarinnar jukust meira en til allra hinna. Og á 7 fyrstu mánuðum þessa árs, 1963, varð þróunin enn sú sama. Á sjö fyrstu mánuðum ársins varð þróunin þessi, að af útlánaaukningunni hjá bönkunum jókst útlánaaukning hjá verzluninni um 234 millj., en hjá landbúnaði um 36.9 millj. og hjá sjávarútvegi, sem þó hrúgaði upp birgðum í landinu, um 199 millj. Verzlunin gleypti sem sagt langmest af fénu til sín, eins og hún hafði

gert á undanförnum árum. Verzlunin var því ekki aðeins að soga til sín sparifé þjóðarinnar í ríkara mæli með hverju ári, sem leið, heldur hafði hún einnig fengið leyfi stjórnarvaldanna til þess að taka lán erlendis með öðrum kjörum en aðrir fengu rétt til. Verzlunin fékk leyfi til þess að taka erlend lán með lægri vaxtakjörum en giltu í landinu sjálfu, til þess að hún gæti flutt inn vörur í ríkara mæli en verið hafði. Þetta var allt saman gert til þess, að hægt væri um hríð að halda uppi hinni svonefndu frjálsu verzlun. Svo auðvitað var ekki hægt að fela þetta öllu lengur. Það fór að koma að skuldadögum. Og þá var það, sem ríkisstj. fór að verða hrædd við þessa þróun og gera sínar gagnráðstafanir.

Nei, reynslan hefur auðvitað sýnt það, svo að ekki verður um villzt, að það stjórnleysi, sem ríkt hefur í innflutningsmálum landsins, fær ekki staðizt. Stjórnleysið, sem ríkt hefur í fjárfestingarmálum í landinu, fær ekki heldur staðizt. Það er alveg óhjákvæmilegt að taka upp fasta og ákveðna stjórn í þessum efnum, gera sér fyrir fram grein fyrir því, hvað er nauðsynlegt og hvað þarf að gera og hvað það er, sem verður að bíða. En hæstv. ríkisstj. vill a. m. k. enn ekki viðurkenna þessar staðreyndir. Hún játar að vísu, að innflutningurinn hafi orðið allt of mikill og fjárfestingin hafi orðið allt of mikil. en enn þá segir hæstv. viðskmrh. hér í þessum umr., að ástæðurnar til þess, að fjárfesting einstaklinga hafi orðið allt of mikil nú á þessu ári, og ástæðurnar til þess, að neyzla þjóðarinnar hafi orðið of mikil, séu þær, að of miklar kaupgjaldshækkanir hafi átt sér stað. Það er sem sagt þessi venjulega uppsetning, afskaplega einföld uppsetning, þegar þjóðin kaupir of mikið af vörum til landsins eða þegar ráðizt er í of miklar framkvæmdir, þá hefur þjóðin of mikið kaup, eins og það er orðað, og nú er ekkert annað að gera en lækka kaupið til þess að draga úr þessum kaupmætti.

En það er eins og menn gleymi því, að það eru til aðrir aðilar, sem ekki eru á neinu venjulegu umsömdu eða skráðu kaupi, sem líka hafi kaupmátt. Það er talað um mikla hættu af því, ef sjómenn á einu síldveiðiskipi fái of mikið kaup í hendur, vegna þess að þeirra aflahlutur hefur reynzt góður. En hvernig lítur það dæmi raunverulega út í framkvæmd? Við skulum hugsa okkur venjulegan síldarbát með 10 manna áhöfn, og við skulum hugsa okkur það, að hver skipverji þar fái 20 eða 30 þús. kr. meira en venjulegt er. Út til þessarar skipshafnar gæti því farið kaupmáttur upp á 200—300 þús. kr. Vissulega heimtar þessi aukni kaupmáttur vörur í landinu, það er rétt. En um hitt er ekki talað, að útgerðin sjálf getur labbað með frá borði miklu hærri upphæð en þetta, ef vel gengur. Og hvað verður um það fé? Þurfa ekki að vera neinar vörur í landinu til þess að mæta eftirspurn þess? En svipaða sögu er að segja um annan atvinnurekstur í landinu. Þegar iðnaðurinn græðir stórkostlega, eins og hann hefur gert í ýmsum greinum á undanförnum árum, þegar verzlunin í landinu græðir stórkostlega, eins og innflutningsverzlunin hefur gert, þá vitanlega hafa þessir aðilar rétt til þess að ráðstafa þessu fé, og þeirra fé verður einmitt meira eftir því sem hið almenna kaup er fært niður, og það getur því farið þannig fyrir hagfræðingunum, sem á þennan hátt hugsa, að leiðin til þess að minnka kaupmáttinn sé að lækka launin, að þeir standi ekki vitund nær sínu marki varðandi kaupmáttinn hjá þjóðinni sem heild eftir sínar ráðstafanir.

Nei, þessi mál snúa þannig við, að um það er ekkert að villast, að hinn almenni launþegi í landinu hefur farið halloka á undanförnum árum í þeirri þróun, sem orðið hefur í kaupgjalds- og kjaramálum og verðlagsmálum. Verðlagið í landinu hefur hækkað miklu meira en kaup hins almenna launþega hefur hækkað. Því er það engin leið út úr vandanum, sem nú er við að glíma, að ætla enn einu sinni að lækka kaup þeirra, hinna almennu launþega. Það á þvert á móti að viðurkenna staðreyndir og leyfa þeim láglaunuðu í landinu að fá kauphækkun, sem fyllilega svarar til þeirrar verðhækkunar, sem átt hefur sér stað, og til þeirra annarra kauphækkana, sem fram hafa farið í landinu.

Ég held, að það, sem hefur verið að gerast í efnahagsmálum þjóðarinnar að undanförnu, sé þess eðlis, að enginn ætti að þurfa að efast um það lengur, að sú stefna, sem farin hefur verið á undanförnum árum í efnahagsmálum, er röng. Hún fær ekki staðizt. Hún leiðir til sífellt meiri og meiri vanda. Og leiðir ríkisstj. til þess að fást við vandann, sem byggðar eru á því að leysa vandann í sífellu á kostnað launastéttanna, þær leiðir leysa ekkert vandamál. Það er því mín skoðun, að um leið og skipt er um stefnu, sem er vitanlega orðið óhjákvæmilegt að gera í efnahagsmálunum, þá þurfi stjórnarvöld landsins að gera sér grein fyrir því, að fyrsta atriðið í hinni nýju stefnu á að vera það, að ríkisstj. landsins reyni að komast að samkomulagi við launastéttirnar í landinu um, hvað hægt sé að gera, og auðvitað á þeim grundvelli, að kjör þeirra, sem hafa verið skert á undanförnum árum, verði nú bætt. Ég held, að þetta sé grundvallaratriðið, sem taka þurfi upp, fyrir nýrri stefnu. En þetta grundvallaratriði brýtur einmitt það frv., sem hér er lagt fram.

Það er greinilegt, að þegar ríkisstj. velur þá leið, sem felst í þessu frv., þá velur hún einmitt þá leiðina, sem launþegasamtökin í landinu telja sér fjandsamlegasta af öllu. Ríkisstj. hlýtur að fá öll launþegasamtök í landinu á móti sér, þegar hún velur þessa leið. Þetta er því ekki nein samkomulagsleið. Þetta er árekstraleiðin, sú sama, sem farin hefur verið að undanförnu. Og það er vitanlega alger misskilningur hjá hæstv. forsrh., ef hann heldur, að það sé framkvæmanlegt, sem hann sagði hér í umr. í dag um þetta mál, að nú, þegar búið er að lögfesta þetta frv., þá geti hafizt eðlilegar umr. innan og utan þings, m. a. við launþegasamtökin, um það, hvernig eigi að taka á þessu vandamáli. Hann er þvert á móti með því að kasta þessu frv. fram og ætla að framkvæma málið á þann hátt, sem hér er lagt til, að girða fyrir allt eðlilegt samkomulag á milli ríkisstj. og launþeganna í landinu. Hann er að spilla samkomulagsmögu-

leikunum. Og það vitanlega rekur hann út í það á eftir að reyna áframhaldandi leiðir til lausnar á vandanum, sem verða fjandsamlegar alþýðusamtökunum í landinu og fá vitanlega sömu útreiðina, eins og þetta hefur allt fengið.

En því er auðvitað svarað, að það sé ekki hægt, úr því sem nú er komið, þá sé ekki hægt að hækka laun t. d. verkafólks, vegna þess að útflutningsframleiðslan þoli ekki frekari kauphækkun en orðið er. Hæstv. ríkisstj. veit mætavel, að þetta er ekki rétt. Hún á tiltölulega mjög auðvelda leið til þess að bæta hag útflutningsframleiðslunnar. Á það höfum við Alþb.-menn bent hér þing eftir þing. Það er hægt að gera ráðstafanir til hagsbóta fyrir útflutningsframleiðsluna, sem gerðu henni kleift að standa undir mun hærra kaupgjaldi en hún getur staðið undir í dag. Það er rétt, að það er hægt að létta af útflutningsgjaldinu, sem nú hvílir á sjávarafurðunum öllum. Það er hægt að létta þessu útflutningsgjaldi af að langmestu leyti. Þetta útflutningsgjald er nú 7.4%. Ég var nýlega á fundi, þar sem hraðfrystihúseigendur ræddu um sín mál. Þar kom fram í ræðu hjá einum af aðalforsvarsmönnum hraðfrystihúsanna, að hann metur þetta útflutningsgjald þannig, að það samsvari 30% launhækkunum, þessi skattur, sem hvílir á útflutningsframleiðslunni, jafngildi raunverulega 30% af öllum vinnulaunagreiðslum hjá meðalfrystihúsi. Það er mín skoðun, að það samvari heldur meira, að það séu full 35%, en það skiptir ekki máli. Það er miðað við þá reikninga, sem lagðir hafa verið til grundvallar. En þessi aðaltalsmaður frystihúsanna benti á, að þetta gjald, sem útflutningurinn verði núna að bera, jafngildi svona miklu kaupi. Það er enginn vafi á því, að það er hægt að létta þessu gjaldi af útflutningnum að verulegu leyti.

Nú er sagt, að allmikið af þessu gjaldi renni í sérstakan sjóð til þess að standa undir vátryggingarkostnaði fiskiskipa. Það er rétt, það gerir það. En það væri auðvelt fyrir ríkið að taka að sér vátryggingu fiskiskipaflotans með miklum mun lægra iðgjaldi en nú er lagt til grundvallar. Í þeim efnum gætum við farið svipaðar leiðir og Norðmenn hafa farið og hér hafa verið stundum ræddar á Alþingi áður, og okkur ætti ekki að vera vorkunn í því að ná því marki, að vátryggingarkostnaður okkar yrði ekki miklu meiri en þeirra.

Það er líka hægt að létta verulega undir með útflutningsframleiðslunni með því að lækka vexti. Vextirnir hvíla núna á útflutningsframleiðslunni í mörgum greinum. Þeir vitanlega hvíla á afurðaframleiðslunni sjálfri í formi afurðalána, og vextirnir hvíla líka á hinum nýju og dýru skipum, því að stofnlánavextirnir hafa í tíð núverandi ríkisstj. verið stórhækkaðir. Og það væri auðvelt mál að lækka þessi útgjöld hjá útflutningsframleiðslunni mjög verulega, án þess þó að vextirnir væru færðir lengra niður en við þekkjum dæmi til um hér í nágrannalöndunum.

Það væri einnig hægt að létta undir með útflutningsframleiðslunni með því að afnema hreinlega tolla á ýmsum vörum, sem útflutningurinn byggir á eða þarf að nota. Það er ástæðulaust með öllu, að ríkissjóður sé að afla sér sérstakra tekna á þann hátt að tolla í rauninni sjálfa útflutningsframleiðsluna. Það er því hægt að gera ráðstafanir til þess að gera útflutningsframleiðslunni kleift að standa undir talsverðri kauphækkun.

Auk þess er svo auðvitað hægt líka að gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem mundu jafngilda beinni kauphækkun fyrir almennt verkafólk í landinu.

Þá er óhjákvæmilegt, að ríkisstj. taki upp nýja stefnu í innflutnings- og fjárfestingarmálum, stefnu, sem miðar að því, sem við Alþb.-menn höfum gert hér um till. ár eftir ár, þ. e. að taka upp stjórn á okkar þjóðarbúskap, meiri eða minni áætlunarbúskap, þar sem t. d. fjárfestingin í landinu væri framkvæmd eftir fyrir fram gerðri áætlun í öllum aðalatriðum. Það á vitanlega að hætta slíkri gjaldeyrissóun eins og átt hefur sér stað á þessu ári í sambandi við innflutning á bílum. Það nær vitanlega engri átt að eyða jafnmiklum gjaldeyri og nú hefur verið gert á þessu ári í slíkan innflutning.

Þá er eitt atriði enn, sem alveg er nauðsynlegt að upp sé tekið í nýrri efnahagsmálastefnu, þegar glímt er við þessi vandamál, en það er að breyta stefnunni í húsnæðismálum þannig, að gert sé ráð fyrir, að hægt sé að fá lán til íbúðarhúsabygginga með hóflegum vaxtakjörum, svipuðum þeim og þekkjast í nágrannalöndum okkar, t. d. með 2—3% vöxtum og þar sem lánin séu veitt til nokkuð langs tíma, til t. d. 50, 60 eða 70 ára. Sá háttur að veita lán til íbúðarhúsabygginga, eins og hér hefur verið gert, með 8—9% vaxtakjörum og til 15—20 ára, slík stefna leiðir það af sér, að útgjöld almennings verða svo mikil í húsnæðiskostnað, að óhjákvæmilega verður um að ræða kröfur um hækkað kaup til þess að geta staðið undir þessum útgjaldalið. Á þetta höfum við Alþb.-menn bent hér þing eftir þing og flutt um það till. Og auk þessa á svo ríkissjóður beinlínis að lina nokkuð á sinni skattheimtu í því formi, sem hún hefur verið nú, til þess að reyna að stuðla að því, að verðlag í landinu þurfi ekki að hækka eða geti jafnvel lækkað. Þannig ætti t. d. að leggja niður hinn almenna söluskatt og lækka tolla á ýmsum nauðsynjavarningi. Afkoma ríkissjóðs leyfir þetta. En auk þess er svo einfalt fyrir ríkið að afla sér tekna eftir öðrum leiðum, sem ekki mundu hafa sömu áhrif á verðlagsmálin í landinu almennt.

Það er löngu kunnugt mál, að nú sleppa undan skattlagningu mjög stórar fjárfúlgur á hverju ári, einmitt af tekjum þeirra aðila í landinu, sem hafa hæstu tekjurnar. Það vita allir, að þær reglur, sem í gildi eru um skattaframtöl hjá öllum þeim, sem hafa einhvern rekstur með höndum, þær reglur eru þess eðlis, að tekjurnar geta varla skilað sér allar á framtölunum, og það er a. m. k. í sárafáum tilfellum, að framteljendur eru svo heiðarlegir, að þeir telji þær nákvæmlega rétt fram. Það er sem sagt heimilað nú að telja til útgjalda í rekstrinum ýmsa þá hluti, sem vafasamt er að leyfa til frádráttar, og ekkert eftirlit er haldið haft með, hvort útgjaldaliðirnir eru réttir,

eins og þeir koma fram á framtölunum. Ef ríkið herti nokkuð á sínu skattaeftirliti, þá er ég ekki í nokkrum vafa um það, að ríkið gæti aflað sér tekna mjög auðveldlega í staðinn fyrir það, sem ríkissjóður tapaði með því að fella niður söluskattinn, og fyrir það, sem ríkissjóður kynni að tapa með því að lækka tollana á ýmsum nauðsynjavörum.

Þá væri heldur ekkert úr vegi, að ríkissjóður hirti til sín verzlunarhagnaðinn af t. d. verzlun með alls konar lúxusvörur.

Ég held, að ef farið væri inn á þessa braut í meginatriðum varðandi lausn efnahagsmálanna og reynt væri að vinna á þessum megingrundvelli, að ríkisvaldið leitaði eftir samkomulagi og samningum við launþegasamtökin í landinu, þá held ég, að hægt væri að kippa mörgu því í lag, sem nú fer aflaga. En ég hef enga trú á því, að ríkisstjórninni takist fremur nú en áður að leysa þennan vanda, sem að steðjar, á kostnað launþeganna í landinu einhliða.

Ég held, að það geti ekki öðruvísi farið en svo, að verkafólk mæti þessari lagasetningu þannig, að það brjóti lögin á einn eða annan hátt á bak aftur, á einn eða annan hátt verði stigið yfir lögin. Þegar atvinnurekendur fara að standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að ýmsir starfsmannahópar vinna ekki fyrir gamla kaupið, heimta það kaup greitt, sem þeir hafa sett upp kröfur um, þá held ég, að jöfnum höndum byrji atvinnurekendur að borga hið nýja kaup eða þá að þeir stöðva allan rekstur, og það væri auðvitað verst fyrir þjóðarbúið, en þau lög, sem sett verða skv. þessu frv., hafa þá ekki neitt gildi. Ríkisstj. hlýtur að vita það mætavel, að ástandið á vinnumarkaðnum er þannig nú, að í fjöldamörgum greinum er ekki farið eftir gildandi kjarasamningum, þar er um miklar yfirborganir að ræða. Atvinnureksturinn hefur beinlínis viðurkennt það í framkvæmd, að kaupið sé skráð of lágt, og er þegar farið að borga umframgreiðslur. Þetta held ég, að haldist áfram þrátt fyrir þessa lagasetningu. Það er hins vegar talsverð hætta á því, ef á að bíða með raunhæfar aðgerðir í þessum málum um tveggja mánaða tíma, að sumar greinar útflutningsframleiðslunnar kunni að komast í vanda. Mér er það alveg ljóst, að sumar greinar útflutningsframleiðslunnar geta átt erfitt með að öllu óbreyttu að greiða t. d. 40 kr. um klukkutímann fyrir venjulega dagvinnu verkamanns. Það getur því farið svo, að vissar greinar útflutningsframleiðslunnar stöðvist. En hitt er víst, að t. d. byggingarvinna hér í Reykjavík heldur áfram að borga það, sem hún hefur borgað að undanförnu, 40—50 kr. um tímann. Og hitt er mér líka ljóst, að síldarsaltendurnir á Austurlandi, sem hafa í allt haust borgað 35—40 kr. fyrir dagvinnutímann, halda áfram að gera það, hvað sem stendur í þessum lögum. Þeir fáu vinnuhópar, sem enn eru knúnir til þess að vera á hinu óraunhæfa gamla kaupi, knýja fram umframgreiðslur eða þá þeir hverfa af vinnustöðvunum og vinnustöðvun verður með þessum hætti í framkvæmd. Eftir situr svo hæstv. ríkisstj. með lögin sín og getur skoðað þau, en þau sem sagt hafa í rauninni ekki náð neinum tilgangi frá hennar hálfu.

Ég vil svo segja að lokum þetta: Ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að taka til endurskoðunar flutning þessa frv., íhuga málið að nýju, eftir að hún hefur nú heyrt og fær eflaust að reyna á næstu dögum, hvaða undirtektir þetta frv. fær. Ég vil skora á hana að taka upp önnur vinnubrögð en mörkuð eru með þessu frv., beygja sig fyrir staðreyndum, sýna nú hyggindi og taka upp samningaþráðinn, þar sem hann var slitinn.

Við Alþb.-menn mótmælum slíkri lagasetningu sem hér er gert ráð fyrir skv. þessu frv. Við teljum hana rangláta og hættulega, og við bendum á, að það eru engar líkur til þess, að slík lög fái staðizt í framkvæmd. Við höfum gert kröfu um það, að útvarpsumr. fari fram um þá vantrauststill., á meðan afgreiðsla þessa máls stendur hér yfir í þinginu. Umr. um vantraustið hljóta að verða um efnahagsmálastefnu ríkisstj. sem heild og þá alveg sérstaklega það, sem hún er að gera í efnahagsmálunum með flutningi þessa frv. Við álítum, að ríkisstj. eigi að mæta til umr. um þessi mál, eins og nú er komið, og standa fyrir máli sínu þar frammi fyrir allri þjóðinni. Það er enginn vafi á því, að um allt land er nú mikið talað um þessi mál og þetta frv., sem hér er flutt, og sú lagasetning, sem á eftir á að koma, varðar vitanlega mikið hagsmuni fólks um allt land.

Ég vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. skorist ekki undan því að ræða þessi mál í heild frammi fyrir þjóðinni nú, einmitt á meðan málið liggur hér fyrir Alþingi eða áður en frv. verður lögfest. En geti ríkisstj. ekki fallizt á það að hraða á þann hátt umr. um vantraustið, þá munum við krefjast þess, að útvarpsumr. verði hafðar um afgreiðslu þessa máls, en til þess eigum við einnig rétt. Hitt sýnist mér eðlilegt, að samkomulag geti orðið um það, að einar útvarpsumr. fari fram, sem verða þá jafnframt umr. í alþjóðaráheyrn um þetta mál og um efnahagsmálastefnu ríkisstj. í heild.

Ég lýk svo þessum orðum mínum með því að endurtaka áskorun mína til ríkisstj. að athuga nú betur sinn gang í þessum efnum og flana ekki út í það forræði, sem hún stefnir á með því að ætla að gera þetta frv. að lögum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef á þessu hausti orðið reynslunni ríkari af nokkru samstarfi við hæstv. ríkisstj. Ég hef, eins og mörgum er kunnugt, síðan Alþingi kom saman átt nokkra viðræðufundi við hæstv. forsrh., að mér skilst við hann sem milligöngumann milli ríkisstj. og fyrst og fremst verkalýðssamtakanna. Ég ætla ekki að gefa hv. Alþingi skýrslu um þessar viðræður, en ég ætla aðeins að segja það, að þessar viðræður fóru fram milli okkar, bæði þegar við töluðum saman fleiri, þá fóru þær fram í fullum trúnaði og fullri vinsemd, og ég gat ekki annað skilið á hæstv. forsrh. en hann vildi tvennt gera með þessum viðræðum: hann vildi gagnvart verkalýðshreyfingunni játa það fyllilega, að nú væri svo komið málum, að ríkisstj. væri í miklum vanda stödd, að í efna-

hagsmálum þjóðarinnar væri illa komið, og enn fremur vildi hann játa ýmiss konar orsakir til þess, að svo væri komið. Þegar þessi viðtöl fóru fram, höfðu vissulega engar kauphækkanir eða kaupbreytingar átt sér stað á síðustu mánuðum hjá verkalýðshreyfingunni.

Það er síðast frá því að segja, að á liðnu vori höfðu verkalýðsfélögin ákveðið að reyna að ná nýjum samningum um hækkað kaup, af því að þau töldu sig geta sannað það, að tekjur verkafólks hefðu farið minnkandi í hlutfalli við þjóðartekjur og þau ættu þess vegna rétt á því að bæta kjör sinna meðlima. En þá gekk hæstv. ríkisstj. í það, að verkalýðshreyfingin slíðraði vopnin um sinn og gæfi frest til þess að krefjast þeirra launabóta, sem hún taldi sig eiga rétt á. Og þetta var gert. Þessi frestur var gefinn til 15. okt. í haust. Til hvers átti að nota þennan tíma? Vitanlega áttu stjórnarvöldin að nota þennan tíma í samstarfi við atvinnurekendur til þess að undirbúa það, að hægt væri að mæta verkalýðssamtökunum við samningaborð þann 15. okt. og eigi síðar til þess að ráða fram úr launamálum verkalýðshreyfingarinnar. En hafði þetta verið gert? Nei, þetta hafði alls ekki verið gert. Í staðinn höfðu hæstv. ráðherrar farið eins og fjaðrafok út um allan heim, mest til að skemmta sér, og höfðu lagt ábyrgðina til hliðar, og svo var allt í vanda, þegar hinn gefni frestur var liðinn.

Ég játa það, að ég taldi, að viðræður hæstv. forsrh. væru af fullum heilindum, að hann vildi samráð við verkalýðshreyfinguna um lausn vandans, og ég taldi mig sannfærðan um, að það yrði ekki gripið til fantabragða og ekki til ofbeldislöggjafar rétt á eftir. Mig óraði ekki fyrir því fyrr en nú fyrir nokkrum dögum, þegar hæstv. forsrh. kallaði mig og tvo aðra þingmenn, forustumenn í stórum verkalýðsfélögum, á sinn fund og sagði þá, að hann gæti að vísu ekki gefið okkur upplýsingar um, hver yrðu úrræði ríkisstj. í launamálunum, en þó fengum við að skilja, að það stæði til innan fárra daga að setja þvingunarlöggjöf um lögbindingu kaups, og við fengum hugmyndir um það, að þetta ætti fyrst um sinn að verða til tveggja mánaða.

Þegar við höfðum fengið þessa vitneskju, þá held ég, að það sé rétt frá skýrt, að við létum hæstv. forsrh. fyllilega á okkur skilja, að við teldum þetta misráðið og við teldum þetta ekki óskylt hnífstungu í bakið. Hann sagði, að sér þætti leitt, ef við teldum á einhvern hátt ódrengilega að okkur farið. En við bættum við: Við teljum miklu ráðlegra, að ríkisvaldið og verkalýðshreyfingin leggi nú nótt við dag í vinnu næstu viku eða tíu daga, kannske hálfan mánuð, til þess að leysa málin með friðsamlegum hætti við samningaborð. Þetta var okkar tilboð, áður en flanað var inn á Alþ. með þetta ofbeldisfrv., sem hér er til umr. Þetta bárum við fram, þetta tilboð við hæstv. forsrh., án þess að hann óskaði þess. En það lá fyrir honum, og hann viðurkenndi það hér í ræðu í dag, að þetta tilboð hefði sér verið gert og hæstv. ríkisstj., en hann hefði hafnað því, af því að hann hefði ekki talið, að við gætum tryggt vinnufrið þennan tíma. Ég held, að við hefðum getað það. Og a. m. k. hefði það verið tryggt, ef hæstv. ríkisstj. hefði lagt sig í líma við það að tryggja vinnufrið af hendi þeirra félaga, sem eru undir stjórn ákveðinna stjórnarsinna og voru á undan öllum öðrum félögum í verkalýðshreyfingunni búin að boða verkfall og þannig að segja ríkisstjórninni, sinni eigin ríkisstj., stríð á hendur.

Það liggur því skýrt fyrir, að verkalýðshreyfingin bauð að vinna að friðsamlegri lausn þessara mála á eðlilegan hátt í næstu viku, á næsta hálfum mánuði, en því var hafnað. Á þá útréttu hönd var slegið af hæstv. ríkisstj., og hún hélt, þrátt fyrir aðvaranir trúnaðarmanna úr verkalýðshreyfingunni, áfram fyrir Alþ. þvingunarlöggjöf, sem gengur svo freklega á lýðræðisleg réttindi hins vinnandi fólks, að það er í fyrsta lagi nokkurn veginn afnumið félagafrelsið, að því er þessi fjöldasamtök í þjóðfélaginu varðar. Þessi samtök eru svipt sínum samningsrétti, og þau eru svipt réttinum til þess að gera vinnustöðvun, ef samningar ekki takast við hið frjálsa samningaborð, sem að áliti verkalýðshreyfingarinnar er dýrmætur, helgur réttur. Ég leyni því þess vegna ekki, að ég tel, að undir vinsemd og viðræðum í fullum trúnaði og fullri einlægni af okkar hendi hafi búið nokkur svikráð, sem vissulega séu ekki til þess fallin að auðvelda bróðurlegt samstarf um lausn hinna miklu vandamála milli þessarar hæstv. ríkisstj. og liðsmannanna í verkalýðshreyfingunni, það verð ég að segja. En það eitt að spilla aðstöðunni til þess að leysa þessi miklu vandamál á friðsamlegan hátt, það er ábyrgð, sem ég lýsi á hendur hæstv. ríkisstj., því að hún átti annars og betra kost.

Það kveður sífellt við úr herbúðum hæstv. stjórnar og fylgismanna hennar, að viðreisnin hafi verið blessunarrík stefna fyrir Ísland og íslenzku þjóðina, það hafi verið erfitt fyrst, svo hafi þetta gengið ljómandi vel. En nú játa að vísu allir, að allt sé upp á rönd á ný, allt farið í glundroða og vitleysu. Það kemur hver ráðh. á fætur öðrum til að játa það hér nú. Og hver er alltaf skýringin hjá þeim? Að þeir hafi átt við illt afl að etja alla sína stjórnartíð og það sé verkalýðshreyfingin, verkalýður landsins, sem þar stendur á bak við. Og það verð ég þó að segja, að eitthvað hlýtur að vera bogið við það, ef ríkisstj. landsins lendir í sífelldri glímu upp á líf og dauða við vinnustéttir þjóðarinnar. Það er ekki heilbrigt ástand og verður aldrei.

Ég vil nú þessu næst fara nokkrum orðum um það, hvað satt sé í þessum áburði hæstv. ríkisstj. í garð verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsins um það, að svo mikilli frekju hafi verið beitt í launakröfum, að ríkisstj. hafi sífellt verið í vörn fyrir þessu illa afli og ekki fengið rönd við reist. Eftir þessu ætti það að vera staðreynd, að verkafólkið hefði hækkað sitt kaup svo gífurlega, að það hefði nú miklu betri lífskjör en í byrjun þessa stjórnartímabils, að það hefði þvingað fram svo hátt kaup, að vöxtur þjóðarteknanna hefði þar

hvergi hrokkið til. Ég stenzt ekki mátið að rifja nokkuð upp viðskipti hæstv. ríkisstj., og þó raunar tveggja síðustu ríkisstj., því að það tel ég í raun og veru nokkurn veginn samfellt stjórnartímabil, stjórnartímabil ríkisstj. Emils Jónssonar, formanns Alþfl., og stjórnartímabil núv. stjórnar Ólafs Thors. Þetta tímabil byrjar í árslok 1958. Emilsstjórnin fer með völd árið 1959, og þá er tjaldið dregið frá, Emil sem forsrh. látinn fara bak við tjaldið og annar kemur fram fyrir það, hæstv. núv. forsrh. Ólafur Thors.

Þetta stjórnartímabil byrjar á því sín viðskipti við verkalýð landsins og verkalýðssamtökin, að allt kaup er fært niður með lögum. Öllum gildandi kjarasamningum verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur er rift. Ríkisstj. gerist skömmtunarstjóri í staðinn fyrir niðurstöður frjálsra samninga. Og þá verðum við að ganga út frá því, að nú hafi verið rétt skammtað, að ríkisstj. hafi nú ákveðið verkalýð landsins það kaup, sem fjárhagur ríkisins og þjóðarbúskapurinn reis undir. Forustumenn margra verkalýðssamtaka voru þá kallaðir á fund hæstv. forsrh., Emils Jónssonar, og skýrt frá þeim ráðstöfunum, sem þá stóðu fyrir dyrum í efnahagsmálum, og sérstaklega gerð grein fyrir kauplækkunarráðstöfununum — og verkalýðshreyfingin beðin að veita nú stundarfrið, því að þetta mundi verða til mikillar blessunar. Það mundi takast að stöðva dýrtíð og verðbólgu, aðeins ef kaup hækkaði nú ekki í nokkra mánuði. Hvernig brást verkalýðshreyfingin við þessari beiðni þáv. hæstv. forsrh., Emils Jónssonar? Svaraði hún neitandi? Og hvað gerði hún í verki? Hún lét kauplækkunarráðstafanir ríkisstj. Emils Jónssonar í friði, vildi láta það koma í ljós, hvort það væri mögulegt að framkvæma hans stefnu, án verulegra kauphækkana, á þann veg, að þá kæmi jafnvægi í þjóðarbúskapinn og dýrtíð yrði stöðvuð og verðbólga kveðin niður. Okkur fannst ekkert lítið til þessa koma, ef það mætti gerast, jafnvel þó að laun verkafólks hefðu þarna verið skert um 13.6% minus nokkrar aðgerðir, sem fylgdu þessum ráðstöfunum til þess að draga svolítið úr þeirri kjaraskerðingu, ef hún hefði ein verið framkvæmd út af fyrir sig.

En það var ekki liðið nema árið, og raunar þó aðeins komið fram yfir kosningar á því ári, þegar það var játað, að dýrtíðin hefði ekki verið stöðvuð og verðbólgan væri í fullum blóma og nú þyrfti að gera stórkostlegar ráðstafanir til þess að bjarga við efnahagskerfi þjóðarinnar og það dygði ekkert annað en gífurleg gengislækkun, mesta gengislækkun í sögu þjóðarinnar. Svona hafði læknisráð hæstv. forsrh., Emils Jónssonar, dugað þrátt fyrir kyrrð og ró og frið á vinnumarkaðinum. Og þetta er upphafið að viðskiptum ríkisstj. hæstv. núv. forsrh., Ólafs Thors, við verkalýðshreyfinguna. Byrjunin er gengislækkunin 1960 í marz. Hann hafði sama hátt á og hans fyrirrennari. Hann kvaddi forustumenn margvíslegra verkalýðssamtaka á sinn fund, sagði, að illt væri nú ástandið eftir þetta stjórnarár hans fyrirrennara og ekki yrði hjá því komizt að gera þessa stórkostlegu aðgerð í efnahagsmálum þjóðarinnar, gífurlega gengislækkun. Og ég man það enn, þegar núv. hæstv. forsrh. af miklum alvöruþunga bað verkalýðshreyfinguna um að veita nú grið þessum ráðstöfunum í nokkra mánuði, allt að ári, ekki lengur. Þá skyldi allt vera komið í lag, þá skyldi vera komið jafnvægi í þjóðarbúskapinn, þá hefði allt kaupgjald fengið aukið verðgildi og allir hafa það gott, skildist mér. Verkalýðshreyfingin verður ekki sökuð um það, að ekki varð betri árangur á stjórnarári Emils Jónssonar en reynslan sýndi, að það skyldi þurfa að verða fyrsta verk næstu stjórnar, sem tók við með hæstv. fyrrv. forsrh. innan borðs og meðráðh. úr hans flokki, sem voru ábyrgir fyrir árinu 1959, og þeir játuðu það í verki þar með, að svo vesælt og aumt hefði ástandið verið eftir þetta eina ár, að hin stóra gengislækkun væri óumflýjanleg nauðsyn.

Hvað gerðist á næstu mánuðum eftir gengislækkunina 1960? Fór verkalýðshreyfingin í verkföll, í ham, til þess að rífa niður þessa efnahagsmálaráðstöfun ríkisstj. Ólafs Thors? Onei, hún lofaði forsrh. engu, en hún gerði það að eira hans ráðstöfunum, og það var ekki hreyft við kauphækkunum almennt af verkalýðshreyfingunni fyrr en á miðju ári 1961. Og var gerð einhver launabylting þá? Nei, þá var samið um 10—12% kauphækkun, og það var ekki nema brothluti af þeirri kjaraskerðingu, sem hægt var að sanna að orðin væri við kaupniðurfærslu Emils Jónssonar og gengislækkun Ólafs Thors og hans ríkisstj. En þá trylltust stjórnarvöldin, og í ofsabræði út af því, að verkalýðshreyfingin skyldi loksins knýja fram kauphækkun um 10—12%, var skellt á nýrri gengislækkun, sem hefur ekki fyrr né síðar verið rökstudd á nokkurn hátt með efnahagslegum rökum, heldur hefur reynslan og vitneskjan um það, hvernig atvinnulífið gekk, og tekjurnar, sem þá komu á næstu mánuðum í þjóðarbúið, þær sýndu, að það voru engin efnahagsleg rök til fyrir gengislækkunarplaninu 1961. Það var hugsað sem lexía fyrir verkalýðshreyfinguna. Hún skyldi ekki leyfa sér að reyna að rétta sinn hlut. Hún skyldi verða að una við skömmtunarstjórn forsrh.

Og það er rétt, með gengislækkun 1961 tókst ríkisstj. að skerða laun verkamanna á ný, velta nýrri öldu dýrtíðar yfir þjóðina og rýra kaupmátt launanna, en færa bröskurum og spekúlöntum drjúgan gróða.

Alþýðusamband Íslands mótmælti, sama daginn og gengislækkunin 1961 var framkvæmd, þeirri aðgerð, mótmælti henni sem rakalausri ráðstöfun með tilliti til ástandsins í efnahagsmálum og lýsti því yfir, að hún væri hefndarráðstöfun reiðra stjórnarherra. Við héldum því fram í okkar álitum þá, að með annarri gengislækkun með nokkurra mánaða millibili væri álit þjóðarinnar stórskert inn á við og út á við. Það var ekki talinn sannleikur þá. En nú hafa tveir hæstv. ráðh. hér í dag viðurkennt, að gengislækkun komi nú ekki til greina, því að það mundi verða þungt áfall

fyrir álit þjóðarinnar út á við. Nú má ekki framkvæma hana. Ég skil hins vegar vel, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki hugrekki til að framkvæma þriðju gengislækkunina á sínum stjórnarferli. En hitt segir hún satt, að það mundi verða til stórkostlegs álitshnekkis fyrir Ísland út á við. Ég spyr: Getur nokkur maður haldið því fram, að verkalýðshreyfingin hafi á þessu tímabili, sem ég nú hef lýst, sett efnahagskerfi þjóðarinnar úr skorðum með ofsakröfum, heimtufrekju og verkfallabaráttu? Ef því væri haldið fram, þá væri staðreyndum gersamlega snúið við. Verkalýðshreyfingin sýndi þolinmæði, umburðarlyndi og hófsemd á öllu þessu tímabili til þess að láta það sjást, hvort efnahagsráðstafanir þessara tveggja ríkisstj. gætu borið árangur, — ef nokkur ró væri á vinnumarkaðinum, gæti það komið í ljós. En það var strax greinilegt, að þessi stjórnarstefna leiddi til einskis velfarnaðar, þó að verkafólkið léti á sig halla og hefði ekki uppi fullar og réttmætar kröfur.

Ég þykist með þessu, sem ég nú hef sagt, hafa sýnt fram á það, að ásakanir hæstv. ríkisstj. um, að verkalýðshreyfingin eigi sök á því, að nú sé illa komið í efnahagsmálum, eru rangar. Verkalýðshreyfingin er þar höfð fyrir rangri sök. Stjórnarstefnan, sem byggt hefur á því að grípa til gengislækkana hvað eftir annað, þegar í óefni hefur verið komið, að skera niður laun verkafólks ýmist með beinum löggjafaraðgerðum, eins og gert var í fyrra skiptið, eða með gengislækkunum, sem var bara ný aðferð til þess að framkvæma það sama, — þessar aðgerðir báru enga blessun í sér. Önnur einkenni stjórnarstefnunnar gera það ekki heldur. Okurvextirnir urðu fyrst og fremst undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar fjötur um fót. En þeir, sem ráku braskstarfsemi, sem gat gefið ofsagróða, þurftu ekkert að hika við að taka fjármagn með 9, 10 eða 11% leigukjörum. Þeir gátu það vel. En það var ekki alveg eins hagstætt íslenzkum landbúnaði. Það var ekki heldur hagstætt íslenzkum sjávarútvegi og fiskiðnaði. En um það var ekki hugsað. Það voru ekki þær stéttir, sem voru bornar fyrir brjósti af þessari hæstv. ríkisstj. Hún var stjórn braskaranna og var að hlynna að þeim vitandi vits, og hún vissi vel, að hún var að gera það á kostnað íslenzkrar sjómannastéttar og útgerðarmanna og verkalýðsins í landinu og bændanna, en það varðaði hana ekkert um. Það var með söluskatti á söluskatt ofan verið að spana dýrtíðina enn þá meira upp en gert hafði verið með gengislækkununum. Og þannig voru allir meginþættir þessarar stjórnarstefnu við það miðaðir að skapa misskiptingarþjóðfélag, þar sem framleiðslustéttir þjóðarinnar til lands og sjávar skyldu bera skarðari hlut en þær höfðu áður borið, og þessu skyldi laumað til brjóstmylkinga ríkisstj. sjálfrar, milliliðanna, sem við stundum höfum kallað afætustéttirnar í þjóðfélaginu.

Ef það væri nú rétt, að verkalýðshreyfingin hefði á öllu þessu tímabili verið of frek í kjarakröfum, launakröfum, og knúið fram of hátt kaup og valdið þannig ófarnaði í íslenzku efnahagslífi, þá hlyti kaupið í dag að vera allt of hátt. Og það er ákaflega hætt við því, að þeir menn innan verkalýðshreyfingarinnar, sem vildu efla þessa stjórnarstefnu og styðja hana, hefðu þá risið gegn þessari ofsalegu kröfupólitík stjórnarandstæðinga innan verkalýðshreyfingarinnar. En hafa þeir gert það? Nei, á hverri einustu ráðstefnu, sem verkalýðssamtökin hafa boðað til, til þess að taka afstöðu til ástandsins í launamálum, hefur niðurstaðan orðið sú sama hjá öllum, jafnt stjórnarsinnum sem stjórnarandstæðingum, enda málin fagleg, en ekki pólitísk, að kröfur yrði að gera um hækkað kaup vegna þeirrar dýrtíðar, sem á væri skollin hverju sinni, vegna þess, hversu kaupmáttur launanna hefði rýrnað, vegna stjórnaraðgerða fyrst og fremst. Um þetta var aldrei neinn ágreiningur eftir stjórnmálaskoðunum innan verkalýðshreyfingarinnar.

Ég mundi vilja spyrja: Ef stjórnarvöld landsins halda því fram, að kaupið sé nú allt of hátt, — það var víst mátulegt, þegar þeir skömmtuðu það í ársbyrjun 1959, — hvað mundu þeir þá vilja að það væri lágt núna? Hvað mundu þeir nú vilja skammta? Þið segið kannske: Það verður að vera svo lágt, að útgerðin þoli það. — Þeir hafa sent hæstv. ríkisstj. skýrslu, nokkrir útgerðarmenn, eigendur fiskiðnaðarfyrirtækja. Hvað segja þeir, að sig vanti nú mikið til þess að ná endum tekna og útgjalda saman núna, eftir 4 ára viðreisn? Þeir segja, að það þyrfti að vera 14% hærra útsöluverð á öllum þeirra afurðum. Hvað mundu þessi 14%, sem þá vantar nú, standa undir miklu af vinnulaunum? Það mundi standa undir fyllilega 56% af öllum vinnulaunagreiðslum þeirra. Þá vantar 56% til þess að geta greitt fólkinu sín vinnulaun eftir 4 ára viðreisn. Það er illt ástand. Ef þetta eru sannar tölur, þá hefur viðreisnin a. m. k. ekki fært útgerðarmönnum landsins björg í bú. Kannske það sé óskin, að laun verkalýðsins í landinu væru nú lækkuð um 56%, svo að útgerðin stæði á sléttu. Bara þetta, þetta eitt út af fyrir sig, er ærið harður dómur um niðurstöðu viðreisnarinnar, stjórnarstefnunnar eftir 4 ár.

Það hefur áreiðanlega ekki farið fram hjá hæstv. ríkisstj., hvað útgerðarmenn úr hennar röðum, menn, sem borið hafa hita og þunga dagsins í framleiðslustarfi þjóðarinnar, staðið fyrir fyrirtækjum, útgerð fiskibáta og rekstri hraðfrystihúsa, t. d. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. í Vestmannaeyjum, hafa látið frá sér heyra. Þeir hafa látið frá sér heyra það, að nú í byrjun vertíðar væri ekki girnilegra að gera út frá þessari stærstu verstöð landsins heldur en svo, að það væri æskilegt, að ríkisstj. hirti allt draslið, tæki við bátunum. Og ég held nú, að þó að mér líki ekki hæstv. forsrh. sem skipstjóri á stjórnarskútunni, þá beri ég ekki miklu meira traust til hans sem skipstjóra á fiskibát, a. m. k. ekki til þess að rétta af það, sem formennirnir í Vestmannaeyjum ráða ekki við.

Þessir menn í Vestmannaeyjum, sem ég held að séu engir fjandmenn núv. hæstv. ríkisstj., hafa sagt ríkisstj. skýrt og skorinort, hvernig

þeir telja að hafi verið búið að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, útgerðinni, og dómurinn er ekki lofsamlegur. Hafa fleiri látið heyra til sín úr þessum herbúðum, eða er þetta bara einstök rödd, rödd hrópandans? Ójá, það hafa fleiri látið til sín heyra. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hélt aukafund núna á dögunum til þess að láta sína rödd heyrast. Hún gaf m. a. frá sér þetta, að það vantaði 14% tekjur móti gjöldum. Frsm. á þeirri ráðstefnu sagði, að það mundi nú kannske einhverjum finnast það undarlegt, að hann, ákveðinn stuðningsmaður ríkisstj., gæti ekki farið lofsamlegum orðum um það ástand, sem útgerðin og fiskiðnaðurinn byggi við, heldur yrði að segja þann dapurlega sannleika, að oft hefði verið svart í álinn hjá útgerðarmönnum og fiskiðnaðinum, en aldrei eins og nú eftir 4 ára viðreisn.

Ég er alveg viss um það, að þetta hefur ekki farið fram hjá hæstv. ríkisstj., og ég held, að það sé þá ekki hægt að fá núv. hæstv. ráðh. til að hugsa alvarlega hugsun um þjóðmál, ef þeir fara ekki að leggja sig í bleyti um að reyna að finna einhver skynsamleg ráð og bæta ráð sitt, breyta um stefnu, þegar þeir fá órækar sannanir um það, að þeirra stuðningsmenn í röðum útgerðarmanna og forustumenn fiskiðnaðarins í landinu, sjómenn, verkafólk og bændur telja sig vanhaldna undir þessari stjórnarstefnu og óánægjuraddirnar berast hvaðanæva að. Það er óhugsandi, að hæstv. ríkisstj. huggi sig við það, að þetta sé allt saman undirspilað af fjandmönnum ríkisstj., sé ómaklegt, hennar stefna sé samt sem áður góð. Ef hún snýr þessu þannig, þá er hæstv. ríkisstj. óforbetranleg. Það má vel vera, að ánægjuhljóðið í ýmsum gæðingum, sem hafa auðgazt á undanförnum árum, hljómi hærra í eyrum hæstv. ríkisstj. og það sé það, sem hún telji sér nóg. Það eru stundum flutt ávörp, þakkarávörp til núv. hæstv. ríkisstj., sérstaklega til hæstv. viðskmrh., fyrir það, að hagur verzlunarinnar hafi blómgazt. Ég veit, að þetta vegur þungt hjá hæstv. ríkisstj., en ég vara hana samt við að fyllast of mikilli sjálfsánægju, þó að hún heyri eitthvað af köttum sínum mala af ánægju, því að þeirra ánægja hefur verið gerð á kostnað alþýðustéttanna í landinu.

Það fer ekki hjá því, að fólki hlýtur að finnast það undarlegt, að í vor sögðu allir stuðningsmenn ríkisstj., sem voru að tala við fólkið úti um land, ráðh. og þeirra frambjóðendur í alþingiskosningunum, að það væri alveg ljómandi gott ástand í landinu, viðreisnin hefði heppnazt með ágætum og allt væri í blóma og velsæld hjá öllum. Og síðan þetta var, síðan þessir sannleikspostular voru á ferðinni, hefur liðið eitt sumar. Og er þetta ekki eitt ægilegt hallærissumar? Hefur ekki allt brugðizt? Hlýtur það ekki að vera ástæðan til þess, að nú játa allir, að svo illa er komið, þessir sömu hæstv. ráðh. og sjálfsagt þeirra þinglið nú, sem tókst að telja fólki trú um það í vor, að allt væri í blóma, það mætti eiginlega ekki vera betra? Með griðasáttmálanum við verkalýðshreyfinguna í vor var síldveiðunum fyrir Norðurlandi borgið. Þegar verkalýðshreyfingin gekk til sátta í það sinn og frestaði sínum réttmætu kröfum til þess að bjarga síldarvertíðinni, þá varð hæstv. núv. forsrh. glaður. Það var á þjóðhátíðardaginn, eins og hann sagði áðan, og hann sagði, að nú hefðu verið gerðir gleðilegir þjóðhátíðarsamningar. Hann var svo ánægður með, að verkafólkið hafði ekki þá heimtað í sinn hlut nema 7½%. Og það var vissulega af engri óbilgirni við getu þjóðarinnar, sú kauphækkun, enda hefði hæstv. ráðh. ekki kennt þá niðurstöðu við þjóðhátíðardaginn sem gleði- og fagnaðarboðskap, ef hann hefði þá talið, að sú niðurstaða tefldi efnahagslífi þjóðarinnar í voða.

Hvernig fór svo þessi síldarvertíð, sem verkalýðshreyfingin bjargaði með hófsemd sinni? Hún fór ágætlega. Það er aðeins eitt ár í Íslandssögunni, sem hefur borið meiri síldarafla að landi. Það var sumarið í fyrra. Þetta liðna sumar er mikið síldveiðisumar, afli nokkuð misjafn, en þó fjöldi skipa með metafla, yfir 20 þús. mál og tunnur, heildaraflinn að magni til minni en í fyrrasumar, meira af honum verkað í söltun, sem skilar miklu meira gjaldeyrisverðmæti heldur en síld, sem fer í bræðslu. Lýsið hefur á heimsmarkaðinum nærri hækkað um 100%, nærri tvöfaldazt í verði. Heildarverðmæti liðinnar síldarvertíðar slagar því upp í metárið í fyrra. Enn fremur kemur það til, að á þessu ári hafa togararnir fiskað miklu betur en í fyrra. Dragnótaaflinn hefur verið með eindæmum góður. Heildarverðmæti sjávarafurða er rétt við það að vera í nýju meti. Og þannig mætti lengi telja. Þó að sumarið væri kalt og gengi þannig hart að nokkrum byggðarlögum, þá er þetta í heild gott sumar, hefur verið gjöfult til lands og sjávar. Það er ekkert slíkt hallærissumar, sem hæstv. ríkisstj. geti afsakað sig með, að þess vegna hafi nú allt farið úrskeiðis hjá henni. Það er ekki guði að kenna, að illa hefur farið í sumar. Það er valdhöfum íslenzka ríkisins, ríkisstj., að kenna og engum öðrum.

Ég hlýt að spyrja: Allt, sem var gott í vor, og allt, sem er í hörmungarástandi núna, hvenær gerðist þetta? Og hver er orsökin? Hvernig gerðist þetta? Það er mér algerlega dularfullt. En hæstv. ríkisstj. þyrfti helzt sjálfrar sín vegna að komast að niðurstöðu um þetta, því að ef það skyldi nú vera leiðum í stjórnarstefnunni að kenna, þá þarf hæstv. ríkisstj. að breyta henni, svo að þannig haldi sagan og þróunin ekki áfram, að í mesta góðæri fari allt úrskeiðis, jafnvel svo, að hæstv. viðskmrh. verður að játa, að hinn dýrmæti gjaldeyrissjóður sé að minnka, hann sé að rýrna í góðærinu, meðan verkafólkið hefur þó engar kauphækkanir knúið fram. Ekki geta það verið kröfur verkalýðsins, sem nú liggja fyrir, sem hafa sett þetta allt úr böndunum. Það er óhugsandi. Íslenzkt efnahagskerfi hrynur ekki, þó að verkalýðsfélögin leggi fram kröfur sínar, og lengra eru þau ekki komin. Þau eru ekki komin lengra en það.

Nei, sannleikurinn er sá, efnahagskerfi þjóðarinnar var komið úr böndum á vordögum, þegar gengið var til kosninga, og það var skrökvað að þjóðinni um, að allt væri í lagi. Nú er það komið í ljós, að þá var sitthvað í ólagi og að

þeir vissu það vel. Þeir hafa að vísu komizt lengra áfram á ófarnaðarbrautinni í sumar. Það er hægt að nefna nokkuð, sem leiddi til aukins ófarnaðar og er orsökin til þess, að dýrtíðarskriðan hefur aldrei tekið annað eins stökk og í sumar, að verðbólgan hefur aldrei magnazt jafnmikið á jafnskömmum tíma. Og það er í dálitlum tengslum við kosningarnar sumt af því. Það er t. d. augljóst mál, að okkar litla efnahagskerfi hefur ekki þolað enska lánið, 240 millj. kr., sem var spýtt inn í íslenzka efnahagskerfið á nokkrum vikum, í viðbót við verðbólgudæluna hérna suður á Suðurnesjum, Keflavíkurflugvöll, sem spýtir inn í íslenzka efnahagskerfið nokkrum hundruðum millj. á ári hverju, án þess að nokkurt verðmæti í framleiðslu liggi þar á bak við. Það átti líka nokkurn þátt í verðbólguþróun sumarsins, að það þótti nauðsynlegt fyrir kosningar að láta bankana vera liðlegri í lánum til hinna og þessara gæðinga, svo að þeir gætu keypt inn bíla upp á krít og annað, sem væri gott að eiga, ef krónan yrði nú enn verðminni með haustinu, sem hvarflaði óneitanlega að mörgum nánum gæðingum hæstv. ríkisstj. Og þeir miðuðu sitthvað af sínum aðgerðum við það, að það væri von fyrir þá á einni gengislækkuninni enn.

Ég hirði ekki að rekja nánar fleiri orsakir þess, að efnahagslífið hefur á liðnu sumri haldið áfram að fara úr böndunum hjá hæstv. ríkisstj. og það svo greypilega, að hún játar það nú, að svo sé komið, gjaldeyrishallinn orðinn 700 millj. kr., gjaldeyrissjóðirnir að þverra, sjávarútvegurinn þannig, að hann vill kasta sínum eignum í hendur ríkisstj., gefast upp, fiskiðnaðinn vantar 14% í útflutningsverðmætum til þess að hafa tekjur á móti gjöldum. Verkafólkið hefur ekki vinnulaun, þó að það vinni hverja einustu stund alla virka daga ársins, nema fyrir brothluta af því, sem hæstv. ríkisstj. viðurkennir í opinberum skýrslum að meðalfjölskylda verði að hafa til þess að hafa fyrir viðurkenndum útgjöldum fjölskyldunnar. Svona stendur búskapur viðreisnarstjórnarinnar í dag.

En samt sem áður, hefur nokkuð gerzt í launamálum þjóðarinnar á liðnu sumri? Jú, ábyrgir menn, útvaldir af hæstv. ríkisstj., menn með góða dómgreind og þekkingu, vinir ríkisstj., engir fjandmenn, enginn landráðalýður, þeir voru beðnir að dæma um það, hvað fólkið, sem starfaði í þjónustu íslenzka ríkisins, mætti fá í kaup. Þessi dómstóll ríkisstj. kvað upp sinn dóm rétt eftir kosningarnar. Og hann hefur náttúrlega ekki verið kveðinn upp út í loftið, slíkur dómur. Það er alveg óhugsandi, að þessir ábyrgu menn hafi ekki gluggað eitthvað í það, áður en þeir kváðu upp sinn dóm, hvað ríkisbúið þyldi nú, hvað efnahagskerfið þyldi í launagreiðslum til jafnfjölmenns hóps og alls starfsfólks ríkis og ríkisstofnana. Og ég er alveg sannfærður um, að þeir hefðu ekki kveðið upp dóm um, hver þessi laun skyldu vera til opinberra starfsmanna, án þess að hugleiða: Svo hátt kaup megum við ekki ákveða þessu fólki, að efnahagskerfið og þjóðin og atvinnuvegirnir rísi ekki undir því. Þeir hafa vitanlega ákveðið það þannig, að það væri borð fyrir báru hjá þeirra ágæta, kæra þjóðfélagi. Þetta voru nefnilega alls ekki fjandmenn þjóðfélagsins, enginn landráðalýður. Meðal þessara dómara var annar aðalefnahagsmálasérfræðingur ríkisstj., sjálfur Jóhannes Nordal. Hann getur enginn kennt við landráð. Hann getur enginn kennt við fjandskap við ríkisstj. Hann er ekki heldur kenndur við það að vera óglöggur á tölur, og hann er ekki við það kenndur að hafa ekkert vit á efnahagskerfinu. Nei, maðurinn hafði öll hin beztu skilyrði til þess að dæma rétt um það, hvað þjóðarskútan bæri í launagreiðslum til opinberra starfsmanna, og hann gerði engan ágreining. Hann var sammála meðdómendum sínum. Hvernig var þessi dómur? Þessi dómur var á þá leið, að þjóðfélagið risi undir því að borga hinum lægst launuðu í þjónustu ríkisins 20% hærra kaup en þeir áður höfðu. Jæja, 20%. Það er sjaldgæft, að íslenzk verkalýðshreyfing hafi náð fram 20% kauphækkun í einu, mjög sjaldgæft, og það hefði þótt ofsalega mikið, ef við hefðum tekið oft slík stökk. En dómurinn var nú ekki um 20% meðaltalshækkun til opinberra starfsmanna. Nei, meðaltalshækkunin er talin vera 45%. Dómararnir sögðu: Þjóðfélagið ber það, að meðaltalshækkun launa hjá opinberum starfsmönnum ríkisins verði 45%. En það þurfti að gera betur við ýmsa en í meðallagi. Og það var gert þannig, að allir hæst launuðu embættismenn ríkisins skyldu fá prósentvís meiri hækkun, eftir því sem þeir höfðu hærri laun, algerlega í anda misskiptingar þjóðfélagsins, sem hæstv. ríkisstj. hafði verið að skapa í gegnum gengisfellingar sínar og í gegnum skattapólitík sína og aðra þætti hinnar viðfrægu viðreisnar. Allt upp í 90% kauphækkun, 4 sinnum 20% hækkun og betur þó, skyldu þeir hafa, sem hæst höfðu launin fyrir. Og þetta var ekki knúið fram við verkföll af landráðalýð, heldur uppkveðinn dómur af hollustu við hæstv. ríkisstj.

Ég skal játa það, þegar ég á þeim degi, 3. júlí, þá var kjaradómurinn kveðinn upp, hafði tal af ýmsum mönnum, þá varð mér það á, að ég spurði þá eina 3 eða 4, sem ég mætti fyrst: Hvað hækkar kaupið þitt í dag við kjaradóminn? Ég mætti fyrst skólastjóra við fjölmennan barnaskóla í Reykjavík, skóla með marga kennara. Og hann svaraði: Ja, mitt kaup hækkar um 7 þús. kr. á mánuði. Jæja, það er nú eins og hálf önnur verkamannslaun, sem hann fær í kauphækkun á mánuði, hálf önnur verkamannslaun á mánuði. Já, hann var næsta glaður yfir þessu. Þetta var dómur, sem honum líkaði vel. Skömmu síðar átti ég tal við annan embættismann og spurði hann líka þessarar nærgöngulu spurningar: Hvað hækkuðu nú launin þín í dag við kjaradóminn? Hann sagði hiklaust: Nærri 8 þús. kr., eða nákvæmlega sagt 7986 kr., svolítið hærra en sá, sem ég spurði fyrst, nærri 8 þús. kr. á mánuði. (Gripið fram í: Eru kennaralaun þetta há núna?) Þetta eru engin kennaralaun, sem ég er að miða við núna. Þeir hafa fengið minni hækkun en þetta. Og svo kom ég til eins af þeim embættismönnum, sem eru í hæsta flokki með 19 990 kr. í kaup á mánuði, og spurði hann, hvað hans kaup hefði

hækkað. Mér heyrðist, að honum nærri því blöskraði. Hann sagði: Eins og þú veizt, þá er það í dag nærri helmingi hærra en það var í fyrradag.

Þetta var kveðið upp með dómi. Þetta skyldi þjóðarskútan bera. Og ég efast ekkert um það, að það hefur verið álit dómendanna, að þetta væri ekki of hátt, þessu risi íslenzkt efnahagskerfi undir, og ég hef ekki heyrt neinn úr röðum hæstv. ríkisstj. bera brigður á það. Það var viðurkennt, m. a. held ég af hæstv. viðskmrh., að þetta mundi a. m. k. þýða 200 millj. kr. í öllum launagreiðslum. Ég fagna því, að það er álit tilkvaddra dómenda ríkisstj., launadómenda, að þeir meta það svo, að þjóðfélagið beri svona laglegar kauphækkanir. En þá hugsaði ég: Er það nú hugsanlegt, þegar hlutlaus dómur hefur kveðið upp slíkan dóm, að þá verði verkamönnum svarað 15. okt.: Þið eigið ekkert að fá? Og ég sagði: Það er alveg óhugsandi. Slíkt ranglæti munu stjórnarvöld landsins aldrei taka sér í munn. — En hvað er nú að koma á daginn? Frv. til l. á Alþingi um, að verkafólkið skuli sitja með óbreytt kaup. Það er þeirra réttlæti. Það hefur einhvern tíma verið sagt: Illt er þeirra ranglæti, en verra er þeirra réttlæti. Og þetta réttlæti ríkisstj. er verra en allt hennar ranglæti.

Það vantaði ekki, að það væri á því hamrað af sumum spekingum hæstv. ríkisstj., að kjaradómurinn mætti ekkert fordæmi skapa. Það voru þá þeirra hugmyndir, að eingöngu þeir, sem væru í þjónustu ríkisins, skyldu fá slíkar launahækkanir. En hefur það orðið svo? Hafa engir getað fótað sig á því, að þeir ættu sama rétt á launahækkunum og starfsfólk ríkisins? Hvað voru margir dagar liðnir frá því, að kjaradómur var kveðinn upp, þangað til fyrsti hópurinn fór af stað og staðhæfði, að hann ætti rétt á sams konar launum og nokkrir þeir, sem höfðu fengið sína launahækkun með dómi? Ég ætla hér aðeins að staldra við það atriði, að fréttamenn ríkisútvarpsins sem ríkisins starfsmenn höfðu fengið sín laun ákveðin með kjaradómi. Þeir eru í stéttarfélagi, sem heitir Blaðamannafélag Íslands. Fréttamennirnir við dagblöðin, félagsbræður þeirra, sáu, að þeirra kaup var nú miklu lægra en þessara, sem höfðu fengið sín laun ákveðin með kjaradómi. Þeir sögðu: Við viljum ekki una þessu. Við viljum fá sömu laun og þessir félagsmenn okkar, sem nú komust þarna undir kjaradóminn, — og gerðu sínar kröfur miðað við það. Það lá ekki á lausu. Það samrýmdist ekki réttlætishugmyndunum hjá stjórnarvöldunum, að allir menn í Blaðamannafélagi Íslands skyldu hafa sömu laun og þeir, sem voru búnir að fá sín laun dæmd með kjaradómi. Þetta stéttarfélag varð að boða verkfall, fór í verkfall, samþykkti einróma að létta ekki fyrr en þeir hefðu náð sínum rétti fram, launin væru eins hjá fréttamönnum blaðanna og hjá fréttamönnum ríkisútvarpsins. Þetta var eðlilegt. En hvaða illræðismenn voru nú þarna á ferðinni? Hvaða landráðalýður var þarna á ferðinni? Það voru m. a. blaðamennirnir við Alþýðublaðið, blaðamennirnir við Vísi, heildsalablaðið Vísi, blaðamennirnir við Morgunblaðið, ritstjórarnir við þessi blöð greiddu ekki atkv. á móti verkfallinu. Þeir töldu sig standa á rétti sínum, mennirnir, og þeir stóðu það vissulega. Blöðin hættu að koma út, meðan stjórnarvöldin voru að átta sig á þessu réttlæti, og svo endaði það auðvitað með því, að blaðamennirnir fengu fram sinn rétt. Blaðamannafélagið fékk viðurkennd sams konar laun fyrir alla sína meðlimi eins og dómurinn hafði skammtað fréttamönnum ríkisútvarpsins. Blaðamenn og ritstjórar Morgunblaðsins höfðu upplifað það að standa í heiðarlegu verkfalli í hálfan mánuð og sigra í verkfallinu og voru vel að þeim sigri komnir.

En þetta var nú fyrsta versið þar. Svo kom annað vers. Og hvaða illræðisóþjóðalýður reið nú þá á vaðið? Vinnuhjúin á þeim bæ, sem heitir höfuðborg Íslands, Reykjavík. Starfsmenn Reykjavíkurborgar, þjónustumenn borgarstjórans, Geirs Hallgrímssonar, risu nú upp, gerðu sínar kröfur og sögðust miða sínar kröfur við kjaradóm. Skrifstofufólkið hjá Reykjavíkurborg ynni nokkurn veginn sams konar störf og skrifstofulýður ríkisins. Það næði ekki nokkurri átt annað en laun hvorra tveggja yrðu þau sömu. Þar kom nú ekki til verkfalls. Það var setzt að samningum, og það tókust samningar, eins og vera bar. Þannig á að leysa svona mál. Og svo kom út kjarareglugerð, launareglugerð Reykjavíkurborgar, og þar það með sér, að starfsfólk Reykjavíkurborgar hafði samkv. hinum nýju samningum fengið fyllilega sambærileg kjör við starfsfólk ríkisins eftir niðurstöðu kjaradóms og þó í ýmsum tilfellum orðið einum launaflokki hærri, svo að heldur var þetta nú á uppleið en niðurleið, burðarmagn þjóðfélagsins enn þá í ágætu lagi og hægt að vera svolítið rausnarlegur, enda áttu góðir í hlut, enginn landráðalýður enn þá.

Þegar Reykjavíkurborg var búin að fá hliðstæð laun og starfshópar ríkisins samkv. kjaradómi, þá gekk launareglugerð Reykjavíkurborgar út um allt land, til allra bæjarfélaga úti um land, og þar hefur hún verið höfð að fyrirmynd fyrir endurskoðun launa hjá öllu starfsfólki við alla kaupstaði landsins, að svo miklu leyti sem við getur átt. Það er því vitað mál, að flest eða öll bæjarfélög landsins taka nú upp launagreiðslur í samræmi við launareglugerð Reykjavíkurborgar, sem er fyllilega jafnhá og launaákvæði samkvæmt kjaradómi, nema nokkru ríflegri sé.

Mér er tjáð, að nokkrum hv. þm., sem starfa í bæjarstjórn úti um land, hafi nú þótt svo miklu skipta, þegar þeir vissu, að kúgunarlögin voru að koma yfir Alþingi, kúgunarlögin gegn verkalýðnum, þá hafi þeim þótt svo miklu skipta, að það væri búið að hækka kaupið hjá starfsfólki sinna bæjarfélaga, að þeir hafi rokið í símann og þurft endilega að brýna það fyrir sínum bæjarfulltrúum að vera nú búnir að þessu fyrir kl. 12 á miðnætti í fyrradag eða undir öllum kringumstæðum áður en þingfundur byrjaði hér kl. 2 í gær. Og þetta hafði kostað nokkra fyrirhöfn þessa ágætu þm., en þetta mun hafa tekizt. Það þarf því ekki að efa, að þessi launalagfæring er komin yfir allt starfs-

fólk ríkisins, meðlimina í Blaðamannafélagi Íslands, allt starfsfólk Reykjavíkurborgar, flestallt starfsfólk annarra bæjarfélaga nú eða alveg á næstunni.

Eins og eðlilegt var, vildi starfsfólkið í bönkunum ekki horfa upp á það að vera með miklu lægri laun en skrifstofufólkið í skrifstofum ríkis og Reykjavíkurborgar, og þar hófust upp samningar í sumar. Þeir gengu skikkanlega. Þeim var lokið í septembermánuði, og þá var gefin út launareglugerð bankanna. Hún bar það alveg ótvírætt með sér, að þar voru launin öllu hærri en samkv. niðurstöðum kjaradóms og ívið ríflegri en samkv. launareglugerð Reykjavíkurborgar, og kaupið, eins og tíðkazt hafði hjá bönkunum áður, miðað við 13 mánuði á ári í staðinn fyrir 12 hjá venjulegu fólki, en það var ekkert nýmæli, það hafði verið svo áður. Rök fyrir því að hafa þetta heldur ríflegra en í hinum tilfellunum eru þau m. a., að margt af starfsfólki bankanna beri peningalega ábyrgð umfram það, sem skrifstofufólk almennt beri hjá Reykjavíkurborg og ríkinu og ríkisstofnunum, og það eru kannske rök, enda eru launin hjá bankastarfsfólkinu ívið hærri en hjá hinum tveimur aðilunum, sem ég nefndi.

Enn þá stefndu þannig afleiðingarnar af kjaradómi í **þá áttina, að menn fyndu ekki til þess,** að þjóðarskútan væri að sökkva, enda virtist öllu vera óhætt, talsvert borð fyrir báru. Og svo leið tíminn fram að því, að það var orðið vitað hérna innan Hringbrautar, í kringum Alþingishúsið, að það væri von á dálitið sérkennilegri löggjöf, það ætti að binda allt kaup hjá öllu fólki, **sem ekki væri búið að fá launalagfæringu** á ákveðnum degi, ákveðinni klukkustund. Og það var kannske sérstök hending, en það bar upp á þann dag, að þá sáust bankaráðsmenn á ferli í öllum bönkum samtímis, mikið að gera. Bankastjórarnir voru líka á kreiki, þeir eiga líka að mæta á bankaráðsfundum, og þetta var í öllum bönkunum samtímis. Hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, mun nú „fungera" sem formaður bankaráðs Landsbankans, þ. e. a. s. viðskiptabankans, og hann setti bankaráðsfund í snarheitum. Emil Jónsson skundaði á fund í bankaráði Seðlabankans, og Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh. gaf sér tíma til að kalla saman fund í bankaráði Útvegsbanka Íslands. Og hvað var á seyði? Jú, það var þetta á seyði, að **það mátti ekki ske, að það væri ekki búið að** hækka laun bankastjóranna í landinu, áður en hin boðaða löggjöf kæmi fram fyrir Alþingi. Það var á þessum bankaráðsfundum, — það er nú að vitað, — ákveðið að hækka dálitið kaup bankastjóranna. Þeir bera mikla ábyrgð og þeir eiga að hafa gott kaup, og það er sagt, að þeirra kaup sé 20 þús. kr. á mánuði plús 2000 kr. á mánuði fyrir að sitja bankaráðsfundi, þá er kaupið komið í 22 þús. á mánuði, og svo hafa þeir 22 þús. í 13 mánuði, því að það er 13 mánaða ár í bönkunum. Og þeir hafa auðvitað bankaráðsmenn líka í 13 mánuði, það nær ekki nokkurri átt annað. Svo hafa þeir einhverja bílastyrki. Landsbankinn hefur nú víst bíl og bílstjóra handa bankastjórunum, hinir hafa bílastyrki. Og svo þurfa þeir að hafa eitthvað í risnu og hafa það, einhvern skilding. Það er víst, að þeirra kaup er ekki undir 25 þús. kr. á mánuði, 300 þús. kr. á ári.

Menn voru að velta því fyrst fyrir sér: Er þessi launahækkun nú ákveðin með vitund og vilja ríkisstj.? Hefur hún ekki sent aðvörun, að svona megum við ekki hækka kaup að litt þörfu? Nei, svo sáu menn, að það gat ekki verið án vitundar og vilja ríkisstj. Hæstv. fjmrh. stjórnaði bankaráðsfundi Landsbankans, hæstv. sjútvmrh., Emil Jónsson, sat fund í bankaráði Seðlabankans, og hæstv. utanrrh. stjórnaði fundi bankaráðs Útvegsbankans. Það voru einmitt 3 ráðh. hæstv. ríkisstj., sem sáu það, að bankastjórarnir máttu ekki vera utan gátta, máttu ekki lenda undir kaupbindingarlöggjöfinni. Það varð að bjarga þeim. Það varð að gerast með eins skjótum hætti og þegar kerlingin kom að gullna hliðinu með syndirnar hans Jóns síns í poka, og það varð að kasta skjóðu bankastjóranna og Jóhannesar Nordals sérstaklega inn í gáttina, áður en hún lokaðist, og þarna er hún komin inn í himnaríki ríkisstj. og bankastjórunum er bjargað.

En svo, hvað átti svo að gerast næsta dag? Þá átti að skella hurðum á verkalýð landsins, — hingað og ekki lengra, óbreytt kaup. Það var þetta, sem átti að gerast daginn eftir. Nú gerðist **það ekki daginn eftir, af því að það kom dálitill kengur í Alþfl. Það stóð á honum á miðstjórnarfundi að samþykkja þetta góðgæti verkalýðnum** til handa, og það gleður mig, að það skyldi þó örla á einhverri tilfinningu til verkafólksins enn þá í miðstjórninni. Það voru samt ekki fyrst og fremst fulltrúar verkalýðsins í miðstjórninni, sem sögðu til sín. Nei, það var einn af bankastjórunum, sem minntist þess, að honum hafði verið ákvarðað 25 þús. kr. kaup á mánuði þann dag eða daginn áður, og þá sagði hann: „Ég get ekki fengið mig til að traðka á verkamönnum með þessum hætti, sem hér er lagt til." Þá fengu ýmsir aðrir, sem áttu að vera fulltrúar verkalýðsins, málið og tjáðu sig andvíga þessu, og formaður Alþfl. þorði ekki að bera málið undir atkv., bjargaði því í það skiptið frá því að vera fellt með því að bera **það ekki undir atkv. Og svo byrjuðu fortölurnar** til næsta dags, og þá rann það niður eins og mjólk, þá var það samþykkt, — skella bara hurðunum á verkamennina, og það var gert.

Frv. um launamál o. fl. er með þeim óvenjulega hætti, að það bannar að hækka nokkurt kaup, í hvaða formi sem er. Það bannar verkalýðsfélögunum að gera samninga til hækkunar á kaupi. Það bannar verkalýðsfélögunum að notfæra þann verkfallsrétt, sem er viðurkenndur í vinnulöggjöfinni. Þetta frv. skerðir stórkostlega félagafrelsið í landinu að því er snertir öll verkalýðsfélög landsins, sem hafa 30 þús. meðlimi. Og þetta bann á ekki bara að gilda frá þeirri stundu, sem Alþingi hafði lokið því afreki að samþykkja þetta frv. sem lög. Nei, þetta frv. á að gerast lög með einhverjum dularfullum hætti frá þeirri stund, sem því er kastað **inn á Alþingi, áður en umr. fara fram um** það, áður en nokkur maður hefur rétt upp hönd með því. Það á að hafa verkanir nokkra daga,

áður en það er orðið að lögum. Hingað til hefur því verið haldið fram, að ekkert frv. væri orðið að lögum, fyrr en það hefur í fyrsta lagi farið í gegnum allar umr. samkv. þingsköpum og hlotið samþykki, verið sent forseta Íslands og hann staðfest það ásamt ráðh., og enn hafa frv. ekki verið talin orðin lög, fyrr en búið væri að birta þau í Stjórnartíðindum. En þetta blað hérna á með dularfullum hætti að vera lög, frá því að því var kastað inn í þingið kl. 2 í gær. Svona liggur mikið á að skella hurðunum á verkamenn.

Það fer ekkert á milli mála, að þetta frv. er engin frelsisskrá, ekki fyrir verkalýðsstéttina. Það er ofbeldislöggjöf. Verkalýðshreyfingin er svipt lýðræðislegum rétti. Það eru brotin grið á henni. En er ekki með þessari löggjöf verið af refsa einhverjum sökudólg? Það er verkalýðshreyfingin, sem er höfð fyrir sökum um það að setja öll launamál úr skorðum. Og þó er það staðreynd, að það er verkalýðshreyfingin ein, sem á eftir að leiðrétta sín laun nú að haustnóttum, þegar ríkisstj. sjálf hefur búið til dómstól til þess að hækka launin hjá opinberum starfsmönnum og allir aðrir nálega farið í kjölfarið. Verkalýðshreyfingin á samt að vera sökudólgurinn og skal fá á sig kúgunarlög. Hvað voru verkalýðssamtökin búin að gera, þegar hæstv. ríkisstj. greip til þessa ráðs að bera fram þessi þvingunarlög Það voru þrjú verkalýðsfélög búin að hefja samningaviðræður við sína viðsemjendur í stétt atvinnurekenda, og þegar þeim þótti lítið þokast í áttina með það, að tekið væri undir þeirra kröfur, þá lýstu þau yfir verkfalli. Það var Hið íslenzka prentarafélag, sem hafði boðað verkfall 1. nóv. Það er ekki undir stjórn landráðalýðs. Þetta elzta starfandi verkalýðsfélag landsins, stofnað 1897, það er undir stjórn stuðningsmanna hæstv. ríkisstj., og prentarastéttin er ekki meðal þeirra lakast launuðu innan raða verkalýðssamtakanna. En samt sem áður vildu þeir ekki una sínum launakjörum eftir þær breytingar, sem orðið höfðu fyrir frumkvæði stjórnarvaldanna í landinu, og vildu færa sín launakjör til samræmis, jafnvel kröfur um það lágu ekki á lausu, boðuðu verkfall. Það verkfall hófst kl. 12 á miðnætti s. l. nótt. Þeir lýstu yfir, prentararnir, á fundi í gærkvöld í troðfullu húsi, ég held einróma, að þeir mundu halda verkfallinu áfram, nema þeir yrðu til annars knúðir, ég skil það þannig, nema þeir yrðu ofurliði bornir, og eru þeir þó þarna áreiðanlega löghlýðnir menn, en ekki fúsari en þetta til þess að beygja sig undir ólög. Bókbindarar höfðu ákveðið, þegar ekkert gekk í þeirra samningum, að boða verkfall, og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband ísl. verzlunarmanna höfðu staðið í alllöngu samningaþófi hér í alþingishúsinu. Ekkert gekk, atvinnurekendurnir vissu, að þeir höfðu bakhjarl, þurftu ekkert að semja. Það stóð til að binda hendurnar á verzlunarfólkinu, og þeir gáfu því ekki kost á neinum kauphækkunum, sem ekki var von. Þetta félag og mörg félög innan Landssambands ísl. verzlunarmanna hafa því boðað verkfall frá og með 4. nóv.

Þetta voru verkalýðsfélögin, sem voru búin að tilkynna verkföll og auðvitað öll með löglegum hætti. Var það nú ekki óbilgirni af verzlunarfólkinu í Reykjavík að heimta það, að verzlunarfólkið í þjónustu kaupmannanna og heildsalanna, sem er vitanlega í eðli sínu nákvæmlega sama eðlis og vinna skrifstofufólksins hjá Reykjavíkurbæ og ríkinu, skyldi fá sömu laun og ákveðin höfðu verið með kjaradómi og síðan með launareglugerð Reykjavíkurborgar? Var það ekki ósvífið? Var ekki sjálfsagt að beita afli gegn þessari kröfu? Var það ekki sjálfsagt að neita verzlunarfólkinu og skrifstofufólkinu hjá privatkaupsýslunni um sömu laun og skrifstofufólkinu hjá því opinbera samkv. réttlæti ríkisstj.? Samkvæmt hinu sérstaka réttlæti ríkisstj. var það sjálfsagt. En að dómi allra annarra var ekki sjáanlegt annað en væri sjálfsagt að ganga að sams konar launakjörum hjá verzlunarfólkinu í Reykjavík og búið var að ákveða hjá skrifstofufólki ríkis og Reykjavíkurborgar, og það verða margir fleiri, sem eru á þeirri skoðun, að það hafi ekki verið stætt á að neita verzlunarfólkinu í Reykjavík um sams konar kaup og búið var að ákveða hjá hinu opinbera.

Ég veit ekkert á þessari stundu, hvað verzlunarmannasamtökin gera, þegar þau nú horfast í augu við, að það er búið að setja handjárnin á þau, eins og öll önnur félög innan verkalýðssamtakanna. En nöturlegt er það að láta forustumenn verzlunarsamtakanna sitja hér á samningafundum undir stjórn sáttasemjara ríkisins dag eftir dag, nótt eftir nótt, bara sem hvert annað kómedíuspil, vitandi það í röðum atvinnurekendanna, að þetta var ekkert annað en látalæti, þessir samningar. Það stóð aldrei til að gera neina samninga. Það var skákað í því skjóli, að það væri að koma þvingunarlöggjöf. Samningamenn verzlunarstéttarinnar hafðir þarna að háði og spotti og svívirtir með því að láta þá vera hér nótt eftir nótt við svo sem samninga og svo að svipta þá félagafrelsi, samningarétti og verkfallsrétti með lögum, rétt eins og aðra.

Og svo höfðu Verkakvennafélagið Framsókn og Verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði, Verkakvennafélag Keflavíkur og Njarðvíkur og Verkalýðsfélag Akraness boðað verkfall þann 6. nóv. út af kaupi við síldarvinnu. Það átti svo sem ekki að leiðrétta þetta kaup verkakvennanna með góðu, og það hafði ekki fengizt nein réttting þeirra mála, ekki í gær kl. 2, þegar þvingunarlögin voru hér lögð fram með því orðalagi, að þau ættu að taka lagagildi strax.

En þrátt fyrir ákvæði laganna, sem í því tilfelli virðast hafa verið höfð að engu, var setzt að samningaborði í gærkvöld uppi í húsi Vinnuveitendasambands Íslands hérna við Fríkirkjuveginn, og rétt fyrir kl. 12 á miðnætti í gærkvöld var undirskrifaður samningur um 22.5% hækkun við síldarvinnu.

Ég fagna þessu, ef þarna er ekki sá flátt-skapur á ferðinni, að þrátt fyrir undirritaðan samning verði vinnuveitendum á þessu svæði tilkynnt, að þeim sé óheimilt að standa við orð sín og undirskriftir. Kannske það sé ætlunin að hafa þá að fíflum? Kannske það sé ætlunin

að gera þá ómerka að undirskrift sinni og orðum? Sjáum til. En ef þessir samningar, gerðir eftir að frv. er lagt fram, hafa gildi, þá kynnu og allar aðrar ákvarðanir um breytt kaup að hafa gildi.

En verkalýðsfélögin höfðu, þegar leið að 15. okt. í haust, eins og sjálfsagt var, farið að bera saman ráð sín um það, hvaða kröfur þau ættu að gera 15. okt., þegar griðasáttmálinn, sem gerður var við hæstv. ríkisstj. s. l. vor, væri útrunninn og úr sér genginn. Alþýðusamband Norðurlands hélt ráðstefnu fyrstu dagana í okt. og komst þar að þeirri niðurstöðu, að kaup yrði að hækka verulega, bæði vegna þeirrar dýrtíðaröldu, sem hefði flætt yfir á s. l. sumri, og með hliðsjón af þeim stórkostlegu kjarabreytingum, þeirri launabyltingu, sem orðið hafði í landinu á sumarmánuðunum, síðan griðasáttmálinn var gerður. Alþýðusamband Vestfjarða hélt, sömu dagana og Alþýðusamband Norðurlands hafði sitt þing, ráðstefnu um kaupgjaldsmál og komst að nákvæmlega sömu niðurstöðu, án þess að nokkurt samband væri á milli þessara þinga, því að þau voru haldin samtímis. Alþýðusamband Íslands boðaði svo öll fjórðungssamböndin og fulltrúaráð verkalýðsfélaga, þ. e. a. s. stærri heildirnar í verkalýðshreyfingunni, til ráðstefnu 12. og 13. okt. Og þar voru mótaðar þær kröfur, sem seinna var ákveðið af hinum ýmsu almennu verkalýðsfélögum að gera að sínum. Og kröfurnar voru þær, að kaup verkafólks, lágmarkskaup verkafólks, skyldi vera 40 kr. á tímann. Það er nú 28 kr. samkv. samningum.

Það var öllum í verkalýðshreyfingunni ljóst, að þetta var mikið stökk. Þetta var langhæsta krafa, sem hafði verið gerð í verkalýðshreyfingunni. En hún var gerð með tilliti til þeirrar óðadýrtíðar, sem skollið hafði yfir og rýrt hafði kaupmáttinn á liðnu sumri í viðbót við það, sem áður var orðið, og einnig með hliðsjón af kjaradómi og öllum afleiðingum hans, sem ég hef rakið hér í minni ræðu. Það var allra hugsun: Það getur ekki verið, að það sé ætlunin að skilja verkafólkið eitt eftir. — Ráðstefna Alþýðusambandsins komst að þeirri niðurstöðu, að einnig bæri að stytta vinnutímann. Því verður ekki móti mælt, að hann er óhóflegur orðinn í okkar landi. Það er full ástæða til að reisa þar skorður við, svo að verkafólk bíði ekki tjón af ofþrælkun, og þá alveg sérstaklega að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að börn séu ekki ofþjökuð. Og þriðja krafan, sem ekki var lögð minnst áherzla á á ráðstefnu Alþýðusambandsins, var sú, að við yrðum að heimta verðtryggingu þeirra launa, sem um semdist, því að það er sama, hvað smáar kauphækkanir við höfum dregið að landi, hversu hóflega sem við höfum farið í sakir, hvort sem við höfum komið með 5% eða 7% að landi, þá hefur þeim verið eytt á örskömmum tíma í eldi óðadýrtíðar og verðbólgu.

Og svo héldu lýðræðissinnar í verkalýðshreyfingunni ráðstefnu, að vísu var það brot á öllum skyldum þessara manna við sín heildarsamtök að neita að taka þátt í ráðstefnu Alþýðusambandsins, sem þau eru meðlimafélög í. En ég hefði getað skilið erindi þessara manna á sérstaka ráðstefnu, ef þeir hefðu haft allt aðra stefnu í kaupgjaldsmálum en forráðamenn Alþýðusambandsins og þeirra niðurstaða hefði verið: Unum óbreyttu kaupi. Eða: Þolum lækkun kaups. Gerum ekki kröfur til stórkostlegrar hækkunar kaups, eins og hinir gera. — En þeir áttu ekki það erindi á sína ráðstefnu, lýðræðissinnar, um kaupgjaldsmál. Þeirra niðurstaða var nákvæmlega sú sama. Þeir heimtuðu stórfellda hækkun kaups, því að annað væri ekki hægt, hvorki með tilliti til þeirrar dýrtíðar, sem skollið hafði yfir á sumrinu, né heldur með tilliti til kjaradóms og annars, sem hefði farið í hans kjölfar.

Þegar forráðamenn þeirrar ráðstefnu voru inntir eftir, hvað fælist í kaupkröfunni sjálfri, þá var tekið blað og þá var tekinn blýantur og reiknað út og sagt: Krafan þýðir nánast 38 kr. eða 39 kr. á tímann. — Á okkar ráðstefnu var sagt 40 kr. En ég segi nú, þegar búið er að bera fram á Alþ. lög um að brjóta niður lýðræðisleg réttindi verkalýðshreyfingarinnar, lýðræðissinnanna innan hennar eins og annarra, þá fyndist mér væri ráð að halda ráðstefnu lýðræðissinna. Nú væri tilefni til þess. Nú væri það a. m. k. ekki út í hött.

Hvernig var kröfum verkalýðshreyfingarinnar tekið, þegar Alþýðusamband Norðurlands, Alþýðusamband Vestfjarða, ráðstefna Alþýðusambands Íslands og ráðstefna lýðræðissinna höfðu tjáð sig um miklar kauphækkanir? Rak ekki Morgunblaðið upp öskur? Rak ekki Vísir upp öskur? Og gólaði ekki Alþýðublaðið með, eins og það er vant, um að þetta væru ósvífnar kröfur? Nei, það var eins og það væri stungið upp í þau steini öll saman. Engin gagnrýni á þessar kröfur. Og það hefur ekki heyrzt enn. Það hefur enginn lagt sig í það að sýna fram á, að það væri ósvífið, ef verkamenn fengju 40 kr. á tímann, eftir það, sem hefur gerzt á sumrinu, það verð ég þó að segja öllum til lofs.

Hvað þýðir krafan um 40 kr. á klst. fyrir verkamann og verkakonu? Hvað gefur sú krafa háar árstekjur, ef verkamaðurinn og verkakonan vinna sérhvern virkan dag 8 stundir, og meira á ekki að heimta af íslenzkum verkamanni eða verkakonu nema í sérstakri nauðsyn. Það eru 2400 vinnustundir í árinu, þegar allir dagar eru unnir 8 stundir, allir virkir dagar, 2400 stundir. Og með 40 kr. á klukkustund, þá gefur það 96 000 kr. En hvað segja svo Hagtíðindin um, að meðalfjölskylda þurfi að hafa í tekjur til þess að standast þau útgjöld meðalfjölskyldunnar, sem þar eru viðurkennd? Þar segir, að meðalfjölskylda þurfi að hafa ekki minna en 100 þús. kr. — 40 kr. á tímann allar vinnustundir ársins, alla virka daga, gefa ekki þær tekjur, sem viðurkennt er að vísitölufjölskyldan þurfi að hafa, til þess að tekjurnar hrökkvi fyrir gjöldum. Krafan er ekki ósvífnari en þetta, og má þó frekar búast við því, að hún hefði við samningaborðið ekki fengizt til fulls.

Nei, sannleikurinn er sá, að verkamann, sem vinnur alla virka daga ársins 8 stundir á dag, hann vantar með núgildandi kaupi 49608 kr. til þess að hafa tekjur á móti viðurkenndum vísitöluútgjöldum meðalfjölskyldu. Og þessi lífs-

kjör skal lögbinda, þegar hæst launuðu embættismenn þjóðarinnar hafa fengið 90% kauphækkun. Það er þetta, sem frv. á að gera að lögum á Íslandi.

Og svo segir hæstv. forsrh.: Þegar búið er að lögleiða þetta frv., þá eiga að byrja vinsamlegar viðræður við verkalýðshreyfinguna, og þá á að leggja sig í líma um það að leysa málið í bróðerni og vinsemd. — Er það ekki líklegt, að þessi lagasetning laði fram sáttfýsi af hendi verkafólks og verkalýðssamtaka til þess að leggja sig í líma við að leysa málin í sáttfýsi og bróðerni? Ætli það hefði ekki verið öllu auðveldara að fá sættir í málinu, ef það hefði verið gengið að tilboði verkalýðshreyfingarinnar um að vinna eins og menn næsta hálfan mánuð að því að leysa málin og láta frv. ekki koma fram? Ég held það hefði verið jafnhyggilegt eins og það, að ef maður ætlar að fá samkomulag við mann, þá er ekki ráðið að gefa honum á kjaftinn eða gefa honum sitt undir hvorn. Ég trúi ekki á þá vinsemd, sem upp úr því skapist.

Því hefur verið haldið fram stundum, að það sé eðlilegt, að kjaradómurinn hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að hinir hæst launuðu í þjóðfélaginu ættu og yrðu að fá hærri laun en verkamenn, því að verkafólkið hefði verið búið að knýja fram svo miklar kjarabætur áður, að hinir opinberu og sérstaklega hinir hæst launuðu hafi dregizt langt aftur úr, þessi met hafi verið löguð með kjaradómi. Ég vil líta á þetta, því að ef kjaradómurinn væri leiðrétting milli hinna hæst launuðu og verkamanna, þá væri ekki að öllu leyti rétt að miða við 90% hækkunina þeirra og bera hana saman við 35% hækkun verkamanna, sem þeir hafa fengið samtals á þessu sameiginlega stjórnartímabili Emils Jónssonar og núv. hæstv. forsrh. Ólafs Thors. En það er ekki svo. Þeir hæst launuðu hafa á undanförnum árum fengið meiri launahækkanir en almennir verkamenn.

Ég hef hér plagg fyrir framan mig, sem er samanburður á launum og kauptöxtum miðað við 8 stunda vinnudag hjá nokkrum starfshópum 1950, 1958 og 1963. Þar er gerður samanburður að því er snertir Verkamannafélagið Dagsbrún, ófaglært verkafólk á öllum kauptöxtum Dagsbrúnar, Verkakvennafélagið Framsókn, Iðju, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, iðnaðarmenn. Opinberir starfsmenn byrja þar á ráðherrum og enda hjá sorphreinsunarmönnum hjá Reykjavíkurborg, sem auðvitað eiga að vera á lægstu launum, og þessi tafla er miðuð við það að setja laun Dagsbrúnarverkamanns við almenna vinnu, setja þá launaútkomu sem 100 og miða síðan hina launaflokkana þar við.

Hér stendur þá, að verkamaðurinn í Dagsbrún hafði 1950 1848 kr. á mánuði, 1958 var þetta kaup hans komið upp í 4370 kr. og 1. okt. 1963, núna fyrir nokkrum dögum, var mánaðarkaup Dagsbrúnarverkamanns komið upp í 5600 kr. Á árunum 1950—58 hafði kaup Dagsbrúnarmannsins hækkað um 136%, og á árunum 1950—63 hafði kaup Dagsbrúnarverkamannsins hækkað um 203%. En í prósentum af fyrsta taxta Dagsbrúnar var þetta kaup sett þann 1. okt. 1963 sem 100. Verkamaðurinn í steypuvinnu hafði 1. okt. s. l. þá 102 stig, bifreiðastjórar í Dagsbrún höfðu þá 103 stig. Verkamaður í Dagsbrún, sem vann með loftþrýstitækjum, hafði 106 stig 1. okt. 1963. Verkamaður við kola- og saltvinnu hafði 107 stig, og verkamaður við stjórn á steypuvélum í rörasteypustöð og við þess konar störf hafði 113 stig 1. okt., við sementsvinnu 117 og við stjórn á vélskóflum og ýtum o. fl. 121 stig. Og að síðustu pakkhúsmenn hjá heildsölum o. fl., mánaðarkaup þeirra var metið 105 stig skv. þessu, miðað við 1. apríl 1950 og svo aftur 1. okt. 1963. Hjá Iðju og Verkakvennafélaginu Framsókn eru þetta mjög svipaðar tölur, og ég skal til að spara tíma ekki fara út í það, en menn geta séð þessar töflur hjá mér, ef þeir vilja, og það er sízt örari þróun þar. Iðnaðarmenn, járnsmiðir, þeir hafa 135 stig í hámarkstaxta þeirra, 135 stig 1. okt. 1963, trésmiðir — sveinar 127, trésmiðir — vélamenn 143 stig og múrarar í tímavinnu 131. Og þá kem ég að opinberum starfsmönnum. Fyrst eru ráðherrar. 1. apríl 1950 var mánaðarkaup ráðh. 4313 kr., 1958 þann 1. okt. voru ráðherralaun 9111 kr., 1. okt. 1963 voru ráðherralaun 22 þús kr. skv. dómi kjaradóms. Þeirra vísitala í samanburði við Dagsbrúnarmanninn er 393, þannig hefur hallað á ráðh., þegar Dagsbrúnarverkamaður var settur sem 100. Borgarstjórinn í Reykjavík hefur vísitöluna 393 eins og ráðh., ráðuneytisstjórarnir vísitöluna 356, borgarverkfræðingur 355, verkfræðingar vita- og hafnarmálaskrifstofu vísitöluna 258, skólastjórar við barnaskóla með 11—18 kennara hafa vísitöluna 258, fulltrúar 1. flokks í stjórnarráði 244, framfærslufulltrúar hjá Reykjavíkurborg 196, barnakennarar vísitöluna 182, lögregluþjónar ríkisins 161, Reykjavíkurborgar einnig 161, bifreiðastjórar stjórnarráðsins 149, bifreiðastjórar hjá borgarskrifstofum einnig 149 og þungavinnuvélstjórar hjá Reykjavíkurborg 149, ritarar 1. flokks, góðar skrifstofustúlkur í stjórnarráði, vísitöluna 144, sorphreinsunarmenn hjá Reykjavíkurborg vísitöluna 129 og vinnumenn á ríkisbúum vísitöluna 124.

Sýnist mönnum nú af þessu, að verkafólk hafi fengið meiri kauphækkanir en opinberir starfsmenn, sem hér hafa nú verið nefndir? Vísitala þeirra opinberu starfsmanna er öll hærri, en það á að setja þvingunarlög á verkafólkið.

Ég hef skýrslu yfir það, hvað iðnverkamenn og iðnverkakonur hafi mikið af tekjum sínum, eins og þær hafa verið skrásettar í opinberum skjölum, hve mikils hluta teknanna sé aflað með yfirvinnu og nætur- og helgidagavinnu, því að það er augljóst mál, að enginn getur framfleytt sinni fjölskyldu á dagvinnuutekjunum einum. Verkamenn höfðu 13.6% af tekjum sínum árið 1961 með eftirvinnu, þ. e. a. s. með því að vinna á tímanum frá 5 til 7 síðdegis, og þeir hafa 20.3% fyrir vinnu á nóttum og helgidögum — í nætur- og helgidagavinnu, eða þeir höfðu alls 33.9%, meira en þriðjung af öllum tekjum sínum, í eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu. Verkakonurnar höfðu 21.3% af sínum tekjum í eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu. Iðnverkamenn höfðu 27% af sínum tekjum í eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu og iðnverkakonur 5.8% af sínum tekjum í eftir-

og helgidagavinnu. En yfirleitt eru þó hin skrásettu launakjör opinberra starfsmanna miðuð við það, að þeir vinni ekki 8 tíma, heldur í flestum tilfellum 6 eða 7 tíma á dag. Enn fremur er það eitt atriðið í kjaradómi, að sérhver maður í opinberri þjónustu, sem vinnur eftirvinnu, skal fá eftirvinnukaupið sitt reiknað sem 150. hluta af mánaðarkaupinu, en skv. stéttarfélagasamningunum skal deila í mánaðartekjurnar með 200, svo að yfirvinnukaupið hjá hinum opinbera starfsmanni verður strax vegna mismunarins á þessum reglum mun hærra, **miklu hærra skv. kjaradómi heldur en skv. stéttarfélagasamningum.** Auk þess er nú orðið ljóst af ákvörðun kjaradóms hjá hinum lægst launuðu, í lægstu launaflokkunum, sem hafa 20—30% launahækkun, þá er kaupið þrátt fyrir það, þótt það sé lágt, hærra en hjá hliðstæðu verkafólki. Það kemur t. d. í ljós, að verkamenn, ófaglærðir verkamenn í þjónustu Reykjavíkurborgar, skv. launareglugerðinni, sem nú er að taka gildi hjá flestum bæjarfélögum landsins, sem einnig hafa hvert um sig allmarga verkamenn í sinni þjónustu, hafa fyrir dagvinnutímann, þegar þeir eru komnir á full laun, 8000 kr. á mánuði. Það er nákvæmlega það, sem verkalýðshreyfingin gerir kröfu til, að verkamaðurinn fái 40 kr. á tímann, 40 kr. á klst., það eru 8 þús. kr., því að það eru 200 vinnustundir í mánuði. Við gerum kröfu um það, og það er það sama og kjaradómur hefur dæmt verkamönnum í Reykjavík, sem annast t. d. sorphreinsunina, og öðrum ófaglærðum verkamönnum, sem bærinn hefur í sinni þjónustu. Vinni þeir svo eftirvinnu, þá skal deila í þessa upphæð þeirra með 150, og verður þannig eftirvinnukaupið þeirra mun hærra en hjá verkamönnunum, jafnvel þótt þeirra kaup hefði verið hið sama í starfinu, sem það ekki er.

Líti maður á kaup skrifstofustúlku hjá Reykjavíkurborg eða ríkinu, og þær eru ekkert ofhaldnar í launum, það voru þær, sem fengu einna minnsta kauphækkun skv. kjaradómi, og reikni út, hvað þær hafi í kaup á klst., þá er leitun á fullæfðri stúlku, sem hafi ekki 40 kr. á tímann. En verkamennirnir hérna niður við Reykjavíkurhöfn, sem vinna við Togaraafgreiðsluna og hjá Eimskip, þeir hafa 28—30 og 32 kr., eitthvað slíkt. Það skal lögbindast, það er fjandans nóg fyrir þá. Það er ósvífni, þeir eru að setja þjóðfélagið upp á rönd með því að heimta 40 kr. eins og skrifstofustúlka hjá því opinbera. **(Gripið fram í: Hvað fengu bankastjórar mikla kauphækkun í síðustu viku?)** Ætli það væri ekki bezt, að ráðherrarnir, sem voru í bankaráðunum, svari því.

Hæstv. forsrh., Ólafur Thors, hafði framsögu fyrir frv., sem hér er til umr. Hann rakti afrek sinnar ríkisstj. á undanförnum árum, og það var eiginlega dýrðaróður um ágæti viðreisnarstefnunnar og árangur hennar, batnandi lífskjör, þangað til kom að niðurlagskaflanum um ástandið núna. Þá varð hæstv. forsrh. að viðurkenna, að nú horfði allt fremur illa, og hans niðurstaða var sú, að það mætti ekki hækka kaup, því að það væri eins og að ætla sér að slökkva bál með því að hella í það olíu. En eru þeir ekki búnir að hella einhverjum olíusopa í sumar? Voru þeir ekki að undirbyggja með þeim aðgerðum, að laun hlytu að hækka í landinu? Eða var það ásetningur frá fyrstu byrjun, að verkafólk skyldi ekkert fá, það skyldi skapað misréttisþjóðfélag meðal launastéttanna eins og annars staðar? Nei, þeir voru sannarlega, hæstv. ráðh., **á liðnu sumri búnir að hella bæði olíu og benzíni í dýrtíðar- og verðbólgubálið,** þeir gerðu það rækilega fyrir kosningarnar, bæði með enska láninu, sem var eins konar kosningamútur, og með lánapólitíkinni til kaupsýslunnar og á fleiri vegu. Og ef mikil hækkun kaupgjalds setur efnahagskerfið úr böndum og má líkja við að hella olíu á eld, þá hefur það verið gert á liðnu sumri.

Ég hafði dálítið gaman af því að heyra enn þá einu sinni af vörum hæstv. forsrh. endurtekna spekina um það, að ef allir fá kauphækkun, þá fær enginn neitt. Ef allir fá kauphækkun, þá fær enginn neitt. Þetta er búið að endurtaka í leiðurum Morgunblaðsins í allt sumar, og þetta hafa hagspekingar oft þulið yfir okkur. Það á enginn að sækjast eftir kauphækkun, því að ef allir fá kauphækkun, þá fær enginn neitt. En af hverju var þá verið að dæma opinberum starfsmönnum svona miklar kauphækkanir? Af hverju voru allir að sækjast eftir því að fá þetta sama og kjaradómur hafði ákveðið? Af hverju var þetta óðagot í bankaráðsformönnunum að hækka launin hjá bankastjórunum núna fyrir nokkrum dögum? Höfðu menn ekki þetta í huga, þessa speki: Ef allir fá kauphækkun, þá fær enginn neitt? Af hverju þótti þeim betra að vera sloppnir inn fyrir dyrastafinn á gullna hliðinu sjálfir? **Og svo koma þeir hérna á eftir,** þylja þessa kenningu yfir þeim, sem á að skella hurðunum á: Þið hafið ekkert gott af því að fá kauphækkun, því að ef allir fá kauphækkun, þá fær enginn neitt. En þetta segja þeir, sem eru búnir að bjarga sér, þeir, sem löbbuðu heim einn dag í september með 50 þús. kr. í umslagi **og vissu ekkert, hvað þeir áttu að gera** við það, það voru hæstv. ráðh. íslenzku ríkisstj., og lögðu þá í fyrsta sinn á ævinni í sparisjóðsbók, en þeir vita, að það hefur enginn gott af að fá kauphækkun, því að ef allir fá það, þá fær enginn neitt.

Hæstv. forsrh. **gerði örlitla grein fyrir frv. sjálfu, eins og í hans hlut féll sem frsm., og** þó að stjórnarblöðin hafi hrópað núna upp, að í þessu frv. **felist stöðvun kaupgjalds og verðlags, þá viðurkenndi þó hæstv. forsrh., að** það væri **ekki alveg ætlunin að stöðva verðlagið. Í því væri ekki fullkomin verðstöðvun, enda er fjarri því, að svo sé. Það eru geysilega** rammar skorður reistar við því, að kaupgjald **megi hækka í neinni mynd með löglegum hætti, en það slaknar á ákvæðunum, þegar kemur að 4. gr. um ráðstafanir til þess að stöðva verðlagið, enda munum við þreifa á því á næstu tveimur mánuðum, að verðlagið heldur áfram að hækka. Það eru engar ráðstafanir til þess í frv. að stöðva það. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa þessa 4. gr. um verðstöðvunina, þar segir:**

„Óheimilt er að hækka hundraðshluta álagn-

ingar á vörum í heildsölu og smásölu frá því, sem er, þá er frv. til þessara laga er lagt fyrir Alþingi.“ Má ekki hækka álagningu í hundraðshluta. Mikið var. „Sama gildir um álagningu á hvers konar selda vinnu og þjónustu, þ. á m. meistaraálag. Frá því að frv. til þessara l. er lagt fyrir Alþingi, er óheimilt að hækka verð á öllum öðrum vörum en þeim, er ræðir um í 1. mgr., nema með samþykki viðkomandi yfirvalda,“ — það kynni að fást, — „og mega þau ekki leyfa meiri hækkun en svarar sannanlegri verðhækkun efnivara og annarra kostnaðarliða.“ En ef um þetta sannast, þá er alveg sjálfsagt að hækka. „Sama gildir um hvers konar selda þjónustu, þ. á m. um aksturstaxta vörubifreiða, fólksbifreiða og sendiferðabifreiða og um fargjöld og flutningsgjöld skipa og flugvéla.“

Eins og hver maður heyrir, þá eru þarna engar ráðstafanir um takmarkanir. Það á bara ekki að lækka álagningu hjá þeim í prósentutölu, og það er beint sagt, að þeir megi hækka verðið, ef einhverjir útgjaldaliðir hækka. Þar skal á engan hátt þrengt að. Og verðlagið getur þannig hlaupið upp á næstu tveimur mánuðum drjúgan spöl. Frv. er ekki verðbindingarfrv.

Hæstv. viðskmrh. hélt hér fyrirlestur áðan, fyrirlestur um vandann, sem þjóðinni er á höndum, um þann greiðsluhalla, sem nú væri orðinn og færi alltaf sívaxandi, — er kominn eitthvað yfir 700 millj., — og um það, að gjaldeyrisvarasjóðurinn væri alltaf að minnka, í þessu líka voðalega árferði, sem við búum við. Og hvernig á nú að ráðast gegn þessu? Hvernig á að stöðva sig á óheillabrautinni? Frv. hér er auðvitað úrræðið: binda kaup verkafólks næstu tvo mánuði, svipta verkalýðssamtökin samningafrelsi, svipta þau verkfallsréttinum, stórskerða þannig félagafrelsið í landinu og brjóta þar með stjórnarskrána, sem á að tryggja borgurunum félagafrelsi, svipta fjölmennustu stéttir þjóðfélagsins lýðræðislegum réttindum til þess að fá svo hið þezta fram hjá þessu fólki og þess samtökum til þess að leysa málið í bróðerni á eftir.

Hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, hefur ekki talað enn þá í þessum umr., kannske gerir hann það ekki. En það er mynd af honum á forsíðu Vísis í dag, og það er innrömmuð grein, sem er viðtal við ráðh., og viðtalið heitir: „Ríkisstjórnin treystir á dómgreind Íslendinga.“ Hún gerir það enn, að dómgreind Íslendinga viðurkenni réttlæti ríkisstjórnarinnar. Þessi hæstv. ráðh. er með játningar eins og hinir ráðh., sem hér hafa talað, og hann segir: „Þjóðin er farin að eyða meiru en hún hefur aflað. Þetta kemur fram í því, eftir að við höfðum hagstæðan gjaldeyrisjöfnuð gagnvart útlöndum árin 1961 og 1962, þá er mikill gjaldeyrishalli það sem af er þessu ári.“ Hvert segir hann, að það sé á leið? Upp á við? Nei, það er allt á leið niður á við a. m. k. En það er sjaldan ein báran stök, og þess vegna segir hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta: „Í öðru lagi hefur svo tilkostnaður útflutningsatvinnuveganna aukizt svo gífurlega, að öll samkeppnisaðstaða þeirra á erlendum mörkuðum við aðrar þjóðir hefur stórversnað.“ Nei, nú lýgur Herlegdáð að kónginum. Það er algerlega útilokað að halda því fram, að samkeppnisaðstaða íslenzkra útflutningsatvinnuvega sé eyðilögð vegna kaupgjaldsins á Íslandi, því að kaupgjaldið á Íslandi er lægra en í nokkru öðru landi, sem við höfum viðskipti við, og við eigum því að hafa betri samkeppnisaðstöðu en nokkur önnur nágrannaþjóð okkar. Kaupgjaldið í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Bretlandi er stórkostlega miklu hærra en hjá verkalýðnum á Íslandi. Og þetta ætti að drepa samkeppnisaðstöðu þeirra þjóða gagnvart okkur, ef nokkuð væri. Ef þetta eru beztu rökin, sem hæstv. fjmrh. hefur fyrir því, að þeir beri fram þetta þvingunarfrumvarp, þá eru rökin ekki upp á marga fiska, því að þetta eru ósannindi, hrein ósannindi. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þennan hæstv. ráðh. og bankaráðsformann.

Vinnulaunin eiga að vera banabitinn. Þetta ofsalega kaup, sem verkafólkinu eru greitt, það er það, sem er að fella íslenzka atvinnuvegi, bæði innanlands og í samkeppnisaðstöðu við útlönd. Þó eru vinnulaunin, t. d. í rekstri hraðfrystihúsanna, líklega innan við 20% af útgjöldunum. Og hér var í kvöld upplýst, að útflutningsgjaldið eitt samsvaraði 30—35% í kaupi. Hvað ætli vextirnir nemi miklu af útgjöldunum? Hvað ætli það nemi nú miklu fyrir íslenzka útflutningsatvinnuvegi, ef útflutningsgjald og vextir væri lækkað svo sem eins og um helming? Ég held, að með því opnuðust leiðir — og væru þó fleiri til — til þess að gefa verkafólki eitthvað svipaða launabót og kjaradómur dæmdi opinberum starfsmönnum.

Hver eru nú viðbrögð verkalýðssamtakanna til frv., stjórnarfrv. um launamál o. fl.? Það er ekki að öllu leyti komið í ljós enn, en af því, sem þegar hefur gerzt, má þó nokkuð ráða í það. Miðstjórn Alþýðusambandsins kom saman til fundar í gærkvöld, kynnti sér frv. til laga um launamál o. fl., ræddi efni þess og gerði svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðusamband Íslands mótmælir harðlega frv. því til laga um launamál o. fl., sem ríkisstj. lagði fram á Alþ. í dag. Lagafrv. þetta er eigi aðeins hatröm árás á samningsréttinn, félagafrelsið og verkfallsfrelsið, heldur þýðir samþykkt þess einnig afnám þessara lýðréttinda. Heitir Alþýðusambandið því á öll meðlimafélög sín að slá órofa skjaldborg um þessi dýrmætu grundvallarréttindi lýðræðisins. Í baráttu þeirri, sem fram undan er, er óendanlega mikið komið undir árvekni og baráttuþreki félagsheilda og einstaklinga, og ber að neyta sérhvers færis, sem gefast kann til varðveizlu lífskjaranna og mannréttindanna.“

Ég veit það með vissu, að það hefði orðið mikil ólga í verkalýðshreyfingunni, ef samningar við atvinnurekendur hefðu engan árangur borið um hækkað kaup, ef atvinnurekendur hefðu þverlega neitað að hækka kaupið um einn eyri. En það vekur áreiðanlega miklu meiri ólgu í verkalýðshreyfingunni, þegar slíkt kemur frá ríkisstjórn, sem hefur lofað því við skegg sitt og skalla, lofað því í hvítu bókinni „Viðreisn“ að skipta sér ekki af kjaramálum, það skuli vera mál verkalýðssamtaka og at-

vinnurekendasamtaka. Og þannig stendur hæstv. ríkisstjórn sem svikari að þessari yfirlýsingu sinni. Og til hvers? Til þess að sjá um það, að verkafólk fái enga umbun launa, þó að aðrar stéttir hafi fengið um 45% launahækkun fyrir opinbera tilhlutan á undanförnum vikum. En það, sem sker miklu, miklu dýpra inn í merg og bein hjá verkalýðshreyfingunni heldur en að ríkisstj. tekur að sér að sjá um það hlutverk atvinnurekenda að neita um sérhverja kauphækkun, er það, að hún ræðst með frv. sínu á helgustu lýðréttindi verkalýðssamtakanna. Þau eru ekki frjáls, eftir að þetta frv. hefur verið samþ. Þið, hv. alþm., sem verðið til að samþ. þetta frv., þið eruð að leggja frelsissviptingu á verkalýð landsins, þið eruð að fjötra hann, eftir að þið sjálfir hafið tekið ykkur drjúgan skammt í formi launa, hækkaðra launa, ýmist í skjóli dómstóls eða með eigin skömmtunaraðferðum. Og það er ég viss um, að verkalýðshreyfingin unir ekki að vera svipt samningsrétti, ekki heldur að vera svipt verkfallsréttinum. Verkalýðsfélögin eru gerð bókstaflega óvirk með því að svipta þau samningsréttinum um kaup.

Ályktun Alþýðusambandsins verður ekki mætt daufum eyrum af verkalýð landsins, og þar mun afstaða manna ekki skiptast eftir flokkum. Mönnum eru lýðréttindi verkalýðssamtakanna helgur réttur. Landsnefnd verkalýðssamtakanna, landsnefnd hinna almennu verkalýðsfélaga kom saman á fund í morgun. Hún ræddi þessi viðhorf. Hún er skipuð fulltrúum víðs vegar að af landinu, hún er skipuð fulltrúum lýðræðissinna, og hún er sjálfsagt líka skipuð einhverju af landráðalýð eftir orðbragði Morgunblaðsins. En bæði lýðræðissinnar og landráðalýðurinn urðu sammála um eftirfarandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsnefnd verkalýðsfélaganna lýsir fyllsta stuðningi sínum við mótmælaályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands gegn frv. því til þvingunarlaga, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. Landsnefndin telur sjálfsagt, að haldið verði fast við markaða stefnu, og skorar á verkalýðsfélögin að boða vinnustöðvanir með löglegum fyrirvara og komi þær til framkvæmda frá og með 11. þ. m.“

Þessi ályktun var að sjálfsögðu send okkar ástkæra hlutlausa ríkisútvarpi í dag, önnur leið var ekki til til þess að koma henni á framfæri, vissulega var hún frétt. Blöðin eru stöðvuð, vegna þess að Hið íslenzka prentarafélag er í verkfalli, löglegu verkfalli. Fyrri hluti ályktunarinnar var birtur í ríkisútvarpi orðrétt, en niðurlagið var klippt í burtu. Tjáningarfrelsið á Íslandi er ekki meira en það, að það var ekki hægt að birta til enda samþykkt landsnefndar verkalýðsfélaganna. Það var án allra heimilda frá þeim, sem ályktunina sendu til birtingar, skorið aftan af henni þetta: „og skorar á verkalýðsfélögin að boða vinnustöðvanir með löglegum fyrirvara og komi þær til framkvæmda frá og með 11. þ. m.“ Þetta mátti þjóðin ekki heyra, þetta mátti ekki koma í útvarpinu. Lýðréttindin, skoðanafrelsið, það er í heiðri haft á Íslandi, það má segja það, undir stjórn lýðræðissinna. Það er sem sé sparkað og traðkað á öllu lýðræði og öllu lýðfrelsi, og er alveg sérstaklega ástæða til að minna á það nú við þessar umr., því að frv. er vitnisburður um það, að það er traðkað á félagsréttinum, félagafrelsinu og lýðræðislegum réttindum þess fólks, sem í þeim samtökum er. Og svo bætir ríkisútvarpið því við, að það lætur undir höfuð leggjast að birta í heild þær ályktanir, sem það þó telur sér skylt að birta hrafl úr.

En þó að blöðin komi ekki út og þó að ríkisútvarpið verði verkalýðshreyfingunni lokað, þá höfum við aðrar aðferðir til þess að koma okkar ályktunum á framfæri. Það er langt síðan það hefur verið svona gestkvæmt á pöllunum á Alþ. Af hverju er fólkið komið hingað? Er það ekki af því, að kommúnistar hafa smalað því saman? Nei, þegar fundur hófst á Alþ. í gær og vitað var, að ríkisstj. var að leggja fram þetta frv., þá fylltust áheyrendapallar Alþ. Og það var áreiðanlega að eigin hvötum, sem fólkið kom. Í dag, þegar átti að taka málið til umr., þingmálið, sem á að lögbinda kaup verkafólksins á Íslandi, þá varð slík aðsókn að Alþingishúsinu, að það var gert lögregluútboð í Reykjavík. Og þegar var komið nokkuð af fólki á þingpallana, þá var dyrum skellt á verkafólkið, sem vildi koma að hlýða á mál á okkar lýðfrjálsa þingi. Það var ekki á það hættandi að hleypa inn fleira fólki en með góðu móti kæmist á þingpallana, kytrurnar þarna uppi, sem raunar engum manni eru bjóðandi, bekkirnir eins og hænsnatré. (Gripið fram í.) Já, það er ekki aldeilis eins og ráðherrastóllinn, herra Ólafur Thors. (Gripið fram í.) Já, hann er miklu betri, ég veit, að hann er miklu betri en bekkirnir á pöllunum. En verkamenn máttu ekki koma hér inn í húsið, þeir máttu ekki vera hér á göngunum og heyra óminn af umr. Af hverju ekki? Alþingi á að vera háð í heyranda hljóði. Þjóðþingin eiga að vera það í lýðræðislöndum, og engin ríkisstj. á að gera neitt það verk, að hún þurfi að hræðast fólkið. En hér var dyrum lokað, lögregla sett til gæzlu við hvorar tveggja dyr og verkamönnunum haldið úti. Og það var þó áreiðanlega tekið upp hjá sjálfum sér, að verkamennirnir við Reykjavíkurhöfn lögðu frá sér verkfærin, hættu vinnu og skunduðu upp að alþingishúsi og héldu sig eiga aðgang að þeim lýðréttindum að hlusta hér á umr. um frv. til l. um launamál o. fl. En þeir voru lokaðir úti.

Hæstv. dómsmrh. kvaðst ekkert geta við þetta ráðið, ekki neitt. En einhvern veginn fannst honum vissara að hafa verkamennina utan dyra heldur en t. d. hérna á göngunum. Það er sumum mönnum ýmislegt fleira betur gefið en hugrekki.

Þetta eru fyrstu viðbrögð verkalýðssamtakanna og verkafólksins, sem við höfum orðið varir við. En verkalýðsfélögin eru lýðræðisstofnanir og hafa lýðræðið betur í heiðri en hæstv. ríkisstj. Þau hafa verið að boða sína fundi í kvöld. Þau munu halda félagsfundi mörg á morgun og núna um helgina, og þar taka þau á lýðræðislegan hátt ákvarðanir um það, að hve miklu eða litlu leyti þau muni

virða lagafrv. ríkisstj. um kaupbindingu, þegar flestar aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið stórkostlegri launahækkanir á liðnu sumri en nokkurn tíma hafa borizt spurnir af í allri Íslandssögunni. Ríkisstj. getur sett lög, ef henni endist þingmeirihl. til, en það er engin vissa fyrir því, að ranglát lög, sem eru í algeru ósamræmi við réttlætiskennd þjóðarinnar, verði framkvæmd. Það er svo margstaðfest reynsla af því, að ef löggjöf brýtur í bág við réttlætiskennd þjóðarinnar, þá eru þau ekki meira virði en pappírinn, sem þau eru prentuð á. Ég skal engu spá um það, hversu mikils virði þessi pappír hér verður sem lög, en það gæti alveg eins farið svo, að hann yrði heldur verðlítill, og ef svo verður, þá er það eingöngu af því, að hæstv. ríkisstj. hefur fært það í fang að setja ofbeldislög gegn miklum hluta þjóðarinnar og þessi löggjöf verður dæmd sem ólög. Gegn öðru en ólögum rísa Íslendingar ekki.

Ég vil vænta þess, að réttlætiskennd hv. alþm. sé svo vakandi, að þeir hjálpi ekki ríkisstj. til þess óráðs, sem það er að gera þetta frv. að lögum, og það er enn á þeirra valdi. Ef þeirra réttlætistilfinning er vakandi, þá verður þetta frv. aldrei að lögum. Ég á erfiðast með að trúa því, að menn, sem tilheyra Alþfl. og eru meðlimir í verkalýðshreyfingunni, láti fara með sig á svo auvirðilegan hátt, að þeir taki þátt í að rétta upp puttana til þess að hafa lýðréttindi af sínum stéttarfélögum. En það má vel vera, að það sé búið að fulltryggja það, áður en þetta frv. er lagt fram, að þar bili enginn, að þar haldi öll handjárn og þar sé öll réttlætistilfinning svæfð. Ég á enn fremur erfitt með að trúa því, að útgerðarmenn og aðrir atvinnurekendur finni það ekki, að það er svívirðilegt að synja verkafólki um launahækkun eftir þær launabreytingar, sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu. Ég hef engan útgerðarmann eða atvinnurekanda fyrir hitt, sem hefur ekki játað, að það verði auðvitað að laga kaupið hjá verkafólki, og ef það verður ekki gert, þá sjá þeir líka aðra hættu, sem blasir við, og það er sú hætta, að verkafólk streymi frá framleiðslustörfunum, og þar hefur þó heldur þótt skortur á fólki a. m. k., og til milliliðastarfanna, sem nú hafa fengið frá 20—90% kauphækkun, og hreiðri um sig þar. Ef hvorki verkalýðshreyfingin né atvinnurekendur lagfæra kaup verkafólksins, þá þýðir það, að vinnuaflinu er með opinberum ráðstöfunum bægt frá framleiðslustörfunum og til annarra minni nytjastarfa fyrir þjóðfélagið. Og ef það gerist, þá styrkist ekki grundvöllur efnahagskerfisins, þá eflast ekki atvinnuvegirnir, þá einu sinni blómgast ekki hagur heildsala og stórkaupmanna. Þá visnar tréð frá rótum. Það er á gjaldeyrisframleiðslunni, á framleiðsluatvinnuvegunum til lands og sjávar, á vinnuverðmætinu, sem sjómenn, verkalýður og bændur skapa, sem efnahagskerfið og þjóðfélagið hvílir, það er á þessari klöpp, sem það hvílir. Og sé hún sprengd, hrynur það. En þetta skilur ekki hæstv. ríkisstj. Hvernig ættu líka menn eins og hæstv. fjmrh., hæstv. menntmrh. og viðskmrh., hæstv. dómsmrh.. jú, hann hefur líklega verið í síld nokkrum sinnum, en um hina vildi ég segja, menn, sem aldrei hafa migið í saltan sjó, menn, sem aldrei hafa tekið sér verkfæri verkamanns í hönd, — hvernig ættu þeir að skilja lífskjör verkafólks? Það er engin von. Það er engin von, að þeir skilji það, og þeir hafa líka sýnt það, að þeir hafa engan skilning á því, skilja það ekki, því að þeir eru ekki verri menn en svo, að ef þeir skildu nokkuð til lífskjara íslenzks verkafólks, þá byðu þeir því ekki upp á kaupbindingarfrv. eins og þetta.

Fram eftir öllu sumri voru stjórnarblöðin alltaf að guma að því, að ríkisstj. væri sterk stjórn. Jú, það vissu allir, hvað hún var sterk, að hún hafði 32 þm. af 60, hún hafði nauman meiri hl. í hvorri þd. En þjóðin veit nú betur, að þessi sterka stjórn hafði holgrafið efnahagskerfi, veikt og sundur tætt, og þegar hún var að guma af sterku stjórninni, þá vissi hún og málpípur hennar þetta vel. Núna upp á síðkastið voru stjórnarblöðin alltaf að tilkynna það, að erfiðleikarnir væru að vísu miklir, en það yrði með karlmennsku og þreki gengið á hólm við erfiðleikana og þeir yrðu yfirbugaðir, þeir yrðu sigraðir, úrræðin, sem dygðu, væru rétt að koma. Og hvað kom svo? Það kom þetta frv. til l. um launamál, sem er ekki um nein úrræði, sem er tákn úrræðaleysisins, tákn þess, að ríkisstj. sé algerlega ráðþrota og viti ekkert í sinn haus, hvað hún eigi að gera, nema helzt að reyna að níðast á verkalýðsstéttinni. Það hefur henni dottið í hug, að væri bezta ráðið til þess að fá hana til ljúflegs og góðs samstarfs um að ráða fram úr vandamálunum á eftir. En e. t. v. eru þetta samt úrræðin, sem stjórnarblöðin voru að boða, og þó að þetta marki ekki stefnuna nema næstu tvo mánuði, þá er ekkert líklegra en þetta eigi að vera framtíðarúrræðið, það eigi bara að framlengja þetta, t. d. um næstu 2 ár, þegar þessir tveir mánuðir væru liðnir. Það má vel vera, að þannig eigi þetta að verða, það eigi að stjórna launamálum þjóðarinnar úr ráðherrastólunum með valdboði, með þvingunarlögum, það eigi til frambúðar að taka félagsfrelsið, samningaréttinn og verkfallsréttinn af verkalýðssamtökunum í okkar þjóðfélagi, og það eigi þannig að verða lausnin, sem hæstv. fjmrh. var að boða í fjárlagaumr. um daginn. Hann sagði, að það hefði lengi verið talið, að menn gætu stjórnað einu þjóðfélagi með því að hafa fullt vald á efnahagsmálunum, peningamálunum, þ. e. a. s. bankapólitíkinni og fjármálunum, þ. e. rekstri ríkissjóðs, ríkisfjármálunum, en nú væri komið í ljós, að þetta dygði ekki, menn yrðu líka að hafa fullt vald á launamálunum. Og það á að hafa vald á þeim með því að setja þvingunarlög eins og þau, sem hér liggja fyrir í frv.-formi. Þá er það fullkomnað. Þá halda þeir sig geta stjórnað íslenzka þjóðfélaginu. En það segi ég þeim alveg satt, að ef þeir halda, að þeir geti fengið vald yfir þróun launamálanna í landinu með slíkri löggjöf, þá fara þeir villir vegar. Þeir fara alveg villir vegar um það. Þeim þætti þjóðfélagsmálanna verður aldrei stjórnað með þvingunarlögum. Þá fyrst mun koma í ljós, að þeir hafa hellt ekki aðeins olíu, heldur benzíni í eldinn, og það

verður mikið bál, sem þeir tæpast verða menn til þess að slökkva.

Ég lýk máli mínu með því að segja þetta: Ég vara hæstv. ríkisstj. enn við þessari ranglátu lagasetningu. Hún mun torvelda alla möguleika til friðsamlegrar lausnar á vandamálunum, sem nú steðja að. Og vandamálin, sem núv. hæstv. ríkisstj. er að fást við, er hún ómegnug að leysa og á því að fara frá. Hún á að játa gjaldþrot sitt, það blasir við allri þjóðinni. Og hún getur aldrei leyst vandamál, a. m. k. ekki að því er viðvíkur launamálunum, nema í falslausu og heiðarlegu samstarfi við framleiðslustéttir þjóðarinnar, verkafólk, sjómenn og bændur og samtök þessara stétta. Hvort hún trúir þessu eða ekki, þá er þetta sannleikur málsins. Hún er að hella olíu í eld nú, og það er óviturlegt að ætla sér að slökkva bál, eins og forsrh. sagði, með því að hella olíu á eldinn. Og það er enn þá heimskulegra að halda, að með fantalegu ofbeldi verði verkalýður landsins og verkalýðshreyfingin löðuð til nánara samstarfs og verði þannig barin til ásta.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ef ég kysi að tala um þetta mál í sama dúr og hv. síðasti ræðumaður gerði, þá lægi ósköp nærri að fjölyrða um hans hnyttnu orð hér áðan, — sem skýrðust raunar nokkuð af áskorun hans til ríkisstj., að hún ætti að segja af sér, — að honum þættu ráðherrastólarnir þægilegri en ýmis önnur sæti hér í þinghúsinu. En við höfum nú haft reynslu og þjóðin af þessum hv. þm. sem ráðh. og sem forustumanni um að leysa svipaðan vanda og hér er um að ræða, því að það er alveg rétt, eins og hv. 1. þm. Austf. sagði hér fyrr í dag, að það hefur oft borið við og á oft eftir að bera við, að ofþensla hleypur í okkar efnahagslíf, og þá þarf að grípa til þeirra tiltækilegu ráða, sem eru hæf til að koma í veg fyrir ofþensluna og gera hana skaðlausa.

Hv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, settist í hinn þægilega ráðherrastól á Alþingi haustið 1956. En hann var ekki einu sinni kominn í hinn þægilega stól hér í þinghúsinu, þegar hann úr sínum enn þá þægilegra stóli uppi í Arnarhvoli gaf út brbl., sem höfðu titilinn: Brbl. um festingu kaupgjalds og verðlags. Og í þeirri ræðu, sem hann flutti á Alþingi, þegar hann lagði þetta frv. fram til staðfestingar á brbl., viðurkenndi hann hreinlega, að til þess að ráða við verðbólguna hafi hann sjálfur, forseti Alþýðusambandsins, gert það, sem nú skal segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef ég hefði hlíft verkafólkinu og látið það fyrst fá sína kaupgjaldshækkun og ekki látið lögin koma í gildi fyrr en eftir 1. sept., þá hefðu allir aðrir getað vísað til þess, að þeir yrðu líka að fá sína möguleika til þess að hagnast, áður en lögin voru framkvæmd af þeim."

Hv. þm., þáv. ráðh., lýsti því þannig með berum orðum yfir, að hans fyrsta úrræði hefði verið að svipta verkalýðsfélögin lögbundnum rétti, samningsbundnu ákvæði, með brbl. Þá var ekki haft svo mikið við að leggja lögin fyrst fyrir Alþingi, og þessi hv. þm., sem nú fárast mjög yfir því, að lög eigi að verka aftur fyrir sig, ákvað þannig með sínu fyrsta þýðingarmikla skrefi að láta þessi brbl. verka aftur fyrir sig með því að svipta verkalýðinn þeim rétti, sem hann var búinn að fá. Ef núv. ríkisstj. þarf fordæma við, þarf ekki lengra að fara en í þetta eina dæmi. Hitt er annað mál, að þetta var vafalaust gert af ríkri nauðsyn, og við sjálfstæðismenn, sem þá vorum í stjórnarandstöðu, tókum þessum brbl. og staðfestingu þeirra á þingi með allt öðrum hætti en núv. hv. stjórnarandstaða gerir. Því var að vísu haldið fram með mjög hæpnum hætti, að leitað hefði verið meira eða minna óformlegs samþykkis nokkurra forustumanna verkalýðsfélaganna um setningu þessara brbl., og hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, útskýrði það svo, að það hefði verið eðlilegt, að þessi ráðstöfun hefði verið gerð, vegna þess, eins og hv. þáv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, sagði um verkalýðsfélögin orðrétt:

„Þau stóðu frammi fyrir því, að þau gátu samkv. rétti sínum tekið nokkra kauphækkun 1. sept. þ. á., en þau stóðu líka frammi fyrir því, að þessi litla kauphækkun, sem fólst í þessum 6 stigum, átti að hverfa að fullu og öllu strax eftir 15 daga."

Það var vegna víxlverkana milli kaupgjalds verkalýðsins og landbúnaðarvöruverðsins, alveg sama dæmi og við höfum í sumar, að kaupgjaldshækkunin, sem ákveðin er í júní, er nú upp étin, fyrst og fremst af hækkun landbúnaðarvara og af öðrum óhjákvæmilegum hækkunum. Hér er sem sagt ekki um neitt nýtt vandamál að ræða og ekki heldur ný vinnubrögð. Mér kemur ekki til hugar að saka þessa hv. þm. um illvilja í garð verkalýðsins eða yfirleitt nokkurs Íslendings, þó að þeir tækju þetta ráð, sem þeir gerðu. Þeir völdu það af ríkri nauðsyn.

En nú segir hv. 5. þm. Vestf. um frv. núv. ríkisstj., að í því felist engin úrræði, það sé einungis til að skapa sér frest, meðan úrræðanna sé leitað. En einnig að því leyti gilti nákvæmlega hið sama um brbl. hv. þm. frá því í ágúst 1956. Þau voru þó ekki takmörkuð að gildi við tvo mánuði, eins og þessi lög eiga að vera, heldur við 4 mánuði, frá 1. sept. til 31. des. Og þáv. hæstv. ríkisstj. var ekki skjótari með úrræði sín en svo, að þegar þau komu fram, var fast liðið að jólum. Á þeim tíma var sá háttur hafður á, eins og hv. 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson, svo fagurlega tók til orða haustið 1958, að við sjálfstæðismenn vorum „settir til hliðar" og mjög lítið var til okkar leitað. En ég minnist þess, þegar hv. 1. þm. Vestf., þáv. hæstv. forsrh., kallaði mig til sín rétt fyrir jólin, sýndi mér þetta frv. og óskaði samstarfs, aldrei þessu vant, um, að málið fengi að ganga fram fyrir jól. Þetta var „jólagjöfin" svokallaða, alræmt frv. og lagasetning á sinni tíð. Við sjálfstæðismenn athuguðum málið. Við vorum því að vísu fyllilega ósammála, en við viðurkenndum, að þörf væri ráðstafana til þess að bjarga atvinnuvegum þjóðarinnar frá stöðvun, og greiddum því fyrir því, að málið næði fram að ganga fyrir jól, þrátt fyrir það að við bentum þá þegar á, að mjög væri þessi löggjöf misráðin. En segja mátti um hæstv. ríkisstj. þá eins og oft ella, að betra er að veifa röngu tré en engu.

Það var að vísu í „jólagjöfinni" ekki um beina

kaupbindingu að ræða, en stórkostlega skerðingu á hag alls almennings með margháttuðum tollum. Og þeirri aðferð var einnig haldið áfram í „bjargráðunum" **alræmdu, sem samþykkt voru hér eftir mikla og langvarandi verkleysu á Alþingi fyrri hluta ársins 1958. Loksins, þegar komið var fram á sumar, ég hygg um mánaðamótin** maí—júní, voru þessi „bjargráð" samþykkt, sem **síðan leiddu til þeirrar frægu óðaverðbólgu, sem** hv. 1. og 5. þm. Vestf. kepptust við að lýsa haustið 1958 og voru þá búnir að koma sér saman um og hv. 5. þm. Vestf. að skrifa mjög skelegga og að ýmsu leyti skynsamlega grein um það í eitt af sínum málgögnum, að ráðstafanir yrði að gera til þess að hefta þessa óðaverðbólgu og verkalýðurinn að leggja sitt af mörkum í því skyni. Hv. þm. fóru síðan á fund Alþýðu**sambandsins, og þegar þeir náðu þar ekki sínu** máli fram, hygg ég, að hv. 5. þm. Vestf. hafi kosið að standa með sínum félögum, og hv. 1. þm. Vestf., þáv. forsrh., hafi virzt heldur lítil stoð í þessum fylgisveini. En afleiðing alls þessa varð sú, að þegar þeir fengu ekki ný kaupbindingarlög þá samþykkt af Alþýðusambandsþing**inu, lög, sem áttu að ganga í þá átt, að Alþýðu**sambandið veitti frest til desemberloka, hyrfi á brott, en léti hina háu herra eina um, hverjar ráðstafanir væru gerðar, þá varð það úr, eins og kunnugt er, að hæstv. forsrh. þáv., Hermann Jónasson, kom í þennan stól, sem var nú honum ekki mjög þægilegur þá að standa í, og hélt sína frægu uppgjafarræðu, eina hina eftirminnileg**ustu í allri Íslands sögu.**

Við skulum vera alveg hreinskilnir og játa það, að hér stöndum við frammi fyrir miklu sameiginlegu vandamáli, sem allar ríkisstjórnir nú um mannsaldursskeið hafa þurft að glíma við og ætíð — með réttu eða röngu — brugðizt við á sama veg. Ég man alltaf eftir því, þó að ég væri ekki þingmaður, að ég kom hér upp í þingið vetrarkvöld 1938, þegar þáv. hæstv. forsrh., Her**mann Jónasson, var að fá lögfesta lagaþvingun** til þess að binda endi á sjómannadeilu. Vitanlega gerði hæstv. forsrh. þetta af ríkri nauðsyn, og honum var það svo mikið kappsmál, að hann gerði það, þó að hann sæi fyrir, að þáverandi meðráðh. hans, Haraldur Guðmundsson, mundi hverfa úr ríkisstjórninni.

Að þessu sinni var ég einungis áhorfandi. Ég var meiri þátttakandi í mínum flokki í hinum löngu samningaumræðum og viðræðum, sem **leiddu til myndunar þjóðstjórnarinnar 1939,** þegar þáv. hæstv. ríkisstj. undir forsæti Hermanns Jónassonar gafst upp og leitaði samstarfs við Sjálfstfl. um myndun nýrrar stjórnar, vegna þess að efnahagskerfið var komið í rúst. Þá þótti ekki annað tiltækilegt en að fella gengið og heimila að vísu nokkra visitöluuppbót, en þó mjög takmarkaða, þannig að efnislega var þar um kaupfestingu að ræða, beina kaupskerðingu. Það var úrræðið, sem þá þótti eitt fært að grípa til.

Það má einnig minnast þess, þegar þessi sami hæstv. forsrh. sagði af sér haustið 1941, vegna þess að hann gat ekki komið fram kaupskerðingar- og kaupbindingarlögum, en myndaði svo ríkisstjórn sína aftur eftir nokkrar vikur, en varð að þola það, að hún sprakk eftir áramótin, þegar gerðardómslögin voru sett 1942. Hv. Alþfl.-menn og hvað þeir kölluðu sig nú þá, vinir okkar með langa nafnið síbreytilega, þeir voru að vísu báðir á móti þeirri löggjöf. Við sjálfstæðismenn vorum henni fylgjandi, og ég er jafnsannfærður um það, eins og ég vissi, að við gerðum það eftir beztu sannfæringu, þá gerðu hæstv. þáv. ráðherrar, Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, það eftir beztu sannfæringu sinni að fallast á **þá löggjöf — og ekki einungis að fallast á hana,** heldur beita sér fyrir henni af öllum lífs og sálar kröftum.

Og það skyldi þó ekki einnig hafa verið svo, að samningar um myndun vinstri stjórnar rétt fyrir jólin 1942 hafi farið út um þúfur vegna þess, að þá fengust hinir flokkarnir, sem Framsókn var þá í makki við, ekki til þess að fallast á þau kaupbindingarskilyrði, sem Framsfl. taldi sér nauðsynlegt að setja. Ég var ekki þátttakandi í þeim samningum og skal því ekki fara frekar út í það.

Hitt veit ég gjörla, að þegar ég fyrst kom í ríkisstj., þá var með hæstv. þáv. menntmrh., núv. hv. 1. þm. Austf., þá gerðum við af illri nauð**syn á árinu 1947 að lækka kaupið með löggjöf** settri af Alþ. Við gerðum það ekki verkalýðnum til ills eða vegna þess, að við vildum ekki unna alþýðu manna á Íslandi að búa við góð kjör, heldur af því, að við sáum ekki og enginn gat þá bent á önnur hagkvæmari ráð til þess að forðast almenna atvinnustöðvun í landinu.

Hið sama átti sér stað um gengislögin 1950, sem vissulega voru kaupskerðingarlög, fram hjá því tjáir ekki að reyna að komast, og við getum ósköp vil minnzt þess, allir þrír í sameiningu, ég og minir þáv. félagsbræður, svo þokkalegir sem þeir nú voru, hv. 1. þm. Austf. og hv. 1. þm. Vestf., að þá var það lagt til í okkar stjórnarfrv., þó að því væri breytt á þinginu, að almenn kauphækkun ætti beinlínis að leiða til þess, að skráning krónunnar væri tekin til athugunar. **Það var sameiginleg tillaga okkar. Við getum sagt, að sú till. hafi verið viturleg eða ekki vitur**leg, heimskuleg eða hyggileg, en við gerðum þetta áreiðanlega að tillögu okkar af beztu sannfæringu, vegna þess að við töldum, að það væri jafngott, að menn gerðu sér grein fyrir því, að almennar kaupgjaldshækkanir umfram getu efnahagslífsins til þess undir þeim að standa **gætu a. m. k. leitt til gengisfalls og yrði því að taka það mál upp til athugunar, ef slíkar al**mennar kaupgjaldsbreytingar yrðu gerðar.

Ég hef minnzt á úrræðin, sem hæstv. vinstri stjórn greip til á sínum valdatíma, og þau fóru mjög í hina sömu átt og sýndu það, að þegar hv. Alþb.-menn eru í ríkisstj., þá kunna þeir ekki í þessum efnum önnur ráð en við hinir. Ég rakst á það, þegar ég var að fletta upp ummælum þeirra Hannibals og Lúðvíks hér áðan, að ég hafði í þeim umræðum varpað fram þeirri spurningu, hvort þarna væri nú um raunveruleg **sinnaskipti þessara mjög svo vönduðu og grand**vöru manna að ræða eða hvort þetta væri aðgangseyririnn, sem þeir þyrftu að borga til að fá að vera á fleytunni með Eysteini. Eftir ummælum hv. 5. þm. Vestf. hér í kvöld virðist nú

svo sem það hafi verið aðgangseyririnn, en ekki sannfæring. Og þó er ég alls ekki viss um það, því þó að ræða hv. 5. þm. Vestf. væri sambland af gamni og alvöru, þá var vissulega ýmislegt athyglisvert í henni, sem er þess virði að taka til athugunar og kryfja til mergjar, hvort þurfi að vera svo róttækur ágreiningur manna á milli um, eins og hv. þm. vill nú vera láta.

Við komumst ekki hjá því að viðurkenna, í fyrsta lagi þetta, sem ég hef nú rakið, að viðbrögð allra ríkisstjórna við hliðstæðum vanda, eins og við höfum nú við að etja, eru og hafa ætíð verið hin sömu. Það hefur verið svo furðulega fátt um úrræði, en það er vegna þess, að vandinn er hinn sami og úrræðin eru svo furðulega fá. En hv. 5. þm. Vestf. segir, að við hinir kennum ætíð verkalýðshreyfingunni um þennan vanda og segjum, að það sé vegna kauphækkana, sem verðhækkanirnar komu. Það er hin sama kenning og hann hélt sjálfur fram, þegar hann átti heima í þessum þægilega stól, þarna til hægri, þó að hann vilji nú ekki viðurkenna þá kenningu í bili. Við skulum játa allir, að þarna er um víxlverkanir að ræða.

Þarna er um vítahring að ræða, sem verður að brjótast út úr, hverjir sem hér eru við völd, hverjir sem sitja í hinum þægilegu stólum hverju sinni, og það er skylda okkar sem þingmanna og forráðamanna, sem manna, sem hver um sig nýtur trausts álitlegs hóps manna, að reyna að finna ráð til þess að rjúfa þennan vítahring.

Hv. 5. þm. Vestf. gerir mikið úr hógværð verkalýðshreyfingarinnar og segir, eins og hv. 5. þm. **Austf. hafði sagt áður: Hún hefur aldrei hækkað** kaup nema sem afleiðingu af verðhækkun til þess **að ná samræmi. Þetta er það, sem þeir segja nú, þótt þeir héldu þveröfugu fram 1956. Þeir** geta auðvitað sagt, eins og haft er eftir Norðmanninum: „Ég skipti um skoðun, af því að ég **er heiðarlegur maður.“ En um það verður ekki deilt, að þeir hafa skipt um skoðun. Ef það er** vegna þess, að þeir eru heiðarlegir menn, þá verða þeir að viðurkenna, að kaupkröfu- og kaup**gjaldsbaráttta verkalýðsfélaganna, hvort sem** hún er undir þeirra forustu eða lýðræðissinna, hún hefur ekki náð þeim tilætlaða árangri. Það er óvefengjanlegt, sem þeir eru stöðugt að hamra á, en leita ekki skýringanna fyrir, þrátt fyrir allar þessar hækkanir, hækkanir ofan á hækkanir, **þá eru hinir verst stæðu alltaf nokkru verr stæðir** eftir hverja hringferð heldur en þeir voru áður. **Sú baráttta, sem til slíkrar niðurstöðu leiðir,** ekki aðeins nú, heldur svo langt sem við kunnum **að rekja þessa sögu, hún hlýtur að vera á villi**götum. Það hlýtur að vera meira en lítið bogið við það kerfi, sem leiðir til slíkra afleiðinga.

Við verðum og að viðurkenna, að það er rétt eftir núgildandi skipan Alþýðusambands Íslands, að það hefur ekki úrslitaráð um meðferð þessara mála eða samningsákvarðanir hverju sinni. Ríkisstj. leitaði fyrir nokkrum mánuðum til stjórnar Alþýðusambandsins um samstarf til þess að fá hækkað kaup eingöngu fyrir lægstu launaflokkana, þá sem verst eru staddir. Svarið við **því var þetta: Alþýðusambandið hefur ekki ráð** yfir þessu. — Það vísaði málinu frá sér til hinna einstöku félaga. Það er vissulega skiljanlegt, að einstök félög vilji ekki fela Alþýðusambandinu þetta vald, meðan það er eins uppbyggt og það er nú.

Hv. þm. vildi færa að okkur, að við værum ekki jafnmiklir lýðræðisunnendur á borði og við værum í orði. En ég verð að segja, — án þess að hv. þm. minni mig að öðru leyti á krókódíl, vegna þess að það er allt önnur skepna, sem hann minnir mig á, verði ég að fara í dýraríkið, — að þá fannst mér það vera krókódílstár, þegar hann var hér að gráta yfir örlögum verzlunarmanna og um leið að hæðast að lýðræðisást okkar hinna, vegna þess að hvað sem um hv. þm. verður að öðru leyti sagt, þá var hans framkoma gagnvart verzlunarmönnunum á síðasta Alþýðusambandsþingi allt annað en lýðræðisleg. Hann virtist þá enn vera allt of mikið undir þeim áhrifum, sem hann fékk við sína frægu heimsókn í Tékkóslóvakíu, þegar hann sannfærðist um, að það væri alveg eins gott kosningafyrirkomulag, þar sem aðeins einn flokkur fengi að bjóða **fram, eins og í þessum svokölluðu lýðræðis**ríkjum. Ég hef nú von um, að hans ágæti sonur hafi upplokið hans augum fyrir því, að ástandið austan tjalds sé nú ekki alveg eins gott og jafngöfugum ferðalang kann að virðast, jafnvelmeðfarinn og hann er, þegar hann er þar á skyndiferð.

Nei, við verðum að játa, að það er eðlilegt, **að með núverandi uppbyggingu Alþýðusambands**ins séu hin einstöku félög treg til þess að láta Alþýðusambandið fá fyrir sig samningsrétt. En afleiðingin af því, að enginn einn aðili kemur fram fyrir verkalýðshreyfinguna, er þessi, að kaupgjaldsbaráttan er að verulegu leyti innbyrðis barátta félaganna sjálfra. Þau eru í kapphlaupi, sem hingað til hefur leitt til þess, að þessir verst settu menn fá minnst og verða aftur úr. Það er engin ný kenning hjá mér, að kaupgjaldsbaráttan sé að verulegu leyti þessa eðlis. Mér var sýnt í dag málgagn hv. þm. Hannibal Valdimarssonar, Frjáls þjóð, þar sem einn af helztu trúnaðarmönnum vinstri stjórnarinnar, hagfræðingurinn Haraldur Jóhannsson, skrifar grein, þar sem hans höfuðniðurstaða er einmitt ábending um þetta, að kaupgjaldsbaráttan sé fyrst og fremst innbyrðis barátta verkalýðsfélaganna sjálfra.

Við sjáum líka af ummælum hv. 5. þm. Vestf. (HV), hversu þessi innbyrðis barátta í raun og veru er óheil og óheilbrigð, þegar hv. þm. talar hér um kjaradóminn. Ég skal fúslega viður**kenna, að ég tel þann dóm að mörgu leyti óhepp**ilegan. Ég vil lýsa yfir því, að það er algerlega rangt, sem hv. þm. gaf í skyn, þótt hann segði það ekki berum orðum, að ríkisstj. hefði ráðið niðurstöðu dómsins. Það voru frjálsir dómendur, óháðir öllum, sem að þessari niðurstöðu komust, með réttu eða röngu. Eitt fyrsta skilyrðið, sem þeir áttu að gæta í dómi sínum, var, að þeir áttu að miða við kaupgjald annarra stétta, þannig að hækkunin til embættismannanna átti að vera leiðrétting, en ekki lyftistöng til nýrra, al**mennra kauphækkana. Þetta er berum orðum** boðið í lögum, sem ég hygg að enginn maður á Alþ. hafi greitt atkvæði gegn. Það mun að vísu

vera svo, að hv. 5. þm. Vestf. og a. m. k. sumir hans flokksbræður sátu hjá við afgreiðslu málsins. En það var vegna þess, að þeir töldu, að þessi lög gengju ekki nógu langt, þeir töldu, að réttur hinna opinberu starfsmanna væri ekki nógu vel tryggður með þessum lögum. Að dómnum hafi verið ætlað að byggja á hinu almenna kaupgjaldi í landinu, svo að niðurstaða hans gæti ekki leitt til almennrar kauphækkunar, sést — auk þess ákvæðis, sem ég vitnaði í — mjög berlega af öðru, og það er, að ef almenn kaupgjaldshækkun verður í landinu, þá eiga opinberir starfsmenn rétt á sams konar hækkun handa sér. Þetta er ákvæði laganna.

Við getum allir verið vitrir eftir á og sagt: Þetta er óskynsamleg löggjöf. — En hver var það í þessum háa þingsal, sem á það benti, meðan lögin voru til meðferðar? Allra sízt hv. Alþb.-menn, sem töldu, að lögin gengju ekki nógu langt. Og við munum það einnig ofur vel, og landslýðurinn man það einnig ofur vel, að fyrr á þessu ári, þegar samningamenn opinberra starfsmanna höfðu borið fram sínar kröfur, þar var munurinn á hinum hæst og lægst launuðu miklu meiri en hann er nú, og þar var kaupið handa hæstu flokkunum miklu hærra en það er nú, ég hygg, að hæsti flokkurinn, sem þar var talinn, hafi átt að fá 33 þús., í stað þess að samsvarandi flokkur nú fær þó ekki nema eitthvað kringum 20 þús., þá töldu bæði hv. Framsfl.-menn og hv. Alþb.-menn þetta vera sanngjarnar kröfur og réðust harðlega á ríkisstj. fyrir að fallast ekki umyrðalaust á þessi háu laun. Og við vitum það einnig ofur vel, að við höfum átt í hörðu höggi hér á Alþ., ríkisstj., einmitt við hv. stjórnarandstæðinga út af því, að þeir hafa talið, að við værum að níðast á hinum langskólagengnu, við værum að hrekja þá úr landi. Ég varð hér fyrir þungum ásökunum fyrir réttu ári vegna þess, að ég vildi ekki umyrðalaust gleypa við hinum háu kröfum aðstoðarlækna á ríkisspítölunum. Og starfsbróðir minn, hæstv. samgmrh., Ingólfur Jónsson, hefur legið undir stöðugum ásökunum fyrir það að reyna að halda í hemilinn við hinar gífurlegu hækkanir til handa verkfræðingum. Meðan á þessari baráttu stóð, héldu þessir hv. þm. því fram, að það væri vonlaust að ætla að halda menntuðum mönnum á nútímavísu hér á Íslandi í störfum, nema þeir fengju stórkostlega hækkað kaup, og ásökuðu okkur hina fyrir að hafa ekki skilning á þessu. Og það var talað um smánarboð í þeim tilboðum, sem ríkisstj. gerði til ríkisstarfsmannanna í fyrra. Kjaradómur fór þar lengra en ég tel góðu hófi gegna, ég skal fúslega játa það, en þetta var dómur, sem við erum bundnir við. Og það má þá einnig varpa fram þeirri spurningu, eins og ég hef oft varpað fram til þeirra, sem fjandskapast við bændur og ásaka bændur fyrir að fá of hátt afurðaverð: Viljið þið sjálfir una gerðardómi? Þeir einir hafa rétt til þess að segja, að bændur fái of mikið, sem vilja sjálfir leggja sig undir þá lögþvingun, sem bændur hafa gert með afurðasölulögunum. Alveg eins hlýtur hv. 5. þm. Vestf. að verða spurður að því fyrir hönd sinna umbjóðenda, þegar hann býsnast svo yfir kaupi því, sem ákveðið var með kjaradómi: Vill verkalýðshreyfingin beygja sig undir gerðardóm? (Gripið fram í.) Jú, jú, við skulum sægja það. En ef þeir telja, að þessir menn hafi fengið of mikið og kjaradómur, gerðardómur, hafi skammtað þeim of rífan hlut, vilja þeir þá leggja sína umbjóðendur undir það, sem hinir gerðu? Það tjáir ekki að svara út í hött og allra sízt að tala um lýðfrelsi af þeim hv. þm., sem er lýðfrelsinu jafnhollur og hann hefur verið innan Alþýðusambandsins. Það er góð regla að gera fyrst hreint í sínu eigin húsi og tala síðan um óhreinindin hjá öðrum.

Um leið og ég segi þetta, þá dettur mér ekki í hug annað en viðurkenna, að kjaradómurinn ásamt ákvörðun landbúnaðarvöruverðsins í haust hefur komið mikilli ókyrrð á hjá launastéttunum, — ókyrrð, sem mannlega er mjög skiljanleg. En sú ókyrrð er í raun og veru þó töluvert eldri, vegna þess að í okkar þjóðfélagi, þar sem skoða má þetta fáa fólk, sem landið byggir, í raun og veru allt sem eina fjölskyldu, — enda erum við ótrúlega mikið skyldir allir saman, miðað við stórþjóðir, og má því vissulega telja okkur sem eina fjölskyldu, — þá er það viðtekin regla, að menn bera kjör sín saman og miða þau við annarra hag. En það er auðvitað hin mikla tekjuaukning síldarsjómannanna, sem þarna verkar sem fyrsti neistinn og kveikt hefur í því báli, sem nú er komið af stað. Nú er ég alls ekki að telja eftir hinar miklu tekjur síldarsjómannanna. Þeir hafa áratugi búið við bág kjör og erfiða lífshætti, og það situr allra sízt á okkur, sem sitjum í þægilegum stólum, hvort heldur í ráðherrastólum eða þingmannastólum eða annars staðar, að miklast yfir eða öfundast yfir, þótt þessir menn beri rífan hlut frá borði. En við vitum það hins vegar, og það væri hræsni og óhreinskilni að neita því, að hinar miklu tekjur þessara manna og útgerðarinnar eiga mjög ríkan þátt í þeirri ofþenslu, sem nú er í íslenzku þjóðlífi, og hv. 1. þm. Austf. viðurkenndi í sinni annars ekki líkt því eins skemmtilegu ræðu og hv. 5. þm. Vestf., að að því hlyti öðru hvoru að koma. Hann hafði þó hreinskilni til þess, og er honum þó annað betur gefið.

Við skulum virða fyrir okkur þetta vandamál í heild og viðurkenna, að verkalýðshreyfingin, öflugustu almenningssamtök á Íslandi, hafi ekki haft erindi sem erfiði. Í lýsingum þeim, sem þeir gefa á kjörum hinna verr settu, er fólginn harðasti áfellisdómurinn yfir núverandi baráttuaðferðum verkalýðshreyfingarinnar. Þær sýna, að hún nær ekki þeim tilgangi, sem hinir velviljuðu forustumenn hennar, — og þar með á ég t. d. við hv. 5. þm. Vestf., vegna þess að hans velvilja dreg ég sízt í efa, — sækjast eftir. Það er líka skiljanlegt, þegar við lítum á þetta kapphlaup verkalýðsfélaganna hvert við annað og hins vegar á algera upplausn í samtökum vinnuveitenda og samtakaleysi svo ótrúlegt, að þá er ekki furða, þó að margt hafi farið aflaga í þessum efnum. Hér er því vissulega fyllilega mikilla umbóta þörf, og við græðum ekkert á því, neinn okkar, að

reyna að loka augunum fyrir þeim vanda, sem við stöndum frammi fyrir.

Íslenzkri kjarabaráttu þarf að koma á nýjan og heilbrigðan grundvöll. Þó að ég viðurkenni, að viss launamismunur sé óhjákvæmilegur, enda tíðkast hann í öllum þjóðfélögum, hvar sem er, þá er ég því sízt fylgjandi að auka á ójöfnuð meðal Íslendinga. Þar verður mjög að hafa hóf á. En við verðum þá að játa, að hér þarf að finna nýjar aðferðir. Það þarf að komast inn á nýjar brautir, til þess að sá árangur fáist, bæði af framleiðslustarfinu, sem er mikið og gott, og af hinni miklu baráttu og erfiði, sem lagt er í alla kaupgjaldsbaráttuna. Þessar leiðir eru fyrir hendi, og þær hlýtur að vera hægt að finna, ef góðvild og skynsemi fá að ráða. Ríkisstj. taldi það óhjákvæmilegt til þess að fá hlé í verkfallabaráttu um skeið að setja fram þetta lagafrv. og fór þar að fordæmi hv. 5. þm. Vestf., Hannibals Valdimarssonar, þegar hann varð sjálfur ráðh., en eins og hæstv. forsrh. lýsti, þá var og er yfirlýst stefna okkar að beita okkur fyrir því, að hinir verst launuðu fái raunverulegar kjarabætur, ekki hækkanir, sem enda með þeim hætti, sem hv. 5. þm. Austf. (LJós), sá að hækkanirnar mundu enda, þegar hann var nýorðinn ráðh., þær mundu étast upp á 15 dögum. Slíkar hækkanir duga engum. Við verðum að hætta að elta þann skugga, þá ímyndun.

Við eigum að taka upp skynsamleg vinnubrögð, færa okkur í nyt reynslu annarra og reyna í sameiningu að beita því hyggjuviti, sem við sjálfir kunnum að hafa. Og ríkisstj. vill eindregið nota þennan tíma til þess að kanna það til hlítar með vinsamlegum viðræðum og samningum við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, hvort mögulegt sé að fá á þessu skynsamlegri og skaplegri hátt, þannig að friðvænlegra verði í landinu og meiri árangurs að vænta, bæði um framleiðslu og not framleiðslunnar, heldur en hin ófrjóa, tilgangslausa kaupgjaldsbarátta hefur leitt til á undanförnum áratugum. Ég er sannfærður um, að þessu marki er hægt að ná, ef menn vilja sitja á strák sínum. Það er hægt að halda skemmtilegar ræður, eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði. Með því gagnar hann hvorki sínum málstað né þeirra manna, sem hann telur sig fyrst og fremst vera umbjóðanda fyrir, og segja mætti, að sézt hafi á hrosshófinn, þegar hann að lokum endaði á því sem aðalniðurstöðu sinnar ræðu, að ríkisstj. yrði nú að fara frá til þess að losa hina þægilegu stóla handa öðrum verðugri. Þetta minnir óneitanlega á viðbrögð hans, þegar hann svaraði ríkisútvarpinu, sem þá var liprara við hann en það hefur verið í dag, — og ég skil nú sannast að segja ekki, af hverju þessi tilkynning var ekki birt í dag, — alveg eins og þegar ríkisútvarpið hafði eftir honum öllum landslýð til uppfræðingar, að verkalýðshreyfingunni skyldi beitt til þess að hafa úrslit kosninganna í sumar að engu. Menn töldu þetta í fljótræði sagt. Þessari sömu hugsun skaut upp í lok hans löngu ræðu. Svona er hægt að telja upp og togast á, ef menn vilja. Spurningin er sú: Eigum við að halda áfram þeim hráskinnaleik?

Það er algerlega rangt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði í upphafi sinnar ræðu hér í dag, að það værum við í ríkisstj., sem hefðum tekið ákvörðun um að stjórna landinu áfram. Það var þjóðin sjálf, sem tók ákvörðun um það við kosningarnar í sumar, að stjórnin skyldi sitja áfram. Engin ríkisstj. í Íslandssögu hefur fyrr eða síðar fengið ótvíræðari traustyfirlýsingu en þessi ríkisstj., og ég vil nú minna hv. 1. þm. Austf., sem lengur hefur setið í ríkisstj., en nokkur annar, á það, að hann hefur aldrei sjálfur setið í ríkisstj., sem hefur haft eins mikið fylgi meðal kjósenda og þessi, nema þegar hann hefur fengið að vera með okkur sjálfstæðismönnum.

En þetta er ekki höfuðefni málsins. Hitt skiptir öllu máli: Vilja menn horfast í augu við þann vanda, sem hér er um að ræða, og í alvöru leita úrlausnar á honum? Ríkisstj. er tilbúin til samstarfs við verkalýðshreyfinguna um að leita þvílíkrar úrlausnar, og það verður einungis tekið sem yfirskin, ef þessari löggjöf á að beita sem afsökun til þess, að því samstarfi sé hafnað, vegna þess að þessir sömu menn veittu fordæmið fyrir löggjöf um kaupfestingu og verðfestingu í upphafi sinnar stjórnartíðar, og þeim þýðir því ekki að ásaka aðra um illvilja í garð verkalýðshreyfingarinnar, þó að þeirra eigin fordæmi sé fylgt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér í sinni ræðu í sambandi við lögin um festingu verðlags og kaupgjalds árið 1956, vil ég segja þetta: 1) Það var ekki skertur verkfallsréttur með þeim lögum og ekki heldur samningaréttur. 2) Grunnkaupið var ekki bundið með löggjöfinni, aðeins vísitalan. 3) Það var haft samráð við stéttarfélögin um löggjöfina. 4) Engar stórfelldar kauphækkanir höfðu þá átt sér stað, sem leiddu til mikils launamismunar. 5) Stjórnin var að koma til valda. 6) Allt verðlag var bundið þennan tíma. — Þetta vil ég biðja hæstv. ráðh. að athuga, áður en hann reynir að gera hliðstæðan samanburð á þessu frv. og þeirri löggjöf.

Í sambandi við það, sem ráðh. sagði um gerðardómslögin frá 1942, vil ég benda á það, að með þeim lögum var kaupgjald ekki bundið, því að það var hægt með gerðardómnum að hækka kaup. Það var úrskurður hans, sem átti þar að koma til. Í öðru lagi, að vísitalan hélt sínu gildi. Aldrei fyrr en með þessu frv. hæstv. núv. ríkisstj. er gert hvort tveggja í senn að binda kaupið og banna verkföll.

Eitt var merkilegt í ræðu hæstv. ráðh. Ástandið núna var ekkert betra og ekki heldur verra, segir ráðh., en það hefði verið hjá öðrum ríkisstj., þ. á m. vinstri stjórninni. Hvað haldið þið, að hæstv. ríkisstj. hefði sagt hér á sínum fyrstu valdadögum, á haustinu 1959 og í byrjun árs 1960, ef við hefðum sagt henni, að hún kæmi eftir 4 ár og segði: Það er ekkert verra hjá okkur en var hjá vinstri stjórninni? — Mikil firra hefði það þótt. Svo var hæstv. ráðh. að gera að gamni sínu með það, að hv. 5. þm. Vestf. mundi sækja í ráðherrastól, og það

var gamanmál hjá hæstv. ráðh., að aðrir menn en hann sæktu í stólinn. Það er skilningur hæstv. núv. ráðh., að þeir séu einir kjörnir til að sitja í ráðherrastólum, sem þar sitja núna. En um hvað er stjórnmálabaráttan háð? Hún er háð um það að fá að ráða niðurstöðu, m. a. að leiða mál til lykta og koma í veg fyrir, að önnur nái fram að ganga, eins og t. d. það mál, sem nú á hér að ganga fram. En til þess að það megi verða, þurfa stjórnmálamenn að hafa meiri hl. á Alþingi og sitja í ráðherrastólum, og það er ekkert hlátursmál eða gamanmál hér á hv. Alþingi, þó að stjórnmálamenn ráði málum þjóðarinnar. Og hæstv. ráðh og þeir aðrir, sem í núv. ríkisstj. sitja, verða að sætta sig við það, að þjóðin álítur, að fleiri menn geti í ráðherrastólum setið en þeir, og hefur gildar ástæður til þess. Svo ekki meira um ræðu þessa hæstv. ráðh.

Þegar gengið var til kosninganna 1959, voru núv. stjórnarliðar búnir að sitja að völdum í eitt ár. Þá sögðu þeir þjóðinni í þeim kosningum, að verðbólgan væri stöðvuð, góð afkoma væri hjá útflutningssjóði og öruggur fjárhagur ríkissjóðs, og bættu því við, að ef þeir fengju að ráða áfram, mundu vandamál framtíðarinnar verða leyst með sama hugarfari og á sama hátt og gert hafði verið árið 1959, þ. e. alger verðstöðvun. En hvað gerðist svo? Þremur og hálfum mánuði seinna lögðu þeir stjórnarliðar fram hér á hv. Alþingi frv. um efnahagsmál. Hver voru rökin fyrir því frv.? Þau voru, að við hefðum lifað um efni fram, halli væri geysilegur á útflutningssjóði, tæpur fjárhagur ríkissjóðs. Nýrri dýrtíðarsveiflu var svo skellt yfir þjóðina á grundvelli kosningaloforða, sem gefin voru fyrir nokkrum mánuðum um verðstöðvun. Það var staðreynd þá, að þingmeirihl. hafði tekizt að vinna kosningar á blekkingum.

S. l. vor fóru aftur fram kosningar. Hvað var þjóðinni þá sagt? Við höfum snúið frá brúninni til verðstöðvunar. Það er traustur efnahagsgrundvöllur, aldrei traustari en nú. Allhliða framkvæmdir og uppbygging er að hefjast samkv. fyrir fram gerðri framkvæmdaáætlun, og framkvæmdaláni er nýlega búið að úthluta. Bætt lífskjör fram undan, vegna þess að viðreisnin hefur heppnazt og segir til sín. — En hvað er nú að gerast hér á hv. Alþingi? Hvað sagði hæstv. forsrh. í dag, þegar hann lagði fyrir hér frv. um launamál o. fl.? Hann sagði, alveg eins og sagt var 1959: Við höfum lifað um efni fram. Gjaldeyriseignin fer ört minnkandi. Sparifé er hætt að safnast. Eyðsla er ríkjandi. Framkvæmdir eru of miklar. Kaupgjald og verðlag eru í algerri ringulreið, atvinnuvegirnir í strandi. Sem sagt, það var framhald á nýársræðunni, þegar hann sagði: Allt unnið fyrir gýg, beinn voði fyrir dyrum. — Og nokkru seinna kom hér hæstv. viðskmrh. Hann endurtók ræðuna, sem hann flutti hér á hv. Alþingi um efnahagsmálin 1960 og svo aftur hér á Alþingi eftir gengisfallið 1961, með þeirri breytingu, að þá var gengisfall bjargráð allra bjargráða, en nú hentaði það ekki. Ræðan var svo upplestur um þetta: Gjaldeyririnn er að þrjóta, atvinnuleysi er fram undan, algert hrun hjá íslenzku þjóðinni, ef okkar ráð ná ekki fram að ganga. — En hæstv. ráðh. gleymdu því, að þeir voru að lýsa sinni eigin stjórn. Hæstv. ráðh. Gylfi Þ. Gíslason, bæði 1959 og eins núna, var að lýsa sinni eigin stjórn og hennar aðgerðum, og hæstv. ráðh. Gylfi Þ. Gíslason var svo sannfærandi í kvöld, að maður gat næstum því látið sér til hugar koma, að hann væri, til þess að forðast hrunið hjá íslenzku þjóðinni, búinn að ráða sig á hafskip stórveldanna. En þegar hann settist aftur í ráðherrastólinn og lét fara þægilega um sig, þá varð mér ljóst, að hann ætlaði sér að halda áfram á kænu smáríkisins, a. m. k. færi hann ekki á trollskipið nema hafa hnýtt fleytuna aftan í.

Það er enn þá staðreynd, að núv. stjórnarflokkar hafa unnið kosningar á tómum blekkingum. Á þetta vildi ég minna hér, til þess að það henti ekki í þriðja sinn, að þessir sömu stjórnmálaflokkar gætu unnið kosningar á tómum blekkingum, og það er furðulegt, að þeir skuli hér nú á hv. Alþingi, þegar ekki er liðinn lengri tími frá kosningum, koma og biðja stjórnarandstöðuna að leggja sér nú lið og taka á vandanum, sem sé að vísu ekkert meiri hjá þeim en hjá öllum stjórnum, eftir allt skrumið, allar yfirlýsingarnar um, að nú skyldi ekkert bila. Og hvað sýnir svo þetta frv., sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram? Það sýnir tvennt: Í fyrsta lagi úrræðaleysi. Af hverju úrræðaleysi? Hafði hæstv. ríkisstj. ekki nógan tíma til þess að sinna þessum málum, sem áttu þó að vera öll í lagi að hennar eigin frásögn? Stjórnin bað um frest í vor og fékk hann hinn 17. júní. Þennan frest átti að nota til 15. okt., til þess að undirbúa þær ráðstafanir, sem stjórnin taldi sig geta gert til þess að leysa vandamál þjóðarinnar. Og stéttarfélögin í landinu veittu stjórninni þennan frest, og gott aflaár varð svo í sumar, svo að fresturinn notaðist vel. En hvað gerist svo? Hverju svarar hæstv. ríkisstj. stéttarfélögunum, sem hún samdi við í vor um frestinn? Hún svarar með því að segja: Hingað og ekki lengra. Dyrnar eru lokaðar fyrir ykkur. — Og var ekki ástæða til að halda, að hæstv. ríkisstj. hefði úrræðin til? Þegar sú breyting var gerð í sumar, sem mun hafa verið síðast í ágúst eða september, að Seðlabankinn hækkaði vexti upp í það, sem kallað voru refsivextir, upp í 18%, þá sagði annað stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, frá því, að þetta væri byrjunin á þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að gera til bjargar í vandanum, sem fram undan væri. Það var því fullkomin ástæða til að ætla, að hæstv. ríkisstj. væri þá þegar, og ekkert eðlilegra en hún væri þá þegar farin að vinna að því að leysa málin.

Þegar hv. Alþingi kom saman til fundar hinn 10. okt., átti dagblaðið Vísir tal við hæstv. forsrh. Þar taldi hann sig, hæstv. ráðh., hafa ráð undir rifi hverju. Það skorti víst ekki, að þeir gætu ráðið fram úr því, og áður höfðu þeir lýst því yfir, að þeim væri það ljóst, að þeir ættu að leysa vandann. Var því ástæða til að ætla, að hæstv. ríkisstj. væri tilbúin með

lausnina. Og ekki nóg með það, heldur lýsti fjmrh. því yfir í fjárlagaræðu sinni, að þeir byggju yfir miklum ráðum, og svo var hæstv. ríkisstj. boðið að draga málið enn á langinn, a. m. k. 10 eða 14 daga, til þess að leysa málin í sátt og samlyndi. En hæstv. ríkisstj. kaus nú annað heldur en það, eins og þetta frv. ber vitni um. En það hefur sem sagt sýnt sig, að þar var um algert úrræðaleysi að ræða, nema þetta frv. séu þau einu ráð, sem hæstv. ríkisstj. hefur yfir að ráða, — og það skyldi nú aldrei vera svo.

Annað sýnir þetta frv. greinilega, svo að ekki verður um villzt, og það er algert hrun viðreisnarinnar. Það átti þó að vera svo vel um hnútana búið, að það átti ekkert að bila. Þegar hæstv. ráðh. töluðu hér fyrir efnahagsmálaráðstöfunum sínum 1960, sögðu þeir: Ástæðan til þess, að allar efnahagsmálaráðstafanir hafa bilað að undanförnu, er þessi: Það hefur ekki verið gengið nógu vel frá málum í heild. Það hafa ekki verið gerðar samræmdar ráðstafanir í gengisbreytingu, í peningamálum, í bankamálum og öðrum slíkum málum. Allt þetta þarf að hnýta saman, til þess að efnahagsráðstafanirnar komi að þeim notum, sem til er ætlazt. Það skorti þetta og það skorti hitt í þær efnahagsmálaráðstafanir, sem gerðar hafa verið hér á undanförnum árum, en nú skortir ekki neitt. Og svo var því lýst yfir af hæstv. forsrh., að allan vandann, ekki minna en allan vandann yrði að leysa strax. Og svo kemur hæstv. ríkisstj. nú og lýsir því yfir, að viðreisnin sé hrunin.

Hvað hefur bilað? Var ekki vel frá hnútunum gengið? Hefur eitthvað raknað upp? Og hæstv. ríkisstj. sagðist mundu gera róttækar ráðstafanir til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á verðlag og kjaraskerðingu, róttækar ráðstafanir gegn verðþenslu, og atvinnurekendur og verkalýðurinn skyldu semja um sín kjör. Hæstv. ríkisstj. ætlaði sem sagt ekki að vera að hafa afskipti af þeim málum og þannig koma sér í meiri vanda en ástæða væri til. Hver er svo ástæðan fyrir því, að viðreisnin hefur bilað, viðreisnin, sem var reiknuð svo vel út af öllum sérfræðingunum, viðreisnin, sem stofnsett var með góðum og gegnum rökum að þeirra dómi, að nú væri vel frá öllu gengið og það væri búið að hagnýta sér öll þau mistök, sem áður hefðu átt sér stað í efnahagsmálum, þeir hefðu nú reynsluna, og nú átti ekkert að koma fyrir, svo að efnahagskerfið gæti gengið úr lagi? En hvað fól svo viðreisnin í sér? Hún var í fyrsta lagi stórfelld gengisbreyting. En það var ekki nóg með það. Á þeim tímum, sem núv. valdasamsteypa hefur farið með völdin í landinu, hafa fjárlögin hækkað á milli 16 og 17 hundruð millj. Haldið þið, hv. alþm., að þetta segi ekki til sín? En það eru ekki allar álögur núverandi ríkisstj. þar með taldar. Tekjur pósts og síma hafa hækkað um 200 millj. rúmar á þessu sama tímabili. Rafveitugjöld hafa hækkað um 70—80%, flutningsgjöld um álíka upphæð, 70—80%, daggjöld á ríkisspítölunum um 60—70%, og meiri hækkun stendur þó til. Skattar hafa verið á lagðir í alls konar mynd. Vextir hafa verið stórkostlega hækkaðir og lánstími styttur. Sérstakur skattur er lagður á bændur, annar er lagður á iðnaðarvarninginn í landinu, þriðji tekinn í gegnum ríkisábyrgðasjóðinn. Þar vissi ég til, að af einu láni, sem ein höfn á Vesturlandi var að taka um daginn, var skatturinn, sem fór í ríkisábyrgðasjóðinn, eins og meðalfjárveiting er á fjárlögum til hafnanna. Það safnast, þegar saman kemur. Og þetta og fleira hefur gert það að verkum, að hér hefur verið óðaverðbólga og dýrtíð, vaxandi ár frá ári, frá því að viðreisnin hófst.

Það voru leidd rök að því, þegar verið var að koma viðreisninni á, að til þessa hlyti að leiða. Það var ekki hægt að taka svo gífurlegar álögur af þjóðinni, án þess að það kæmi fram í hækkuðu verðlagi. Enda hefur árangurinn af þessari stjórnarstefnu sagt til sín. Vísitala af vöru og þjónustu hefur hækkað um 63%, jafngildi 126 stiga eftir gömlu vísitölunni. Og framfærsluvísitalan eftir þeim kúnstum, sem hún er nú reiknuð út, hefur hækkað um 44 stig. Meðalíbúð kostar núna, samkv. upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni, sem ég fékk í dag, 640 þús. kr. Hækkunin, sem hefur orðið á daggjöldum á elliheimilum, gleypir allar tryggingabæturnar, sem gamla fólkið fær, og dugir ekki til. Allt það, sem gamla fólkið fær úr Tryggingastofnuninni, fer í það að greiða hækkunina frá 1959 til 1963 og dugir ekki til. Og svo hælir hæstv. ríkisstj. sér af því, að hún hafi búið vel að gamla fólkinu. Mikil ósköp held ég, að það sé mikil ánægja fyrir það að fá að greiða þessa peninga inn á elliheimilin.

Og svo er það með vísitölufjölskylduna. Það hefur verið bent á það hér í dag, að útgjöld hennar eiga samkv. Hagtíðindum að vera 102300 kr. tæpar, þegar fjölskyldubæturnar eru reiknaðar með. En ef þessi fjölskylda ætti svo að greiða húsaleigu, eitthvað í samræmi við það, sem nú gerist, þá yrðu húsaleigugjöld um 2500 kr. á mánuði og heildarútgjöldin þá orðin 121 þús. Og hverjar eru svo tekjurnar? Það hefur verið bent á það hér. Það eru 67 200 kr., sem verkamaður fær fyrir 8 stunda vinnudag. Nú segja e. t. v. hv. þm.: Hví að vitna í verkamanninn? Þá segi ég bara: Verkamaðurinn verður að lifa eins og hinir, þó að launin séu lág, og þess vegna tek ég hann sem dæmi. Til viðbótar eru svo fjölskyldubæturnar, sem eru 6800 kr., tekjur samtals 74 þús. fyrir 8 stunda vinnudag. Til þess að þessi verkamaður geti náð þeim tekjum, sem þarf, verður hann að lengja vinnudaginn. Og ef hann vinnur eftirvinnu, tvo tíma alla virka daga ársins, þá fær hann þar 26 800 kr. Þá er hann ekki búinn að ná þeim tekjum, sem vísitalan telur að þurfi að hafa til þess að lifa á, þegar hún reiknar honum lágu húsaleiguna. Þá er hann ekki búinn að fá þær tekjur, sem hann þarf til þess að borga nauðsynjar sínar og lágu húsaleiguna. En til þess að geta búið í húsnæðinu, sem kostar 2500 kr., það er innan við 5% af verði íbúðar nú í dag með viðreisnarverðinu, þá verður hann að bæta við sig í næturvinnu milli 300 og 400 klst. Og þá tekst honum að ná endum saman. Svo segir

hæstv. ríkisstj., að kjörin hafi batnað í landinu, þegar það er þó staðreynd, að verkamaður þurfti ekki að vinna nema 17 klst. í næturvinnu til þess að ná þeim tekjum, sem vísitalan ætlaði honum 1959. Ef það er að bæta kjör manna að þurfa að vinna 360—380 klst. í staðinn fyrir 17, þá er ég hættur að skilja, hvað eru kjarabætur. En kannske er það svona, sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér bæturnar.

Og hvað er nú svo um þetta að segja? Er nokkuð við því að segja, að verkamaðurinn vinni svona langan vinnudag? Ég vil eyða nokkrum orðum að því. Í fyrsta lagi vil ég benda á það, að með því að vinna svo langan vinnudag, dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár, þá verður um algera vinnuþrælkun að ræða. Þess vegna getur sá maður, sem þannig vinnur, ekki átt tómstundir. En það er ekki nóg með það, ég hef reynslu fyrir því og ég er svo sannfærður um það, að þessi langi vinnudagur hefur alveg stórkostleg áhrif í okkar atvinnurekstri. Það skilar enginn verkamaður fullkomnum afköstum með því að vinna svo langan vinnudag, dag eftir dag. Það er alveg útilokað. Ég þekki það mikið inn á þessi mál, að það þarf enginn að segja mér. Og hvað er svo að gerast, einmitt með þessum langa vinnudegi? Það, sem er að gerast, er það, að vinnuafköstin eru aldrei full, og svo verður atvinnuveitandinn að kaupa vinnu verkamannsins á hærra kaupi, einmitt fyrir það, að afköstin á 8 stunda vinnudeginum verða óeðlilega lítil. Þessi vinnuþrælkun er farin að hafa stórkostleg áhrif í okkar atvinnulífi. Þetta er einn sá liður, sem þyrfti að athuga í sambandi við afkomu atvinnuveganna, betur en gert er.

Í sambandi við þetta mál vil ég minna á það, að hér á hv. Alþ., í des. 1961, var flutt till. um 8 stunda vinnudag verkafólks. Þessi till. fékk sérstaklega góðar undirtektir hér á hv. Alþ. Og hún naut þess, þó að hún væri flutt af stjórnarandstöðunni, — hv. þm. Björn Jónsson var fyrsti flm. hennar, — að hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, reis úr sæti sínu og fagnaði þessari till., taldi það mjög ánægjulegt, að þessi till. væri fram komin og stefndi mjög í rétta átt. Og í sambandi við þá umr., sem fram fór hér á hv. Alþ. um þessa till., fórust hæstv. ráðherra, Bjarna Benediktssyni, orð á þessa leið m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er einnig athyglisvert, að ráðunautur launþegasamtakanna, sem kom hingað á s. l. ári frá einu Norðurlandanna, benti á, að aðalkjaramunurinn milli íslenzks verkafólks og verkafólks annars staðar á Norðurlöndum væri ekki varðandi heildarlaun, heldur í því, að Íslendingar þyrftu að vinna lengur fyrir þeim heildarlaunum, sem þeir fengju, heldur en annars staðar væri. Það er víst, að úr því að aðrar þjóðir hafa getað náð svo góðum árangri í þessum efnum sem raun ber vitni um, þá eiga Íslendingar einnig að geta gert það.“

Þetta voru ummæli þessa hæstv. ráðherra. Er þetta samhljóða því að ætla að lögleiða hér á hv. Alþ. laun, sem gera það að verkum, að hver einasti verkamaður verður að vinna eftirvinnu upp á hvern einasta dag, eins og hún er, og klukkutíma og rúmlega það í næturvinnu, til þess að ná þeim tekjum, sem vísitölufjölskyldan er talin þurfa?

En það er með þessa till. um 8 stunda vinnudaginn. Hún fór hér hraðbyri gegnum hv. Alþ. Hún var meira að segja afgreidd fyrir jól og var þó ekki flutt fyrr en í desember. Og strax upp úr áramótum var nefndin kölluð saman, því að engan tíma mátti missa til þess að vinna að lausn þessa máls. Nokkrir fundir voru haldnir í nefndinni árið 1962, og í fyrrahaust voru haldnir nokkrir fundir, merkilegum gögnum var safnað, og lögð voru drög að því, hvernig nefndin skyldi vinna að vandamálinu, sem hún var að fást við. Í því sambandi átti formaður nefndarinnar, hv. þm. Pétur Sigurðsson, að ræða við hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjármál og fleira, sem þyrfti að koma til. En svo gerðist það, að n. var ekki kölluð saman, ekki síðan á haustnóttum 1962, og hefur ekki verið kölluð saman enn þá. Hins vegar gerðist það, að hv. Alþfl.-menn tóku að flytja hér í þingsályktunartillöguformi á hv. Alþingi í fyrra nokkuð af þeim málum, sem nefndin hafði dregið í sitt bú. Við stjórnarandstæðingar litum svo á, að við hefðum ekki rétt til þess að fara að flytja till. út af efni, sem safnað var í n. En það hefur e. t. v. gilt önnur regla fyrir þá, sem stjórnina studdu.

Eins og áður sagði, hefur nefndin á þessu herrans ári, 1963, aldrei verið kölluð saman. Og ég spurði form. hennar um það, hvað liði störfum n. Hann sagðist bíða eftir svari ríkisstj. — og bíður enn. Ég held, að það hefði verið nær fyrir hæstv. ríkisstj. að eyða í það tíma sínum að koma af stað störfum nefndarinnar til lausnar því máli en vera að semja það frv., sem hér liggur fyrir.

Það eru fleiri vitni, sem ég hef hér til að vitna í um 8 stunda vinnudaginn og nauðsyn hans, heldur en hæstv. dómsmrh. Þessi önnur vitni, sem ég hef hér, hafa það til síns ágætis að vera ágætir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. T. d. sagði hv. 5. þm. Vesturl., ritstjóri Alþýðublaðsins, í leiðara í Alþýðublaðinu í des. í fyrra, þegar hann ræddi um hinn langa vinnudag, hann sagði þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Þessi þróun er geigvænleg. Því eru takmörk sett, hvað lengi verkamaður getur unnið án þess að skaða heilsu sína, eyðileggja getu sína til þess að geta haft nokkra teljandi ánægju af lífinu og jafnvel skemma sitt eigið heimilislíf. Hann dettur út af örmagna við heimkomuna að kvöldi. Margar stéttir hafa hvergi nærri viðunandi kaup fyrir eðlilegan vinnudag og verða að leggja á sig mikla eftirvinnu.“

Þetta sagði hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, um eftirvinnuna og næturvinnuna. Og hver trúir svo því, að þessi hv. þm. taki þátt í því að samþykkja hér á hv. Alþ. frv. til l., sem tryggir það, að hver einasti verkamaður verði að vinna alla eftirvinnu og næturvinnu að auki? Ég trúi því a. m. k. ekki fyrr en ég reyni.

En þeir hafa í Alþýðublaðinu sagt fleira um 8 stunda vinnudaginn heldur en þetta og það með réttu. Aðalritstjóri Alþýðublaðsins og ábyrgðarmaður þá, Gísli J. Ástþórsson, sagði í bréfi, sem

hann sendi Helga vini sínum Sæmundssyni, fyrrv. ritstjóra Alþýðublaðsins, hinn 31. marz s. l., þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Taktu eftir, Helgi minn, að hinn 1. maí n. k. verður farið með spjöld um bæinn og krafizt 8 stunda vinnudags, og taktu enn fremur eftir því, að allir aðilar munu loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að 8 stunda vinnudagur á Íslandi er óhugsandi í dag, því að óbreyttur borgari, sem vinnur 8 stunda vinnudag, yrði hungurmorða."

Það eru ekki stjórnarandstæðingar, sem segja þetta um hæstv. ríkisstj. og stjórnarstefnuna. Það eru ekki stjórnarandstæðingar, sem eru hér að lýsa áhrifum viðreisnarinnar. Það er annað aðalstjórnarblaðið, sem er undir forsæti eins af þm. stjórnarflokkanna. Þeir koma hér og segja: Það er verið að eyðileggja heimilislífið, menn eru að verða hungurmorða vegna stjórnarstefnunnar á Íslandi. — Samt halda þeir rólega áfram að styðja þessa stefnu. Það er kynlegt, þegar þetta er haft í huga, að þeir, sem þannig hafa áttað sig á hlutunum, geti hugsað sér það að binda í löggjöf kaupgjald, sem gerir það að verkum, að þessu fólki er einn kostur nauðugur að vinna alla eftirvinnuna og næturvinnuna að auki. Það er í ósamræmi við það, þegar menninirnir lýstu áhuga sínum fyrir 8 stunda vinudegi. Þeir þyrftu sannarlega að fara að endurskoða þessa afstöðu sína. Þetta var um laun þeirra, sem lægstu launin hafa, og áhrif viðreisnarstefnunnar á þeirra mál.

Ég mun þessu næst víkja nokkuð að kjaradóminum, sem hæstv. dómsmrh. vék hér nokkuð að áðan og var ekki alls kostar ánægður með. Hver var ástæðan fyrir kjaradóminum? Ástæðan var sú, að stjórnarstefnan hafði verkað þannig á kjör fólksins, sem vann hjá ríkinu, alveg eins og annarra, að það gat ekki unað við þau kjör. Það var með öllu óhugsandi, að það gæti búið áfram við þau launakjör, sem því voru þar skömmtuð. Og bezta sönnunin fyrir því, að ríkisstj. viðurkenndi þetta, voru þær kauphækkanir, sem hæstv. menntmrh. ákvað kennarastéttinni á s. l. ári. Þar var uppbót og aftur uppbót, greiðsla fyrir eftirvinnu og aukavinnu og alls konar vinnu, vinnu, sem ekki var einu sinni unnin, og það var svo frá þessum málum gengið, að það hefur verið deila um það, hver átti að greiða. Það hefur verið lagt á sveitarfélögin að annast þessar greiðslur. Þau hafa gert það í trausti þess, að ríkissjóður endurgreiddi. En af hverju var hæstv. ráðh. að gera þetta? Það var af því, að stjórnarstefnan var einnig búin að setja þessi mál í strand. Einkafyrirtækin í landinu voru að kaupa upp beztu starfskraftana hjá ríkinu, vegna þess að það hefur verið þannig að þeim búið, að þau gátu boðið góða borgun og boðið ríkinu birginn. Þess vegna var gengið inn á þá leið að setja málið í kjaradóm. Hverjir voru í kjaradómi? Það voru valinkunnir sæmdarmenn, menn, sem þekktu til viðskiptalífsins í landinu, og m. a. annar aðalráðunautur hæstv. ríkisstj., sem sat í kjaradómi. Og hver er svo niðurstaðan í kjaradóminum? Það er 45% meðalkauphækkun. Hvað segir það? Það er mat kjaradóms á viðreisnarverðlaginu í landinu. Þess vegna urðu launin svo há, vegna þess að viðreisnarstefnan var búin að skapa svo mikla dýrtíð í landinu, að það var ekki hægt að komast af með minni laun. Þetta er staðreynd. Kjaradómurinn kom vegna þess, að ríkisstj. var komin í alger þrot með launamál ríkisstarfsmanna, og kjaradómurinn er rétt niðurstaða af mati dómsins á verðlagi viðreisnarstjórnarinnar.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að kjaradómurinn og verðlag á landbúnaðarvörum hefðu eiginlega sett allt úr lagi. Hvað var það, sem þar var að gerast? Það er þetta: Kjaradómurinn var mat á verðlaginu, sem orðið er í landinu, og verðlagið, sem bændurnir fengu í haust, er ekki meira en það, að það er ekki hægt að afskrifa eina dáttarvél með viðreisnarverðinu samkvæmt því. Halda hv. þm., að það sé ofrausn við landbúnaðinn, þegar ekki er hægt að afskrifa eina dráttarvél með viðreisnarverði með því verðlagi, sem bændur fengu fyrir sínar búvörur í haust? Þannig er viðreisnin búin að leika atvinnuvegina í landinu.

Það var eðlilegt, þegar niðurstaða kjaradóms lá fyrir, sem var hlutlaust mat á því verðlagi og því kaupgjaldi, sem þyrfti að vera í þessu landi, að þá miðuðu aðrar stéttir sitt kaup við það, enda var það vitað mál með marga starfshópa, að þeir biðu bókstaflega eftir því, að kjaradómurinn segði sitt orð um kaupgjald. Og þegar vinnusamningarnir voru gerðir í vor, voru þeir m. a. við það miðaðir, að 15. okt. lægi niðurstaða kjaradóms fyrir. Og eins og áður hefur verið fram tekið hér, hafa margir vinnusamningar, sem síðan hafa verið gerðir, verið miðaðir við kjaradóminn. Má þar nefna blaðamennina, borgarstarfsmennina í Reykjavík og starfsmenn ýmissa bæjarfélaga. Það var að vísu ekki nema hluti af þeim búinn að koma kaupgjaldsmálum sínum í lag, vegna þess að það hefur ekki verið tími til þess að vinna að þeim á skikkanlegan máta. Bankastarfsmenn og fleiri slíkir starfshópar hafa fengið sín kjör samkv. kjaradóminum, og það var vitað mál og hefur ekki verið neitt launungarmál, að verzlunarfólkið í landinu beið eftir kjaradóminum, og því var beinlínis sagt af forráðamönnum sínum í vor, að þegar kjaradómur hefði kveðið upp sinn dóm, kæmu þeirra mál á eftir. Minna en 30% kauphækkun fáið þið ekki. Þetta sögðu forráðamenn verzlunarmannafélaganna í landinu fólki sínu. Og allt verzlunarfólkið í landinu hefur beðið með sín kaup- og kjaramál eftir kjaradóminum og verið að vinna að þeim málum sínum síðan, og því hefur aldrei komið til hugar, að það yrði lagður neinn steinn í götu þess að fá sín kjaramál leyst á svipuðum grundvelli, enda ekki eðlilegt, þar sem hér er um hliðstæða starfsmenn að ræða og hjá ríki og borg. Það er líka vitanlegt, að launakjörum verzlunarfólks hefur verið mjög ábótavant og það er að sumu leyti enn verr sett en þeir lægst launuðu verkamenn, vegna þess að það hefur ekki haft eins góða möguleika til eftir- og næturvinnu og verkamennirnir hafa þó haft, sem hefur bjargað þeirra málum að því leyti sem þeim er bjargað.

Það er að koma aftan að þessu fólki, að þegar

það er nú komið að dyrunum með sín kjaramál, þá skuli þeim vera lokað. Og svo er ekki nóg með það, heldur hefur þessu fólki verið haldið hér uppi á samningafundum og meira að segja nóttina áður en þetta frv. var lagt hér fram. Atvinnurekendurnir vissu ósköp vel, hvað var að gerast. Þeir voru þess vegna ekki til viðtals. En hinir héldu, að þeir væru að vinna að heiðarlegum samningum um kaup sitt og kjör, en þá voru valdhafarnir að brugga þeim sín launráð.

Það var skilningur almennings í landinu, að eftir að kjaradómur hefði kveðið upp sinn dóm, þá hlytu öll laun í landinu að laga sig eftir því, mismunandi, eins og eðlilegt er, því að eðlilegur launamismunur verður alltaf að vera. En hér var um að ræða sveiflu í kaupgjaldsmálum, sem ekki var hægt að komast fram hjá. Þess vegna var það, að yfirleitt var unnið að kjarasamningum núna í rólegheitum og með festu. Það var gert ráð fyrir því, að það væri verið að vinna að því að laga þessa kjarasamninga eftir kjaradómi, og gert ráð fyrir því, að það væri verið að undirbyggja kjaramál, sem staðið gætu til frambúðar.

Nú mun hæstv. ríkisstj. e. t. v. svara því, að hún hafi ekki getað treyst því, að kjaramál stæðu til langs tíma, stjórnarandstaðan mundi sjá fyrir því, að svo yrði ekki. Í sambandi við þetta vil ég víkja að reynslunni í þessum efnum. Haustið 1958 kom þessi valdasamsteypa til valda. Hennar fyrsta verk var að lækka kaupið í landinu, lækka um þá kauphækkun, sem fyrrv. stjórnarandstæðingar, hv. sjálfstæðismenn, höfðu barizt fyrir að koma á sumarið 1958. Það var hins vegar fyrsta verk þeirra, er þeir fóru að ráða í landinu, að lækka þetta kaup, og það var sagt: fórn í bili, svo lagast þetta allt af sjálfu sér, og við treystum fólki til þess. — Og hvað gerði fólkið? Það var rólegt þrátt fyrir kauplækkunina. Næsta skref valdhafanna var gengisfallið í ársbyrjun 1960. Hvað gerði fólkið þá? Hvað gerði stjórnarandstaðan? Hún beið róleg, og hún ræddi við ríkisstj. Það var rætt **við ríkisstj. og henni boðið upp á það að leita** eftir leiðum til lækkunar á verðlagi í landinu. Allt frá því haustið 1958 þangað til í maí 1961 voru hér engar kauphækkanir. Er því nokkur ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. kvarti undan því, að ráðstafanir hennar hafi ekki fengið frið? En hvert var svo framhaldið? Framhaldið var kjarasamningarnir, sem SÍS gekkst fyrir að gerðir yrðu samarið 1961. Hvað fólu þeir kjarasamningar í sér? Þeir fólu það í sér, að þeir giltu þangað til í júlí 1963, eða út allt kjörtímabilið. Hæstv. ríkisstj. var boðið upp á að fá algeran vinnufrið allt kjörtímabilið út. En hvað gerðist þá? Hæstv. ríkisstj. vildi ekki slíka **samninga, slíkan frið. Hún lækkaði gengið** þegar í stað, og ákvæði voru í samningunum um, að ef vísitalan færi upp í visst vísitölustig eða gengisbreyting ætti sér stað, þá væru samningarnir uppsegjanlegir. Og hver er svo árangurinn af þessu frumhlaupi hæstv. ríkisstj.? Árangurinn er upplausn í efnahagsmálum, sem við erum að fást við í dag, enda hefur hæstv. ríkisstj. ekki ráðið við neitt í efnahagsmálum þrátt fyrir góðærið, síðan þetta gerðist.

Það var því fullkomin ástæða til að ætla, að það hefði verið hægt að gera núna vinnusamninga **til langs tíma, er búið var að leiðrétta** mismuninn, sem nú var orðinn í kjaramálunum, ef hæstv. ríkisstj. vildi una því. Það er ljóst, að allar aðgerðir í efnahagsmálum nú eru vonlausar, fyrr en **leiðréttur hefur verið sá mis**munur, sem nú er á launakjörum í landinu. Það þarf enginn að búast við því, að þegar hliðstæðir starfshópar eru búnir að fá launabætur vegna þess, að þeir hafa haft góð fréttasambönd hjá ríkisstj., eða vegna þess, að þeir hafa verið fyrri til, þá uni þeir, sem eftir eru, því, að launum þeirra verði ekki breytt, vegna þess að hæstv. ríkisstj. þóknast annað. Það var ríkisstj., sem átti að beita sér fyrir friðsamlegu **samstarfi við stéttarfélögin til að undirbúa** samninga um kaup og kjör, en það er undirstöðuatriði fyrir framleiðslu og atvinnuvegi landsins, að vinnufriður haldist. En það verður **ekki, ef þannig verður á málum haldið, eins og** nú er gert, að loka dyrunum fyrir hluta af launþegum, eins og nú á að gera, svara með gengisfalli, eins og gert var 1961, og slá yfirleitt á framrétta hönd stéttarfélaganna, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert.

Þá er komið að því atriði í málflutningi hæstv. ríkisstj., að hún telur, að afkoma atvinnuveganna sé á þann veg, að þeir þoli ekki hærra kaup. Það hefur verið bent á það hér í þessum umr., að það er jafnan svo, að atvinnuvegirnir virðast þola allt nema hærra kaup þeirra, sem lægst eru launaðir. Það er hið eina, sem á er bent, þegar talað er um vandræði atvinnuveganna. Þá **er það alltaf kaup og aftur kaup. Ég hef bent á** það hér að framan, að einmitt sú stefna í kaupgjaldsmálum, að ómögulegt er fyrir venjulegan verkamann að vinna fyrir sér með venjulegum vinnudegi, leiðir til þess, að eftir- og næturvinna verður meiri en ella mundi verða. Þetta gerir allan atvinnurekstur miklu dýrari, og það er vonlaust, að eðlileg vinnuafköst fáist með slíku **fyrirkomulagi. Það er líka hægt að benda á það,** að betra skipulagi í atvinnurekstrinum mætti víða koma við, ef að því væri unnið. Ódýrara fjármagn hefur líka sín áhrif á atvinnurekstur**inn, ekki síður en vinnulaunin. Betri fyrir**greiðsla í bönkum, eins og afurðalán, hefur líka áhrif til þess að draga verðlag niður. Minni álögur af hálfu ríkisins verka í sömu átt. En þær álögur, sem hæstv. núverandi ríkisstj. hefur staðið fyrir, hafa allar gengið í þá átt að gera atvinnureksturinn dýrari en ella.

Það er ljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur á sínu stjórnartímabili átt kost á því að ná hagkvæm**um samningum og vinna að skynsamlegri lausn í** kjaramálum, ef hún sjálf hefði kosið að stefna að því. En hvers vegna heldur þá hæstv. ríkisstj. áfram þeirri kjaraskerðingarstefnu, sem hún hefur fylgt frá upphafi og fylgir enn? Það er af því, að hæstv. ríkisstj. sér aldrei nema eitt úrræði. Það er nákvæmlega það sama að ske nú og hæstv. forsrh. lýsti yfir 1960, hann sagði: Valið er ekkert, það er engin lausn til nema **þessi, sem við bendum á. — Og hæstv. ríkisstj.** heldur áfram að reyna að leysa málið, sem hún kallar, eftir þeirri einu leið, kjaraskerð-

ingarleiðinni, sem hún hefur fylgt frá upphafi. **Hvað halda hv. Alþfl.-menn um fylgi verkamannaflokkanna á Norðurlöndum og í Bretlandi, ef þeir fylgdu þeirri stefnu í efnahagsmálum sínum** að boða taumlausa fjárfestingu, kaupbindingu og afnám samningsréttar verkafólks, til þess að þessi taumlausa fjárfesting gæti átt sér stað, og í þriðja lagi væri svo bætt við okurvöxtum, einnig af íbúðarlánum og öðrum nauðsynlegum fjárfestingarlánum? Haldið þið, að það væri álitlegt fyrir brezka verkamannaflokkinn að fara út í kosningar nú í samkeppni við íhaldið í Bretlandi, ef hann fylgdi þessari stefnu? Nei. Það mundi ekki heldur vera álitlegt á Norðurlöndum fyrir verkamannaflokkana þar. En Alþfl. á Íslandi er að vísu ekki lengur orðinn verkamannaflokkur, þess vegna getur hann leyft sér að fylgja slíkri stefnu.

Það verður að teljast til tíðinda, að Alþfl. fór í blaði sínu og einnig hér á hv. Alþ. að gefa sérstaka yfirlýsingu í sambandi við þetta mál. Það hefur verið venja þeirra hv. Alþfl.-manna að láta sér nægja yfirlýsingar Sjálfstfl. í einstökum málum. Ástæðan til þess, að þessi breyting varð á, mun vera sú, að á miðstjórnarfundi **þeirra nú í vikunni reis upp Alþfl.-maður af eldri gerðinni og sagði: Nei, nú getur Alþfl. ekki** fylgt með. Ég tek ekki þátt í því að binda kaupið fyrir verkamennina sama daginn og ég hef **fengið kauphækkun sjálfur. — Samt gerist það,** að Alþfl. ætlar að ganga í vatnið og taka þátt í að binda kaupið fyrir þá lægst launuðu, þrátt fyrir þessi varúðarorð. En til öryggis eða af einhverjum öðrum ástæðum fer hann að lýsa því yfir í blaði sínu, að átta menn hafi setið hjá og einn hafi greitt atkvæði á móti, og svo hafi þeir gefið út sérstaka yfirlýsingu, og þessi yfirlýsing á nú að tryggja framhaldið. En hvað felst í yfirlýsingunni? Það er afskaplega auðvelt **að lesa það út úr yfirlýsingu Alþfl., að þetta sé sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. ætli sér að** fara, það sé kaupbinding, sem eigi að koma, og annað ekki. Það á að setja einhver lágmarkslaun. Eru þau nú ekki nógu lág, ætla þeir að fara að lækka þau meir? Og svo kemur rúsínan, og það er þetta, að það á að bæta þetta eftir öðrum leiðum, t. d. með skattalækkun og útsvarslækkun. Nú skal það tekið fram, að það er mjög brýn nauðsyn að breyta útsvarslögunum frá því, sem nú er, þau eru orðin í algeru ósamræmi við það **verðgildi peninganna, sem nú er, og mætti með** breytingu á þeim laga nokkuð fyrir stórar barnafjölskyldur. Yfirleitt er það þannig með þau, að sveitarfélögin nota ekki nema hluta af skalanum, og hlutfallsleg lækkun verður auðvitað alltaf mest á hæstu útsvörunum. Þess vegna væri þarna leið til þess að hagræða einhverju fyrir þá, sem minna mega sín.

En svo er það með skattalækkunina. Hvernig var það með lækkun þeirra 1960? Þá átti skattalækkunin aðallega að vera gerð fyrir þá, sem minnstar höfðu tekjurnar. Verkamaður með 75 þús. kr. tekjur og fjögurra manna fjölskyldu, hans skattur lækkaði um 2400 kr., en maðurinn með 200 þús. kr. tekjur og sömu fjölskyldu, hans skattur lækkaði um 33 þús. kr. Ég er ekki alveg viss um, að það verði gert í þágu þeirra lægst launuðu, ef framkvæmdin verður á svipaðan máta og þarna átti sér stað. En þá koma þeir vinir vorir, hv. Alþfl.-menn, og segja: Ja, það er auðvitað ekki hægt að lækka meira en þetta, því að þeir hafa ekki meiri tekjur til þess að bera hærri skatt, og það er á vissan hátt rétt. En það kemur þeim að sáralitlu haldi, þeim lægst launuðu, þó að hinir fái verulega skattalækkun. Yfirlýsingar þeirra Alþfl.-manna um þetta eru vafalaust góðra gjalda verðar, og í því sambandi vil ég minna á yfirlýsingu, — ég vona, að hv. 5. þm. Vesturl. (BGr) sé hér nærri, svo að hann megi mál mitt heyra, — þá yfirlýsingu, sem hann gaf í vor. Þegar við lásum fyrir honum þau ummæli, sem ég las hér áðan um 8 stunda vinnudaginn og allt það, þá sagði hann í sinni síðustu ræðu, sem útvarpað var frá fundi á Akranesi: Ég stend við öll mín stóru orð. — Nú segi ég: Nú hefur hv. 5. þm. Vesturl. tækifæri til þess að standa við stóru orðin um, að eftirvinnan og næturvinnan sé lítt þolandi. Ef hann stendur við stóru orðin með því að samþykkja þetta frv. hér, þá er lítið leggjandi upp úr hans fyrirheitum, þá er skilningur hans orðinn skrýtinn, eftir að hann hefur lýst svo afdráttarlaust **þeim skaðsemdum, sem fylgja** löngum vinnudegi. En ég treysti því hins vegar, að hann standi við stóru orðin, eins og venjulegt **fólk skilur og það var skilið, að hann ynni** að því, að þessu yrði breytt, en það **gerir hann** ekki með því að samþykkja þetta frv.

Ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. kemur með þetta frv., er ekkert annað en gróft áframhald á þeirri stefnu, kjaraskerðingarstefnunni, sem hún hefur fylgt frá upphafi. Hennar fyrsta boðorð var frelsi handa þeim í athöfnum, sem yfir fjármagni ráða. Og svo er þetta undirstrikað með ályktun Vinnuveitendasambandsins, þar sem þeir segja: Látið ríkisframkvæmdirnar víkja fyrir okkar framkvæmdum, haldið þið kaupinu niðri, og þá skulum við koma okkar í verk. — Þetta var yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj., og hún heldur þessu áfram. Hún léttir sköttunum af hátekjumönnunum fyrst og fremst, og hún heldur þessu áfram með því að gera launamismuninn sem mestan.

Þetta frv., sem hér liggur frammi, er því staðfesting á því, að hæstv. ríkisstj. fylgir áfram kjaraskerðingarstefnunni, sem hún tók sér í upphafi. Það er til þess að koma þeirri stefnu sinni áfram í framkvæmd, sem ríkisstj. kemur í veg fyrir, að eðlileg leiðrétting til jöfnunar á launum eigi sér stað í landinu.

Ég mun nú fara að stytta mál mitt, enda nokkuð á tímann liðið. En ég vil að lokum undirstrika það, að í ræðu minni hér að framan hef ég sýnt fram á það með rökum, að hæstv. ríkisstj. er búin að vinna tvennar kosningar, eða stjórnarliðar að vinna tvennar kosningar með blekkingum. Viðreisnarstefnan er hrunin, og ráðh. keppast um að lýsa því yfir. Stefna ríkisstj. hefur frá upphafi leitt til þeirrar óðaverðbólgu, sem er verið að fást við í dag. Með öllu er óhugsandi, að láglaunafólk geti unað við það kaupgjald, sem það hefur nú. Of mikill og óréttlátur launamismunur er nú í landinu, sem verður að jafna. Þetta frv. er,

eins og ég áðan sagði, gróft áframhald af stefnu hæstv. ríkisstj. Hún sýnir með því, að hún hefur engu gleymt og ekkert lært og það er einskis að vænta af henni nema þess, sem áður er fram komið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Í frumræðu þeirri, sem ég flutti hér í dag, þegar ég reifaði þetta mál, hef ég í aðalefnum fært fram mín rök gegn þeim ræðum, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa nú flutt síðan. Ég rakti þá sögu efnahagsmálanna á undanförnum árum og sýndi fram á, að eins og viðhorfið er í dag, þá mundi auðið, ef þjóðin vildi um það sameinast, að bæta mikið kjör hinna lægst launuðu, án þess að til gengisfalls þyrfti að koma. Hins vegar taldi ég þá og tel enn, að ef allir halda fast við þær kröfur, sem þeir nú hafa borið fram, muni örugglega af því leiða, að verðgildi krónunnar breytist.

Síðan ég flutti þessa ræðu og sumpart eftir að flestir andstæðinganna voru búnir að tala, flutti hæstv. dómsmrh. sína merku ræðu, og ég hefði í raun og veru getað látið mér nægja að vísa til hennar, því að hann sýndi þar með greinilegum dæmum, að fullyrðingar stjórnarandstæðinga fá ekki staðizt. Hann sýndi fram á, að það, sem nú er við að etja, er að meira og minna leyti það sama, sem aðrar stjórnir hafa þurft að berjast við, og hann sýndi einnig fram á, að þau úrræði, sem hér er bent á, eru einnig að verulegu leyti þau sömu og aðrar stjórnir hafa bent á og gripið til. Það er þess vegna nokkuð undarlegt, þegar síðasti hv. ræðumaður virtist ekkert hafa lært af þessari ræðu og taldi einhverja dæmalausa goðgá, að nú ætti að binda kaup verkamanna um 2 mánaða skeið og að nú ætti einnig að skerða kjör hinna lægst launuðu, vitandi þó, að hans eigin flokkur gerði þetta mjög myndarlega með gengislækkuninni 1939, með gengisfellingunni 1950, með ráðstöfunum 1958 og með margvíslegum öðrum úrræðum, sem sá flokkur hefur staðið að og beitt sér fyrir á undanförnum árum. Ég held, að flestir þessara manna hljóti að vita betur en ræður þeirra bera vott um, því að afar margt af því, sem þeir eru að segja, brýtur svo algerlega í bága við framkomu þeirra sjálfra og þeirra eigin flokks á undanförnum árum. Þeir hljóta að vita betur, en mæla þá gegn hug sínum.

Ég sagði áðan, að ég teldi mér ekki nauðsynlegt að halda langa ræðu, en þykir þó rétt, að nokkrar aths. komi fram af minni hendi sem flm. þessa frv.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, taldi, að frv. væri stríðsyfirlýsing, en nú þyrfti einmitt að semja, sagði þessi friðsami gæðamaður. En ég spyr: Skilur hann ekki, að það þarf einnig að reyna að tryggja, að ekkert það hendi á næstu dögum og vikum, sem í raun og veru girði fyrir, að auðið verði að ráða fram úr þessum málum, þannig að einmitt þeir lægst launuðu beri ekki skarðastan hlut frá borði að lokum? Sá hann ekki, að yfir gat vofað, að ýmsar aðrar stéttir fengju stórfelldar kauphækkanir, sem settu þær enn betur hvað launakjör snertir miðað við hina lægst launuðu heldur en áður var, en það hlaut að torvelda alla möguleika til þess að rétta hlut hinna lægst launuðu gegn þeim, sem betur eru launaðir? Þetta gat vel skeð, og það var líklegt, að það mundi ske á þessu tímabili. Þess vegna var um ekkert annað að ræða en einmitt að reyna að tryggja friðinn á meðan með þessu frv.

Þessi hv. þm. sagði, að ríkisstj. hefði aldrei sagt þjóðinni hið sanna og aldrei það, sem fyrir lá. Hún hefði þvert á móti reynt að villa henni sýn fyrir kosningar, jafnvel gripið til þess lágkúrulega úrræðis að flýta kosningum um 2—3 vikur til að leyna ástandinu. Sannleikurinn í málinu er sá, að ríkisstj. hefur alltaf sagt þjóðinni það, að ef ekki sé hægt að hafa hemil á kaupgjaldinu, þá sé unnið fyrir gýg, þá muni vixlhækkanir kaupgjalds og verðlags gleypa allt það bezta, sem annars hefur áunnizt. Þetta hefur verið margsagt af okkar hendi, ekki aðeins fyrir kosningarnar, heldur raunar lengst af, meðan stjórnin hefur setið við völd. Og ég minni þar seinast á það, sem hæstv. dómsmrh., formaður Sjálfstfl., sagði í áramótahugleiðingum sínum um síðustu áramót, og það, sem ég sagði sjálfur í minni nýársræðu um síðustu áramót og oftast hefur verið um talað og á mig deilt út af í blaði þessa hv. þm., Tímanum, er ég sagði, að verðbólgan gæti eyðilagt alla ávexti viðreisnarinnar, án þess að við gætum vörnum við komið. Og það er einnig rétt, að minnzt sé þess, að fæst af því, sem nú blasir við, var komið svo skýrt í ljós fyrir síðustu kosningar, að við hefðum þá ástæðu til að óttast mjög um ástandið. Fæstar þær myndir, sem nú blasa við, voru þá það skýrar, að við kæmum sjálfir auga á þær, enda mundi þá hafa verið meira úr því gert af öðrum en raun bar vitni um.

Þessi hv. þm. sagðist skora á ríkisstj. að lýsa því yfir alveg skýrt og skorinort nú þegar, að eftir 31. des. skyldu allir samningar frjálsir. Mér finnst nú lítið vit í því af mér, ef ég færi að gefa slíkar yfirlýsingar, meðan á rannsókn málsins stendur. Hver veit, nema ég gæti þá lent í því sama og hann lenti í með mér 1942, þegar við settum gerðardómslögin, sem þá voru kölluð þrælalögin? Og hver veit, nema ég gæti þá lent í því sama og hann lenti í 1956, þegar hann og sú stjórn, sem hann átti sæti í þá, undir forustu hv. 1. þm. Vestf. lækkaði laun verkamanna og festi þau svo í 4 mánuði? Nei, sá, sem á þennan feril að baki og þá reynslu, sem þessi hv. þm., Eysteinn Jónsson, á í þessum málum, veit, að það er ákaflega óvarlegt að vera með margvíslegar fullyrðingar á þessu stigi málsins. Það þarf að skoðast allt og rannsakast.

Hann sagði, að ég hefði talað um, að skyndilega hefðu orðið breytingar í efnahagslífi þjóðarinnar, og kvaðst vera meira en hissa á, að ég skyldi leyfa mér að viðhafa slíkt orðalag. Verkamenn hefðu fengið 5% kauphækkun í byrjun þessa árs og seinna í sambandi við 17. júní samkomulagið hefðu þeir fengið 7½%, og nú væri ég að tala um, að þetta væru einhverjar skyndilegar breytingar. En er þá engin

breyting á orðin? Jú, sannarlega. Í vor fagnaði ég 17. júní sættinni, þótt mér væri ljóst, að teflt væri á tæpasta vað. Ég fagnaði því, að stöðvun síldveiðanna var afstýrt, og enn meir fagnaði ég þó því, að verkamenn og atvinnurekendur vildu setjast við sama borð og reyna með friðsamlegum samningum og rannsókn mála að leysa þessi vandamál. Því fagnaði ég raunar mest af öllu. En er það einhver goðgá, að ég telji það skyndilega breytingu, þegar mennirnir, sem töldu sér borgið með 5% í ársbyrjun og 7½% 17. júní, nú allt í einu krefjast 40% og upp í 70% hækkunar? Heldur virkilega þessi hv. þm., að mennirnir, sem 17. júní gerðu þetta samkomulag, hafi þá verið að hugsa um að krefjast 40% kauphækkana, að ég ekki segi 70%? Þetta dettur honum ekki í hug.

Annars er það gleðiefni, hvað þessi gamli vinur minn, hv. 1. þm. Austf., er orðinn mikill mannkærleikamaður, afskaplega góður drengur. Hann engist sundur og saman af sorg yfir því, að verzlunarmennirnir hafa ekki fengið sitt og verkamennirnir hafa ekki fengið sitt og þeir skuldugu verði að bera þungan bagga, þeir ungu geti ekki byggt sér íbúðir og þeir gömlu eigi ekki fyrir útförinni, og yfirleitt logar ástin til allra og kærleikurinn umlykur alla frá gerðardómsþrælalagamanninum frá 1942. Þetta kalla ég skyndibreytingu, og þessi maður hefur áreiðanlega hugsað allt öðruvísi, þegar hann var að hátta í gær og þegar hann var að klæða sig í morgun, heldur en hann talaði hérna í dag. Það er meiri skyndibreytingin á þessum gamla vini mínum.

Þessi hv. þm. lét sem hann tryði því, að hægt væri að verða við þeim kröfum, sem nú eru uppi, án þess að krónan félli. Til þess, sagði hann, þarf nú fyrst og fremst og aðallega að lækka vextina, og hann hafði hér mjög háðuleg orð um, að hagfræðingar væru með eitthvert bull um vexti. Hann hefur nú raunar sagt, um leið og hann krefst vaxtalækkananna og telur það allsherjarúrbætur, og sér þá ekkert eftir af hagsmunum sparifjáreigendanna, að það fái engir lán nema þeir ríku. Vaxtalækkunin er þá væntanlega gerð til þess að efla hagsmuni þeirra fyrst og fremst, því að ekki hafa aðrir gagn af vaxtalækkununum en þeir, sem lánin fá. En annars er þetta alveg það sama, sem þessi hv. þm. og aðrir stjórnarandstæðingar sögðu 1961. Þá voru kaupgjaldshækkanir frá 13—19%. Segjum, að meðaltalshækkunin hafi verið 15%, eitthvað um það bil var hún. En það var staðreynd, að þessi 15% lögðu nýjar byrðar á atvinnulífið, sem námu 550—600 millj. kr. Nú aftur á móti er krafizt 40—70% kauphækkana. Segjum nú, að það væri hægt að sættast á 30% kauphækkun. Hvað mundi það leggja á atvinnureksturinn í landinu? Það mundi auka þungann eða byrðina, sem atvinnureksturinn þarf að standa undir, um 1100—1200 millj. kr. En hvað er það svo mikið, sem atvinnureksturinn borgar í sína vexti? Ég get ekki svarað því á þessari stundu, en hitt get ég frætt menn um, að á árinu 1960 námu allir vextir af útlánum allra banka og allra sparisjóða í landinu ekki 1200 millj. kr., heldur 400 millj. kr. Þessi hv. þm. og stjórnarandstaðan yfirleitt hefur þó aldrei krafizt þess, að vextir væru með öllu felldir niður af útlánum. Þeir hafa ekki krafizt annars eða meira en þess, að þeir væru lækkaðir um 20% eða 25%. En hvað voru þá 20% af öllum vöxtum allra banka og allra sparisjóða í landinu? Það voru 80 millj. Með 80 millj. var þá ætlað, að atvinnurekstur-inn gæti staðið undir 550—600 millj. á árinu 1961, og þá svona 1100—1200 millj. á þessu eða næsta ári, ef yrði orðið við þessum kröfum. Þetta hljóta allir að sjá, að er sagt af vanþekkingu eða gegn betri vitund.

Nú á, segir hv. þm., að snúa sér að því, eins og hann sagði, að stórhækka kaupið, og fyrir utan að lækka vextina var hans úrræði það að borga útflutningsgjaldið, sem er 7.4%, eins og hann gat um. En hvað nemur nú þetta útflutningsgjald miklu? Á árinu í fyrra nam þetta gjald, sem nú á að létta af útveginum, 239.3 millj. kr. Þetta rennur að sönnu allt til útvegsins aftur, beint og óbeint, en sleppum því, En hver á þá að greiða þetta, sem á að létta af útveginum? Hver á að greiða það? Það á að greiðast af almannafé, segir þessi hv. þm. Hér er alveg sama stefnan á ferðinni og þegar gjaldþrota sjóðir Búnaðarbankans voru réttir við. Þá máttu bændur ekkert borga sjálfir. Þegar átti að efla iðnaðarsjóðina, þá mátti iðnaðurinn ekkert borga sjálfur. Nei, nei. Þetta átti allt að borgast af almannafé. Það er rétt eins og þetta almannafé streymi um óragáttir af himnum ofan. Grímulaust er staðreyndin sú, að þessi hv. þm. heimtar, að almenningur greiði þannig með auknum sköttum mörg hundruð millj. kr. fyrir þessa atvinnuvegi. Það er það, sem hann kallar að greiða af almannafé.

Hv. þm. sagði, að þjóðin stæði nú á vegamótum, nú væri um tvær stefnur að ræða. Það er rétt, segjum það. Stefna stjórnarinnar er að reyna að forða krónunni frá falli, en tryggja um leið hagsmuni þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Þetta er stefna stjórnarinnar. Hver er svo stefna Framsfl.? Já, hún er raunar ein í dag og önnur á morgun. Hún er alltaf ein, þegar hann er í stjórn, og önnur, þegar hann er í stjórnarandstöðu. Hún er að því leyti alltaf ein að undanförnu, að Framsfl. er alltaf á móti öllu, sem stjórnin er með. Það er leiðarvísirinn. En annars virðist stefna þessa kærleiksríka bróður míns vera sú að gera allt fyrir alla og þannig auðvitað ekkert fyrir neinn í reyndinni.

Þá spurði þessi hv. þm., hvort hægt væri að lýsa yfir meira gjaldþroti en ég hefði gert varðandi stjórnarstefnuna. Hver er það, sem þetta segir? Þessi hv. þm. er líklega búinn að gleyma því, að hér var einu sinni stjórn, sem hét vinstri stjórn. Hann átti raunar sæti í henni, en það er ekkert nýmæli fyrir hann að eiga sæti í stjórn, hann er búinn að vera með svo mörgum á skútunni. En man hann þá ekki, að þessi stjórn sagði, að hún mundi með breyttri stefnu og án þess, að það kostaði nokkurn mann nokkurn skapaðan hlut, laga allt, sem aflaga fór? Hún ætlaði að afnema allar uppbætur, hún ætlaði að lækka skattana, hún ætlaði að kveða niður dýrtíðina. Já, og svo ætlaði hún, held ég, líka að sitja í 20 ár. En hvernig fór það?

Hvernig fór það, þegar sú stjórn fór frá? Hún hafði ekki lækkað skattana, hún hafði lagt 1200 millj. kr. nýja skatta á þjóðina. Dýrtíðin hafði ekki lækkað, hún hafði hækkað um 25%. Uppbæturnar voru aldrei hærri en þegar hún fór frá. Og þannig var með öll fyrirheitin, sem hún gaf. Þeir brugðust jafnvel því að vera í 20 ár, **sem þeir höfðu þó ætlað sér og voru búnir að** búa sig undir, sbr. manninn, sem var að tala um þægilega stólinn áðan. Hann kann illa við sig annars staðar en í ráðherrastól. Hann átti von á að vera þar, þar til líkkistan tæki við honum.

Ég verð að segja, að það er dálítið kátbroslegt, þegar þessir menn, sem eiga þessa fortíð, látast nú alveg vera dolfallnir, slegnir yfir því, að það skuli vera komið svona fyrir viðreisnarstjórninni.

Þessi hv. þm. lauk ræðu sinni með því að vitna í afar spakleg ummæli, sem afar spakur maður hafi haft yfir á örlagastundu. Spaki maðurinn var auðvitað hann sjálfur. Hann segist hafa sagt 1960 út af ráðstöfunum, sem viðreisnarstjórnin gerði: Svona ráðstafanir er ekki hægt að gera. Hvernig halda menn, að áhrifin **verði? Ekkert er til hættulegra en að gera slíkar ráðstafanir. Slíkt hlýtur að stórauka vandann.**

Þetta voru spakmælin, og hann var svo hrifinn af þeim, að hann endurtók þau núna. Ég **ætla að fá þau hjá honum orðrétt, helzt í** fallegum ramma, hafa á skrifborðinu mínu til minnis um gamla vináttu okkar og samstarf. En ég verð nú að segja eins og er, að það er einmitt af því, að hann er búinn að kalla svo **oft: „úlfur, úlfur", þessi maður, að menn eru** hættir að trúa honum. Hann sagði þetta 1960, **og hann hefur alltaf verið meira og minna að** segja þetta. Þetta segir hann alltaf um allar **ráðstafanir, sem eru gerðar, þegar hann ekki er í stjórn, og nú segir hann orðrétt alveg það sama: Slíkar ráðstafanir hljóta að stórauka vandann.**

Hvað er það svo, sem hefur skeð á þessum 4 árum, frá því að spakmælin voru sögð og þar til þau voru enn einu sinni endurtekin hér í dag? Ég minni á, að þegar við tókum við, þá var Ísland í augum umheimsins eins og vanmetakind. Við höfðum hvergi lánstraust og við áttum hvergi eyri til umráða. Nú er þó svo komið, að Ísland nýtur trausts og virðingar og hefur sterka aðstöðu í umheiminum. Þeir sjóð**ir, sem óheillastefna vinstri stjórnarinnar hafði sett slagbrand fyrir, hafa opnazt á víða** gátt að nýju, og jafnvel sjálfur Londonmarkaðurinn, sem þó er talinn einn viðkvæmasti lánamarkaður veraldarinnar, hefur einnig opnazt Íslendingum. Þetta hefur m. a. áunnizt. Jafnframt hefur sparifé þjóðarinnar tvöfaldazt, erlendir sjóðir hafa breytzt þannig, að í stað **þess, að bankarnir skulduðu 216 millj., voru** sjóðirnir um síðustu mánaðamót, ef ég man rétt, 1080 millj. Jafnvægið hefur haldizt í 4 ár. Þjóðin hefur aldrei búið við jafngóð kjör og þessi árin. Hún hefur aldrei grætt meira, hún hefur aldrei veitt sér meira, og hún hefur aldrei lagt upp meira. Þetta hefur áunnizt, og **um þetta er það, sem hv. þm. sagði: Slíkt athæfi** hlýtur að stórauka vandann.

Hitt er svo rétt, að þessi úrræði, sem við höfum beitt, hafa ekki verið og eru ekki ætluð fyrir eilífðina frekar en nein önnur mannleg ráð, og það skal ég einnig játa, að í bili á þjóðin við vissan vanda að etja, sem hún þó vel ræður við, ef hún vill leggja hönd að því. **En það er náttúrlega örðugt að ráða við það,** ef reyndir og vitibornir menn leggjast á eina sveif um það margir að reyna að æsa fólk til andstöðu gegn þeim ráðstöfunum, sem þó eru nauðsynlegar fyrir þjóðarheildina og þó umfram allt fyrir þá, sem verst eru settir í lífsbaráttunni.

Ég ætlaði mér nú ekki að hafa þessi orð mörg og skal þá ekki heldur gera það. Ég vil aðeins **segja það út af því, sem hv. 5. þm. Austf. (LJós) sagði, að eins og ástatt var, þá var ekki auðið** að tryggja tilgang þessa frv. nema einmitt með því að miða við það, hvenær frv. væri lagt fram á Alþingi.

Okkur var auðvitað vel ljóst frá öndverðu, að samningar voru lausir 15. október. En í öndverðu var maður að gera sér einhverjar vonir **um það, að fyrir lægi álit kjararannsóknar**nefndar. Það kann að hafa verið óréttmæt bjartsýni, svo **viðurhlutamikið sem hennar starf er. Og ég vil ekki eiga neinn þátt í því að gera á** hendur henni neinar ósanngjarnar kröfur. Ég hygg, að ef vel er á málum haldið, þá megi þessi háttur, sem nú er á hafður, þ. e. a. s. **viðræður við sama borð milli aðila, leiða til** farsældar fyrir þjóðina. Ég tel varhugavert að gera of háar kröfur á hendur kjararannsóknarnefndinni, er gætu gert henni örðugt fyrir um framtíðarstörf.

Ræðu þessa hv. þm. hef ég að mörgu leyti svarað, bæði með frumræðu minni og því, sem ég hef hér sagt um ræðu hv. 1. þm. Austf. (EystJ). Hans heilræði voru, að það ætti að afnema söluskattinn, það ætti að afnema tolla á þörfum útflutningsframleiðslunnar, helzt ekki flytja inn bíla. Ég veit ekki, hvort hann hefur gert sér grein fyrir, hvað í þessu felst. Söluskattur er áætlaður í fjárl. 1964 327 millj. Að sönnu fær jöfnunarsjóður sveitarfélaga 65 millj., en ríkissjóðshlutinn er þá 262 millj. Gjald af bifreiðum, sem átti nú helzt ekki að flytja inn, er 66 millj. Þetta eru 328 millj. Og síðan átti að lækka tolla yfirleitt og afnema loks tolla af þörfum útflutningsframleiðslunnar. Ég hefði gaman af að vita, hvaða skattstofna hv. þm. hugsar sér helzt til að bæta ríkissjóði hallann.

Ég skal svo aðeins víkja örfáum orðum að hv. 5. þm. Vestf. (HV). Hann sagði, að verkalýðsleiðtogarnir hefðu rætt við mig í einlægni um þessi mál, en mér hefðu hins vegar verið svik í huga. Hann orðaði þetta ekki alveg svona sterkt og hefur náttúrlega ekki heldur meint þetta, því að ég hygg, að báðir aðilar hafi rætzt við í fullri einlægni, og ég veit fyrir mitt leyti, að mér voru engin svik í huga, enda voru mín **lokaorð við þessa menn, að ég treysti því, að** hvað sem þeir heyrðu um úrræði af minni hendi, þá mundu þeir ekki telja það nein brigðmæli við þá. Það er alveg rétt, að þeir buðu mér 7—10 daga frest, og mér fannst undir niðri,

að ég gæti kannske lengt þann frest í 12—14 daga. En eins og ég áðan sagði, þá taldi ég þann frest of skamman, enda minni ég þennan hv. þm. á, að sjálfum sér ætlaði hann ekki 10—12 daga, heldur 4 mánuði, þegar hann lækkaði kaupið og batt það svo með lögum í 4 mánuði. Það skiptir ekki höfuðmáli í þessu sambandi, að hv. þm. sagði, að gengislækkun sú, sem framkvæmd var 1960, hefði verið mesta gengislækkun í sögu þjóðarinnar. Ég hygg, að hann viti betur. Gengislækkunin 1960 var frá 20 upp í 34%, en 1950 og 1958, í bæði þessi skipti, var gengislækkunin um 40%. En auk þess leyfi ég mér að minna á það, að gengislækkunin 1960 var ekki gengislækkun viðreisnarstjórnarinnar. Viðreisnarstjórnin lét aðeins sérfróða menn meta vinstri krónuna, hvers virði hún væri, og sérfræðingarnir, erlendir sem innlendir, töldu, að rétt væri að hafa 42 kr. í dollar. Við ákváðum hins vegar að viðurkenna ekki meira verðfall en 38 kr. Þetta var þess vegna úttekt á vinstristjórnarkrónunni, þetta mikla verðfall, sem hv. þm. var að tala um, og hann getur þá átt við sjálfan sig um það, ef hann endilega vill halda því fram, að þetta sé versta og mesta gengisfallið, sem þekkt sé með þjóðinni.

Varðandi gengislækkunina 1961, sem nokkrir þm. hafa hér gert að umræðuefni, vil ég aðeins minna á það, sem ég áðan sagði, að þá var kauphækkunin frá 13—19%, eða um 15% að meðaltali. Þá hafði togaraútgerðin verið rekin með halla árum saman og aldrei verr en einmitt seinustu árin. Síldarvertíðin 1960 hafði brugðizt og vorvertíðin 1961 var léleg. Hverjum heilvita manni, sem þekkti til málanna, gat dottið í hug, að þessi atvinnurekstur gæti allt í einu bætt á sig 13—19% kauphækkun? Þessir samningar, sem þá voru gerðir, voru ekki samningar um kauphækkanir. Það voru samningar um krónulækkun. Það hlutu allir menn að sjá, sem á þetta mál litu og nokkra þekkingu höfðu á atvinnulífi þjóðarinnar, að slík kauphækkun hlaut að leiða til gengislækkunar.

Hv. þm. sagði: Ríkisstj. þorir ekki að nýju að framkvæma gengislækkun. — Ég held, að hann eigi að hafa það, sem sannara er: Ríkisstj. vill ekki gengislækkun. En það er þjóðin, en ekki stjórnin, sem að lokum ræður, m. a. hann.

Svona til að skemmta fólki á pöllunum sagði hann áðan, að vaxtahækkunin, þessi hroðalega vaxtahækkun, hefði verið gerð bara fyrir braskarana. Hverjir eru þessir braskarar, sem hann segir, að hirði allan gróðann? Hverjir eru þessir ógurlegu gróðamenn? Eru það útgerðarmenn? Eru það iðnrekendurnir? Ég spyr t. d. hv. 1. þm. Austf.: Er iðnrekstur Sambandsins, sem er mjög vel rekinn, stórkostlegt gróðafyrirtæki? Eru það kaupmennirnir? Ég spyr enn fremur hv. 1. þm. Austf.: Græðir verzlunin, sem hann er kunnugastur og er víst varaform. fyrir, Sambandið og kaupfélög þess, óhóflega? Og ef það er rétt, að þau græði óhóflega, hvernig stendur þá á því, að einmitt sambandskaupfélögin eru í fararbroddi um að heimta afnám allra verðlagsákvarðana, ekki til þess að draga úr gróðanum, ekki til þess að lækka verðið, heldur til að auka gróðann og hækka verðið? Það er ósköp hægt að vera hér með fullyrðingar um þennan braskaralýð, sem græði. En ég vil, að þessir menn bendi á þessa braskara, sem þeir ævinlega eru að telja krónurnar í handraðanum hjá.

Það þarf enginn að ætla, að núv. ríkisstj., fremur en nokkur önnur ríkisstj., telji eftir það, sem fólkið ber úr býtum, og þá allra síst sæti það á nokkurri ríkisstj. að telja aurana ofan í þá lægst launuðu. En hitt er staðreynd, að engin þjóð telur sig geta staðið undir 20—30% kauphækkun á hverju ári. Og ég vil nú leyfa mér að spyrja hv. þm., sem hér hafa andmælt því, sem við ráðh. höfum sagt, hvort þeir geti bent á nokkra þjóð, sem telji sér fært að standa undir slíkum kauphækkunum, án þess að til verðfellingar gjaldmiðils þeirra hljóti að leiða.

Ég get vísað til þess, sem hæstv. dómsmrh. sagði um kjaradóminn. Þetta er nú eitt af því fáa, kjaradómurinn, sem allt Alþingi var sammála um, a. m. k. enginn greiddi atkv. á móti, þegar það endanlega var afgreitt, og eins og hæstv. dómsmrh. sagði, þá er ágreiningurinn við Alþb.-mennina fyrst og fremst um það, að þeir töldu ekki nógu vel gert við þá menn, sem þarna tóku launabætur. Hitt er svo hjákátlegt, að ætla að nota það sem ádeilu á ríkisstj., þó að Alþingi samþykki lög um, að gerðardómur eigi að ákveða kaup starfsmanna ríkisins, ef ekki geti orðið samkomulag um það. Þetta kemur ríkisstj. ekkert meira við en hverjum öðrum þm., sem átti hlut að því að samþykkja það eða láta það á örlagastundu afskiptalaust með því að sitja hjá, vegna þess að þeir vildu meiri kjarabætur. Og hitt er alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. tók fram, að kröfurnar, sem þá voru gerðar undir forustu framsóknarmannsins, voru um það, að þessir hálaunamenn fengju 33 þús., en ekki 19 900 kr. á mánuði, sem þeir að lokum fengu. Ádeila manna um þetta á ríkisstj. er ádeila á þá sjálfa. Ríkisstj. á engan annan eða meiri hlut að þessu en þeir. Menn geta svo deilt um, hvort kjaradómurinn hafi kveðið of fast að og ákveðið of hátt kaup mönnum til handa, og ég get ekki neitað því, að mér hefur fundizt það. Mér datt það ekki í hug, að niðurstaða kjaradóms yrði þessi, mér datt það ekki í hug. Og ég viðurkenni fyllilega, að þessi dómur hefur truflað margan annan launþega og ýtt undir auknar kröfur. Það viðurkenni ég fyllilega og tel þetta þess vegna miður farið. En það eru til leiðir til að draga úr því misræmi, sem skapazt hefur. Ríkisstj. hefur það mál allt til athugunar, og hygg ég, að það þurfi ekki að líða langt, þar til frekari skýrslur geta borizt af því, sem þar er um að ræða.

Ég hafði gaman af því, þegar hæstv. dómsmrh. var að lýsa athæfi hv. 5. þm. Vestf., þegar hann var ráðh. Ég hafði gaman af að hugleiða ummæli hans um það hroðalega athæfi og þá glæpsamlegu starfsemi, eins og hann kallar það, sem núv. ríkisstj. hefur gert sig seka um að hans mati með því að fara fram á frest í tvo mánuði, og mér þótti ánægju-

legt að heyra ummæli dómsmrh. um, hvað þessi maður hefði álitið, þegar hann var í sömu aðstöðu eða líkri og við erum núna og var ráðh. Mér fannst svipurinn á þessum hv. þm. vera ekki út af eins skemmilegur og áðan, þegar hann stóð hér á ræðupallinum sjálfur og deildi á ríkisstj.

Ég endurtek svo að lokum aðeins það, sem ég sagði í dag, að frá sjónarmiði ríkisstj. er kjarni málsins sá, að það er okkar mat, að ef menn vilja, þá sé auðið að bæta hag þeirra lægst launuðu og varðveita verðgildi krónunnar. Það er hins vegar staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að ef allar stéttir halda fast við kröfur sínar, þá er krónan þar með fallin, og afleiðingin verður sú, að lægst launuðu menninirnir bera skarðastan hlut frá borði og verða verr settir eftir en áður. Ég vona þrátt fyrir þau ummæli, sem hér hafa fallið, að alþm. vilji með viðræðum um þetta mál innan þings og utan, þegar á hólminn kemur, reyna að stuðla að því að varðveita krónuna. Og ég segi enn sem fyrr, að einkum og sérstaklega finnst mér eðlilegt að gera þær kröfur á hendur þeim mönnum, sem sérstaklega eru settir til þess að gæta hags þeirra lægst launuðu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég held það hafi verið Fouché, sá slægvitri og kaldrifjaði lögreglumálaráðh. Napóleons, sem sagði það, þegar Napóleon lét myrða hertogann af Enghien og menn voru að óskapast yfir því níðingsverki: „Þetta var ekki bara glæpur, þetta var skyssa.“ Ég er ákaflega hræddur um, að dómurinn yfir því frv., sem hér hefur verið lagt fram, hjá sögunni verði seinna meir eitthvað svipaður. Ég held það sé rétt fyrir hæstv. ríkisstj. að renna huganum ofur lítið til baka, þegar hún leggur þetta frv. fram, og athuga sín afskipti af verkalýðshreyfingunni og hvernig verkalýðshreyfingin hefur komið fram við hana.

Rétt eftir að hæstv. ríkisstj. tók við völdum, lá fyrir hér mjög erfitt mál í þinginu, það var verðlag landbúnaðarafurða, í des. 1959, ef ég man rétt. Það reyndi nokkuð á verkalýðshreyfinguna, hennar afstöðu í þeim samningum og í því, sem þá var gert. Og verkalýðshreyfingin sýndi það þá strax, að hún kom fram með allri þeirri ábyrgðartilfinningu, sem hún hefur alltaf sýnt í öllum þeim viðureignum, sem hún hefur átt við ríkisstjórnir á síðustu áratugum. Íslenzk verkalýðshreyfing hefur yfirleitt verið seinþreytt til stórræðanna. Hvernig fór svo, þegar ríkisstj. greip til skerðingarinnar á vísitölunni, lét rjúfa alla samninga, alla frjálsa samninga, sem gerðir voru í landinu? Verkalýðshreyfingin beið. Og hvernig fór svo, þegar gengið var lækkað í marz 1960 og kjörin tóku að versna? Verkalýðshreyfingin beið, og hún beið þangað til í maí 1961. Og ég man ekki eftir, að öllu meira langlundargeð hafi verið sýnt annarri ríkisstjórn hér á Íslandi, og var þó þessi ríkisstj., þegar hún tók við völdum, yfirlýst stjórn einkaauðvaldsins og virtist sérstaklega vinna að því að taka úr ríkiseign ýmislegt, sem í ríkiseign væri, og gera hið svokallaða einkaframtak sterkara á Íslandi, þannig að verkalýðshreyfingin hefði frá því sjónarmiði haft litla ástæðu til að unna henni friðar. En hún vildi láta það nýja kerfi, sem þessi hæstv. ríkisstj. kom á, fá að sýna sig, og það fékk að sýna sig. Og það var ekki fyrr en kaupmáttur tímakaupsins, sá sem miðaður hafði verið við 100 fyrir 1945, var kominn niður í 84 stig í maí 1961, að verkalýðshreyfingin hófst handa. Svona lengi var beðið, þangað til hún var bókstaflega orðin milli 16 og 20%, sú kauplækkun, sem fram hafði farið. Þá samdi verkalýðshreyfingin. Hún samdi ekki um sérstaklega stóra hækkun. Kaupmáttur tímakaupsins fór í júní upp í 92 stig, — 92 stig, það var nú allt saman. Hann var á tímum vinstri stjórnarinnar 97. Og hvað var gert þá? Þá var forseti landsins látinn gefa út bráðabirgðalög, sem voru beint stjórnarskrárbrot, þar sem Alþ. var svipt valdi, sem það hafði og engin brýn nauðsyn var til að svipta Alþ. Og síðan, eftir að þetta vald hafði verið fengið í hendur nokkrum embættismönnum hérna hinum megin við Austurvöll, þá misnotuðu þessir embættismenn sitt vald, og það ætti að kæra þá fyrir þá misnotkun, því að það voru engin hagfræðileg rök til fyrir því, sem þeir þá gerðu, þegar þeir lækkuðu krónuna um 13%, af því að kaupið hafði hækkað um 13%. Það var hrein hefndarráðstöfun, níðingsleg hefndarráðstöfun, sem gerð var. Þetta er það, sem verkalýðshreyfingin hefur orðið að þola. Þetta er það, sem henni hefur verið sýnt í þessum efnum.

Svo er enn komið til hennar í vor, og þá var sagt við hana, hvort hún vildi ekki bíða. Það voru meira að segja kosningar fram undan. Engu að síður ákvað verkalýðshreyfingin að bíða og sýndi sömu sanngirnina og hún hefur alltaf sýnt í þessum efnum. Hún beið. Og hvað var gert á meðan? Allir þeir, sem bezt eru staddir í þjóðfélaginu, voru látnir mata krókinn alveg miskunnarlaust, en þegar að þeim lægst launuðu kemur, þá er skellt í lás.

Hæstv. forsrh. spyr: Hvaða þjóð þolir 10—20% kauphækkun á ári? Það hefur engin 10—20% kauphækkun farið fram á Íslandi, aldrei á neinum af þessum árum. Það er ekki til neins að miða kauphækkanir við krónutölu í krónum, sem alltaf eru að breytast. Það er ekki hægt að tala um kauphækkanir öðruvísi en sem raunverulega kauphækkun, raunverulega hækkun þess gildis, sem sú króna hefur og það tímakaup hefur, sem verkamaðurinn fær. Og hver hefur sú breyting verið, við skulum segja frá 1958? Úr 97, sem var meðaltalið á dögum vinstri stjórnarinnar á kaupmætti tímakaups lægst launuðu Dagsbrúnarmanna, þá er það nú komið niður í 82. Það er a. m. k. 16—17% kauplækkun, sem hefur farið fram til samans á þessum 4—5 árum. Þetta er það, sem hefur gerzt, og þetta er það, sem menn verða að horfast í augu við, og þetta er það, sem menn verða að reikna eftir, því að það er ekki hægt að reikna með krónum, sem alltaf eru að breytast. Það verður að hafa eitthvert ákveðið verðgildi, sem hægt er að reikna með. Þess vegna

hefur verkamaðurinn engar kauphækkanir fengið, heldur orðið að þola sífelldar kauplækkanir allan þennan tíma og hefur aldrei s. l. 17 ár staðið eins illa að vígi og nú.

Og þá, eftir að þeir hæst launuðu hafa notað tækifærið til þess að mata sinn krók, þá er nú komið fram með þetta frv. Það var ekki verið að spyrja verkalýðsfélögin að því, hvort þau vildu semja og bíða í einn mánuð, þau sömu verkalýðsfélög, sem höfðu beðið í 5 mánuði. Það var ekki verið að spyrja þau að því. Nei, það er skellt fram frv., þar sem sagt er: Hér er valdið, sem þið skuluð fá að beygja ykkur fyrir. Hér er valdið, sem við skulum sýna ykkur. Hér er hnefinn, hér er Ófeigshnefinn, sem þið skuluð fá að beygja ykkur fyrir. — Það er þannig, sem þeir fara að. Svona fara menn að, þegar þeir ætla að kúga. En svona fara menn ekki að, þegar þeir ætla að semja. Það á að sýna vald á þennan máta, það á að skora á hólm. Það er sama sem að taka sér einræði í kaupgjaldsmálum, og fyrir verkamenn hlýtur þetta að líta þannig út, að ef þetta tekst, ef svona lagað er samþykkt, ef slíkt hefst í gegn, ef slíkt er ekki eyðilagt, þá verður haldið áfram. Eftir svona frv. er verkamönnum ekkert annað eftir skilið en að berjast til þrautar.

Við höfum áður lent í því að verða að berjast hér við slík ólög. Hæstv. dómsmrh. var nokkuð að rifja upp þá sögu, og ég skal rifja hana upp með honum. Það hefur verið löng barátta og hörð barátta og oft og tíðum dramatísk barátta. Hann byrjaði á að rekja, hvernig hér var 1938, áður en hann kom á þing. Og ég man vel eftir því kvöldi og þeirri nóttu. Ég var hérna kominn inn í þingið þá, og ég stóð líka í þessari pontu þá, eftir að sjómennirnir komu út af fundinum hérna í Listamannaskálanum, eftir að rúðurnar brotnuðu þarna frammi og eftir að óróinn varð svo mikill, að það var ákveðið að útvarpa öllu og menn gætu talað eins og þeir vildu og útvarpað út. Það var nóttin. (**Dómsmrh.**: Þá var nú pontan ekki komin.) Það var ekki þessi ponta, en það var ponta hérna samt sem áður, eða þá við töluðum úr sætunum okkar, svo að alltaf var sköpuð ponta. Þá var það að gerast, sem oft hefur gerzt á Íslandi, að það var harðvítug stéttabarátta háð, og Framsfl. hafði þá, eins og stundum áður, gengið í lið með yfirstéttinni í landinu til þess að beita lögþvingun við sjómennina. Og Alþfl. hafði þá manndáð í sér til þess að hóta því, að svo fremi sem þessi gerðardómslög væru samþykkt gegn sjómönnum, þá sliti hann stjórnarsamvinnunni og hans ráðh. væri dreginn út, það var Haraldur Guðmundsson, sem þá var ráðh. hér, og við Haraldur skiptumst allmikið á um það um nóttina að tala. Og sá sömu nótt dó Jón Baldvinsson. Það var 17. marz 1938. Ég man ósköp vel þá nótt. Þá var ríkisvaldið notað sem kúgunartæki á móti sjómönnum, og Alþfl. mótmælti því og tók sinn ráðh. burt.

Næst var vegið í sama knérunn 8. jan. 1942. Þá var það með þeim brbl., sem út voru gefin um gerðardóm, undirskrifuð af Hermanni Jónassyni, Eysteini Jónssyni, Jakob Möller og Ólafi Thors. Þá var hæstv. forsrh. enn þá með á skútunni, en ekki forsrh. Og ég held, að sá gerðardómur sé einn af þeim hlutum, sem flestir stjórnmálamenn, sem komu nærri honum, skammast sín fyrir síðan og hafa skammazt sín fyrir í 20 ár. Og þegar hæstv. núv. forsrh. þá um sumarið gaf út önnur lög, sem Alþingi þá hafði samþykkt, sem hér hétu: lög um dómnefnd í verðlagsmálum, — gömlu lögin höfðu heitið: brbl. um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, en hann gaf hin lögin út 1. sept., — þá held ég, að hann hafi verið ánægðari yfir þeim lögum, eftir að verkalýðurinn var búinn að eyðileggja gömlu gerðardómslögin, og hann flutti sjálfur till. á sumarþinginu um að afnema þau og breyta þeim yfir í það að vera eingöngu gerðardómur í verðlagsmálum.

Þegar þessi gerðardómslög, brbl. voru út gefin 8. jan. 1942, átti Alþfl. líka mann í ríkisstj., Stefán Jóh. Stefánsson, og hann fór út úr ríkisstj., og Alþfl. barðist á móti þessum gerðardómslögum með okkur sósialistunum, og þessi gerðardómslög voru eyðilögð, vegna þess að þau brutu algerlega í bág við alla réttarmeðvitund þjóðarinnar, og menn hafa í 20 ár síðan reynt að læra nokkuð af þessu.

Hæstv. dómsmrh. rifjaði upp fleira. Það var rétt munað hjá honum, haustið 1942 hafði Framsókn enn sem komið er ekki lært meira en svo, að hún hindraði þá myndun vinstri stjórnar á því að heimta launalækkun. Og síðan var Coca-cola-stjórnin mynduð, og sú stjórn fór frá í sept. 1944 á því að leggja fyrir þetta þing frv. til l. um að fyrirskipa með lögum 10% kauplækkun, og á því féll hún. Og hæstv. dómsmrh. minntist ekki á þá stjórn, sem þá var mynduð, stjórn, sem Sjálfstfl. myndaði með Alþfl. og Sósfl., sem hækkaði kaupið og hækkaði það mjög vel, þannig að síðan er miðað við það kaup og þann kaupmátt, sem verkamenn höfðu þá, og hann er settur sama sem 100, kaupmátturinn fyrir 1945.

Eftir að áhrif amerísks auðvalds komu aftur til hér á Íslandi 1947 og eftir að Ísland fékk ekki sjálfstætt lengur að ráða sínum efnahagsmálum og hefur síðan meira eða minna tekið við illum ráðagerðum, sem sendar hafa verið frá Ameríku, frá efnahagssérfræðingunum svokölluðu, þá var hafizt handa með lögbindingu, og það voru harðvítug verkföll þau árin og hún var að miklu leyti eyðilögð. 1950 er það rétt, þá tóku Framsfl. og Sjálfstfl. höndum saman móti Alþfl. og Sósfl. og settu gengislækkunina í gegn, og þá tókst að knýja í skjóli atvinnuleysis og neyðar um allt land kaupmátt tímakaupsins niður í 84 stig 1951. Þá var það svo, að í 3 ár minnkaði öll mjólkurneyzla í Reykjavík, vegna þess að verkamenn höfðu ekki efni á að kaupa eins mikla mjólk og þeir þurftu, þannig að mjólkurneyzlan í Reykjavík, sú sem var í marz 1950, komst ekki upp fyrir það aftur fyrr en í jan. 1953, eftir það harðvituga vetrarverkfall, sem verkamenn gerðu hér, þannig að það svarf að börnum þeirra, þegar þeir voru að slást þá í atvinnuleysi og í neyð. Þannig hefur það verið hvað eftir annað, að ríkisvaldinu hefur verið beitt af yfirstéttum í þessu

landi til þess að skakka leikinn, til þess að ræna verkamenn því, sem þeir hafa áunnið sér í langri og harðri baráttu.

Það hafa ekki allar stjórnir og alltaf beitt þessum sömu úrræðum. Þar misminnti hæstv. dómsmrh. Það eru tvær stjórnir, sem hafa haft fast kaupgjald, af öllum þeim stjórnum, sem setið hafa eftir 1939. Það er í fyrsta lagi nýsköpunarstjórnin. Kaupmátturinn var þá 100. Það er hæsti kaupmáttur, sem íslenzkur verkalýður hefur búið við, og þá átti Sósfl. sæti í stjórn. Og það var vinstri stjórnin, hann var 97. Eftir verkfallið 1956, 6 vikna verkfallið, hækkaði kaupmátturinn það, að hann fór þá í 100, og hefur síðan í tíð vinstri stjórnarinnar nokkurn veginn verið 97 að meðaltali þessi 3 ár. Það hefur verið talað hérna um, að vinstri stjórnin hafi sett löggjöf, sem hafi bundið kaup. Það er rangt. Menn eiga að geta sagt rétt frá, þegar þeir rekja, þótt menn vilji reyna að snúa út úr einhverju. Það, sem gert var í ágústlok 1956, var að láta ekki 6 vísitölustig koma til framkvæmda, sem hefðu farið undireins vegna landbúnaðarvöruverðshækkana í næsta mánuði á eftir, þegar þau hefðu eingöngu haft víxlverkanir, þannig að verkamenn hefðu ekki notið þeirra, og þetta var gert í samráði við verkalýðsfélögin, og menn ættu að prófa það nú að spyrja verkalýðsfélögin, hvernig þeim lítist á það lagafrv., sem nú liggur fyrir.

Allt árið 1956 hélzt kaupmátturinn í 97.2. Hann var með því hæsta, sem hann hefur verið á nokkru ári að undanteknu 1945 og 1949. Það má ýmislegt finna að vinstri stjórninni. Það, sem var hennar ógæfa, voru slæmir efnahagssérfræðingar, líka sendir frá Ameríku. En þeim var þó haldið nokkuð í skefjum, á meðan hún var. En eftir að viðreisnarstjórnin tók við þessum sömu efnahagssérfræðingum, hafa þeir fengið að vinna alveg skefjalaust og farið með kaupgjaldið eins og það er komið núna, niður í 82 stig. Þeir hafa fengið að reka alla sína kauplækkunarherferð, eins og þeim hefur þóknazt.

Hæstv. dómsmrh. vildi reyna að skírskota til þess að ræða nú þessi mál af sanngirni og við ættum að reyna að komast að niðurstöðu. Hann talaði um vítahring, sem allar stjórnir hefðu meira eða minna lent í, og þetta væri eitt sífellt vandamál. Ég er reiðubúinn að ræða þetta og hef oft verið. En hver er vítahringurinn, og á hvers kostnað á að rjúfa hann, ef hann er til? Við skulum fyrst og fremst athuga, hver er vítahringurinn? Hann sagði, að það væri eitthvað bogið við allt þetta kerfi. Hvað er það, sem gerzt hefur á Íslandi nú í 20 ár í sambandi við þessi kaupgjaldsmál? Það, sem gerzt hefur, er þetta, að það hefur verið tekið upp eitt ákveðið „prinsip", ein ákveðin höfuðregla, sem engin önnur þjóð hefur nema við af sérstökum ástæðum, sem ég skal koma að seinna. Þetta „prinsip" er gengislækkunar-„prinsipið". Atvinnurekendastéttin á Íslandi hefur tekið upp þá aðferð að láta verðlag hækka, svo framarlega sem kaupgjald hækkar. Og ef hún ræður ekki við það með venjulegum aðferðum utan þings, þá beitir hún því ríkisvaldi, sem hún hefur, til þess að hækka verðlagið með sérstökum ráðstöfunum, og öðru hvoru eru þessar ráðstafanir gerðar með þeim harkalegasta hætti, sem hægt er, með því að lækka gengið, eins og sýndi sig bezt 1961 og eins og var líka raunar tilgangurinn 1960. Ríkisvaldinu hefur nú í 20 ár á Íslandi verið beitt meira eða minna sem hreinu ránsvaldi til þess að hækka verðlag og ná þannig frá verkamönnum kauphækkunum, og við þetta hafa verkamenn orðið að berjast nú í 20 ár, að þeir hafa sífellt orðið að vera að hækka sitt kaup til þess að ná þessu upp, og þess vegna stöndum við einir allra þjóða hér í kringum okkur með lægra kaupgjald í dag en við höfðum fyrir 20 árum.

Hvernig stendur á því, að þetta skuli vera svona? Er það vegna þess, að það hafi verið slík afturför í okkar þjóðfélagi, að öll okkar tækni, allt þetta skipulag sé svona margfalt, margfalt verra en það var? Nei, við höfum tekið á þessum tíma stórkostlegustu tæknilegu framförunum, sem við höfum tekið í þúsund ár. Við höfum gert tæknilega byltingu hér á Íslandi. Þjóðfélagið er margfalt ríkara en það var. Við gerðum tæknibyltingu á dögum nýsköpunarinnar, við njótum Marshall-gjafanna næstu árin á eftir, við hleypum inn öllum þeim bátum og vélum, sem komu á dögum vinstri stjórnarinnar, við umsköpum landið, allt atvinnulíf tæknilega séð á þessum 20 árum. En verkamaðurinn á Íslandi verður að vinna fyrir lægri kaupmátt, 20% lægri kaupmátt en hann vann við fyrir 17—20 árum. Og hvernig stendur á þessu? Það stendur þannig á því, að íslenzk auðmannastétt hefur ein allra auðmannastétta allra norrænu landanna hagsmuni af því að fella í sífellu gengið og hækka allt verðlag. Það eru til aðilar í öðrum löndum, sem reyna að sjá um að halda gengi, við skulum segja Englandi, — það eru til aðilar, sem vilja halda genginu og láta ekki sterlingspundið falla, og það er ekki sagt verra en ef sagt er, að sterlingspundið eigi að falla, og þá rjúka ráðh. á Englandi upp og mótmæla. Hvernig stendur á því, að auðmennirnir í Englandi hafa áhuga á því að halda sterlingspundinu í gildi, eins og frekast er hægt fyrir þá? Vissulega er alltaf smáfall á öllum myntum, en það er hægt og mjög líðandi. Hvernig stendur á, að þeir hafa áhuga á því? Bankarnir eru einkaeign í Bretlandi. Auðmennirnir eiga sjálfir peningana, sem eru lánaðir út. Það er ein mikil gróðalind fyrir brezkt auðvald, sem við höfum stundum fengið að kenna á, að lána út fé, og það brezka auðvald, sem lánar út fé, vill fá jafngóð sterlingspund til baka. Auðmennirnir í löndunum í kringum okkur, sem eiga bankana og ráða bönkunum og eiga féð og ráða auðmagninu, þeir vilja láta peningana halda sínu gildi, af því að þeir vilja fá jafngóða peninga til baka og það, sem þeir lánuðu út, og þess vegna er aðhald að því, hvernig farið er með myntina, hvernig farið er með gengið.

En hvernig er þetta hér á Íslandi? Hér á Íslandi er þetta þannig, að meginið af öllu því fé, sem íslenzk auðmannastétt eða atvinnurekendastétt eða hvað sem við viljum kalla

hana hefur til umráða, kemur frá bönkum, sem ríkið á, er fé ríkisins og ríkisbankanna eða sparifé almennings. Venjulegur skynsamur auðmaður á Íslandi leggur ekki sitt fé inn í sparisjóð, hann leggur ekki fé á banka. Venjulegur auðmaður á Íslandi slær lán í banka, og sá viðkomandi auðmaður beitir síðan fésýsluflokkunum á Íslandi, Sjálfstfl. og Framsfl., til þess að lækka gengið í sífellu. Það er ein höfuðarðránsaðferð auðmannastéttarinnar á Íslandi að nota sitt pólitíska vald yfir bönkunum til þess að lækka í sífellu gengið, minnka gildi þess, þannig að ef þessari auðmannastétt þóknast að borga sínar skuldir til baka, þá séu þær borgaðar með miklu minni krónum. Það er engin tilviljun, að sá maður, sem talinn er ríkastur á Íslandi, hefur eingöngu grætt á verðbólgu, eingöngu slegið lán í bönkunum, aldrei getað borgað lánið til baka, hann hefur alltaf verið búinn að festa peningana í óleyfi, bankarnir aldrei viljað ganga að honum, af því að alltaf voru þessar fasteignir, sem hann festi þá í, hækkaðar í verði, þannig að hann reiknaðist eiga fyrir skuldum, ef farið væri að ganga að honum. Með þessu móti verða menn ríkir á Íslandi og fá það að viðurnefni, eins og sá nafni minn, sem hér átti lengi vel sæti.

Verðbólgan er vísvitandi aðferð íslenzkrar auðmannastéttar til þess að auðgast. Þegar hæstv. dómsmrh., sem ég veit að hugsar fyrst og fremst júridískt í þessum málum og hefur kannske ekki sett sig sérstaklega mikið inn í þessa ökonómísku galdra, sem þarna eru notaðir, þegar hann þess vegna talar um, hvað sé bogið við þetta kerfi, — það er ekkert bogið við kerfi launanna á Íslandi, ekki nokkur skapaður hlutur nema það, að þau eru svikin jafnóðum af auðmannastéttinni á Íslandi í krafti þess valds, sem hún hefur í bönkunum. Það er þetta, sem er bogið. Þær víxlverkanir, sem hæstv. ráðh. talar um, eru ekkert náttúrulögmál á Íslandi. Þær eru markviss aðferð, sem er beitt, alveg eins og seðlabankastjórarnir lækkuðu gengið 1961 í ágúst með stjórnarskrárbrotunum þá, — það er markviss aðferð, sem er beitt til þess að ræna af verkamönnum. Það er ekkert til, sem heitir kapphlaup á milli launanna og vöruverðsins, þannig frá hálfu vinnulaunanna. Það er verðlagið, sem hefur verið á undan allan tímann, eins og það leggur sig, vegna þess, að það er auðmannastéttin, sem ræður ríkisvaldinu, og það er hún, sem misnotar ríkisvaldið á þennan hátt.

Hæstv. ráðh. talaði um: Eigum við ekki að hætta þessum hráskinnsleik? Hver stjórnar þessum hráskinnsleik? Það er auðmannastéttin, sem hefur stjórnað honum allan þennan tíma og hennar ríkisvald. Verkamenn höfðu ekki haft við, þeim hefur verið álasað, — þeir höfðu ekki haft við, þeir hafa aldrei í 17 ár haft lægri kaupgetu tímakaupsins en núna. Við erum að komast niður í það, sem var fyrir stríð og þótti lágt kaup þá. Eins klukkutíma vinna þá, 1.45 kr. hjá Dagsbrúnarmönnunum, maður gat keypt 1 kg af kjöti fyrir það þá, 1938 eða 1939. Hvað kostar það núna? Það kostar 40 kr., 44 kr. jafnvel, og Dagsbrúnarkaupið er 28. Svona hefur það hríðversnað. Við erum að komast niður í það, sem við vorum fyrir fyrra stríðið. Menn höfðu 25 aura um tímann þá, og eyririnn þá var eins dýrmætur og krónan núna. Með þessum hráskinnsleik auðmannastéttarinnar að misnota ríkisvaldið svona hvað eftir annað er verið að svíkja af verkamönnum allar þær kauphækkanir, sem þeir hafa knúið fram með áratuga baráttu, svo að það þarf ekki að undrast, þótt það verði barizt hart.

Og hver er orsökin til þess, að farið er að grípa til þess einræðis, sem í þessu frv. felst núna? Orsökin er sú, að menn vilja viðhalda úreltu, skaðlegu og ranglátu yfirráðakerfi braskaravaldsins á Íslandi, kerfi, sem er brostið og menn eiga að þora að horfast í augu við að er brostið, af því að þetta kerfi var vitlaust frá upphafi vega, kerfi, sem ekki passar hérna á Íslandi. Boðskapur þessara amerísku sérfræðinga um, að við eigum að láta hér alla græða á öllum, lendir út í tóma vitleysu. Við getum það ekki í svona þjóðfélagi, það er gersamlega óhugsandi. Við höfum tekið hér um nokkurt skeið á Íslandi nokkra þætti út úr, og við skulum bara hugsa okkur, að það ætti líka að braska á þeim miskunnarlaust, á símanum, á póstinum, á áfenginu, á tóbakinu. Hvernig mundi þetta allt saman líta út hjá okkur? Við verðum að þora að taka vissan hluta starfsins í þjóðfélaginu undan gróðanum og undan braskinu. Við skulum taka dæmið í dag. Þegar bæjarstjórn Reykjavíkur núna úthlutar lóðum hérna í Reykjavík og menn fá þessar lóðir, þeir sem byggja í spekúlasjón á þeim, og menn byggja flott hús og menn fá jafnvel lóðir, þar sem þeir geta byggt jafnvel 20 íbúðir og meira, — það hefur verið boðið þannig í þessar íbúðir, sem verið er að byggja núna, hvort sem þær hafa verið fokheldar eða komnar lengra á veg, að menn hafa grætt frá 100 þús. kr. á íbúð að selja fokhelt upp í 300 þús. kr., og það jafnvel núna þessa dagana, af því að neyðin hefur verið svo mikil, að sams konar íbúðir hafa farið sumar á 550 þús. og sumar á 800 þús. Ástandið er þannig, að með því að hleypa braskinu inn á öll þessi svið er verið að gera ómögulegt fyrir svo og svo mikið af fólki að lifa.

Ef menn vilja reyna að viðhalda kaupgjaldi, þannig að það ekki verði hækkað, þá verða menn að láta vera einhver svið, þar sem verkamenn verða ekki fyrir hækkununum. Hvernig er þetta t. d. gert á Norðurlöndum? Þetta er gert með því, að það er reynt að halda húsaleigu niðri á þann máta, að það er lánað til að byggja hús, jafnvel til 90 ára með 2% og 4% vöxtum, að meðaltali 3%, og það er lánað jafnvel út á 90% af kostnaði við íbúðirnar, til þess að enginn geti grætt á að byggja hús eða braska með hús, til þess að það verði hrein þjónusta við þjóðfélagið og þar með við útflutningsatvinnureksturinn, að menn geti fengið að byggja og búa í húsum. Það er óhjákvæmilegt að taka undan viss svið, til þess að þeir aðilar, þar sem maður vill viðhalda einkaframtakinu, geti grætt og geti haldið sínu uppi.

Við skulum segja, að við viljum hérna í okkar þjóðfélagi fyrst og fremst viðhalda einkaframtaki í sjávarútveginum, vegna þess að sjávarútvegurinn er grundvöllur að öllu okkar þjóðlífi, og þeir, sem nú ráða, segja: Jú, sjávarútvegurinn,

við trúum á einkaframtakið, og sjávarútvegurinn þarf einmitt að fá að njóta sín þar og einkaframtakið fá að njóta sín þar í sjávarútveginum. **Þá er ekkert annað til en að þjóðnýta á einn eða** annan máta, útiloka gróðamyndun úr vissum öðrum sviðum þjóðfélagsins, t. d. úr húsbyggingum, t. d. úr vátryggingum, t. d. úr olíuverzlun, **og segja: Ef einhverjir eiga að græða í þjóð**félaginu, þá á sú gróðamyndun að fara fram í sambandi við sjávarútveginn. Og ef þjóðfélagið sem heild þolir ekki það, að allir gramsi til sín, þeir sem voldugastir eru, menn noti olíuna til að græða á, menn noti jafnvel vátryggingar til **að græða á, menn noti jafnvel húsbyggingar til að græða á, þá verður að stöðva gróðann af þessu.**

Skefjalaust auðvaldsskipulag getur ekki gengið á Íslandi. Ef það á að viðhalda einhverju af auðvaldsskipulaginu, þá verður að þora að hefta **það á vissum sviðum, alveg eins og hefur verið** gert fram að þessu. Það, að fara svona geyst í þetta eins og við höfum gert, kollsteypir þessu þjóðfélagi og það, sem hefur gerzt núna, er, að **hæstv. ríkisstj. hefur hleypt verzlunarauðvaldinu** það frjálsu á þessum 4 árum, að það hefur sporðreist þjóðfélagið. Þessir heildsalar, sem þeir hafa gefið frelsi, kunna ekki með það frelsi að fara, **og það er það, sem við sjálfir erum að reka okkur** á. Hvað gera þessir heildsalar núna? Jú, þeir kaupa inn eins og vitlausir menn. Hvað kaupa þeir? Þeir kaupa bíla, þeir halda, að allir menn á Íslandi geti hlaupið til og keypt bíla. Og hvernig er svo ástandið núna? Jú, þeir eru búnir að slá lán upp á 100 millj. kr. erlendis til þess að kaupa bíla, og þeir sitja uppi með þessa bíla **hérna, geta ekki selt þá.**

Hvað haldið þið, að okkur detti nú í hug, þegar svona frv. er lagt fyrir okkur eins og þetta og við höfum ekki hugmynd um, hvað muni taka við á eftir? Við skuldum 600 millj. kr. erlendis. Hvað mundi gengislækkun þýða í dag? Við vitum, að hæstv. ríkisstj. er vön að grípa til gengislækkana og seðlabankastjórarnir hafa ekki verið neitt hræddir við að grípa til gengislækkana. En hvað mundi það þýða í dag, við skulum segja 20% gengislækkun? Hún mundi þýða 120 millj. kr. tap fyrir þá, sem skulda þetta erlendis. Og **það eru mestmegnis heildsalarnir og aðrir slíkir.** Ég spyr: Er verið að gefa tveggja mánaða frest, til þess að hægt sé að lána þeim, svo að þeir geti borgað eitthvað af þessum skuldum upp, svo að þeir fari ekki á hausinn á eftir? Svo fáum við **kannske gengislækkunina dálítið seinna. Þið vitið, að við stöndum uppi gersamlega berskjaldaðir fyrir þessari misnotkun ríkisvaldsins. Við erum búnir að verða fyrir þessari misnotkun í ágúst 1961. Við vitum ekkert, hverju þeir menn, sem misnotuðu sitt vald þá, kunna að finna upp á.** Hér er talað hjartnæmt, bæði af hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., um gengið, í guðanna bænum, við verðum að varðveita gengið, við verðum að forða krónunni. Hvernig eigum við nú að taka mark á þessu? Við vitum, að í 20 ár er gengislækkun búin að vera aðalgróðalind íslenzku auðmannastéttarinnar. Á nú að stöðva þessa gróðalind? Á nú að fara á hausinn? Við verðum að fá einhverjar meiri sannanir, ef við eigum að fara að trúa á slík orð.

Þegar leitað var að sakborningum í gamla daga eftir Rómarréttinum, þá var spurt: Hverjum **var glæpurinn til góðs? — Hverjir eru það, sem** hafa grætt á því, að gengið væri lækkað? Það eru þessir verðbólgubraskarar. Við erum búnir að heyra svo margar yfirlýsingar viðvíkjandi **genginu, og það er búið að sýna það mikið** langlundargeð í sambandi við gengið og í sambandi við allt, fellingarnar á **því 1960 og áfram, að það er ekki hægt að koma núna og koma** aftur með einhver hjartnæm orð viðvíkjandi því og ætlast til þess, að menn trúi þeim. Það getur eins verið ein spekúlasjónin til, það **megi ekki fella gengið í dag, vegna þess að heild**salarnir tapi á því, **og sé allt í lagi með að** fella það eftir 6 mánuði, eitt ár, vegna þess að þá sé búið að forða heildsölunum.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði eftir það, sem gerzt hefur, ekki átt að leggja svona frv. fram, heldur hefði hún átt að koma til verkalýðshreyfingarinnar og segja: Er hægt að semja við ykkur um, að við nú stöðvum og látum okk**ur skapa tryggt og öruggt gengi á Íslandi?** Verkalýðshreyfingin hefði átt það skilið eftir allt, sem hún var búin að sýna þessari ríkisstj. En enn þá er það svona, að það er fyrst og fremst verið að taka tillit til braskaranna hérna í kringum okkur, sem eru búnir að koma öllu í vitleysu, sem eru búnir að misnota þetta frelsi, sem þið voruð að gefa þeim, sem hafa ekki kunnað fótum sínum forráð, sem hafa hagað sér eins og kjánar. Allur þessi bílainnflutningur þeirra, þetta er tóm della.

Hæstv. dómsmrh. kom hér inn á gerðardóminn eða kjaradóminn viðvíkjandi opinberum starfsmönnum og afstöðu okkar þm. Alþb. í því sambandi. Og hæstv. ráðh. voru báðir að reyna að þvo sínar hendur af þessum dómi. Man ég ekki rétt, var það ekki stjórnarfrv., þetta frv. **um kjaradóminn? Það er eins og mig minni** það. Ég man það kannske skakkt, en mig minnir það nú samt. Jú, hver var okkar afstaða í þeim **málum? Okkar afstaða var sú, að við álitum,** að það ætti að veita þessum mönnum verkfallsrétt. Hún var sú. Hins vegar var eitt spor fram á við í sambandi við þau lög, og það var, að þeir fengu samningsrétt, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, þeir fengu rétt til að láta sínar skoðanir í ljós, þeir fengu rétt til þess að greiða atkv. og annað slíkt. Þeir fengu þó að tala með, þeir voru ekki sem hreinir þrælar, en það var ákveðinn gerðardómur yfir þá. Við vorum á móti þeim gerðardómi. Þess vegna greiddum við ekki atkv. með frv. **En við vorum með því,** að þeir fengju samningsrétt. Þess vegna greiddum við ekki atkv. á móti frv., þess vegna sátum við hjá. Þetta var framför frá launalögunum, en það var ekki það svo sem við álitum, að ætti að veita þeim verkfallsrétt. Ég hefði ekkert séð eftir þeim, ráðuneytisstjórunum eða öðrum, að standa í verkfalli, líka sex vikur, eins og Dagsbrúnarmenn hafa orðið að gera hvað eftir annað til þess að berjast fyrir sínum launum. Þeir eru ekkert of góðir til þess, og ég held, að það **væri nær líka núna fyrir þá, sem vilja þvo sínar** hendur af þessum kjaradómi, að þeir veiti þeim verkfallsréttinn, veiti þeim sömu aðstöðu og

sömu skyldu til þess að berjast. Þeir geta alveg fórnað eins og aðrir. Það er enginn mórall í því að láta fátækustu verkamennina í þessu þjóðfélagi standa í baráttu, sem allir aðrir njóta svo góðs af. Ráðuneytisstjórarnir og aðrir slíkir geta alveg eins fengið að berjast. Þeir geta alveg eins fengið að „stræka“ og standa í því að safna sínum verkfallssjóðum og annað slíkt. Það er engin ástæða til þess, að fyrst eigi Dagsbrúnarmenn að berjast og aðrir verkamenn fyrir launum allra í þjóðfélaginu og svo, þegar allir aðrir eru búnir að fá meiri hækkanir en nokkru sinni fyrr, þá eigi að slengja í lás fyrir Dagsbrúnarmönnum. Svona hlutir geta ekki gengið. Ég held þess vegna, að það ætti að breyta þeim lögum og afnema þessi lög um kjaradóminn og láta þessa menn fá sinn verkfallsrétt, láta þá standa í því.

Svo er sagt við okkur, að útgerðin beri sig ekki. Útgerðin ber sig. Hún gerir miklu meira en að bera sig. Hún ber uppi allt þjóðfélagið, hún ber uppi alla heildsalana, hún ber uppi alla oliuhringana, hún ber uppi öll vátryggingarfélögin, hún ber uppi alla bankana. En þessir menn, sem hún ber á sínum öxlum, þeir eru svo frekir að reyta af henni, að hún stendur stundum ekki bara nakin eftir, heldur rífa þeir út úr holdinu líka, og það eru þessir menn, sem sitja á hennar öxlum, sem þarf að reka niður af öxlunum. Ef hér á Íslandi hefði átt sér stað sæmileg kapítalistísk þróun, þá mundi, býst ég við, sá hringur, sem þá hefði komið upp hjá útgerðinni, hafa tekið í sínar hendur oliusölu, tekið í sínar hendur vátryggingar, tekið í sínar hendur ýmislegt af því, sem alls konar heildsalar hafa núna og græða á, þegar þeir eru að selja útgerðinni. Öll venjuleg kapítalistísk þróun á Íslandi hefur verið meira eða minna eyðilögð, þannig að þær venjulegu framfarir, sem verða í kapítalistísku þjóðfélagi, hafa ekki orðið hér, þannig að atvinnurekendurnir hafa aldrei haft það aðhald, sem þeir þurftu frá ríkisvaldinu og frá bönkunum til þess að breyta jafnóðum sínum eigin rekstrarháttum, um leið og verkamennirnir hækkuðu kaupið hjá þeim.

Ef verkamenn hækkuðu kaup hjá sjávarútveginum, hjá togaraútgerð, hjá hraðfrystihúsi, — hvað hefði undir venjulegu kapítalistísku skipulagi viðkomandi, t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hugsað? Hún hefðu hugsað: Já, ég stend ekki undir þessari kauphækkun. Ég verð að berja niður þessa vexti, sem ég hef, eða a. m. k. lækka þá. Ég verð að kaupa sjálf inn alla oliuna til að láta oliuhringana hætta að græða á mér. Ég verð að koma sjálf upp vátryggingum til þess að vátryggja fyrir alla útgerðina og láta ekki vátryggingarfélögin græða á mér og verða með voldugustu lánastofnunum landsins. — Svona hefði velviljuð kapítalistísk þróun gengið fyrir sig á Íslandi. Og ef menn þora ekki að láta þessa þróun ganga fyrir sig, þá verða menn að láta ríkið grípa inn í til þess að þjóðnýta þá starfsemi, sem þarf til þess, að útgerðin geti staðið undir þeim kauphækkunum, sem fram eru knúðar. Allt þetta kerfi hefur verið hringavitlaust á Íslandi, og það er ekki við því að búast, að verkalýðurinn í landinu sætti sig við það, að auðmannastéttin heimti margfaldan gróða af öllu því, sem hér er unnið, og svo komi meira að segja ríkið ofan á allt saman með sitt 7% útflutningsgjald á útflutningsafurðunum.

Það dugir ekki að hlífa íslenzkri auðmannastétt við því að verða að gera svo vel að laga sinn rekstur eftir kröfum tímans. Það er ófært að láta þá komast upp með það að stjórna íslenzku atvinnulífi verr og vitlausar og ranglátar en nokkur yfirstétt gerir hér í nágrenninu, — og það er það, sem hún gerir. Lægsta kaupið, sem þekkist á Norðurlöndum eða Vesturlöndum, það er hérna á Íslandi núna. Okkar auðmannastétt hefur ekki kunnað að stjórna betur en þetta, og það er m. a. vegna þess, að hún fær ekkert aðhald frá ríkisvaldinu og hefur getað fengið að nota ríkisvaldið allan tímann til þess að lækka í sífellu verðgildi krónunnar og lækka gengið svo öðru hvoru. Og það er þetta ástand, sem er óþolandi, og það er þetta ástand, sem verður að breytast. En hæstv. ríkisstj. hefur aldrei verið til viðræðu um að endurskoða þetta kerfi, þetta hringavitlausa kerfi, sem getur ekki haldið áfram.

En það er ekki nóg með það, að þetta kerfi sé vitlaust og kannske það, sem er sökin á því, hvernig komið er. Það hefur alllengi verið svo. En það er annar hlutur, sem hefur gerzt og mér finnst ægilegastur í þessum hlutum. Og mér sýnist, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, eigi að slá botninn í það, og það er, að það á að skapa nýja stéttaskiptingu á Íslandi. Öll þróun í félagsmálum okkar Íslendinga, það sem af er þessari öld, hefur verið í áttina til jafnaðar. Við munum, að hálaunamennirnir, embættismennirnir á 19. öld, voru hátt launaðir. Ég man alltaf eftir því, þegar verið var að breyta hér launalögunum, — ég held, að það hafi verið 1950, — og var reiknað út t. d., hvað biskupinn á Íslandi hafi haft í lok 19. aldarinnar. Það var miðað við peningana 1950 og var, ef ég man rétt, í kringum 286 þús. kr., og það voru miklir peningar þá, því að ég held, að ráðherralaun hafi ekki verið undir 90 þús. kr. þá. En um leið og við fórum að ráða okkar málum, um leið og áhrif almennings fóru að verða meiri á Íslandi, um leið og almennur kosningarréttur kom hér til, um leið og bændur og verkamenn fóru meira að segja að hafa eitthvað að segja, þá gekk það sem rauður þráður í gegnum alla félagsmálastarfsemina, frá því um 1900 og þar til nú, að það væri verið að jafna launin, að það væri verið að skapa jöfnuð meðal manna á Íslandi. Og það var í samræmi við allt það bezta, sem er til í okkar þjóðarerfð frá upphafi vega.

Stundum hefur það verið sagt í grini, stundum í alvöru: „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það“ — og það hefur þótt hér einmitt eitt helzta lof, sem sagt hefur verið um Íslendinga, að þeir væru höfðingjar, að Íslendingurinn áliti sig jafngóðan hvaða konungi eða hvaða tignarmanni sem væri, og það þó að hann væri verkamaður eða sjómaður. Og við höfum verið öðrum þjóðum til fyrirmynd-

ar í þessu efni, því að það hefur ríkt í okkur viss lýðræðiskennd, sem er eldri en nokkurt núverandi lýðveldi og nokkrar pólitískar lýðræðishugmyndir, alveg frá okkar Íslendingasögum og frá því, sem var fyrir þær, — sú tilfinning, að **mennirnir væru jafnir, sú tilfinning, sem slegið hefur verið fastri, m. a. í stjórnarskrám ýmissa ágætra ríkja. Og þetta höfum við að miklu leyti reynt að framkvæma í praxis hérna heima, og við höfum og ættum að geta verið fyrirmynd annarra þjóða í þessu efni. Og einmitt af því, að á okkar niðurlægingaröldum vorum við nokkuð djúpt sokknir í þessu, þá er hart, ef nú ætti að fara að halda þarna til baka.**

Það, sem mér finnst þess vegna ljótast í því, sem gerzt hefur á síðari hluta þessa árs, er, að einmitt eftir að þessi gífurlegi launamismunur var ákveðinn með kjaradómnum, **þá skuli hæstv. ríkisstj. detta í hug að bjóða þeim lægst launuðu, sem bera þjóðfélagið á herðum sínum, þeim sem vinna í framleiðslunni, upp á að loka nú á þá. Ég hefði skilið það hjá hæstv. ríkisstj., ef hún hefði sagt: Nú, fyrst þessir** háttvirtu embættismenn, sem settir eru þarna í þennan kjaradóm, dæma svona, fyrst ykkur finnst þið þurfa slíkt, þá er ekkert óeðlilegra, þó að verkamenn þyrftu að hækka um ein 30% — eða eins og hæstv. forsrh. sagði, um 40%, eins og verkamenn hafa krafizt. Það er bezt, að þeir hækki það, svo lækkum við bara hjá öllum á eftir, og við lækkum það jafnt. Og þá verður það meira á þá, sem mest hafa, og tiltölulega minna á þá, sem minna hafa. — Það hefði ég skilið.

En nú, þegar þessir hálaunamenn eru búnir að fá sitt, þegar manni virðist bókstaflega að verið sé að byggja upp heldri manna stétt í landinu, þá er mér nóg boðið. Ég man eftir því, þegar maður skoðaði bókmenntirnar hér í gamla daga, þá var eitthvað, sem hét Stafrófskver fyrir heldri manna börn. Það var danskt, vafalaust, að uppruna, og þá var líka til stafrófskver fyrir — ég man ekki, hvort það var minni manna börn eða múgamanna börn, það var stéttahugmyndin, sem þá var. Og mér sýnist, að það, sem nú sé verið að hugsa um að gera, sé að ákveða launakjör fyrir heldri menn á Íslandi, og svo skal hinum skammtað með ofbeldislögum, múgamönnum, þeim sem eru nógu góðir til að þræla í togaraafgreiðslu og til þess að sjá um, að heldri mennirnir hafi eitthvað til þess að geta fengið há laun fyrir.

Við skulum gá að því, að mennirnir, sem þjóðfélagið byggist á, að þessir menn, það eru mennirnir, sem vinna á sjónum, það eru mennirnir, sem vinna að fiskinum, það eru þessir menn, sem öll yfirbyggingin byggist á, allir þeir fínu menn, sem sitja hér í hálaunastöðunum. Það er ekki að undra, þótt sú fyrsta tilfinning, sem grípur um sig hjá Íslendingi, sem vinnur við hafnarvinnu hér og alinn er upp í okkar jafnaðarhugmyndum, hún sé, að nú eigi að gera hann að annars klassa manni.

Ég þykist vita, að hv. þm. fylgist með því, sem er að gerast í Bandaríkjunum um þessar mundir. Negrarnir í Bandaríkjunum hafa verið meðhöndlaðir eins og annars klassa menn. Og þeir eru að rísa upp á móti því, og það er að gerast svo að segja þjóðfélagsbylting í Bandaríkjunum í sambandi við þessa uppreisn þeirra og allra þeirra, sem styðja þá. Þeir una því ekki að vera annars klassa borgarar. Á sama tíma kemur frv. hér fram um að gera ófaglærðu verkamennina á Íslandi, lægst launuðu verkamenn á Íslandi, að annars klassa borgurum, að vísu ekki eins vel launuðum og Bandaríkjaþjóðfélagið tryggir lægst launuðu negrum þar. Þeim er tryggður einn dollar og 15 cent, frekar en 1 dollar 25 cent um tímann. Dagsbrúnarmaðurinn hefur í dag helminginn af því. Hann hefur sett fram kröfu um að komast upp undir dollara á tímann. Honum er svarað með þvingunarlöggjöf. Við Íslendingar erum ekki aumari en negrarnir í Bandaríkjunum til að berjast fyrir okkar rétti, og við finnum áreiðanlega ekki síður til en þeir. Þess vegna verða viðbrögð manna, sem þannig er farið með, þau, að það er ekki bara peningurinn, sem þeir eru að hugsa um, heldur aðferðin, sem er beitt við þá. Prentararnir, sem ákváðu í gærkvöld að halda sínu verkfalli áfram, þykjast nokkurn veginn vita það, að þeir beri máske ekki neitt fjárhagslegt úr býtum fyrir það að stöðva nú, en þeir gera það vegna sinnar sómatilfinningar, þeir gera það vegna heiðurs síns. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. gert óskaplega pólitíska skyssu með því að bera þetta frv. fram.

Það er með þessu frv. m. a. verið að segja við olíuhringana: Þið megið ekki hækka hjá ykkur. — Hver heldur þú, að segi, að olíuhringarnir bæru ekki hækkun, þó að verkamennirnir færu upp í 40 kr. á tímann hjá þeim? Það er verið að segja við áburðarverksmiðjuna: Það má ekki hækka. — Áburðarverksmiðjan hefur 12 millj. kr. gróða á ári. Vinnulaun öllsömun þar eru rúmar 5 millj. Það er verið að segja manni í þessum röðum: Þú mátt ekki hækka. — Og það er verið að reyna að segja við okkur: Þjóðfélagið ber þetta ekki. — Þjóðfélagið ber ekki þá gróðamyndun, sem á sér stað hjá svo og mörgum hringum hérna. Það er það, sem þjóðfélagið ekki ber, og það er það, sem þarf að skera niður, einmitt til þess að hjálpa sjávarútveginum. Það hefur aldrei annar eins auður verið skapaður á Íslandi og af þessari kynslóð, einmitt eins og af þessum verkamönnum, sem núna er verið að fara svona með og er búið að fara þannig með nú í 20 ár, að þeir búa við lægra raunverulegt kaup en 1945. Það, sem er verið að gera með þessu, er að gera verkamenn að þrælum. Auðmennirnir mega hafa sinn gróða, þeir mega halda áfram að græða, þeirra gróði er ekki skertur. Þeim er meira að segja tryggt, að þeir fái að halda allri álagningu og öllu slíku áfram. Það er meira að segja gert ráð fyrir, að þó að kynni að hækka eitthvað efni, þá eigi þeir að fá uppbót á það. Því mættu þeir þá ekki tapa á einhverju í tvo mánuði, ef það á ekki að standa lengur? Eins og það gerði nokkuð til, eins og þeir gætu ekki borið það, eins og það hefði ekki verið hægt um leið að lækka bara svo og svo mikið í þjóðfélaginu.

Hæstv. forsrh. sagði, að þjóðin hefði aldrei lifað við eins góð lífskjör. Hann sagði nú raunar

um leið, að það hefði aldrei verið grætt meira á Íslandi, og þar rataðist honum nú satt á munn. Auðvitað hefur aldrei verið grætt meira á Íslandi en núna, aldrei nokkurn tíma. En verkamenn hafa heldur aldrei þrælað eins á Íslandi og núna. Ég man eftir því, þegar ég kom til Reykjavíkur í 6. bekk menntaskólans, veturinn 1920—1921 líklega, er verið að setja togaravökulögin í gegnum þingið. Það var verið að knýja það fram, að verkamenn á togurum þyrftu ekki að vinna meir en 12 tíma á dag. Það sagði ágætur maður við mig, sem ég held mikið upp á, sem var framarlega í þeim flokki, sem seinna varð Íhalds- og Sjálfstfl., indæll maður, sem sagði við mig: Ja, nú er togaraútgerðin á Íslandi eyðilögð. — Menn héldu það þá, að með því að lögleiða 12 tíma hvíld á togurum, þá væri búið að eyðileggja togaraútgerðina á Íslandi. Núna í dag þræla verkamenn upp undir 12 tíma og stundum lengur. 72 stunda vinnuvika er meira að segja algeng. Það datt engum í hug 1921, að verkamenn ættu að þræla þetta. Og það þótti rétt að reyna að takmarka þetta hjá togarasjómönnum. Nú er Ísland orðið alræmdasta land Norðurálfu fyrir vinnuþrældóm, og hvergi tíðkast eins langur vinnuþrældómur og hérna, og hvergi er börnum og unglingum eins þrælað út og hér. Ísland er í dag land, sem er svipaðast og England á tímum iðnaðarbyltingarinnar, sem hefur verið tekið til viðvörunar í öllum mannkynssögum fyrir unglingaþrældóm. Það er þrælað þannig í dag á Íslandi, að hvern einasta útlending, sem hingað kemur, rekur í rogastanz. Og þegar menn eru jafnvel að sýna útlendingum hraðfrystihúsin hérna, þá reyna menn að forðast að sýna þeim viss hús, vegna þess að það sé mestallt rekið af unglingavinnu þar. Ástandið, sem verið er að skapa hjá íslenzkum verkalýð hvað snertir lág laun og hvað snertir langan vinnutíma, er að verða þannig, að farið er að verða Íslandi til skammar um víða veröld. Þegar í erlendum tímaritum er verið að taka sem dæmi, hvernig mönnum sé þrælað út, t. d. í Venezúela, í landi, sem er ein af nýlendum og ameríska olíukapítalið hagnýtir þannig, þá er það tekið sem dæmi, að vinnulaunin séu sex sinnum lægri en í Bandaríkjunum, þau séu ekki nema 1 dollar á tímann. Þetta er þess vegna fyrir neðan allar hellur. Það er Ísland, sem er fyrir neðan allar hellur. Og svo koma menn hérna og ætla að segja við okkur, sem þekkjum ofur lítið ástandið í veröldinni, að það sé lífsspursmál til þess að bjarga að binda kaupið hjá þessari verkalýðshreyfingu.

Hæstv. forsrh. sagðist hafa vonað, að atvinnurekendur og verkamenn leystu þetta sín á milli. Hví í ósköpunum fá þeir ekki að leysa þetta sín á milli? Hví er ríkisstj. að skipta sér af þessu? Hún er einmitt að hindra það. Hæstv. forsrh. gaf mjög harðvituga lýsingu á öngþveitinu, sem væri í þjóðfélaginu. Það var rétt lýsing hjá honum. Hann sagði, að það væri of mikið, sem verið væri að framkvæma. Það er alveg rétt hjá honum, það er of mikið, sem verið er að framkvæma. En hvernig stendur á, að það er of mikið, sem verið er að framkvæma? Það stendur þannig á því, að mönnum var gefið þetta frjálst, og það var vitleysa að gefa mönnum þetta frjálst. Við höfum engin efni á því, þegar við þurfum að gera hitt og þetta nytsamlegt, að verja því þá í einhvern óþarfa. Við höfum ekki efni á því að byggja banka og kirkjur eða bílaumboðshallir eða slíkt, þegar við þurfum að byggja nauðsynleg hús yfir fólk og nauðsynlegar verksmiðjur til að vinna í. Og það þýðir, að við verðum að banna að byggja banka eða kirkjur eða bílaumboðshallir, á meðan við erum að ljúka hinu. Og það er þessi niðurstaða, sem hæstv. forsrh. kemst að.

En hvað þýðir þetta? Það þýðir, að við verðum að taka upp annað kerfi. Það þýðir, að við verðum að áætla í okkar þjóðfélagi, hvað við getum leyft okkur að byggja, að við verðum að hafa áætlunarbúskap á þessu, að þetta frelsiskerfi, sem hér hefur verið innleitt, það dugir ekki. Þetta öngþveiti stafar af þessu frelsiskerfi. Og því verður aldrei nokkurn tíma stjórnað með neinum bankaráðstöfunum. Hvað gerist, ef þið ætlið að reyna að stjórna þessu með bankaráðstöfunum? Það gerist það, að fólkið tekur sparifé úr bönkunum og lánar það sjálft, þar sem það fær markað fyrir það. Féð bara streymir út. Hvað var aukningin á sparifé í sept.? 5 millj., ef ég man rétt. Hvað var hún fyrir ári í sept.? 66 millj. Það streymir burtu.

Þið eigið ekki að láta þessa skólapilta, sem þið hafið látið stjórna landinu, hafa vit fyrir ykkur í stað þess að hafa vit sjálfir. Þið eigið ekki að láta þá stjórna landinu lengur. Þetta frelsiskerfi þeirra er búið að koma öllu í öngþveiti hjá ykkur. Það er ekki hægt með þessum sjálkrafa aðferðum að stjórna svona litlu þjóðfélagi. Það er alveg rétt, að það er hægt að stjórna Bandaríkjunum með svona kerfi, það er hægt að stjórna Bretlandi með svona kerfi, en það er ekki hægt að stjórna Íslandi með svona kerfi, það er ég búinn að segja ykkur hvað eftir annað. Og þið eigið ekki að vera að gera þjóðina lengur að tilraunadýrum fyrir einhverja skólapilta. Okkar þjóðfélag er of lítið til þess. Og ég vil líka bæta því við, að okkar yfirstétt er of stór. Landið ber ekki svona stóra yfirstétt. Hún þarf að minnka. Og hún mundi í hverju venjulegu frjálsu auðvaldsþjóðfélagi hafa minnkað. Þeir hefðu „konkúrrerað" hver annan niður, og þeir veikari hefðu orðið undir og þeir sterkustu hefðu lagað sinn rekstur betur. Þannig hefði það gengið til þar.

Ég veit ekki, hvort það þýðir nokkuð, að hæstv. ríkisstj. er öðru hverju að tala um, að hún vilji ræða þessi mál. En í hvert skipti, sem henni er bent á eitthvað og þá hagfræðilegar staðreyndir, þá þagnar hún við. Hæstv. ríkisstj. veit, að við Íslendingar verjum meira en nokkur önnur þjóð í Evrópu til fjárfestingar, 33% af öllum okkar þjóðartekjum. En hvernig ráðstöfum við þessu til fjárfestingar? Fjárfesting t. d. hjá Norðmönnum og Dönum skiptist þannig, að til neyzlufjárfestingar fara 25%, til framleiðslufjárfestingar 75%. Það þýðir, að 75% af fjárfestingunni fara til þess að geta aukið framleiðsluna. Hvernig er svo þessi skipting hér á Íslandi? Hún var seinast, þegar þessar tölur voru teknar, 56% til neyzlufjárfestingar, 44% til framleiðslufjárfest-

ingar, alveg öfugt hlutfall við allt, sem þekkist í Evrópu.

Ég skil það vel, að ef forsrh. væri enn þá í sínum gamla dúr, sem hann var stundum í, þegar hann var að tala um hagfræðinga, þá mundi hann ekki gera mikið með þessa hluti. Þá var hann vanur að segja, þegar verið var að benda á einhverja hagfræðilega hluti, þá sagði hann: „Já, það er nú svo, fyrst kemur lygi, svo kemur haugalygi og svo kemur hagfræði.“ Það var nú þegar það var. En það lítur út fyrir, að hann sé farinn að ganga svo mikið í barndóm núna, að nú sé hann farinn að taka hagfræðingana alvarlega, og það er það merki, sem mér þykir sárast að hafa séð á honum, að hann skuli vera farinn að taka mark á þeim. Hitt var þó betra, á meðan hann leit þannig á, að það væri þó yfir alla haugalygi, það sem þeir segðu. Bágast af öllu á ég með að skilja, þegar hæstv. ráðherrar eru að tala um, að þeir séu að gera þetta allt saman fyrir láglaunamennina. Já, þetta er líkingin, sem Leo Tolstoj einu sinni talaði um, þegar hann var að lýsa ríka manninum, sem sæti á herðum þess fátæka og segðist allt vilja fyrir hann gera nema fara af baki. Mér heyrðist á ríkisstj., að hún vildi allt fyrir þá lægst launuðu gera nema létta af þeim kúguninni. Ég held hún væri jafnvel tilbúin að byggja fangelsi fyrir þá, hvað þá annað. Líklega hefur hæstv. forsrh., af því að stundum er Sjálfstfl. farinn að tala svo mikið kristilega upp á síðkastið, haft það í huga, þegar hann talaði svo fallega um þá lægst launuðu: „Það, sem þú gerir mínum minnsta bróður, það gerir þú mér.“ Og þetta frv. á kannske að vera sönnun Sjálfstfl. fyrir því, að hann sé að verða kristilegur í framkvæmd. En því segi ég það: Hvernig getur hæstv. ríkisstj. dottið í hug að segja í öðru orði, að það eigi að taka henni með góðhug og skilningi, en píska menn svo með hinu? Henni hefur alltaf verið mætt með góðhug og skilningi. En verkalýðnum hefur verið svarað hvað eftir annað með svipuhöggum, en þetta er það naprasta.

Hæstv. viðskmrh. hefur víst ekki haft sig mikið í frammi hérna. Það er ósköp skiljanlegt, að Alþfl. hafi sig ekki mikið í frammi nú. Hann sagði með sínum fallega málróm: „Menn verða að sannfærast um, að gengi krónunnar verði stöðugt.“ Og af hverju eiga menn nú að sannfærast um það? Hvernig í ósköpunum ætlar hann að sannfæra einhvern mann um það? Hvernig eiga menn að sannfærast og það eftir þá reynslu, sem þeir hafa? Nei, láglaunafólkið getur ekki treyst því, sem hæstv. viðskmrh. segir. Hæstv. viðskmrh. hefur haft tækifæri til þess að reyna að sanna ýmislegt í þessum efnum, og hann hefur ekki notað þau. Menn hafa haft tækifæri til þess að sýna, hvað þeir vildu gera í þessum efnum, en nú er auðséð, að nú á að fara leið valdsins, sýna styrkleikann, setja hnefann í borðið, beita ríkisvaldinu gagnvart alþýðunni, og þá er ekki um annað að gera en duga eða drepast.

Það á að svipta verkamenn frelsi til þess að fá fram kauphækkun nú. Það, sem þarf að gera, er að setja höft á hina hamslausu gróðamyndun í landinu, setja höft á braskið í landinu, þá aðila á að svipta frelsi. Það er frelsið til gróðamyndunarinnar, sem á að taka af mönnum, áður en frelsið er tekið af þeim lægst launaða til þess að geta hækkað sitt kaup. Við skulum sýna ykkur það, að það er hægt að taka við öllum rekstri á Íslandi, eins og hann er nú, og reka hann þannig, að hann ber hækkað kaup hjá almenningi. Það er alveg óhætt.

Hæstv. ríkisstj. segir, ég held það hafi verið hæstv. viðskmrh., að ríkisstj. vilji fá tíma til að hugsa. Jæja þá, á fimmta ríkisstjórnarári, þá ætlar hún loksins að fara að hugsa. Mér lízt nú ekki á, hvað koma mundi út úr þeirri hugsun. Það er sagt um hænu, að ef menn draga krítarstrik í kringum hana, þá þori hún ekki að hoppa út fyrir krítarstrikið. Og mér sýnist satt að segja vera eitthvað svipað ástatt með hæstv. ríkisstj. Kerfið, sem hagfræðingarnir hafa strikað í kringum hana, það sviptir hana, rétt eins og hænuna, öllum möguleika til þess að hugsa. Það, sem hún þarf að gera, er að hoppa út fyrir krítarstrikið. Það, sem hún þarf að gera, er að breyta um kerfi, komast út úr þessu kerfi, rjúfa þennan vítahring, svo að ég noti orð hæstv. dómsmrh. Meðan hún er að hoppa inni í þessu kerfi, þá finnur hún aldrei nein úrræði, — aldrei.

Við höfum í fjögur ár búið við efnahagslegt alræði braskaranna hér á Íslandi, fyrst og fremst verzlunarauðvaldsins, og það er það auðvald, sem í sínu hamslausa braski er búið að sporðreisa atvinnulífið núna. Það, sem þessi lög tákna, ef þau verða samþykkt, það er pólitískt alræði þessara braskara. Það eru kaupbannslög þeirra, það eru kaupkúgunarlög þeirra, það er bann á verkföllum. Og eins og nú er komið málum er ekki hægt að líta öðruvísi á en ef hæstv. ríkisstj. kæmist upp með að fá svona lög samþykkt og framkvæma svona lög, þá mundi vera haldið áfram á sömu braut. Þegar lög, sem þó voru ekki eins svívirðileg og þessi, gerðardómslögin 1942, voru sett, þá voru þau eyðilögð. Og í krafti þess, að þau voru eyðilögð, voru sköpuð þau betri lífskjör á Íslandi, sem síðan hafa verið. Sem sé það, að lífskjör á Íslandi frá 1942 til 1963 hafa verið miklu betri en lífskjörin voru frá 1930 til 1940, það stafar að því, að þessi gerðardómslög voru brotin.

Alþingi á ekki að líta á sig sem neina afgreiðslustofnun fyrir neina ríkisstj. Það á sjálft að taka ábyrgð á því, sem það gerir. Og Alþingi á að taka í taumana, þegar gerðir eru þeir hlutir, sem nú er stofnað til. Gerðardómslögin 1942 hefðu líklega aldrei verið gefin út, ef þau hefðu verið lögð fyrir Alþingi. Og hefðu þau verið lögð fyrir Alþingi, þá hefðu þau aldrei verið samþykkt. Það er mikill misskilningur, mikil pólitísk heimska af hæstv. ríkisstj. að láta sér detta í hug að leggja þessi lög fram. Alþ. þarf að hafa vit fyrir ríkisstj. og fella þessi lög, svo að þjóðfélagið þurfi ekki að verða að ófriðarbáli til að eyðileggja þau úti í þjóðfélaginu á eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 10. fundi í Nd., 2. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, SvG, JP, JR, RJ, AJ, ÓTh, PS, SÁ, SB, SI, SvJ, BP, BBen, DÓ, EI, EmJ, BGr.
nei: EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, LJós, RA, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EðS, EÁ, EOl.
1 þm. (HÁ) fjarstaddur.
Frv. vísað til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 60 og 61).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24:1 atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. þetta til athugunar, en hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Þeir hv. 3 þm. Reykv. og hv. 1. landsk. ásamt mér leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, en hv. 11. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v. eru andvígir frv. og skila séráliti. Álit meiri hl. er á þskj. 60, og ég mun ekki rekja það frekar hér í þessari framsöguræðu.

Mál það, sem hér um ræðir, var flutt af hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstj., og gerði hann mjög ýtarlega grein fyrir því í sinni framsöguræðu, og við 1. umr. málsins ræddu einnig hæstv. menntmrh. og hæstv. dómsmrh. ýtarlega um málið og gerðu einnig grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem hafa ráðið um flutning þess. Ég mun því ekki sjá ástæðu til að ræða málið sjálft frekar hér en gert hefur verið, en vil hins vegar með fáum orðum vikja nokkuð að nokkuð sérstæðu atriði í sambandi við viðbrögð stjórnarandstöðunnar gegn þessu frv.

Það er margviðurkennt sem mikilvægt grundvallaratriði í lýðræðisþjóðskipulagi, hver viðbrögð stjórnarandstöðunnar eru á hverjum tíma. Það hefur því miður oft viljað brenna við í okkar landi, að stjórnarandstöðuna hefur skort ábyrgðartilfinningu í málflutningi sínum, og mun enginn stjórnmálaflokkanna mælast undan því að eiga einhvern hlut í þeirri sök. Mér þykir þó ástæða til að minna á viðbrögð stjórnarandstöðunnar haustið 1956, þegar vinstri stjórnin sat að völdum. Þá hafði sú stjórn ekki aðeins fest laun og verðlag í 4 mánuði eða um helmingi lengri tíma en þetta frv. gerir ráð fyrir, heldur og bannað greiðslu vísitölu á laun, sem nam 6 stigum. Þar var sem sé um að ræða beinar kauplækkunaraðgerðir. Einmitt með tilliti til viðbragða stjórnarandstöðunnar nú er fróðlegt að rifja þetta upp. Bezt er afstöðu þáv. stjórnarandstöðu, sem þá var Sjálfstfl., lýst með því, sem þáv. hæstv. félmrh. og núv. 5. þm. Vestf., Hannibal Valdimarsson, sagði við umr. um brbl. í þinginu. Í lok ræðu, sem hann hélt þá, sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég endurtek þakkir mínar til hv. stjórnarandstöðu út af því, að hún viðurkennir þetta sem raunhæft byrjunarskref, þangað til varanlegar ráðstafanir verða fundnar til þess að halda áfram stöðvun verðbólgu og dýrtíðar."

Þannig viðurkenndi hæstv. þáv. félmrh., að þáv. stjórnarandstaða hafi tekið ábyrga afstöðu í mikilvægu máli. En hver eru svo viðbrögð þessa hv. þm. nú, þegar farið er fram á tveggja mánaða frest, ekki fjögurra mánaða, eins og hann skammtaði sér sjálfur, og ekki til að lækka kaup, eins og hann gerði einnig þá með brbl., heldur til athugunar á því, hvernig unnt sé að koma í veg fyrir launalækkun eða gengisfall, en tryggja jafnframt raunhæfar kjarabætur til handa þeim, sem lægst eru launaðir? Það er ekki aðeins, að hann leggist gegn því hér á hv. Alþingi, að þessi stutti frestur verði veittur, heldur hyggst hann misnota þau almannasamtök, sem honum hefur verið trúað fyrir, til þess að hindra það utan þings, sem hann hefur ekki fengið kjörfylgi þjóðarinnar til að ráða á þingi. Hann ætlar sýnilega að framkvæma hótunina, sem hann slöngvaði framan í þjóðina strax að loknum alþingiskosningunum í sumar. Þetta má segja, að sé stjórnarandstaða á glapstigum.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er verið að gera tilraun til þess að stöðva verðbólgukapphlaupið, sem efnt hefur verið til með ótímabærum kaupkröfum. Árið 1955 stóðu þessir sömu aðilar, sem nú berjast gegn þessu frv., fyrir og knúðu í gegn kauphækkanir, sem útflutningsatvinnuvegirnir gátu ekki staðið undir, og þegar þeir svo náðu völdunum árið eftir og settu upp sína vinstri stjórn, þá létu þeir það verða sitt fyrsta verk að taka aftur þær kauphækkanir, sem þeir höfðu með ofbeldi knúið fram árið áður og sett dýrtíðarskrúfuna þá í gang. Báðir núv. hæstv. stjórnarandstöðuflokkar áttu hér hlut að máli.

Enn langar mig að vitna í ummæli hv. 5. þm. Vestf. til að sýna þann blekkingaleik, sem hann nú leikur. Í ræðu, sem hann hélt hér á hinu háa Alþingi haustið 1956 í umr. um brbl. um kauplækkun og kaupbindingu, rakti hann nokkuð viðræður, sem hann taldi sig hafa átt við formenn nokkurra verkalýðsfélaga, og segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir voru spurðir um það, hvort þeir mundu fremur telja verkafólkinu vera það til hagsbóta að láta dýrtíðarskrúfuna ganga sinn gang, þ. e. a. s. að 1. sept. fengi verkafólkið 6 stiga kauphækkun, við miðjan þann sama mánuð kæmi síðan 11.8% verðhækkun á landbúnaðarafurðir og margs konar hækkanir aðrar, sem þá strax var vitað um að mundu fylgja í kjölfarið, og svo ætti verkafólkið að fá nokkra kauphækkun 1. des. og svo koll af kolli á víxl fram á næsta ár. Það, sem þá var spurt um, var, hvort verkafólk vildi, að stjórnin léti þessa þróun eiga sér stað eða gera tilraun til stöðvunar á öllu verðlagi og festa þá jafnframt vísitöluna í 178 stigum næstu 4 mánuði, þ. e. til næstu áramóta."

Síðar í þessari sömu ræðu sagði svo þessi þáv. hæstv. félmrh. svo um svör þessara verkalýðsfélagaformanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Svörin voru öll á einn veg: Við viljum ekki flóðið, við viljum heldur stöðvun. Einn formaður sagði afdráttarlaust, ég man það vel: Ég held, að fólkið ætlist til þess af ykkur, að þið stöðvið verðhækkunarskrúfuna."

Svo mörg eru þau orð. Og þarna er einmitt hárrétt lýst afstöðu ábyrgrar verkalýðsforustu.

Launþegarnir í landinu hafa alltaf viljað stöðva dýrtíðarskrúfuna, því að þeirra afkomu hefur verið ógnað mest og þá mest afkomu hinna lægst launuðu. Ef menn bera nú þetta saman við það, sem þessi hv. þm. og flokksmenn hans aðhafast nú, þegar verið er að gera heiðarlega tilraun til þess að stöðva dýrtíðarskrúfuna, þá er sagt við þessa sömu verkalýðsfélagaformenn, að þeir eigi að berjast gegn stöðvun dýrtíðarskrúfunnar og það ekki aðeins með löglegum aðferðum, heldur eru hafðar uppi hótanir um, að það skuli gert, þótt ólöglegt væri.

Um hinn hv. stjórnarandstöðuflokkinn gildir raunar í öllu hið sama og um Alþb. Ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar er þar alveg botnlaust, og það er oft svo með ólíkindum, að mér kemur stundum í hug stuttorð, en gagnorð lýsing í einni af fornaldarsögum Norðurlanda, Áns sögu bogsveigis, en sú lýsing er af Áni, þegar hann var 18 ára. Þar segir svo: „Hvárki hafði honum þó enn vaxit vit né kurteisi.“

Íslenzka þjóðin stendur nú á krossgötum. Undanfarin 4 ár hefur henni tekizt að reisa efnahagslíf sitt úr rústum. Henni hefur tekizt að skapa grundvöll að farsælli þróun innanlands og ávinna sér traust út á við. En allt þetta er nú í hættu, ef ekki er staldrað við. Ef haldið verður áfram þeirri kröfugerð, sem nú hefur verið um skeið, og knúðar fram óraunhæfar launahækkanir, er enginn mannlegur máttur, sem getur hindrað það, að allur sá efnahagslegi ávinningur, sem þjóðin hefur ánunnið sér undanfarin 4 ár, muni brenna upp í eldi verðbólgunnar, og mun þá þjóðin verða fátækari eftir og það ekki aðeins að veraldlegum gæðum, heldur mun hún þá einnig glata virðingu sinni út á við. En það er enn tækifæri til að staldra við og gera ráðstafanir til að bjarga því, sem aflað hefur verið, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er skref í þá átt, nauðsynlegt skref til undirbúnings að frekari aðgerðum síðar.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. þd. hefur ekki getað orðið sammála um afstöðu sína til þessa frv., sem hér er til umr., frv. um launamál o. fl. Meiri hl. n., það eru stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, og við höfum nú hlýtt á frsm. meiri hl. gera grein fyrir þeirri afstöðu. Ég legg hins vegar ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. fram nál., þar sem lagt er til, að frv. verði fellt, og skal ég nú leyfa mér að rökstyðja þá afstöðu okkar að nokkru.

Allmiklar umr. hafa þegar farið fram í þessari hv. d. um þetta frv., og því er ekki þörf á því, að ég gerist langorður, en það eru þó nokkur atriði í þessu sambandi, sem mig langar til þess að minnast hér á.

Að undanförnu hefur hæstv. ríkisstj. boðað, að nýjar ráðstafanir væru væntanlegar af hennar hálfu til úrlausnar því óheillaástandi, sem viðurkennt er að ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar. Og hér eru þá fyrstu bjargráð hæstv. ríkisstj. á ferðinni, síðan þjóðin endurkaus hana til trúnaðarstarfanna, og verður tæplega sagt, að rösklega sé riðið úr hlaði. Það frv., sem hér er til umr., gengur út á það að banna kauphækkanir til n. k. áramóta, og í aths. frv. segir, að það sé borið fram til þess, að Alþingi og ríkisstj. gefist tóm til að undirbúa þær aðgerðir í efnahagsmálunum, sem nauðsynlegar séu til varanlegri lausnar vandamálanna, eins og þar segir. Þá segir enn fremur í aths., að á undanförnum dögum og vikum hafi þeir atburðir orðið, sem óhjákvæmilega kalli á svipaðar ráðstafanir og þær, sem hér eigi að gera. Flutningur þessa frv., rökstuðningur þess og þær afleiðingar, sem lögfesting þess mundi hafa, gefur tilefni til þess að staldra hér ofurlítið við og rifja upp gang þessara mála um nokkurt skeið.

Þegar hæstv. ríkisstj. kom til valda á árinu 1959, birti hún stefnuyfirlýsingar sínar. Þær stefnuyfirlýsingar voru svo áréttaðar, ekki hvað sízt með flutningi frv. um efnahagsmál, sem lagt var fyrir hv. Alþingi 1959—60. Í aths. með því stjfrv. er stefnan áréttuð og henni lýst. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í stefnuyfirlýsingu þeirri, sem ríkisstj. birti, þegar hún tók við völdum í nóvembermánuði s. l., taldi hún það höfuðverkefni sitt að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll.“ Og enn fremur: „Er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstj. leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár.“ Og enn segir þar: „Það er stefna ríkisstj., að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör.“

Þegar þetta efnahagsmálafrv. var til afgreiðslu á Alþingi, var því fylgt úr hlaði og hæstv. forsrh. hafði þá framsögu um þetta efni. Í þeirri ræðu sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar eru engin ákvæði um að lögbinda grunnkaup, enda telur ríkisstj., að það eigi að vera hlutverk samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör.“

Í sömu ræðu segir hann það vera höfuðtilgang allra þessara aðgerða að leitast við að krefjast þeirra einu fórna af þjóðinni, sem með öllu eru óumflýjanlegar til að sporna gegn atvinnuleysinu, og gæta þess jafnframt gaumgæfilega, að þeim verði alls ekki íþyngt, sem minnst hafa burðarþolið.

Hæstv. viðskmrh. talaði einnig við þessa sömu umr. og sagði m. a., með leyfi forseta:

„Meginefni heildartill. ríkisstj. er því annars vegar að leggja traustan grundvöll að heilbrigðu atvinnu- og viðskiptalífi og hins vegar að endurskipta þjóðartekjunum þannig, að byrðarnar, sem bera verður í bráð vegna endurskipulagningar efnahagskerfisins, dreifist af fyllsta réttlæti á þjóðfélagsþegnana. Þetta er sumpart alger þjóðarnauðsyn og sumpart fyllsta réttlætismál.“

Þegar efnahagsmálafrv. kom úr athugun hjá hv. fjhn. Nd. 1960, sagði frsm. meiri hl. þeirrar nefndar m. a.: „Okkar markmið er frelsi, þeirra“

— og þá átti hann við stjórnarandstæðinga — „markmið eru ríkisafskipti. Milli þessara markmiða og leiða á þjóðin að velja.“

Þessar voru yfirlýsingarnar. Í kosningabaráttunni á s. l. vori gengu hv. frambjóðendur stjórnarflokkanna enn hnakkakerrtir fram til bardaga og lýstu því með miklum glæsibrag, hve þar væri um samhent lið að ræða og að nú í fyrsta skipti í marga áratugi a. m. k. vissi fólk í raun og sannleika, hvað það væri að kjósa. Kjósið okkur, sögðu þeir, kjósið áframhaldandi viðreisn. Allt skal verða framvegis eins og hingað til. Og enn sem fyrr var það ótakmarkað viðskiptafrelsi, sem var ein aðalskrautfjöðrin, nægur gjaldeyrir skyldi vera til allra hluta, allir skyldu geta haldið áfram að fá lán erlendis eftir vild o. s. frv. Þá var samningum um kaup og kjör ekki heldur gleymt. Allt skyldi verða frjálst í þeim efnum. Það er verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að ákveða þau mál. Ríkisstj. mun engin afskipti hafa af þeim.

Við, sem vorum í framboði fyrir Framsfl. í síðustu kosningum, sögðum frá því, að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar væri hvergi nærri eins glæsilegt og talsmenn stjórnarflokkanna vildu vera láta, og við færðum fram mörg rök og þung þessu máli okkar til stuðnings. Því var af hálfu stuðningsmanna stjórnarflokkanna svarað þannig, að málflutningur okkar var kallaður ósannindi, rök okkar falsrök. Og út á þann málflutning héldu stjórnarflokkarnir meiri hl. sínum í kosningunum.

Eftir kosningar hefur hins vegar brugðið svo við, að ráðamenn stjórnarflokkanna eru sjálfir farnir að tala um það, að ekki sé allt sem sýnist í glæsiheimi íslenzkra efnahagsmála. Þeir eru jafnvel farnir að tala um mikinn vanda og heita á þegnskap landsmanna til að þola harðleiknar ráðstafanir og skírskota til dómgreindar þjóðarinnar. Og byrjað er að gera ráðstafanir, sem miða að því að draga úr hinu ótakmarkaða frelsi. Nú eru ekki sömu lýsingarorðin notuð og gert var í vor, heldur allt önnur. Um það efni er skemmst að minnast þeirra lýsinga, sem ríkisstj. gaf við 1. umr. hér í hv. þd. Þær lýsingar voru þannig í stuttu máli, að innflutningur hefur vaxið of mikið, gjaldeyrisjöfnuður fer stórlega versnandi, bankarnir hafa lánað allt of mikið út, og í júnímánuði voru þeir aðvaraðir og það ítrekað í september með ströngum viðurlögum, ef út af væri brugðið.

Það er óheillaþróun í launamálum, er nú sagt, eins og segir í aths. frv.: „Að undanförnu hefur skapazt misræmi í efnahagslífinu vegna launakapphlaups milli starfshópa og vixlhækkana kaupgjalds og verðlags.“ Neyzla og fjárfesting er meiri en framleiðslan. Það er of mikið framkvæmt. Sparifjáraukning er minnkandi, lánsfjáreftirspurnin er vaxandi, og horfur eru á því, að gjaldeyrisvarasjóður minnki þrátt fyrir hækkandi verð á útflutningsvörum. Þetta eru þær lýsingar, sem nú eru gefnar á ástandinu, eftir þennan 4½ mánuð, sem liðnir eru, síðan kosið var, og þá var ástandinu lýst með öðrum hætti, eins og ég hef hér nokkuð rakið.

Það sést greinilega af þessu og mörgu fleira, sem fram kom við 1. umr. þessa máls, að jafnvel ríkisstjórnin sjálf lítur alvarlegum augum á ástandið, sem stefna hennar hefur skapað. Það er enn fremur ljóst af þessu, að hæstv. ríkisstj. hefur mistekizt það algerlega, sem hún taldi höfuðverkefni sitt og ég gat um í upphafi minnar ræðu. Hún kvaðst ætla að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Það hefur ekki tekizt. Hún kvaðst ætla að stöðva verðbólguna og halda dýrtíðinni í skefjum. Efndirnar hafa ekki orðið þær, heldur þvert á móti, að dýrtíðin hefur stóraukizt og verðbólgan leikur lausum hala. Hún sagðist ætla að hafa vextina þannig, að hægt væri að fullnægja eðlilegri eftirspurn eftir lánsfé án strangrar skömmtunar. En lánastofnanirnar hafa aldrei verið fjær því en nú að fullnægja eftirspurn þrátt fyrir hina háu vexti, sem eru búnir að vera hér í gildi á fimmta ár. Og hæstv. ríkisstj. sagði, að það skyldi vera verkefni launþegasamtaka og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. Hverjar eru efndir þessa loforðs? Þær eru það frv., sem hér er flutt, um að banna kauphækkanir.

Þegar málflutningur stjórnmálaflokkanna fyrir kosningarnar í vor er því skoðaður í ljósi þeirra staðreynda, sem fram hafa komið síðan, þá er allt auðveldara um að átta sig á því, hvað rétt er, hver þá hefði rétt fyrir sér, hverra rök það væru, sem falsrök mættu kallast. Sannleikurinn er sá, að það hefur frá upphafi legið nokkuð ljóst fyrir, hvert viðreisnarstefnan mundi leiða, og ég hygg nú, að það sé nokkuð langt síðan núv. hæstv. ráðh. sáu, að þjóðarskútan mundi fara að hallast iskyggilega alveg á næstunni. Ég hygg, að þeir séu nokkuð margir, sem bjuggust við alvarlegum tíðindum strax í fyrra, sérstaklega að því er snertir gjaldeyrismálin, og það var fyrst og fremst óvenjumikill sjávarafli og þá síldarafli alveg sérstaklega á árinu 1962, sem bjargaði því, að allt gat flotið eins og það gerði fram yfir kosningarnar 1963. En þrátt fyrir góðan afla á þessu ári og hækkandi verðlag útflutningsframleiðslunnar er mjög skipt um til hins verra með afkomuna, eins og hæstv. ráðh. hafa sjálfir lýst, og dreg ég þær lýsingar ekki í efa. Þar tala þeir, sem gerst mega vita, og þetta sannar auðvitað fyrst og fremst það, sem við framsóknarmenn höfum haldið fram um fánýti viðreisnarinnar til lausnar efnahagsvandamálum Íslendinga.

Ein meginástæðan fyrir þeirri lögbindingu, sem hér er ráðgerð, er talin vera sú, að með henni eigi að veita Alþingi og hæstv. ríkisstj. tóm til þess að athuga þessi mál og finna á þeim varanlega lausn. Ég held, að alveg sé tilgangslaust að halda því fram, að ekki hafi unnizt tími til að leita að færum leiðum út úr efnahagsógöngunum. Nú er þegar liðinn 4½ mánuður, því að það var um miðjan júní s. l., sem gert var samkomulag við verkalýðssamtökin, sem gilti til 15. okt. s. l., og ekkert hefur nú gerzt enn. En þann 4½ mánuð, sem liðinn er síðan þeir bráðabirgðasamningar voru gerðir, hefði mátt nota betur og hefði átt að nota betur en gert var til nýrrar samninga-

gerðar. Auk þess var, eins og ég hef nokkuð rakið, augljóst þegar alllöngu fyrir kosningar, hvert stefndi. Einnig þann tíma hefði mátt nota og hefði átt að nota til þess að átta sig á þeim leiðum, sem taldar voru færar til lausnar efnahagsvandamálunum, því að sú þróun, sem orðið hefur í kaupgjaldsmálunum, er í rauninni ekkert öðruvísi en búast mátti við löngu áður. Það helzta, sem gerzt hefur, er það, að kjaradómur hefur birt úrskurð sinn um laun opinberra starfsmanna. Sá úrskurður er þó engan veginn hærri en búast mátti við að hann yrði, strax og báðir aðilar höfðu lagt fram sínar kröfur og sínar till. Því er alveg óhugsandi annað en hæstv. ríkisstj. hljóti að hafa gert ráð fyrir einhverjum svipuðum hækkunum, að kjaradómurinn mundi komast að svipaðri niðurstöðu, þegar hún gerði úttekt á verkum sínum í lok síðasta kjörtímabils og þegar hún framkvæmdi mat sitt á næstu framtíð. Samt var, eins og allir muna, hennar dómur algerlega ótvíræður. Það er bjart framundan, stóð í blöðunum fyrir kosningarnar, ekkert að óttast. Nú kveður hins vegar við allt annan tón. „Að undanförnu hefur skapazt misræmi í efnahagslífinu vegna launakapphlaups milli starfshópa og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags," eins og svo hógværlega er komizt að orði í aths. með lagafrv. því, sem hér er til umr.

Ein af rauðustu rósunum í hnappagati viðreisnarinnar á sínum tíma var stöðvun dýrtíðarinnar, og lengi vel var því haldið fram, að sú stöðvun hefði tekizt, þótt tölur bentu til annars. Nú er því raunar alveg hætt, og þetta glæsilega fyrirheit hefur eins og svo mörg önnur hlotið sinn örlagadóm, m. a. í aths. með lagafrv. og ræðum hæstv. ráðh. Það var ekki vonum fyrr, að sú staðreynd væri viðurkennd, því að sjaldan eða aldrei mun önnur eins dýrtíðarholskefla hafa gengið yfir landið og í tíð núverandi valdhafa. Þetta er alveg ljóst og raunar alveg viðurkennt, en til frekari glöggvunar vil ég aðeins rekja, hvernig sú þróun hefur orðið, í örstuttu máli.

Verðgildi íslenzkra peninga hefur rýrnað mjög mikið á valdatíma núv. ríkisstj. Hún byrjaði á því að framkvæma óhóflega mikla gengislækkun snemma á árinu 1960, og í kjölfar hennar fylgdu alls konar aðrar ráðstafanir, sem stórlega juku dýrtíðina í landinu. Þá voru stórhækkaðir vextir, sem síðan hafa hvílt eins og mara á atvinnufyrirtækjunum og á öllum, sem þurfa lánsfé til nauðsynlegra framkvæmda. Þá voru hækkaðir tollar til ríkissjóðs. Og þá var settur á nýr söluskattur, miklu hærri en áður hafði þekkzt. Þær álögur, sem áður fóru í útflutningssjóð, voru teknar í ríkissjóð, í stað þess að láta þær falla niður, um leið og lögin um sjóðinn voru felld úr gildi.

Móti þessu komu fjölskyldubæturnar, en þær sögðu auðvitað lítið á móti þessum ósköpum öllum. Skattar, tollar og önnur innflutningsgjöld eru í fjárlfrv. fyrir árið 1964 áætluð þrisvar sinnum hærri en þau voru 1958.

Í þeirri grg. um lagafrv. um efnahagsmál, sem ég gat um áðan, 1960, var sagt, að hækkun framfærslukostnaðar vegna gengisbreytingarinnar yrði aðeins 3%. Síðan þetta var útgefið, hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað, ekki um 3%, heldur um 44%. Þó er þess að gæta, að framfærslukostnaður er miklu meiri hjá öllum þeim, sem þurft hafa að byggja eða eignast húsnæði, keypt eða byggt hús á síðustu árum, því að eftir skýrslum hagstofunnar hefur byggingarkostnaðurinn á tímabilinu, þ. e. frá febr. 1960 til júní 1963, hækkað um 38,6%, en í vísitölu framfærslukostnaðar er hækkun húsnæðiskostnaðar á sama tímabili aðeins talin 8,5%.

Síðan þessi gengislækkun og þessar ráðstafanir árið 1960 voru gerðar, hafa svo, eins og kunnugt er, margvíslegar ráðstafanir aðrar komið til, þ. á m. gengislækkunin 1961, sem ég mun leyfa mér að víkja örlítið að síðar.

Nú er gefið í skyn og látið líta svo út, að aðalorsök þess, hvernig komið er, sé sú, hvernig fólkið hafi hagað sér, það hafi gripið um sig kaupæði í landinu vegna ótta við nýja gengisfellingu, eins og mig minnir að ég hafi heyrt þetta orðað hér á hv. Alþingi nú ekki alls fyrir löngu. Eins og ég hef áður sagt, tel ég, að vandinn eigi miklu dýpri rætur en þetta, en þó má viðurkenna, að þessi ummæli séu ekki algerlega ástæðulaus. En ef svo væri, mundi þá ekki fróðlegt að athuga það aðeins, hvaða orsakir gætu aðallega legið til þess, að fólk hefur óttazt þær aðgerðir af hálfu valdhafanna, að þeir mundu grípa til nýrrar gengislækkunar. Við athugun á því gæti svo farið, að mönnum yrði nokkuð hugsað til þeirra atburða, sem gerðust sumarið 1961, þegar samningar höfðu tekizt milli verkalýðsfélaganna og fyrst Vinnumálasambands samvinnufélaganna og síðar Vinnuveitendasambands Íslands um hóflega hækkun kaups, lága kauphækkun væri víst nær að segja, þegar borið er saman við það, sem síðar hefur orðið, og vinnufriður tryggður til lengri tíma en venjulega hefur tíðkazt. Þessa samninga, sem voru algerlega frjálsir, algerlega í anda stefnu hæstv. valdhafa, gerðir með frjálsum samningum milli launþegasamtakanna og atvinnuveitendasamtakanna og hefðu tryggt vinnufrið í landinu í tvö ár með óverulegum kauphækkunum, notaði ríkisstj. sem ástæðu til þess að fella gengið. Ég veit, að innihald þessara samninga er öllum hv. alþm. í fersku minni, en til glöggvunar vil ég samt leyfa mér að rifja upp í örstuttu máli, hvað það var, sem samið var um, og hver þróun launamálanna var um þetta leyti.

Í októbermánuði 1958 var dagvinnukaup verkamanna hér í Reykjavík kr. 21.85 á klst. Í marz 1959, skömmu eftir að ríkisstj. Alþfl. kom til valda, var tímakaupið hins vegar lækkað í kr. 20.67, og það hélzt óbreytt í rúmlega tvö ár. Með þeim samningum við verkalýðsfélögin, sem ég gat um áðan að samvinnufélögin höfðu forgöngu um og Vinnuveitendasambandið samþykkti stuttu síðar, í júní 1961, hækkaði tímakaupið upp í kr. 22.74 á klst. Á þeim nærri þremur árum, sem liðið höfðu frá því í okt. 1958, hafði þá kaupið hækkað með þessum samningum um 4.1%. Ég held, að óhætt sé að segja, að þessari kauphækkun, sem þarna var

samið um, hafi því verið mjög í hóf stillt, og í þeim samningum var, eins og ég áðan sagði, lagður grundvöllur að góðum vinnufriði næstu árin. Þetta voru þeir samningar, sem nú er sagt og raunar alla tíð síðan að hafi verið orsök þess, að nauðsynlegt var að lækka gengið sumarið 1961.

Þeir menn, sem muna þessar aðgerðir og fylgdust með því, að kaupið nú á þessu ári hefur í mörgum starfshópum hækkað miklu meira en það gerði 1961 og að verðlagið er á hraðri leið upp úr öllu valdi, — þeir hafa kannske talið sig hafa ástæðu til þess að búast við svipuðu svari frá hæstv. ríkisstj. og hún gaf af minna tilefni sumarið 1961, þ. e. gengislækkun. Þetta er þó, þegar allt kemur til alls, sama hæstv. ríkisstj., sömu hæstv. ráðh., sama yfirlýsta stjórnarstefnan, — eða er ekki svo?

Því hefur verið haldið fram hér í þessum umr., að ákvæði þessa frv. um launabindingar væru ekkert nýmæli í íslenzkri löggjöf, þótt þau yrðu samþ. Hafa í því sambandi verið nefnd ýmis lög um efnahagsráðstafanir allt frá árinu 1939 og fram á valdaskeið vinstri stjórnarinnar. Ég skal ekki hætta mér út í samanburð á þessum tilvikum við það, sem hér er á ferðinni, það munu sjálfsagt aðrir gera, sem þessum málum eru kunnugri og lengur hafa átt sæti hér á hv. Alþingi. En ég hygg þó, og það er mín skoðun, að þessi tilvik séu á engan hátt sambærileg við það, sem hér er verið að gera. Ég hygg, að hér sé gengið lengra en nokkru sinni fyrr í þá átt að svipta verkalýðsfélögin samningafrelsi sínu, og ég hygg, að það sé einsdæmi, sem hér stendur til. Og við það bætist svo, að allar vinnustöðvanir félaganna í því skyni að koma fram lagfæringum á kjörum sínum skulu vera ólöglegar, ekki aðeins þær, sem framkvæmdar kunna að verða á gildistíma laganna, heldur einnig þær, sem stofnað er til, áður en frv. verður að lögum.

En hvernig sem um þetta er, þá er annað, sem er ekki síður alvarlegt, og það er það, að ekki er hægt að skilja ummæli hæstv. ráðh. hér öðruvísi en svo, að hér eigi að fara inn á alveg nýja braut, þar sem líkur benda til þess, að lausn hæstv. ríkisstj. á efnahagsvandamálunum sé einmitt sú að halda áfram að hafa kaupið bundið, einnig eftir að gildistíma þessa frv. lýkur, ef að lögum verður.

Hér við 1. umr. í þessari hv. deild um þetta mál bar hv. 1. þm. Austf. (EystJ) fram áskorun til ríkisstj. um það, að hún lýsti því yfir skýrt og afdráttarlaust, að eftir 31. des. 1963 skyldi kaup og kjör ákveðin með frjálsum samningum milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekendanna í samræmi við skýlausar yfirlýsingar og hátíðleg loforð hæstv. ríkisstj. frá því í upphafi stjórnarferils síns. Þessu svaraði hæstv. forsrh. svo við 1. umr., að ekkert vit væri í að lýsa þessu yfir, meðan málið er í rannsókn, og taldi, að óvarlegt væri að fullyrða nokkuð á þessu stigi, og auðvitað vill hann, sem rétt er, ekki fullyrða neitt, sem hann er ekki alveg hárviss um að geta staðið við. En þetta sýnir, að hæstv. ríkisstj. treystir sér a. m. k. ekki til að útiloka þann möguleika, að þessum málum verði eftir áramót ráðið til lykta með lagaboðum til frambúðar.

Samkvæmt þessu virðast því sterkar líkur benda til þess, að með þessu lagafrv. sé aðeins fyrsta sporið stigið á langri göngu mikilla aðgerða, — aðgerða, sem eru nýmæli í samskiptum verkalýðsins og ríkisstj. á Íslandi, og því væri enn meiri ástæða til fyrir hv. þm. að staldra við, áður en þeir rétta upp hönd til samþykktar því frv., sem hér er til umr., heldur en jafnvel í fljótu bragði kann að virðast.

Að mínum dómi er mjög varhugavert að byggja framtíðarlausn efnahagsvandamálanna á því að svipta launþegana samningsrétti sínum og verkfallsrétti. Þessi réttur, að hafa sjálfir íhlutunarrétt um kaup sitt og kjör og þar með um lífsafkomu sína, er ein af þeim dýrmætustu réttindum, sem verkalýðshreyfingin hefur aflað sér á áratuga og árhundraða löngu baráttuskeiði, og þau eru ekki aðeins ein þau dýrmætustu, heldur einnig og ekki síður ein þau dýrkeyptustu. Það ætti að vera óþarfi að rifja það upp hér, hvaða baráttu það hefur kostað verkalýðinn að komast þangað, sem hann stendur í dag, að hafa þau réttindi, sem hann hefur nú til þessa íhlutunarréttar. Sú saga er öllum kunn, enda er hún snar þáttur í sjálfri mannkynssögunni. Meira að segja hér á okkar landi kostaði sigur verkalýðshreyfingarinnar fórnir og baráttu við þeirra tíma atvinnurekendur, og vorum við þó alllangt á eftir frændþjóðum okkar í næsta nágrenni að koma þessum sjálfsögðu mannréttindum á hér, og hefði því mátt segja, að brautin hefði átt að vera greiðfærari, þar sem aðrir voru búnir að varða veginn, og sjálfsagt hefur hún líka verið það. Samt kostaði það mikla baráttu og miklar fórnir.

Þess vegna tel ég það vægast sagt mjög ólíklegt, að verkalýðssamtökin muni baráttulaust láta taka þessi réttindi af sér, og miðað við samtakamátt *verkalýðshreyfingarinnar, eins og* hann er nú, þá held ég, að það sé óráðlegt, mjög óráðlegt fyrir nokkra ríkisstj. að reyna að gera það, enda eru viðbrögðin þegar að nokkru komin í ljós. Hvaðanæva drífa að fregnir af mótmælum verkalýðsfélaganna við þeirri lagasetningu, sem hér er ráðgerð. Hæstv. forseti las hér áðan upp langa skrá yfir þau félög, sem sent hafa Alþingi mótmæli sín, og mörg voru komin áður. E. t. v. eiga fleiri eftir að koma. Ég tel það sennilegt. Og svo almenn er andstaðan gegn þessu ráði, að það eru ekki einungis þau verkalýðsfélög, sem stjórnarandstaðan hefur meiri hlutann í, sem senda inn mótmæli, heldur eru það einnig og ekkert síður þau félög, sem vitað er að fram til þessa a. m. k. hafa ekki átt í neinum útistöðum við ríkisstj. og hafa stutt hana með ráðum og dáð, svo sem eins og þau mótmæli, sem borizt hafa frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna hér í Reykjavík, Iðju, félagi verksmiðjufólks, Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, Landssambandi ísl. verzlunarmanna, svo að aðeins fáein og þau stærstu séu nefnd. Þessi félög, sem hafa viljað veita hæstv. ríkisstj. allan þann starfsfrið, sem þau hafa átt yfir að ráða, jafnvel stundum gengið lengra í því en almenn-

ir félagsmenn í þeim félögum hafa talið rétt að gera, þau hafa samt núna séð sig knúin til þess að senda hv. Alþingi mótmæli sín við þessari fyrirhuguðu lagasetningu.

Því held ég, að það sé ekki ofmælt, þótt ráð sé fyrir því gert, að þessi breyting muni kosta mikla baráttu, og ég held, að það væri ráðlegt fyrir þá, sem með völdin fara, að gera sér grein fyrir því og hugsa sig betur um, áður en áfram er haldið á þeirri braut.

Fúslega skal ég viðurkenna, að það er sjálfsagt margt, sem þarf að lagfæra viðkomandi þessum málum. Það er t. d. ekki gott, að samningar einstakra stéttarfélaga skuli gerðir til mislangs tíma, skuli ekki renna út á sama tíma. Það mundi tryggja vinnufrið í landinu til mikilla muna, ef hægt yrði að koma þeirri tilhögun á, að allir samningar eða sem allra flestir væru lausir á sama tíma. Með heildarsamningum sem allra flestra starfshópa mundi fást gott yfirlit um það, hvað sanngjarnt væri, að hver bæri úr býtum hlutfallslega af því, sem til skiptanna kann að vera þá og þá, og draga úr þeim óheillavænlega samanburði, sem vissulega einkennir um of þessi mál hjá okkur. Þar með mundi draga úr launakapphlaupi milli starfshópa, svo að enn séu notuð orðin úr aths. lagafrv. En ég tel, að stefna verði að þessu marki með frjálsum samningum við verkalýðssamtökin, en ekki með valdboðum, ekki með kaupbindingu. Þær ráðstafanir, sem hér er verið að undirbúa, eru ekki til þess fallnar að auka líkurnar fyrir góðum árangri af þeim samningaviðræðum, sem boðaðar eru og fram eiga að fara í kjölfar þessarar lagasetningar. Ég held þvert á móti.

Hér hefur verið sagt við fyrri umr. þessa máls, að meginorsök þess greiðsluhalla, sem nú er orðinn á viðskiptunum við aðrar þjóðir, sé of mikil neyzla og of mikil fjárfesting einstaklinga, og þessi of mikla neyzla og of mikla fjárfesting á fyrst og fremst að vera hækkuðum launum að kenna. Jafnframt var hér sagt, hæstv. viðskmrh. sagði hér við 1. umr., sem rétt er, að breytingar hafi orðið á tekjuhlutföllum í þjóðfélaginu, þannig að raunverulegar tekjur þeirra tekjuhærri hafi vaxið og að launajöfnuður sé hér minni en verið hefur. Þessi lýsing er vissulega alveg rétt. Og hæstv. viðskmrh. bætti því við: Þeir láglaunuðu hafa dregizt svo aftur úr, að sérstakar ráðstafanir þarf að gera. — Og hverjar eru svo þær sérstöku ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera til að leysa úr þessum knýjandi vanda? Þær liggja nú hér fyrir í formi þessa frv., sem hér er til umr., að banna með lögum, að þetta fólk geti fengið nokkra leiðréttingu sinna mála í næstu tvo mánuði a. m. k. Eftir að þetta er orðið að lögum, þá er það ólöglegt að láta t. d. verkamanninn njóta þess, þótt vel gangi í atvinnurekstrinum. Sá vinnuveitandi, sem gerði sig sekan um slíkan glæp, mundi umsvifalaust vera látinn sæta refsingu. Það á sem sagt að lögfesta það ástand, að fyrir 8 stunda vinnudag alla virka daga fái verkamaður 67 200 kr. árslaun, á sama tíma sem opinberar skýrslur sýna, að hann þarf 95 496.85 kr., sem er lágmark til þess að lifa af, og það dugir honum aðeins, ef hann hefur orðið þess happs aðnjótandi, að hæstv. ríkisstj. hafi tekizt að útvega honum húsnæði fyrir aðeins 922 kr. á mánuði, en það er sú upphæð, sem hinir vísu feður áætla húsnæðiskostnaðinn í vísitöluútreikningum sínum. Sé hins vegar reiknað með raunverulegum húsnæðiskostnaði, eins og vitanlega allir verða að gera, þá ber enn þá miklu meira á milli. Þetta á að lögfesta, á sama tíma sem laun ýmissa annarra stétta eru ákveðin mjög há, 250 þús. kr. og þar yfir. Þetta þykir mér vont réttlæti og einkennileg framkvæmd þeirra loforða, sem gefin voru í upphafi valdatímabils hæstv. ríkisstj., þ. á m. og ekki sízt þess, sem ég gat um hér áðan, að til stóð að endurskipta þjóðartekjunum þannig, að byrðarnar, sem bera verður í bráð vegna endurskipulagningar efnahagskerfisins, dreifist af fyllsta réttlæti á þjóðfélagsþegnana.

Þá eru þessar ráðstafanir að mínum dómi sérstaklega harðleiknar gagnvart verzlunarfólki. Verzlunarfólk hefur í marga mánuði búizt við því, svo að segja á hverjum degi, að nýir samningar um laun þess sæju dagsins ljós. Forustumenn þeirra samtaka hafa hvergi dregið úr því, að leiðréttingar muni fást, og þeirra tal um það efni lét þeim mun betur í eyrum sem alkunna var, að þar voru í þeim félögum við völd þeir menn, sem fólk hélt að treysta mætti, að þeir vissu, hvað þeir mættu sín, vegna sambands síns við hæstv. ríkisstj. Þessir forustumenn þessara samtaka hafa æ ofan í æ lýst því yfir, að ekki kæmi annað til greina en verzlunarfólk fengi góða leiðréttingu sinna mála, og hafa talað um háar prósentur í því sambandi.

Þessi aðferð gagnvart verzlunarfólkinu verður sérstaklega óhagstæð því, þegar hún er skoðuð í ljósi þeirrar staðreyndar, að hinn 3. júlí s. l. kvað kjaradómur upp úrskurð um laun opinberra starfsmanna. Þar var metið af hlutlausum dómurum, hvað væru hæfilegar launagreiðslur til ríkisstarfsmanna. Að sjálfsögðu hafa þeir, dómararnir, ákveðið launin m. a. með hliðsjón af gildi krónunnar til kaupa á lífsnauðsynjum um þær mundir, sem dómurinn var kveðinn upp. En eftir að laun skrifstofumanna hjá ríkisstofnunum og verzlunarfólks hjá ríkisverzlunum hafa verið ákveðin með þessum hætti, væri þá ekki eðlilegt, að einkafyrirtækin fengju á sama hátt að gera sínu fólki sams konar úrlausn? Það finnst mér. En það finnst ekki hæstv. ríkisstj. Hún ákveður þess í stað, að laun þessa fólks megi ekki hækka, þ. e. eftir að þetta frv. er orðið að lögum, bannar einkafyrirtækjum að greiða sínu verzlunar- og skrifstofufólki sömu laun og ríkisstarfsmenn fá fyrir sömu vinnu. Þetta er einkennileg framkvæmd, og ég hygg, að hún sé óvenjuleg og mundi óvíða geta átt sér stað annars staðar en hér.

Okkur, sem stöndum að því nál., sem ég er hér að greina frá, mér og hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), finnst, að þar sem sjávarafli hefur verið meiri hér á landi síðustu árin en nokkru sinni áður og þar sem vitað er og viðurkennt, að sala á útflutningsvörum gengur mjög greiðlega og

verð þeirra er hækkandi, — okkur finnst, að í slíku árferði ætti að vera hægt að borga fólki viðunandi laun, og okkur finnst, að sé það ekki mögulegt, þá hljóti menn að verða að draga þá ályktun, að stjórnin á málefnum þjóðarinnar sé öðruvísi en hún ætti að vera.

Í stað þeirrar lögfestingar á kaupi, sem hér er stefnt að, teljum við, að fara beri samningaleiðina. Það er óhjákvæmilegt að bæta kjör verkamanna og annars láglaunafólks, og ráðstafanir þarf að gera til þess að tryggja það, að atvinnufyrirtækin geti borgað hærra kaup. Til þess eru ýmsar leiðir, og talsmenn Framsfl. hafa bent á nokkrar þeirra, m. a. hér við þessar umr., og ég skal ekki endurtaka það. Ég skal aðeins leggja áherzlu á, að það þarf að taka vísindi og tækni í auknum mæli í þjónustu atvinnuveganna og gera þeim á þann hátt kleift að auka framleiðsluna og bera hærra kaup, auka þannig þjóðartekjurnar.

Við teljum, að mikill fjöldi manna sé með þessari lagasetningu, sem ráðgerð er, beittur rangindum, ef frv. verður að lögum, og að sú aðferð, sem þar er viðhöfð, muni torvelda og tefja fyrir sanngjarnri lausn í kaupgjaldsmálunum. Þess vegna er það niðurstaða okkar og till. í nál., að lagafrv. verði fellt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Af því að hv. síðasti ræðumaður vék nokkuð að ummælum mínum í sambandi við þetta mál, þykir mér rétt að láta þegar koma fram nokkrar aths. í beinu framhaldi af ummælum hans.

Hin harðvítuga andstaða Framsfl. gegn þessu frv. hlýtur að teljast jafngilda fyllsta stuðningi við þær kröfur, sem nú eru uppi af hálfu stéttasamtaka um mjög verulega launahækkun, en svo sem öllum hv. alþm. er kunnugt, eru nú uppi kröfur um allt að 40% launahækkun til handa launþegum í landinu, a. m. k. til handa meðlimum A. S. Í.

Það er rétt, áður en lengra er haldið, að gera sér örlitla grein fyrir því, þótt hv. málsvörum Framsfl. finnist það varla vera ómaksins vert, hvaða þýðingu slíkar kröfur hafa fyrir útflutningsframleiðsluna og þá fyrst og fremst fyrir íslenzkan sjávarútveg. Greidd laun í sjávarútvegi munu nú nema um 800 millj. kr. á ári, og eru þá greidd laun til sjómanna samkv. hlutaskiptum einnig talin þar með. En að sjálfsögðu verður visst hlutfall að haldast milli launa sjómanna og milli þeirra, sem vinna við sjávaraflann í landi. Þetta eru opinberar tölur og þær einu, sem fyrir liggja um þetta efni. M. ö. o.: launagreiðslur sjávarútvegsins nema um 1800 millj. kr. Ef nú kaupgjald í landinu yrði hækkað um 40%, eins og hæstu kröfur eru uppi um, mundi þetta þýða aukin útgjöld fyrir íslenzkan sjávarútveg, sem næmu 700 millj. kr. Leiðtogar Framsfl. hafa hér á hinu háa Alþingi ekki bent á nein úrræði til þess að gera sjávarútveginum kleift að inna af hendi aukin launaútgjöld að upphæð u. þ. b. 700 millj. kr. Við því er kannske ekki heldur að búast. Hér eru á ferðinni pólitískir spekúlantar, sem gefa því meiri gaum að hafa áróður í frammi heldur en hinu, að benda á raunhæf úrræði.

En svo vill nú til, að aðrir menn, sem eru í mjög nánum tengslum við hina pólitísku forustumenn Framsóknar hér á hinu háa Alþingi, hafa nýlega haldið fund með sér í Reykjavík, og á ég hér við framkvstj. á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga við fiskiðnað samvinnuhreyfingarinnar í landinu. Þessir menn komu saman til fundar hér í Reykjavík dagana 23. og 24. okt. s. l., þannig að ekki er hálfur mánuður síðan þessir menn sátu á fundi hér í Reykjavík til þess að ræða vandamál fiskiðnaðarins og þá í raun og veru sjávarútvegsins alls. Maður er löngu hættur að gera þær kröfur til foringja Framsfl., að þeir bendi á raunhæf eða ábyrg úrræði í nokkru máli, enda hefur það sannarlega ekki átt sér stað í umr. um þetta mál hér á hinu háa Alþingi. En auðvitað gerir maður aðrar kröfur til framkvstj. í fiskiðnaði á vegum helztu almannasamtaka í landinu, samvinnuhreyfingarinnar. Þá kröfu verður að gera til þeirra, að þeir bendi á raunhæf úrræði til lausnar vandanum, sem að steðjar, og það hafa þeir líka gert. Þeir hafa ekki brugðizt því trausti, sem almenningur í landinu hlýtur að bera til manna í ábyrgðarstöðum. Á fundi sínum bentu þeir á ákveðin úrræði til lausnar á vandamálum fiskiðnaðarins. Og nú skal ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa þá till., sem samþykkt var í lok fundarins 23.—24. okt. s. l., um þær ráðstafanir, sem þessir menn, sem ábyrgð bera á fiskiðnaði íslenzku samvinnuhreyfingarinnar, vilja gera til lausnar aðsteðjandi vanda, því að þeim er sannarlega ljóst, að um mikinn vanda er að ræða nú í íslenzku efnahagslífi, þó að það virðist að mestu hafa farið fram hjá pólitískum leiðtogum Framsóknar hér á hinu háa Alþingi. En ályktunin er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur framkvæmdastjóra við fiskiðnað á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, haldinn í Reykjavík dagana 23.—24. okt. 1963, ályktar, að þær hækkanir, sem orðið hafa á vinnulaunum, verði hráefnis sem og öðrum vinnukostnaði, hafi þegar raskað svo mjög rekstrargrundvelli fiskiðnaðarins, að þau rekstrarvandamál, sem við er að etja, séu alvarlegri og erfiðari en svo, að við verði ráðið án sameiginlegs átaks og samræmdra aðgerða í samvinnu við ríkisvaldið. Fundurinn telur eftirtalin úrræði geta komið að nokkru gagni til þess að leysa úr þessum erfiðleikum og væntir þess, að eftirgreindar till. mæti skilningi viðkomandi yfirvalda:

1) Vextir á fjárfestingarlánum og afurðalánum verði lækkaðir um 3%.

2) Afurðalán til framleiðslu verði hækkuð í 85% af útflutningsverðmæti og verði þau lán veitt sjálfkrafa út á framleiðsluna eftir skýrslum, sem viðkomandi viðskiptabanki tekur gildar.

3) Útflutningsgjald, 7.4% af framleiðsluverðmæti fob., verði fellt niður að hálfu fyrir árið 1963 frá 1. 1. og gjaldið allt fellt niður frá 1. 1. 1964.

4) Aðstöðugjald á fiskvinnslu verði fellt niður — eða til vara, að álagning gjaldsins verði samræmd og sá rekstrarkostnaður, sem rekja má til óhagstæðrar aðstöðu og staðsetningar, verði metinn frádráttarbær.

5) Rafmagnsverð til fiskiðnaðar verði lækkað og samræmt.

6) Fiskvinnslustöðvar fái aðgang að lánsfjármagni til þess að endurskipuleggja vinnslukerfið og til kaupa á nýjum tækjum og búnaði, sem stuðlað geti að aukningu á nýtingu vinnuafls og hráefnis.

7) Greiðslu afborgana af stofnlánum til fiskvinnslustöðva verði frestað um eitt ár.

8) Niður verði felldir tollar af öllum vélum og tækjum, sem notuð eru til vinnslu sjávarafurða, frá og með 1. jan. 1963.

9) Skattfríðindi í einhverri mynd verði veitt fólki, sem vinnur í fiskiðnaði, þar eð tilfinnanlegur flótti virðist ríkjandi úr fiskiðnaði í önnur störf.

Verði hins vegar hækkun á fiskverði, vinnulaunum og öðrum kostnaði frá því, sem nú er, telur fundurinn, að óhjákvæmileg stöðvun vinnslustöðvanna sé yfirvofandi og augljós, nema aðrar og sérstakar ráðstafanir séu gerðar af hálfu hins opinbera til þess að mæta þeim. Að því leyti sem framangreindar ráðstafanir ekki duga til þess, að fiskiðnaður losni við taprekstur, verði gerðar samhliða ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins með fjárstuðningi, þar til jafnvægi næst."

Hér lýkur ályktuninni. Nú er rétt að fara yfir það, — það er hægt að gera það mjög fljótlega, — hvaða sparnaður mundi verða í rekstri sjávarútvegsins, ef þessar ályktanir yrðu framkvæmdar.

Fyrsta og aðaltill. er sú að lækka vexti af fjárfestingarlánum og afurðalánum í 3%, og skil ég þetta þannig þeim víðtækasta skilningi, að ætlazt sé til þess, að bókstaflega allir vextir sjávarútvegsins séu lækkaðir ofan í 3%, en þar er um að ræða meir en helmingslækkun á þeim vöxtum, sem sjávarútvegurinn nú greiðir. Vextir af stofnlánum eru sem kunnugt er mun lægri en vextir af rekstrarlánum, ekki nema 6½%. Þeir vextir, sem sjávarútvegurinn greiðir nú í heild, bæði vegna rekstrarlána og stofnlána, munu nema um 170 millj. kr. Vaxtagreiðslur sjávarútvegsins munu nema um 170 millj. kr., þannig að helmingslækkun á vöxtunum mundi spara sjávarútveginum 85 millj. kr. Þessi aðaltill. sjálfra framkvæmdastjóra Sambands ísl. samvinnufélaga fyrir hinum stóra frystiiðnaði samtakanna mundi spara sjávarútveginum um 85 millj. kr.

Þá gera þeir ráð fyrir því, að afurðalán séu hækkuð nokkuð. Þar mundi ekki vera um beinan peningasparnað að ræða, heldur auðvelda reksturinn eitthvað í framtíðinni, þó að það mundi að sjálfsögðu bitna á öðrum. Það er ekki unnt að meta þetta til beinna peninga fyrir sjávarútveginn. Ég mun taka tillit til þess á eftir.

Útflutningsgjaldið, 7.4%, á að falla niður. Það má segja, að það nemi nú um 250 millj. kr. á ári, en hver einasti eyrir af þessu gjaldi rennur aftur til sjávarútvegsins. Það er því ekki hægt að spara sjávarútveginum í heild einn einasta eyri með því að fella þetta gjald niður, af því að hann fær það allt saman aftur til baka. Og það er ekki sagt hér, að til þess sé ætlazt, að almenningur í landinu eigi að borga þær 250 millj. kr., sem útflutningsgjaldið nemur, enda mundi það af sjálfu sér koma eiuhvers staðar fram.

Þá er sagt, að aðstöðugjald til fiskvinnslu eigi að fella niður og rafmagnsverð eigi að lækka. Það eru 4. og 5. liðurinn. Samkv. 6. liðnum átti að auka almennt aðgang fiskvinnslustöðvanna að lánsfé, sem mjög erfitt er að meta til peninga, fresta greiðslu afborgana af stofnlánum, sem er í raun og veru aðeins frestun á mjög litlum hluta vandans, en engin lausn á honum.

Um 8. liðinn, að niður séu felldir tollar af öllum vélum og tækjum, er það að segja, að þar er ekki um rekstrarkostnað að ræða, heldur um fjárfestingarkostnað, sem mundi vera, þegar á langan tíma er litið, aðeins bót, sem í raun og veru er sjálfsagt að taka til vinsamlegrar athugunar að framkvæma og er reyndar í undirbúningi að gera. Og 9. og síðasti liðurinn er að veita fólkinu, sem vinnur, skattfríðindi, sem auðvitað mundi ekki spara sjávarútveginum grænan eyri, heldur vera kjarabót í sérstöku formi til þeirra, sem vinna við sjávarútveginn.

Það er ekki hægt að segja alveg með vissu, hvað niðurfelling aðstöðugjalds mundi nema miklu, né heldur, hvað meint er með till. um lækkun á rafmagnsverði, þó að allir eigi nú raunar að vita, að rafmagnsverðið er lægra en svarar framleiðslukostnaði rafmagnsins. En það má segja, að mjög vel sé í lagt, að niðurfelling aðstöðugjaldsins, einnig lækkun á rafmagnsverði og mat til fjár á aukningu afurðalánanna mundi nema á ári um 15 millj. kr., þannig að sá beini fjárhagslegi sparnaður, sem mundi geta leitt af framkvæmd till. þessara ábyrgu manna í Framsfl., — flestir þeirra munu tilheyra honum, — hinn fjárhagslegi sparnaður fyrir sjávarútveginn af framkvæmd þessara till. mundi nema um 100 millj. kr. M. ö. o.: þegar ábyrgir menn samvinnuhreyfingarinnar, menn, sem þekkja til vandamála sjávarútvegsins, vandamála atvinnulífsins, koma saman til fundar fyrir 1—2 vikum, benda þeir á úrræði til þess að spara sjávarútveginum í heild um 100 millj. kr. En hér á hinu háa Alþingi standa leiðtogar Framsfl. uppi í ræðustólnum hver á fætur öðrum og heimta og lýsa yfir stuðningi við kauphækkanir, sem þýða 700 millj. kr. útgjaldaaukningu fyrir sjávarútveginn. M.ö.o.: pólitíkusarnir hér á Alþingi innan Framsfl. heimta, að sjávarútvegurinn beri 700 millj. kr. útgjöld, en framkvæmdastjórarnir, sem standa fyrir Sambandi ísl. samvinnufélaga, benda á sparnaðarúrræði, sem nema 100 millj. kr. Það er ⅐. Þeir telja unnt að spara fyrir sjávarútveginn ⅐ af því, sem flokksbræður þeirra og pólitíkusarnir hér á Alþingi telja sjávarútveginn geta borið.

Það er svo annað mál, að jafnvel till. framkvæmdastjóranna, sem eru þó það ábyrgasta, sem úr þessum herbúðum yfirleitt hefur heyrzt, væru mjög torframkvæmanlegar. Jafnvel þessi 100 millj. kr. lækkun á útgjöldum sjávarútvegsins yrði mjög torframkvæmanlegt, því að væntanlega sjá allir menn, að ef lækka ætti vexti sjávarútvegsins um meira en helming, er ekki hægt til frambúðar a. m. k. að láta iðnað og verzlun bera jafnháa vexti og nú á sér stað. Og ef allir vextir

eru lækkaðir um helming, þá missa sparifjáreigendur helminginn af þeim tekjum, sem þeir nú hafa af sínum sparifjárinnstæðum í bönkum og lánsfjárstofnunum, og það má geta nærri, hvaða áhrif það mundi hafa á sparifjármyndun í landinu, ef slíkt væri gert. Ekki mundi það auðvelda framkvæmd tillöguliða nr. 2 og 7, sem eru um það, að sjávarútvegurinn skuli fá aukið lánsfé til umráða, ef sparifjáreigendur eru sviptir meira en helmingi af vaxtatekjum sínum. Ekki mundi það verða aukin hvatning til þess að þeir spöruðu. Sparnaðurinn mundi eflaust minnka og geta bankakerfisins til þess að láta sjávarútveginn og aðra fá lánsfé mundi stórminnka frá því, sem nú á sér stað.

Þá má og segja um till., sérstaklega um lækkun rafmagnsverðsins, að sú till. er náttúrlega mjög hæpin vegna þess, sem ég gat um stuttlega áðan, að framleiðslukostnaður rafmagns í landinu er nú mun hærri en svarar til söluverðs þess, svo að ekki virðist geta verið skynsamleg ráðstöfun til frambúðar að lækka rafmagnsverðið frá því, sem nú á sér stað, og ekki unnt öðruvísi en einhver annar borgi. — Hitt er svo auðvitað engin lausn til frambúðar að fresta greiðslum afborgana af stofnlánum og öðrum skuldum, og till. um skattfríðindi handa fólki, sem vinnur við sérstakan atvinnurekstur, þyrfti a. m. k. mjög rækilegrar athugunar við, áður en hún yrði talin lausn á nokkru vandamáli til frambúðar.

Eftir þessa tillögugerð segja framkvstj. og eru allir alveg sammála, þá komast þeir að þessari mjög athyglisverðu niðurstöðu, að verði hins vegar hækkun á fiskverði, vinnulaunum og öðrum kostnaði frá því, sem nú er, sé stöðvun fiskiðnaðarins yfirvofandi. Ef stöðvun fiskiðnaðarins er yfirvofandi, ef þessum í hæsta lagi 100 millj. kr. er ekki létt af sjávarútveginum, hvers konar stöðvun er þá ekki yfirvofandi, ef honum er ætlað að bera 700 millj. kr. útgjaldaaukningu frá því, sem nú er? Svo kemur botninn, síðasta setningin í ályktuninni, þar sem sagt er, að að svo miklu leyti sem þessar ráðstafanir dugi ekki, verði ríkisvaldið að grípa til fjárstuðnings, til þess að jafnvægi náist. M. ö. o.: þrautavaratill. framkvstj. Sambands ísl. samvinnufélaga er, að bótakerfið sé tekið upp aftur að nýju, að ríkissjóður fari beinlínis að greiða hallann af rekstri hraðfrystihúsanna. Það er úrræði, sem leiðtogarnir hér á Alþ. hafa ekki viljað gera að beinni till. sinni, a. m. k. ekki enn þá.

Ég held, að þetta, sem ég nú hef sagt, og þessi tilvitnun í ályktun framkvstj. Sambandsins í fiskiðnaðinum, sé í svo æpandi mótsögn við allan málflutning framsóknarmanna hér á hinu háa Alþingi, að frekari vitna þurfi í raun og veru ekki við, að ekki stendur steinn yfir steini í því, sem framsóknarmenn segja um þetta mál hér á hinu háa Alþingi.

Það er eitt annað, að vísu minni háttar atriði, sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns og kom raunar fram hjá mörgum ræðumönnum stjórnarandstöðunnar við 1. umr. málsins, sem mig langar til að fara um fáeinum orðum, því að þar er um mjög almenna, en þó alvarlega villu í málflutningi að ræða. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að vísitöluútreikningur hagstofunnar sýndi, að meðalfjölskylda þyrfti nú 91 þús. til að geta lifað, en kaup Dagsbrúnar væri, — ég man ekki, hvort hann nefndi ákveðna tölu í þessu sambandi, en hv. 1. þm. Austf. nefndi ákveðna tölu í þessu sambandi við 1. umr. málsins, — hann sagði: Kaup Dagsbrúnarmanna fyrir dagvinnu er 77 þús., og þá geta menn séð, hvað mikið vantar á, að Dagsbrúnarmaðurinn geti lifað, fyrst hagstofan hefur fellt þann úrskurð, að það sé nauðsynlegt að hafa 91 þús. kr. (Gripið fram í.) 67 þús., ég bið afsökunar. Nei, ég var einmitt að fá upplýsingar frá hagstofunni um það, hvað vísitöluútgjöldin hefðu verið í sept. s. l. (**EystJ:** Kannske ráðh. geti kennt mönnum að lifa á 67 þús. kr.) Það er 91 190 kr., það er nýjasta talan, sem fyrir liggur. (Gripið fram í.) Hvernig sem því víkur við, jafnvel þótt hún sé 95 þús. í okt., þó að ég hafi ekki séð þá tölu sundurliðaða, vil ég um þetta segja eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru vísitöluútgjöld, eins og þau eru í vísitölugrundvellinum, ekki og hafa aldrei verið hugsuð sem mælikvarði á það, hve mikið menn þyrftu til að lifa. Ef menn halda því fram, má ég — (**EystJ:** Vill ekki ráðh. kenna mönnum, hvernig á að lifa á 67 þús. kr. fyrir fjölskyldu, og snúa sér að því?) Ég ætla að biðja hv. þm. um að stilla sig, hann skal fá að tala hér, ég sé, að hann er reiður, og ég skil, að hann sé reiður. (Gripið fram í.) Ég skal ljúka máli mínu og þá kemur í ljós, hvað ég ætla að segja um málið. (**Forseti:** Ég vildi mælast til, að hv. þm. grípi ekki fram í fyrir ráðh., meðan hann er að halda sína ræðu.)

Það kemur í ljós, að hv. 1. þm. Austf. og líklega fleiri vita alls ekki, hver er tilgangurinn með útreikningi vísitölu framfærslukostnaðar, virðast ekki hafa hugmynd um það. Hafi hann hugmynd um það, er hann svo ósvífinn, að hann lætur sem hann hafi það ekki. Sannleikurinn er sá, að útgjöldin í vísitölu framfærslukostnaðar sýna, hvernig útgjöld fólks með ákveðnar tekjur skiptast milli einstakra útgjaldaliða. Vísitölugrundvöllurinn er meðaltal af útgjöldum ákveðinnar tölu fjölskyldna hér í Reykjavík, sem hafa haft ákveðnaar tekjur. M. ö. o.: vísitölugrundvöllurinn sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda fjölskyldna með ákveðnar tekjur. Hann er dæmi, útreikningur á skiptingu raunverulegra tekna ákveðinna fjölskyldna, en alls enginn dómur, hvorki hagstofunnar né nokkurs annars, um það, hvað menn þurfi að hafa til að fleyta fram lífinu. Þetta er það, sem vísitölugrundvöllurinn hefur átt að sýna og sýnir enn. Það, sem útgjöldin í sept. eða okt. nú sýna, er, hvað þær vörur, sem þessar ákveðnu fjölskyldur notuðu tekjur sínar til að kaupa fyrir ákveðinni tölu ára, mundu kosta nú, ef nákvæmlega sama vörumagn væri keypt. En hér er legið á því lúalagi að mistúlka þessar tölur gersamlega. Það er alltaf verið að halda því fram, að hér sé um eitthvert opinbert mat á því að ræða, hvað menn þurfi sér til framfæris, sem aldrei hefur verið meiningin, og því skal ég aldrei trúa, að maður, sem hefur verið fjmrh. jafnlengi og Eysteinn Jónsson, viti þetta ekki. Þess vegna eru öll framíköll hans um þetta efni honum til lítils sóma.

Hitt er svo annað mál, að ef við viljum at-

huga, hvort verkamaður í Reykjavík geti keypt sér þær vörur, sem nú er gert ráð fyrir, að svokölluð vísitölufjölskylda noti tekjur sínar til að kaupa, þá er auðvitað ekki gáð að því, hvað verkamaðurinn mundi hafa í tekjur, ef hann ynni 8 tíma á dag 300 daga ársins, heldur á að gá að því, hvað verkamaðurinn hefur í tekjur, hafði í tekjur í fyrra og hefur í tekjur í ár. Samkv. skattaframtölum höfðu verkamenn í fyrra 89 þús. kr. í árstekjur, og samkv. þeim töxtum, sem nú gilda í dag, hefur verkamaður í Reykjavík rúmlega 100 þús. kr. í árstekjur, og á því geta menn séð, hversu mikið vit er í þeirri staðhæfingu, að vísitöluútreikningurinn sýni, að verkamaður í Reykjavík geti alls ekki lifað. Tekjur hans í ár eru meira en 10 þús. kr. hærri en núgildandi vísitölugrundvöllur sýnir að séu meðalútgjöld vísitölufjölskyldunnar.

Í þessu sambandi verður líka að hafa það í huga, að vísitölufjölskyldan er ekki dæmi um meðalfjölskyldu verkamanns, útgjöld hennar, heldur er um að ræða meðaltalsútgjöld hjá verkamönnum, iðnaðarmönnum, sjómönnum og opinberum starfsmönnum. Hinar stéttirnar þrjár hafa hærri tekjur og nokkuð aðra útgjaldaskiptingu en verkamaðurinn. En jafnvel þótt miðað sé við meðaltekjur verkamannsins eins, kemur greinilega í ljós, að hans árstekjur í ár verða meira en 10 þús. kr. hærri en sá grundvöllur, sem miðað var við í sept. s. l. Og fyrst svo er sem ég hef sagt, að vísitöluútgjöldin eru miðuð við tekjur launastétta og skiptingu þeirra, en engin áætluð útgjöld þeirra, þá er auðvitað eini samanburðargrundvöllurinn, sem hægt er að hafa, raunverulegar tekjur verkamanna eða helzt launþegastéttanna allra á *því sama ári*.

Blekkingarnar, sem hér er beitt, verða enn þá augljósari, þegar þess er gætt, að í sept. s. l. eru bændum ætlaðar árstekjur á grundvelli meðaltekna verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna á s. l. ári. Hvaða tala var sett inn í grundvöll landbúnaðarverðsins sem tekjur bænda á næsta ári, byggð á meðaltekjum launamanna við sjóinn á undangengnu ári? Hvaða tala var það? Ætli þessir menn viti það ekki? 119 þús. kr. er bændum ætlað í meðaltekjur á n. k. ári, byggt á rannsókn á meðaltekjum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna við sjávarsíðuna á undangengnu ári. Samt sem áður er því enn haldið fram hér, að rétt sé að taka samanburð af 67 þús. kr. árstekjum verkamanna og bera það saman við útgjöld vísitölufjölskyldunnar svokölluðu. Nei, ef 67 þús. kr. væru þær tekjur, sem verkamenn raunverulega yrðu að lifa af, ættu bændur ekki skilið 119 þús. kr. tekjur. Og hvernig gætu framsóknarmenn þá réttlætt það að heimta enn þá meiri tekjur handa bændum en 119 þús. kr.? Sjá ekki allir, að hér er um hrópandi misræmi í málflutningi að ræða. Annaðhvort hlýtur að vera algerlega ósatt og rangt, að verkamenn verði raunverulega að lifa af 67 þús. kr., eða hitt, að bændum nægi ekki 119 þús. kr.

Ég skal svo að síðustu víkja nokkrum orðum, þótt það verði ekki í beinum deilum eða ádeilutón við hv. stjórnarandstöðu, að öðru máli, sem ég tel miklu máli skipta í sambandi við það, hvað nú er eðlilegt að gera í þeim vanda, sem að steðjar, en það er varðandi það, hvort ríkisstj. sé of seint á ferðinni með þær ráðstafanir, sem hún nú hefur lagt fyrir Alþ. En þess hef ég orðið mjög var, að ýmsir aðilar, sem annars mega teljast hafa til að bera fulla ábyrgðartilfinningu og meira að segja góðvild í garð ríkisstj., sem ekki verður sagt um hv. Framsfl. eða hv. Alþb., þeir spyrja sjálfa sig: Hvernig stendur á því, að ríkisstj. greip ekki fyrr til þeirra róttæku ráðstafana, sem hún hefur nú séð sig til neydda að gera tillögu um við hið háa Alþ.? Á þessu vildi ég leyfa mér að freista að gefa stuttar skýringar.

Um það er áreiðanlega ekki ágreiningur milli skynsamra manna, hver er höfuðorsök þess vanda, sem nú steðjar að. Orsökin er í fyrsta lagi fólgin í því, að kaupgjald hækkaði á fyrri hluta þessa árs um 13—15% til viðbótar 9—12% kauphækkun á s. l. ári. Þá kvað kjaradómur upp úrskurð um, að kaup ríkisstarfsmanna skyldi hækka mjög verulega í júlí s. l. Grundvöllur þess úrskurðar var ekki nein ákvörðun ríkisstj., heldur ber Alþ. allt ábyrgð á þeirri lagasetningu, og kröfur ríkisstarfsmannanna fengu stuðning launþegasamtakanna yfirleitt og alveg sérstakan stuðning hv. stjórnarandstöðu, beggja stjórnarandstöðuflokkanna. En í framhaldi af kjaradómnum varð að framkvæma breytingar á kaupgjaldi ýmissa annarra opinberra starfsmanna, bankastarfsmanna, bæjarstarfsmanna, og það tók margar vikur, 2—3 mánuði. Í þriðja lagi varð svo gífurleg hækkun á verðlagi innlendra landbúnaðarafurða í sept. s. l. Sú hækkun var ekki samkv. ákvörðun ríkisstj. Hún var samkv. 20 ára gömlum lögum, sem allt Alþ. bar ábyrgð *á á sínum tíma og allt Alþ. ber ábyrgð á enn*. Í fjórða og síðasta lagi hefur svo á þessu ári orðið gífurleg aukning á framkvæmdum, sérstaklega á framkvæmdum einkaaðila, og á innflutningi, sem valdið hefur mjög versnandi gjaldeyrisstöðu, miðað við það, sem var á árunum 1961—62. Og nú vil ég leyfa mér að spyrja þá menn, sem á annað borð kæra sig um að taka ábyrga og skynsamlega afstöðu til þess vanda, sem nú er á ferð: Gátu menn búizt við, að ríkisstj. gripi til ráðstafana eins og festingar kaupgjalds og verðlags, rétt áður en kjaradómur átti að kveða upp sinn úrskurð, þegar sérstök *hliðsjón er höfð af því, að ekki aðeins þurfti* að gera margs konar leiðréttingar á kaupgjaldi í landinu, lögmætar breytingar í beinu framhaldi af kjaradómnum, heldur er líka tekið tillit til hins, að mörg verkalýðsfélög höfðu ekki lokið sínum samningum um leiðréttingu í samræmi við 5% kauphækkun í jan. og 7½% kauphækkun í júní, höfðu ekki lokið þeim fyrr en í lok ágúst, mjög stór verkalýðsfélög, — gátu menn búizt við því, að ríkisstj. gripi inn í með brbl., áður en verkalýðshreyfingin sjálf var búin að framkvæma þær leiðréttingar, sem hún taldi nauðsynlegar í framhaldi af allsherjarsamningunum í júní s. l.?

Eins og allir vita, var ein af höfuðniðurstöðum samninganna í júní, að launþegasamtökin og samtök atvinnurekenda skyldu setja á stofn kjararannsóknaráð, sem athuga skyldi greiðslugetu atvinnuveganna. Það ráð tók raunverulega

ekki til starfa fyrr en í ágúst. Fannst mönnum kannske, að ríkisstj. hefði með brbl. átt að grípa inn í þróun launamálanna og verðlagsmálanna, áður en kjararannsóknaráðið settist niður, byrjaði að starfa? Hvað hefðu menn sagt þá? Og finnst mönnum, að ríkisstj. hefði hagað sér skynsamlega, ef hún hefði með brbl. gripið inn í þróun verðlags og kaupgjalds, rétt áður en ákveða átti verðlag landbúnaðarafurðanna? Er það kannske það, sem hv. Framsfl. hefði fundizt skynsamlegast í málinu? Nei, af þessu öllu saman er það alveg augljóst, að í raun og veru var algerlega ótímabært fyrir ríkisstj. að grípa til nokkurra heildaraðgerða í kaupgjalds- og verðlagsmálunum fyrr en í allra fyrsta lagi í seinni hluta septembermánaðar. Og þá spyr ég hv. þingmenn, hv. alþm.: Hefðu þeir talið það vera skynsamlegt eða réttmætt, að ríkisstj. gripi með setningu brbl. inn í þróun verðlags og kaupgjalds hálfum mánuði áður en sjálft Alþ., meira að segja nýkjörið þing, átti að koma saman til skrafs og ráðagerða? Nei, ég held, að allir, sem um þetta mál vilja hugsa af skynsemi og velvild, hljóti að sjá, að ríkisstj. átti einskis annars úrkosta, eins og þróun mála var, en að bíða samkomudags Alþ., og það gerði hún.

Ríkisstj. gat hins vegar ekki vitað, að fyrir dyrum stæði, að prentarar hæfu verkfall 1. nóv. s. l. og að verzlunarmenn hæfu verkfall í dag. Ríkisstj. hafði fulla og fullskynsamlega ástæðu til þess að ætla, að Alþ. mundi hafa starfsfrið svo sem 3—4 vikur í upphafi Alþ. til að fjalla um þennan vanda og finna á honum lausn. Svo reyndist því miður ekki vera, og þess vegna sá ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar sig til knúin til að leggja fram till. um bráðabirgðalausn, þó ekki lengur en í 8 vikur, meðan verið væri að vinna að þessari heildarlausn, því að um það voru menn sammála í ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, að það væri hvorki meira né minna en þjóðarógæfa, ef ný verkfallsalda risi nú í landinu. Þess vegna hefur þróun málanna gagnvart hinu háa Alþ. verið eins og hún hefur raunverulega verið. Og ég hef fulla trú á, að þegar menn athuga þessa málavexti, sjái menn, að ríkisstj. hefur ekki vanrækt þá skyldu, sem vissulega hvílir á henni, að stjórna landinu, meðan hún á annað borð situr. Þróun málanna hefur verið þannig, að ríkisstj. hefur ekki getað í neinu aðalatriði hegðað sér öðruvísi en hún hefur gert. Því vildi ég vænta, að fyrir þessu gerðu sér allir góðviljaðir menn grein, okkur má einu gilda, hvernig hinir hugsa.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að víkja hér nokkuð að þeim umræðum, sem hér hafa farið fram um þetta mál, m. a. þeim umræðum, sem fram fóru hér s. l. föstudag, þegar málið var hér til 1. umræðu, en þá gafst ekki tími eða aðstaða til þess að ræða ýmislegt af því, sem kom fram í ræðum manna, þegar leið á þá umræðu. En í tilefni af þeirri ræðu, sem hér var nú verið að ljúka við að flytja af hæstv. viðskmrh., langar mig til að gera sérstakar aths. við hana, áður en ég snýmér nú að því, sem hann sagði fyrr í umr. um málið og þeir aðrir ráðh., sem þá töluðu.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að reiknað væri með því, að launagreiðslur til allra þeirra aðila í landinu, sem tekjur taka af sjávarútvegi á einn eða annan hátt, væru í kringum 1800 millj. á ári, og sagði svo, að 40% launahækkun mundi þar af leiðandi þýða í aukin útgjöld fyrir sjávarútveginn í kringum 700 millj. kr. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, að hæstv. viðskmrh. skuli enn einu sinni koma hér með slíka fjarstæðu sem þessa og það í sambandi við þær umræður, sem hér fara fram. Hann hefur nefnilega áður farið svipað að ráði sínu og fengið leiðbeiningar, sem ég ætlaði þá að hann hefði hreinlega skilið.

Í fyrsta lagi er það nú, að þessi tala, sem hann nefnir, er algerlega röng, og það hefur ekki verið sýnt fram á það með nokkrum rökum, að hún fái staðizt. Í öðru lagi er það, að á þennan hátt er ekki hægt að ræða um þessi mál, að setja hér upp eina tölu í þessum efnum og reikna svo út launahækkun á hana og segja, að slík hækkun, sem þar kemur út, mundi hvíla á sjávarútveginum og af þeim ástæðum sé ekki hægt að mæla með 40% launahækkun til þeirra, sem nú hafa sett fram kröfu um slíka launahækkun.

Hæstv. ráðh. veit mætavel, það eru engar deilur um það, að ýmsir aðilar, sem fást við sjávarútvegssstörf, geta nú í dag borið 40% kauphækkun. Ég veit, að hæstv. ráðh. dettur ekki í hug að bera á móti því. Það væri aðeins að lemja höfðinu í múrvegginn að neita slíku. Heldur t. d. hæstv. ráðh., að síldarverksmiðjurnar í landinu hefðu ekki getað borgað 40% kauphækkun á s. l. sumri? Heldur hann það? Nei, ég veit, að hann heldur það ekki. Hann hlýtur að vita betur. Hann veit, að það var um stórkostlegan gróða hjá síldarverksmiðjunum að ræða, og þær hefði sannarlega ekki munað um að greiða 40% hærra kaup en þær gerðu. Það væri mjög fróðlegt, ef hæstv. ráðh. hefur ekki áttað sig á því, að hann gái að því, hve stór hluti af heildarútgjöldum síldarverksmiðjanna er kaup og hversu aðrir liðir í útgjöldunum eru háir. Það er heldur enginn ágreiningur meðal þeirra, sem til þekkja, um það, að síldarsöltunin í landinu getur og hefur staðið undir kauphækkun upp undir það að vera miðuð við þessi 40%, sem nú er farið fram á. Það þekkja allir, sem nærri þessum málum hafa komið, að síldarsöltunarstöðvarnar í landinu hafa velflestar borgað 35—40 kr. á venjulega klukkutímavinnu hjá verkamanni. Þetta liggur fyrir, og ég ætla, að afkoma þeirra sé allgóð þrátt fyrir það.

Þá er vitanlega allra mesta skekkjan í þessu að tala um, að 40% kauphækkun til þeirra lægst launuðu, sem vinna að framleiðslu sjávarafurða í landinu, þurfi nauðsynlega að þýða 40% kauphækkun á allar greiðslur hlutaskiptakjara á fiskveiðiflotanum. Ég veit ekki betur en það hafi þótt sjálfsagt af núv. hæstv. ríkisstj. að stuðla að því, að hlutaskiptakjörin á síldveiðiflotanum væru lækkuð, á sama tíma sem aðrir, sem unnu að sjávarútvegsstörfum, fengu þá nokkra kauphækkun. Það þýðir því vitanlega ekki að kasta fram svona fullyrðingum, að segja,

að þó að verkamenn, sem vinna í frystihúsum landsins, fengju 40% kauphækkun, menn, sem vinna tvímælalaust á lægsta kaupinu við þessi framleiðslustörf, þá þýddi það nauðsynlega, að allar aðrar launagreiðslur til þeirra, sem vinna í sjávarútvegi, þyrftu um leið að hækka nákvæmlega um 40%. Nei, svona villu getur hæstv. viðskmrh. ekki gert sig sekan um að endurtaka hér á Alþ. æ ofan í æ. Þetta fær ekki staðizt.

Hitt hefði verið miklu nær fyrir hann að segja: Hvernig stendur þetta dæmi t. d. í sambandi við þann þátt sjávarútvegsmálanna, þar sem menn viðurkenna almennt að sé um þrengsta aðstöðu að ræða til að taka á sig kauphækkun, en þó einn gildasta þáttinn, en það er rekstur hraðfrystihúsanna í landinu, sem vinna að frystingu á fiskflökum? Það mun láta nærri, að heildarframleiðsla frystihúsanna, útflutningsverð, hafi verið í kringum 1000 millj. og þó heldur undir þeirri upphæð nú í nokkur ár, miðað við verðgildið, sem er í dag. Því er haldið fram af frystihúsamönnum, að það megi reikna með því, að allt kaupgjald, sem frystihúsin greiða, í hvaða formi sem er, jafnt til fastlaunamanna þar sem til verkamanna, sé í kringum það að vera 25% af útflutningsverðinu, brúttó-útflutningsverðinu. Eins og ég hef sagt hér áður, hef ég haldið því fram og ýmsir aðrir, sem lagt hafa fram reikninga máli sínu til sönnunar, að þarna sé heldur ofreiknað, hvað hlutur kaupsins sé mikill. Ég tel, að hlutur kaupsins miðað við útflutningsverð sé varla meiri en 20%. En það skiptir engu aðalmáli í þessu efni, við skulum bara reikna með 25%. Þá væru launagreiðslurnar hjá frystihúsarekstrinum í landinu í kringum 250 millj. kr. samkv. því, sem þeir segja sjálfir. Og það er rétt, 40% hækkun á þessu, ef gengur jafnt yfir alla, mundi auðvitað þýða allálitlega upphæð eða í kringum 100 millj. kr. En þarna er um langstærsta þáttinn að ræða í útflutningsframleiðslunni. Hinar aðrar greinar, sem standa eitthvað svipað að vígi að geta staðið undir auknum útgjöldum, eins og bæði skreiðarframleiðsla og saltfiskframleiðsla, þeir þættir eru báðir miklu þýðingarminni og vega ekki eins mikið, og þar er ekki um eins mikla upphæð að ræða.

Hitt er svo vitað, að þegar menn hafa verið að búa til þessa feiknarlega háu upphæð, 1800 millj. kr., sem séu heildarlaunagreiðslur til þeirra, sem taka laun sín á einn eða annan hátt frá sjávarútveginum, þá er verið að reikna með því, sem alls ekki er hér í framkvæmd. Þá er verið að reikna með öllum þeim launum, sem til geta fallið, t. d. við að smíða fiskiskip, sem segja má að bitni á sjávarútveginum á einn eða annan hátt. Þarna er um að ræða laun erlendra manna að langmestu leyti — og annað eftir þessu. Svipað fannst mér vera um rök hjá hæstv. ráðh. varðandi þær till., sem hann gerði hér að umtalsefni, sem bent hefur verið á að gæti verið útflutningsatvinnuvegunum til hagsbóta, ef breytingar væru gerðar á, þ. e. a. s. í sambandi við lækkun á vöxtum og lækkun á útflutningsgjaldi og aðstöðugjaldi, lækkun tolla o. fl. þ. h. Það er enginn vafi á því, að útreikningarnir hjá hæstv. ráðh. voru fjarri öllu lagi og fá ekki staðizt á nokkurn hátt. Og ég mun kannske víkja nokkuð að því síðar, þegar ég ræði um þær leiðir, sem mér sýnist að séu miklu fremur tiltækilegar.

Þá langar mig til þess að víkja örfáum orðum að ræðu hæstv. viðskmrh. viðvíkjandi vísitölunni. Það fannst mér alveg furðulegur ræðumáti, og ég vildi í þessu tilfelli eins og hinu kjósa hæstv. ráðh. annað hlutskipti en endurtaka það að halda slíka ræðu sem þessa. Hvernig er raunverulega núverandi vísitala til komin? Við vitum, að það gekk hér í gildi nýr vísitöluútreikningur á árinu 1959, í marzmánuði 1959, vegna þess að gamla vísitalan, sem hafði þá gilt um margra ára skeið, þótti orðin nokkuð gömul í búningi og það væri rétt að gera hér á bragarbót. Og því var lýst yfir af þeim aðilum, sem stóðu að útreikningi á þessari nýju vísitölu, að rétt væri að skipta um og taka upp hina nýju vísitölu, vegna þess að hún sýndi réttari samsetningu á raunverulegum útgjöldum meðalfjölskyldunnar. Þá, 1959, þótti hér vera um miklu réttari útgjöld að ræða hjá meðalfjölskyldunni í landinu, eins og hún var þá, heldur en meðan gamla vísitalan var uppi. En nú sýnir samanburðurinn, að leggi maður til grundvallar tímakaup verkamanns, sem í gildi var, þegar vísitalan var tekin í gildi í marzmánuði 1959, og tímakaup verkamanns aftur á móti nú, þá sýnir það sig, að verkamanninn vantar með alveg hliðstæðum samanburði miklum mun meira til þess að hafa fyrir öllum útgjöldum samkv. vísitölunni nú heldur en hann vantaði þá. Þessi staðreynd sýnir það, að það hefur hallað á í kjörum hjá verkamanninum í þessu tilfelli.

Það hefur auðvitað enginn verið að halda því fram, að verkamaðurinn verði nú að lifa af 67 þús. kr. kaupi, þótt það sé raunverulega ekki hægt að gera það samkv. því, sem reiknað er með í vísitölunni. Það hefur enginn haldið því fram, að verkamaðurinn verði að gera þetta. Það hefur hins vegar verið bent á það, að verkamenn hafa neyðzt til þess að haga vinnu sinni á allt annan hátt til þess að fá nægilega mikið kaup. Og um það segja einmitt opinberar skýrslur þetta, sem hér hefur verið getið um áður í umr., að árið 1961 var svo komið, að verkamenn hér í Reykjavík urðu að leggja á sig svo mikla eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu, að röskiega þriðji hlutinn af öllu þeirra árskaupi var til kominn vegna eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu. Það heldur því enginn þessu fram, sem hæstv. ráðh. var hér mikið um að ræða, að verkamenn verði að lifa af 67 þús. kr. tekjum. Við vitum, að tekjurnar eru í mjög mörgum tilfellum hærri en þetta. En sú tekjuhæð byggist á þessu, að verkamaðurinn verður að vinna lengri tíma en áður, hann verður að leggja á sig meira af eftir- og nætur- og helgidagavinnu en hann áður gerði.

Í umr. um þetta mál s. l. föstudag talaði hér hæstv. dómsmrh., formaður Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson. Hann lagði sérstaka áherzlu á það í ræðu sinni, að það, sem verið væri að gera nú með flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir

um kaupbindingu, væri algerlega hliðstætt því, sem gerðist á tímum vinstri stjórnarinnar í ágústmánuði 1956, þaðan væri fordæmið sótt og því væri í rauninni óeðlilegt, að þeir aðilar, sem stóðu að þeirri lagasetningu, sem þá var út gefin í formi brbl., skyldu taka ákvæðum þessa frv. illa.

Mér þykir full ástæða til að víkja nokkuð nánar að þessu, hvað raunverulega var gert með setningu brbl. í þessum efnum haustið 1956. Hér er ekki um sambærileg mál að ræða, heldur mætti miklu fremur segja, að hér væri um tvær algerar andstæður að ræða, eins og ég skal sýna fram á. Í frv., sem var gert að lögum í ágústmánuði 1956, var verðlag allt í landinu bundið í 4 mánuði undantekningarlaust. Er verðlagið bundið í landinu með þessu frv. eða með þeim lögum, sem hér er ráðgert að setja? Nei, síður en svo. Hér er beinlínis gert ráð fyrir því, að verðlag geti farið hækkandi á *næstu tveimur mánuðum*. Það er beinlínis talað um það í grg. frv., að í öllum þeim tilfellum, þar sem svo stendur á, að um einhverja tilkostnaðarhækkun hefur orðið að ræða, sem ekki er komin inn í verðlagið nú, þá sé eðlilegt að taka tillit til þess. Verðlagið er ekki bundið fast nú, það var bundið fast þá.

Með þeirri lagasetningu, sem nú er ráðgert að fram komist, er gert ráð fyrir því að binda kaupið og banna verkföll og banna nýja kaupgjaldssamninga. Með brbl. frá 1956 var kaupið ekki bundið. Stéttarfélögin gátu tekið upp samninga þá, því að þau höfðu frjálsa samninga. Þau gátu gert verkfall, það var enginn réttur af þeim tekinn þannig. Á þessu er því grundvallarmunur.

En hvað var það þá, sem var að gerast í ágústmánuði 1956, og hvað er það, sem er að gerast nú? Í ágústmánuði 1956 voru sett brbl. um það, að 6 vísitölustig, sem áttu að koma til framkvæmda þá eftir nokkra daga inn í kaupgjaldsvísitöluna, skyldu falla niður og kaupgjaldsvísitalan skyldi síðan verða óbreytt til áramóta, enda allt verðlag í landinu bundið. Þar var því um að ræða að fella niður 6 vísitölustig, það er rétt. Segja mátti auðvitað, að hér virtist vera um nokkra kauplækkun að ræða, þar sem 6 vísitölustig áttu að falla niður og kaup átti ekki að hækka samkv. því. En á það var bent, að málin lágu þannig fyrir, að eftir aðeins 15 daga, þegar þessi brbl. voru sett, áttu samkv. samningum og lögum, sem voru í fullu gildi, að koma til framkvæmda ákveðnar verðhækkanir. Þá áttu landbúnaðarvörurnar að hækka í verði. Og kaupið gat þann 1. des. þar á eftir ekki hækkað samkv, gerðum samningum að öllu leyti á móti hækkandi landbúnaðarvöruverði, því að kaupið átti ekki að hækka að þeim hluta til, sem afurðaverðshækkunin stafaði af hækkandi kaupi bænda. Það var því um reikningsdæmi fyrir forsvarsmenn launþeganna í landinu að ræða, hvort það borgaði sig fyrir þá að gefa eftir þessi 6 vísitölustig gegn því, að þær verðhækkanir á landbúnaðarvörum og öðrum vörum, sem um var samið að ættu að koma til framkvæmda, þessar verðhækkanir yrðu látnar falla niður. Og það var auðvelt að reikna dæmið. (**Forseti:** Þar sem liðið er yfir venjulegan fundartíma deildarinnar, vildi ég biðja hv. þm. að gera svo vel að gera hlé á ræðu sinni.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni hér í kvöld, var ég í miðju máli að gera nokkurn samanburð á því, sem gerðist í ágústmánuði 1956. með setningu brbl. þá um kaupgjalds- og verðlagsmál, og svo því, sem hæstv. ríkisstj. leggur til að gert verði nú í launamálum. Ég hafði þá þegar bent á, að hér er um tvennt alveg gerólíkt að ræða. Þá var ekki um að ræða að binda kaup með lögum. Þá var ekki heldur tekinn neinn réttur af launþegum til að semja um kaup sitt við vinnuveitendur. Og þá var ekki heldur tekinn neinn réttur af launþegasamtökunum um að mega efna til verkfalla, ef þau teldu það nauðsynlegt til að fá breytingar á sínum samningum. En nú er hins vegar gert ráð fyrir því að banna öll verkföll, *banna alla nýja samningagerð og ógilda jafnvel samninga*, sem gerðir kunna að hafa verið á því tímabili, frá því að frv. er lagt fram og þar *til* það verður að lögum.

Ég hafði bent á það einnig, að frá hálfu launþegasamtakanna litu þessi mál þannig út haustið 1956, að hér var um bein hagsmunaatriði að ræða. Það var hægt að reikna það út, hvort það borgaði sig fyrir launþegana í landinu þá að halda sér við samningsákvæði og fá kaupgjaldsvísitöluna hækkaða um 6 vísitölustig 1. sept. eða hvort hitt væri þeim hagstæðara, að gefa eftir þessi 6 vísitölustig með þar tilgreindum skilyrðum, gegn þeim skilyrðum, að verð á landbúnaðarvörum hækkaði þá ekki eins og það átti þó að gera samkv. réttum reglum, heldur skyldi ríkissjóður taka á sig að greiða niður landbúnaðarvöruverðið að verulegu leyti, og gegn því skilyrði, að aðrar verðhækkanir, sem þá voru alveg fyrirsjáanlegar, yrðu stöðvaðar. Og eins og ég hafði sagt, þá höfðu forustumenn verkalýðsfélaganna í landinu séð alveg greinilega, að það var hagstæðara með tilliti til kaupmáttar launa að láta þessi 6 vísitölustig niður falla þennan tíma gegn því, að hin skilyrðin yrðu uppfyllt. Það var þetta, sem var gert.

Annað var það, sem var í grundvallaratriðum á annan veg í ágústmánuði 1956, þegar brbl. voru sett um kaupgjald og verðlag, heldur en það, sem nú er verið að gera. Í fyrra tilfellinu var beinlínis af ríkisstj. leitað eftir samkomulagi við launþegasamtökin í landinu, eftir því sem mögulegt var, og setning brbl. þá byggðist því á samkomulagi við launþegasamtökin. Þá var leitað eftir umsögn allra fjórðungssambanda Alþýðusambands Íslands, og stjórnir fjórðungssambandanna svöruðu allar á eina lund, að þær væru samþykkar setningu brbl. Sams konar samþykki fékkst frá stjórn A.S.Í., einróma samþykkt, og sams konar samþykki fékkst þá frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík, sem einnig gaf samþykki sitt til setningar laganna. Það var einnig haft samband við stjórnir flestallra stærstu verkalýðsfélaga í landinu, sem þá var hægt að ná til með góðu móti, m. a. allra þeirra stærstu, og stjórnir

félaganna samþykktu fyrir sitt leyti, að brbl. yrðu sett. Auk þessa alls var svo boðað til fundar hér í Reykjavík með öllum stjórnarmeðlimum verkalýðsfélaganna hér í borginni til þess þar að ræða efni brbl., og á þeim fundi var samþykkt með 94 atkv. gegn 15, en 17 sátu hjá, að mæla með setningu brbl. Það voru einu atkv., sem fram komu í allri þessari könnun innan verkalýðshreyfingarinnar, sem voru á móti setningu laganna. Það var því ekkert um að villast, að það var búið að bera málið undir rétta aðila, í þessum efnum og þeir höfðu goldið samþykki sitt við því, sem til stóð að gera. En núna er unnið að þessu á gersamlega annan hátt. Nú veit hæstv. ríkisstj., að hún getur ekki fengið neitt samþykki verkalýðshreyfingarinnar í landinu eða launþegasamtakanna yfirleitt fyrir þeirri lagasetningu, sem hér stendur til að koma fram. Þvert á móti hefur ríkisstj. fundið, að launþegasamtökin í landinu yfirleitt, þar í hópi einnig hennar trúustu stuðningsmenn til þessa, mótmæla setningu þessara laga.

Það, sem því liggur fyrir, er þetta, ef maður ber það saman, sem gert var með setningu brbl. haustið 1956 og með flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, þá liggur málið þannig fyrir, að í öðru tilfellinu er um kaupbindingu að ræða, en í hinu var ekki um kaupbindingu að ræða. Í öðru tilfellinu er um það að ræða, að verkföll eru bönnuð, en í hinu tilfellinu voru verkföll heimiluð. Í öðru tilfellinu er launþegasamtökunum bannað að semja um kjörin, en í hinu tilfellinu voru allir samningar opnir, menn gátu samið um ný launakjör, ef þeir óskuðu eftir því. Og í öðru tilfellinu var haft fullt samkomulag, samráð og fengið samkomulag við rétta aðila, en nú er gengið beint gegn vilja þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Það er því í rauninni alveg furðulegt, að hæstv. dómsmrh. skuli í umr. um þetta mál halda því fram, að með setningu brbl. í ágústmánuði 1956 hafi verið skapað fordæmi fyrir því, sem ríkisstj. hér leggur til að gert verði.

Þá hélt hæstv. dómsmrh. því einnig fram, að með brbl. í ágústmánuði 1956 hafi verið framkvæmd raunveruleg kauplækkun, en þetta er rangt. Skýrslur sýna, að kaupmáttur launa var hærri á árinu 1956 en hann var á árinu 1955 og einnig 1957, bæði fyrir og eftir. Kaupmáttur tímakaups verkamanna var árið 1955 talinn 96.5 stig, árið 1956 var hann 97.2 stig, en árið 1957, árið á eftir, 95.8 stig. Það er algerlega rangt, að með þeim lögum, sem þá voru sett, hafi verið framkvæmd nokkur kauplækkun.

Annað atriði, sem mjög miklu máli skiptir svo, var þarna einnig til staðar, sem þýddi, að það, sem var verið að gera í launamálunum í ágústmánuði 1956, var vitanlega á allt öðrum grunni en það, sem nú er hugsað að gera. Í frv. frá 1956 var ákveðið að stöðva allt verðlag fullkomlega í 4 mánuði. Og ýmsir af forustumönnum Sjálfstfl., sérstaklega úr verzlunarstétt, mótmæltu frv. þá sem skerðingu á sínum hagsmunum. Þeir vildu koma fram ýmsum verðhækkunum. Það kom greinilega fram í umr. hér á Alþingi, og það var vitanlega ekkert um það að efast, að það gat orðið svo í vissum tilfellum, að verðlagsbindingin, sem þá var ákveðin, gat bitnað eitthvað á verzluninni í landinu. En nú er þessu allt öðruvísi farið. Nú er beinlínis gert ráð fyrir því, að um verðlagshækkanir geti verið að ræða.

Ég minnist þess frá þeim umr., sem fóru hér fram um setningu brbl. haustið 1956, að núv. hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, lagði einmitt alveg sérstaka áherzlu á þetta, að eina virkilega nýmælið í þeim lögum, sem þá var verið að setja, væri einmitt þessi verðbinding. Þá sagði hæstv. viðskmrh. orðrétt á þessa leið í umr. um þetta mál haustið 1956:

„Mergurinn málsins er auðvitað sá, og það, sem er nýmæli við þessa lagasetningu, er, að hér er í fyrsta skipti gerð tilraun til að stöðva verðlagið og láta kaupfestingu sigla í kjölfar verðlagsstöðvunarinnar."

Það hafði einmitt verið þannig, að bæði Alþfl.-menn og við Alþb.-menn höfðum haldið því fram um langan tíma, að ástæðan fyrir hækkandi verðlagi í landinu væri einmitt, að tilteknar stjórnarráðstafanir þá um nokkurt skeið og kauphækkanirnar, sem þá voru, hafi yfirleitt siglt í kjölfar hækkandi verðlags. Við bentum þá alltaf á það, að leiðin til að draga nokkuð úr kauphækkunum væri einmitt sú að stöðva verðlagshækkanirnar, þá mætti búast við því, að kauphækkanir yrðu miklu minni a. m. k. Þarna var einmitt með setningu þessara brbl. reynt að feta nýjar slóðir. Þar var ákveðið að binda verðlagið, jafnvel þótt það þýddi nokkur útgjöld fyrir verzlunina í landinu. Og þá samþykktu launþegasamtökin í landinu undireins að fallast á að búa við óbreytta kaupgjaldsvísitölu á meðan.

Ég held nú, að þegar þessi mál eru rifjuð upp, sjái hæstv. dómsmrh., að það er lítil sanngirni í því af honum að halda því fram, að það, sem hér stendur til að gera í launamálum nú, eigi eitthvert fordæmi í aðgerðunum frá haustinu 1956. Þar er staðreyndum beinlínis snúið við. En það er svo aftur út af fyrir sig heldur lítið karlmannlegt af hæstv. dómsmrh. og hans flokki að reyna að afsaka það, sem hann er að gera nú í þessum málum, með því, að hann heldur því fram, að einhver annar hafi gert hliðstætt áður. Karlmannlegra væri fyrir hann að reyna að hleypa eðlilegum rökum undir, að það sé réttmæt ráðstöfun, sem hann er að gera, að það, sem til stendur að gera, sé réttlátt og það nái tilgangi sínum.

Annað atriði var það í ræðu hæstv. dómsmrh., sem ég vildi víkja að nokkrum orðum. Hæstv. ráðh. sagði, að á það væri oft bent, að kaupmáttur tímakaups verkamanna væri ekki hærri nú en hann hefði verið fyrir mörgum árum. Og ráðh. sagði, að í rauninni væri þetta þungur áfellisdómur yfir kaupgjaldsbaráttunni frá þessu tímabili og þeir, sem hefðu markað stefnuna í kaupgjaldsmálunum, ættu að viðurkenna, að þeirra baráttuaðferðir hefðu verið rangar, fyrst útkoman hefði orðið þessi. Og í þessum efnum rifjaði svo hæstv. dómsmrh. það nokkuð upp, hvernig ýmsar ríkisstj. hefðu brugðizt við á undanförnum árum, þegar þær þurftu að glíma við vanda efnahagsmálanna, minnti þar á allmargar gengislækkanir, sem samþykktar hefðu verið, niðurfærslur á kaupi, gerðardóma í vinnudeilum o. s. frv.

Það er nú alveg augljóst mál, að það er vitanlega ekki hægt að kenna verkalýðssamtökunum í

landinu um það, hvernig miðað hefur í þessum málum, þegar ríkisvaldið hefur gripið inn í og gert sérstakar ráðstafanir til þess að lækka kaupið með lögum. Sannleikur málsins er sá, að hefðu verkalýðsfélögin ekki andæft á móti og gert sínar gagnráðstafanir, þá væri kaupmátturinn líka miklu minni en hann er í dag.

Það er ekkert um það að villast, að það eru til almenn rök fyrir því, að kaupið á Íslandi ætti að vera hærra en það er í dag. Ég tók eftir því, að í skýrslu þeirri um efnahagsmál, sem ríkisstj. lagði hér fram á s. l. ári eða e. t. v. fyrr á þessu ári, — ég man það ekki nákvæmlega, — en það var skýrslan um þjóðhags- og framkvæmdaáætlun, þar segir ríkisstj., eflaust eftir hagfræðingum sínum í efnahagsmálum, að í ljós hafi komið, að þjóðartekjur Íslendinga á hvert mannsbarn séu, eins og þar stendur, fyllilega eins háar og í nálægum löndum hér við Ísland og tilnefnt er sérstaklega í löndum Norður-Evrópu. Þetta eru staðreyndir, sem liggja fyrir. Þjóðartekjurnar á Íslandi á hvern mann eru fyllilega eins háar og þær eru t. d. í Noregi og Danmörku, og þetta var meira að segja miðað við árið 1961, en síðan hefur okkur vegnað betur en þeim samkv. opinberum skýrslum. Við öflum því á hvern einstakling í landinu eins mikils og þeir.

En hver er þá ástæðan fyrir því, að við þurfum að greiða okkar lægst launaða vinnufólki, verkamönnum, iðnaðarmönnum, miklu lægra kaup en þessar þjóðir greiða sínum starfsmönnum? Hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því, að kaup verkamanna skuli vera lægra hér en er í Danmörku og Noregi, að kaup iðnaðarmanna í Danmörku og Noregi skuli vera miklu hærra en það er hér, fyrst við sannanlega öflum, þegar á heildina er litið, fyllilega eins mikið og þeir gera á hvert mannsbarn? Ætli það sé þá ekki vegna þess, að við skiptum heildartekjunum eitthvað öðruvísi? Einmitt af þessum ástæðum og öðrum hafa launþegasamtökin í landinu á undanförnum árum gert kröfur um að fá a. m. k. að halda þeim kaupmætti launa, sem menn höfðu búið hér við um nokkurra ára skeið. En núv. ríkisstj. alveg sérstaklega hefur verið að gera stjórnarráðstafanir, sem hafa miðað í þá átt að skerða kaupmátt launanna. Þegar svo verkalýðshreyfingin hefur gert sínar ráðstafanir og hækkað kaupið nokkuð til móts við vaxandi dýrtíð, hefur ríkisstj. komið aftur til skjalanna og fært kaupið niður á nýjan leik. Og svo, þegar hún er búin að gera þetta nógu oft, þá kemur hér hæstv. dómsmrh. og segir: Sjá nú ekki allir, hvernig þessi leikur hefur gengið? — Mönnum hefur ekkert miðað áfram, af því að hann hefur alltaf verið að færa aftur á bak, þegar aðrir hafa verið að færa áfram, og vill svo kenna þeim um, hvernig til hefur tekizt, sem hafa verið að færa áfram, en ekki hinum, sem hafa verið að færa aftur á bak. Í minum augum er þetta alveg hliðstætt því og menn segðu nú í dag við íbúana t. d. í Angola í Afríku, að það væri alveg sýnilegt, að þeirra barátta væri alröng, ætti engan rétt á sér. Þeim hefði ekki miðað betur áfram en svo, að enn þá væru þeir í hnappheldunni hjá þeim í Portúgal. Það væri alveg sýnilegt, að þetta væri röng stefna, sem þeir væru að berjast fyrir. Þó að einhver aðili hafi ekki mátt til þess að koma sínu máli fram, vegna þess að annar máttarmeiri getur haldið óréttinum við, þá þýðir það ekki, að barátta hins, sem var í þá átt að leiðrétta misréttið, sé í eðli sínu röng. Á því er enginn vafi, að það hafa verið skilyrði í okkar landi til þess, að hægt væri að greiða t. d. verkamönnum og öðru láglaunafólki í okkar landi hærra kaup en gert hefur verið. En til þess hefur auðvitað þurft að gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem menn hafa ekki verið allir á einu máli um, hvort gera ætti.

Ég er á þeirri skoðun, að á því leiki enginn vafi, að í okkar landi hafi verið ýmsir aðilar, sem á undanförnum árum hafa grætt allálitlega. Ef menn væru að vísu á þeirri skoðun, að enginn í okkar landi hafi grætt á undanförnum árum, öllu því, sem hægt hafi verið raunverulega að skipta upp milli þegnanna, hafi verið skipt og það á réttlátan hátt til verkamanna, iðnaðarmanna og annarra, þá gætu menn auðvitað haldið þessu fram. En ég er á allt annarri skoðun. Ég get því svarað hæstv. forsrh., sem hér spurði í sinni ræðu: „Hverjir eru það, sem hafa grætt?“ Og hann lézt ekkert um það vita. Ég skal nefna nokkra, sem hafa verið að græða, sem hafa fengið meira en þeim ber. Fyrst vil ég nefna banka landsins. Þar leikur enginn vafi á, reikningar þeirra eru til frásagnar. Ég hygg, að gróði þeirra, sem auðlesinn er út úr reikningum bankanna allra, hafi verið á milli 200 og 250 millj. á ári nú síðustu árin. Ég segi: Þessi gróði, sem þarna safnast upp, er óeðlilegur, hann á engan rétt á sér. Bankarnir eru í eðli sínu ekki til þess að safna fé, til þess að græða fé. Þeirra hlutverk á að vera allt annað. Þeir þurfa auðvitað, viðskiptabankarnir, að hafa tryggan rekstur, það er rétt, en það þýðir ekki, að það sé nein ástæða til þess, að þeir græði stórfé, eins og þeir hafa verið látnir gera hér á síðustu árum.

Ég skal nefna fleiri aðila. Ég efast ekkert um, að það hefur verið nú á síðustu árum verulegur gróði hjá flutningaskipunum í landinu, þeim sem hafa flutt afurðir landsmanna út úr landinu og vörur inn í landið aftur. Þessir aðilar hafa tvímælalaust grætt vel. Það er engin tilviljun, að menn þjóta í það að byggja upp ný skipafélög núna einmitt þessa dagana. Það auðvitað stendur vel á núna, því að það er nýbúið að samþykkja um 40% farmgjaldahækkun, sem á eftir að koma inn í verðlagið, auðvitað hjá einu stærsta skipafélaginu, sem þó hefur sýnt mikinn hagnað á undanförnum árum. Ég hef nokkrum sinnum áður bent á, að það er mjög augljóst dæmi í þessum efnum, að einn aðili, en það er Samband ísl. samvinnufélaga, hefur eignazt á nokkrum árum álitlegan skipaflota, þ. á m. stærsta skip landsmanna, ég hygg 9 skip, án þess að þurfa nokkurn tíma að leggja nokkurn skatt á meðlimi sína til að eignast þennan skipastól, og þeir eiga hann mjög vel afskrifaðan miðað við það verðlag, sem hann stendur í í dag. Eitt tiltölulega nýtt skipafélag, nokkurra ára gamalt, — það er eins og mig minni, að ég hafi einhvern tíma heyrt, að hæstv. landbrh. þekkti eitthvað til þess eða væri eitthvað við það riðinn, — ég held, að þetta unga skipafélag eigi 3 skip strax.

En þrátt fyrir það, þó að auðveldlega hafi mátt sjá, að skipafélögin högnuðust vel á sínum rekstri á undanförnum árum, leit hæstv. ríkisstj. þannig á málið, að nú einmitt á þessu sumri samþykkti hún að heimila skipafélögunum að ákveða farmgjöld eftir því, sem þau óskuðu sjálf að gera, að gefa alla álagningu í þeim efnum frjálsa, en eigendur skipafélaganna höfðu oft einmitt kvartað undan því, að verðlagseftirlitið vildi ekki leyfa þeim alla þá hækkun, sem þeir höfðu óskað eftir. En ríkisstj. sem sagt leit þannig á málið: Þó að skipafélögin væru sýnilega að græða, máttu þau græða meir, þó að það kostaði hækkandi verðlag í landinu, minnkandi kaupmátt launa eða þá verkföll ella.

Ég er ekki heldur í nokkrum vafa um það, m. a. af því, að nokkur þau félög hafa gefið frá sér opinbera reikninga, að vátryggingarfélögin í landinu, sem eru margfalt fleiri en gott hóf er á að hafa í þessu litla landi, þau hafa dregið til sín drjúgan gróða á undanförnum árum.

Þá efast ég ekkert um það, að olíufélögin þrjú í landinu hafa stórgrætt, en það er rétt, að það hefur oft þurft að standa í talverðum stimpingum við þau félög varðandi þá þóknun, sem þau vildu taka. Ég minnist þess, að þann tíma, sem ég var í ríkisstj., kom það fyrir í eitt skipti, að olíufélögin gerðu kröfu um það að fá að hækka verðlag á olíu, sem nam 30 millj. kr. hækkun á þóknuninni til þeirra, hefðu kröfur þeirra verið samþykktar. En þau náðu ekki fram kröfum sínum þá, en ég efast ekkert um það, að undir verðlagseftirliti núv. ríkisstj. hefur verið búið betur að þeim en þá var gert.

Svipað er líka hægt að segja um ýmsar greinar iðnaðarins. Það fer ekki á milli mála, að ýmsar greinar íslenzka iðnaðarins hafa grætt á undanförnum árum. Þessir aðilar og margir fleiri hafa tekið of mikið til sín, og það hefði verið auðvelt að gera ráðstafanir til þess, að þessir aðilar tækju minna, en laun t. d. þeirra lægst launuðu í landinu mættu í staðinn hækka nokkuð.

Og síðast, en ekki sízt, má svo nefna heildsalana. Þeir þeirra, sem eru stærstir og búa við beztu umboðin, efast nokkur hv. alþm. um, að þeir raki saman fé? Ég held, að það efist enginn alþm. um það. Þeir hafa stórgrætt, heildsalarnir, sem búa við beztu umboðin, hafa stórgrætt á undanförnum árum.

Gróðinn er því til. Hann er tekinn af vissum aðilum, og það má bæta einum aðila enn þá við. Það er ekkert að efast, að ríkissjóður hefur líka tekið til sín allt of mikinn hagnað. Það eru aðeins nokkrir dagar síðan skýrt var frá því hér á Alþingi, að afkoma ríkissjóðs hafi verið svo góð á árinu 1962, að ríkissjóður hafi haft í rekstrarafgang 295 millj. kr. og í beinan greiðsluafgang, þegar búið var að greiða upp alla fjárfestingu, sem ríkið stóð í, um 170 millj. kr. Og svo stóð þetta vel hjá ríkissjóði, að það var ákveðið að taka a. m. k. 100 millj. af þessu og leggja inn á sérstaka sparisjóðsbók hjá ríkinu. Og þó er upplýst núna, að afkoma ríkissjóðs sé miklum mun betri í ár en hún var 1962. Tekjuafgangurinn mun verða miklu meiri. Þarna er verið að safna upp í gróða. Ríkið er að taka of mikið í tollum af þeim varningi, sem fluttur er inn til landsins, eða leggja á of háan söluskatt, hækka verðlagið í landinu fram yfir það, sem þörf var á. Þessum hagnaði vitanlega væri hægt að ráðstafa á annan hátt, m. a. á þann hátt að bæta kjör þeirra, sem aftur úr hafa dregizt.

Hæstv. dómsmrh. sagði hér í umr. á föstudaginn, þegar hann ræddi um kjaradóm, að það mætti ekki kenna ríkisstj. um kjaradóm, hún bæri ekki meiri sök á honum en alþm. almennt. Hæstv. ráðh. lýsti því að vísu yfir, að hann teldi ýmislegt miður farið í niðurstöðum dómsins, hann væri ekki á niðurstöðuna sáttur í öllum greinum og að ætlunin hafi í rauninni aldrei verið sú að samþykkja með kjaradómi neinar launahækkanir til opinberra starfsmanna. Ekki vil ég nú sérstaklega kenna hvorki einum né neinum um kjaradóm, en ég held hins vegar, að ríkisstj. sleppi ekki svona auðveldlega frá því, sem gerðist í þeim málum varðandi niðurstöðu kjaradóms, þannig að það hafi aldrei staðið til að hækka kaup opinberra starfsmanna um eitt eða neitt og hún eigi enga sök á í sambandi við launahækkun, sem þar hefur komið fram. Ég man ekki betur en það hafi verið fjmrh. sjálfur fyrir hönd ríkisstj., sem gerði opinberum starfsmönnum ákveðið launatilboð, og ég man vel eftir því, að ég las það í Morgunblaðinu m. a. fyrir kosningar, að þar var sagt, að ríkisstj. hefði boðið þeim launakjör, sem mundu þýða um 30% launahækkun að meðaltali. Ríkisstj. hafði því gert þarna alveg ákveðið tilboð. Það mun hins vegar vera, að kjaradómur hafi hækkað allt saman og ákveðið meðaltalshækkunina meiri. En frá hinu verður ekki hlaupið, ríkisstj. hafði gert þetta, blöð ríkisstj. höfðu skýrt frá þessu. Og ég geri ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi gert þetta á sínum tíma, ja, hvort tveggja líklega til þess að gera sig svolítið góða fyrir opinberum starfsmönnum rétt fyrir kosningar, af því að þeir vildu fá launahækkun og þeir töldu sig eiga rétt á að fá launahækkun og töldu eins og aðrir, að málin hefðu þróazt þannig í landinu, að þeir þyrftu að fá launahækkun. Einnig býst ég við því, að ríkisstj. hafi miðað eitthvað við það í sínu tilboði, að þjóðarbúskapurinn stæði undir þessu. Ekki hefur ríkisstj. verið að gera þetta tilboð alveg að óhugsuðu máli eða t. d. til þess að reyna að steypa öllu fjárhagskerfinu um koll, það er útilokað.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að eini ágreiningurinn, sem við Alþb.-menn hefðum haft varðandi setningu l. um laun opinberra starfsmanna, hefði verið sá, að við hefðum viljað ganga enn þá lengra en gengið var, og vildi láta orð að því liggja, að við hefðum m. a. viljað hækka kaup þeirra hæst launuðu enn meira en gert var. Þetta er alger misskilningur. Okkar sérstaða kom greinilega fram við setningu þessara laga, og hún var fólgin í því, að við töldum eðlilegast að ganga þannig frá samningamálum á milli opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins, að opinberir starfsmenn hefðu nákvæmlega sama rétt til að semja um kjör sín og berjast fyrir breytingum á kjörum sínum og allir aðrir starfsmenn í landinu hafa samkv. l., og þeir gætu einnig haft verkfallsrétt, ef samningar tækjust ekki eftir eðlilegum leiðum. Við lýstum því yfir, að við værum á móti kjaradómi sem slíkum, við teldum það mjög vafasama

leið og vildum ekki styðja hana, að efna til þess að kveða upp dóm um það, hver skyldu vera laun hinna ýmsu stétta í landinu. Sjálfstfl. hins vegar hefur lengi barizt fyrir því og gerði það mjög dyggilega í sambandi við setningu þessara laga. Hann vildi endilega fara þessa leið, að ef ekki tækjust samningar, þá skyldi kveða upp dóm, eins og þar segir, óvilhallra manna um kaupið. Og svo, þegar dómurinn kemur, rétta menn upp höndina og segja, að þetta sé vafasamur dómur og nú þurfi eiginlega að gera sérstakar efnahagsráðstafanir í landinu til að hnekkja dómnum. Og hæstv. ráðh. spurði nokkrum sinnum í sinni ræðu, hvort launþegar aðrir í landinu, t. d. verkamenn og iðnaðarmenn og aðrir slíkir, vildu samþykkja á sig kjaradóm. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að það er afstaða verkalýðshreyfingarinnar almennt að vera á móti slíku fyrirkomulagi. Stefnan þar er sú, að menn vilja hafa rétt til að semja við sína atvinnurekendur um launakjörin og ef ekki takast samningar með eðlilegum hætti, þá eigi launþegar rétt á því að standa saman félagslega og neita því að vinna upp á þau kjör, sem þeir telja að séu of lág fyrir sig.

Svo kom hæstv. forsrh. og talaði hér alllangt mál til viðbótar sinni framsöguræðu og drap á ýmislegt af því, sem fram hafði komið hér í umr., og það voru nokkur atriði, sem hann minntist hér á, sem mig langar til að víkja að.

Hæstv. forsrh. lagði á það sérstaka áherzlu, að ástæðan til þess, að ríkisstj. flytti nú þetta frv. um launabindingu, væri m. a. sú, að það hefði vofað yfir sú hætta, að ýmsir starfshópar kynnu að semja um svo hátt kaup, að þeir lægst launuðu hefðu orðið út undan og farið illa út úr leiknum að lokum. M. ö. o.: ástæðan til þess, að frv. er flutt, er sérstök umhyggja fyrir láglaunamönnum í landinu. Er þetta nú ekki heldur mikið, hæstv. forsrh., að reyna að fitja upp á þessu? Sem sagt, eftir að þeir menn í landinu, sem helzt er hægt að flokka undir hátekjumenn, þeir hæst launuðu hjá ríkinu, þeir hæst launuðu í bönkunum, þeir hæst launuðu hjá Reykjavíkurbæ, ásamt svo með blaðamönnum við Morgunblaðið, sem gerðu verkfall s. l. sumar og fengu sína hækkun, þegar búið er að smokra þessu inn fyrir, þá á að loka á og segja: Hingað og ekki lengra. — En þá er komið að þeim láglaunuðu, að þeir vilja fara að fá sinn hlut, og þeim er svo sagt: Þetta er bara gert fyrir ykkur, til þess að þið farið ekki illa út úr því.

Nei, ég held, að svona röksemdir verði ekki metnar mikils hjá neinum. Það er ábyggilega ekki af neinni umhyggju fyrir afkomu þeirra láglaunuðu, sem þetta frv. er flutt. En í sambandi við þetta er einmitt rétt að athuga alveg sérstaklega það, sem kom fram í þessum umr. hjá hæstv. forsrh. og hjá hæstv. viðskmrh., sem talaði fyrir hönd Alþfl. í málinu, hvað það er, sem ríkisstj. hyggst raunverulega gera, þegar hún kemur með sjálf bjargráðin í málinu, þegar frestur inn á að vera liðinn.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að samþykkt hefði verið á miðstjórnarfundi Alþfl., að þeir Alþfl.-menn skyldu styðja þetta frv. á Alþingi, en þó í trausti þess, að eftirtaldar ráðstafanir yrðu gerðar í launamálum. Og hvaða ráðstafanir átti að gera? Í fyrsta lagi átti að setja lágmarkskaup, í öðru lagi áttu að koma skatta- og útsvarsívilnanir fyrir þá lægst launuðu, í þriðja lagi átti að færa tekjur frá þeim hæst launuðu yfir til þeirra lægst launuðu. Og svo sagði hæstv. forsrh. og það margsinnis í sinni ræðu, að það yrði að koma í veg fyrir frekari kauphækkanir en orðið væri.

Hvernig á nú að koma þessu öllu saman? Jú, það er enginn vafi á því, hvernig dæmið er hugsað. Frekari kauphækkanir en orðið er má ekki samþykkja. Af því þurfti að stöðva. Hvernig á þá að fara með þessa láglaunuðu? Jú, það á að taka af þessum hálaunuðu og færa yfir til hinna, án þess þó að hækka kaupið þeirra. Hvernig á að gera það? Jú, það á að gera á þann hátt, og þar koma til einmitt skatta- og útsvarsfríðindin, að það á að segja við þessa, sem hafa fengið þegar háa kaupið, þessa, sem hafa 22 þús. eða 24 þús. kr. í mánaðarkaup: Nú látum við skattstigann og útsvarsstigann taka kúfinn ofan af hjá ykkur. Þið skuluð lenda í skattamaskínunni. Ríkissjóður tekur þennan háa skatt af svona háu kaupi, og bæjarsjóðirnir taka í útsvör sinn hluta af þessu háa kaupi. — Þannig verður vitanlega sagt við þá, sem hafa fengið háa kaupið: Þið fáið auðvitað að halda háa kaupinu, sem hefur verið samið um, en við tökum eftir þessum leiðum nokkuð til baka. — Þá eru peningarnir komnir í allríkum mæli í bæjarkassann og ríkiskassann frá þessum hátekjumönnum. Þá er að koma þeim yfir til þeirra láglaunuðu, og það á að gera þannig, að það verður sagt við þá láglaunuðu: Nú sníðum við neðan af skattstiganum og útsvarsstiganum þannig, að þið þurfið ekki að borga ýkja mikinn skatt eða útsvar. Þannig hefur ykkur verið ívilnað, og svo fáið þið einhverjar tryggingabætur til viðbótar, og þetta verður sem sagt fært á milli á óeiginlegan hátt, án þess að kaupið sjálft hafi hækkað.

M. ö. o.: menn hugsa sér þá fjarstæðu að ætla að framkvæma þessa hluti þannig, að kaupbindingin standi raunverulega áfram. Venjulegur bókari, sem vinnur hjá ríkinu, getur haft 12 þús. kr. á mánuði. Sams konar bókari, sem vinnur hjá bæjarfélaginu í Reykjavík, getur líka haft 12 þús. kr. á mánuði. En bókari af sömu gráðu í einkarekstri á að hafa 6—7 þús. kr. á mánuði, og svo á að segja við þennan mann: Þú hefur það raunverulega alveg eins gott og hinir, því að við tökum ofan af launum hinna með sköttunum, en þú færð tryggingabætur, og svo skaltu bara una við þinn hag. — Og eins á að fara með bæjarstarfsmenn á ýmsum stöðum. Nokkur bæjarfélög hafa þegar sloppið inn fyrir og samþykkt þessa miklu kauphækkun. Önnur bæjarfélög hafa ekki fyrir frestinn samþykkt kauphækkunina hjá sér, og þar eiga menn í sams konar störfum áfram — ekki bara til áramóta, heldur út næsta ár að búa við lága kaupið.

Það er enginn vafi á því, að það er þessi hugsun, sem liggur á bak við hjá hæstv. ríkisstj. Hún er að bögglast við að ætla sér ekki aðeins að fresta í tvo mánuði þessu ástandi,

sem nú er, hún er að bögglast við að ætla að lögfesta þennan mismun áfram. En það er enginn efi á því, að þetta er óvinnandi verk, þetta er óframkvæmanlegur hlutur. Þetta mundi aldrei standast í framkvæmd. Ef bæjarstarfsmennirnir í Reykjavík eiga að fá tiltekna launahækkun, þá er ómögulegt að koma í veg fyrir það, að hliðstæðir starfsmenn í öðrum byggðarlögum landsins fái líka hliðstæða kauphækkun, og það er engin leið heldur að standa á móti því, að ef skrifstofumenn hjá ríkinu eða Reykjavíkurbæ hafa fengið tiltekna kauphækkun, þá verða hliðstæðir skrifstofumenn, sem vinna hjá öðrum, að fá hliðstæð laun. Það verður ekki heldur, eins og ég benti á í umr. á föstudaginn, hægt að framkvæma slíka fjarstæðu, að síldarkonurnar hér við Faxaflóa eigi að salta hverja síldartunnu fyrir allt annað verð en síldarkonurnar á Norður- og Austurlandi söltuðu í sumar. Samningarnir, sem gerðir voru um alveg hliðstæð kjör við síldarsöltun, voru ekki gerðir hér fyrir sunnan fyrr en 10—12 klukkutímum eftir að ríkisstj. lagði sitt frv. fram hér á Alþingi, og því eru þeir samningar ógildir. Það á að reyna að knýja það fram, að þessar síldarkonur hér fyrir sunnan vinni upp á lægra kaup en aðrir hafa unnið fyrr á árinu nákvæmlega hliðstæð störf. Þetta er óframkvæmanlegt. Það er auðvitað hægt að reyna að framkvæma þetta, en það hlýtur að mistakast. Það getur vel verið, að í nokkra daga verði þetta þannig, að t. d. atvinnurekendurnir, sem láta salta síld, byrji bara þegjandi og hljóðalaust á að borga sama kaup og greitt var fyrir austan og norðan, brjóti lögin í trausti þess, að ríkisstj. fari ekki að gera sig hlægilega með því að stefna þeim, að lögsækja þá. Það getur verið, að þetta verði framkvæmt þannig. En allt um það, þá hefur slík lagasetning sem þessi ekkert gildi. Að ætla sér að lögbinda misrétti á þennan hátt, það fær ekki staðizt.

Það, sem á að gera í þessum efnum, er vitanlega að viðurkenna staðreyndir, en staðreyndirnar eru þær, að á fjölmörgum vinnustöðum í landinu er nú svo um hið umsamda lágmarkskaup verkamanna og verkakvenna og iðnaðarmanna, að það er ekki farið eftir því. Samningarnir eru yfirborgaðir. Það er alkunna, að á flestum stöðum hér í Reykjavík, þar sem unnið er að byggingarframkvæmdum, þar eru borgaðar milli 40 og 50 kr. á tímann fyrir venjulega verkamannavinnu. Og það mætti segja mér það, að þegar ríkisstj. tekur svona á vandamálunum eins og gert er í þessu frv. og skapar í rauninni panik-ástand í landinu, þá verði þeir æðimargir, sem hafa byggingar undir hér í Reykjavík, sem koma til með að bjóða betur næstu daga, af því að þeir telja sér lífsnauðsyn að reyna að flýta verkunum, áður en meira óveður skellur á í þessum efnum. Það er líka, eins og ég hef sagt, alveg vitað, að á ýmsum stöðum varðandi sjálfa framleiðsluna, eins og t. d. í síldariðnaðinum, hefur verið um allverulegar umfram-launagreiðslur að ræða frá hinum skráðu kauptöxtum. Og hvernig ætli það sé hérna í iðnaðinum? Ég hygg, að þeir séu ekki ýkjamargir, sem vinna hér hjá vélsmiðjunum í landinu og trésmiðjunum, sem ekki fá a. m. k. 15—20% yfir skráð kaupgjald eða yfir þá kauptaxta, sem um hefur verið samið.

Það þarf að viðurkenna staðreyndir í þessum efnum, beygja sig fyrir þeim. Kaup hinna lægst launuðu verður að aðlagast því ástandi, sem orðið er í landinu. Það verður að hækka. Dýrtíðin er orðin það mikil og ýmsir aðrir hafa fengið þannig launahækkun, að það er ekki hægt að láta þá lægst launuðu liggja eftir, það er útilokað.

Þáttur Alþfl. í þessu máli er býsna merkilegur. Sú var tíðin lengi, að Alþfl. hafði það sem yfirlýsta stefnu, að hann gæti ekki verið með því að binda kaupgjald eða afnema samningsréttinn og verkfallsréttinn. Það kom hér fyrir á Alþingi nokkrum sinnum, að Alþfl. dró ráðh. sína út úr ríkisstj. vegna deilna um þessi efni, en það ber ekkert á neinum útdrætti ráðh. núna. Núna virðist það vera fullkomið samkomulag, að þeir sitji áfram í ríkisstj., þrátt fyrir það að þetta gamla stefnumál Alþfl. sé brotið á þann hátt, sem hér er ráðgert að gera. En það er nú kannske ekki meira en í ýmsum öðrum greinum varðandi stefnuna í efnahagsmálunum almennt.

Ég minnist þess, að fyrir örfáum árum lýsti hæstv. núv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, yfir hér á Alþingi hvað eftir annað, að það væri eitt af meginstefnumálum Alþfl. að hafa strangt verðlagseftirlit og að berjast gegn hinni svonefndu frjálsu verzlun Sjálfstfl., eins og Sjálfstfl. raunverulega túlkaði hana. En hvað hefur þessi hæstv. ráðh. verið að gera einmitt í efnahagsmálunum að undanförnu, varðandi einmitt þessi mál? Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, er yfirmaður verðlagseftirlitsins. Hann er sá ráðh., sem fer með þessi mál. Hann hefði því getað staðið fast á stefnu Alþfl. En hvað hefur hann gert? Hann hefur verið að samþ. það æ ofan í æ að undanþiggja hvern vöruflokkinn á fætur öðrum öllu verðlagseftirliti eftir kröfu Sjálfstfl. Og nú síðast í sumar, eins og ég sagði í byrjun minnar ræðu, samþykkti þessi hæstv. ráðh. að heimila skipafélögum að ákveða flutningsgjöld á vörum, eftir því sem þau vildu. Meginhluti flutningsgjaldsins skyldi verða frjáls þvert ofan í yfirlýsta stefnu Alþfl.

Hæstv. viðskmrh. sagði hér í umr. haustið 1956, þegar brbl. þá voru sett um verðlag og kaupgjald, eins og ég las upp fyrr í minni ræðu, að það væri einmitt eitt meginatriði þá og það merkilegasta í þeirri lagasetningu, að þá var gert ráð fyrir því að binda verðlagið, heimila engar verðhækkanir, til þess að kaupið gæti staðið óbreytt á meðan. En nú, hvernig er stefna Alþfl. nú? Nú er stefnan þessi: að standa að frv., sem heimilar verðlagshækkanir, en bannar kauphækkanir. Þannig hefur sem sagt þessu mikilvæga stefnuskrármáli Alþfl. verið gersamlega snúið við og Alþfl. eltir nú stefnu íhaldsins í þessum efnum.

Sjálfstfl. var á þeirri skoðun haustið 1956, að það ætti ekki að banna allar verðhækkanir. Hann lýsti því hins vegar yfir, að hann væri samþykkur því að festa kaupið, en nú er sem sagt Alþfl. kominn inn á þessa stefnu

Sjálfstfl. að vilja standa að því að festa kaupið, þó að verðlagið megi halda áfram að hækka á meðan.

Hæstv. viðskmrh. sagði í umr. á föstudaginn ýmislegt, sem sannarlega hefði gefið tilefni til að ræða við hann um, varðandi efnahagsmálin almennt. Hæstv. ráðh. sagði, að vandinn, sem við væri að glíma í efnahagsmálunum nú, stafaði af því, að eyðsla þjóðarinnar hefði orðið of mikil á þessu ári, neyzlan hefði vaxið of mikið og fjárfestingin hefði vaxið of mikið, og hann sagði, að sérstaklega hefði fjárfesting einkaaðila vaxið langt fram úr gerðum áætlunum. En hæstv. viðskmrh. sagði: Ástæðan til þess, að þetta hefur farið svona, eyðsla þjóðarinnar hefur orðið of mikil, neyzlan hefur vaxið of mikið og fjárfestingin hefur vaxið of mikið — hver var orsökin? — orsökin var sú, að það hefðu orðið of miklar kaupgjaldshækkanir á árinu 1962. Það var nú það. Sem sagt, það er þá auðvitað enginn vafi á því, að það er skoðun þess manns, sem þetta segir, það hlýtur að vera hans skoðun, að það þurfi að lækka kaupið frá því, sem það er núna. Hann virðist ekki einu sinni ætla að sætta sig við að festa það þar, sem það er, heldur beinlínis að lækka það, til þess að áframhaldandi umframeyðsla geti ekki átt sér stað.

Nú var það svo, að kauphækkanir t. d. verkamanna á árinu 1962 voru sérstaklega litlar. Það var samið seint í júnímánuði eða byrjun júlí, þá var samið um kauphækkun, sem nam 9.5%, þar sem kauphækkunin var mest, á nokkrum liðum í kauptöxtunum, en í mörgum tilfellum var kauphækkunin ekki nema 4—6%. En það hafði verið samið um þessi 4%, að þau skyldu koma inn, það var samið um það árið á undan. En þrátt fyrir þetta segir hæstv. viðskmrh., að kauphækkanirnar á árinu 1962 séu orsök vandamálsins núna. Ég efast ekkert um það, að eins og hæstv. viðskmrh. setur upp þessi mál, þá er engum blöðum um það að fletta, að þegar neyzlan í landinu hefur vaxið mikið og fjárfestingin hefur vaxið mikið, þá hefur sem sagt þjóðin sem heild haft úr miklu að spila. En hún hefur úr fleiru að spila en því, sem kemur aðeins í gegnum kaupgreiðslur samkv. lægstu kauptöxtum. Hæstv. viðskmrh. hlýtur að gera sér grein fyrir því, að þó að við lækkuðum kaupið í einni verksmiðju um t. d. 10—15%, þannig að launþegarnir þar færu með 10—15% minna kaup frá borði, þá eru allar líkur til þess, að eigandi verksmiðjunnar fari þá með jafnháa upphæð umfram sér til handa frá borði, og hann getur vissulega haldið áfram að eyða í þjóðfélaginu eða ráðstafa eða fjárfesta ekkert síður en launþegarnir.

Og það er líka hægt að koma fjármunum yfir til ýmissa aðila eftir öðrum leiðum en bara eftir kaupleiðinni. Ég skal nefna eitt dæmi, og ég óska eftir því, að hæstv. viðskmrh. ræði um það alveg sérstaklega, þegar hann tekur hér næst til máls. Hann veit, að hæstv. ríkisstj. hefur gert þær ráðstafanir í efnahagsmálunum, að hún hefur heimilað innflutningsverzluninni í landinu að taka stór svonefnd vörukaupalán til stutts tíma erlendis. Þessi vörukaupalán hafa numið nú á þessu ári í kringum 600 millj. kr. M. ö. o.: það er varningur fluttur inn í landið fyrir lánsfé, verzlunin getur selt þetta út til aðila í landinu og lánað það líka, eins og hún hefur gert. Hún hafði fengið svigrúm til þess með þessari lántöku að setja þessa vöru út og lána hana. Heldur hæstv. viðskmrh., að þessi stjórnarráðstöfun varðandi heimildina til verzlunarinnar að mega taka þessi lán hafi ekkert haft að segja varðandi þenslu í landinu? Ég spyr hæstv. ráðh.: Heldur hann það?

En ástæðurnar til þess, að ríkisstj. heimilaði þessar lántökur verzlunarinnar, voru auðvitað þær, að verzlunin í landinu vildi hvort tveggja fá aukið umráðafé til sinnar starfsemi frá því, sem áður var, og hún vildi líka fá fé með lægri vöxtum en viðreisnarvöxtunum í landinu. Þessi lán gat hún tekið erlendis og fengið þau með 4—5% vaxtakjörum, í staðinn fyrir 9—10% vaxtakjörum í bönkunum. Aðrir landsmenn, ef þeir þurfa að taka lán, máttu borga viðreisnarvextina, en verzlunin mátti fá þessi sérhlunnindi og taka þessi lán. Og reyndar var þetta enn hagstæðara fyrir verzlunina, því að hún fékk að leggja þessa vexti af þessum stuttu vörukaupalánum inn í vöruverðið og velta því yfir í verðlagið í landinu. Í þessum tilfellum var verið að dekra við verzlunina, það var verið að aðstoða verzlunina við að græða meira, og þá var ekki hirt um það, þó að þetta hefði kannske nokkuð vafasamar afleiðingar í efnahagslífinu. En hitt þurfti að passa, að þeir lægst launuðu í landinu fengju ekki of margar krónur á milli handa.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri staðreynd, að fjárfestingin í landinu hefði orðið sérstaklega mikil á þessu ári hjá einkaaðilum, vaxið um 28% á þessu ári. Hvernig skyldi nú standa á þessu, að fjárfestingin varð svona mikil hjá einkaaðilum? Eru það bara launþegar í landinu, sem standa undir þessari fjárfestingu með sínu of háa kaupi, eða skyldu einhverjir aðrir standa undir þessari fjárfestingu? Við vitum, að sú fjárfesting, sem hinir almennu launþegar í landinu aðallega standa undir, það er sú fjárfesting, sem tengd er við íbúðarhúsabyggingar. Hún er auðvitað allmikil, og þó hefur hún verið að flestra dómi minni en þörf hefur verið á miðað við þarfir þjóðarinnar. En nú vil ég spyrja hæstv. viðskmrh.: Telur hann, að fjárfesting einstaklinga í íbúðarhúsabyggingum hafi verið of mikil? Er það stefna Alþfl. nú og ríkisstj., að minnka beri þá fjárfestingu, sem orðið hefur á þessu ári í íbúðarhúsabyggingum, en ég vil ætla, að allmikið af launþegum í landinu eigi þar hlut að máli? Eða vill kannske hæstv. ráðh. viðurkenna það, að t. d. heildverzlunin hér í Reykjavík hafi fjárfest nokkuð mikið á þessu ári? Vill hann kannske viðurkenna það, að þeir hafi byggt nokkuð stórt hérna inn með Suðurlandsbrautinni, að þeir hafi byggt nokkuð mikið? Það þarf auðvitað stór hús og myndarleg til þess að taka við mikilli bílasölu og geta sýnt þetta, látið bílana standa þar innanhúss öllum til sýningar. Þeir hafa ekki dregið neitt af sér að byggja slík hús. Hvaðan hafa þessir aðilar,

sem hafa fjárfest svona mikið á vegum einstaklinga, t. d. í slíkum byggingum, en opinberar skýrslur segja, að fjárfestingin í verzlunarhúsnæði og iðnaðarhúsnæði hafi orðið sérstaklega miklu meiri en áður, — hvaðan hafa þessir aðilar fengið peninga til þess að fjárfesta svona mikið? Ríkisstj. segist hafa stjórn á peningamálum þjóðarinnar, hafa látið Seðlabankann hafa þar glöggt auga á, hvað fram færi, og hann hefur líka refsað hinum bönkunum með allt að 18% vöxtum, ef þeir lánuðu út of mikið. Skyldi það vera, að það hafi samt lekið út úr bankakerfinu til verzlunarinnar hér í Reykjavík, svo að hún gæti staðið undir þessari óeðlilegu fjárfestingu? Skyldi það vera? Já, það leikur enginn vafi á því. Skýrslur Seðlabankans sýna þetta. Þær sýna, að á fyrstu 7 mánuðum ársins 1963 hafði verzlunin í landinu aukið við fyrri lán sín um 234 millj. kr. á 7 mánuðum, eða hærri upphæð en sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður til samans höfðu aukið sín lán. Það hafði nefnilega lekið til verzlunarinnar allverulega í gegnum alla fjármálastjórnina, til þess að hún gæti haldið áfram að fjárfesta of mikið. En það er nú ekki aðeins það, að verzluninni hafi verið heimilað að taka mikil erlend lán með sérstökum vildarkjörum, svo að hún hefði meira svigrúm, og ekki það, að hún hefði fengið ríflegri lán en aðrir úr bankakerfinu, heldur er enginn vafi á því, að verzlunin hefur verið að fjárfesta svona mikið, af því að hún hefur grætt mikið, af því að þar hefur safnazt fé og þeir vildu koma fénu fyrir. Þetta hefur verið þróunin í þessum efnum.

Við höfum sagt það hér, Alþb.-menn, að vísasta ráðið í þessum efnum sé hreinlega að ákveða í stórum dráttum fyrir fram, hvað skuli fjárfesta mikið á árinu, hvað fjárfestingin í íbúðarhúsabyggingum skuli vera mikil, hvað fjárfestingin á vegum sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar skuli vera mikil í aðalatriðum, og svo ákveða, að verzlunin í landinu og aðrir þeir, sem lengi hafa möguleika til að græða mikið fé, fái ekki að ráðast í fjárfestingu nema eftir þar til settum leiðum. Það er út af fyrir sig hart, ef verzlunin í landinu setur allt úr skorðum hjá ríkisstj., því að það ætla ég, að hafi núv. ríkisstj. verið nokkrum aðila í þessu landi góð, þá hefur hún verið það við innflutningsverzlunina í landinu.

Hæstv. viðskmrh. sagði svo, að hann teldi, að vegna þess kapphlaups, sem iðulega hefði gert vart við sig milli einstakra starfshópa í landinu um launakjör, þá væri sýnilegt, að ríkisvaldið yrði að koma til, ef bæta ætti launakjör verkafólks eða hinna lægst launuðu. Er þá svona komið, að það sé orðin stefna Alþfl., að það eigi að vera ríkisstj., sem á að ákveða kaup verkamanna og verkakvenna og þeirra lægst launuðu í landinu, að það eigi að vera ráðh., hvort sem þeir eru heldur 6 eða 7, sem eiga að skammta þessum aðilum? Þetta jafngildir auðvitað því að segja, að þessir aðilar hafi ekkert við samningsrétt að gera og þar af leiðandi ekki heldur verkfallsrétt, þeir geti engu komið fram á þann hátt. Eina leiðin til þess að bæta kjör þeirra sé, að ríkisvaldið komi þeim til hjálpar. Og það er svo gert á þennan sérkennilega hátt, sem lýsir sér nú í flutningi þessa frv.

Í frumræðu sinni um málið sagði hæstv. forsrh. nokkur orð um ástand efnahagsmálanna, eins og það hefði verið, þegar viðreisnarstefnan hófst. Og hann, eins og frsm. meiri hl. í fjhn., sagði, að nauðsynlegt hefði verið að taka upp hina nýju stefnu viðreisnarinnar, m. a. vegna þess, að atvinnuvegir landsins hafi á tímabilinu þar næst á undan þróazt í svo óheppilegan farveg. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh. eða frsm. meiri hl. í fjhn., sem var Davíð Ólafsson, sem jafnframt er fiskimálastjóri landsins og þekkir því talsvert mikið til varðandi þýðingarmesta atvinnuveg þjóðarinnar: Að hvaða leyti hafði þróunin verið óheppileg, þróun atvinnumála á Íslandi, t. d. á árabilinu frá 1956 og til 1960? Hvaða þættir uxu þá hér upp í íslenzku atvinnulífi, sem höfðu orðið okkar þjóðarbúskap til ills og hefur þurft að uppræta? Hvaða greinar voru þetta, sem blómguðust þá, sem uxu þá upp? Að hvaða leyti varð þróunin þá í atvinnumálum landsins óhagstæð þjóðhagslega?

Opinberar skýrslur sýna, að á þessu tímabili ók fiskiskipastóll landsmanna alveg sérstaklega mikið. Var það óheppileg þróun? Síldarverksmiðjur voru byggðar í þeim landsfjórðungum, þar sem þær voru ekki til áður, og einmitt þar sem aðalframleiðslan hefur orðið síðan? Var það óheppileg þróun? Skýrslur þær, sem Fiskifélagið m. a. gefur út, sýna, að það hefur aldrei verið meiri þátttaka í fiskveiðum og framleiðslustörfum okkar, miðað við þau atvinnutæki, sem þjóðin átti, heldur en á árunum 1957 og 1958. Nýting fiskiskipastólsins varð meiri og betri þá en hún hefur orðið síðan. Frystihús landsmanna voru þá miklu betur nýtt og framleiðslan varð meiri hjá þeim. Við fluttum þá minna út úr landinu af óunnum fiski en við gerum nú. Við unnum meira af honum. Mig langar til að fá að vita það, m. a. frá fiskimálastjóra og auðvitað hæstv. forsrh. líka, hvað það var í þróun atvinnuveganna, sem var svona óhagstætt upp á verðmætasköpun í landinu. Í minum augum er það svo, að það er nákvæmlega sama, hvort litið er til landbúnaðar eða sjávarútvegs, þá átti sér stað á þessum tíma mjög þýðingarmikil og gagnleg þróun í rétta átt. Hitt er svo allt annað mál, hvort það fyrirkomulag, sem í gildi var varðandi ýmsar greiðslur eða skráningu á gjaldeyrinum, var til frambúðar eða var það æskilegasta að öðru leyti. Hinu verður ekki neitað, hvernig staðreyndirnar liggja fyrir um vöxt atvinnutækjanna og notkun atvinnutækjanna og þjóðarframleiðslunnar. Og við vitum það einmitt, að sá grundvöllur, sem lagður var í þessum efnum einmitt á þessum árum, árunum áður en nýsköpunarstefnan kom til, það er einmitt sá grundvöllur, sem byggt hefur verið á nú og skilar mestum árangri nú í verðmætasköpun hjá þjóðinni. Það hefði orðið stutt í síldveiðum okkar á árunum 1961—1962, ef við hefðum þá búið að sama fiskiskipaflotanum og við áttum á

árunum 1955—1956, svo að við tökum það sem dæmi. Það hefði líka orðið heldur lítið um nýtingu veiðinnar, ef við hefðum staðið þar í sömu sporunum á árunum 1961—62 og við stóðum á árunum 1955—56. Nei, þróunin í þessum efnum var æskileg. Hún var heppileg. Á henni einmitt lifum við núna. Það er sannleikur málsins.

En menn eiga ekki að endurtaka einhvern svona frasa, sem einhver hefur sagt. Ég hef séð þennan frasa, frá hagfræðingunum, þeir hafa slöngvað þessu út fyrir nokkrum árum, að þetta hafi verið svo. Enginn þeirra hefur vitanlega getað svarað því, hvað bak við þennan frasa liggur. Það eina, sem ég heyrði, var það, það kom einhvern tíma fram hér á Alþingi, að þá hefðu verið í gildi reglur um sérstakar smáfiskuppbætur og af því hefðu menn auðvitað sótzt eftir því að veiða smáfiskinn, að því að hann var vel bættur, alveg sérstaklega. Þetta er auðvitað hlægilegt. Sérstaklega er það hlægilegt í augum þeirra, sem eitthvað þekkja hér til mála, ef þeir halda, að menn hafi gert út á smáfisk hérna á árunum, af því að það hafi verið hin hagstæðasta útgerð. Auðvitað var það þá eins og nú, að það var óhagstæðasta útgerðin.

Hæstv. forsrh. sagði, að fyrir viðreisnina hefði verið ráðizt í ýmsar framkvæmdir, sem hefðu gefið lítið í aðra hönd. Hvaða framkvæmdir var ráðizt hér í áður, t. d. á tíma vinstri stjórnarinnar, sem gáfu lítið í aðra hönd, þannig að það þurfti að brjóta við blað og skipta um stefnu? Það er rétt, að það komi fram. Hæstv. forsrh. sagði, að þá hefði verið, fyrir tíma viðreisnarstefnunnar, skortur á erlendu lánsfé í landinu. En sagði ekki einmitt ríkisstj., að búið væri svo að segja að sökkva þjóðinni í botnlausar skuldir með því að taka of mikið af erlendum lánum? Allt stangast þetta hvað við annað. Þetta er auðvitað hrein fjarstæða. Það stóð ekkert á því á þessum tíma að fá erlend lán. Sannleikurinn var sá, að þá voru fjölmargir aðilar, sem óskuðu eftir því að fá að taka erlend lán, t. d. til fiskiskipakaupa, en þeim var beinlínis neitað um að taka þessi erlendu lán, vegna þess að þá ríkti sú stefna, að við ættum í aðalatriðum að borga þann innflutning, sem væri til landsins á hverju ári. En nú hefur verið hafður allt annar háttur á þessum efnum, því að nú hefur verið leyft að flytja inn almennar nautnavörur, sem étast upp á stuttum tíma, og þær hafa verið teknar að láni líka. En þau lán hafa svo bara ekki verið talin með í almennu uppgjöri á því, hvernig ástatt væri í landinu.

Þegar kom að síðari gengislækkun ríkisstj. í ágústmánuði 1961, sagði hæstv. forsrh., að sú gengislækkun hafi verið alveg óhjákvæmileg vegna of mikilla kauphækkana, því að útflutningurinn hefði ekki getað risið undir þessari kauphækkun. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig stóð á því, að þessi gengislækkun, sem þá var samþykkt, var framkvæmd með þeim hætti, að ríkisstj. tók 150 millj. kr. af útflutningnum í sérstakan skatt sem beinan gróða af gengislækkunarráðstöfununum? Það lágu hér fyrir birgðir í landinu af útflutningsvörum, sem auðvitað áttu að hækka í krónum talið eftir hina nýja gengisskráningu, og auðvitað var ekkert einfaldara en annaðhvort að hafa gengislækkunina minni og láta útflutninginn hafa þennan hagnað eða þá láta útflutninginn hafa allan hagnaðinn, ef hann virkilega þurfti á því að halda. En ríkisstj. framkvæmdi gengislækkunina þannig, hafði hana svo mikla, að ríkissjóður græddi 150 millj. beint á gengislækkuninni, tók þessa upphæð og skákaði henni í sérstakan sjóð. Þetta eitt út af fyrir sig sannar algerlega, að það var engin þörf af efnahagslegum ástæðum fyrir gengislækkunina í ágúst 1961.

Það, sem verst er af öllu við þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að mínum dómi það misrétti, sem frv. felur í sér, og sú réttindasvipting, sem í frv. felst. Eins og ég hef bent á, er beinlínis gert ráð fyrir því að mismuna launasamtökunum í landinu. Einum er leyft það, sem öðrum er bannað í algerlega hliðstæðum tilfellum. Þetta una menn aldrei við. Svo er hitt, að það er engin von til þess, að launþegasamtökin í landinu geti sætt sig við það, að undirstöðuréttindi þeirra séu skert á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem er samningsrétturinn og verkfallsrétturinn. Hæstv. ríkisstj. hefur auðvitað líka séð, hvernig málinu er tekið. Hún hefur þegar heyrt allmikið af því. Hún hefur fengið mótmæli úr öllum landshlutum frá tugum félaga, og ég trúi því varla, að það knýi ríkisstj. ekki til umhugsunar um málið, þegar hún fær mótmæli skipti eftir skipti frá þeim aðilum, sem hún veit að hafa verið hennar stuðningsmenn.

Ég ætla, að ríkisstj. hafi t. d. veitt því athygli, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur nýlega gert einróma samþykkt um mótmæli gegn frv. Þar er um að ræða mótmæli, eins og ég segi, frá ýmsum landsþekktum stuðningsmönnum stjórnarinnar, sem verið hafa. Ég þori ekki að kalla þá stuðningsmenn hennar lengur. En getur það verið, að ríkisstj. veiti þessu ekki athygli, að hún fari ekki að hugsa sinn gang, þegar hún sér, að málin snúa svona við? Hefur ekki ríkisstj. misreiknað sig í þessu dæmi? Er hún ekki að sjá það núna, að hún hefur gert rangt? Og væri nú ekki hyggilegast að fara að þeim ráðum, sem ég ráðlagði hæstv. ríkisstj. hér við 1. umr. málsins, að hún endurskoði þessa ákvörðun sína og hætti við að láta lögfesta þetta frv., hún beygi af og setjist að samningaborðinu með fulltrúum launþegasamtakanna í landinu, eins og henni var boðið upp á, áður en hún flutti frv., og reyni á þann hátt að finna lausn á þeim vanda, sem við er að glíma, á þann eina hátt, sem framkvæmanlegur er? Ríkisstj. verður að átta sig á því, að sú stefna hennar að ætla að leysa efnahagsvandamálin án þess að hafa samkomulag um lausnina við launþegasamtökin í landinu er röng. Það er einmitt þýðingarmesta atriðið fyrir ríkisstj. að ná samkomulagi við þessi stóru stéttasamtök. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann, hvort hann geti lokið ræðu sinni á fáum mínútum eða óski frekar eftir því, að henni verði frestað.) Ekki á fáum mínútum, það mundi taka líklega hálftíma. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar gert hér nokkuð að umtalsefni ýmislegt af því sem fram hafði komið fyrr í þessum umr.

af hálfu ríkisstj. En ég hafði ekki lokið að fullu og öllu að svara því, sem fram hafði komið í ræðum ráðh., og mun nú halda áfram, þar sem frá var horfið.

Ég veitti því athygli, að í umr. á föstudaginn lagði hæstv. dómsmrh. nokkra áherzlu á það, að vissulega væri hér við mikinn vanda að glíma í efnahagsmálum landsins. En hann sagði, að í rauninni ættum við öll við þennan vanda að glíma, þetta væri ekki vandi ríkisstj. einnar, heldur allra landsmanna, og hliðstæð vandamál hefðu legið fyrir þjóðinni æðioft áður á undanförnum árum. Hann vildi svo halda því fram, að ríkisstj. ætti ekki meiri sök á þessum vanda en ýmsir aðrir aðilar í landinu. Það skal játað með hæstv. dómsmrh., að vissulega stöndum við hér allir á Alþingi frammi fyrir þessu vandamáli. Vandamálið er auðvitað ekki ríkisstj. einnar, það er rétt, að við höfum stundum áður þurft að glíma við nokkuð hliðstæð vandamál í efnahagsmálum. En til þess að einhver leið eigi nú að verða út úr vandamálunum, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvaða orsakir liggja til vandans. Það er engin leið til þess að skapa samstöðu um það, sem gera á til lausnar vandamálinu, ef ekki tekst að átta sig á því sameiginlega, hvað er, sem veldur vandamálinu. Og hvers vegna er þessi vandi svo mikill nú í dag í okkar efnahagsmálum?

Eins og bent hefur verið á hér áður, er ekkert um það að deila, að síðustu ár hafa verið mjög hagstæð fyrir þjóðarbúið sem heild. Árið 1961 var mikið framleiðsluár, útflutningsvörur þjóðarinnar fóru mjög hækkandi í verði og verð á innfluttum vörum lækkaði einnig, svo að viðskiptakjörin voru sérstaklega hagstæð. Árið 1962 varð þó framleiðslan enn þá meiri en árið 1961 og tekjuöflun þjóðarinnar sem heildar var enn þá meiri en hún hafði nokkurn tíma áður orðið á einu ári. Og ég hygg, að allir játi, að árið í ár, það sem af því er, hefur verið mjög hagstætt framleiðsluár. Og það er játað af ríkisstj., að enn þá standa málin þannig, að aðalútflutningsvörur þjóðarinnar fara fremur hækkandi í verði heldur en hitt. Þegar svona stendur á, er a. m. k. ekki hægt að kenna árferðinu um eða því, að lítið hafi aflazt. Orsakanna er ekki að leita þar. En liggur þá ekki beinast við að halda, að sú stjórnarstefna, sem gildandi hefur verið, sem mörkuð hefur verið af ríkisstj. nú um 4 ára skeið í þessu góðæri, sé eitthvað röng, fyrst útkoman er þessi, að við stöndum í þessum miklu vandamálum? Er ekki eitthvað bogið við stefnuna? Ég veit, að ríkisstj. segir, að fólkið í landinu hafi heimtað of mikið, launastéttirnar hafi tekið of hátt kaup, kaupgetan hafi reynzt of mikil. En þá kemur hin spurningin: Er mögulegt fyrir ríkisstj. að halda áfram völdum í landinu, ef hún getur ómögulega sansað landsmenn á þennan hátt, að þeir verði að láta sér nægja það, sem hóflegt er, ef ríkisstj. getur ekki komizt að neinu eðlilegu samkomulagi t. d. við launþegana í landinu? Verður það ekki að vera grundvöllur að stjórnarstefnu, að ríkisstj. geti haft vald á þýðingarmestu málum þjóðarinnar, að hún geti verið svo mikið í takt við þjóðina, að hún fallist þó a. m. k. á lágmarksráðstafanir í þýðingarmestu málum? En nú stendur sem sagt ríkisstj. frammi fyrir því, að svo að segja allir launþegar í landinu segja: Við erum óánægðir með það, sem okkur er skammtað. Við álítum, að við eigum rétt á hærri launum. Verðlagið í landinu hefur þróazt þannig, að við teljum, að við þurfum að fá hækkað kaup. En ríkisstj. virðist samt halda sig við að segja: Þetta er rangt hjá öllum launþegum landsins, þeir hafa ekki ástæðu til að taka sér svona mikið kaup þrátt fyrir þá verðlagsþróun, sem verið hefur í landinu.

Ég er fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um það, að í þessum efnum er ríkisstj. að stangast við staðreyndir. Hún getur ekki neitað launþegum í landinu um rétt til hækkaðs kaups, á meðan beinar stjórnarráðstafanir leiða til þess, að dýrtíðin í landinu eykst. Ríkisstj. veit, að tvennar gengislækkanir á s. l. 4 árum hafa vitanlega leitt til stórhækkandi verðlags. Hún veit líka, að nýir söluskattar, sem hún hefur lagt á, hafa leitt til hækkandi verðlags. Ríkisstj. veit, að hinir háu vextir, sem hún hefur ákveðið sem einn lið í sinni stjórnarstefnu, hafa leitt til hækkandi verðlags. Og ríkisstj. veit líka mætavel, að stefna hennar í verðlagseftirlitsmálum og verðlagningarmálum hefur leitt til þess, að álagningin hefur hækkað og þjónustukostnaður milliliðanna hefur farið vaxandi. Þetta allt hefur leitt til þess, að dýrtíðin hefur aukizt, og kröfur launastéttarinnar koma svo á eftir um hækkað kaup.

Mér finnst, að þetta liggi svo augljóslega fyrir, að það sé útilokað, að ríkisstj. reyni lengur en orðið er að neita þessum staðreyndum, að hún hljóti að verða að viðurkenna þetta, að leiðir hennar í efnahagsmálum hafa leitt til svo vaxandi dýrtíðar, að kallað hefur beinlínis á hækkandi kaup á móti, og þar í liggur höfuðvandinn. Ég vil því segja, að það er þungur áfellisdómur, svo að ég noti orð hæstv. dómsmrh., — það er þungur áfellisdómur, sem hlýtur að vera kveðinn upp yfir stjórnarstefnunni, að nú mitt í góðærinu skuli vera svona komið eftir fjögurra ára viðreisnarstefnu, að ríkisstj. stendur frammi fyrir meiri og alvarlegri vandamálum en hún stóð frammi fyrir í upphafi tímabilsins. Það er þungur áfellisdómur yfir þessari stefnu.

Það er svo aðeins að lemja höfðinu við steininn að skilja undirtektir launþegasamtakanna í landinu við þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., á þann hátt, að vissir forustumenn í samtökum launþega séu að misnota launþegasamtökin til að vera á móti þessu frv. Frsm. meiri hl. fjhn. viðhafði þessi orð hér í umr. nú í dag, að forseti Alþýðusambandsins væri að misnota þau samtök og hann beitti sér nú fyrir því, að forustumenn verkalýðsfélaganna í landinu snerust öndverðir gegn þessu frv. ríkisstj. Hér er um mikinn misskilning að ræða. Auðvitað láta forustumenn verkalýðsfélaganna um allt land og annarra launþegasamtaka í landinu engan einn mann skipa sér neitt fyrir eða segja sér neitt fyrir. Staðreyndin er hins vegar sú, að fólkið í launþegasamtökunum, það er það, sem rís upp og neitar fyrir sitt leyti að fallast á stefnu þá, sem ríkisstj. er nú að reyna að knýja fram í þessu frv. Og eins og hér hefur verið bent á áður, kemur greini-

lega fram, að það eru ekki aðeins pólitískir andstæðingar núv. ríkisstj., sem standa að þessum mótmælum öllum, heldur eru það einnig ýmsir þeir, sem hingað til hafa verið taldir dyggir stuðningsmenn stjórnarstefnunnar. Ríkisstj. á því að skilja þessi mótmæli, sem nú berast úr öllum áttum, hún á að skilja mótmælaaðgerðirnar, sem líka birtast úti á vinnustöðunum, og hún á að taka tillit til þeirra á eðlilegan hátt. Stjórnin bætir á engan hátt sína stöðu með því að neita þessum staðreyndum.

Ég hafði sagt hér áður í þessum umr., að mér sýndist enginn vafi leika á því, að hugmyndir ríkisstj. væru þær að festa ekki aðeins kaupgjaldið eins og nú er í dag um tveggja mánaða tímabil, meðan málið væri til athugunar, heldur væri ætlunin sú, að festa kaupgjaldið, eins og það nú er, um lengri tíma. Mér sýnist líka, þegar ég les yfir nál. meiri hl., að þar séu tekin af öll tvímæli í þessum efnum. Í nál. segir m. a. orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarið hafa þeir atburðir gerzt, að kröfur hafa komið fram um miklar kauphækkanir og vinnustöðvanir verið boðaðar. Augljóst er, að ef orðið yrði við þeim kröfum, þótt ekki væri nema að hluta, væri hætt við því, að ókleift reyndist að leiðrétta það misræmi, sem skapazt hefði, án þess að breyta genginu.“

Þótt ekki væri nema að hluta. Það er sem sagt alveg greinileg áherzla á því, að það má ekki verða við þessum kaupkröfum, ekki einu sinni að litlum hluta. Ef það yrði gert, þá er gengislækkunin óhjákvæmileg. Mér sýnist, að þetta ásamt öðru, sem ég hef hér tilfært áður, sýni, svo að ekkert er um að villast, að hugmyndir ríkisstj. í dag eru þær að binda kaupið eins og það nú er, með öllu því misrétti, sem þar er ríkjandi, binda það ekki aðeins í tvo mánuði, heldur binda það við þetta stig áfram. En þetta er, eins og ég hef sagt, með öllu útilokað. Við þetta fær ríkisstj. ekki staðið. Hún getur ekki framkvæmt þessa stefnu. Hitt er svo aftur annað mál, hvort leikurinn er gerður til að leggja fram þessar óviturlegu till., búast jafnvel fyrir fram við því, að þær verði sigldar um koll af því fólki, sem vill ekki sætta sig við slík ólög, og þegar staðreyndin liggur fyrir, að ekki verður farið eftir þessum till. í framkvæmd, þá eigi að snúa við blaðinu og segja: Nú er ekkert nema gengislækkunin eftir, og nú verðum við því miður að samþykkja gengislækkunina. Og það er auðvitað þeim að kenna, sem brutu niður okkar ágætu lög.

E. t. v., segi ég, er þetta tilgangurinn. Ég veit það ekki. En það er sitt hvað, sem beinlínis bendir til þess, að svona sé málið hugsað. En sé það ekki, held ég, að málið sé komið nægilega langt áleiðis til þess, að ríkisstj. ætti að læra af því, sem fram er komið í málinu, og snúa til baka aftur, láta ekki samþykkja þetta óviturlega frv., en snúa sér að því að ná samkomulagi við launastéttirnar í landinu um kaupið og nauðsynlegustu ráðstafanir í efnahagsmálunum. Ríkisstj. á þennan möguleika enn. Það er hægt að leysa málið á þennan hátt.

Mig langar svo að lokum að minnast hér á nokkur atriði, sem ég álít að gera ætti í efnahagsmálunum, eins og sakir standa nú.

Í fyrsta lagi álít ég, að skipta eigi um stefnu í þessum málum hvað það snertir, að ríkisstj. eigi að ganga til samninga við launþegasamtökin í stað þess að ætla að reyna að leysa málin án alls samkomulags. Þetta er fyrsta atriðið, sem menn þurfa að vera sáttir um af nýrri stefnu. Mér er það alveg ljóst, að samkomulag við launþegasamtökin, eins og málin standa nú, tekst ekki nema á þeim grundvelli, að kaup hinna lægst launuðu verði eitthvað hækkað. Það er alveg útilokað annað.

Í öðru lagi mundi ég segja, að gera ætti nokkrar ráðstafanir til að bæta hag útflutningsframleiðslunnar, sem stendur höllustum fæti í dag, og gera henni kleift að taka á sig talsverða kauphækkun. Þetta er hægt t. d. með eftirtöldum ráðstöfunum:

Það er hægt í fyrsta lagi að lækka útflutningsgjöldin á sjávarafurðum úr 7.4%, sem þau eru nú, t. d. niður í 2.4%, eða í svipaða hæð og þau voru um langan tíma. Á þennan hátt væri hægt að létta af útflutningsframleiðslunni skatti, sem nemur 5% af útflutningsverðinu. Miðað við útflutninginn, eins og hann er nú, má reikna með, að þetta nemi í kringum 200 millj. kr. Ég hygg, að útflutningurinn fari nú að nálgast um 4000 millj. Ég veit, að sagt verður: Nú gengur þessi skattur að talsvert verulegu leyti í sérstakan vátryggingarsjóð fiskiskipa, og þannig rennur þetta núna til útgerðarinnar aftur, þessi skattur. — En ég tel, að það eigi að taka upp nýtt kerfi, og um það höfum við Alþb.-menn flutt till. áður, en það er í meginatriðum þannig, að ríkið á að taka í sínar hendur vátryggingarnar á öllum fiskiskipastólnum og það á að ákveða tiltölulega lág iðgjöld þar, ekki hærri en 2%, eða svipuð iðgjöld og eru gildandi hjá fiskibátaflotanum í Noregi. Og við eigum að hafa vátryggingarkjörin í höfuðatriðum svipuð og þar gilda. Það er hugsanlegt, að það yrði í byrjun einhver halli á þessari tryggingastarfsemi á vegum ríkisins, en þá verður bara að greiða hann til að byrja með af almannafé. En ég hygg, að miklar líkur standi til þess, að hægt verði að reka þessar tryggingar án nokkurrar meðgjafar. Það væri mjög eðlilegt, að ríkissjóður tæki þarna á sig talsverða áhættu, þannig að vátryggingarupphæðin yrði ekki öll endurtryggð. Ég hygg, að hægt væri á þennan hátt að aðstoða veikasta þáttinn í útflutningnum allverulega.

Í öðru lagi á að aðstoða útflutninginn með því að lækka vextina, og alveg sérstaklega á að lækka vextina á afurðalánum mikið frá því, sem nú er. Það er engin ástæða til þess að hafa vextina á afurðalánum hærri en t. d. 2½—3%. Með slíkum vaxtakjörum væri Seðlabankanum fyllilega borgið, hann væri ekki í neinni hættu, enda er það margviðurkennt, m. a. af efnahagssérfræðingum ríkisstj., að þetta er framkvæmanlegt, fyllilega framkvæmanlegt. Einu rökin, sem færð voru fram á móti þessari miklu vaxtalækkun, voru þau, að afleiðingin mundi verða sú, að afurðalán landbúnaðarins mundu njóta þessarar vaxtalækkunar líka. En það er ekkert stórmál, þó að landbúnaðurinn

fengi að njóta þessarar vaxtalækkunar líka, og breytir engu um afkomu Seðlabankans. En almenn vaxtalækkun mundi vera mikill stuðningur fyrir sjávarútveginn sem heild, því að þar með mundu stofnlán öll verða á hagstæðari kjörum en þau eru nú og rekstrarlán líka, en auk þess mætti svo lækka vextina á afurðalánum enn meir.

Í þriðja lagi má fella niður tolla á ýmsum rekstrarvörum útgerðarinnar, og það er síður en svo nokkuð óeðlilegt, það er fyllilega í samræmi við það, sem er hjá flestum öðrum þjóðum varðandi einmitt þau kjör, sem útflutningsatvinnuvegirnir þar búa við.

Í fjórða lagi væri svo að mínum dómi nauðsynlegt til stuðnings útflutningsframleiðslunni að breyta allverulega um stefnuna í markaðsmálum. Það á ekki að knýja útflutningsframleiðsluna eins mikið inn á óhagstæða markaði og nú er gert.

Þessar ráðstafanir, sem ég hef bent á, og vissulega mætti telja hér upp miklu fleiri, gætu allar gagnað útflutningsframleiðslunni allverulega, enda hafa útgerðarmenn sjálfir bent á allar þessar till.

Í þriðja lagi tel ég, að breyta eigi um stefnu í efnahagsmálum frá því, sem nú er í þeim efnum, og taka ákveðna stjórn á innflutningsmálunum og stjórn á fjárfestingarmálunum. Það verður að hafa fullkomið vald á því, að innflutningur til landsins hverju sinni verði ekki úr hófi fram eða óeðlilega mikill af ýmsum þeim vörum, sem þjóðinni er engin þörf á að eyða gjaldeyri sínum í. Stjórnin á fjárfestingarmálunum er þó enn þá nauðsynlegri, því að það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að það geti verið á valdi peningamannanna í landinu fullkomlega, í hvaða fjárfestingu ráðizt er hverju sinni. Lítið þjóðfélag eins og okkar þolir þetta ekki undir neinum kringumstæðum.

Það var verið að skýra frá því nú fyrir stuttu, að ýmsir áhugasamir peningamenn hefðu myndað með sér félag til að kaupa eitt flutningaskip enn þá í hópinn. Þetta varð af sérstökum ástæðum nokkuð sögulegt, hvernig þetta gekk fyrir sig, og ætla ég ekki að fara út í það. En þetta gera þessir áhugasömu menn á þeim tíma, þegar talið er af öðrum, sem reka þessa starfsemi, að við höfum nægilega mikið af skipum til að annast okkar flutninga. En ég vil bæta því við, að það voru engar hömlur í gildi í dag í fjárfestingarmálum okkar Íslendinga, sem hefðu komið í veg fyrir, að þarna hefði ekki verið um einn hóp að ræða, eins og var, þeir hefðu alveg eins getað verið 10, þeir hefðu getað skrapað saman fé og slegið svo út úr bönkum hér og þar viðbótarfé til þess að kaupa ný flutningaskip. Það voru engar reglur, sem bönnuðu þetta. Þeir gátu gert þessa ráðstöfun. Auðvitað hefði þetta ekki verið neinn happafengur fyrir rekstur okkar þjóðarbús. Þetta hefði verið röng ráðstöfun, óheppileg, líklega leitt til hækkandi flutningsgjalda almennt séð í landinu. En afrek eins og þetta gætu gerzt í því stjórnleysisástandi, sem nú er ríkjandi hjá okkur, og þetta og margt fleira sýnir okkur, að við þurfum einmitt að hafa ákveðna og fasta stjórn á fjárfestingarmálunum. Þessi sjálfvirku ráð efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar nú, sem í gildi eiga að vera, reynslan hefur sýnt, að þau duga ekki.

Í fjórða lagi tel ég, að lækka eigi vexti almennt hér í landi, og það kæmi auðvitað fleirum til góða en bara útflutningsframleiðslunni, sem ég minntist á áðan. Almenna vaxtalækkun á að samþykkja, og hún kæmi að verulega miklu gagni varðandi verðlagsmálin almennt.

Í fimmta lagi á að gera ráðstafanir í húsnæðismálum, til þess að hægt sé hér á landi að lána út nokkurt fé til íbúðarhúsabygginga með ekki hærri vöxtum en 2—3% og þar sem lánstíminn væri 50—60 ár. Með því að gera slíkar ráðstafanir, þá værum við að gera hliðstætt og nágrannar okkar í Noregi og Danmörku hafa gert löngu áður. Og við eigum auðvitað að gera ákveðnar ráðstafanir til þess, að tiltekinn hluti af sparifjármynduninni á hverjum tíma gangi til íbúðarhúsabygginga. Ef slíkar ráðstafanir væru gerðar, sem auðvitað kosta nokkurt fé, og kann að vera, að ríkissjóðurinn yrði þar nokkuð að hlaupa undir bagga í byrjuninni, þá er enginn vafi á því, að við stefndum í áttina til þess að lækka húsnæðiskostnaðinn, og þar með gerðum við kleift að bæta lífskjör launþega í landinu án beinna kauphækkana að verulegu leyti.

Í sjötta lagi tel ég, að gera eigi sérstakar ráðstafanir til að lækka hið almenna vöruverð í landinu, eða a. m. k. ráðstafanir, sem þyddu, að vöruverðið þyrfti ekki að hækka eins og allt stefnir að nú. Þessar ráðstafanir gætu verið fólgnar í því í fyrsta lagi að fella niður 3% söluskattinn, a. m. k. á öllum þeim vörum, sem eitthvað telja í daglegri lífsframfærslu almennings. Hitt skiptir minna máli, þó að þessi skattur héldi áfram að hvíla á ýmsum minna nauðsynlegum varningi, sem gengur kaupum og sölum í landinu. En það á að aflétta þessu gjaldi á öllum nauðsynjavörum. Það á t. d. að hætta að innheimta þennan 3% skatt af fiskmeti, sem menn borða daglega hér á landi. Slíkt nær vitanlega engri átt, að ætla að nota þann fisk, sem menn kaupa sér daglega í matinn, sem einhvern skattstofn fyrir ríkissjóð. Söluskatturinn mun gefa nú í kringum 300 millj. kr. eða þar um bil. Ég geri ráð fyrir því, að niðurfelling þessa skatts gæti þýtt tekjutap fyrir ríkið upp á 200 millj. kr. Það má vel vera. Í öðru lagi þá álít ég, að það sé hægt að lækka vöruverð í landinu með því að lækka tolla allverulega á brýnustu lífsnauðsynjum líka. Þær á ekki að tolla neitt verulega. Þetta er hægt, það mundi auðvitað þýða einhverja tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð, en það er hægt að bæta þá tekjuskerðingu á annan hátt. Í þriðja lagi á svo að gera beinar ráðstafanir til þess að skera niður álagninguna í heildsölu og í ýmsum tilfellum einnig í smásölu, þannig að álagningin sé alls ekki hærri en hún var um það leyti, sem hér var í gildi sæmilegt verðlagseftirlit. En álagningin hefur einmitt verið hækkuð í tíð núverandi ríkisstj. í mörgum greinum. M. a. álít ég, að það eigi að færa niður aftur þá flutningsgjalda-

hækkun, sem hefur verið að ganga í gildi nú síðustu dagana.

Það er rétt, ríkið mundi tapa einhverjum tekjum við ráðstafanir eins og þessar, en það er hægt að bæta ríkinu þetta upp. Í fyrsta lagi er þess að geta, eins og ég hef minnzt hér á áður í þessum umr., að afkoma ríkissjóðs er mjög góð. Þar er um beinan tekjuafgang að ræða. Allmyndarlegur afgangur var frá árinu 1962, og enn þá meiri afgangur verður frá þessu ári. Það sýnir, að ríkið hefur tekið of mikla tolla, of mikinn söluskatt, haldið uppi óþarflega háu verðlagi. En auk þess hefur svo ríkið möguleika til að fá inn miklu meiri tekjuskatt samkv. gildandi tekjuskattslögum en innheimtur er nú, ef eðlilegt skattaeftirlit væri ríkjandi í þessu landi. Það hefur margsinnis verið bent á það, m. a. af ýmsum þekktustu hagfræðingum landsins, að það mundi skipta mörgum hundruðum milljóna króna af sannanlegum tekjum manna í landinu, sem fer fram hjá skattaeftirliti ríkisins. Ég man ekki annað betur en hér á Alþ. nefndi m. a. núverandi hæstv. viðskmrh. í þessu sambandi einu sinni 500 millj. kr., og hef ég þó heyrt annan hagfræðing nefna enn þá hærri tölur.

Á því leikur enginn vafi, að ýmsar greinar rekstrarins í landinu búa við þá aðstöðu samkv. skattalögum, að þar eru möguleikar á að skjóta undan framtölum verulegum tekjuupphæðum. Eftirlitið í þessum efnum er sáralítið. Með því að herða á þessu eftirliti mundu koma fram miklu meiri tekjur en nú koma fram, og tekjur ríkisins af beinum sköttum mundu þannig fara verulega hækkandi og gætu þannig jafnað upp að nokkru leyti tekjuskerðingu, sem ríkið yrði fyrir, með því að lækka toll af nauðsynjavörum og með því að fella niður 3% söluskattinn á nauðsynjavörum.

Auk þess tel ég svo, að ríkið gæti hæglega skapað sér auðveldan tekjustofn með því að taka í sínar hendur verzlun með ýmsar þær vörur, sem teljast lúxusvörur eða lítt þarfar vörur og tvímælalaust gefa nú mikinn gróða í aðra hönd. Við skulum t. d. taka alla gosdrykkjaframleiðslu í landinu og sölu á gosdrykkjum. Það er enginn vafi á því, að í þessari grein er um stórkostlegan gróða að ræða. Mér var sagt, að nýlega hefði það verið upplýst, að tiltekið smágjald, sem er lagt á hverja gosdrykkjaflösku í landinu, sem seld er, en gjald þetta gengur til styrktar fávitum, hafi gefið um 17 millj. kr., þetta tappagjald, aðeins tappagjaldið eitt. Það er enginn vafi á því, að ef ríkið tæki í sínar hendur sölu á þessari vöru og hirti þar allan þann gróða, sem nú gengur í vasa milliliða, þá væri þar um álitlegan tekjustofn að ræða. Og það eru ekki aðeins gosdrykkjavörurnar, heldur mætti bæta við þennan hóp fjöldamörgum öðrum vörutegundum, sem auðvelt væri fyrir ríkið að hirða hagnaðinn af. Vandinn er því ekki fólginn í því að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, sem hann kynni að verða fyrir á því að létta nokkuð tollum af nauðsynjavörum eða söluskatti af nauðsynjavörum. En með því að vinna í þessa átt, þá mætti, eins og ég segi, lækka nokkuð vöruverð í landinu, en það mundi að sjálfsögðu jafngilda kauphækkun fyrir launþega í landinu almennt.

Í sjöunda lagi tel ég, að breyta eigi um stefnu frá því, sem verið hefur, að því leyti til, að sjá þurfi um, að bankakerfið allt í landinu sé notað skipulega til að stuðla að eðlilegri uppbyggingu á framleiðsluatvinnuvegunum, alveg sérstaklega útflutningsframleiðslunni, að fjármagni í bönkunum sé beint til hags fyrir útflutningsframleiðsluna til að örva þannig framleiðsluna og bæta þar með hag þjóðarinnar sem heildar, og auk þess eigi svo að beita bankakerfinu skipulega að því að leysa t. d. húsnæðisvandamálin, svo brýn sem þau eru. Núna er bankastarfinu ekki beitt að mínum dómi í þessa átt. Þessar sjálfvirku stjórnaraðgerðir, sem eiga að vera í gildi eftir viðreisnarkenningunni, verka svona eins og ég hef bent á áður í þessum umr. Þær verka þannig, að bankarnir halda áfram í auknum mæli að dæla peningum til verzlunarinnar. Það sýna reikningar bankanna sjálfra, svo að því verður ekki neitað. En það að dæla sífellt meira og meira fjármagni til verzlunarinnar, það eykur ekki framleiðsluverðmæti þjóðarinnar á nokkurn hátt, en þvert á móti truflar margt í okkar efnahagsmálum.

Ef horfið væri að því ráði, sem ég hef nú drepið hér á í nokkrum orðum og talið hér upp, þá væri að mínum dómi skipt hér um stefnu í grundvallaratriðum og þá væri hægt að komast að verulegu leyti út úr þeim vanda, sem við erum að fást við nú í okkar efnahagsmálum. En grundvallaratriðið er það, að ríkisstj. viðurkenni, að það þarf að skipta um stefnu og að hún þarf að reyna að ná samkomulagi við launastéttirnar í landinu um lausn á þessum vandamálum. Leið hennar, sem hún hefur farið allan tímann, að ætla að leysa þetta gegn vilja launastéttanna og þvert gegn hagsmunum þeirra, slíkar leiðir fá ekki staðizt í framkvæmd. Það er aðeins spurningin um það, hvað það tekur langan tíma að hleypa þessu öllu í slíkan hnút, að hann verði ekki leystur og það verði að höggva á hann. Og satt að segja sýnist mér málið standa þannig í dag, að ríkisstj. sé rétt að komast að þeim punkti, að hún fái ekki lengur haldið áfram á þessari alröngu braut, hún sigli sig í þá sjálfheldu, þegar svo að segja öll launþegasamtökin í landinu rísa upp og neita að hlíta stefnu stjórnarinnar — og þar með ýmsir stjórnarstuðningsmenn líka, — þá sigli hún sig inn í þá sjálfheldu, að hún eigi enga aðra leið út úr þessu en að gefast hreinlega upp eða höggva á hnútinn, sem vitanlega er engin lausn.

Eina leið stjórnarinnar, úr því sem nú er komið, er þetta: Að játa nú staðreyndir í þessum efnum, fallast á það að draga þetta frv. til baka, af því að hún hlýtur að sjá það nú þegar í dag, að hún leysir ekki vandann eftir þessari leið, og taka upp þá stefnu, sem þýðir vinsamlega stefnu við verkalýðssamtökin í landinu, stefnu um að leysa vandamálin með samkomulagi. Það er eina leiðin, sem til er fyrir hæstv. ríkisstj. út úr þeim vanda, sem nú er við að glíma.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Af hálfu hæstv. ráðh. hefur ýmislegt komið fram í þess-

um umr., sem ástæða væri til að gera aths. við og ég mun líka víkja nokkuð að seinna. En áður en ég kem að því, sem verður aðalefni máls míns, finnst mér rétt að víkja að tveim atriðum alveg sérstaklega, sem mér finnst vera gott dæmi um þær furðulegu fjarstæður, sem hæstv. ráðh. hafa haft frammi í málflutningi sínum.

Fyrra atriðið er það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., þegar hann mælti upphaflega fyrir þessu frv. Hann tók það fram, að þetta frv. væri sérstaklega flutt í þágu láglaunastéttanna. Ég held það sé nú ekki hægt að komast öllu lengra í fjarstæðum en þetta, því að eitt aðalefni þessa frv. er að synja láglaunastéttunum um bætur, sem aðrir eru búnir að fá. Þessu frv. er þess vegna fyrst og fremst beint gegn láglaunastéttunum. Samt kemur forsrh. hér fram og ein hans aðalfullyrðing er sú, að þetta frv. sé flutt í þágu launastéttanna. Hæstv. forsrh. hefur vissulega oft á sinni löngu stjórnmálaævi tekizt að vera æðilangt frá sannleikanum, en ég held, að hann hafi þó sett algert met í þeim efnum með þessum ummælum sínum.

Þá er það, sem hefur komið fram í ræðu hæstv. ráðherra, að þeir hafa verið að reyna að gera samanburð á þessu frv. og gerðardómslögunum, sem sett voru 1942. Finnst nú hæstv. ráðh., að ástandið í dag sé sambærilegt við það, sem var 1942? Muna hæstv. ráðh. ekki eftir því, að þegar gerðardómslögin voru sett í ársbyrjun 1942, þá stóð yfir einhver sú ægilegasta styrjöld, sem nokkru sinni hefur verið háð, og Ísland var þá á miðju styrjaldarsvæðinu. Við gátum átt von á því hvenær sem var þá, að flutningar til landsins eða frá landinu stöðvuðust, að framleiðsla stöðvaðist vegna þess, að það yrði gerð árás á landið. Hefði það verið ráðlegt undir þeim kringumstæðum, sem þá voru, að láta skip safnast í stórum stíl í höfninni í Reykjavík vegna verkfalla, í staðinn fyrir það að reyna að koma vörunum sem fyrst upp og dreifa þeim út um landið? Hefði verið eðlilegt undir þeim kringumstæðum að láta slíkt tefjast vegna stórra verkfalla?

Fjöldamargar þjóðir á þeim tíma, sem nokkuð svipað var ástatt um og okkur, gerðu margháttaðar ráðstafanir, tóku upp margháttuð boð og bönn, sem ekki þykja við eiga undir öðrum kringumstæðum. T. d. í Svíþjóð voru þá gerðar margháttaðar ráðstafanir og margháttuð bönn sett vegna styrjaldarinnar, sem engum dettur í hug að nefna nú. Það er þess vegna hin fullkomnasta fjarstæða að ætla að bera saman ástandið í dag með tilliti til verkfallsmála og ástandið, sem var hér á styrjaldarárinu 1942, þegar herveldi Þjóðverja stóð hæst og verst horfði hjá bandamönnum. Undir þeim kringumstæðum var óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að verkföll ættu sér stað. Við gátum ekki átt það á hættu þá, að samgöngur og framleiðsla stöðvaðist vegna verkfalla. Þær kringumstæður, sem nú eru í landinu, eru vitanlega allt aðrar og gefa enga slíka ástæðu til þess, að hamlað sé verkföllum, eins og styrjaldarástandið 1942 gerði. Þess vegna er það hin fullkomlegasta fjarstæða að vera að bera saman þessi tvö mál, gerðardómslögin 1942 og það frv., sem hér liggur fyrir, því að aðstæðurnar voru svo gerólíkar í þessi tvö skipti.

Mér þykir leitt, að hæstv. viðskmrh. skuli ekki vera mættur hér, því að ég hefði gjarnan viljað víkja að honum nokkrum orðum vegna þeirrar ræðu, sem hann hélt hér í dag. Ég vissi það reyndar, að Alþfl. var djúpt sokkinn, en ég hafði samt ekki látið mér til hugar koma, að hann væri eins djúpt sokkinn og þessi ræða hæstv. viðskmrh. gaf tilefni til að halda. Sú var tíðin, að Alþfl. taldi það eitt af helztu baráttumálum sínum að koma á átta stunda vinnudegi. Ég hygg, að það sé óhætt að segja, að hann hafi talið það eitt af sínum allra fremstu baráttumálum, eins og bræðraflokkar hans á Norðurlöndum gerðu þá. En raunar eru þeir komnir langt fram úr í þessum efnum, því að nú er ekki lengur á Norðurlöndum barizt fyrir 8 stunda vinnudegi, heldur fyrir miklu styttri vinnudegi.

En hvað var það, sem hæstv. viðskmrh. hafði fyrst og fremst að segja, þegar hann kom hér upp í ræðustólinn í dag? Aðalboðskapur viðskmrh. var sá, að það væri hrein fjarstæða hjá framsóknarmönnum að vera með útreikning um það, að verkamenn ættu að hafa lífvænlega afkomu eftir vinnu í 8 klst. á dag. Það væri hrein fjarstæða að vera með þvílíka útreikninga. En það er staðreynd, sem ekki verður móti mælt, að verkamaður, Dagsbrúnarverkamaður, sem vinnur 8 klst. á dag alla virka daga ársins, hann ber ekki nema 67 þús. kr. úr býtum. Og þetta teljum við framsóknarmenn vera fjarri öllu lagi, eins og ástandi dýrtíðarmálanna er nú komið. En hæstv. viðskmrh. segir, að það sé hrein fjarstæða af okkur að halda slíku fram. Og hvers vegna telur hann fjarstæðu af okkur að halda slíku fram? Jú, hann segir, að niðurstaðan muni að öllum líkindum verða sú, að verkamenn muni bera úr býtum til jafnaðar á þessu ári um 100 þús. kr.

Ég skal ekki fara nánar út í þessa útreikninga hæstv. viðskmrh., en ég hygg, að það sé erfitt á þessum tíma, þegar tveir mánuðir eru eftir af árinu, að fullyrða nokkuð ákveðið um það, hverjar meðaltekjur verkamanna verða á þessu ári. En við skulum bara setja sem svo, að þessir útreikningar viðskmrh. séu réttir og verkamenn muni bera 100 þús. kr. úr býtum á þessu ári. En hvað þýðir það í vinnutíma? Það þýðir það, að verkamenn verði ekki aðeins að vinna 8 tíma á dag venjulegan dagtíma alla daga ársins, þeir verða líka að vinna 2 tíma í eftirvinnu alla daga ársins, og það nægir ekki heldur, heldur verða þeir að vinna einn klukkutíma í næturvinnu þriðja hvern virkan dag ársins. Eða m. ö. o., til þess að ná þessu kaupi, sem hæstv. viðskmrh. talar um, verða verkamenn að vinna 10—11 klst. á dag. Og það virðist vera þetta, sem hæstv. viðskmrh. þykir vafalaust sérstaklega hagstætt fyrir verkalýðinn og sé til fyrirmyndar, og það sé þetta ástand, sem eigi að haldast áfram, og þetta ástand muni haldast áfram, ef atvinna nægir, ef þetta frv. verður samþykkt. Það má því með nokkrum rétti segja, að þetta frv. sé að nokkru leyti frv. um að innleiða 10—11 stunda vinnudag hjá verkamönnum. Það er það, sem Alþfl. telur að sé forsvaranlegt að bjóða verka-

mönnum upp á í dag, eftir að hafa á undanförnum árum barizt fyrir því, að hér væri 8 klst. vinnudagur. Ég vissi, að Alþfl. var djúpt sokkinn, að hann var horfinn frá sínum fyrri stefnumálum, en mig hafði þó ekki órað fyrir því, að hann væri svona langt kominn í þeim efnum.

Þá fór hæstv. viðskmrh. nokkrum orðum um dýrtíðarvísitöluna eða framleiðsluvísitöluna, sem hagstofan reiknar út. Og hann sagði, að það væri alger fjarstæða, að þessir útreikningar væru miðaðir við það, sem meðalfjölskylda þyrfti að hafa til að lifa fyrir, hún væri fundin út á allt annan hátt. Og af því skildist manni, að þessar 95 þús. kr., sem hagstofan ætlar meðalfjölskyldunni, væru allt of hátt áætlaðar að dómi viðskmrh. Ég er reiðubúinn til að fara í gegnum framfærsluvísitöluna með hæstv. viðskmrh. og fá það upp hjá honum, hvaða liðir það eru í framfærsluvísitölunni, sem hann álíti vera of hátt áætlaða og hann álítur að meðalfjölskyldan gæti sparað sér. Ég verð að segja það, að hvað mig sjálfan snertir, þá treysti ég mér ekki til með mína fjölskyldu að lifa fyrir þær 95 þús., sem þar eru ætlaðar, og ég treysti mér ekki til að komast af með það, eins og þar er áætlað, að þurfa ekki að borga nema sem svarar 900 kr. á mánuði í húsaleigu. Og ég held, að þó að hæstv. viðskmrh. sé kannske miklu sparsamari en ég, þá mundi hann eiga mjög erfitt með að komast af fyrir sig og sína fjölskyldu með þessi 95 þús., sem framfærsluvísitalan ætlar meðalfjölskyldunni. Og mér sýnist, að á þeim launum, sem hann ætlar sjálfum sér á komandi ári, telji hann ekki, að þessar 95 þús. muni hrökkva. Ég held, að það liggi nokkurn veginn ljóst fyrir, að ef hæstv. viðskmrh. verður áfram í því starfi, sem hann gegnir nú, og heldur þeim bitlingum, sem hann gegnir nú, muni hans árslaun á næsta ári nálgast hálfa milljón, og ég sé ekki nein merki hjá honum um það, að hann ætli að afsala sér einhverju af þessari upphæð, þó að hann telji það vera ofrausn fyrir meðalfjölskylduna í landinu að lifa fyrir 95 þús. kr.

Ég sé svo ekki ástæðu að sinni að víkja fleiri orðum að hæstv. viðskmrh., vegna þess að hann er hér ekki staddur, en það gefst þá kannske tækifæri til að gera það síðar.

Ég mun þá næst víkja nokkru að hæstv. forsætisráðherra.

Mér fannst, þegar hæstv. forsrh. flutti hér sína framsöguræðu og eins þegar hann flutti hér sína svarræðu aðfaranótt laugardagsins, að hann væri að ýmsu leyti brattari og friskari en hann hefði oft áður verið á undanförnum þingum, og það væri jafnvel nærri því ástæða til að halda, að hann væri orðinn ungur í annað sinn. Ég held t. d., að það sé langt síðan hæstv. forsrh. hafi tekizt öllu betur á þinginu í svarræðu en aðfaranótt laugardagsins, þó að ég væri nú síður en svo sammála því, sem hann hafði þá að segja, en frá hans sjónarmiði var þetta ein með hans betri ræðum um langt skeið. Ég hef verið að velta því fyrir mér síðan, hvað muni valda því, að þessi breyting hefur orðið á hæstv. forsrh., að það bendi nú ýmislegt til, að hann sé eins og — a. m. k. þessa dagana — ungur í annað sinn. Mér hefur helzt dottið í hug í þessu sambandi sú skýring, sem oft er til um gamla menn, að þegar gamlir menn þykjast sjá fram á það, að þeirra æskuhugsjónir séu að rætast, þá verða þeir ungir í annað sinn. Og út frá þessu hef ég farið að rifja það upp fyrir mér með því að líta — að vísu lauslega — í Alþingistíðindin, hverjar þær voru þessar æskuhugsjónir hæstv. forsrh.

Það eru nú liðin um 40 ár, síðan hæstv. forsrh. tók sæti hér á Alþingi, og það er þess vegna ekki óeðlilegt að líta nokkuð aftur til þess tíma til að sjá, hvaða mál það voru, sem hæstv. forsrh. sem ungur þm. beitti sér fyrir, til að gera sér grein fyrir því, hverjar voru hans æskuhugsjónir. En það var nú þannig um hæstv. forsrh., þegar hann kom fyrst á þingið, að þó að hann væri alveg eins og nú, mjög vaskur og áheyrilegur ræðumaður, þá lét hann ekki svo mjög til sín taka á þessum fyrstu þingum. Hann hafði sig ekki neitt sérstaklega mikið í frammi og talaði ekki í mjög mörgum málum. Hann virðist ekki hafa tekið til máls í öðrum málum en þeim, sem voru honum sérstaklega hjartfólgin. Og hvaða mál voru það nú, sem hæstv. forsrh. voru sérstaklega hjartfólgin á þessum tíma og voru hans æskuhugsjónir? Jú, það gerðist á þessum árum t. d., að Héðinn Valdimarsson og fleiri þm. Alþfl. lögðu fram frv. um að banna næturvinnu, og þegar frv. kom fyrir þingið, þá fékk hæstv. forsrh. málið, og hann sagði, að það kæmi ekki til mála að banna næturvinnu, því að þetta væri einmitt sú vinna, sem verkamenn sæktust þá mest eftir. En af hverju ætli verkamenn hafi sótzt mest eftir næturvinnu á þessum tíma? Ætli það hafi verið vegna þess, að kjör þeirra voru svo góð? Og hæstv. forsrh. hafði mörg fleiri orð fram að færa gegn því, hvílík ólög það væru að banna næturvinnu.

Svo komu þm. Alþfl. með annað mál, annað frv., og þá var hæstv. forsrh. enn þá mælskari en þegar hann var að mæla með næturvinnunni. Þetta frv. var um það, að sjómenn á togurum skyldu hafa 8 klst. hvíldartíma. Hæstv. forsrh. talaði mjög eindregið á móti þessu máli, og hann sagðist hafa kynnt sér það mjög vel og hann hefði ekki séð neinar sannanir fyrir því, að sjómenn þyrftu þessa hvíld. Og þegar Héðinn Valdimarsson vék að því í umr., að margir sjómenn hefðu orðið að gefast upp fyrir aldur fram vegna þess, hve vinnutíminn væri langur á togurunum, þá sagði hæstv. forsrh., að hann hefði ekki séð þessa veikluðu og útslitnu sjómenn, sem Héðinn Valdimarsson hafði verið að tala um. Og hann barðist gegn því, að sjómenn fengju 8 stunda hvíldartíma á sólarhring, eins lengi og hann gat.

Það var líka á þessum árum, sem kom fram frv., einnig flutt af Alþfl.-mönnum, um þá löggjöf, sem nú fjallar um verkamannabústaði. Hæstv. forsrh. fékk einnig málið, þó að hann talaði ekki mjög mikið í þinginu, þegar þetta mál kom þar til umr. Talaði hæstv. forsrh. kannske til þess að mæla með því, að verkamenn fengju þessa aðstoð? Nei, hann kom ekki upp í þeim tilgangi. Hann sagðist ekki aðeins álíta þetta frv. gagnslaust, heldur væri það blátt áfram skaðlegt að fara að styrkja menn á þennan hátt, þetta drægi úr framtaki manna. Og svo varð hann allt í einu mikill vinur sveitanna og sagði, að svona

aðstoð við Reykvíkinga mundi verða til þess að ýta undir fólksflóttann úr sveitunum.

En þó var það nú ekkert af þessum málum, sem var hið stóra hugsjónamál hæstv. forsrh. á þessum tíma. Nú kem ég að því, sem var stærsta hugsjónamál hans á þessum tíma, sem var hans stóra æskuhugsjón.

Í ársbyrjun 1925 var hér alllangt verkfall á togurum. Ég hygg, að það hafi staðið í eina tvo mánuði. Og það leystist að lokum þannig, að Tryggvi Þórhallsson, sem þá var forsrh., beitti sér fyrir því, að sjómenn fengju 15% kauphækkun, og um það var samið. Það virðist svo, að í sambandi við þetta mál hafi mönnum hitnað nokkuð í hamsi, og það varð m. a. þess valdandi, að það var lagt fram á Alþingi frv. um dóm í kaupdeilum. Aðalefni þessa frv. var það, að ef ekki næðist samkomulag milli atvinnurekenda og launþega og ef starf sáttasemjara bæri ekki heldur árangur, þá skyldi sérstakur dómur ákveða, hvert kaupgjaldið ætti að vera. Frv. þetta var á ýmsan hátt mjög losaralega samið, og flm. voru því sjálfir ekki alveg sammála um það, hvernig bæri að skýra ákvæði þess. Sumir héldu því t. d. fram, að í þessu frv. fælist algert bann við verkföllum og launþegar yrðu að hlíta úrskurði gerðardómsins, en aðrir töldu vera hæpið, hvort það væri svo langt gengið með frv. En það var einn maður á Alþingi, sem var alveg ákveðinn í því, hvernig þetta frv. ætti að vera. Og það var hæstv. núv. forsrh. Hann talaði mjög mikið í þessu máli, þegar það lá fyrir þinginu, frv. um dóm í vinnudeilum. (**Forsrh.**: 1925, var það?) Þetta var 1929. Og það er mjög fróðlegt að lesa lýsingar hæstv. forsrh. á því, hvernig foringjar verkalýðsins höguðu sér á þessum tíma, því að þeir Hannibal og Björn Jónsson og Eðvarð og aðrir slíkir, þeir eru hrein lömb hjá úlfum, ef það ætti að bera þá saman við Héðin og Sigurjón og aðra foringja verkalýðsins á þeim tíma, því að þessir menn gerðu hinar ofsalegustu kröfur á hendur atvinnurekendum, æstu verkalýðinn upp og þeir voru eiginlega alveg að ganga af atvinnurekendum dauðum. Og í raun og veru voru verkamenn ákaflega óánægðir með þetta og vildu helzt losna undan ánauð þessara manna, og þess vegna var það ein af helztu röksemdum hæstv. forsrh. fyrir þessu máli, að það þyrfti að samþykkja það til að losa verkamennina úr fjötrum foringja sinna. Og það fyrirkomulag, sem hann lagði til í stuttu máli að væri á þessum málum, var þannig, að verkalýðsfélögin áttu að hafa rétt til þess að tala við atvinnurekendur með sáttasemjara, en ef þar næðist ekki samkomulag, þá skyldi málið falla í gerðardóm og þeim úrskurði ættu verkamenn síðan að hlíta. Og hann teldi, að það væri alveg nægilega víðtækt verksvið fyrir verkalýðsfélögin að fá að taka þátt í samningum við atvinnurekendur og vera með sáttasemjara, áður en málið gengi til gerðardóms. (**Forsrh.**: Þetta er alveg eins og gerðardómurinn í þessu máli.) Eða m. ö. o.: verkalýðshreyfingin ætti að vera samtök án verkfallsréttar, verkalýðshreyfingin ætti ekki að hafa verkfallsrétt, en það væri sérstakur dómur, sem úrskurðaði, hvernig kaupgjaldið ætti að vera. Sem sagt, það þjóðfélag, sem hæstv. forsrh. dreymdi um á þessum tíma, það var þjóðfélag, þar sem verkalýðsfélögin höfðu ekki verkfallsrétt. Þetta var sú paradís stóratvinnurekendavaldsins og stórgróðavaldsins, sem hæstv. forsrh. dreymdi um, þegar hann var ungur. Það var þjóðfélag með verkalýðshreyfingu án verkfallsréttar. En slík verkalýðshreyfing var til í heiminum á þeim tíma, og það voru glögg dæmi um það, hve þýðingarmikil og gagnsmikil hún væri. Slík verkalýðshreyfing var þá t. d. starfandi í Sovétríkjunum hjá Stalín, á Ítalíu hjá Mussolini og í ýmsum einræðislöndum öðrum, og það sýndi sig fullkomlega í verki, eins og hæstv. forsrh. var þá bent á, að þessi verkalýðshreyfing væri fullkomlega þýðingarlaus, því að verkalýðshreyfing án verkfallsréttar er meira og minna þýðingarlaus — og þýðingarlaus þegar mest á ríður.

Hæstv. forsrh. reyndi að hafa það sér til afsökunar, að þó að verkföll væru bönnuð, samtakarétturinn við verkföll væri bannaður, þá mættu þó verkamenn alltaf leggja niður vinnu, því að þeir væru ekki beinlínis skyldaðir til að vinna, þó að þeir mættu ekki hafa samtök um vinnustöðvanir. Við þessum fullyrðingum sínum fékk hæstv. forsrh. eitt hið allra bezta svar, sem nokkru sinni hefur verið gefið í þingsögunni, eitt hið bezta svar, sem þingtíðindin geyma. Og sá þm., sem gaf þetta svar, var þáv. þm. V-Ísf., núv. forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson. Hann svaraði hæstv. forsrh., þáv. þm. G-K., á þessa leið:

„En að svipta einstaklingana samtakaréttinum er sama sem að svipta þá öllum öðrum rétti en réttinum til að svelta hver út af fyrir sig."

Ég hygg, að þetta svar sé eitthvert hið bezta, sem nokkru sinni hefur verið gefið hér í þingsölunum. En að þessari ágætu ræðu Ásgeirs Ásgeirssonar mun ég koma nokkru síðar, ég tel hana hiklaust með einhverjum þeim beztu ræðum, sem nokkru sinni hafa verið fluttar hér á Alþingi.

Við erum nú búnir að gera okkur — með því að rifja upp nokkur mál — nokkra grein fyrir því, hverjar hafa verið æskuhugsjónir hæstv. forsrh. Og það er alveg auðséð á þessu, að stærsta hugsjón þessa unga manns og stóratvinnurekanda var þjóðfélag, þar sem verkalýðsfélög höfðu ekki verkfallsrétt, það var sú paradís stóratvinnurekendanna, sem hann dreymdi um. En þetta var fyrir nær 40 árum.

Nú er hæstv. forsrh. orðinn gamall maður, en nú telur hann sig hins vegar vera kominn upp á það fjall, eins og Móses, að hann sjái inn í fyrirheitna landið, það er þetta frv., sem hér liggur fyrir. Þetta frv. beinist að því að banna verkfallsréttinn og afnema verkfallsréttinn, að vísu í fyrstu ekki nema til tveggja mánaða, en það er *augljóst af öllum ummælum hæstv. forsrh. hér í þinginu og sérstaklega þegar hann svaraði fsp. Eysteins Jónssonar*, að það er stefnt að því að afnema verkfallsréttinn í miklu lengri tíma. Já, hæstv. forsrh. er nú eins og ungur maður í annað sinn, vegna þess að eftir langa baráttu telur hann sig vera kominn upp á fjallið og sjá inn í hið fyrirheitna land, þar sem verður verkalýðshreyfing án verkfallsréttar, og hæstv. forsrh. er enn sannfærður um, að þetta muni heppnast honum, vegna þess að nú mætir hann ekki sömu mótspyrnunni að öllu leyti í þessum þingsölum og

hann gerði 1929. Þá voru hér til andsvara á móti honum Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Haraldur Guðmundsson. Þessir menn eru ekki hér í dag. Alþfl. hefur öðrum foringjum á að skipa í dag, og þeirra afstaða er önnur. Hæstv. forsrh. lítur á foringja Alþfl. í dag sem eina af sínum tryggustu liðsmönnum. Í dag þarf hann ekki að kljást við menn í Alþfl. eins og Harald Guðmundsson, Héðin Valdimarsson og Sigurjón Á. Ólafsson. Nú telur hann sig hafa þessa menn alveg í vasanum. En nú mun ég koma að því, sem ég tel aðalefni máls míns og mér finnst að mörgu leyti leiðinlegt að þurfa að segja, því að það er alltaf leiðinlegt að þurfa að valda gömlum mönnum vonbrigðum. Ég fullvissa hæstv. forsrh. um það, að þetta fyrirheitna land hans verður aldrei að veruleika. Það frv., sem hér liggur fyrir, ber dauðann í sjálfu sér. Það er dæmt til að misheppnast. Og hvers vegna er það dæmt til að misheppnast? Ég hygg, að til þess liggi tvær meginástæður, og ég mun reyna að gera hæstv. forsrh. grein fyrir þeim í sem stytztu máli, vegna þess að ég ætla mér ekki að eyða hér óþarflega löngum tíma. Ég hygg, að önnur meginástæðan, sem til þess liggur, að þetta frv. ber dauðann í sér og það sé dæmt til að misheppnast, sé falin í þeim orðum, sem einn af eldri þm. hér lét falla við mig fyrir nokkrum dögum. Honum fórust orð eitthvað á þessa leið:

„Íslendingar geta sætt sig við harðrétti, en misrétti una þeir ekki."

Og ég hygg, að íslenzk saga sýni það frá upphafi alda, að þessi ummæli byggjast á fullum rökum. Íslendingar hafa getað unað harðræði og sýnt það hvað eftir annað. Við kunnum þá sögu, hvernig þessi þjóð hefur sigrazt á eldi og ís og öðrum erfiðleikum, sem henni hafa mætt. En það er eitt, sem Íslendingar hafa jafnan átt erfitt með að sætta sig við, og það er misrétti af manna völdum. Í okkar fornu sögum finnum við andúðina á þeim húsbændum, sem skiptu ójafnt hjúum sínum. En við finnum líka andúðina á þeim mönnum, á þeim forustumönnum, sem deildu kjörum með liðsmönnum sínum og þó sérstaklega þegar erfiðleika bar að höndum. Og hin fyrsta löggjöf Íslendinga í félagsmálum, sem var sett snemma á öldum, fól í sér meira jafnrétti en löggjöf nokkurrar annarrar þjóðar á sama tíma. Jafnréttishugsjónin hefur frá upphafi verið eitt af aðalsmerkjum íslenzku þjóðarinnar.

Þetta frv. er dæmt til að misheppnast vegna þess, að það rís gegn þessari fornu og nýju réttlætiskennd þjóðarinnar. Þetta frv. er dæmt til að misheppnast, vegna þess að það skiptir rangt, vegna þess að það skiptir ójafnt. Þetta frv. er um það, að þeir, sem hafa bezta aðstöðuna í þjóðfélaginu og eru búnir að fá miklar uppbætur, skuli halda sínum hluta. Hinir, sem lakar eru settir og engar uppbætur eru nú búnir að fá, skulu engar frekari uppbætur hljóta. Þetta frv. skiptir þess vegna rangt og eins ójafnt og nokkurt mál getur gert, og það er af þessum ástæðum, sem þetta mál — þetta frv. er dæmt til að misheppnast. Það má vel vera, að það takist að láta það standa einn eða tvo mánuði, e. t. v. einhvern lengri tíma, — ég skal ekkert um það segja, hvernig þau viðbrögð takast, sem því verða veitt, — en ég er sannfærður um, að stefnan í þessu frv. mun mistakast, vegna þess að hún rís gegn réttlætiskennd þjóðarinnar, vegna þess að annað meginefni þessa frv. er að skipta rangt. Það hefur líka komið glöggt á daginn, eða a. m. k. get ég fullkomlega borið það, að andúðin gegn þessu frv. er ekki aðeins hjá þeim, sem það bitnar sérstaklega á, láglaunastéttunum. Andúðin gegn þessu frv. nær langt inn í raðir hinna, sem eru búnir að fá sínar bætur. Og ég hef heyrt marga atvinnurekendur meira að segja, sem telja þetta frv. ranglátt, telja stefnuna í þessu frv. rangláta. Og ríkisstj. á eftir að finna það miklu betur, ef hún heldur þessu frv. til streitu, að þeim mun fara fjölgandi, sem rísa gegn þessu frv., vegna þess að það skiptir rangt.

En það er önnur veigamikil ástæða, sem veldur því einnig, að þetta frv. ber dauðann í sér. Þetta frv. ber dauðann í sér vegna þess, að það rís gegn einum hinum dýrmætasta rétti, sem alþýðustéttir landsins hafa unnið sér, og ég vil segja þeim rétti, sem hefur reynzt vestrænum þjóðum bezt. Sá réttur, sem hér er ráðizt á, verkfallsrétturinn, er ekki aðeins einn dýrmætasti eða dýrmætasti réttur verkalýðsins, hann er líka sá réttur, sem hefur reynzt vestrænum þjóðum betur en nokkur réttur annar. Og til þess að rökstyðja þetta mál mitt nokkuð mun ég nú lesa upp kafla úr ræðu Ásgeirs Ásgeirssonar, sem hann flutti hér á Alþingi, þegar rætt var um frv. um dóm í kaupdeilum á þingi 1929. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar sá kafli á þessa leið:

„Við verðum að sætta okkur við þau sannindi, að verkföll og verkbönn eru samgróin skipulagi stórrekstrarins. Slík meðul eru notuð og hljóta að verða notuð í hverjum þeim atvinnurekstri, þar sem fjármagnið hefur einkarétt á arðsvoninni og einveldi — misjafnlega vel upplýst — um yfirstjórn fyrirtækjanna. Hvarvetna þar, sem einveldi hefur átt sér stað, hefur gengið á uppreisnum, byltingum og borgarastyrjöldum. Hér hefur mjög verið rætt um böl það, er leiddi af verkföllum. En órói verkalýðsins er þó ekki einungis af hinu illa. Samtök verkamanna hafa ekki eingöngu boðað þjóðfélögum hættu, tjón og tap. Með samtökum og kaupkröfum hafa verkamenn bætt lífskjörin og aukið menningu sína. Það eru samtökin og þar af leiðandi bætt lífskjör, sem hafa gert „hinn heilaga" Marx að falsspámanni um þá höfuðkenningu sína, að gjáin milli verkamanna og atvinnurekenda yrði stöðugt breiðari og breiðari, verkamenn sykkju dýpra og dýpra í örbirgð, en auðurinn hlæðist upp hinum megin, unz öllu lenti saman í blóðugri byltingu. Þeir, er barizt hafa fyrir bættum kjörum verkalýðsins, hafa gert mest til að koma í veg fyrir, að þessi spádómur Marx rætist. Með baráttu sinni hafa þeir hafið nokkurn hluta verkalýðsins upp í millistéttina og ýta þangað stöðugt fleirum og fleirum. Með bættum lífsskilyrðum dregur úr byltingarhug. Þótt verkföllin hafi sína svörtu hlið, þótt tapið, sem af þeim leiðir, verði talið í millj. kr., þá er ekki réttmætt að geta að engu þeirra gæða, sem barizt er fyrir. Þau eru barátta verkalýðsins til betri lífsskilyrða."

Hér lýk ég að sinni tilvitnun í ræðu hæstv. núv. forseta Íslands, sem var flutt á Alþingi 1929. En ég hygg, að það sé hverju orði sannara, sem felst í þessum ummælum forseta Íslands, að það er verkfallsrétturinn meira en nokkuð annað, sem á þátt í því, hve lítilli útbreiðslu og ítökum kommúnisminn hefur náð á vesturlöndum og kenningar Marx hafa ekki reynzt réttar þar, því að það er með verkfallsréttinum, sem verkalýður og launþegar þessara landa hafa knúið fram bætt kjör sín og fengið til sín hæfilega hlutdeild í þjóðartekjunum. Og ég hygg að það sé ekkert öfugmæli, þó að sagt sé, að einmitt verkfallsrétturinn sé hinn bezti og áhrifamesti andkommúnismi, sem til er, því að ef hans hefði ekki notið við, ef atvinnurekendur hefðu verið sjálfráðir um kjör verkamanna, þá er ég hræddur um, að svo hefði farið, að kenningar Marx hefðu reynzt réttar á vesturlöndum, að þá hefði auðurinn safnazt óhæfilega mikið á eina hlið, örbirgð verkamannanna orðið of mikil og það hefði skapað kommúnismanum góðan jarðveg í þessum löndum. Með verkfallsréttinum og hvernig honum hefur verið beitt af verkamönnum og launþegum vestrænna landa hefur tekizt að koma í veg fyrir þessa þróun.

Það er fullkomlega rétt, sem kemur fram í þessum ummælum forseta Íslands, að einmitt verkfallsrétturinn er áhrifamesti og bezti andkommúnisminn, sem enn hefur verið fundinn upp. Nú kunna einhverjir að spyrja, og það er rétt að hugleiða það nokkru nánar: Hefur verkfallsrétturinn gefizt þeim þjóðum illa, sem við hann hafa búið? Hefur hann ekki orðið til tálmunar á uppbyggingu atvinnulífsins í þessum löndum, stöðvað framfarir og framleiðni í þessum löndum? Eru ekki lífskjörin miklu verri í þeim löndum, sem hafa búið við verkfallsrétt, en hinum, sem hafa ekki búið við hann? Ég held, að það sé full ástæða til þess að íhuga vel svörin við þessum spurningum. Og svörin við þessum spurningum eru í stuttu máli þau, að hvergi hafa framfarirnar orðið meiri, hvergi er framleiðnin meiri í dag heldur en einmitt í þessum löndum, sem hafa búið við verkfallsrétt. Það er staðreynd, sem ekki verður mælt á móti.

En nú kunna menn að segja: Er þetta nokkuð verkfallsréttinum að þakka? Það er ekki eingöngu verkfallsréttinum að þakka, en ég vil hins vegar segja, að verkfallsrétturinn á einn meginþátt í því, að þróunin hefur orðið á þennan veg. Og hvers vegna hefur verkfallsrétturinn átt sinn þátt í þessu? Því er auðsvarað. Í fyrsta lagi vegna þess, að hátt kaupgjald, sem hefur leitt af verkfallsréttinum, hefur knúið atvinnurekendur til þess að vinna að bættri framleiðni og framleiðsluafköstum hjá sínum fyrirtækjum. Til þess að ná góðri afkomu hjá sínum fyrirtækjum, þegar kaupið var orðið hátt, hafa þeir orðið að leggja aukna stund á það að auka framleiðnina og framleiðsluafköstin. Þannig hefur hið háa kaupgjald átt þátt í því að knýja framleiðnina og framleiðslugetuna áfram. En jafnframt þessu hefur hátt kaupgjald átt sinn þátt í því að skapa stóraukinn markað fyrir þær vörur, sem atvinnurekendur hafa framleitt, og þannig lagt grunninn að því, að framleiðslan gæti aukizt í sívaxandi mæli. Við skulum þess vegna gera okkur grein fyrir því, að þegar verið er að ráðast á verkfallsréttinn, þá er verið að ráðast á einhvern hinn þýðingarmesta rétt til að knýja fram aukna framleiðni og framleiðslugetu atvinnuveganna, því að verkfallsrétturinn hefur framar flestu eða öllu öðru verið ein helzta driffjöðrin í þeirri framvindu.

Aftur á móti í þeim löndum, þar sem verkfallsréttur hefur ekki verið, þar sem atvinnurekendur eða ríkisvaldið hafa getað skammtað launþegunum eins og þeim hefur sýnzt, eins og gerist í kommúnistaríkjunum, eins og nú gerist á Spáni og í Portúgal, þar eru framfarirnar miklu minni í þessum efnum, vegna þess að þegar kaupgjaldið er lágt, þá þurfa atvinnurekendurnir ekki að leggja neitt á sig um það að auka framleiðnina og framleiðsluafköstin, og vegna þess líka, að þegar stór hluti launþeganna býr við léleg kjör, þá er miklu minni markaður fyrir framleiðsluvörurnar.

Það er oft verið að tala um það, og maður heyrir það oft talað, að þau séu hvimleið, þessi verkföll, og það þurfi að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þau og tryggja vinnufrið. Ég held, að bezta svarið við þessari spurningu eða þessu tali sé einmitt að lesa upp annan kafla úr ræðu Ásgeirs Ásgeirssonar, sem ég las hér upp áðan. Hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menn þrá vinnufrið, sumir svo mjög, að þeir kalla allt frið, ef ekki eru verkföll, hvað sem býr í djúpunum undir hinu slétta yfirborði. Þeir munu sætta sig við slíkan frið, sem nú ríkir í Rússlandi og Ítalíu. Þeir eru ekki svo fáir, sem þrá frið Stalins eða Mussolinis. En slíkan frið er úti um þá og þegar. Þar þarf ekki nema kúlu gegnum höfuðið á einum einasta manni, til þess að allt fari í uppnám. Nei, slíkt er ekki varanlegur friður. Vilji menn frið, dugir ekki að biðja um hann með hvaða móti sem er. Það er ekki hægt að skapa hann með dómstólum og lögregluvaldi. Það verður að grafast fyrir rætur óánægjunnar, ef friður á að koma í hennar stað og velþóknun. Ef deilurnar eiga rót sína í skipulagi stórrekstrarins, þá fæst ekki varanlegur friður nema með breyttu skipulagi. En slíkri breytingu verður ekki komið á með einni þingsamþykkt, frekar en vinnufriður er tryggður með því að samþykkja lög um nauðungardóm. Sú breyting, sem kemur, er það, að fjármagnið verður ekki eins einvalt yfir arði og stjórn fyrirtækjanna og verið hefur. Það er áreiðanlegt, að þessi breyting verður. Það er áreiðanlegt, að hið lifandi starf, vinnan, fær sinn arðsrétt og yfirráða fyrr eða síðar við hlið hins dauða starfs, fjármagnsins."

Ég hygg, að það sé hverju orði sannara, sem felst í þeirri tilvitnun í ræðu forseta Íslands, sem ég nú las. Ég hygg, að það sé fullkomlega rétt, að það er ekki hægt að skapa frið í þessum efnum með alþingissamþykktum, með dómstólum og lögregluvaldi. Það verður að leita að réttlætinu í þessum efnum, og það verður að skapa þeim, sem vinnuna annast, jöfn yfirráð og eins mikil og þeim, sem leggja til fjármagnið.

En það er annað merkilegt, sem kemur fram í þessari ræðu forseta Íslands frá 1929. Hann

minnist þar á dæmi þess eða segir frá dæmi þess, þar sem verið hefur reynt að tryggja frið með lögregluvaldi og með dómum. Í Noregi var á áratugnum frá 1920—1930 reynt að tryggja vinnufriðinn með dómum og lögregluvaldi. Það var settur á sérstakur dómstóll, sem dæmdi í vinnudeilum. Og hver var reynslan af þeim dómstól? Ég skal lofa hv. þm. að heyra hér nokkur ummæli úr ræðu forseta Íslands frá 1929, þar sem hann lýsir því, hvernig þessar vinnuaðferðir hafa gefizt í Noregi. Með leyfi hæstv. forseta, þá hljóðar sú lýsing á þessa leið

„Nauðungardómurinn gæti beinlínis orðið til að auka vandræði.“ — hér á forseti við þann dóm, sem felst í því frv., sem verið er að ræða í þinginu, svo að ég megi lesa þessi ummæli hans aftur, en þau hljóða á þessa leið: „Nauðungardómurinn gæti beinlínis orðið til að auka vandræði og vinnudeilur í landinu, eins og reyndin hefur orðið á í Noregi. Þar hafa verkföll risið beinlínis út af nauðungardómnum og staðið svo mánuðum skipti. Þar hefur þó verið gripið til allra bragða — fimmtugasti hver og hundraðasti hver verkfallsmaður sektaður, og þegar sektirnar ekki innheimtust, voru þeir settir í fangelsi hundruðum saman og allt hefur orðið til einskis. Slík eru vandkvæðin, þar sem annar hvor aðilinn er ekki gerðardómnum fylgjandi.“

Önnur ummæli er að finna í þessum þingtíðindum, þar sem nokkru nánar er lýst þessu ástandi í Noregi. Þau er að finna í þingræðu, sem Haraldur Guðmundsson flutti og hljóðuðu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Noregi var það þannig, svo að ég vitni í „tugthúslögin“ frægu, að með þeim var bannað að gera verkfall. En það var nú samt gert. Verkfallið var dæmt ólöglegt. En allt kom fyrir ekki. Þúsundir manna tóku þátt í verkfallinu. Þá var bannað að veita þeim fjárhagslegan stuðning, sem í verkfallinu voru, og sektir lagðar við. En þrátt fyrir allar ráðstafanir hins opinbera hélt verkfallið áfram. Menn þeir, sem tóku þátt í því, voru styrktir með stórum upphæðum hvaðanæva frá. Þá var reynt að beita „tugthúslögunum“. Margir dómar voru dæmdir og þúsundir manna í sektir og fangelsi, þ. á m. flestir eða allir þingmenn jafnaðarmannaflokksins. Nokkur hundruð voru settir í fangelsi, en fleiri þúsund dæmdra manna komst ekki að, fangelsin voru allt of fá og smá. Að lokum varð ekki lengur við neitt ráðið, og varð þá að hætta við að framfylgja dómunum. Síðan eru lögin aðeins dauður bókstafur, enda er sá tími að renna út, sem þau gilda, og fáum eða engum kemur víst til hugar að framlengja þau.“

Þetta var reynslan af því í Noregi á áratugnum 1920—30, þegar átti að fara að á svipaðan hátt og stefnt er að í þessu frv., að afnema verkfallsréttinn og láta menn beygja sig fyrir dómum Alþ. eða gerðardóma.

Út af þessum dómi urðu einhver hin hörðustu átök, sem átt hafa sér stað í Noregi, átök, sem enduðu þannig, að verkalýðurinn norski braut þessi lög á bak aftur. En hann gerði meira en að brjóta þau á bak aftur, því að þessi átök lögðu slíkan grundvöll að verkamannaflokknum norska, að hann hefur verið ósigrandi síðan í öllum kosningum.

Slík varð afleiðingin af þeirri löggjöf í Noregi, sem hæstv. ríkisstj. vinnur nú að því að innleiða hér á landi, og ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að staldra við og hugleiða þessa reynslu, áður en hún heldur miklu lengra.

Við höfum líka þau dæmi fyrir augunum á allra síðustu árum, að það er ekki hægt að beygja verkalýðinn með nauðungarlögum, með nauðungardómum eða með ríkisvaldi. Við minnumst þess fyrir ekki löngu, að þá háðu námumenn á Spáni langt verkfall, þrátt fyrir bönn stjórnarinnar og þrátt fyrir alls konar aðgerðir af hennar hálfu til að kveða þessi verkföll þeirra niður, og það fór þannig að lokum, að spánska stjórnin varð að láta undan og fallast á nokkra kauphækkun til handa þessum mönnum. Við minnumst líka frá s. l. vetri, að þá áttu sér stað hörð átök í Frakklandi. Námumenn þar gerðu verkfall, sem var ekki löglegt, og einræðisherrann þar í landi hugðist að beita harðræði til þess að brjóta þessi verkföll á bak aftur. Hann hafði meira að segja í undirbúningi og var fengin heimild til þess að kalla alla verkamennina í herinn. En þessi maður, sem er einn hyggnasti stjórnmálamaður og mikilhæfasti, sem nú er uppi, sá sig um hönd, áður en kom til framkvæmda í þeim efnum. Eftir að verkfallið hafði staðið í nokkrar vikur og námumenn létu ekki neinn bilbug á sér finna, var það sá sterki maður, de Gaulle, sem sá sitt óvænna, hætti við að beita þvingunarráðstöfunum, tók upp samninga við verkamenn og samdi um verulega kauphækkun þeim til handa.

Nei, það er ekki hægt að brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur með því að banna verkföll, með því að grípa til þvingunarlaga eins og þessara, sem hér liggja fyrir. Saga verkalýðsins og saga verkalýðssamtakanna kennir okkur, að slíkt er ekki hægt. Fyrstu samtök verkamanna urðu í mörgum löndum að heyja sína baráttu með því að gera ólögleg verkföll, og forustumenn þeirra urðu að sæta fangelsisdómum og hvers konar ofsóknum. En þessi alda, sem þeir reistu, var svo sterk, að það dugðu ekki neinir dómar, ekki nein lögregla, ekki neinar þingsamþykktir til þess að brjóta hana á bak aftur. Og ég er alveg sannfærður um það, að hæstv. ríkisstj. á eftir að reyna slíkt hið sama hér á landi, ef hún ætlar að halda áfram á þeirri braut, sem hún markar með þessu frv. Þó að menn haldi, að verkalýðshreyfingin sé klofin og sundruð í dag, þá eiga menn eftir að sjá það, þegar út í alvöruna er komið og ef á að fara að taka hana þrælatökum, að þá mun hún vera sameinuð og sterk.

Nú kunna einhverjir að segja, eftir að ég er búinn að mæla jafnsterklega með verkfallsréttinum eins og ég hef gert: Hefur það kannske aldrei átt sér stað, að verkfallsrétturinn hafi verið misnotaður, hefur honum aldrei verið misbeitt? Ég skal fullkomlega viðurkenna það. Það gildir hið sama um verkfallsréttinn og annan rétt, að honum er iðulega misbeitt, að vísu mismunandi mikið. En á það að vera mælikvarði á það, hvort á að afnema einhvern rétt eða ekki, hvort honum

hafi einhvern tíma verið misbeitt eða ekki eða hvort hann hafi ekki borið alltaf þann árangur, sem til var ætlazt? Eigum við kannske að afnema lýðræði vegna þess, að við höfum einhverja ríkisstj., sem reynist illa? Eigum við að afnema kosningarrétt í þessu landi vegna þess, að niðurstöður seinustu kosninga urðu þær, að við fengum lélega og rangláta ríkisstj.? Ég segi nei. Við eigum ekki að afnema kosningarréttinn, þó að hann hafi misheppnazt hjá okkur að þessu leyti. Við eigum að halda honum áfram. Og hið sama gildir um verkfallsréttinn. Þó að það komi öðru hverju fyrir, að honum kunni að vera misbeitt, þá er hann þrátt fyrir allt svo mikilsverður og svo þýðingarmikill, að við eigum að halda í hann. Hins vegar er að sjálfsögðu rétt að gera þær skynsamlegar ráðstafanir, sem réttar eru taldar, til þess að koma í veg fyrir, að sú misbeiting, sem við teljum að kannske sé hægt að laga, eigi sér stað. En það, sem við getum lært af þeirri reynslu, sem ég hef minnzt á, og reynslu þeirra landa, sem lengst hafa búið við verkfallsrétt, er það, að við eigum ekki að afnema þennan rétt, við eigum ekki að sækja málið gegn launastéttunum með dómum, eða þvingunarlögum eða með lögregluvaldi, heldur eigum við að fara samningaleiðina.

Þar sem samningaleiðin hefur verið farin milli atvinnurekenda og launþega, þar ríkja nú beztir stjórnarhættir í heiminum. Í nágrannalöndum okkar, Norðurlöndum, hygg ég að finnist ekki sá flokkur, sem lætur sér til hugar koma að vilja afnema verkfallsréttinn. Þar hafa nokkur átök átt sér stað um nokkra áratugi milli atvinnurekenda og launþega, og þá hefur komizt á svo að segja fullkomin sætt á milli þessara aðila, og þar er samningaleiðin jafnan farin í öllum þeim meiri háttar deilumálum, sem þessir aðilar eiga aðild að, og þetta gefst vel. Og það er öruggt, að það er samningaleiðin ein, sem skapar þann gagnkvæma skilning, sem skapar þann gagnkvæma drengskap, sem þarf til þess, að þessir aðilar geti búið saman á friðsamlegan hátt. Og ég er líka sannfærður um það, að sambúð þessara aðila hér á landi á undanförnum árum hefði orðið miklu betri, ef hvað eftir annað hefðu ekki komið í spilið óviðkomandi öfl og reynt að eyðileggja samstarf þessa aðila. Ég er alveg sannfærður um það, að t. d. atvinnurekendur hefðu ekki svarað hinum sanngjörnu kröfum verkamanna eða launþega vorið 1961, að þeir gætu enga kauphækkun látið af hendi, ef það hefði ekki verið ríkisstj., sem stóð þar á bak við og lagði þeim þessi orð í munn. Og ég er líka sannfærður um það, að ef þeir samningar, sem atvinnurekendur og launþegar voru búnir að gera sumarið 1961, hefðu fengið að standa og ríkisstj. ekki blandað sér inn í það mál með gengisfellingunni, þá stæðu okkar mál nú með góðum blóma og þá ríkti góð samvinna áfram milli atvinnurekenda og launþega. Og ég er líka sannfærður um það, að á þessu hausti eða þessu sumri væru búnir að nást mjög hóflegir samningar milli launþega og atvinnurekenda, ef ríkisstj. hefði ekki lagt atvinnurekendum þau orð í munn, að þeir mættu ekki semja um neinar hækkanir. Ég veit það, að fyrir áhrif ríkisstj. eru þau boð látin út ganga frá samtökum atvinnurekenda, að þeir geti ekki á neina kauphækkun fallizt. En ég veit það, að í hjarta sínu eru mjög margir atvinnurekendur algerlega á öndverðri skoðun. Og það eru líka mjög margir atvinnurekendur í dag, sem greiða miklu hærra kaup en hina umsömdu taxta. Ég er sannfærður um það, að ef þessir ráðamenn hefðu fengið að vera óháðir af ríkisvaldinu, samtök atvinnurekenda og samtök launþega, þá væru nú komnir heillavænlegir samningar í þessum málum. En það eru afskipti ríkisstj., sem eiga sinn þátt í því fyrst og fremst, að þetta samkomulag hefur ekki komizt á. Og ég er líka sannfærður um það, að ef þetta frv. væri kallað til baka og launþegar og atvinnurekendur látnir vera einir um sín mál án íhlutunar hins opinbera, þá mundu fljótt nást samningar um þessi mál, sem þjóðin mætti vel við una. Það er hægt að vinna mörg ill verk í þjóðfélaginu, en ég efast um, að það sé hægt að vinna verra verk en það, þegar ríkisvaldið skerst í málin með þessum hætti og spillir því, að þeir aðilar, sem þurfa að vinna saman og eiga að vinna saman, eins og atvinnurekendur og launþegar, skuli geta náð saman, eins og átt hefur sér stað að undanförnu.

Í tilefni af þeim efnahagsvandræðum, sem nú er rætt um, finnst mér rétt að ræða það nokkuð, hvort það sé hægt að kenna verkfallsréttinum eða samtökum verkamanna um það, hvernig komið sé, hvort þessir erfiðleikar reki rætur til þess, að verkfallsréttinum hafi verið illa beitt á undanförnum árum. Ég hygg, að ef við lítum yfir þetta tímabil í stórum dráttum, þá sjáum við, að verkalýðssamtökin hafa á valdaferli núv. ríkisstj. haldið á þessum málum með óvenjulega mikilli sanngirni, og ég vil segja: með óeðlilega mikilli sanngirni. Á öllu tímabilinu frá 1. jan. 1959 og fram á mitt ár 1961, eða 2½ ár, voru engin verkföll gerð hér á landi og engar meiri háttar kaupkröfur bornar fram. Ríkisstj. fékk á þessum tíma einhvern hinn bezta og ákjósanlegasta vinnufrið, sem nokkur ríkisstj. hefur fengið. Hvað tók svo við, þegar þessu friðartímabili lauk? Það tók við, að sumarið 1961 voru gerðir nýir samningar milli atvinnurekenda og launþega, sem giltu til 2 ára, mjög hóflegir samningar, sem giltu til 2 ára. Það hefði þess vegna haldizt mjög góður vinnufriður áfram á þessum tíma, ef ríkisstj. hefði ekki blandað sér í málið, eins og ég áðan sagði, með gengislækkuninni 1961.

Þetta, sem ég hef nú rifjað upp, sýnir það svart á hvítu, að verkalýðssamtökunum og verkfallsréttinum er ekki um að kenna, hvernig komið er. Það eru aðrar ástæður, sem liggja þar til grundvallar, og það er fyrst og fremst sú stefna, sem ríkisstj. hefur fylgt, það er stefna ríkisstj., vaxtaokrið, hinir háu skattar, hinir háu tollar og þó fyrst og fremst gengisfellingarnar, sem hafa orsakað þá dýrtíð, sem er meginvaldurinn í þeim erfiðleikum, sem nú er glímt við. Það er ríkisstjórnin og hennar stefna, sem hér er um að kenna, en ekki verkalýðssamtökin eða verkfallsrétturinn. Það er fullkomlega rangt að halda slíku fram, að hér sé um að kenna verkalýðssamtökunum eða verkfallsréttinum.

Ég hygg, að ég hafi með því, sem ég hef nú sagt, gert hæstv. forsrh. nokkra grein fyrir því,

vegna hvers þetta frv. hans ber dauðann í sér og hvers vegna það er dæmt til að misheppnast, á hvað löngum tíma, það skal ég ekki segja, en það er dæmt til að misheppnast. Það er í fyrsta lagi vegna þess, að það rís gegn réttlætiskennd þjóðarinnar, vegna þess, að það skiptir ójafnt, vegna þess, að það skiptir rangt, — og í öðru lagi, vegna þess, að það ræðst gegn þeim rétti, sem er launþegastéttunum dýrmætastur allra réttinda, verkfallsréttinum, sem er jafnframt sá réttur, sem hefur gefizt vestrænum þjóðum langbezt á undanförnum áratugum. Þegar að því kemur að ætla að afnema þennan rétt og ráðast jafnharkalega á hann og gert er í þessu frv., þá mun hæstv. ríkisstj. sanna það, að sú hreyfing, sem er sundruð í landinu í dag, verkalýðssamtökin, þau eiga eftir að vera sterk og sameinuð, ef því verki verður haldið áfram, sem byrjað er á með þessu frv.

Ég skal svo láta þessum þætti ræðu minnar lokið, en víkja að nokkrum atriðum, sem hafa komið fram í þessum umr. Og ég vil þá fyrst víkja að því, sem hefur komið hvað eftir annað fram mjög ákveðið í ræðum hæstv. forsrh. og ræðum hæstv. viðskmrh.

Þeir hafa hvað eftir annað verið að segja: „Ef við fáum ekki þetta fram, þá verður gengið lækkað.“ Ég held, að það sé erfitt, að það sé alveg útilokað að finna dæmi um slíkar fullyrðingar af hálfu valdhafa í nokkru vestrænu landi. Ég hygg, að þessar yfirlýsingar séu alger undantekning hvað Ísland snertir. Og það liggur einfaldlega í því, að þó að valdhafar, t. d. í nágrannalöndum okkar, hafi við efnahagserfiðleika að glíma, þá dettur þeim aldrei í hug að tala um það, jafnvel þó að þeir hugsi það, að grípa til gengislækkunar. Vegna hvers? Vegna hvers hafa þessir valdhafar það fyrir fasta reglu, t. d. í Bretlandi, í Danmörku, í Noregi, í Sviþjóð o. s. frv., —vegna hvers hafa þeir það fyrir fasta reglu að minnast aldrei á það, að gengislækkun standi fyrir dyrum? Vegna þess, að ef valdamenn færu að tala þannig, ef forustumenn ríkisstjórna færu að tala þannig, þá yrði það til þess að ýta strax undir stórkostlega verðbólgu, vantrú á peningana, og skapa þenslu, sem þeir réðu ekki við. Engum ábyrgum manni dettur í hug að tala þannig, eins og valdhafar Íslands gera, að ef þeir fái ekki þetta og þetta fram, þá muni þeir fella gengið.

Og satt að segja, þá skil ég ekki þetta tal hjá hæstv. ráðh. Hvað eru þeir að fara með þessu tali? Ég get ekki litið á þetta öðruvísi en þeir séu einmitt, þó að þeir þykist vera með því, að gengið sé ekki fellt, að ýta undir það, að gengið verði fellt, og fá átyllu til að fella það. Hvað er líklegra til að skapa þenslu, hvað er líklegra til að skapa vantrú á peningana en einmitt þetta stöðuga tal valdhafanna um, að það verði að fella gengið, ef þetta og þetta fáist ekki gert? Ég fullyrði alveg hiklaust, að það þekkist ekki í nágrannalöndum okkar, jafnvel þó að valdamenn kunni þar að hugsa um gengisfellingar, að þeir láti í neitt slíkt skína. Og ef það væri gert, þá þætti það einhver hinn versti verknaður, sem nokkur ráðherra gæti framið. En þetta tal hæstv. ráðherra er þó enn þá meiri fjarstæða vegna þess, að það liggur ekkert fyrir um það — bókstaflega ekkert fyrir um það, að gengisfelling sé nauðsynleg.

Það hefur verið bent í þessum umræðum, í mörgum þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar, á úrræði, sem gera það mögulegt að bæta launakjör þeirra, sem enn eru eftir, og að bæta svo aðstöðu atvinnuveganna, að engin ástæða sé til að hverfa að gengislækkun. Með því að lækka vextina, með því að fella niður mestöll eða öll útflutningsgjöldin og með því að lækka tollana hjá ríkissjóði er fullkomlega hægt að leysa þessi mál öll án þess að láta sér detta gengislækkun í hug og án þess að til hennar þurfi að grípa. Enda er sannleikurinn sá, og við höfum fullkomna reynslu fyrir því, að gengislækkun mundi ekki aðeins skilja okkur eftir í sömu sporunum, heldur í enn þá verra ástandi en við erum í í dag. Við höfum þá reynslu af gengisfellingu, og það er hverjum manni augljóst, að t. d. útflutningsatvinnuvegirnir græða ekki neitt á gengisfellingu. Vaxandi hluti af þeirra rekstrarkostnaði verður að greiðast í erlendum gjaldeyri, og að sjálfsögðu hefur það ekki nein áhrif til bóta á þann hluta rekstrarkostnaðarins, þó að gengið sé fellt. Útgerðin verður líka að greiða sjómönnunum stóran hluta af sínum tekjum, og það hefur heldur ekkert að segja í þessum efnum, vegna þess að þeir hafa sinn aflahlut og gróðinn væri þá þeirra, en ekki útgerðarinnar, ef gengisfelling verður. Auk þess er fullkomin reynsla fyrir því, bæði í gengisfellingunni 1960 og 1961, að launþegasamtökin una ekki þeirri kjaraskerðingu, sem í gengisfellingunni felst, og knýja þess vegna fram tilsvarandi kjarabætur. Eftir eitt eða tvö missiri eða jafnvel skemmri tíma er allur sá litli ávinningur, sem útgerðin kann að hljóta af gengislækkun, farinn út í veður og vind. Það er þess vegna fullkomin fjarstæða, þegar hæstv. ráðh. láta skína í það eins og einhverja lausn að lækka gengið. Það er engin lausn, það er aðeins til þess að gera erfiðleikana meiri. En hitt er það, að þetta stöðuga, ábyrgðarlausa kjaftæði ráðh. um, að það þurfi að lækka gengið, verður til þess, að menn missa trúna á peningana, að menn reyna að koma þeim í alla aðra hluti en að eiga þá í sparisjóðum eða bönkum, og það veldur m. a. þeirri þenslu, sem við búum við í dag. Þess vegna eiga hæstv. ráðh. að leggja þetta skraf sitt algerlega til hliðar. Og ég held, að það sé líka hverjum einum ljóst, sem gerir sér grein fyrir þeim afleiðingum, sem gengislækkanir að undanförnu hafa haft, að það er í raun og veru ekki hægt að hugsa sér meiri glæframennsku og meira glæfraspil heldur en að ráðast í nýja gengislækkun. Og ég verð satt að segja að lýsa því yfir, að þó að ég hafi ekki mikið álit á hæstv. ráðh., þá á ég erfitt með að trúa því, að þeir séu slíkir glæframenn, að þeim detti í hug að leggja út í þriðju gengislækkunina, þó að þeir séu að tala um hana.

Ég held, að ein allra furðulegustu ummæli, sem hafa verið látin falla í þessum umr., hafi verið þau, sem féllu hjá hæstv. dómsmrh. hér aðfaranótt laugardagsins. Hæstv. dómsmrh. var að tala um kröfur láglaunastéttanna og hann taldi að þessar kröfur láglaunastéttanna væru að

verulegu leyti sprottnar af því, að kaup síldarsjómanna hefði hækkað og kaup opinberra starfsmanna hefði hækkað, og láglaunastéttirnar sæju eiginlega hálfgerðum ofsjónum yfir þessum kauphækkunum og vildu fá eitthvað tilsvarandi, sem sagt, að þessar kröfur láglaunastéttanna stöfuðu af hálfgerðri öfund eða afbrýðisemi út í síldarsjómenn og opinbera starfsmenn.

Ég verð að segja það, að mér finnst alveg furðulegt þekkingarleysi felast í þessum ummælum hæstv. ráðh. Það stafar ekki af neinni öfund. Það stafar ekki af neinni afbrýðisemi, að láglaunastéttirnar vilja fá laun sín bætt. Það stafar einfaldlega af því, að það er þessum stéttum lífsnauðsyn að fá kjör sín bætt. Það lifir engin fjölskylda á 70 þús. kr. árslaunum, eins og t. d. Dagsbrúnarmaðurinn hefur, ef hann hefur ekki nema 8 stunda vinnudag. Það er útilokað, fullkomlega útilokað. Og sama gildir um verzlunarmanninn, sem býr við svipuð kjör. Nei, það stafar ekki af afbrýðisemi eða öfund, að þessar stéttir vilja fá hag sinn bættan, það stafar einfaldlega af því, að það er hrein lífsnauðsyn þeirra, að kjörin verði bætt, og þess vegna verða þessar kröfur ekki kveðnar niður með einhverri fullyrðingu um það, að þetta stafi bara af afbrýðisemi og öfund. Þessar kröfur verða ekki kveðnar niður, vegna þess að það er lífsnauðsyn fyrir láglaunastéttirnar að fá þeim framgengt.

Hæstv. dómsmrh. var mjög hnakkakerrtur hér aðfaranótt laugardagsins, þegar hann var að tala um, að það væri þjóðin, sem hefði valið núv. ríkisstj., og menn ættu þá að kenna þjóðinni um, ef ríkisstj. væri ekki góð. Og hann talaði mikið um það, að hæstv. ríkisstj. hefði þjóðina að baki sér og hefði fengið meiri hl. kjósenda að baki sér í kosningunum í sumar. Þetta er algerlega rangt hjá hæstv. dómsmrh. Það stendur ekki meiri hl. kjósendanna að baki núv. ríkisstj. Núv. ríkisstj. hefur minni hl. kjósendanna að baki sér. Samkv. upplýsingum hagstofunnar voru á kjörskrá í seinustu kosningum 100500 kjósendur. Stjórnarflokkarnir samanlagt fengu hins vegar ekki nema 49900 atkv. Þetta þýðir það, að ríkisstj. hefur ekki bak við sig nema rúmlega 49% kjósenda þeirra, sem voru á kjörskrá, og að sjálfsögðu er rétt að miða við þá tölu. Þess vegna er það ekki rétt, þegar hæstv. dómsmrh. er að halda því fram, að stjórnin hafi meiri hl. kjósendanna að baki sér, því að óyggjandi tölur hagstofunnar sýna, að það eru ekki nema 49% kjósendanna, sem standa að baki ríkisstj. En þessar tölur eru þó engan veginn réttar, því að það verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess, að ríkisstj. lagði málin allt öðruvísi fyrir í seinustu kosningum en hún gerir nú. Ef ríkisstj. hefði fyrir kosningar lagt málin fyrir á svipaðan hátt og hún gerir nú, þá hefðu þessar tölur áreiðanlega orðið á allt annan veg. Þá hefði ríkisstj. ekki fengið nein 49% kjósenda til þess að aðhyllast sína stefnu, því að kjósendum var sagt þá, að viðreisnin hefði heppnazt, að allt væri í stakasta lagi og það væri greið gata fram undan, aðeins ef menn kysu ríkisstj. Og það var út á þessar fullyrðingar sínar, sem ríkisstj. fékk 49% atkvæða. Ef ríkisstj. hefði hins vegar sagt það, sem hún segir í dag og er miklu nær lagi, að erfiðleikarnir séu eins miklir og hún heldur fram, sem fyrst og fremst er hægt að rekja til sjálfrar stjórnarstefnunnar, þá hefði stjórnin eða hennar flokkar ekki fengið nein 49% atkvæða, ég efast um, að hún hefði fengið 30%. Og ég efast fullkomlega um það, ef ríkisstj. gengi nú til kosninga með þetta frv. sitt, að hún mundi fá 30% atkvæða. Þess vegna ætti hæstv. dómsmrh. ekki að vera með nein stóryrði um það, að hann hafi þjóðina að baki sér. Meiri hluti þjóðarinnar veitti stjórnarflokkunum ekki brautargengi í seinustu kosningum, og það er áreiðanlegt, að síðan hafa stjórnarflokkarnir stórtapað fylgi, eftir að komið hefur í ljós, hverjar eru afleiðingar af þeirra stjórnarstefnu.

Það hefur verið bent á í þessum umræðum, að það væri engin nauðsyn fyrir hæstv. ríkisstj. að grípa til þess úrræðis, sem felst í þessu frv., eða gengislækkunar, því að það væri auðvelt að leysa málið á annan og betri hátt. Það hefur verið sýnt mjög rækilega fram á, að það er auðvelt að veita launþegunum, sem eftir eru, þær hækkanir, sem þeim ber, og bæta jafnhliða svo aðbúnað atvinnuveganna, að þeir geti risið undir þessum kauphækkunum. Það hefur verið bent á það, að vaxtalækkunin mundi reynast þeim atvinnugreinum bezt, sem nú eiga helzt í erfiðleikum. Og það hefur verið bent á það, að með lækkun útflutningsgjaldanna mætti stórlega bæta aðstöðu útflutningsatvinnuveganna. En áreiðanlega eru þó möguleikarnir langsamlega flestir með því að lækka tollana, sem ríkið leggur á. Það er svo ljóst sem vera má, að tollarnir eða tollstigarnir eru allt of háir í dag. Á s. l. ári gáfu tollstigarnir svo miklar tekjur, að ríkissjóður hafði 300 millj. kr. rekstrarafgang, en 300 millj. kr. rekstrarafgangur svarar til 10% almennrar kauphækkunar í landinu. Samkvæmt útreikningum, sem hagfræðingar ríkisstj. birtu fyrir nokkrum missirum, svarar eitt vísitölustig, 1% almenn kauphækkun, til 30 millj. kr., og 10% almenn kauphækkun í landinu jafngildir þess vegna 300 millj. kr. eða þeirri upphæð, sem ríkissjóður hafði í afgang á síðasta ári. En þó að afgangurinn væri svona mikill hjá ríkissjóði á seinasta ári, er það þó augljóst og upplýst af þeim, sem kunnugir eru, að tekjuafgangur ríkisins verði miklu meiri á þessu ári, að umframtekjurnar eða rekstrarafgangurinn hjá ríkinu verði miklu meiri á þessu ári, miklu meiri en þessar 300 millj., sem hann varð á seinasta ári. Það er fullkomlega ljóst, að á næsta ári hljóta tolltekjurnar hjá ríkinu að verða miklu meiri en á þessum tveimur árum, í fyrra og í ár, og það er augljóst vegna þess, að svo miklar kauphækkanir og verðhækkanir hafa orðið í landinu á þessu ári, að veltan í þjóðarbúskapnum hlýtur að aukast mjög stórkostlega á næsta ári, og það gefur stórauknar tekjur í ríkissjóð. Það er jafnframt augljóst, að á næsta ári hljóta útflutningstekjurnar að verða miklu meiri en í ár. Þetta stafar af því, að skipastóll hefur aukizt verulega á þessu ári og afli mun þar af leiðandi aukast, og svo jafnvel öllu frekar af því, að verðlag á svo að segja öllum útflutningsvörum Íslendinga fer stórhækkandi. Auknar útflutningstekjur munu hins

vegar valda því, að innflutningurinn eykst, og tolltekjurnar af innflutningnum hljóta þess vegna að verða miklu meiri á næsta ári en í ár að óbreyttum tollstigum. Það er að vísu rétt, að útgjöld ríkissjóðs koma til með að aukast nokkuð vegna kjaradóms eða hækkunar á launum opinberra starfsmanna, en sú upphæð mun þó ekki verða nema brot af þeirri upphæð, sem tolltekjurnar hljóta að aukast á næsta ári að óbreyttum tollstigum. Þess vegna er það víst, að það er vel forsvaranlegt að lækka tollstigana sem nemur mörgum millj. kr. án þess að stofna afkomu ríkissjóðs í nokkra hættu. Það væri þess vegna ekki hægt að hugsa sér öllu meira ábyrgðarleysi en það, ef ríkisstj. neitaði að lækka vextina, neitaði að lækka útflutningsgjöldin, neitaði að lækka tollana og gripi annaðhvort til þeirra fantabragða, sem felast í þessu frv., eða til gengisfellingar. Meira óráð og meiri fantabrögð væri ekki hægt að hugsa sér, vegna þess að það er greinilega hægt að leysa málið með allt öðrum hætti og á þann hátt, að þjóðin, jafnt launastéttir og atvinnurekendur, megi vel við það una. Og ríkisstj. hefur enn ekki, a. m. k. ekki í þessum umræðum, fært nein rök á móti því, að þetta sé ekki hægt, því að ég tel það engin rök, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. hér um nóttina, að ef kaupgjald láglaunastéttanna yrði hækkað, þá mundi sú hækkun nema 1200 millj. kr. Sannleikurinn er sá, að heildarkaup þessara stétta í dag, verkamannanna og verzlunarmannanna, nemur alls ekki þessari upphæð samanlagt, hvað þá heldur þótt það væri hækkað um 20 eða 30%, að þá mundi það nema 1200 millj. kr. Sú upphæð, sem slík launauppbót mundi hafa í för með sér, launauppbót til verkamanna og verzlunarmanna, er miklu lægri en þær lækkanir, sem atvinnuvegirnir mundu fá, ef vextirnir væru færðir niður, ef útflutningsgjöldin væru afnumin og tollstigarnir lækkaðir hjá ríkissjóði. Þess vegna er fullkomin fjarstæða að halda því fram af hæstv. ríkisstj., að það sé ekki hægt að leysa málið á þennan hátt, og það er alveg furðulegt, að ráðherrarnir skuli leyfa sér að halda slíku fram.

En maður er hins vegar vanur því, að hæstv. ráðh. haldi ýmsu fram, sem ekki stenzt raunveruleikann. Ég minnist þess t. d., að þegar þeir voru að mæla með fyrri gengisfellingunni 1960, þá var því haldið fram hér af hæstv. forsrh., viðskmrh. og ég held af öllum ráðherrunum, að það yrði alveg stórkostlegur halli á útflutningssjóði, sem þá var, og vegna þess halla þyrfti að lækka gengið svona mikið. Hver varð svo reyndin í þessum efnum, þegar útflutningssjóðurinn var gerður upp? Í staðinn fyrir það, að ríkisstj. og hagfræðingar hennar höfðu reiknað út, að það yrði eitthvað 120 millj. kr. halli á útflutningssjóði, þá kom hann út með eitthvað 60—70 millj. kr. tekjuafgang. Þannig voru útreikningarnir þá. Og þeir útreikningar, sem hæstv. forsrh. er með hér, virðast vera fundnir út á nákvæmlega sama hátt, eða a. m. k. þessar 1200 millj., sem hann var að tala um.

Hæstv. forsrh. var að tala um það, að sínir sérfræðingar væru búnir að reikna það út, að ef þetta frv. næðist ekki fram, þá þyrfti að lækka gengið. Vill ekki hæstv. forsrh. leggja þessa útreikninga fyrir þingið? Vill hann ekki lofa alþingismönnum að sjá þessa útreikninga? Ég get alveg fullyrt það fyrir fram, að þótt það sé skylda hæstv. forsrh. að láta þingmenn fá þessa útreikninga, þá mun hann ekki gera það, hann mun halda þessum útreikningum leyndum fyrir þinginu. Vegna hvers? Vegna þess að þessir útreikningar eru svo helber vitleysa, að hæstv. forsrh. þorir ekki að sýna þá. Við skulum sjá, hvort hæstv. forsrh. kemur með skýrslu um það, að útflutningurinn þurfi svona og svona mikið og atvinnuvegirnir þurfi svona og svona mikið. Mér er sagt það, að fyrir nefnd, sem sett var niður í samráði við ríkisstj. og þar sem fulltrúar frá atvinnurekendum og launþegum eiga sæti, þar gangi það mjög erfiðlega, mjög erfiðlega, þótt eftir því hafi verið gengið, að atvinnufyrirtækin vildu leggja nokkra útreikninga fram um það, hver þeirra hagur væri.

Nei, það vantar algerlega enn, að það séu lögð fram nokkur sönnunargögn, nokkrir útreikningar um, að það, sem hæstv. ríkisstj. er að halda hér fram, sé að einhverju leyti sannleikanum samkvæmt. En það er hins vegar bent á það með fullum rökum, að þær aðferðir, sem við höfum nefnt hér, lækkun vaxta, lækkun útflutningsgjalda og lækkun tolla, styðjast fullkomlega við veruleikann. Við bendum bara á áþreifanlegar staðreyndir. Hæstv. forsrh. er eingöngu með fullyrðingar, útreikninga, sem hann þorir ekki að sýna eða hvernig þeir eru fengnir út. Og atvinnufyrirtækin, sem hafa verið beðin um að leggja sína reikninga í þá nefnd, sem á að finna þjóðartekjurnar út að tilhlutan hæstv. ríkisstj., eru mjög treg til að leggja sína útreikninga fram. Og getur nokkur ætlazt til þess, þó að öllu öðru sé sleppt og það væri bara þetta atriði eitt, að launþegar sætti sig við þær aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru, þegar röksemdir fyrir þeim og undirbyggingin er ekki betri en þessi? Það gerir áreiðanlega enginn launþegi. En við skulum nú sjá, hvort hæstv. forsrh. kemur með útreikningana frá sínum athugunum og sýnir, hvernig þeir eru fengnir út, sem hann byggir á þessar fullyrðingar sínar, að annaðhvort verði að grípa til þeirra þvingunarlaga, sem hér liggja fyrir, eða til gengisbreytingar.

Ég hefði gaman af líka að spyrja hæstv. forsrh., vegna þess að hann hefur talað svo mikið um gengislækkun: Hefur hann trú á því, hefur hann raunverulega trú á því, að gengislækkun muni koma að nokkru gagni? Hefur hæstv. forsrh. virkilega trú á því eftir reynsluna af þeim tveimur gengislækkunum, sem hann hefur gengizt fyrir á undanförnum árum, að ný gengisfelling muni koma að einhverju gagni? Og hefur hann virkilega trú á því, að það sé hægt að beygja launastéttirnar undir þá kúgun, sem felst í þessu frv.? Hefur hann virkilega trú á því? Nei, ef hæstv. forsrh. vildi vera vitur, þá á hann að þhuga þessi mál upp að nýju, og þá á hann að gera sér grein fyrir því, að sú lausn, sem andstæðingar hans benda hér á, er eðlileg og réttlát, en sú lausn, sem hann er að tala um, er ranglát og óraunhæf.

Hæstv. dómsmrh. var mjög að tala um það í sinni ræðu hér á dögunum, að þeir erfiðleikar,

sem hér væri glímt við, væru sameiginlegt vandamál, þetta væri sameiginlegt vandamál þjóðarinnar, sameiginlegt vandamál stéttanna, sameiginlegt vandamál flokkanna og sameiginlegt vandamál þingmanna. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. dómsmrh. Hér er um sameiginlegt vandamál að ræða. En hvernig á að fara með sameiginleg vandamál, hvernig á að ræða sameiginleg vandamál, hvernig á að leysa sameiginleg vandamál? Á að leysa þau þannig, að stjórn, sem styðst við minni hl. þjóðarinnar, stjórn, sem styðst við gróðastéttir þjóðarinnar, taki það upp á sitt eindæmi að leysa slíkt mál án þess að ræða við nokkurn aðila annan? Á að leysa sameiginleg vandamál með slíkum hætti? En það er með slíkum hætti, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að leysa þessi mál, — ríkisstj., sem hefur minni hl. kjósenda að baki sér, og ríkisstj., sem aðeins styðst við gróðastéttirnar fyrst og fremst, hún ætlar að leysa þetta mál, sem hæstv. dómsmrh. segir réttilega að sé sameiginlegt vandamál, með því að gera þetta upp á sitt eindæmi.

Það kann að vera, að hæstv. forsrh. vilji svara því, að hann hafi nú talað við fulltrúa frá launþegasamtökunum. Hann mun hafa gert það í eitt eða tvö skipti nú í haust, talað við fulltrúa frá launþegasamtökunum, og hann mun hafa látið í það skína, að hann mundi reyna samningaleiðina í þessum efnum, án þess að tala nokkuð um það, hvað það væri, sem hann vildi gera. Svo gerist það bara einn góðan veðurdag, áður en þessum samtölum er formlega lokið, að hæstv. forsrh. skellir þessu frv. fram. Telja menn, að það sé með slíkum hætti, sem eigi að vinna að því að leysa sameiginleg vandamál, hafa bara hreina málamyndasamninga við annan aðila í þessari deilu, launþegana, en hafa svo öll samráðin við atvinnurekendurna? Nei, það er ekki með slíkum hætti, sem sameiginleg vandamál verða leyst.

Hæstv. dómsmrh. var einnig að tala um, að það ætti að beita góðvild og það ætti að beita sanngirni í deilumálum, breiddi sig ákaflega mikið út yfir það, að það ætti að beita góðvild og sanngirni í deilumálum. Finnst mönnum, að sú aðferð, sem hér er í frammi höfð, byggist á góðvild og sanngirni? Ég hygg, að ég þurfi ekki að útlista það neitt nánar, ég held, að hver maður geti gert sér fullkomna grein fyrir því, hvort sú lausn, sem hér er stungið upp á, byggist á sanngirni eða góðvild. En ef hins vegar hæstv. dómsmrh. og hæstv. ríkisstj. kann nú að meina þetta þrátt fyrir allt, að hún áliti þetta sameiginlegt vandamál og hún geri sér hins vegar nú grein fyrir því, hvernig komið er og hvert glappaskot hún hefur framið, þá á hún ekki nema eina sæmilega lausn í þessu máli, og lausnin er sú að draga þetta frv. til baka og taka upp samvinnu við launastéttirnar um að reyna að leysa þessi mál á skynsamlegan hátt. Það er sú eina sæmilega lausn, sem stjórnin á í þessu máli.

Að vísu mundi ég telja, að stjórnin ætti enn aðra betri og heiðarlegri lausn, en ég treysti henni hins vegar ekki til þess að framkvæma þá lausn, ég held hún hafi ekki manndóm til þess, og sú lausn væri sú, að stjórnin segði af sér og legði málin í vald kjósendanna. Það væri að sjálfsögðu hin eina drengilega og heiðarlega lausn, úr því sem komið er. Ríkisstj. sagði kjósendum rangt fyrir seinustu kosningar, hún blekkti kjósendur fyrir seinustu kosningar, enda lýsir hún ástandinu núna á allt annan veg, og ef hún drægi réttar ályktanir af því, þá ætti hún hreinlega að leggja málin nú undir dóm kjósendanna og láta kjósa um þau eins og þau standa í dag. En ég hygg, að hæstv. ríkisstj. hafi hvorki manndóm né drengskap til að fara þá leið. Og næstskástu leiðina tel ég vera þá, ef hún meinar það fullkomlega, eins og ráðherrarnir vilja vera láta, að hér sé um sameiginleg vandamál að ræða, þá á hún að draga þetta frv. til baka og taka upp í alvöru samninga við launastéttirnar um að reyna að leysa þetta mál á skynsamlegan og heilbrigðan hátt.

Ef hæstv. ríkisstj. hafnar hins vegar báðum þessum kostum, ef ríkisstj. heldur áfram með þetta frv., sem hér liggur fyrir, og ef hún ætlar að reyna að þvinga það fram, þá er það hún, sem velur stríðsleiðina í þessum málum, þá er það hún, sem segir vinnandi stéttum landsins, launastéttum landsins, stríð á hendur, og það er hún, sem ber afleiðingarnar af því, sem á eftir kemur. Það er á hennar ábyrgð, það sem eftir kemur, ef reynt verður að knýja þá stefnu fram, sem felst í þessu frv. Það er hún, sem hefur hafnað samkomulagsleiðinni. Það er hún, sem hefur ekki viljað samkomulag. Það er hún, sem hefur talað um, að hér væri um sameiginleg vandamál að ræða, en neitað að fjalla um málin á þann hátt. Það er hún, sem velur þá stríðsleiðina í þessu máli. Og það er hún, sem ber ábyrgð á þeim afleiðingum, sem á eftir koma. Og ég vil láta það vera mín seinustu orð hérna, að ég skora á hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðherra að íhuga þetta mál vel, að gera sér fulla grein fyrir því, hvar þeir standa, áður en þeir velja endanlega stríðsleiðina í þessu máli.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstj. kom til valda fyrir fjórum árum, gaf hún mörg og glæsileg loforð um heilbrigða stjórnarhætti og eflingu atvinnulífsins í landinu. Það mun næsta sjaldgæft, með hvílíku yfirlæti forsvarsmenn ríkisstj. fluttu boðskap sinn um þau markmið, sem að væri stefnt. Það var ekki í einu, heldur í öllu, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði að gera betur en fyrirrennarar hennar hefðu gert frá upphafi innlendrar stjórnar. Hvað efnahagsmálin snertir var uppbóta- og styrkjakerfið bannsungið og talið aðallega runnið undan köldum rifjum framsóknarmanna, þó að bæði sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn hefðu ekki síður en aðrir komið því kerfi á og viðhaldið því um langa hríð. Setti ríkisstj. sér það mark að afnema þetta kerfi með öllu í einu vetfangi og beita í því skyni „samræmdri“ peninga- og fjármálastefnu, sem fæli í sér lausn alls vanda og væri grundvöllur undir heilbrigðri efnahagsstarfsemi og vaxandi þjóðartekjum. Gömul vígorð um frjálsa efnahagsstarfsemi, frjálsa verzlun og frjálst framtak einstaklinganna glumdu í eyrum þjóðarinnar úr munni hæstv. ráðh. og voru feitletruð á síðum stjórnarblaðanna.

Markmið ríkisstj. var í fáum orðum sagt að afnema uppbótakerfið og láta framleiðsluna bera

sig styrkja- og hallalaust. En framar öðru var það loforð stjórnarflokkanna að stöðva verðbólguna innanlands og bæta lífskjör almennings. Að vísu varð það strax ljóst, að hæstv. ríkisstj. valdi þær leiðir í efnahags- og fjármálum eða beitti þeim aðferðum, sem næstum mátti telja útilokað að leiddu til þeirra markmiða, sem hún kvaðst stefna að. Einkum var það augljóst, að hæstv. ríkisstj. hirti ekki um það, hvort lífskjörin fóru batnandi eða versnandi, enda var það veigamikill þáttur í boðskap stjórnarherranna og alls konar útsendara, sem þeir höfðu á sínum snærum og ýmist voru kallaðir sérfræðingar í efnahagsmálum eða hlutlausir áhorfendur, að íslenzkur almenningur lifði of hátt, hefði of mikið að bíta og brenna, ynni of lítið og gerði of miklar kröfur. Það varð því augljóst í upphafi ferils þessarar hæstv. ríkisstj., að hún ætlaði að lækka neyzlustig íslenzks almennings, rýra kjörin, en bæta þau ekki.

Hvað snertir atvinnuvegina og það yfirlýsta markmið stjórnarinnar að koma t. d. útgerðinni á heilbrigðan grundvöll, er það síður en svo gleymd staðreynd, að það, sem sérstaklega átti að bæta hag hennar sem útflutningsatvinnuvegar, reyndist hin mesta hefndargjöf sakir vaxandi framleiðslukostnaðar, sem leiddi beinlínis af gengisfellingunni og var miklu meiri en sú aukning á krónutölu, sem átti að bæta hlut útvegsins. Gengisfellingardæmið var því allt skakkt reiknað eins og oft áður, þegar gengisfellingu hefur verið beitt til lausnar á efnahagsvandanum. En auk gengisfellingarinnar komu svo hinar aðrar „samræmdu“ aðgerðir í peningamálum, eins og vaxtahækkun og ströng lánsfjárskömmtun, sem bitnaði hvað harðast á útgerðinni. Það muna allir eftir fyrsta viðreisnarsumrinu 1960, þegar verið var að undirbúa síldarflotann undir veiðar fyrir Norðurlandi og ljóst var, að efnahagsaðgerðirnar höfðu gersamlega kippt rekstrargrundvellinum undan síldveiðiflotanum, einmitt þær aðgerðir, sem aðallega voru þó taldar í því skyni gerðar að koma rekstri fiskiflotans á heilbrigðan grundvöll. Þetta kom þó kannske enn skýrara í ljós í vertíðarbyrjun næsta vetur á eftir, þegar bátaflotinn í öllum landshlutum, þar sem vetrarvertíð er stunduð, var stöðvaður um lengri eða skemmri tíma vegna okurráðstafana ríkisstj. Það var þá, sem mikilsvirtir forustumenn útgerðarmanna, þ. á m. hv. 7. landsk. þm., Sverrir Júlíusson, töluðu um hina „lamandi hönd“, sem lögð væri á bátaútveginn.

Og ég minni á það enn þá, að þessar efnahagsaðgerðir voru gerðar, að því er sagt var í fyrstu, í þágu útvegsins. Hvað skyldi þá um aðrar atvinnugreinar og efnahagsstarfsemi? Það lætur að líkum, hvernig framvinda mála hefur verið á ýmsum öðrum sviðum. Og það fór ekki á milli mála þá, að rætur kyrrstöðunnar og efnahagstruflana þessara fyrstu missira viðreisnartímabilsins lágu beinlínis í efnahagsaðgerðunum sjálfum. Það var sýnt, að ríkisstj. stefndi að samdrætti í atvinnulífinu og hefði trú á honum sem tæki í öðrum stærri tilgangi.

Því fer víðs fjarri, að á þessu tímabili viðreisnarinnar hafi kaupkröfur átt þátt í því að gera atvinnuvegunum erfitt fyrir eða íþyngja framleiðslukostnaði útflutningsatvinnuveganna. Kaupbreytingar voru engar og gátu því engin áhrif haft. Það var viðreisnin sjálf, sem þarna var að verki. Og það kom líka í ljós, að nauðsynlegt var að breyta um stefnu gagnvart útveginum, ef hann átti að geta borið viðreisnarbyrðarnar og fyrirsjáanlegar og eðlilegar kröfur frá verkamönnum og sjómönnum um bætt kjör, því að það var útilokað, að þessar stéttir og aðrir launþegar sætu aðgerðarlausir til lengdar án þess að fá bætt kjör sín. Það er víst rétt að víkja nokkuð að þessum þætti sérstaklega og minna á samskipti ríkisvaldsins og launþegasamtakanna undanfarin ár.

Vinstri stjórnin, sem sat að völdum rúmlega 2½ ár, á tímabilinu 1956—1958, byggði stefnu sína að langmestu leyti á því, að sem nánast samstarf væri milli ríkisvaldsins og stéttasamtakanna og sér í lagi milli Alþýðusambands Íslands og samtaka bændanna og ríkisstj. Því miður varð skemmra í þessu samstarfi en vonir stóðu til og æskilegt hefði verið, og sú saga verður ekki rakin hér nánar að þessu sinni, þó að hún sé ærið lærdómsrík. En ég vil þó aðeins geta þess, að þá voru að verki öfl, sem frjálslyndir menn hefðu betur staðið skár á verði gegn, í stað þess að gefa þeim tækifæri til þess að ná saman og sundra því stjórnarsamstarfi, sem byggt hafði verið á einna skynsamlegustum grunni um langa hríð. En eins og menn vita, þá voru þessi öfl borin uppi af tveimur meginfylkingum, annars vegar af Sjálfstfl. og hins vegar af Moskvukommúnistum. Vinstri stjórnin féll fyrir þessum öflum, og þar með var brautin rudd fyrir íhaldsstjórn, þá íhaldsstjórn, sem nú situr að völdum í landinu.

Á tímum vinstri stjórnarinnar tókst að halda hér uppi fullri atvinnu, og framkvæmdir voru miklar í höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar og afkoma þeirra yfirleitt góð. Sama er að segja um afkomu launþega. Hún var öll þessi ár tiltölulega góð, og þegar vinstri stjórnin fór frá í desemberbyrjun 1958, þá var það álit erlendra hagfræðinga, sem mjög er til siðs að vitna til, að lífskjörin á Íslandi væru með því bezta, sem þekktist í allri Evrópu, og þá er raunar ekki til lítils jafnað, því að vitanlega er Evrópa í fremstu röð hvað lífskjör almennings snertir. Enda var það stefna þessarar ríkisstj. að halda lífskjörunum í sem hæstu marki, svo háum sem frekast mátti, án þess að það leiddi til ofþenslu í efnahagslífinu. Til samanburðar á afkomu almennings á tímum vinstri stjórnarinnar og síðan á dögum viðreisnarinnar má geta þess, sem rakið er í nál. minni hl. fjhn., að almennt tímakaup verkamanna var 21.85 í nóv. 1958, en var aðeins 20.67 kr. í febr. 1960 og hélzt þannig óbreytt fram í júní 1961. M. ö. o.: kaupið á fyrstu missirum viðreisnarinnar var beinlínis 1.18 kr. lægra á tímann en það var á dögum vinstri stjórnarinnar.

Nú muna menn það gerla, að í nóv. 1958 barðist Morgunblaðið og allur Sjálfstfl. af kappi fyrir því, að kaup yrði hækkað. Sjálfstæðismenn sögðu, að kaupið, sem þá var 21.85 kr., væri allt of lágt og það yrði að hækka. En hvað skeði, þegar Sjálfstfl. náði valdaaðstöðu með Alþfl. að vinstri stjórninni fallinni? Ekki annað en það, að þessir

háu herrar lækkuðu kaupið niður í 20.67 kr. snemma árs 1959, og þannig hélzt það árið 1959, 1960 og hálft árið 1961, þ. e. í 2½ ár.

1959—1961 var almennt kaupgjald í landinu lægra í krónutölu en það var á tímum vinstri stjórnarinnar. Þannig framkvæmdi Sjálfstfl. kauphækkanir þær, sem hann barðist fyrir haustið 1958. En Sjálfstfl. gerði meira. Hann lét sér ekki nægja að lækka kaupið beinlínis í krónutölu. Efnahagsaðgerðir ríkisstj. í febr. 1960 leiddu þegar í stað stórkostlegar verðhækkanir yfir almenning, sem að sjálfsögðu rýrðu lífskjörin og kaupmátt launanna stórkostlega. Fyrstu áhrif viðreisnarráðstafananna voru einmitt verðhækkanir á öllum sviðum. Nauðsynjar almennings, matvara, fatnaður, húsbyggingarkostnaður, námskostnaður og yfirleitt hvað eina, sem þurfti til framfærslu og heimilishalds og menntunar, óx allt gífurlega. Auk þess kom fleira til, þ. á m. nýjar álögur af hálfu ríkisins í formi nýrra skatta og stóraukinna vaxta. Þessar byrðar ætlaði ríkisstj. fólkinu í landinu að bera án nokkurra teljandi hagsbóta, sem ríkisvaldið beitti sér fyrir til þess að draga úr sárasta sviðanum. Það komu að vísu til auknar fjölskyldubætur, sem léttu dálítið viðreisnarbyrðina hjá þeim, sem þeirra nutu, en auðvitað voru það ekki allir, sem urðu þeirra aðnjótandi. Aðrar hliðarráðstafanir voru ekki umtalsverðar.

Hæstv. ráðh. mega auðvitað, ef þeir endilega vilja, breiða sig út yfir aukningu tryggingakerfisins á valdatíma sínum á öðrum sviðum, svo sem í sambandi við ellilaunin og afnám skerðingarákvæðanna. Það er allt gott, svo langt sem það nær, en fráleitt er, að þar sé um að ræða almennar hagsbætur fyrir fólkið í landinu, heldur einvörðungu um sérstakar undantekningar, sem auðvitað eru mikilvægar fyrir þá, sem þeirra njóta, og er skylt að viðurkenna það. En það stendur óhaggað eftir sem áður, að viðreisnin hefur lagt þungar byrðar á almenning í landinu. Er þar m. a. um að ræða allt efnalítið fólk og ungt fólk, sem er að búa sig undir lífið, sumt með dýru námi, sumt með því að koma yfir sig eigin húsnæði eða eignast eitthvert atvinnutæki sér og sínum til lífsafkomu. Viðreisnin hefur lagt unga fólkið framar öðru í einelti og alveg sérstaklega alla hina mörgu einstaklinga, sem vildu verja fé og kröftum til arðvænlegra fyrirtækja eða framtíðaruppbyggingar, svo sem í húsnæðisbyggingum. Viðreisnarráðstafanirnar hafa t. d. leikið landbúnaðinn þannig, að unga fólkið sér litla framtíð í því að setjast að í sveit, eins og nú háttar í efnahags- og fjármálastjórn. Stefna ríkisstj. í íbúðarhúsbyggingum hefur leitt til algers öngþveitis í húsnæðismálum. Hinar „samræmdu" fjármálaaðgerðir voru þannig hugsaðar, að sem mest tæki fyrir íbúðabyggingar á vegum einstaklinga í eigin þágu. Þetta tókst líka með þeim vafasömu ágætum, að húsbyggingar drógust saman strax fyrsta viðreisnarárið og náðu lágmarki árið 1961, þegar aðeins var byrjað á 789 íbúðum í öllu landinu, í stað þess að algert lágmark til þess að koma í veg fyrir neyð í húsnæðismálum hefði átt að vera um 1500 íbúðir. En þeir, sem stóðu í byggingum árin 1960 og 1961, urðu að sætta sig við hærri vexti en nokkurs staðar eru þekktir í víðri veröld, og þar að auki var sköpuð hatrömm lánsfjárkreppa með hinum víðfrægu „samræmdu" efnahagsaðgerðum ríkisstj.

Þessi lánsfjárkreppa var fyrst og fremst látin bitna á fátækum húsbyggjendum og öðrum, sem ráða ekki yfir teljandi eigin fjármagni, en hins vegar virtist ekki skortur á fjármagni til þeirra, sem í náðinni voru hjá ríkjandi stjórn og bankayfirvöldum. Milljónahallir hafa risið í Reykjavík yfir starfsemi heildsala og annarra máttarstólpa íhaldsins, á meðan ungt fólk hírist í ónýtu og þröngu húsnæði og er neitað um aðstoð til byggingar hóflegra íbúða. Þannig hefur það gengið til allan viðreisnartímann. Í einu og öllu var miðað að kjaraskerðingu og engu skeytt, hverjar afleiðingarnar yrðu.

Ríkisstj. kærði sig síður en svo um að eiga gott samstarf við launþegasamtökin í landinu, og leit svo út sem hún teldi sig hafa ráð þeirra fullkomlega á sínu valdi, sem kom einna skýrast í ljós í sambandi við kaupgjaldsmál. Eins og ég benti á áðan, lækkaði núv. stjórnarsamsteypa almennt laun í landinu frá því, sem var 1958, en hækkaði hins vegar verðlag stórlega með efnahagsaðgerðum sínum. Það var vissulega heimskulegt af stjórnarvöldunum að hegða sér þannig í upphafi stjórnarferils síns. Með framkomu þeirra var auðvitað fyrirsjáanlegt, að þau voru að magna á sig óvild almannasamtakanna, einkum þegar þess var gætt, að það varð ekki dulið, að hæstv ríkisstj. vann að því að efla auðvaldið í landinu og gefa gróðamönnum sem frjálsast svigrúm og sem mest olnbogarými. Samt sem áður gerðist ekkert sérstakt í kaupgjaldsmálum allt árið 1960. Almenningur undi við það kaup, sem verið hafði, áður en hækkanirnar hófust, og launþegasamtökin fóru fram á það eitt við ríkisstj., að kjörin yrðu bætt með því að lækka verðlag og vexti. En ríkisstj. slakaði ekki í neinu á okurаðgerðum sínum. Hún fylgdi þeim eftir með harðneskju og fullum þunga gagnvart launþegum. Ríkisstj. neitaði auðvitað líka um kauphækkanir, og þessi óbilgirni leiddi smám saman til vaxandi árekstra í kaupgjaldsmálunum, sem enduðu með allsherjar vinnudeilum og vinnustöðvunum í maí og júní 1961.

Saga kaupgjaldsbaráttunnar í maí og júní 1961 og þeir atburðir, sem á eftir fóru, gefa tilefni til sérstakra hugleiðinga, þó að aðrir hafi minnzt á það áður. Ríkisstj. hafði lýst yfir því sem stefnuskráratriði sínu, að deilur um kaup og kjör skyldu leysast í frjálsum samningum milli launþega og vinnuveitenda, enda ráð fyrir því gert í vinnulöggjöfinni sjálfri. Með þessu voru vinnuveitendur að sjálfsögðu frjálsir að öllum sínum samningum við launþegasamtökin. Samkomulagsvilji virtist almennt mikill meðal vinnuveitenda. En þrátt fyrir það og yfirlýsta stefnu ríkisstj. um, að hún mundi ekki skipta sér af kjarasamningum, fór þó svo, að ríkisstj. beitti áhrifum sínum gegn því, að samið yrði, og hótaði hverjum þeim bannfæringu, sem dirfðist að hegða sér öðruvísi en hæstv. ríkisstj. lagði fyrir.

Það voru samvinnufélögin á Norðurlandi, sem fyrst urðu til þess að rjúfa múrinn og gerðu samkomulag um nokkra kauphækkun. Þetta samkomulag milli samvinnufélaganna og launþegasamtakanna á Norðurlandi varð fyrirmynd að al-

mennum samningum um allt land, og með því var komið í veg fyrir yfirvofandi framleiðslustöðvun um hábjargræðistíma íslenzku þjóðarinnar. Samkomulagið bjargaði þjóðinni frá þeim voða, sem langvarandi vinnustöðvun er og hlýtur raunar alltaf að verða, ekki sízt, þegar um er að ræða svo viðtæk verkföll eins og hér voru 1961. Eitt mikilvægasta ákvæði samninganna var það, að þeir skyldu gilda til tveggja ára, að því tilskildu, að verðlagi væri haldið niðri. Þetta ákvæði um óbreytt verðlag var auðvitað bein áskorun á ríkisvaldið um að sjá svo um, að almennar verðhækkanir ættu sér ekki stað á tímabilinu. Með því móti gat ríkisstj. bezt stuðlað að jafnvægi í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Það var fásinna að ætla það, og það var einnig fásinna að halda því fram, að þær kauphækkanir, sem samið var um á Akureyri og Húsavík og síðar um allt land, væru gjaldþoli atvinnuveganna um megn. Árferði var gott á Íslandi og hafði verið að undanförnu, svo og almenn aflabrögð og afurðaverð, sem hvort tveggja fór batnandi, að undanskildum afla togaranna einna. Afli hafði t. d. stórvaxið úti um land, svo að bátar voru farnir að stunda fiskveiðar frá útgerðarstöðum á Norður- og Austurlandi allan ársins hring. Bjartsýni ríkti í upphafi síldarvertíðar vegna góðra veiðihorfa og þess, að síldarflotinn var nú betur undir síldveiði búinn en nokkru sinni áður. Að vísu hefur menn þá ekki órað fyrir, að sumaraflinn yrði svo stórkostlegur sem síðar átti eftir að koma í ljós, en flestir munu hafa gert sér grein fyrir, að gott sumar fór í hönd. Það var heldur engin ásæða til þess að kvíða fyrir afkomu síldarsaltendanna og síldarverksmiðjanna, og iðnfyrirtækin í landinu voru almennt vel megnug þess að taka á sig kauphækkun. Þrátt fyrir samdrátt í mikilvægum greinum efnahagslífsins, svo sem í íbúðarhúsabyggingum og í ræktunarframkvæmdum sveitanna, var eigi að síður að myndast að nýju bjartsýni og trú á framtíðina, og þrátt fyrir skipulagða kreppustefnu í upphafi ferils síns hafði ríkisstj. þó orðið að láta undan á sumum sviðum, þannig að atvinna var mikil í landinu. Þó að ríkisstj. legði líka allar hugsanlegar hömlur á byggingu hóflegs íbúðarhúsnæðis, þá leyfði hún gæðingum sínum að ráðast í dýrar og fjárfrekar stórbyggingar, og heildsalar og bankar og ýmiss konar iðnfyrirtæki kepptust um að byggja mikil húsbákn, einkum í Reykjavík, en sömu þróunar gætti í ýmsum öðrum bæjarfélögum, t. d. á Akureyri. Það varð því ekki séð, að það vantaði peninga. En nú voru þeir til valda komnir í þessu landi, sem skömmtuðu sjálfum sér veltufé þjóðarinnar og lánsfé og notuðu það til þeirra framkvæmda, sem þeim sýndust arðvænlegastar. Og þeir hafa ekki skorið þessar framkvæmdir neitt við neglur sér. Þeir hafa látið fjármagnið leika lausum hala í skrifstofu- og verzlunarbyggingum, og þeir hafa sprengt upp kaupgjaldið með yfirboðum til verkamanna og iðnaðarmanna, og þeir hafa þótzt græða vel á þessu samt.

En svo að ég víki aftur að árinu 1961, þá var það minnisstæðast frá því ári, að hæstv. ríkisstj. virtist umhverfast, eftir að samvinnufélögin og verkalýðsfélögin á Norðurlandi tóku frumkvæðið í lausn kaupgjaldsmálanna. Hæstv. ríkisstj. bar ekki gæfu til þess að rækja sinn hlut í því máli, sem var það að varðveita jafnvægið milli kaupgjalds og verðlags, sem samningarnir voru ótvírætt grundvöllur undir og traustur grundvöllur, ef vel var á haldið af hálfu ríkisstj. Í stað þess að gera ekkert, sem leiddi til röskunar á þessu jafnvægi, lækkaði ríkisstj. gengi krónunnar um 13%. Af augljósum ástæðum var gengislækkunin 1961 skoðuð sem hefndarráðstöfun gagnvart launþegum. Hún gat ekki átt sér neinn skynsamlegan tilgang. Rökin fyrir gengislækkuninni voru líka í algeru ósamræmi við fyrirhugaða ráðstöfun gengishagnaðarins. Samkv. forsendum þeim, sem fram komu í brbl. um gengislækkunina, var þess getið, að útflutningsframleiðslan gæti ekki borið nýorðnar kauphækkanir og yrði því að lækka gengið af þeim sökum. En ákvæðin um ráðstöfun gengisgróðans fólu það í sér, að verulegur hluti hans rann beint til ráðstöfunar ríkisvaldsins, og það kostaði langvinna baráttu, bæði hér á Alþingi og utan þess, að fá þessum ákvæðum breytt. Slík var framkoma hæstv. ríkisstj. á þessum tíma. Hún var svo óskammfeilin að lækka gengi íslenzku krónunnar í blóra við það, að það væri nauðsynlegt fyrir útgerðarmenn og síldarsaltendur, til þess að þeir gætu staðið undir kaupgjaldinu, en í þess stað tekur ríkisstj. í sinn eigin vasa stóran hluta gengishagnaðarins og notar hann í þágu ríkissjóðs. En hitt var þó kannske enn verra, að með gengisfellingarævintýrinu 1961 hefst verðbólguskriðan fyrir alvöru. Með gengisfellingunni voru kaupgjaldssamningarnir frá því í júní gerðir óvirkir. Launþegar töldu sig lausa allra mála. Og hver dýrtíðarbylgjan hefur skollið á eftir aðra síðan. Það er þetta, sem líkja má við það að skvetta olíu á eld, sem á að slökkva.

Með gengisfellingunni var verðbólgudraugurinn vakinn upp, og það var verk hæstv. ríkisstj. og ekki annarra. Hún hefur sjálf magnað á sig þessa vofu, sem hún á í höggi við og fær ekki losnað undan eða umflúið. Hún ber sjálf ábyrgð á öllum draugagangi í íslenzku efnahagslífi um þessar mundir. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur sýnt andstæðingum sínum óvenjulegt tillitsleysi í einu og öllu og beinlínis lagt sig í framkróka um að virða einskis gott samkomulag við stjórnarandstöðuna almennt. Í það hefur hún sett stolt sitt og þótzt góð af því allan tímann. Hún hefur ávallt sýnt óbilgirni í sambandi við kaupgjalds- og kjaramál og almenn þingmál og hegðað sér í kjaramálunum sérstaklega svo óhyggilega, að varla er einleikið.

Eftir það, sem þannig er á undan gengið í samskiptum núv. stjórnarflokka við launþega í landinu, er e. t. v. ekki ástæða til að undrast það frv., sem hér liggur fyrir nú og hefur að geyma bann við því, að launþegar og vinnuveitendur semji um kaup og kjör. Slíkt frv. er næstum því eðlilegt þróunarstig í löngum styrjaldarrekstri þessarar hæstv. ríkisstj. gegn frjálsu samkomulagi milli launþega og vinnuveitenda. Þessi árátta kom greinilega fram í sambandi við samningana í júní 1961, og það hefur bólað á henni æ síðan, og hún hefur leitt ríkisstj.

til aðgerða, sem hún hefði átt að vita að voru algerlega óverjandi og eru óverjandi miðað við ríkjandi réttarhugmyndir meiri hl. fólks í þessu landi, fólks í öllum stjórnmálaflokkum.

Þá má enn minna hæstv. ríkisstj. á það, að hún lýsti yfir því við valdatöku sína fyrir 4 árum, að stefnt væri að því að leysa kaupdeilur með frjálsu samkomulagi aðila, sem í hlut ættu. En það má líka minna hæstv. ríkisstj. á það, að þetta atriði stefnuskrárinnar hefur aldrei verið haldið. Hæstv. ríkisstj. hefur aldrei virt samningsréttinn um kaup og kjör, þegar á hefur reynt, heldur ævinlega gripið inn í með sínum eigin aðgerðum. Og hámarkið í rofum þessa sjálfsagða stefnuskráratriðis, raunar hverrar ríkisstj., er þetta frv., sem nú er til 2. umr. Lengra verður ekki gengið en að afnema samningsfrelsið. Það er ekki bara verið að afnema verkföll sem slík, það er verið að afnema samningsfrelsið, afnema rétt aðila til að komast að samkomulagi og gera það virkt. Og það er einnig gengið inn á nýja braut með þessu frv., þar sem er ákvæðið um afturvirkni laganna. Slíkt ákvæði er svo óvenjulegt, að það verður með engu móti réttlætt. Yfirleitt virðast allar réttarfarshugmyndir hæstv. ríkisstj. endanlega af göflunum gengnar. Þó að ekki væri nema af þeirri ástæðu einni, að með slíku ákvæði er skapað fordæmi fyrir áframhaldandi brotum á viðurkenndum réttarhugmyndum og reglum við lagasmíð, þá hljóta allir heilbrigðir menn, sem hér eiga sæti á hv. Alþingi, að sjá ástæðu til að fella þetta frv., hvað þá ef virt er sjálft meginefni frv.

Það er auðvitað hárrétt, sem fram hefur komið í ræðum hæstv. ráðh. hér í þessum umr., að efnahagsmál landsins eru komin í öngþveiti og óðaverðbólga er ríkjandi í landinu fremur en nokkru sinni fyrr. En slík meinsemd verður ekki læknuð með þeirri harðneskju, sem hæstv. ríkisstj. beitir og beitir raunar alltaf og náð hefur hámarki með þessu lagafrv., sem hér er til umr. Það eru allir sammála um nauðsyn þess að stöðva verðbólguna. En þá verður líka að leitast við að finna orsakir hennar og samstilla öll ráðandi öfl í þjóðfélaginu til úrbóta á vandanum. Um það á ríkisstj. að hafa forustu, en því miður bregzt hún algerlega þeirri skyldu sinni, ekki aðeins nú, heldur hefur hún gert það frá fyrstu tíð. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að launþegasamtökin hafi fyrr og síðar verið til viðtals um kjarabætur, sem ekki einvörðungu væru fólgnar í beinum kauphækkunum. Það hefur verið bent á réttlátari skattamálastefnu sem úrræði til bættra lífskjara. Því hefur hæstv. ríkisstj. svarað með því að gerbreyta á sínum valdaferli skattheimtuaðferðum og gera duldu skattana, fyrst og fremst almenna söluskatta, að megintekjulind ríkissjóðs. Allir vita, hvaða áhrif sú breyting hefur haft. Allir vita, að duldu skattarnir leggjast með meiri þunga á efnaminna fólkið en beinu skattarnir. Þessu vill hæstv. ríkisstj. auðvitað ekki breyta í neinu. Það hefur verið bent á þá leið að lækka vexti t. d. af húsbyggingarlánum. Þeirri ábendingu hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað sinna, og það hefur verið bent á mörg fleiri atriði, sem miða til kjarabóta, en þeim hefur heldur aldrei verið sinnt af hæstv. ríkisstj., hvorki fyrr né síðar. Harðneskja og óbilgirni hæstv. ríkisstj. hefur því átt meginþáttinn í að skapa það ástand, sem nú ríkir hér.

Hæstv. viðskmrh. hélt hér ræðu við 1. umr., og hélt hann fram því meginsjónarmiði, að nú yrði að bæta kjör láglaunafólksins. Það þarf að jafna kjörin, sagði hæstv. ráðh. Vissulega er hægt að fallast á þessa yfirlýsingu. En hvernig hefur hæstv. viðskmrh. og flokkur hans framkvæmt þessa ágætu stefnu nú undanfarin ár? Ég hef rakið það stuttlega í þessum fáu orðum mínum hér á undan. Hæstv. viðskmrh. og samflokksmenn hans hafa ráðið úrslitum á Alþingi og í ríkisstj. undanfarin ár, og þeir bera ábyrgð á því, hvernig komið er kjaramálum í landinu. Það er flokkur hæstv. ráðh., sem ber ábyrgð á því, að undanfarin 4 ár hefur stefnt óðfluga í ójafnaðarátt í landinu. Það er hans flokkur, sem borið hefur ábyrgðina á því, að auðvaldið í landinu hefur verið látið leika lausum hala á kostnað almennings. Sú ofþensla, sem nú ríkir í efnahagslífinu, stafar ekki af því, að nú sé svo mikið unnið að framkvæmdum í þágu almenningsheilla. Það er ekki fyrir það, að það sé svo mikið byggt af skólum, sjúkrahúsum, unnið að vegalagningu, hafnaframkvæmdum eða íbúðarhúsabyggingum. Í öllum þessum dæmum er um samdrátt að ræða, bæði beinlínis og hlutfallslega.

Hæstv. forsrh. talaði í framsöguræðu sinni um kapphlaupið í eyðslunni, og það er að mörgu leyti rétt. En hver er undirrót þessarar eyðslu? Hún er sú, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft hina minnstu stjórn á fjárfestingu og innflutningi og lagt áherzlu á að styðja innflutning, sem hvetur til sóunar, m. a. í bílum, í sjónvörpum og ýmsum öðrum kjánalegum munaði, sem heildsalastéttin og ýmsir fjármagnseigendur hirða af aðalgróðann. Hins vegar hefur bankapólitíkin verið slík, að bankarnir hafa verið lokaðir almenningi fyrir lánveitingum til framtíðaruppbyggingar, t. d. í húsnæðismálum. Á sama tíma sem hver sem er fékk rífleg lán til bílakaupa í bönkunum, auk gjaldfrests hjá sumum bílaumboðum, og lán út á bíla hjá ýmsum tryggingafélögum þar á ofan, þá var þessum sömu mönnum neitað um lánsaðstoð til húsbygginga eða lagfæringar á húsnæði eða til húsakaupa.

Með slíkri peningapólitík er auðvelt að skapa eyðsluvenjur í uppgripaárferði. En það er ekki þetta, sem fólkið vill í raun og veru. Það vill auðvitað fyrst og fremst skapa sér varanleg verðmæti og verja til þess fé sínu. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað koma til móts við slíkar óskir almennings. Liggur næst við að ályktа, að ástæðan sé sú, að hæstv. ríkisstj. telji mikilvægara að auka verzlunarveltu heildsalanna en að skapa hér heilbrigðar framfarir og uppbyggingu í þágu framtíðarinnar, í þágu unga fólksins, sem vantar húsnæði, og efnalitla fólksins, sem skortir aðstoð til nauðsynlegra framkvæmda á svo mörgum sviðum.

Hæstv. ríkisstj. lofaði mörgu fögru í upphafi ferils síns og þá ekki sízt að stöðva verðbólg-

una og bæta lífskjörin. Það væri auðvitað rangt að halda því fram, að ekkert nýtilegt sæist eftir þessa ríkisstj. eftir 4 ára valdaferil. En hitt er jafnvíst, að í veigamestu atriðum hefur henni mistekizt með öllu. Verðbólgan leikur lausum hala og kjörin hafa verið skert. Og stærri getur ósigur hæstv. ríkisstj. ekki orðið. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, ætti í raun réttri að verða síðasta andvarp þessarar ellimóðu ríkisstj., sem er vissulega komin að niðurlotum. Og það væri vel gert af stuðningsflokkum hennar hér í hv. d. að hjálpa til þess að fella þetta frv. og leysa upp það vandræðaheimili, sem nefnist ríkisstjórn Íslands í dag.

Það sjá allir og stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. ekki síður, að stjórnarstefnan hefur nú beðið endanlegt skipbrot. Þær þvingunarráðstafanir, sem nú eru fyrirhugaðar, eru alger uppgjöf á því að reyna að leysa vandamálin með lýðræðislegum vinnubrögðum. Ríkisstj. hefur færzt meira í fang en hún ræður við. Hroki hennar og skortur á samkomulagsvilja allt kjörtímabilið hefur leitt hana í ógöngur og vandræði, sem ekki sér fyrir endann á, og það er ekki til neins nú fyrir hæstv. ráðh. að vera með einhver ólíkindalæti gagnvart stjórnarandstöðunni um, að þeir vilji samkomulag, því að það er einmitt það, sem hún ekki vill og hefur aldrei viljað.

Hæstv. ríkisstj. er að undirbúa löggjöf, sem leggur bann við kaupgjaldssamningum og verkföllum, að vísu um takmarkaðan tíma, en þó með fyrirætlunum um að framlengja þetta bann um enn lengri tíma, ef henni tekst að koma þessum þvingunarráðstöfunum fram, eins og þær birtast hér í frv. Hæstv. ríkisstjórn sver a. m. k. ekki fyrir það, að hún mundi framlengja lögin.

Það er ekki annað sýnna en að með þessu sé hæstv. ríkisstj. að leiða algert stjórnleysi yfir landið. Hún beitir sér fyrir lagasetningu, sem ekki er í samræmi við ríkjandi réttarhugmyndir, og slíka lagasetningu er auðvitað mjög auðvelt að hafa að engu, enda bendir flest til þess, að svo muni verða. En hverju ætlar ríkisstj. að svara mótaðgerðum, sem felast í því, að ein höfuðgrein laganna, ef lög verða, verður brotin, þannig að ótal verkalýðsfélög boða til verkfalls, hvað svo sem lögunum líður? Ætlar hún að knýja fólk til vinnu með lögregluaðstoð? Ætlar hún að sækja forustumenn félaganna til saka fyrir dómstóli og krefjast refsingar? Hún getur auðvitað reynt hvort tveggja, en vandséð er, að slíkt verði til þess að auka hróður hæstv. ríkisstj., og einkum vildi ég óska hæstv. forsrh. annars en þess að enda sinn pólitíska feril með slíku. (**Forsrh.**: Ég er ekki nærri hættur.) Nei, hæstv. ríkisstj. á annarra kosta völ. Að mínu áliti á hún um tvennt að velja, og get ég tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni: Annaðhvort að draga frv. til baka, gera ráðstafanir til þess, að frjálsir samningar geti tekizt að nýju milli deiluaðila, ellegar og að öðrum kosti að ríkisstj. víki úr sessi nú þegar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem mig langaði til að segja út af ýmsu, sem fram hefur komið í þessum umr. Ég hef áður, við 1. umr. þessa máls, látið í ljós skoðun mína á þessu frv. í heild og rætt það nokkuð almennt, en mig langaði til þess að fara dálítið inn á ýmis atriði, sem hafa komið fram í þeim ræðum, sem haldnar hafa verið.

Frsm. hv. meiri hl. í fjhn., hv. 6 landsk., talaði hér nokkur orð. Hans ræða var að vísu ekki löng, og hefði þó af stjórnarinnar hálfu átt að reyna að verja eitthvað dálítið þetta frv. hennar, en líklega er nú enginn af þm. stjórnarinnar svo mikið fylgjandi þessu frv., að hann hafi nokkra löngun til þess að standa hér upp og verja það. En það litla, sem þessi hv. þm. sagði og ég hlustaði á, sýndist mér þannig, að það væri bókstaflega ekkert einasta atriði af því, sem gæti staðizt.

Þessi hv. þm. fór að tala um ábyrgðartilfinningu stjórnarandstöðunnar og virtist vilja gera lítið úr henni. Ég veit nú ekki betur en það hafi vart nokkur stjórnarandstaða, sem ég man eftir, sýnt aðra eins ábyrgðartilfinningu gagnvart ríkisstj. og stjórnarandstaðan hefur sýnt gagnvart þessari hæstv. ríkisstj., allt frá því að ríkisstj. komst til valda. Þó að það væri vitanlegt, að þetta væri stjórn, sem auðmannastéttin í landinu fyrst og fremst stóð á bak við og ætlaði að fara að innleiða gamaldags baráttuaðferðir sínar hér, þá sýndi verkalýðurinn slíka hófsemi í sínum aðgerðum, að hann vildi bókstaflega láta kerfi þessarar ríkisstj. fá að sýna sig og gaf henni tækifæri til þess.

Stjórnin komst til valda undir kjörorðinu: Leiðin til bættra lífskjara. — Og verkalýðurinn á Íslandi gaf henni tækifæri til að sýna, hvert leið hennar lægi. Hún fékk frið 1959, hún fékk frið 1960, hún fékk frið fram á mitt ár 1961. Og hvernig var þá komið? Hvernig var komið með þann kaupmátt, sem hafði verið, þegar hún tók við og var á árinu 1959 100, þegar miðað er við 1945, kaupmátt lægsta Dagsbrúnarkaups? 1961 var hann í maí kominn niður í 84 stig. Það var orðin meira en 16% lækkun á raunverulegum launum á þessu 2½ ári, sem ríkisstj. hafði setið að völdum, og allt þetta hafði stjórnarandstaðan, hafði verkalýðshreyfingin þolað án þess að grípa til aðgerða. Og ef ég man rétt, þá var yfirlýsingin, sem var gefin af flokksráði Sjálfstfl. í des. 1958, þegar flokksráðið ákvað að styðja stjórn Alþfl., sú, að það mundi þurfa um 6% launalækkun. En verkalýðshreyfingin beið og lét stjórnina fá að sýna sig í 2½ ár, stjórnina eða stjórnarsamsteypuna, þangað til það var yfir 16% launalækkun komin fram. Þá fyrst greip verkalýðshreyfingin til verkfalls, og með því verkfalli var kaupið ekki hækkað meira en það, að þessi kaupmáttarvísitala fór úr 84 upp í 92 stig, — 92 stig, það var allt saman. Meira var ekki að gert. Það var vissulega hófsemi. Og hvernig var þessari hófsemi svarað? Henni var svarað, eins og allir muna, með gengislækkunargerræðinu í ágúst 1961, stjórnarskrárbrotinu, sem þá var framið. Og ég þarf ekki að rekja söguna síðan. Það var beðið í heilt ár, áður en því var svarað. Og svo dirfist hv. þm. að koma hér upp og segja þessa stjórnarandstöðu hafa skort á-

byrgðartilfinningu. Ábyrgðartilfinningu hefur vantað annars staðar, og hana hefur kannske ekki sízt vantað hjá fylgi stjórnarinnar hér á Alþingi. Og ég held, að þeir hv. þm., þá sjaldan þeir koma hér upp til að tala og reyna að verja stjórnina, ættu að stinga hendinni í eigin barm og athuga, hvort þeir ættu ekki að sýna dálítið meiri ábyrgðartilfinningu í að vara sína eigin ríkisstj. við að fara inn á þá braut, sem hún er að fara inn á nú.

Þá talaði hv. 6. landsk., frsm. meiri hl. fjhn., um kauplækkunaraðgerðir 1956. Mér finnst það vera það minnsta, sem hægt er að heimta af þm., jafnvel þótt þeir séu nýir á þingi, að áður en þeir fara að tala um hluti, hafi þeir einhverja hugmynd um þá. Þessi hv. þm. sagði, að kauphækkanir hafi verið bannaðar og að verkföll hefðu verið bönnuð haustið 1956, og ef hann hefur nokkra minnstu þekkingu, þá veit hann, að hvort tveggja er ósatt, og ef hann hefur ekki þekkingu á þessu, þá á hann ekki að tala um það. Það, sem var gert, var, að það var ákveðið í ágústlok í samráði við verkalýðsfélögin, að 6 stigum, sem kaupið gat hækkað um 1. sept. og hefðu horfið aftur í landbúnaðarvöruverðshækkun seinni hlutann í sept., var jafnað út, þannig að það var ekki látið hækka um þessi 6 stig og landbúnaðarvörurnar voru ekki látnar hækka. M. ö. o.: það, sem hefði orðið aðeins víxlhækkun, það var afnumið, án þess að verkamenn misstu nokkurs í við það. Og ef þennan hv. þm. vantar að vita það, þá getur hann athugað, hvernig kaupmáttarvísitalan var á þessu ári. Hún var að meðaltali 1956 97.2 stig, það hæsta, sem hún var á nokkrum árum þarna í kring, 97.2 stig. Það fór engin kauplækkun fram, það var ekkert verkfall bannað, verkamenn gátu, ef þeir vildu, farið í eins miklar grunnkaupshækkanir og þeir vildu. Þess vegna á ekki að ræða á þennan máta. Það er hægt að deila á, hvort það hafi ekki verið réttara að skapa dálítið meiri verðbólgu og annað slíkt, en þá er bezt að ræða það þannig, út frá því sjónarmiði, hvort það væri ekki mjög heppilegt að skapa meiri verðbólgu. Það var það, sem spurningin stóð um. Og ég segi þetta vegna þess, að ég hef sjálfur deilt á vinstri stjórnina fyrir ýmislegt, sem hún hefur gert, og þorað sjálfur, þegar ég var hennar fylgjandi, að taka afstöðu á móti vissum hlutum, sem hún gerði, en þegar hún gerði það, sem ég áleit vera rétt eða vera praktískt, þá ver ég það.

Þá sagði hv. 6. landsk., að þessi ríkisstj. hefði kjörfylgi til þess að gera það, sem hún væri að gera. Hún hefur ekki kjörfylgi til þess. Hún hefur kjörfylgi út á það, sem hún lofaði fyrir kosningar, en hún hefur ekki kjörfylgi til þess að gera hluti, sem eru þveröfugir við það, sem hún lofaði fyrir kosningar. Og við verðum að muna það, að ef við ætlum að reyna að halda einhverjum sómasamlegum bardagaaðferðum í okkar lýðræðisþjóðfélagi, þá verður að vera eitthvert ofur lítið samræmi á milli þeirra loforða, sem menn gefa fyrir kosningar, og þeirra efnda, sem eru framkvæmdar eftir þær. Ég hef að vísu í flestum kosningum, sem ég hef tekið hér þátt í, aðvarað kjósendur um það, að hættulegasti tími fyrir alþýðuna væri fyrsta og jafnvel annað árið eftir kosningarnar, vegna þess að þá væri venjulega gerð öll sú svívirðing og framin öll þau svik, sem viðkomandi stjórnir treystu sér til. Á síðustu árum fyrir kosningar, sérstaklega seinasta árið fyrir kosningar, væru menn venjulega farnir að verða dálítið hræddari og hefðu dálítið hitann í haldinu af komandi kosningum. Og það, sem er að gerast núna, er það, að þegar ein ríkisstj. allt í einu er sloppin í gegnum kosningar með alls konar fölskum loforðum, þá er hún að svíkja þessi loforð á eftir, og það er það, sem á að ráðast á móti. Ríkisstj. hefur ekki kjörfylgi til að gera það, sem hún er að gera í dag, og það vita þessir flokkar sjálfir. Enda vitum við það allir saman, að það er enginn maður í þingliði Sjálfstfl. né Alþfl. né ríkisstj. hans, sem mundi detta í hug að gera þetta, sem þeir nú eru að gera, ef það væru kosningar næsta ár, ef þetta væri síðasta árið fyrir kosningar.

Þá held ég, að hv. frsm. meiri hl. fjhn. hafi farið að tala um árið 1955 og sagt, að núv. stjórnarandstöðuflokkar hefðu gert eitthvað ljótt þá, jafnvel sprengt upp kaupið. — Það er mikill misskilningur, — ef ég hef tekið rétt eftir, en ég bið afsökunar á því, ef ég hef ekki tekið rétt eftir, — að núv. stjórnarandstöðuflokkar hafi staðið að einhverju ljótu 1955. Þeir flokkar, sem þá stóðu saman og stóðu þá í löngu verkfalli, voru þá Sósfl. og Alþfl. Ef á að fara að álasa mönnum fyrir eitthvað, sem þá hafi verið gert, er þess vegna bezt að beina spjótunum innan ríkisstj. Það voru jafnvel menn, sem nú eru hér á Alþingi, sem stóðu sig vel í þeim verkföllum, í þeim löngu, hörðu verkföllum, sem þá voru háð, og sigruðu í þeim verkföllum, og það var mjög gott og þarft verk, því að sú stjórn Sjálfstfl. og Framsfl., sem þá hafði setið að völdum raunverulega um fimm ár, það var ein af verstu stjórnum, sem við höfum haft hér, og það var sannarlega gott með því verkfalli að brjóta þá stjórn á bak aftur, svo að þessir flokkar sundruðust og hættu því ljóta samstarfi, sem þeir höfðu þá.

Þá sagði hv. 6. landsk., að launþegarnir hafi alltaf viljað stöðva dýrtíðarskrúfuna, og þar er ég honum algerlega sammála. Launþegar hafa alltaf viljað stöðva dýrtíðarskrúfuna. En hver er það, sem hefur haldið dýrtíðarskrúfunni gangandi? Það er það, sem hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn, — þeir, sem treysta sér til að verja hana, — vilja ógjarnan ræða. Launþegar hafa alltaf viljað stöðva dýrtíðarskrúfuna. Þeir hafa í 20 ár núna staðið í að reyna að bæta sér upp dýrtíðarskrúfuna, sem auðvaldið í landinu hefur komið á, og hafa aldrei haft við. Auðvaldið hefur skrúfað dýrtíðina alltaf miklu, miklu hærra en launþegarnir nokkurn tíma hafa komizt. 1945 stöndum við með kaupmátt tímakaups, sem við höfum sett sama sem 100, og allan þennan tíma höfum við, að undanteknum einum eða tveim mánuðum, aldrei nokkurn tíma komizt upp í þetta aftur, vegna þess að auðmannastéttin í landinu hefur notað sitt ríkisvald til að auka dýrtíðina allan tím-

ann, ýmist með verðbólgu, með gengislækkunum eða verðhækkunum. Og af hverju hefur auðmannastéttin í landinu gert þetta? Af því að auðmannastéttin í landinu hugsar sér fyrst og fremst gengislækkanir og verðbólgu sem gróðaaðferð. Höfuðaðferðin hjá auðmannastéttinni íslenzku hefur alltaf verið sú að nota sitt pólitíska vald til að útvega sínum gæðingum lán út úr bönkum, láta sína gæðinga setja þessi lán í fasteignir, alls konar fyrirtæki, láta síðan sína pólitísku fulltrúa á Alþingi lækka gengið, hækka verðlagið, auka verðbólguna og skapa þannig sínum stóratvinnurekstri gróða. Þetta hefur verið aðalgróðaaðferð auðmannastéttarinnar í þjóðfélaginu nú í 20 ár, og við þessa gróðaaðferð hefur verkamannastéttin orðið að berjast með því að reyna að hækka sitt kaup, og hún hefur alltaf verið á eftir. Launþegarnir hafa alltaf viljað stöðva dýrtíðarskrúfuna.

En hvernig stendur núna með dýrtíðarskrúfuna? Hvar eru launþegarnir í dag? Þeir eru með kaupmátt tímakaupsins í 82, miðað við 100 1945. Eftir sautján ár eru þeir meir en 18% lægri en þeir voru 1945. Svona hefur auðmannastéttin í landinu skrúfað dýrtíðina upp, og svona hafa launþegarnir raunverulega verið allt of hófsamir í því að skrúfa kaupið upp á eftir. En það þarf að komast inn í meðvitund manna, að það er höfuðaðferð braskaravaldsins í landinu til að græða að skrúfa dýrtíðina upp, og það er sú skrúfa, sem verður að hætta.

Hv. 6. landsk. sagði, að það væri allt í hættu núna. Hvað er í hættu? Lífskjör verkalýðsins eru í hættu, ef kaupið er ekki hækkað og það stórum. Ástandið í þjóðfélaginu annars, — ég sé ekki, að það sé hægt að tala um annars, að það sé neitt lengur raunverulega í hættu þar. Það er allt komið í vitleysu. Hættan, sem var einu sinni, er löngu orðin að veruleika núna. Hæstv. forsrh. gaf sjálfur ágæta lýsingu á því, hvers konar ástand væri í þjóðfélaginu. Það er ekki við neina hættu að glíma lengur. Það er við veruleikann að glíma.

Svo talaði hv. 6. landsk. um virðingu þjóðarinnar. Já, það var ágætt. Ég er hræddur um, að virðingu þjóðarinnar verði nokkuð mikið misboðið með því að fara að setja þrælalög nú gegn Íslendingum. Það vex ekki virðing þjóðarinnar út á við af því. Það vex ekki virðing þjóðarinnar af því að borga lægsta kaup af öllum okkar nágrannalöndum og ætla svo þar að auki að binda það með þrælalögum.

En til allrar hamingju eru til menn, sem finna til og hafa virðingu fyrir sínum eigin réttindum, og það er verkalýðurinn á Íslandi. Hann hefur virðingu fyrir sínum eigin mannréttindum, og hann mótmælir skerðingunni á þeim mannréttindum, og hann hefur mótmælt henni kröftuglegar núna tvo síðustu dagana en gert hefur verið nokkru sinni fyrr í sambandi við nokkur þrælalög, sem fyrir Alþingi hafa legið. Það er heiður og það er sæmd verkalýðsins, sem er í húfi. Það er virðing alþýðunnar í landinu, sem er í húfi, að hún brjóti svona frv. á bak aftur.

Hv. 6. landsk. orðaði það svo, ef ég tók rétt eftir, að ríkisstj. hefði beðið um tveggja mánaða frest og þm. hennar hefðu viljað veita hann. Ég mundi skilja það ákaflega vel, ef ríkisstj. hefði beðið um tveggja mánaða frest, að hennar þm. hefðu viljað veita henni hann. Og hún hefði e. t. v. geta talað við fleiri og beðið um slíkan frest. En hún hefur ekki beðið um neinn frest. Hún er að taka sér vald, hún er að beita ofbeldi, hún er að svipta menn mannréttindum. Hún er að taka sér vald til að hneppa verkamenn í þrældóm í tvo mánuði, og það er á móti því, sem verkalýðurinn á Íslandi rís. Hann veit, að ef hann þolir það, að fjötrunum sé smeygt upp á hann í tvo mánuði og þeir fjötrar séu látnir vera þar og hann slíti þá ekki, þá muni þeir verða þar lengur. Það er ein dýrkeyptasta reynsla verkamanna í öllum löndum, að svo framarlega sem þeir una þrælafjötrum, þá losna þeir ekki við þá þrælafjötra. Þess vegna hefur ríkisstj. farið algerlega rangt að. Hún hefur einmitt ekki beðið um neinn frest. Hún er að taka sér vald. Hún er að reyna að sýna, að hún sé svo sterk, að hún sé svo voldug, hún sé svo óhrædd við að beita ofbeldi, að fólk eigi að vera hrætt við hana. Það eru Íslendingar ekki. Íslendingar eru ekki hræddir við slíkt ofbeldi. Þeir munu svara valdi með valdi, ef á að fara að beita þá slíku. Hitt aftur á móti, ef það hefði verið farið að þeim og þeir beðnir, það er allt annað mál.

Þessi hæstv. ríkisstj. þarf sannarlega ekki að kvarta yfir því, að verkalýðshreyfingin á Íslandi hafi ekki svarað henni kurteislega og vel, þegar hún hefur beðið um eitthvað. Ef ég man rétt, bað hún seinast í vor, rétt fyrir kosningar, og það er þó sannarlega til mikils mælzt að fara rétt fyrir kosningar fram á það, að menn fresti aðgerðum, því að það er venjulega sigurvænlegast að fara í aðgerðir rétt fyrir kosningar, þá er nefnilega meira að segja oft Sjálfstfl. reiðubúinn til að hækka kaup. En verkalýðshreyfingin sýndi slíka hófsemi, að hún frestaði aðgerðum, að undantekinni smáhækkun, þegar ríkisstj. bað um það, til 15. okt. Verkalýðshreyfingin hefur sýnt slíka ábyrgðartilfinningu og slíka hófsemi, þegar ríkisstj. hefur komið til hennar og beðið hana, að það eru fáar ríkisstjórnir, sízt af öllu hreinar auðmannsríkisstjórnir hér á Íslandi, sem hafa mætt öðru eins umburðarlyndi. Þess vegna er það, sem verkalýðurinn á Íslandi rís svona ákaft, svona kröftuglega upp, af því að honum finnst honum misboðið, ekki bara með því, sem nú eigi að fara að gera, hneppa hann í þessa þrælafjötra, heldur með hinu, að það er verið að svíkjast aftan að honum. Eftir að hann hefur sýnt mestu hófsemina, er einmitt farið að misnota þetta, og það er ein stærsta pólitíska skyssa, sem menn gera, að halda, að þegar einhver aðili sýnir hófsemi, þá sé hann þess vegna veikur. Verkalýðshreyfingin á Íslandi er ekki veik, þegar hún sýnir hófsemi. Hún gerir það af styrkleika. Og þegar á að misnota þá hófsemi, slær hún til baka.

Hæstv. viðskmrh. talaði hér í dag. Hann var að ræða m. a. um 40% hækkun, sem verkamenn höfðu krafizt. Jú, verkamenn hafa krafizt hækkunar. Þeir hafa tekið hann og aðra hálaunamenn sér til fyrirmyndar. Það er gömul íslenzk venja: hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það. En það er ekki það, sem er slegizt um í dag. Það er ekki það, sem menn eru að berjast

um í dag, hvort hækkunin eigi að verða 30 eða 40%, eða hvað hún eigi að vera. Hún stendur um annað. Hún stendur um „prinsip"-mál, og það er það, sem hæstv. viðskmrh., væri hann hér einhvers staðar nærri, svo að hann mætti heyra mitt mál, — það er það, sem hann þyrfti, ekki sízt af því að hann er nú menntmrh. líka, að fara að hugsa ofur lítið um. Honum hættir við upp á síðkastið að gangast fullmikið upp í því, að vera viðskmrh. og gleyma því, að hann á líka í ríkisstjórn að vera fulltrúi íslenzkrar menningar. Og það eru þau menningarlegu atriði, sem verið er að berjast um. Það er um þau atriði, sem heita frelsi og mannréttindi, sem verið er að berjast. Verkalýðurinn á Íslandi, þótt hann sé ákveðinn í sinni hagsmunabaráttu, mundi hann ekki rísa upp eins og hann hefur gert núna um allt land eingöngu út af hagsmunaatriðum, en hann gerir það vegna þess, að það er frelsi hans og það eru mannréttindi hans, sem eru í húfi.

Og hæstv. viðskmrh. mætti athuga ofur lítið sinn gang í því sambandi. Hann er tiltölulega ungur í Alþfl., og hann þekkir máske of lítið erfð þess flokks, og það væri gott fyrir hann að rifja hana ofur lítið upp, sérstaklega frá hinum eldri tímum. Ég gekk sjálfur í Alþfl. 1921 og þykist þekkja nokkuð baráttu hans frá þeim tímuma sem hann var eini baráttuflokkur alþýðunnar á Íslandi. Það, sem þá var einkennandi fyrir hann, stafaði ef til vill að nokkru leyti af þeim háttum, sem þá voru á hans skipulagi. Verkalýðsfélögin og jafnaðarmannafélögin voru eitt í Alþýðusambandinu og Alþfl., sem var eitt og hið sama. Og við, sem vorum í Alþfl. þá, við vorum í verkalýðsfélögunum og við vorum margir, þó að við værum ekki verkamenn kannske nema á sumrin, þá vorum við í forustu þeirra félaga, og við stóðum með verkamönnunum og við börðumst með þeim og við unnum með þeim, þannig að þeir menn, sem voru þá að verða forustumenn Alþfl., voru um leið menn, sem stóðu í verkamannafélögunum og börðust með verkamannafélögunum í verkföllum. Þess vegna fékk sú kynslóð Alþfl., sem þá ólst upp, sína skólun í baráttunni, verkalýðsbaráttunni, verkfallsbaráttunni og baráttunni fyrir mannréttindum verkamanna og þeim helgu réttindum verkalýðsfélaganna.

Þau sambönd, sem menn þá fengu, líka þeir, sem urðu eftir í Alþfl., þegar ég fór úr honum, entust lengi. Menn, sem ég hef oft deilt hér á og deilt við hér á Alþ., menn eins og Stefán Jóh. Stefánsson og Haraldur Guðmundsson, voru í Alþfl. á þessum tíma, þegar verkalýðshreyfingin og Alþfl. voru enn eitt, og fengu sína skólun á þeim tímum. Þess vegna var óhugsandi annað fyrir Harald Guðmundsson og þá, sem stjórnuðu Alþfl. hér 1938, þegar Framsfl. kom með gerðardómslögin á sjómenn, en segja og slá í borðið: „Við tökum okkar mann út úr ríkisstjórninni, við rjúfum ríkisstjórnina," — og það var vinstri stjórn þá, Framsóknar og Alþfl., — „svo framarlega sem þetta verður samþykkt". Það var ekki spursmálið þá um að fjötra allan verkalýðinn á Íslandi. Það var ekki einu sinni verið að banna öll verkföll. Það var aðeins verið að beita gerðardómi, aðeins við eitt félag, við Sjómannafélag Reykjavíkur. Það var út af „prinsipinu", sem verið var að berjast. Það var út af því, að Alþfl. gat ekki þolað, að þeir settu gerðardóm. Þess vegna varð nokkurt hark, eins og varð hér í dag, þegar sjómennirnir komu hérna út úr Listamannaskálanum af sínum fundi í Sjómannafélagi Reykjavíkur og komu hérna upp. Þá var háskólinn hér enn þá niðri og rúðurnar brotnuðu hérna frammi, og það var tekið að útvarpa frá þinginu, til þess að það væri hægt að útvarpa á Austurvöll, og útvarpað mestalla þá nótt. Það var þess vegna, að Alþfl. gat þá ekki hugsað sér að standa með gerðardómi, að hann rauf vinstri stjórnina þá. Þetta eru hlutir, sem hæstv. viðskmrh. ætti að fara að rifja upp.

Það var af sömu ástæðu 1942, þegar Framsókn og Sjálfstfl. bjuggu til gerðardómslögin alræmdu 8. jan. 1942. Stefán Jóh. Stefánsson var þá með í ríkisstj., og hann fór úr henni á þessu spursmáli. Alþfl. gat ekki þolað, að það væri settur almennur gerðardómur gegn verkalýðshreyfingunni. Þá lifði þetta enn þá í Alþfl., þá voru þessi tengsl enn þá við verkalýðshreyfinguna, og þessir ungu menn, eins og hæstv. viðskmrh., mega vara sig og það alvarlega. Það er ekki nóg að vera menntamaður, vel að sér um ýmsa hluti, halda góðar ræður, menn verða að hafa tengsl við fólkið til að geta verið leiðandi í flokki, sem á að heita verkalýðsflokkur, ella eyðileggja menn þann flokk, sem þeir hafa forustu fyrir. Og það er það, sem ég vil segja við þennan hæstv. viðskmrh.: Hann er á leiðinni að gera það, ef hann sér ekki að sér í tíma. Það er hættan, eftir að öll þessi sambönd rofnuðu og menn fóru að láta bera á sér í Alþfl., sem engin sambönd hafa við verkalýðinn, aldrei hafa unnið með honum, aldrei stjórnað verkföllum, aldrei verið í stjórn verkamannafélaga, aldrei þess vegna staðið með verkamönnunum í þeirra daglega striði, — þegar slíkir menn eiga að fara að stjórna og bera ábyrgð, þá gera þeir aðrar eins skyssur og Alþfl. undir hans forustu er að gera í dag. Og það eina, sem mér hefur þótt vænt um í sambandi við framkomu þess flokks nú, þó að hún sé öll leiðinleg hér á þingi, er, að það skuli enginn maður hafa fengizt til að tala nema hann.

Það hefur verið rætt nokkuð um það hér, hvort eigi að fara kúgunarleið eða samningaleið. Og það undarlega ber hér við, að hvað eftir annað koma menn hér upp, m. a. hæstv. dómsmrh., og segja: Við viljum endilega fara samningaleiðina. Það er einmitt það, sem við viljum. — Og því í ósköpunum eru þeir þá að ganga hina leiðina? Eru þeir að villast? Sjá þeir ekki, hvert þeir eru að fara? Ég er hræddur um, að ef hæstv. dómsmrh. vill virkilega samningaleiðina, þá sé um að gera fyrir hann, — og hann er voldugur maður í sínum flokki, — að stöðva flokkinn og stöðva stjórnina á þessari leið, sem hún er á núna.

Hæstv. viðskmrh. hefur áður haft tækifæri til að tala út af dálitið svipuðum málum, þó að þau hafi ekki verið eins slæm og það, sem hér liggur fyrir núna. Við stóðum hér saman og vorum þá báðir í fjhn. þessarar hv. d. og skiluðum hvor sínu áliti, þó að við værum annars sammála um margt, á þingi 1951 og 1952, eftir að ríkisstj. Framsóknar og Sjálfstfl. hafði lækkað gengið. Þá var nefnilega komið á dálitið svipuðu efna-

hagslegu alræði verzlunarauðvaldsins í landinu og nú hefur verið komið á. Það voru braskararnir, sem fengu að ráða. Framleiðslan var hneppt í fjötra. Þróun sjávarútvegsins var stöðvuð. Afturför hafði verið í honum þau 6 ár, sem sú stjórn sat að völdum. En braskararnir undu lífinu vel og skiptu til helminga á milli sín, og hæstv. viðskmrh. var mjög duglegur í baráttunni þá. Ræðurnar hans frá þeim tíma á móti verzlunarauðvaldinu í Reykjavík, þegar hann var að reikna út gróðann hjá heildsölunum hér í Reykjavík, bæði útvarpsræðurnar hans og aðrar ræður, það voru alveg skínandi ræður. Hann lagði mikla vinnu í þetta, eins og hann gerir oft. Hann beitti miklu af tölum, og það voru heldur ljótar tölur, þegar hann var að sýna fram á, hvað heildsalarnir væru búnir að græða mikið. Ég held, að hæstv. viðskmrh. ætti að taka sig til og lesa dálítið af ræðum sínum frá þeim tíma, fara síðan að reikna dálítið út af gróðanum, sem þá var, og gróðanum, sem nú er, og bera það saman. Þeir græddu vel þá, heildsalarnir í Reykjavík. En þeir byggðu ekki aðrar eins lúxusbyggingar og þeir hafa verið að byggja nú við Suðurlandsbrautina. Þeir slógu ekki eins mörg hundruð millj. kr. og þeir eru búnir að slá erlendis núna. Þeir hrúguðu ekki inn, þó að þeir flyttu inn þá 5000 bíla á 6 árum, þá slógu þeir ekki öll heimsmet, eins og þeir gerðu núna með 3000 bíla innflutningi á rúmu hálfu ári. Og ég hef grun um, að hæstv. viðskmrh. megi nú fara að skoða sjálfan sig í spegli, speglinum frá 1951, og lesa það, sem hann sagði þá.

Hv. 5. þm. Reykv. hélt hér mjög góða ræðu áðan. Mikil lífandis skelfing þykir mér alltaf vænt um, þegar framsóknarmenn halda svona ræður. Ég tekst alveg upp, þegar ég heyri framsóknarmenn verja svona skínandi vel verkfallsréttinn. Ég verð að segja, að það er ákaflega ánægjulegt, og ég vil alveg sérstaklega óska þessum samþingismanni mínum hér til hamingju með þá ræðu, sem hann flutti. Ég vil um leið vonast til þess, að það eigi aldrei fyrir hann að koma, að það yrði lesið upp eitthvað úr þessari ræðu til þess að hrella Framsfl., álíka og hann var að hrella, þegar hann las upp ræðurnar eftir Ásgeir Ásgeirsson, hæstv. forseta Íslands, frá 1929.

Það er smáatriði í sambandi við ræðuna, sem mig langaði þó til að gera aths. við, af því að hann var að mæla með verkfallsréttinum sem svo sérstaklega heppilegum sem andkommúnistísku tæki. Hann sagði, að verkfallsrétturinn væri svo upplagður til að hindra, að kommúnismi nn yrði sterkari á Vesturlöndum. Lífandi skelfing þætti mér nú vænt um, ef þessi hv. þm. vildi taka það að sér fyrir okkur að fara til eins ágætis lýðræðislands, sem hann hefur verið með í að gera bandalag við, t. d. til Portúgals, og flytja vinum sínum þar, hinum indælu forustumönnum Atlantshafsbandalagsins í Portúgal, þær kveðjur, að þeir þurfi endilega að koma á verkfallsrétti í Portúgal til þess að slá kommúnismann alveg niður. Mér þætti ákaflega vænt um, ef hann vildi taka að sér að sannfæra þá um það.

Hins vegar til að fræða hann, af því hann kom nú inn á, hvað verkföllin væru sterk, þá skal ég taka mjög undir það með honum. Eftir að borgaraflokkarnir höfðu farið heldur illa út úr því í viðureigninni við de Gaulle og meira að segja sjálf Bandaríkin orðið að láta í minni pokann fyrir honum, þá voru það verkamennirnir í Frakklandi, eins og hann gat réttilega um, þó að hann sleppti því að minnast á, að það hefði verið undir forustu kommúnistaflokks Frakklands, sem sýndu de Gaulle í tvo heimana, þannig að hann varð að láta í minni pokann. Það er nefnilega svo, að þarna, sem verkfallsrétturinn hefur verið alllengi, þar eru einmitt kommúnistaflokkarnir, sem hafa haft forustuna. Í Frakklandi hefur kommúnistaflokkurinn um fjórða hluta þjóðarinnar á bak við sig. Á Ítalíu er hann jafnvel enn þá sterkari, stærstu verkalýðssamtökin í þessum löndum eru alveg undir þeirra forustu. Þess vegna, um leið og hann lofsyngur verkfallsréttinn, og það þakka ég honum mjög fyrir, þá má hann þó ekki vera að blekkja aumingja vesalings auðmennina hérna allt of mikið á þessu. Verkfallsrétturinn getur verið ágætis vopn fyrir kommúnistana líka.

Hitt aftur á móti er vert að minna hann á, að alþýðan í vesturlöndum hefur orðið að berjast fyrir verkfallsréttinum á sama hátt og hún hefur orðið að berjast fyrir lýðræðinu. Það er alþýðan í vesturlöndum, það er verkamannastéttin í Englandi, Frakklandi, öllum þessum löndum, sem hefur orðið að knýja fram bæði þann almenna kosningarrétt, borgaralega lýðræðisskipulagið og verkfallsréttinn, orðið að berjast fyrir þessu allan tímann með sína sósíalístísku flokka í broddi fylkingar. Meðan auðmannastéttin réð ein í þessum löndum, voru verkalýðssamtökin bönnuð. Verkalýðssamtökin urðu í Englandi, þessu fyrirmyndar þingræðislandi, eins og það hefur verið kallað, að heyja harða og langa baráttu, og um tíma lá dauðahegning við því að berjast fyrir verkföllum, skipuleggja verkföll, rétt eins og er á Spáni í dag. Þess vegna skulum við gera okkur ljóst, að verkfallsrétturinn, það eru réttindi, sem verkalýðurinn hefur knúið fram. Það er ekki það borgaralega lýðræði, sem skóp hann. Það var stóriðjan í þessum löndum, sem skóp verkalýðinn, og það var verkalýðurinn í þessum löndum, sem reis upp á móti þeim kapítalistum, sem stóriðjunni réðu, og skóp sér verkfallsréttinn eins og almenna kosningarréttinn sem eitt af þeim tækjum, sem hann barðist með.

Það var ekki nema eðlilegt og mjög fallega gert hjá hv. 5. þm. Reykv., þegar hann var að sýna Sjálfstfl. og hans forustumönnum fram á, hvað það væri ljótt af þeim að vera að skerða verkfallsréttinn. En satt að segja skulum við ekki vera neitt hissa á því og við skulum ekki taka þetta of alvarlega, þegar þeir eru að tala um lýðræði hérna, auðmannaflokkarnir. Við skulum ekkert vera hissa á því, þótt aðalflokkur kapítalistanna á Íslandi, aðalflokkur auðmannastéttarinnar á Íslandi og aðalforingjar auðmannastéttarinnar á Íslandi séu að skerða verkfallsréttinn öðru hverju. Við erum ekkert hissa á því. Við, sem teljum okkur fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, höfum átt við þetta að stríða hér í ein 30—40 ár. Við höfum aldrei orðið neitt hissa á því, að íhaldið væri að reyna að skerða verkfallsréttinn. Okkur hefur satt að segja fundizt

það frekar sjálfsagt, af því að við höfum gengið út frá því, að þetta lýðræði væri að mestu í nösunum á þeim. En hvernig í ósköpunum getur staðið á því, að svona indæll flokkur, svona alþýðlegur flokkur, svona lýðræðissinnaður flokkur, svona bændaflokkur eins og Framsfl., að honum skuli detta í hug að vera með íhaldinu í því að skerða þennan helga rétt? Hvernig stendur á, að það skuli geta komið fyrir? Það er það, sem við höfum ástæðu til þess að vera hissa á, sérstaklega eftir svona ræðu, svona hjartnæma ræðu. Hvernig stendur á því, að ég skuli hafa orðið að upplifa það hér í þinginu, að það er Framsfl. með Alþfl. í ríkisstj. og Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, sem setur gerðardóm á móti sjómönnum?

Ég gaf nýlega lýsingu á því hérna, þeirri nótt, 17. marz 1938, þegar Alþfl. var hrakinn út úr ríkisstj. af Framsfl., af því að Framsfl. gerði það að úrslitaatriði, að það yrði settur gerðardómur í sjómannadeilunni, og náttúrlega var Sjálfstfl., þótt hann væri þá í stjórnarandstöðu, fullur ábyrgðartilfinningar og stóð náttúrlega með Framsfl. í slíku. Hvernig stendur á slíku? Og þá stóð nú þannig á, að Jón Baldvinsson, en þessi hv. þm. tekur sér nafn hans í munn, Jón Baldvinsson lá banaleguna og dó þá sömu nótt. Og einmitt þá hrekur Framsfl. Alþfl. út úr ríkisstj. á því að heimta gerðardóm á móti sjómönnum. Það er gott að halda hjartnæmar ræður. En það er nauðsynlegt að stinga hendinni í eigin barm. Þessi hv. þm. er nú ungur og man ekki eftir, hvað Framsfl. hefur gert hér í gamla daga, og það, sem ég vildi ráða honum, er að láta þá menn, sem gerðu þá hluti, sem Framsfl. hefur gert hérna áður fyrr, aldrei fá að ráða neinu í Framsfl. oftar. Þeir tóku sig til líka 1942 og settu almennan gerðardóm, hröktu Alþfl. aftur út úr ríkisstj. Ég held, að það ætti að lesa yfir þeim, einmitt þessum herrum, hvað verkfallsrétturinn er mikils virði og þeir megi ekki brjóta hann.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði hér nokkur orð í sambandi við fall vinstri stjórnarinnar, og ég get ekki stillt mig um að leiðrétta hann. Í fyrsta lagi, vinstri stjórnin féll ekki. Það fór aldrei fram nein atkvgr. hér á þingi, þar sem hún féll. Framsfl. sundraði henni, Framsfl. sleit henni. Framsfl. sleit því stjórnarsamstarfi og sveik þá stefnuskrá, sem hann hafði fallizt á að framkvæma, þegar sú stjórn var sett. Framsfl. sleit vinstri stjórninni á því augnabliki, sem tveir samstarfsflokkar hans, Alþfl. og Alþb., höfðu náð samstarfi á Alþýðusambandsþingi. En áður hafði Framsfl. kvartað yfir því, að þeir kæmu sér ekki nógu vel saman. En á því augnabliki, sem Framsfl. sá, að þessir tveir flokkar ætluðu að fara að koma sér saman, þá sleit hann stjórnarsamstarfinu. Samstarfinu við Alþýðusamband Íslands var neitað þá. Alþýðusambandi Íslands var stillt frammi fyrir úrslitakostum, en því var ekki boðið upp á samstarf. Framsfl. skal ekki komast upp með að segja, að það hafi verið einhverjir aðrir, sem slitu því stjórnarsamstarfi. Það gerði hann einn, og því ber hann einn ábyrgð á. Og því er borið við, eins og sá hv. þm. sagði, 5. þm. Norðurl. e., að það hafi verið einhver slæm öfl að verki, sem hafi hækkað svo mikið kaupið og kaupmáttinn á síðustu þrem mánuðum ársins 1958, að þess vegna hafi allt farið út um þúfur. Ég skal reikna fyrir hv. þm. kaupmáttinn þessi ár. Kaupmáttur tímakaups lægst launuðu Dagsbrúnarmannanna var 1956 97.2, miðað við 100 1946. Árið 1957 var hann 95.8. Árið 1958 var hann 96.9. Hann var mjög svipaður allan þennan tíma, rétt í kringum 97. Hvað var þessi sami kaupmáttur 8 síðustu mánuði ársins 1955? Hann var 99.7. Hann var heldur hærri allan seinni hluta þess árs, eftir 6 vikna verkfallið um vorið, heldur en var á þeim tíma vinstri stjórnarinnar. En það munaði ekki miklu, það var engin veruleg lækkun, aðeins 2 stig. Hver var kaupmáttur tímakaupsins síðustu 3 mánuði ársins 1958, þessa 3 mánuði, sem alltaf er verið að reyna að útbásúnera, þannig að þeir hafi eyðilagt allt saman? Hann var 99. Það er allt saman. Hann var 2 stigum hærri en hann var að meðaltali þessi 3 ár. Og Framsókn mundi þykja það lítil kauphækkun í dag á 3 árum.

Það dugir þess vegna ekki að vera með neinar blekkingar í þessu sambandi og engar ávítur á okkur t. d. í Alþb. eða verkalýðshreyfingunni, sem stóð að því að hækka þá kaupið. Hún átti fullan rétt á þeim kauphækkunum, enda var komið svo, að það var fulltrúi Framsóknar í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem haustið 1958 lagði til, að gengið yrði að öllum kröfum Dagsbrúnar þá. Þess vegna á ekki að vera að blekkja í þessum efnum, sízt af öllu að bera verkalýðnum í Reykjavík, sem nú stendur í harðri baráttu, á brýn og reyna að væna hann um ýmislegt slæmt í sambandi við það, sem þá gerðist. Hann var að berjast fyrir fullkomlega sanngjörnum kröfum, sem þjóðfélagið gat leikið sér að að fullnægja, þótt hærri hefðu verið, svo framarlega sem Framsfl. hefði nokkurn tíma þorað að taka upp almennilega efnahagspólitík og hefði ekki látið þá sömu menn ráða sinni efnahagspólitík, sem hafa ráðið pólitík viðreisnarstjórnarinnar síðan. Hann arfleiddi vinstri stjórnina að sínum sérfræðingum.

Og hvað gerði Framsfl., þegar hann fór út úr þessari vinstri stjórn? Hann fór beint til Sjálfstfl. og bauð honum að mynda stjórn með honum með því að lýsa því yfir, að hann vildi mynda stjórn allra flokka um 8% launalækkun. Hann vissi, að við urðum ekki með í þeirri stjórn. Hann vissi, hverja hann bjóst við að fá með í þá stjórn, alveg eins og 1944. Hann reiknaði bara skakkt, eins og hann reiknar stundum. Þetta vildi ég nú aðeins segja, af því að verið var að hnýta í okkur. Ég vil segja það við hv. framsóknarmenn, sem standa sig svona framúrskarandi vel í baráttunni með okkur núna, sem mér þykir alltaf ákaflega vænt um að berjast með, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, þeir eru alltaf svo skemmtilega róttækir, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, — ég vil segja við þá, að þeir eiga ekki að vera að rifja þessa hluti upp, því að við þurfum ekki að fara að deila innbyrðis núna. Það er betra að standa saman. Þess vegna eiga þeir ekki að vera að tala um þessa hluti, vegna þess að þeir tala rangt um þá.

Hér hefur því verið haldið fram af hálfu hæstv. ríkisstj., ég held jafnvel, að hæstv. viðskmrh. hafi komið inn á það, hvernig í ósköp-

unum ætti nú sjávarútvegurinn að fara að bera 40% hækkun á kaupi. Já, sjávarútvegurinn ber nú miklu, miklu meira en þótt væri 40% hækkun á kaupi hjá verkamönnunum, sem skapa hann og vinna við hann og framleiða fiskinn. Hann ber miklu, miklu meira. Sjávarútvegurinn ber alla auðmannastéttina hér í landinu, allt braskið, sem hér er framkvæmt, á sínum herðum. Og það mætti losa hann við eitthvað af því braski, áður en farið væri að tala um, að verkamennirnir hefðu of mikið. Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi látið orð að því liggja, að okkar sjávarútvegur mundi ekki vera samkeppnisfær, ef hann hækkaði kaupið um 40%. Ég er hræddur um, að við þurfum alvarlega að rannsaka sjávarútveginn og allt okkar þjóðfélag, alla þess yfirbyggingu. Helztu keppinautar okkar eru Norðmenn. Hvernig er kaupið, sem sjávarútvegurinn og íslenzkir atvinnurekendur verða að borga, og hvernig er kaupið, sem sjávarútvegurinn norski og norskir atvinnurekendur verða að borga? Kaupið hér er núna, lægsta Dagsbrúnarkaupið 28 kr. um tímann. Kaupið, sem norski verkamaðurinn hefur, meðaltalskaupið hjá honum, ófaglærða verkamanninum, er 48 kr.

Svo að við lítum á sjávarútveginn, hvernig eru afköstin, hvernig er aðstaðan, sem kapítalistunum í báðum löndum er sköpuð? Seinast þegar ég vissi til, að samanburður var tekinn á okkur og Noregi um afköst við aflabrögðin, það var í Marshall-skýrslunum frá 1948, ef ég man rétt, framleiddi íslenzkur sjómaður á ári 70 tonn af fiski, og næstur honum kom í veröldinni sá norski sjómaður, sem framleiddi 10 tonn af fiski. Íslenzki sjómaðurinn afkastaði sjö sinnum meira en sá næsti, sem kom á eftir honum í veröldinni. Og núna held ég, að á síðasta eða næstsíðasta ári voru afköstin, ef ég man rétt, hjá íslenzka sjómanninum 120 tonn á ári, og þá held ég, að talið hafi verið, að sjómenn í Bandaríkjunum væru næstir með 25 tonn. M. ö. o.: afköstin í sjávarútveginum, sjálfum aflabrögðunum á Íslandi eru meiri en annars þekkist í veröldinni. Íslenzkur sjávarútvegur ætti þess vegna að vera allra sjávarútvega samkeppnisfærastur, strax hvað afköstin snertir, með okkar auðugu mið, okkar duglegu sjómenn, okkar fullkomnu tæki, sérstaklega svo framarlega sem skipulagningin og vinnan í landi væri framkvæmd með álíka hagsýni og ég býst við að ýmsir kapítalistar erlendis framkvæmi.

Ég hef sjálfur einu sinni átt ofur lítinn þátt að því að reyna að leiðbeina, þó að ég þekki lítið inn á þetta, okkar íslenzku kapítalistum um hagsýni í líku. Við lögðum til við þá í nýbyggingarráði, að það yrði byggð á Grandagarðinum hérna í Reykjavík bæði stórt hraðfrystihús og fast við það fiskimjölsverksmiðja, þannig að þegar fiskurinn væri flakaður, dytti hann niður á færibönd, sem færu beint yfir í fiskimjölsverksmiðjuna. Það var búið að gera teikningar af þessu og allt slíkt, nýbyggingarráði í gamla daga og útvegsmönnum leizt vel á þetta. Það var praktiskt, það þurfti aldrei að setja neinn fisk á bíl, það var hægt að taka hann beint upp úr skipunum, og beinin fóru sjálfkrafa og úrgangurinn yfir í fiskimjölsverksmiðjuna. En hvað gerðist? Það gerðist, að bankarnir og allir mögulegir spekúlantar fóru að sletta sér fram í þessa hluti. Landsbankinn neitaði að lána útvegsmönnunum fyrir þessu, nema því aðeins að þeir færu í kompaní við vissa fiskimjölsverksmiðju, sem stendur nú hér inni á Kletti, og þessum málum var með afskiptum bankavaldsins þá stjórnað þannig, að hraðfrystihúsin voru byggð úti á Seltjarnarnesi, eins og Ísbjörninn, og fiskimjölsverksmiðjurnar endurreistar inni á Kletti, og hvern fisk varð að keyra fyrst út á Seltjarnarnes til að flaka hann þar og síðan beinin og úrganginn 5 km í gegnum alla Reykjavík inn á Klett til að vinna úr beinunum þar. Þetta er hagsýni íslenzkra kapítalista. Svo koma þeir, ef það ber sig ekki allt saman, og segja: Það verður að lækka kaup hjá verkalýðnum, — menn, sem ekki kunna að stjórna sínu verki og ættu þó sannarlega að hafa betra vit á því en einhverjir og einhverjir, sem aldrei hafa lesið um þetta nema í bókum. En það er ekki til neins að skipuleggja allt hringlandi vitlaust og koma svo á eftir og segja, að verkalýðurinn eigi að borga.

Ég sagði það einu sinni, þegar verið var að ræða hér um efnahagsbandalagsmálin, við okkar íslenzku kapítalista, að það væri svo sem engin tilhlökkun að sjá það, þegar Findus eða Unilever færu að setja upp stór hraðfrystihús í Sandgerði og annars staðar, og sjá kannske 7 hraðfrystihús í Keflavík verða að engu fyrir það, að þetta hefur verið byggt eins og af kjánum. Ég sagði við þá, að þrátt fyrir allt, hve þeir stjórnuðu þessu illa, þá vildum við þó heldur hafa þá en fá þessa útlendu hringa. En það þýðir ekki um leið, að við viljum þola það, að vegna þess að þessu er óskynsamlega stjórnað af okkar íslenzku kapítalistum á þessu sviði, þá viljum við sætta okkur við, að þeir fari að lækka launin hjá verkamönnunum þess vegna. Nei, þeir verða að læra að stjórna atvinnurekstrinum, sem bankarnir og þjóðin hafa lánað þeim fé í, af einhverju viti. Og það á að byrja þar.

Svo er annað, sem þeir mega líka læra. Þeir þurfa að hafa dálítinn manndóm í sér gagnvart þeim aðilum, sem þeir láta tæta allt af sér núna. Hvað eru þessir kapítalistar okkar í sjávarútveginum að láta bankana setja sér stólinn fyrir dyrnar og heimta af sér okurvexti? Geta þessir kapítalistar okkar einhverjir í sjávarútveginum ekki sagt við bankana: Við látum ykkur ekki fá neinn fisk, þið heimtið hann af okkur, við látum ykkur ekki fá hann? — Það er á þessum fiski, sem bankarnir græða allt, sem þeir græða. Hvað þurfa þessir kapítalistar að beygja sig undir einhverja hrottavexti hjá bönkunum? Eða hvað þurfa þeir að láta olíuhringana vera að græða á sér? Eins og þeir geti ekki sagt við þessa hringa: Við myndum okkar eigin olíufélög og kaupum allt inn sjálfir. Hvað þurfa þeir að láta vátryggingafélög vera að græða á sér? Það er nauðsynlegt, að sjávarútvegurinn og þeir, sem honum stjórna, manni sig upp í að segja við aðra aðila í íslenzkri auðmannastétt: Þið skuluð ekki græða einn

eyri, fyrr en sjávarútvegurinn ber sig sjálfur, því að það, sem íslenzku þjóðfélagi er nauðsynlegt, á meðan það er kapítalistiskt þjóðfélag, er fyrst og fremst, að sjávarútvegurinn beri sig. Allir heildsalar og olíuhringar eða hverjir sem það eru geta komið á eftir. Það má þjóðnýta bæði olíuna og vátryggingafélögin og allan innflutninginn til landsins, og sjávarútvegsmennirnir ættu að segja það, að það skuli þeir gera, svo framarlega sem ekki sé séð um, að sjávarútvegurinn fái að græða. En þeim skal ekki haldast uppi að ganga á verkalýðinn í landinu.

Verkalýðurinn í landinu veit ósköp vel, hvernig hægt er að stjórna þessu landi miklu betur en því er stjórnað núna. Hann treystir sér fullkomlega til að standa undir hærra kaupi en 40 kr. á tímann til Dagsbrúnarmanna. Og látið okkur bara stjórna því, við skulum sýna ykkur það. En við látum ekki bjóða okkur að segja í sífellu: Allir skulu halda sínu. Bankarnir skulu fá að reyta af sjávarútveginum, olíuhringarnir skulu fá að reyta af sjávarútveginum, heildsalarnir skulu fá að reyta af sjávarútveginum, bílabraskararnir skulu fá að reyta af sjávarútveginum, þeir skulu fá að byggja umboðshallir eins og þeim þóknast. — Það er þetta, sem verður að stöðva, og það er þarna, sem verður að byrja. Og þess vegna segjum við: Það verður ekki byrjað á verkalýðnum, við þolum það ekki undir neinum kringumstæðum. Þið verðið að beina ykkar geiri þangað, sem þörfin er fyrir. Það þarf að losa sjávarútveginn við þessar afætur, sem eru á honum. Það er hlaðið á sjávarútveginn, og það er verið að brjóta hann niður undir þessum þunga braskaravaldsins í Reykjavík, og það er sá þungi, sem hann þarf að feykja af sér, og verkalýðurinn er reiðubúinn að hjálpa honum til þess. Hann hefur gert það áður, þegar þetta braskaravald, Coca-cola-stjórnin í gamla daga ætlaði að fara álíka að og hæstv. ríkisstj. er að fara að nú.

Það, sem gerir, að verkalýðurinn hefur risið upp núna, er, að hans réttlætistilfinningu er ofboðið. Það verkafólk, sem starfar við framleiðsluna á Íslandi, það verkafólk, sem vinnur mestu erfiðisvinnuna, það verkafólk, sem ber allt þjóðfélagið á sínum herðum, það er það, sem heimtar sitt réttlæti, og það er það, sem heimtar sitt frelsi, og það er það, sem sættir sig ekki við þessi lög. Það sættir sig ekki við að vera skilið út undan, þegar allir aðrir eru búnir að taka sitt, og láta henda í sig roðunum. Það eru liðnir þeir tímar, að við beygjum okkur undir eitthvert harðstjóravald þannig. Það er ástand, sem íslenzk alþýða ætlar ekki að horfa framan í oftar. Allir þessir gammar skulu ekki fá að reyta þannig af henni. Íslenzkur verkalýður sér það, að ef hann unir þessu, er verið að gera hann að sérstakri undirstétt, sérstakri þrælastétt hér í þjóðfélaginu, og það einmitt stéttina, sem vinnur öll þörfustu verkin. Þess vegna hefur verkalýðurinn risið upp á Íslandi, eins og hann hefur gert í dag. Hann sættir sig ekki við þrælalög. Þess vegna á hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn að sjá að sér í tíma. Sú réttláta reiði fólksins, sem nú þegar hefur brotizt út og kemur til með að magnast, er svona sterk, vegna þess að hún er réttlát. Það tjáir ekki að berjast á móti þessu. Þeir menn, sem hafa einhverja skynsemi, eitthvert stjórnmálavit, eiga að læra að láta undan í tíma. Það er hægt að stíga eitt víxlspor, sem getur orðið hættulegt, en það er hægt að leiðrétta það með því að stíga spor til baka.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég held, að það megi nú öllum vera orðið ljóst, að það frv., sem hér er til umr., felur í sér stríðsstefnu gagnvart verkalýðshreyfingunni. Eftir þær viðtökur, sem þetta frv. hefur fengið, þau viðbrögð, sem verkalýðshreyfingin hefur haft gagnvart því, þá held ég, að þetta ætti öllum að vera ljóst. Það má svo segja, að verkalýðshreyfingin hafi einhuga risið gegn frv., og afleiðingar þess, ef það yrði að lögum, held ég, að ættu nú að blasa við hverjum manni og vera alveg augljósar. Ég ætla ekki að fara að mála það hér upp, ég veit, að hver maður, sem hér er staddur, og hv. þm. geta vel gert sér grein fyrir því, hvert slíkt muni leiða. Ég held þess vegna, að það sé ekki um að villast, að það eina rétta í málinu, eins og nú er komið, sé það, að frv. verði dregið til baka og tafarlaust verði teknir upp samningar við verkalýðshreyfinguna.

Verkalýðshreyfingin hefur ekki kosið þennan ófrið, síður en svo. En hann er knúinn fram af hæstv. ríkisstj. með því að setja þetta frv. á dagskrá. Við buðum frest, áður en málið kom fyrir þing. Við buðum frest í allt að hálfan mánuð til þess að ræða málin alvarlega. Hæstv. forsrh. sagði hér í framsöguræðu sinni, að slíkan frest hefði hann ekki getað þegið, hann hefði verið of stuttur. En mér er nú spurn: Ef sá tími, sem síðan er liðinn, hefði verið notaður jafnvel og hér hefur verið á Alþingi og raunar utan Alþingis, hvað hefði þá getað áunnizt, ef hann hefði verið notaður til samninga við verkalýðshreyfinguna, en ekki til að efla þetta stríð? Mér er nær að halda, að við hefðum komizt töluvert áleiðis og málin stæðu betur í dag en þau nú standa. Það er ekki aðeins það, að þetta hljóti að leiða til átaka, stórra átaka, sennilega meiri átaka en við höfum þekkt áður, heldur ættu menn líka að reyna að gera sér ljóst, hvers konar andrúmsloft það verður, sem menn ættu svo að setjast í að samningaborði á eftir. Ég held, að þeir, sem mest prédika friðinn og að samningaleiðirnar eigi alltaf að fara, þeir ættu að íhuga þetta vandlega. Verkafólk, sem væri búið að reita til reiði á þann hátt, sem þetta frv. stefnir að og gert væri, ef að lögum verður, það verður áreiðanlega ekki kröfuminna við samningaborðið en það hefur verið áður. Ég mundi vilja segja, að enn væri ekki of seint að snúa við. En verði því ekki sinnt, þá er alveg augljóst, að baráttan, sem nú er fram undan, kostar áreiðanlega bæði atvinnuvegina og þjóðfélagið allt miklu meira en það mundi kosta að verða við kröfum verkalýðsfélaganna í dag.

Ég vildi í upphafi máls míns segja þessi varnaðarorð, og vænti ég þess, að menn hugsi sig vel um, áður en þetta frv. verður gert að lögum á Alþingi.

Áður en ég ræði sjálft efni frv., vildi ég aðeins minnast á þróun launamálanna á undanförnum árum. Þessi mál hafa að vísu verið rakin hér í þessum umr., en ég held engu að síður, að það sé rétt að minna enn á þau.

Í desember 1958 var almennt verkamannakaup 23.86 kr. Í febrúarmánuði 1959 var þetta kaup lækkað um 13.4%, að krónutölu í 20.67 kr. Þannig hélzt kaupið óbreytt fram í júnímánuð 1961, en eins og allir muna, þá var í febrúarmánuði 1960 framkvæmd stórfelld gengislækkun og um leið afnumið það ákvæði úr samningum allra verkalýðsfélaga, að vísitölu mætti greiða á kaup. Jafnframt því sem verðlag fór að sjálfsögðu stórhækkandi vegna gengisfellingar, var vísitalan numin úr lögum. Þessi athöfn, að taka vísitöluna úr sambandi, hefur leitt til þess, að samningar hafa verið tíðari en nokkurn tíma hefur gerzt áður í þessu landi og ókyrrðin á vinnumarkaðinum meiri en við munum dæmi um áður. Það gefur auðvitað auga leið, að þegar farið er að semja um kaup og kjör tvisvar, þrisvar á ári og meiri hluta ársins er allt samningalaust, hvers konar ástand það er, ekki aðeins fyrir launþegana, heldur miklu frekar fyrir atvinnureksturinn, hvers konar öryggisleysi allt slíkt hlýtur að skapa í öllum atvinnurekstri. Ég held, að það væri mál til komið, að það mál yrði íhugað í fullri alvöru að taka upp verðbætur á kaupið aftur. Ef menn vilja forðast að einhverju a. m. k. allan þann óróleika, sem verið hefur á vinnumarkaðinum undanfarin ár og sérstaklega kannske s. l. 2—3 ár, þá sé ég ekki, að það sé nein leið önnur til en að tengja aftur saman kaupið og verðlagið.

Í júnímánuði 1961 var kaupið hækkað um 10%, kaup verkamannanna. Þær tölur, sem hér hafa verið nefndar, þó aðallega af hæstv. ráðh., um kauphækkanir, sem hafi átt sér stað, — ég man þær nú ekki nákvæmlega, en það hefur verið talað um, að kauphækkunin 1961 væri 13, 14 til 17%, og ég held, að hæstv. forsrh., ef ég man rétt, segði hér í sinni annarri ræðu, að meðaltalið mundi vera um 15%. Hvernig þessar tölur eru fundnar, veit ég ekki, en hitt er staðreynd, að bein kauphækkun til verkamanna sumarið 1961 var ekki nema 10%. Þá var einnig samið um, að kaup skyldi hækka ári síðar um 4%, og á þennan hátt áttu samningar að geta gilt í 2 ár og vinnufriður að vera tryggður í 2 ár. Það var engan veginn með góðu, sem þessi kauphækkun náðist fram 1961, mjög fjarri því. Bein afskipti hæstv. ríkisstj. af þeim málum urðu til þess, að þá kom til mjög hatramms verkfalls, einkum hér í Reykjavík, verkfalls, sem stóð nærri 5 vikur, og var þó séð í fyrstu viku verkfallsins, hver endalokin hlutu að verða. Þá voru með samningunum við fyrirtæki samvinnufélaganna markaðir þeir samningar, sem hlutu að koma. Um annað gat ekki verið að ræða. En þrátt fyrir það var verkamönnum hér í Reykjavík haldið í nær 4 vikna verkfalli á eftir. Fyrir því, sem síðan fylgdi á eftir, þ. e. a. s. gengislækkuninni 1961, sem varð hrein hefndarráðstöfun gagnvart verkalýðshreyfingunni, bókstaflega ekkert annað, voru engin rök. Það var sagt strax, og þetta sjá allir í dag að var rétt. Og mér er nær að halda, ef hæstv. ríkisstj. ætti þess kost að lifa upp aftur þá tíma, að henni dytti ekki í hug að fara í gengisfellingu, eins og þá var gert. Þessi kauphækkun, sem þá náðist fram, var engin röksemd fyrir gengisfellingu, mjög langt frá því.

Með kauphækkuninni 1961, 10% kauphækkuninni þá, var kaupið samt sem áður rösklega einni krónu lægra á klst. en það var í desembermánuði 1958. Það var öll kauphækkunin, sem knúin var fram sumarið 1961.

Kauphækkunin, sem síðan var samið um 1962, var hæst á verkamannakaupinu 9.5% og þar innifalin þau 4%, sem samið var um á árinu áður, að til framkvæmda skyldi koma í júnímánuði árið eftir. Ég man nú ekki tölur, sem nefndar voru um þá gífurlegu kauphækkun, sem orðið hefði á árinu 1962, en það var einnig langt fyrir ofan það, sem þessar tölur segja. Taxtar verkamannanna hækkuðu mjög misjafnlega. Sumir taxtarnir hækkuðu ekki nema aðeins rösklega um þau 4%, sem hafði verið samið um árinu áður, svo til ekkert fram yfir það. Síðan hafa svo orðið kauphækkanir á þessu ári, 5% í janúarmánuði og 7.5% í júnímánuði.

Þetta eru kauphækkanir, sem verkamenn hafa knúið fram á þessu tímabili, sem liðið er, síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum, og ég held, að það verði að segja, að mjög hóflega og sennilega allt um of hóflega hafi verið farið í sakirnar af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Fyrst og fremst fékk ríkisstj. langan umhugsunarfrest, frá því að hún kom til valda og þar til fyrsta kauphækkunin varð, og síðan hafa kauphækkanirnar verið mjög litlar og langt fyrir neðan það, sem verðlagið hefur sagt til á hverjum tíma, að kaupið hefði þurft að hækka um til þess einvörðungu að halda í við þær verðhækkanir, sem orðið hafa. Og þá skulum við aðeins líta á þróun verðlagsmálanna á þessu tímabili.

Frá því í marz 1959 hefur vísitala vöru og þjónustu, sem ég tel að sé sú eina vísitala, sem nokkurt vit sé nú að miða við, hækkað um 63%, og vísitala matvörunnar hefur hækkað meira, hún hefur hækkað um 75%. En það gefur auðvitað auga leið, að með jafnlágu kaupi og verkamenn hér hafa hlýtur mjög stór hluti þess að fara beinlínis til að kaupa brýnustu nauðsynjar. Þess vegna er einmitt vísitala matvörunnar kannske réttasti mælikvarðinn, sem hægt er að leggja á kaupmátt launanna. En sú vísitala hefur sem sagt hækkað um 75%. Á sama tíma hefur verkamannakaupið aðeins hækkað um 35%, og vil ég þá minna á, að það er miðað við 20.67 kr., eins og það lækkaði í febr. 1959, þ. e. a. s. það kaup, sem þá var búið að lækka um 13.4% að krónutölu, það lága kaup hefur aðeins hækkað um 35%, meðan vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað um 63% og vísitala matvörunnar um 75%. 1959 í marzmánuði hafði verkamaðurinn 1287 kr. afgangs af árskaupi sínu, þegar miðað er við þá upphæð, sem vísitalan reiknar í a-liðnum, þ. e. a. s. í útgjöld fyrir vöru og þjónustu. Hann hafði þá í afgang 1287 kr. Þennan sama verkamann vantar í dag 11 550 kr. tæpar til þess, að árskaup hans hrökkvi fyrir sömu útgjaldaupphæð með vísitölunni. Ég held, að þetta sýni gleggst þann gífurlega mun, sem orðið hefur annars

vegar á þróun verðlagsmálanna og hins vegar á kauphækkunum til verkamanna. Síðan í júnímánuði í vor, að samið var síðast, hefur vísitala matvörunnar hækkað um 22 stig og vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað — ég man ekki þá tölu svo glöggt, en það er eitthvað örlítið minna, sem hún hefur hækkað um. Það er þess vegna sjáanlegt, að sú kauphækkun, sem varð í vor, er löngu sokkin í verðhækkanirnar. Það er þessi þróun verðlagsmálanna, sem er önnur höfuðröksemdin fyrir kröfum verkalýðshreyfingarinnar núna.

Hæstv. menntmrh. sagði hér í einni ræðu sinni, að þessi þróun málanna væri mesti áfellisdómur á stefnu verkalýðshreyfingarinnar í launamálum, sem hugsazt gæti. Þessi þróun er ekki áfellisdómur á stefnu verkalýðshreyfingarinnar í launamálum. En það má segja, að verkalýðshreyfingin hafi ekki verið viðbúin að fylgja stefnu sinni eftir og því hafi svona farið. Verkalýðshreyfingin hefur á þessum árum yfirleitt borið gæfu til þess að standa harðlega sameinuð að kröfum sínum, en hins vegar hefur allmjög skort á, að hún hefði getað gert það pólitískt, en það er einmitt pólitíska valdið í landinu, sem hefur verið notað til þess að magna verðbólguna, og það má segja, að einmitt þessi verðbólguþróun og gengisfellingarnar séu bókstaflega eini gróðavegur, sem auðmenn og atvinnurekendur þessa lands hafa komið auga á og farið. Það er einmitt vegna þess, að verkalýðshreyfingin hefur ekki staðið pólitískt sameinuð til að fylgja eftir kröfum sínum, hörðum kröfum, og sjá til þess með pólitískum styrk sínum, að þær væru ekki að engu gerðar, eins og reyndin hefur orðið. Fyrir það má áfellast verkalýðshreyfinguna, en ekki hitt að hafa barizt fyrir þessum kauphækkunum, sem orðið hafa, því að hver maður gæti sagt sér, hvar við værum staddir, ef það hefði ekki verið gert.

Hin höfuðröksemdin fyrir kröfum okkar nú í dag er sú, að mjög mikil hækkun hefur orðið á öllum hálaunum í landinu að undanförnu. Ég ætla ekki að fara að rekja það mál hér, en það er auðvitað öllum augljóst mál, hlýtur að vera það. Ég skal fyllilega játa, að það er nauðsynlegt að launa bæði vísindamenn og vel tæknimenntaða menn betur en almennt verkafólk. Það er nauðsynlegt, og það er verkafólkinu sjálfu nauðsynlegt, því að við sjáum það auðvitað mjög vel, að við stöndumst ekki samkeppni annarra þjóða, ef við höfum ekki þennan kvalifíseraða vinnukraft, og kjör verkamanna eru einmitt kannske mjög því háð, að þessi vinnukraftur sé fyrir hendi. En misræmi hefur verið innleitt, ekki bara varðandi kjör þessara manna, heldur annarra, sem eru þjóðfélaginu miklu ónauðsynlegri og ég vil segja langtum ónauðsynlegri en hinn ófaglærði verkamaður, sem ekki kann annað en vinna með sínum höndum, en það eru þó þeir menn, sem nú standa undir því að bjarga milljónaverðmætum nótt með degi. Ef á að innleiða þann stórkostlega launamismun, sem nú stefnir að, á milli þessara manna og ég vil segja mjög ónauðsynlegra hálaunamanna í þjóðfélaginu, þá getur ekki farið vel. Þess vegna er það, að verkafólk með óbrenglaða réttlætiskennd lítur ekki aðeins á þetta frv. sem hatramma árás á helgustu réttindi verkalýðshreyfingarinnar, samningsfrelsið, verkfallsréttinn, heldur telur það líka hafa í sér fólgið misrétti og ranglæti gagnvart kjörum þeirra, sem verst eru settir.

Með þessu frv. á að banna kauphækkanir og verkföll til áramóta, eftir að þeir hálaunuðu hafa fengið sín laun hækkuð jafngífurlega og orðið hefur, eftir að verðhækkanir hafa dunið yfir og að engu gert þær kauphækkanir, sem fram náðust í sumar, og eftir að séð var í raun og veru í sumar, að hverju stefndi. Það var öllum vitanlegt, að verkalýðshreyfingin frestaði þá sínum samningum til haustsins af tveim ástæðum aðallega: í fyrsta lagi, við óttuðumst þróun verðlagsmálanna, og í öðru lagi vildum við úrslit kjaradómsins, áður en samningar yrðu teknir upp aftur. Þetta vissu atvinnurekendur í sumar. Þetta vissi ríkisstj., þegar hún gekkst í því að fá verkalýðshreyfinguna til að fresta aðgerðum sínum. Um það að hafa ekki notað þennan tíma, sem síðan er liðinn, er ekki hægt að hafa önnur orð en þau, að hér hafi algerlega verið látið fljóta sofandi að feigðarósi. Það var öllum vitanlegt, að friðurinn hlyti að verða úti nú, þegar samningar runnu út sjálfkrafa, eins og um var samið. Og eftir það, sem á undan er skeð, að ætla sér þá að koma með frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, sem á að banna þeim, sem verst eru settir, að hækka kaupið um einn eyri, banna að nota þann eina rétt, sem verkalýðshreyfingin hefur yfir að ráða, þegar allt um þrýtur, þ. e. a. s. verkfallsréttinn, það eru hlutir, sem verkalýðshreyfingin lítur mjög alvarlegum augum. Menn telja einnig fullvíst, að hér sé aðeins um byrjunina að ræða, því að í frv. sjálfu og grg. þess er það beinlínis tekið fram, að áður en þessi lög gangi úr gildi, þ. e. a. s. fyrir n. k. áramót, eigi að setja ný lög til að ráða þessum málum. Ef ekki vinnst tími til þess, áður en Alþingi fer í jólafrí, þá yrði sennilega gripið til brbl. og málum skipað á þann veg.

Hæstv. forsrh. sagði berlega í sinni framsöguræðu, að það væri ætlunin að bæta kjör hinna lægst launuðu eftir öðrum leiðum en kauphækkunum. Menn telja því af eðlilegum ástæðum, að það sé ekki ætlunin, að þetta bann við kauphækkunum eigi aðeins að gilda til áramóta, heldur og lengur. Það er ekki aðeins hæstv. forsrh., sem hefur látið orð falla á þessa leið, ekki síður einnig hæstv. menntmrh. Það virðist þess vegna sem það eigi áfram að banna kauphækkanir, ef þetta frv. verður gert að lögum og lögin fá staðizt.

Það er látið svo heita, að með þessu frv. eigi einnig að banna verðhækkanir. Hins vegar ber það fyllilega með sér, að verðhækkanir geta orðið nokkurn veginn á sama hátt og þær hafa orðið. Hæstv. forsrh. sagði einnig hér í sinni framsöguræðu berum orðum, að verðhækkanir gætu orðið, í fyrsta lagi vegna þeirra verðhækkana, sem kynnu að verða á erlendum vörum, og í öðru lagi vegna hækkana á tilkostnaði, sem orðið hefði á undanförnum mánuðum. Nú vita allir, að fyrir dyrum hefur staðið að hækka ýmsa vöru í verði, m. a. rafmagn, hitaveitu, strætisvagna o. s. frv. Allt þetta er sjálfsagt vegna hækkunar á tilkostnaði, sem orðið hefur á undanförnum mán-

uðum. Það virðist þess vegna vera augljóst, að öllum dyrum á að halda opnum fyrir áframhaldandi verðhækkunum, en kaupið má ekki hækka, þó að tilkostnaður verkamannsins hafi hækkað gífurlega á undanförnum mánuðum.

Þær aðalröksemdir, sem færðar eru fyrir frv., eru kannske í fyrsta lagi þær, að neyzla og fjárfesting hafi aukizt meira en sem því nemur, sem þjóðarbúið gæti staðið undir, verzlunarjöfnuðurinn sé orðinn mjög óhagstæður, um 700 millj., og hæstv. menntmrh. vildi í sinni ræðu halda því fram og sagði berum orðum, að þessi þróun málanna, þessi gífurlega neyzluaukning og fjárfesting væri vegna kauphækkana, sem orðið hefðu í fyrra og á þessu ári. Það er náttúrlega fjarstætt að halda því fram, að kauphækkun, sem verkamenn og verkafólk hefur fengið fram á árinu í fyrra og á þessu ári, hafi orsakað þessa þróun. Það eru vísvitandi og hreinar blekkingar. Ætli það sé ekki þetta fólk og kaupmáttur þessa fólks, sem hefur kallað á innflutning 3000 bíla á þessu ári? Ætli það sé ekki þetta fólk og kaupmáttur þess, sem hefur byggt verzlunarhallirnar hér inn með Laugaveginum? Nei, það er ekki kaupmáttur þessa fólks, sem hefur ráðið þróun þessara mála. Þetta fólk hefur þrátt fyrir kauphækkunina haft úr minna að spila í fyrra og á þessu ári en það hafði áður. Það hefur verið séð um það með þróun verðlagsmálanna.

Í öðru lagi er sagt, að útflutningsatvinnuvegirnir beri ekki hærra kaup. Það má vera, að t. d. frystihúsin beri ekki hærra kaup í dag. En þá er líka skylt að geta þess, að kaupið, launaliðurinn, er ekki eini útgjaldaliður þessara fyrirtækja og *mjög langt frá því. Launaliðurinn er lítill hluti* í útgjaldakostnaði frystihúsanna, sennilega ekki nema um fimmti hluti tilkostnaðarins, ef hráefniskostnaðurinn er ekki reiknaður með. Hins vegar mun stærri hluti en launakostnaðurinn er vera háður meira og minna beinum stjórnarráðstöfunum, og stór hluti tilkostnaðarins er auðvitað háður því, hvernig rekstur þessara fyrirtækja er. Mér skilst, að ef útflutningsgjaldið eitt væri afnumið, mætti hækka kaup verkafólksins í frystihúsunum um 30% a. m. k. Þetta sýnir, hve raunverulega lítill liður kaupgjaldið sjálft er. Verkamenn vita ósköp vel, hvernig rekstur margra þessara fyrirtækja er. Í sumum frystihúsum hefur reksturinn batnað allverulega á undanförnum árum. Önnur eru enn illa rekin, og öll eru þau rekin áreiðanlega miklu lakar en hægt væri að gera. Og það eru auðvitað fjöldamörg önnur rök, sem hér mætti fram færa í þessu sambandi. Það þýðir þess vegna ekki að segja verkafólki, að framleiðslan geti ekki staðið undir hærra kaupi en nú er greitt. Ef það er staðreyndin með t. d. frystihúsin í dag, þá er ekki um neitt annað að ræða en finna leiðir til þess, að þessi fyrirtæki geti borið hærra kaup, því að án hærra kaups verða þau ekki rekin. Þetta er atriði, sem allir þurfa að gera sér ljóst.

Ég ætla ekki að fara hér í nein maraþon-ræðuhöld. En ég vil enn minna á það, sem ég benti á í upphafi máls míns, að þetta mál er nú komið á það stig, að það hljóta allir alvarlega hugsandi menn að staldra við, og ef menn gera það ekki, þá verða þeir að vera við því búnir að taka afleiðingum gerða sinna. Ef þetta frv. verður keyrt í gegn hér á Alþingi og gert að lögum, þá eru alveg ófyrirsjáanlegar þær afleiðingar, sem það hlýtur að hafa í för með sér. Þess vegna vil ég enda mál mitt núna með því að skora eindregið á ríkisstj. að draga frv. til baka aftur, taka upp í fullri alvöru samninga við verkalýðshreyfinguna tafarlaust, eyða ekki orkunni í lengra þras um málið hér á Alþingi, heldur taka tafarlaust upp samninga við verkalýðshreyfinguna. Það eitt er áreiðanlega það, sem þjónar bæði atvinnuvegunum miklu betur en þetta frv. og stefna þess hlýtur að marka — og þjóðfélaginu í heild.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það má með sanni segja, að mikið ofviðri geisi hér á sviði efnahagsmálanna nú um þessar mundir. Dýrtíðin hefur magnazt og þenslan aukizt gífurlega. Kjaradómurinn, sem er hlutlaus og ópólitísk stofnun, komst að þeirri niðurstöðu á s. l. sumri, að laun embættismanna þyrftu mjög að hækka, svo að þeir gætu uppfyllt lífsþarfir sínar með svipuðum hætti og var fyrir þann tíma, er dýrtíðarofviðrið skall á. Kjaradómurinn hækkaði því laun starfsmanna ríkisins mjög mikið, eða eftir því sem sagt er um 45% til jafnaðar. Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa síðan siglt í kjölfarið, og starfsmenn annarra bæjarfélaga munu flestir hafa tryggt sér hliðstæð kjör. En það er víðar, sem óveður þetta gengur yfir hér, því að eyðsla og óhóf hefur stóraukizt. Hallinn á viðskiptunum við útlönd er sagður vera orðinn geigvænlegur, og ég hef heyrt talað um, að þar hafi sigið á ógæfuhliðina um 700 millj. á fyrstu 9 mánuðum þessa árs. Útlán bankanna hafa aukizt stórkostlega. Sparifjársöfnun hefur minnkað. Og þar að auki hafa stórlán verið tekin erlendis.

Þetta, sem ég hef nú nefnt, eru allt upplýsingar frá sjálfri hæstv. ríkisstj. nú í þessum umr. hér á hv. Alþingi. Það skipast stundum veður skjótt í lofti, og skjótt getur sól brugðið sumri. Það er ekki lengra síðan en í júní s. l., að þá sögðu frambjóðendur, flokksblöð og ráðh. stjórnarflokkanna, að allt væri hér í himnalagi. Þá sögðu þeir, að sparifé yki ist, bankarnir væru fullir af peningum, og sagt var yfirleitt þá um þær mundir, að fólki gengi vel að fá víxla og fyrirgreiðslu hér í bönkunum. Þeir sögðu þá, að viðreisnin hefði heppnazt, en þó væru skammt fram undan enn þá stórkostlegri höpp og hamingja, ef stjórnarflokkarnir fengju meiri hl. Hins vegar mundi auðvitað allt fara strax í hundana og í kaldakol og hrynja, ef stjórnin fengi ekki meiri hl. Meiri hl. þjóðarinnar trúði þessu, og stjórnarflokkarnir héldu meiri hl. sínum á Alþingi, þótt að vísu þeim fækkaði þar um einn mann. (Gripið fram í: Þeir fengu 49%.)

Þeir voru vígreifir, stjórnarflokkarnir, fyrir kosningar. Hin gullnu loforð þeirra og glæsilegu fyrirheit hleyptu kappi í kinn hjá ýmsum vinum þeirra og þeir tóku fjörkipp mikinn og drifu sig í að flytja inn bíla í þúsundatali, byggja stórhýsi og kaupa inn í landið alls kon-

ar varning. Stjórnin hafði gert vini sína ölvaða af gleði og bjartsýni. Þeir trúðu á viðreisnarhjalið, og þó að stjórnin sjálf hafi auðvitað séð, að viðreisnarhagkerfið gæti ekki lengi þolað slíka Jörfagleði, fannst henni það svik við góða stuðningsmenn að lofa þeim ekki að njóta uppskeru af hinni ímynduðu viðreisnarhagsæld. Stjórnin hugsaði sem svo, að það kæmu dagar og það kæmu ráð, þegar óveðursskýin færu að nálgast á efnahagsmálaviðreisnarhimninum.

Og hvert er svo ráðið? Það er nú komið í ljós. Þegar óveðrið nálgaðist, voru vinir viðreisnarinnar komnir í hið hlýja hús og búnir að tryggja sér skjól og yl. Þá vildu einnig þeir, sem með líkamlegri orku sinni erja mold og mið og sinna hinum grófari verkum í landinu, komast í nánd við hina og fá að njóta með þeim ávaxtanna, sem ríkisstj. sagði fyrir kosningar að viðreisnin hefði fært landinu. En þá var hurðinni lokað, og nú er ekki meira til að láta í té. Þið verðið, segir stjórnin nú við almenning, að standa úti og horfa á reykinn af réttunum og láta ykkur nægja það, sem þið hafið haft, því að ef allir fá allt, þá fær enginn neitt. Það er nefnilega þannig, að þá verður ekkert úr því, sem þeir eru búnir að fá, sem inn fyrir dyrnar komust í sumar. Það er nú það. En það mætti kannske athuga, ef tími gefst, hvort ekki væri hægt að láta einhverja ölmusu í té, t. d. lækka skatta og útsvör af ykkur o. s. frv. Þetta er gefið í skyn.

Þetta eru þá úrræðin: binding kaupgjalds hjá þeim, sem langlægst eru launaðir og höllustum fæti standa í lífsbaráttunni. Það er sagt, að framleiðslan þoli ekki hærra kaupgjald en nú er greitt til verkamanna. Þetta er sjálfsagt rétt, ef miðað við óbreytt ástand atvinnuveganna. En hvaðan eru teknar tekjurnar til að greiða þær launahækkanir, sem embættismenn hafa þegar fengið? Hvaðan eru þær tekjur fengnar? Ætli það verði ekki í einhverri mynd sótt til atvinnuveganna eins og hingað til? Ég geri ráð fyrir því.

Mér er sagt, að í einu bæjarfélagi hér eigi alllangt frá Reykjavík nemi kaupgjaldshækkanir þær, sem orðið hafa hjá bænum og stofnunum hans, um 1 millj. kr. Auðvitað verða atvinnuvegirnir, sem fólkið í bænum vinnur við og lifir á, að standa undir þessum auknu útgjöldum. Aðrar uppsprettur eru þar ekki til að ausa af, og vitanlega hvergi annars staðar. Við verðum allt að sækja til atvinnuveganna. Og þess vegna er það vitanlega frumskilyrði þess, að við getum haft góð lífskjör, að þessum atvinnuvegum sé vel stjórnað og þeir vel reknir, því að alla okkar eyðslu, þarfa og óþarfa, verðum við að sækja til framleiðslunnar og hún verður að bera það beint og óbeint.

Lýðræði hjá svo lítilli þjóð, sem við Íslendingar erum, hefur byggzt á því og mun byggjast á því, að stéttaskipting sé ekki mikil í landinu og efnahagur sé hér nokkuð jafn, en þjóðin greinist ekki í auðmenn og öreiga. Þess vegna hljóta allir, sem vilja styrkja lýðræði í landinu, að vilja einnig hafa lífskjör manna sem allra jöfnust. Það hlýtur að verða að fara saman. Og hvaða vit er eiginlega í því, að lífskjörin séu ójöfn, að sumir safni auði, en aðrir séu fátækir? Ég hygg, að þeir séu fáir, sem í alvöru vilja slíka þróun. Ég trúi því ekki, að það séu margir, sem hana vilja og eftir henni óska.. Í nútímaþjóðfélagi eru menn mjög háðir hver öðrum, það orsakast af hinni miklu tækni og fjölbreyttu atvinnulífi, þar sem hver þjóð greinist í ótalmargar starfsstéttir, sem eiga og verða að þjóna hver annarri, svo að hjólið geti snúizt, þ. e. a. s. daglegt líf manna og sköpun verðmæta, andlegra og efnislegra, geti gengið að eðlilegum og nauðsynlegum hætti. Ef einhver ein stétt kippir að sér hendinni um störf, hver svo sem þau eru, þá fer þjóðfélagsvélin, ef svo má að orði komast, fljótt að ganga skrykkjótt og stöðvast fyrr en varir. Þetta er orðið nokkuð öðruvísi en var áður fyrr, þegar Íslendingar voru bændaþjóðfélag og hvert heimili var eins konar smáríki út af fyrir sig og sjálfu sér nægt að flestu og oftast öllu leyti.

Í ræðu hæstv. menntmrh. hér í þessari hv. d. við 1. umr. um þetta mál komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar um þá ískyggilegu þróun, að launamismunur hefur vaxið allört á síðustu árum, þ. e. a. s. viðreisnartímanum. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. ráðh. væri farinn að fá eftirþanka og dálitlar áhyggjur af þessu ástandi, og það er vel farið að mínum dómi. Ég held, að það muni fara svo og þróunin muni verða sú í því velferðarríki, sem við sjálfsagt allir viljum byggja upp, að öll æðri menntun a. m. k. verði talin sem hver önnur vinna hjá þeim, sem menntaveginn ganga, og þeir muni af þjóðfélagsins hálfu fá laun, meðan þeir stunda sitt nám, eins og þeir væru við dagleg störf í þjónustu ríkisins. Og þess vegna held ég, að þeir muni ekki verða launaðir með eins miklum mun og nú er, þ. e. a. s. margföldum launum móts við fólk í öðrum stéttum, þegar þeir hafa lokið námi sínu og geta tekið til starfa í sínu fagi. Með þessu má ekki skilja mig þannig, að ég haldi því fram, að allur launamismunur eigi að hverfa. Það hefur mér aldrei dottið í hug. En ég tel, að lífskjörin verði að jafna og umfram allt verði að koma í veg fyrir stéttamun af því tagi, að sumir séu mjög fátækir, en aðrir mjög auðugir. Þjóðfélag, sem samanstendur af slíkum þegnum, mun aldrei geta orðið farsælt né verðskulda það nafn að vera kallað velferðarríki. Þar yrði aldrei almenn farsæld né friður með mönnum, það er óhugsandi.

Frv. þetta, sem hér er til umr., er um það að binda kaupgjaldið fast, eins og það er nú, um tveggja mánaða skeið. Það bannar kaupdeilur, verkföll og vinnustöðvanir og verðhækkanir aðrar en þær, sem sannað verður að orðið hafa af verðhækkun efnisvara og annarra kostnaðarliða. Þetta frv. er lagt hér fram af þeirri ríkisstj., sem boðaði það, þegar hún settist að völdum, að hún mundi aldrei skipta sér af kaupgjaldsmálum, þau yrðu vinnuveitendur og launþegar að útkljá sjálfir. Ríkisvaldið ætlaði ekki að hafa nein afskipti af

slíku. Ég verð nú að segja það, að ég undraðist mjög, þegar ég heyrði þessi fyrirheit hæstv. ríkisstj., að hún skyldi láta slíka fjarstæðu frá sér fara, þ. e. a. s. að hún mundi ekki á nokkurn hátt hafa afskipti af slíkum málum, vegna þess að það veit hver maður, að slík mál eru einhver viðkvæmustu og hættulegustu mál á hinu efnahagslega sviði hjá flestum, ef ekki öllum þjóðum, og þá ekki sízt hjá svo lítilli þjóð sem við Íslendingar erum. Flestar ríkisstj. gera sér mikið far um það að liðka til og greiða fyrir samningum, þegar kaupdeilur verða, og telja slíkt skyldu sína gagnvart þeirri þjóð, sem þær hver og ein hafa forræði fyrir. Þetta fávíslega fyrirheit sitt efndi ríkisstj. á þann hátt, þegar launþegar og vinnuveitendur náðu samkomulagi um dálitla kauphækkun 1961, að þá rauk hæstv. stjórn til og sló úr hendi alþýðu manna þessa kjarabót með því að fella gengi íslenzkra peninga. Þannig efndi hún fyrirheitið um að skipta sér ekki af kjaramálum. Hún réðst þar, að mínu viti, á garðinn, þar sem hann var lægstur, og svipti að ósekju þá, sem náð höfðu í frjálsum samningum dálitlum tekjuauka, þessum vinningi þeirra. Þetta var áreiðanlega versta og óviturlegasta verk þessarar hæstv. ríkisstj., þar til nú, að hún er að vinna annað verk ekki betra að mínum dómi.

Þessi hæstv. stjórn sagðist vilja efla og auka frelsi á öllum sviðum. Hún sagðist ekki vilja nein höft á frelsi manna og hún hefur haft mörg og ljót orð um pólitíska andstæðinga sína og borið á þá, að þeir séu haftapostular og vilji skerða frelsi fólks. Það nýja efnahagskerfi, sem núv. hæstv. stjórn kom hér á 1960, átti að skapa þjóðfélag fárra voldugra, sem réðu fjármagninu og drottnuðu yfir almúganum, verkafólki og bændum. Þó að ekki sé langt liðið síðan hið svokallaða viðreisnarhagkerfi tók til starfa, þá er nú þegar að verða ljóst, að sú stefna getur ekki þróazt hér til að koma á því þjóðfélagi, sem höfundar viðreisnarinnar vilja fá, nema gripið verði til valdbeitingar, m. a. fyrst og fremst af því tagi einmitt, sem lagafrv. það gerir ráð fyrir, sem hér er nú til umr. Hefði þessi hæstv. stjórn núna þessa dagana gengizt fyrir því að rétta hlut láglaunafólksins og sýnt góða viðleitni í þá átt að jafna lífskjörin, þá gat hún að loknu slíku verki krafizt þess að fá frið um kjaramálin um sinn. En þessa leið vill stjórnin ekki. Hún vill heldur sýna vald sitt og fara því einu fram, er henni sjálfri sýnist.

Stjórnin vissi það strax í vor, að þessi kaupgjaldsvandamál biðu úrlausnar nú um veturnæturnar, því að í vor var sætzt á það af verkalýðsins hálfu að láta þá sitja við lítilfjörlega hækkun, en samningar væru lausir um miðjan október. Og hvað hefur svo verið gert í allt sumar og haust til að undirbúa þá lausn, sem látið var í vor skína í, að stjórnarvöldin mundu hafa forgöngu um? Það er nú komið í ljós, að þessi tími hefur verið notaður til að undirbúa það að binda hendur verkalýðsins. Það er sagt, að haftið verði leyst eftir tvo mánuði, en líklega eru fáir svo bjartsýnir að trúa því loforði eða öðrum loforðum hæstv. stjórnar. Nú dettur mér ekki í hug, að það hafi verið eða sé yfirleitt nokkurn tíma mjög auðvelt að ráða fram úr málum eins og þeim, sem hér er um að ræða. Ég er hins vegar viss um, að það er erfitt og krefst mikillar vinnu og samstarfs ríkisvaldsins við marga aðila. Það er náttúrlega miklu fljótlegra að gefa út pennastrik og skipanir, eins og gert hefur verið að þessu sinni með þessu frv., heldur en leggja fram vinnu og leita eftir samstarfi við fólkið, sem byggir landið. En í lýðræðislandi er það nú samt sú eina leið, sem forráðamönnum þjóðarinnar er sæmandi að fara, og engin önnur leið getur leitt til góðs árangurs fyrir alla aðila, það er útilokað.

Því hefur verið lýst hér af ýmsum ræðumönnum, sem talað hafa, að verkamaður, sem vinnur alla virka daga ársins 8 stundir á dag, getur ekki haft meira upp úr sér en innan við 70 þús. kr. Nú skulum við hugsa okkur, að þessi verkamaður leigi íbúð fyrir ca. 3000 kr. á mánuði, sem ég hygg að sé þó nokkuð algengt. Þá er fullur helmingurinn af kaupi hans farinn í húsnæði. Eftir á hann aðeins rúmlega 30 þús. til að standa undir öðrum þörfum heimilisins. Þessi verkamaður tekur auðvitað það fyrir til þess að bjarga sér að reyna að vinna miklu meira en 8 stunda vinnudag. Ef hann vinnur t. d. 2 tíma í eftirvinnu á hverjum virkum degi og 1 tíma í næturvinnu alla virka daga, þá geta tekjurnar komizt upp í 110—115 þús. kr. En hvað haldið þið nú, hv. alþm., að starfsþrek og heilsa manna endist lengi með slíkri vinnu? Náttúrlega yrði það misjafnt eftir þreki manna og þoli, en hætt er við, að ekki líði á löngu, þar til þjóðfélagið stæði frammi fyrir þeim vanda, að fjöldi manna væri orðinn útslitinn á bezta aldri og þyrfti á hælisvist að halda. Við skulum gera okkur þetta ljóst.

Ég tók eftir því í afmælisblaði Vikunnar, sem kom út núna 31. okt. s. l., að þar var viðtal við 3 þekkta menn hér í bænum. Og þetta viðtal var um landsins gagn og nauðsynjar og víða komið við þar. Einn þessara manna er mjög þekktur, prófessor Jóhann Hannesson. Meðal annars, sem hann segir í þessu viðtali, er þetta, hann segir: „Menn vinna of mikið, leggja of mikið á sig, verða taugaveiklaðir og detta niður einn góðan veðurdag dauðir á götunni.“ Þetta voru hans orð, prófessorsins.

Þessi ofboðslega vinnuþrælkun, sem fólk verður að leggja á sig, er ekki eingöngu bundin við verkamannastéttina. Þetta á ekki síður við um bændurna, sem flestir eru einyrkjar, því að hvorki er fólk að fá til starfa né heldur aðstaða landbúnaðarins þannig, að hann geti borgað hið algenga kaupgjald. Þá má minna einnig og ekki hvað sízt á þá miklu vinnu, sem fjöldi húsmæðra í landinu leggur fram utan heimilanna í viðbót við húsmóðurstörfin.

Nú má enginn skilja mig þannig, að ég telji eftir fólki að vinna, reyna að bjarga sér, eftir því sem hver og einn hefur heilsu og

getu til, það fer fjarri því. Ég tel slíkt eðlilegt og sjálfsagt að vissu marki og ekkert við því að segja, þó að menn þurfi að taka spretti við og við, þegar með þarf, þeir sem geta. En ég er algerlega andstæður því, að vinnan verði að oki, aldrei megi líta upp. Það er allt í lagi, þótt fólk þurfi, eins og ég sagði, að taka spretti, ef það getur þá orðið til þess að bæta svo hag manna, að þeir við það fari að sjá fram úr erfiðleikunum. En eins og nú er leysir hinn langi vinnudagur verkamanna þá ekki frá vandræðaafkomu. Þeir sjá ekki fram úr erfiðleikunum, og það rofar ekkert til, það er meinið. Sömu sögu er að segja frá bændum. Það er þetta, sem þarf að breytast.

Tæknin eykur afköst við störfin á öllum sviðum. Hér við bætist, að þessi árin er aflinn mjög mikill á sjónum og markaðir ágætir. Það er gert ráð fyrir því, að tæplega 6 þús. bændur, sem munu vera í landi okkar og flestir eru einyrkjar, framleiði vörur á einu ári, sem séu að verðmæti um 1500 millj. kr. virði. En þrátt fyrir allt þetta er það stefna ríkisvaldsins að halda niðri tekjum þeirra, sem með starfi sínu raunverulega skapa þessi óhemjuverðmæti. Hinir, sem vinna áhættuminnstu störfin í þjóðfélaginu, fá hækkanir, sumir svo miklar, að þær nema meira en árslaunum verkamanns.

Það er vitað mál, að hinir háu vextir og svokallaðar viðreisnarráðstafanir hafa mjög torveldað sjávarútvegi og landbúnaði að efla fjárhagsgrundvöll sinn á undanförnum árum. Hins vegar er ekki annað að sjá, a. m. k. hér í höfuðborginni, en að verzlanir hafi dágóða útkomu, ef dæma má af þeim miklu byggingarframkvæmdum, sem hér eru á vegum slíkra aðila og ekki virðist þurfa neitt til að spara. Ég álít nú, þó að það sé gaman að hafa stór og falleg verzlunarhús og gnægð hvers konar varnings, þá er ég samt hræddur um, að fallvölt verði sú dýrð, þegar framleiðslan hættir að rísa undir óhófinu og hinn vinnandi maður fær ekki að hafa þau lífskjör, að hann geti notið sæmilegrar velmegunar. Ætli það verði þá ekki valtur grunnurinn undir óhófstildri, sem hér á sér stað í framkvæmdum kaupmannastéttarinnar og sparifé þjóðarinnar er ekki að svo litlu leyti bundið í? Sannleikurinn er sá, að það ætlar að fara fyrir viðreisnarhagkerfinu eins og margir spáðu þegar í upphafi, að það eyðir sér sjálft, það rotnar sundur vegna sinnar eigin spillingar, en eftir verður reynslan, dýrkeypt að vísu, en dýrmæt og til viðvörunar fyrir þá, sem eiga að lifa og starfa í landinu á komandi tímum.

Þeir, sem vildu fá viðreisnarhagkerfið, voru ekki og verða ekki færir um að nota kerfið, því að þeir kunna sér ekki hóf. Þeir eru svo veiðibráðir að kúga þá, sem þeir telja máttarminni, og gróðahyggja þeirra er svo gráðug, að þeir sprengja sitt eigið kerfi. Íslenzkir alþýðumenn eiga að láta þessa reynslu kenna sér, og vonandi þrýstir þessi reynsla hinu vinnandi fólki saman til þess að vinna með einhug á þjóðlegum grundvelli að því að koma hér á, áður en langt um líður, stjórn, sem metur mest hagsmuni alþýðu manna í sveitum og bæjum og setur efst á málefnaskrá sína hagsmuni þessa fólks og vinnur eftir slíku leiðarljósi að því að treysta menningu og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Þar verður samningsréttur borgaranna, bæði sem einstaklinga og félagsheilda, um kjör sín og viðskipti að vera frjáls og studdur af ríkisvaldinu og markmiðið að bæta aðstöðu hinna fátæku og efla aðstöðu manna, hvar í stétt sem þeir eru, til að geta á hóflegan hátt notið lífsgæðanna, sem landið og hófleg vinna geta boðið okkur á hverjum tíma.

Ég tel, að ég hafi með þessum fáu orðum sagt hug minn til þess frv., sem hér er á ferðinni, og þeirra þvingunarráðstafana, sem það hefur að bjóða. Ég harma það, að hæstv. ríkisstj. skyldi bera fram þetta mál, sem ég er viss um, að á eftir að draga illan dilk á eftir sér. Að vísu finnst mér réttlátt, að stjórnin og hennar lið hafi af þessu máli þá erfiðleika, sem þeir hafa til stofnað og til unnið, en þjóðin mun þar að einhverju leyti öll gjalda, og það er sú hlið á málinu, sem ég og ótalmargir aðrir menn hafa áhyggjur af. Eins og málefnum þjóðarinnar er nú komið, er það djarft tiltæki hins veika meiri hl. hér á hv. Alþingi að ætla að knýja þetta mál fram eftir það, sem skeð hefur um kaup og kjör þeirra hæst launuðu í landinu, og á þeim tíma, þegar atvinnulífið og framleiðslan þarf á hverri vinnandi hendi að halda. Samningsréttur verkafólks, félagsfrelsi þess og nauðsyn þjóðarinnar fyrir frið eru svo þýðingarmiklir þættir í því að tryggja og efla þann grunn, sem þjóðfélag okkar hvílir á, að þar má með engu móti losa um nokkurn stein, því að þá getur allt riðað til falls, og ekki síst þegar svo háttar nú til, eins og hér gerir, að yfirbyggingin á fleytunni er fullmikil. Það er því á engu meiri þörf en því að skapa sem víðtækast samstarf verkalýðs og annarra starfsstétta þjóðarinnar, og það er auðvitað skylda hæstv. ríkisstj. að gera ekkert, sem vekur tortryggni og réttmæta reiði þeirra, sem verst hafa lífskjörin.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Með meirihlutavaldi Sjálfstfl. og Alþfl. hefur skipulega verið unnið að því á Alþingi, allt frá því um áramótin 1958—1959, að framkvæma flokksstjórnarsamþykkt Sjálfstfl., sem birt var í Morgunblaðinu 17. des. 1958, sex dögum áður en Sjálfstfl. lét verulegan hluta þingflokks Alþfl. taka sér sæti í ráðherrastólunum. Þá þegar var tekið að feta fyrstu sporin á þeirri braut, sem nú hefur verið svo langt troðin, að komið er að því, að þessir flokkar samþykki lögbindingu á kaupi hinna lægst launuðu og algert bann við því, að verkalýðsfélögin geri tilraun til að hækka þau laun, sem að kaupmætti hafa hrapað um rúm 20% síðan í des. 1958, þrátt fyrir stórauknar þjóðartekjur.

Flokksstjórnarfundur Sjálfstfl. veturinn 1958 boðaði þjóðfélag hins óhefta kapitalisma, þar sem allt skyldi miðast við að skapa handhöfum fjármagnsins gróða, en ríkisvaldinu skyldi beitt að hinu leytinu til að halda niðri þeim

hluta rekstrarkostnaðar hvers fyrirtækis, sem nefndur er tímakaup starfsmanna. Sú barátta, sem ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. hafa haldið uppi síðan í des. 1958 til að skapa það óskaþjóðfélag gróðaliðsins, sem lýst var í flokksstjórnarsamþykkt Sjálfstfl., hefur verið háð undir ýmsum fögrum kjörorðum, á svipaðan hátt og krossmark kristninnar hefur oft og tíðum verið notað sem gunnfáni við hvers kyns hryðjuverk. Og þessi skipulagða barátta til að auka hlut þeirra, sem gróðans njóta af vinnu launþega, hefur verið háð með mörgum áhlaupum.

Eitt áhlaupið var gert í því skyni sérstaklega að koma í veg fyrir, að þann gróða þyrfti að greiða til baka með skattgreiðslum til ríkisins. Það áhlaup var gert undir kjörorðinu: „afnám skatta á lágtekjum". Þar var krossmarkið hreint og óflekkað borið í fararbroddi í þeirri aðför, sem þá var gerð, ekki til þess að bæta hag láglaunamanna, eins og kjörorðið benti til, heldur til þess að firra auðmenn því að þurfa að sjá á eftir gróða sínum í fjárhirzlu ríkisins. Árangurinn af breytingum þeim, sem gerðar voru á tekjuskattslögunum, var að sjálfsögðu í samræmi við flokksstjórnarsamþykkt Sjálfstfl. ótvíræður sigur hátekjumanna, sem nú losnuðu við kúfinn af tekjuskattinum, en bættu ríkissjóði um leið skaðann með auknum neyzlusköttum, sem fyrst og fremst skullu yfir þá, sem stærst hafa heimilin og lítils sem einskis nutu af lækkun tekjuskattsins. Það er einfaldast að láta tölurnar tala í þessu efni.

Síðasta árið, áður en nýju tekjuskattslögin tóku gildi, höfðu tveir ráðh. Alþfl. og einn forstjóri úr sama flokki, allir búsettir í Hafnarfirði, samtals 96 752 kr. í tekjuskatt, en þrír daglaunamenn með venjulegar tekjur greiddu þá samtals 4286 kr. í tekjuskatt. Þegar viðreisnarflokkarnir höfðu leitt til lykta hina heilögu krossferð sína í tekjuskattsmálunum undir kjörorðinu: „afnám skatta á lágtekjum", höfðu þessir þrír verkamenn verið losaðir við sinn 4286 kr. tekjuskatt og greiddu árið 1961 samkv. skattskrá engan tekjuskatt, en höfðu í staðinn fengið inn í sinn búrekstur hækkun verðlags á öllum nauðsynlegustu neyzluvörum. En réttlæti hinna nýju tekjuskattslaga hafði ekki farið fram hjá dyrum ráðherranna og forstjórans. Þeirra tekjuskattur lækkaði ekki samtals um 4286 kr. frá 1959 til 1961, heldur um 58 763 kr. samkv. skattskrá. Tekjuskattur þessara forustumanna Alþfl. lækkaði þannig um nærri 14 sinnum hærri upphæð en hjá þeim, sem verkamannatekjurnar höfðu. Þetta var sannkallað og ómengað viðreisnarréttlæti.

Þetta einfalda dæmi úr raunveruleikanum sýnir hið sanna eðli viðreisnarstefnunnar. Það veitir sýn inn í kjarna þeirrar stefnu, sem auðvaldið í landinu hefur verið að framkvæma síðustu árin. Það sýnir mönnum einn þáttinn í þeim skipulögðu breytingum, sem íhaldið með tilstyrk þess, sem enn er kallað Alþfl., er að framkvæma á þjóðfélaginu í þá átt að auka hlut þeirra, sem hetur mega sín, á kostnað hinna efnaminni. Enn er haldið áfram í sömu átt, og þessa dagana er ætlunin að ná mikilvægum áfanga á þessari braut með samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir.

Allar þessar skipulögðu aðgerðir, sem viðreisnarflokkarnir hafa haft í frammi undanfarin ár til þess að auka hlut stóreignamanna þjóðfélagsins á kostnað vinnandi alþýðu, hafa verið framkvæmdar undir hinum fegurstu kjörorðum. Við sáum af dæminu, sem ég tók áðan, hið raunverulega inntak kjörorðsins: „afnám tekjuskatts á lágtekjum". Þar var um að ræða fjórtánfalda lækkun skatts á hátekjum miðað við skattalækkun á lágtekjum og samhliða stórauknum neyzluskatti á nauðsynjavörum, sem bitnar á stærstu fjölskyldunum.

Eitt kjörorð hefur þó verið öllum öðrum vinsælla og mest notað af ríkisstjórnarflokkunum í skipulögðum aðgerðum þeirra við að skapa það þjóðfélag á Íslandi, sem íslenzka auðstétt dreymir um. Það er kjörorðið: „barátta gegn dýrtíðinni, stöðvun verðbólgunnar". Í nafni kristilegrar mannúðar hefur, sem öllum er kunnugt, margt óhappaverkið verið unnið, og með það að skálkaskjóli, að verið væri að stöðva dýrtíð og hemja verðbólgu, hafa viðreisnarflokkarnir með hverri aðgerðinni á eftir annarri þrýst kjörum íslenzkrar alþýðu neðar og neðar, án þess að þess sjáist vitaskuld nokkur merki, að sú verðbólga, sem er gróðalind stóreignamanna, láti hið minnsta undan síga. Öðru nær, enda tilgangurinn með aðgerðunum ekki sá, heldur hafa aðgerðir ríkisstj. þvert á móti kynt undir dýrtíðinni og aukið verðbólguna. Alþýða manna, sem hefur séð laun sín fuðra upp á dýrtíðarbálinu, en auðmenn og gróðafélög stórauka eignir sínar á sama tíma, hefur á því einlægan vilja, að hamlað sé gegn verðbólgunni. Þann vilja hafa viðreisnarflokkarnir skipulega og vísvitandi misnotað til þess eins að þrýsta launakjörum verkafólks sífellt neðar og neðar, svo að lækki sá kostnaðarliður, sem launin eru hjá fyrirtækjum.

Þegar Sjálfstfl. hafði komið Alþfl.-foringjunum fyrir í ráðherrastólunum í des. 1958, var hafin sú barátta, sem enn stendur yfir, að breyta þjóðfélaginu í átt við kröfur flokksstjórnar Sjálfstfl. haustið 1958, en þar var fyrsta krafan bein lækkun á launum verkafólks. Þá kröfu uppfyllti Alþfl. með því að lögfesta lækkun á kaupi launþega um 600—800 kr. á mánuði. Þá framkvæmd auðveldaði Alþfl. sér með því að bendla þessa lífskjaraskerðingu, sem eingöngu bitnaði á launþegum, við baráttu gegn verðbólgunni og aukinni dýrtíð. Með þessum aðgerðum skyldi bundinn endir á víxlhækkun kaupgjalds og verðlags og allar frekari hækkanir stöðvaðar í eitt skipti fyrir öll. Þessum blekkingum trúði of margt alþýðufólk þá, þótt það sjái nú í gegnum þær. Í marz 1959 var verkafólk skyldað til þess að fórna um 14% af launum sínum beint í hendur atvinnurekendum, þá skyldi verðbólgan stöðvast, meira þyrfti ekki að krefjast, og Alþfl. gekk til kosninga 1959 undir því kjörorði, sem hann hafði notað við kauplækkunaraðgerðirnar: „barátta gegn dýrtíð, óbreytt verðlag". Út á þessa blekkingariðju fékk Alþfl. nægilegt fylgi til þess að tryggja íhaldinu meirihlutavald á Alþingi næsta

kjörtímabil, 1959—1963, og eftir kosningarnar kom sannleikurinn vitaskuld í ljós. Með gengislækkunarlögunum dundu verðhækkanirnar yfir launþega, sem nú bjuggu við skert kaup, — kaup, sem skert hafði verið undir því yfirskini, að með því fengist fast verðlag. En gróðastéttirnar höfðu á hinn bóginn fengið hvort tveggja, kauplækkun hjá verkafólki og áframhaldandi verðbólgu, sem tryggði þeim sem fyrr stórfellda eignaaukningu. Og um leið og stofnað var til verðhækkana og olíu hellt á dýrtíðarbálið með sjálfri gengislækkuninni, var enn hert á verðhækkununum með stórfelldri vaxtahækkun.

En viðreisnarflokkarnir létu ekki við það sitja að svipta þannig blekkingunum af þeim kauplækkunaraðgerðum, sem þeir framkvæmdu 1959 undir kjörorðinu: „barátta gegn dýrtíðinni, stöðvun verðbólgunnar", heldur hófu þeir blygðunarlaust aftur á loft sama kjörorðið og báru það fyrir þeirri nýju kröfu og fyrirskipun til launþega, að afnumin yrði vísitöluuppbót á laun. Nú var því haldið fram, að vísitölubætur á laun verkafólks væru bölvaldurinn, nú væri hann fundinn, honum þyrfti að útrýma. Eftir það gæti almenningur búið við stöðugt verðlag. Með því yrði endanlega unninn bugur á verðbólgunni. Fram til þessa hefði baráttan gegn dýrtíðinni að engu haldi komið vegna vísitölubótanna, sem hleyptu öllu verðlagi af stað og gerðu ókleift að stöðva verðhækkanir. Enn treystu viðreisnarflokkarnir á það, að vegna þess að alþýða manna vill stöðva dýrtíðina, væri hún fús til að fórna sínum hlut enn einu sinni og sæist yfir það, að það væri blekking, að þessar ráðstafanir leiddu til stöðvunar verðbólgunnar. Enn þá tókst viðreisnarflokkunum í krafti illa fengins meiri hluta á Alþingi að stíga enn eitt spor í átt til þeirrar þjóðfélagsskipunar, sem máluð var upp á landsfundi Sjálfstfl. 1958 sem draumsýn íhaldsins. Enn var stigið eitt spor í þá átt að umbylta þjóðfélaginu auðstéttinni í hag, í þeim tilgangi að koma smátt og smátt á algerri yfirdrottnun hennar.

Eftir að alþýða manna hafði þannig verið blekkt til að veita þingmeirihl. þeim flokkum, sem lækkuðu kaupið um nær 14% 1959 undir yfirskini baráttunnar gegn dýrtíðinni, stóð almenningur nú frammi fyrir stórfelldu verðhækkunarflóði, og enn, með sömu blekkingarnar á vörunum um stöðvun verðbólgu, heimtaði auðstéttin afnám vísitölubóta á laun. Fyrir tilstilli viðreisnarstjórnarinnar fékk auðstéttin enn sem fyrr hvort tveggja. Hún fékk afnám vísitölubóta á laun, og hún fékk sína áframhaldandi verðbólgu. Þegar stjórn Alþfl. lækkaði einhliða launin 1959, var sagt við verkafólk: Ef þið aðeins látið atvinnufyrirtækjunum eftir 600—800 kr. á mánuði af launum ykkar, þá stöðvast verðbólgan, þá búið þið hér eftir við fast verðlag og njótið vaxandi kaupmáttar launa af aukinni framleiðslu. — Út á þetta fékkst hinn illa fengni þingmeirihl., sem viðreisnarstjórnin studdist við síðasta kjörtímabil. Og sá meiri hl. færði verkafólki efndirnar í stórfelldustu verðhækkunum, sem yfir hafa dunið á Íslandi. Og enn var sagt við verkafólk: Að vísu hefur verðlagið ekki stöðvazt, en til þess að vinna bug á verðbólgunni vantar eitt: Það þarf að afnema vísitöluuppbætur á kaup, þá fáið þið verðlagsstöðvun. Ef einhver atvinnurekandi semur um kauphækkun, þá verður hann að bera hana sjálfur, henni verður ekki hleypt út í verðlagið.

Það eru nú nærri 5 ár síðan kaupið var lækkað með lögum og nærri 4 ár síðan vísitölubætur á laun voru teknar af verkafólki. Þessum vísitölubótum, sem af verkafólki voru teknar, hafði jafnan verið kennt um verðhækkanirnar. En hver varð árangurinn af þessum fórnum launþega? Aldrei í Íslandssögunni hefur verkafólk orðið að mæta öðrum eins hækkunum vöruverðs, og kaupmáttur tímakaups hefur stöðugt rýrnað. Þetta er árangurinn af þeim fórnum, sem verkafólk hefur verið krafið um. En á sama tíma hrúgast upp milljónahallir banka og sparisjóða, innflutningsfyrirtækja og stóriðnaðarfyrirtækja, þangað hefur arðurinn runnið. Þangað hefur runnið arðurinn af stóraukinni þjóðarframleiðslu, sem leitt hefur af afbragðs aflabrögðum og óheyrilegum vinnutíma daglaunamanna.

Einasta vörn verkafólks, sem atvinnurekendur og ríkisvaldið hefur tekið gilda, er, að það lengi vinnutíma sinn, þræli sífellt lengur og lengur við rýrnandi kaupmátt launanna. Jafnvel börnin eru í sívaxandi mæli send út á vinnumarkaðinn. Á þeim vinnustað, þar sem ég vann í sumar og unnið var að jafnaði 10—12 klukkustundir á sólarhring, var það haft í flimtingum, að það væri aðeins á einum vinnustað á Íslandi, sem 8 stunda vinnudagur væri látinn nægja, það væri á Litla-Hrauni. Þeir, sem þar dveldust, gætu nefnilega vitnað til þess, að þeir væru aðeins dæmdir í betrunarhúsvist, en ekki þrælkunarvinnu, það væri allt annar dómur, sem sakamenn á Íslandi væru ekki dæmdir í. Og barnavinnan hefur verið svo hóflaus, að þess eru dæmi, að 10 ára börn hafa verið við vinnu niðri í lest í togara um miðnætti, löngu eftir að þau máttu ekki samkv. lögreglusamþykkt vera utan húss. Sú lögreglusamþykkt var gerð, þegar börnunum var leyft að vera börn, en ekki vinnuafl. Sú lögreglusamþykkt var gerð, þegar viðreisnartímar hvörfluðu ekki að neinum. Þetta er það, sem viðreisnin hefur fært launþegum: Sífellt lægri kaupmáttur tímakaups þrátt fyrir aukna þjóðarframleiðslu vegna góðra aflabragða, sífellt lengri vinnutími og stöðugt aukin barnavinna.

Þegar viðreisnarflokkarnir tóku við stjórninni um áramótin 1958—1959, var kaupmáttur tímakaupsins meiri eftir 14 ára síldarleysi en hann er í dag, eftir að annars vegar hafa komið til afbragðs aflasumur á síldveiðum norðanlands og austan og algerlega nýr þáttur í þjóðarframleiðslunni, þar sem eru hin gífurlegu verðmæti haust- og vetrarsíldveiðanna við Suðurland. Það er hægt að geta sér til, hver kjörin væru í dag, ef síldarleysið hefði haldizt.

Eftir allt þetta: kaupskerðingu 1959 í nafni baráttunnar gegn dýrtíðinni, eftir gengislækkanir og afnám vísitölubóta á laun, líka í nafni baráttunnar gegn verðbólgunni, eftir stórfelld-

ustu verðhækkanir, sem þekkzt hafa hér á landi, eftir að kaupmáttur tímakaups hefur stórlega rýrnað í beztu góðærum, sem þjóðin hefur lifað, eftir meiri kauphækkanir til launahæstu starfsmanna í þjóðfélaginu en nokkru sinni hafa áður þekkzt, eftir að alþýðu manna er fullkomlega ljóst, hve stórkostlega hún var blekkt við kaupskerðinguna 1959 og afnám vísitölubótanna 1960, gerist viðreisnarstjórnin svo djörf að hefja enn við hún það kjörorð, sem hún hefur haft að skálkaskjóli við hverja árás á lífskjör almennings: „baráttuna gegn dýrtíðinni", og krefst þess nú, að hinir lægst launuðu verði sviptir grundvallarréttindum samtaka sinna, samningsréttinum og verkfallsréttinum, til þess að fullkomnað verði það þjóðfélag stéttaskiptingarinnar, sem mestu íhaldsöflin hafa jafnan látið sig dreyma um.

Atvinnurekendur fengu fram kauplækkunina 1959, og atvinnurekendur voru leystir undan aðhaldi vísitölubótanna 1960, og nú á að fullkomna verkið og losa þá undan öllum áhyggjum af kaupkröfum verkafólks og bægja frá þeim því afli, sem í samtökum launþega felst. Eftir að verkafólk var svikið um stöðvun verðbólgunnar, þegar vísitölubæturnar höfðu verið afnumdar 1960, og eftir að ljóst er hverjum manni, að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafa fyrst og fremst verið í þá átt að auka verðbólguna, svo að hún er nú meiri en nokkru sinni hefur áður þekkzt, — hvernig getur þá ríkisstjórnarflokkunum til hugar komið, að það sé til nokkurs að koma nú og ætla að knýja fram með lagasetningu bindingu kaups hinna lægst launuðu, afnám samningsréttar og verkfallsréttar? Það eitt hefur ríkisstj. sér til afsökunar að hafa flutt slíkt frv. sem hér liggur fyrir, að íslenzkur verkalýður hefur, þar til þetta frv. var flutt, um of látið undan árásum hennar á lífskjörin og tekið það of trúanlegt, að ríkisstj. hafi raunverulega áhuga á því að stöðva verðbólguna og ráðstafanir hennar gætu leitt til þess.

Alþfl.-stjórninni var ekki svarað nógu kröftuglega 1959, þegar hún lækkaði kaupið og afhenti atvinnurekendum 600—800 kr. af mánaðarlaunum hvers launþega, og almenningur tók um of gilda þá blekkingu, að þá væri verið að stöðva dýrtíðina. Verkafólk snerist of linlega móti þeirri kjaraskerðingu, sem fólst í gengislækkuninni 1960 og afnámi vísitölubóta af launum, og lét um of ginnast til þess að álíta, að sú ráðstöfun væri gerð til þess að draga úr verðbólgunni. Launþegar á Íslandi létu þó fyrst og fremst um of blekkjast af þvættingi stjórnarflokkanna um viðhorf mála í síðustu alþingiskosningum, — viðhorfum, sem stjórnarflokkarnir keppast nú sjálfir við að lýsa á allt annan veg en í vor og ætla nú að nota sem rök til þess að þrengja enn meir að almenningi en fyrr. Verkalýðurinn hefur til þessa hikað gagnvart þeirri stjórnarstefnu viðreisnarflokkanna, sem frá upphafi hefur miðazt við að tryggja hag einkagróðans og koma á varanlegri stéttaskiptingu í landinu, þar sem alþýða manna, sem framleiðslustörfin vinnur, skuli búa við skömmtuð laun án réttinda til þess að berjast fyrir bættum kjörum. Og vegna þessa hiks halda þeir flokkar, sem að ríkisstj. standa, að óhætt sé að stíga eitt stórt skref í viðbót.

En þeir gæta þess ekki, að í dag er öllum almenningi ljósara en fyrr, hvernig málum er komið og að hverju er stefnt. Gjaldþrot viðreisnarstefnunnar blasir við öllum. Öllu verkafólki er nú ljóst, hversu herfilega það var blekkt með kauplækkuninni 1959, með afnámi vísitölubóta 1960 og með gengislækkununum báðum. Það sér nú betur en áður, til hvers og í hvers þágu þær ráðstafanir voru gerðar, og því er fullkomlega ljóst, að hverju er stefnt með því frv., sem hér liggur fyrir. Það er ekki til neins fyrir ríkisstj. að setja upp sparíandlitið einu sinni enn og segja: Við viljum endilega stöðva verðbólguna, þess vegna leggjum við þetta til. — Viðbrögð verkafólks um land allt síðustu daga sýna, að nú segir íslenzkur verkalýður: Hingað og ekki lengra. — Almenningur tekur ekki lengur mark á hjali ríkisstj. um, að aðgerðir hennar séu gerðar til þess að hindra verðbólgu og stöðva dýrtíð. Ríkisstj. er búin að beita þessum blekkingum of oft, til þess að nokkur taki mark á þeim lengur. Almenningur er búinn að fórna of oft og sjá þær afleiðingar einar, að verðbólgan hefur vaxið hraðar og hraðar og misskipting auðsins farið vaxandi, í hvert skipti sem hinir fátækustu eru látnir fórna. Almenningur gerir sér ljóst, að ráðstafanir ríkisstj. hafa verið til þess eins gerðar, í samræmi við flokksstjórnarsamþykktir Sjálfstfl., að auka hlut hinna ríku á kostnað hinna efnaminni, og í því einu skera þær ráðstafanir sig úr, sem nú er lagt til að gerðar verði, að þær eru stórfelldari og svívirðilegri, þær eru óréttlátari og ómanneskjulegri en áður hefur sézt. Þess vegna heyrist nú frá launþegum um allt land, hvar í flokki sem þeir standa: Nú er nóg komið.

Svona verður landinu ekki stjórnað. Alltaf skyldu hinir fátækustu fórna, til þess að verðbólgan yrði stöðvuð. Og hinir fátæku fórnuðu, en verðbólgan óx aldrei hraðar, og hinir ríku græddu aldrei meir en eftir að hinir fátæku höfðu verið látnir fórna. Það fólk, sem tekið hefur á sig hverjar álögurnar eftir aðrar að undanförnu og hefur ekki getað bætt sér það upp á neinn hátt annan en þann að lengja vinnudaginn til þess að drýgja tekjurnar, það segir nú: Ef einhverjir þurfa að fórna, þá skuluð þið í þetta skipti snúa ykkur til þeirra, sem hafa undanfarin ár hirt það, sem af hinum lægst launuðu hefur verið tekið. — Verkafólk segir einfaldlega við stjórnarvöldin: Þið hafið skert kaup hinna lægst launuðu, þið hafið tekið af þeim vísitölubæturnar, þið hafið velt yfir launþega meiri verðhækkunum en nokkru sinni hafa þekkzt hér, þið hafið veitt hátekjumönnum stórfelldar skattgreiðslum, þið hafið stórlega skert kaupmátt tímakaupsins í mestu góðærum, sem yfir Ísland hafa komið, þið hafið stóraukið neyzluskatta, sem þyngst bitna á stærstu heimilunum, þið hafið hækkað laun þeirra, sem hæst voru launaðir fyrir, en ef þið ætlið nú að klykkja út með því að binda okkar kaup og svipta okkur samnings- og verkfallsrétti, þá

er mælirinn fullur, svo að út af flóir, og ekki seinna vænna, að þið valdhafar verðið látnir skilja það.

Þetta eru viðbrögð almennings í dag, og það er enginn vafi á því, að þegar íslenzk alþýða hefur talað svo sem hún nú hefur gert undanfarna daga, eiga stjórnarvöldin að hlusta og hafa vit á að reyna ekki að knýja fyrirætlun sína fram. Til þess skortir þau það vald, sem til þess þyrfti, og af því hlytist tjón fyrir þjóðina alla. Ef nú er ætlunin að binda kaup hinna lægst launuðu og svipta verkalýðsfélögin samnings- og verkfallsrétti, svo sem lagt er til með þessu frv., þá er það stríðsyfirlýsing ríkisstj. á hendur verkalýðssamtökunum. Og í því stríði, sem þá er fram undan, stendur verkafólk saman án tillits til þess, hvort það hefur kosið stjórnarflokkana eða ekki. Í augum verkafólks er hér ekki um að ræða einfalda flokkapólitík, heldur er um það að ræða að verja sameiginlega og sem einn maður helgustu réttindi alls vinnandi fólks í landinu.

Það er aldeilis furðulegt, að ríkisstj. skuli hafa vanmetið svo íslenzkt verkafólk og verkalýðssamtök, sem þetta frv. ber vitni um. Og það er jafnfurðulegt, að hún skuli ekki gera sér ljóst, að til þess að koma fram þeirri réttindasviptingu og kaupbindingu, sem felst í þessu frv., skortir hana vald. Ríkisstj. skortir sjálfsagt ekki vald til að fá þetta frv. samþ. hér innan veggja Alþingis, en sú handaupprétting kemur fyrir ekki. Til þess að fylgja því fram sem lögum, þarf vald, sem ríkisstj. hefur ekki. Ákvæði þessa frv. eru svo fjarlæg allri réttarvitund og réttlætiskröfum almennings í landinu, sérstaklega þegar hafður er í huga sá bakgrunnur, sem ríkisstj. hefur sjálf gefið því með því að hlaupa til og hækka laun sumra hæst launuðu manna í þjóðfélaginu daginn áður, en loka verkalýðinn úti, að það ætti að vera jafnvel hæstv. ráðh. ljóst, að þau eru óframkvæmanleg.

Hversu heitt sem Vinnuveitendasambandið og Verzlunarráðið óska eftir því, að íslenzk verkalýðssamtök afhendi þegjandi og hljóðalaust þau réttindi, sem barizt hefur verið fyrir frá stofnun þeirra, og hversu ákaft sem þessir aðilar fara fram á það, að verkalýðshreyfingin sætti sig við, að það fólk, sem skapar allan auð í þjóðfélaginu með vinnu sinni, verði með pappírsblaði gert að annars flokks fólki í þjóðfélaginu, með skömmtuð laun og svipt öllum réttindum til að berjast fyrir kjörum sínum, þá gerist slíkt ekki, og þótt ríkisstj. kjósi nú að leggja til úrslitabaráttu til að knýja þetta fram, þá er sú barátta ríkisstj. fyrir fram töpuð. Hvorki þessi ríkisstj. né nokkur önnur getur sigrað í úrslitabaráttu við sameinaðan verkalýð landsins um helgustu réttindi hans. Ríkisstj. gæti eins reynt að fyrirskipa landsmönnum með lagasetningu að anda aðeins einu sinni í viku. Það yrði lítið erfiðara fyrir hæstv. ríkisstj. að tryggja framkvæmd slíkra laga en þeirra, sem hún er nú í skilningsleysi sínu að reyna að fá samþykkt á hv. Alþingi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég held, að ég hefði ekki kvatt mér hljóðs, ef það hefði ekki verið vegna þess, að hæstv. viðskmrh. kom hér fram með kenningu í ræðu sinni í dag, sem ég hef aldrei heyrt áður. En hún var um vísitölu framfærslukostnaðar, hvernig hún væri orðin til og í hvaða tilgangi. Ég skal víkja ofur lítið að öðru áður, en þar á ég við þær kenningar hæstv. ráðh. og ríkisstj. allrar reyndar, að lífskjörin hafi alltaf verið að batna, síðan þessir flokkar tóku höndum saman. Ég held, að það hafi lent miklu meira á hæstv. viðskmrh. að túlka þessa kenningu frammi fyrir þjóðinni en nokkrum öðrum, því að mér hefur heyrzt hann vera með hana við öll möguleg og ómöguleg tækifæri utan þings og innan, hvar sem hann hefur getað komið henni að.

Þetta er reyndar ekkert hégómamál, hvort lífskjörin eru að batna eða þau eru ekki að batna. Það er sannarlega gott að fá sem ýtrastar sannanir fyrir þessu núna, hvort þetta er svona, að lífskjörin hafi verið að batna undanfarin 4—5 ár. Við höfum hingað til litið svo á, að vísitala framfærslukostnaðar væri mælikvarði á lífskjörin. Og það er óneitanlegt, að hún var það, hún hefur verið það fram að 1. marz 1959, því að hvort sem litið er á vísitölu framfærslukostnaðar eða vísitölu verðlags vöru og þjónustu allt þangað til, þá fara þær nokkuð saman. Vísitala framfærslukostnaðar er að vísu ofur lítið lægri, frá 2—3% lægri, aðallega vegna húsnæðisins, en það er ekki meiri munur á þeim, þótt maður reki þetta aftur á bak. En svo verður breyting á 1. marz 1959. Og sú breyting er í fyrsta lagi á þann veg, að vísitala framfærslukostnaðar, sem þá var 202 stig, er látin heita 100. En það var gerð meiri breyting á þessari vísitölu þá. Hún var sú, að inn í útreikning hennar voru teknar fjölskyldubætur, en þær höfðu aldrei verið teknar inn í vísitölu áður, og voru þó fjölskyldubætur greiddar í fjöldamörg ár þar áður. Með þessari breytingu, að taka fjölskyldubæturnar inn, var hægt að hindra hækkun vísitölunnar. En hún fór á stað fyrir það, vísitalan, ekki hratt að vísu, en hækkaði þó. Hún var komin í 105 stig í sept. 1960, en 105 stig var jafnt og 210 stig áður. Hún hafði þá hækkað um 10 stig á þessu tímabili.

Þetta þótti stjórnarvöldunum ekki gott, og þá fann einhver, sennilega hagfróður maður, nýja aðferð við vísitöluna. Hún var sú að taka alla beinu skattana inn í hana líka. Og þetta gerði strik í reikninginn, því að þetta eitt lækkaði vísitöluna um 4 stig, þ. e. gömlu vísitöluna um 8 stig, og þannig var hægt að þræla henni niður í 101 stig aftur. Hún var m. ö. o. rekin aftur á bak. Þetta dugði ekki lengi, vísitalan hélt áfram að hækka þrátt fyrir allar þessar aðgerðir. Menn vita, að hún er núna, eða var 1. október, 144 stig, en það samsvarar því, að gamla vísitalan væri 291 stig.

Menn skyldu nú halda, að þetta væri rétt mynd af hækkun verðlagsins í landinu, mynd af dýrtíðinni. Nei, það er það ekki. Vilji maður sjá mynd af dýrtíðaraukningunni í landinu, þá þýðir ekkert lengur að vera að horfa á vísitölu framfærslukostnaðar. Hún sýnir alls ekki hækkunina, vegna þessarar hagræðingar á henni, sem ég var að nefna. En hvað halda menn þá, að vísitalan

væri núna 1. okt., ef henni hefði aldrei verið breytt, hvorki breytt í 100 og ekki heldur breytt reikningsaðferðinni? Hún væri 331 stig. Það væri sú sambærilega vísitala við vísitölu vöru og þjónustu áður. Ekki bendir þetta til þess, að lífskjörin hafi batnað hvað snertir verðlagið, en svona hefur nú verðlagið hækkað á lífsnauðsynjum manna, þegar ekki er verið að blanda inn í það hlutum, sem aldrei voru hafðir með í útreikningi vísitölunnar áður.

Nú hef ég aldrei heyrt hæstv. viðskmrh. nefna vísitölu fyrir vöru og þjónustu. Ég held helzt, að hann vilji ekki heyra hana nefnda. Aftur á móti hefur hann nefnt vísitölu framfærslukostnaðar, þessi 144 stig, en það er sitt hvað eða 331 stig. Nú hefur hæstv. ráðh. lagt sig mjög fram um það, eins og ég sagði áðan, og alveg eins og hann hafi verið dæmdur til þess af meðráðh. sínum, að túlka það fyrir þjóðinni, hvað lífskjörin hafi batnað. Mér finnst, að einna gleggst hafi þetta komið fram hjá hæstv. ráðh. í grein í Alþýðublaðinu núna fyrir skömmu, eða 19. okt. s. l. Þar talar hann um þetta mjög ýtarlega, hvernig lífskjörin hafi batnað, og segir m. a., að um þetta hafi verið gerð mjög ýtarleg athugun, að hækkun á kauptöxtum verkalýðsins hafi numið 45% frá ársbyrjun 1960, hækkun á kauptöxtum verkalýðsfélaganna að meðaltali síðan í ársbyrjun 1960 hafi numið 45%, en vísitala framfærslukostnaðar sé 144 stig. Þetta á þá að ganga upp, þetta á þá að vera svo að segja jafnt. Þá hafa menn staðizt dýrtíðina, er það ekki? — eða maður á að skilja það svo, fyrst hvort tveggja hækkar um jafnmarga hundraðshluta. En ég hef hér áður sýnt fram á, að það er ekkert að marka þessa vísitölu 144, svo að það er ekki hægt að bera hana saman við hækkun kauptaxta.

En hann segir líka, að kaupið hafi hækkað misjafnlega mikið, og nefnir sem dæmi, að lægsti kauptaxti Dagsbrúnarverkamanna hafi hækkað um 36%, en meðaltalið sé samt 45%. Nú hef ég athugað það, að lægsti kauptaxti Dagsbrúnarverkamanna hefur ekki hækkað minna en aðrir taxtar í Dagsbrúnarsamningum, síður en svo. Það eru sumir taxtarnir aðrir hjá Dagsbrún, sem hafa hækkað minna. Þó að þetta sé lægsti kauptaxtinn, þá hefur hækkunin ekkert verið minni á honum heldur en öðrum. En hvernig hæstv. ráðherra fær út þessi 45% að meðaltali, það hef ég ekki minnstu hugmynd um. Ég get ekki fengið það út. Ég er hræddur um, að hann taki eitthvað af opinberum starfsmönnum þar inn í, því að það er ekki hægt að fá þetta út úr Dagsbrúnartöxtunum. (**Menntmrh.**: Þetta eru allir launþegar Alþýðusambandsins, allir taxtar Alþýðusambandsins.) Nú, í öllum félögum? (**Menntmrh.**: Auðvitað.) Og kvenfólkið líka. Já, það voru nefnilega fyrir þremur árum afgreidd lög hér á Alþingi um launajöfnun milli karla og kvenna, og þar hefur hæstv. ráðh. fengið hækkun, sem hann gat notað þarna. Samkv. þeim lögum eiga konur að fá sama kaup og karlmenn fyrir sömu vinnu, í áföngum. Þó að engin dýrtíðarauking hefði orðið, þó að engin aukning þjóðartekna hefði orðið, þó að vísitala framfærslukostnaðar hefði ekki hækkað, þá fengju konurnar þetta, því að það stendur ekki í sambandi við neina dýrtíð, neinar kaupkröfur né neitt annað. En það er hægt að nota þetta til þess að fá hærra meðaltal, þegar verið er að reikna út kauptaxta í Alþýðublaðinu.

Ég hef þá í fáum orðum greint frá því, að vísitala framfærslukostnaðar er ónothæfur mælikvarði á dýrtíðaraukninguna, ef maður ætlar að bera hana saman við þá vísitölu, sem var fyrir 1959. Hún getur sýnt aukninguna, með sköttunum og fjölskyldubótunum, síðan 1. marz 1959, en hún getur ekkert sýnt, ef á að bera saman við það, sem áður var. Eins og ég sagði, er eini nothæfi mælikvarðinn á dýrtíðina vísitala vöru og þjónustu. Ég hef fyrir framan mig yfirlit yfir hækkun á vísitölu neyzluvöruverðlags, þ. e. vöru og þjónustu, undanfarin 7 ár, þ. e. a. s. 1. okt. hvert ár um sig. Þá er vísitalan 1. okt 1956 táknuð með 100, og útkoman er sú, að þessi hækkun á neyzluvöruverðinu á þessum 7 árum er 80%, eða nákvæmlega 79.9%. Af þessari 80% hækkun á neyzluvöruverðinu koma 10½% á fyrstu 3 árin, þ. e. frá 1. okt. 1956 til 1. okt 1959. Það eru aðeins 10½% af hækkuninni, sem koma á þau þrjú ár. En hin 4 árin, frá 1. okt. 1959 til 1. okt. 1963, koma 69½%. Ekki bendir þetta til batnandi lífskjara. Allt eru þetta tölur, sem ekki er hægt að rengja og mér dettur ekki í hug, að hæstv. ráðh. fari að rengja, enda hefur hann þær sennilega allar hjá sér.

En það er ekki nóg að vita aðeins hækkun neyzluvöruverðsins, menn verða þá líka að vita hækkun kaupgjaldsins til þess að vita, hvernig fólk hefur getað mætt vaxandi dýrtíð. Ég hef fyrir framan mig tölur um hækkun á kaupi Dagsbrúnarmanns í 1. vinnuflokki, þ. e. í almennri verkamannavinnu, og það skiptir í raun og veru litlu máli, hvaða flokk maður tekur úr Dagsbrúnartaxta, hækkunin er svipuð, sumir eru fyrir ofan, aðrir fyrir neðan meðaltalið. Hækkunin á kaupgjaldinu þessi sömu 7 ár er 53%, þegar neyzluvöruverðlagið hækkar um 80%. Eru þetta ekki nokkurn veginn nægar sannanir fyrir því, að lífskjörin hafi versnað, þegar ég hef bent hér á tölur yfir 7 ára hækkun, annars vegar verðlagsins, hins vegar kauphækkanir verkamanns?

Ég skal koma með þriðja plaggið. Það er kaupmáttur launanna hjá verkamönnum. Og það er ekki reiknað eftir mig, það er reiknað eftir Efnahagsstofnunina. Sú tafla er aðeins frá 1958, frá 1. jan. það ár. Mesti kaupmáttur launa 1958 er í des. 104 stig, og er þá miðað við 100 1945, en minnstur er hann 95 á þessu ári. Árið 1959 er mesti kaupmátturinn 109, minnsti 97. En svo fer það að lasna, því að þá er viðreisnin byrjuð. 1960 er mesti kaupmátturinn 99, en minnsti 85. 1961 er mesti kaupmátturinn 92 og minnsti 83. 1962 er mesti kaupmátturinn 89 og minnstur 82, og það hefur hann orðið lægstur frá því í ársbyrjun 1958. Það var í maí 1962, apríl og maí, að kaupmátturinn fór niður í 82. Og loks kemur yfirstandandi ár. Mesti kaupmáttur á þessu ári er 90, en minnstur 82, eins og árið áður, þegar verst var. Hvað á maður nú að nefna fleira til að sanna það, að lífskjörin hafa versnað og það stórkostlega?

Þá kom hér fram ný kenning hjá hæstv. ráðh. í dag, sem mér væri ákaflega mikil þökk á, ef hann gæti gefið mér betri skýringu á, það er nóg, að hann geri það í fáum orðum, af því að það er orðið svo framorðið, en ég hef aldrei heyrt kenninguna fyrr. Og ef ég hef ekki misheyrt, sem ég held ekki, það er svo stutt á milli okkar, þá var efnislega það, sem hann sagði í ræðu sinni í dag, á þessa leið: Það er blekking, að útgjöld vísitölufjölskyldu í útreikningi hagstofunnar á vísitölu framfærslukostnaðar hafi nokkurn tíma átt að sýna raunveruleg útgjöld vísitölufjölskyldunnar. Það er blekking. Það hefur útreikningurinn aldrei átt að sýna.

En hvað halda menn að vísitalan hafi átt að sýna, eftir því sem hæstv. ráðh. segir? Hún hefur átt að sýna, hvernig tekjur verkamanna skiptast á einstaka útgjaldaliði fjölskyldunnar. Ef ég hef misheyrt, þá vona ég, að hæstv. ráðh. leiðrétti þetta. Ég gat ekki heyrt þetta betur en svona hjá honum í dag, vísitala framfærslukostnaðar hafi aldrei átt að vera neinn mælikvarði á það, hvað fjölskyldan þyrfti að greiða, hvað þeir kostuðu mikið hjá fjölskyldunni allir útgjaldaliðirnir, heldur aðeins átt að sýna, hvernig ákveðin tekjuupphæð skiptist á milli hinna einstöku liða, þ. e. a. s. hvað mikið þarf fyrir mjólk, hvað mikið fyrir brauð, hvað mikið í fatnað o. s. frv. af einhverri tölu, sem hagstofan hugsar sér fyrir fram. Mér þykir hagstofan vera nákvæm, þegar hún er að hugsa sér þessar tölur, þessar tekjur verkamanna, og fer svo að skipta þeim, þegar hún er að hugsa sér tölur upp á nokkra aura. Ég hef það hérna. 1. okt. eru útgjöldin hjá þessari vísitölufjölskyldu, sem eru 4.24 menn, 95 496.85 kr. þá hefur hagstofan hugsað sér, að einhver verkamaður kynni nú að hafa þetta í laun yfir árið, upp á 85 aura. Já, það er trúleg saga, þetta.

En þetta eru talsvert miklar fréttir samt. Þetta eru óneitanlega miklar fréttir, að vísitala framfærslukostnaðar hafi aldrei átt að sýna, hvað þær kosta fyrir fjölskylduna, lífsnauðsynjarnar. Ég held, að þetta sé hrein fjarstæða út í loftið hjá hæstv. ráðh. Ég veit ekki, af hverju hann segir þetta eða hvaðan hann getur haft þetta. En nú hef ég hér fyrir framan mig Hagtíðindi í apríl 1959, þar sem er gerð grein fyrir því, hvernig vísitala framfærslukostnaðar verður til, og er þar gerð grein fyrir því, hvernig það var 1939 og svo síðar. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í gengisskráningarl. nr. 10 4. apríl 1939 og síðar í l. nr. 2 1940 voru ákvæði um, að skipuð skyldi þriggja manna nefnd„ kauplagsnefnd, er hefði það hlutverk að gera yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík að fengnum till. hagstofunnar. Á vegum þessara aðila voru 50 launþegar fengnir til að halda búreikninga eitt ár, frá júlíbyrjun 1939 til júníloka 1940. Af hinum 50 heimilisfeðrum, sem hér var um að ræða, skiluðu 40 nothæfum búreikningum, sem urðu grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík."

Svona er vísitala framfærslukostnaðar orðin til. Hún er byggð á búreikningum. Hún er byggð á raunverulegum útgjöldum fjölskyldumanna hér í Reykjavík og rannsakað af ákveðinni nefnd. Síðan segir einnig í þessu sama hefti Hagtíðinda, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1952 lagði kauplagsnefnd það til við ríkisstj., að hafin yrði rannsókn á neyzluvali almennings til undirbúnings því, að tekinn yrði upp nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar, þegar það yrði ákveðið af Alþingi og ríkisstj. Samþykkti ríkisstj. þessa till. kauplagsnefndar og lagði fram fé til rannsóknarinnar. Fór hún fram á árunum 1953 og 1954. Það tók langan tíma að vinna úr frumgögnum rannsóknarinnar og gera ýmsar sérstakar athuganir, sem með þurfti. En þessum störfum var að mestu lokið á árinu 1956, og lá þá fyrir nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar, sem nú hefur verið látinn koma til framkvæmda. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir honum og þeirri neyzlurannsókn, sem á er byggt. Hinn nýi grundvöllur er í meginatriðum byggður á búreikningum launþegafjölskyldna, sem haldnir voru á árunum 1953 og 1954. Þessar fjölskyldur voru þannig fundnar, að valdir voru af handahófi 300 framteljendur í Reykjavík, er svo var ástatt um, er nú skal greina: Voru kvæntir og höfðu a. m. k. eitt barn á framfæri sínu, voru verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn, skrifstofumenn eða verzlunarmenn samkv. uppgjöf skattframtals, höfðu verið búsettir eitt ár eða lengur í Reykjavík, höfðu ekki haft óvenjulega háar eða lágar tekjur miðað við algengar tekjur manna í sömu stétt. Þessum 300 mönnum var skrifað og þeir beðnir að taka þátt í neyzlurannsókninni. Eins og vænta mátti, sinntu ekki nærri allir tilmælum kauplagsnefndar og aðrir hurfu frá þegar í byrjun, vegna þess að þeir uppfylltu ekki við nánari athugun þau skilyrði, sem við var miðað, og sumir, sem uppfylltu skilyrðin, heltust úr lestinni af ýmsum ástæðum. Hafði verið gert ráð fyrir þessu í upphafi, er talan 300 var ákveðin. Lokaniðurstaðan varð sú, að frá 80 fjölskyldum fengust nothæfar skýrslur um ársútgjöld þeirra."

Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er framfærsluvísitalan þannig til komin, að það sé miðað við tekjur einhverra verkamanna og hún eigi aðeins að sýna skiptingu milli hinna einstöku útgjaldaliða fjölskyldunnar?

Eins og ég sagði áðan, hefur hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. yfirleitt notfært sér vísitölu framfærslukostnaðar, ef þeir á annað borð hafa talið sig þurfa að nefna nokkrar vísitölur, en forðazt að nefna vísitölu vöru og þjónustu, og er það mjög skiljanlegt, hvers vegna þeir gera það. En þar sem þeir vilja nota vísitölu framfærslukostnaðar, þá vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Sér hann ekkert athugavert við kostnaðinn af húsnæðinu, sem reiknaður er í vísitölunni? Hefur hann nokkuð við hann að athuga? Finnst honum hann eðlilegur og sýna rétta mynd af því, sem hann á að sýna? Eru þessar 920 kr. á mánuði nákvæm spegilmynd af kostnaði fjölskyldunnar núna, eins og verðlagið er?

Nú eru birtar vísitölur byggingarkostnaðar, eins og menn vita, þrisvar sinnum á ári, og hefur verið gert í langa tíð. Vísitala byggingarkostnaður fyrir hvern rúmmetra í húsi er núna, eða var í júní í sumar, um 1706 kr. Hún

mun vera að koma þessa dagana, vísitala byggingarkostnaðar í október. Ég hef fengið þær upplýsingar frá Efnahagsstofnuninni, að meðalstærð íbúða á öllu landinu, sem byggðar voru á s. l. ári, hafi verið 375 rúmmetrar. Eftir þessu að dæma hefur meðalíbúðin þá kostað 640 þús. kr. Hvað ætli kosti að búa í þessari 640 þús. kr. íbúð? Ég vil helzt ekkert fara út í að reikna það. Ef ég fer að reikna það, er ég undireins kominn upp í 50 þús. kr. á ári. En við skulum nú segja, að menn ætlist ekki til, að allur almenningur búi í meðalhúsi, hafi eitthvað þrengra um sig. Og ég er þeirrar skoðunar, að það sé of mikið lagt í íbúðir, að það skuli vera 375 rúmmetra meðalstærð íbúða. Mér finnst það vera hálfgerð sóun. En þó að við lækkum þetta, t. d. um fimmta part, förum niður í 300 rúmmetra, og varla getum við ætlazt til, að fólk búi þrengra en það, þ. e. a. s. í 75 rúmmetrum minna húsnæði en meðalíbúð er, þá kostar íbúðin samt um 512 þús. kr., og þau verða varla undir 40 þús., árlegu útgjöldin af henni. Hvað á að fara langt niður með íbúðastærðina til að komast að einhverri viðunandi tölu, sem bæta þarf við útgjöld vísitölufjölskyldunnar frá því, sem hagstofan reiknar þau? Er það fjarri sanni að segja, að útgjöldin séu a. m. k. 2500 kr. á mánuði, eða 30 þús. kr. yfir árið? Það er rúmur helmingurinn af því, sem meðalíbúðin kostar áreiðanlega í rekstri, með því þó að reikna enga vexti af eigin framlagi og að það sé um 200 þús. kr. Ég ætla ekki að setja húsnæðiskostnaðinn hærri en þetta. En ef það kostar 2500 á mánuði að búa í svona íbúð, eða 30 þús. kr. á ári, þá verðum við að bæta 19 þús. kr. við þessi 95500 kr. útgjöld, sem hagstofan telur að vísitölufjölskyldan þurfi að greiða, og þannig eru þau komin í 114500 kr. yfir árið. Þetta verða óhjákvæmileg gjöld manns, sem vill búa í viðunandi húsnæði, en þó litlu og þröngu.

Það er þetta tvennt, sem mér þætti vænt um að heyra, ef hæstv. ráðh. hefði tíma til þess. Það er annars vegar um vísitöluna, að hún hafi aldrei átt að sýna það, sem mér skilst, að hún hafi verið að sýna og átt að sýna. Hitt er það, að heyra frá honum, hvort hann telur það hæfilegt að reikna fjölskyldunni 920 kr. á mánuði í húsnæðiskostnað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, vegna þess að tveimur fsp. var til mín beint. Ég skal reyna að haga svari mínu þannig, að það gefi ekki hv. fyrirspyrjanda né heldur neinum öðrum tilefni til að lengja þessar umr., úr því sem orðið er, enda nú orðið áliðið nætur.

Ég verð að segja það, gera þá játningu, að frá því að ég kynntist hv. 3. þm. Vestf., hefur mér persónulega alltaf verið hlýtt til hans, eiginlega sérstaklega hlýtt til hans, ekki hvað síst vegna þess, að okkar kunningsskapur á rót sína að rekja til þess, er við tveir ásamt fyrrv. formanni Framsfl., Hermanni Jónassyni, lögðum land undir fót sumarið 1956 og lögðum okkur alla fram, allir þrír sameiginlega, um það að tryggja honum kosningu til Alþingis á því sumri. (SE: Ja, nú fer ég að tala aftur.) Og það tókst að tryggja hv. þm. kosningu. Ég var lengi vel mjög stoltur af þeim þætti, sem ég átti í því að tryggja hv. 3. þm. Vestf. sæti á Alþingi, og hef satt að segja ekki fyrr séð neina ástæðu til að sjá eftir því, fyrr en ég heyrði ræðu hans hér áðan og sá, að hún bar vitni um minni skilning á ýmsum grundvallaratriðum í efnahagsmálum en ég hefði vænzt af manni, sem er búinn að eiga sæti á Alþingi í 7 ár, og ég vil einkum og sér í lagi segja: en ég hefði búizt við eftir þeim ágætu kynnum, sem ég hafði af okkar hörðu, sameiginlegu kosningabaráttu sumarið 1956, því að það verð ég að segja, að þar stóð hv. þm. sig sérstaklega vel á hverjum kosningafundinum á fætur öðrum, var hinn vígfimasti og gunnreifasti, og mér fannst hann þar yfirleitt bera mikið sigurorð af sínum andstæðingum í í þeirri kosningabaráttu. (Gripið fram í: Var ekkert talað um vísitöluna?) Sem betur fer okkar sameiginlega málstað var ekkert talað um vísitöluna þá. Ég er hræddur um, að ég hefði ekki komið jafnstoltur úr þessum kosningaleiðangri, ef vísitöluna hefði borið á góma, eftir því sem ég nú hef orðið vísari. En sleppum nú þessu öllu saman. Þó að ég hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum af túlkun hv. þm. og lýsingu hans á skilningi sínum á því, hvernig vísitalan er til komin, og skilningi sínum á því, hvernig beri að meta raunverulegar kjarabætur launþegastétta, þá stendur sú skoðun mín á honum alveg óbreytt, sem ég fékk í þessum kosningaleiðangri, að hann er orðhagur maður, sérstaklega á bundið mál, skemmtilegur ræðumaður, og ég held, að hann ætti frekar að halda sér á pólitíska sviðinu en ræða jafnþurr og leiðinleg efnahagsmál og vísitölumál og kjarabætur launþega líklega eru, a. m. k. áreiðanlega í hans augum. — Svo örfáar setningar til svars þeim fsp., sem hann beindi til mín.

Hann spurði: Skildi ég viðskmrh. rétt, að hann hefði haldið því fram, að vísitalan, eins og hún hefði verið reiknuð alveg síðan hér var farið að reikna út vísitölu, eigi ekki að sýna, hvað launþegar þurfi til þess að standa straum af sínum framfærslukostnaði? — Það er alveg rétt hjá hv. þm. Það var og er skoðun mín, að þetta eigi vísitala framfærslukostnaðar ekki að sýna og hafi aldrei átt að sýna. Sú vísitala, sem nú er reiknuð út mánaðarlega, var fyrst reiknuð út í ársbyrjun 1960. Þá var grundvöllur vísitölunnar 66 182 kr. Þessar 66 182 kr. voru meðaltekjur þeirra manna, sem fengnir höfðu verið til að halda búreikninga, og vísitölugrundvöllurinn sýnir, hvernig þessar 66 182 kr. tekjur skiptast samkv. nákvæmum búreikningum milli hinna einstöku útgjaldaliða þessara fjölskyldna að meðaltali. M. ö. o.: þessar 66 182 kr. eru hlutfallsleg skipting á útgjöldum, sem eru sama og tekjur þessara fjölskyldna, sem fengnar voru til þess að halda búreikningana, tekjuskiptingin samkv. búreikningum. M. ö. o.: hér er um að ræða, eins og ég sagði í dag og hef áreiðanlega sagt oftar, hlutfallslega skiptingu á ákveðnum tekjum, sem ákveðinn fjöldi fjölskyldna hefur haft á ákveðnu ári, sem við er miðað.

1. okt. s. l. nam þessi útgjaldaupphæð, kostuðu þessar sömu vörur og þessi sama þjónusta, ef allt er tekið með, 95 496 kr. M. ö. o.: nákvæmlega sömu vörurnar og sama þjónustan, þegar tekið til tillit til alls, sem kostaði 66 182 kr. 1. jan. 1960, kostuðu 1. okt. s. l. 95 496 kr. Í hvorugri tölunni er fólgið nokkurt mat hagstofunnar eða nokkurs annars aðila á því, að nein ákveðin fjölskylda þurfi nákvæmlega þetta sér til lífsviðurværis. Þannig hefur talan aldrei verið hugsuð. Annars staðar í heiminum eru til slíkar vísitölur, þar sem útgjöld fjölskyldunnar eru búin til, reiknuð, þar sem gerð er tilraun til að meta, hvað menn þurfi sér til lífsviðurværis. Mjög víða um lönd eru slíkar vísitölur til. En það hefur aldrei verið gerð tilraun til þess að semja neina slíka vísitölu hér á landi. Þegar slíkar vísitölur eru reiknaðar út, er tekið tillit til neyzluvenjubreytinga, sem verða frá ári til árs eða á hverju 3—5 ára tímabili, vegna þess að miklar breytingar verða á neyzluvenjum manna, og þess vegna telja sumir hagfróðir menn slíkar vísitölur, eins og hv. þm. gerði að umtalsefni, að mörgu leyti réttari og æskilegri til viðmiðunar heldur en þá tegund vísitölu, sem við höfum hér, þar sem ekkert tillit er tekið til þeirra breytinga, sem verða á neyzluvenjum, og þar sem ekkert tillit er tekið til þeirra hlutfallslegu breytinga, sem verða á útgjöldum fjölskyldnanna frá ári til árs, eða á 5 eða 10 ára tímabili. Einmitt þetta veldur því, að núv. vísitala er án efa orðin eitthvað röng á því tímabili, sem hún hefur verið í notkun, einmitt vegna þess að tekjur manna hafa breytzt mjög mikið og í kjölfar þess hafa neyzluvenjur manna breytzt. Þetta eru höfuðrökin fyrir því, að vísitalan er áreiðanlega ekki eins réttur mælikvarði á raunverulegar verðlagsbreytingar og þess vegna ekki eins réttur mælikvarði til notkunar við mat á raunverulegum tekjum og æskilegt væri.

Í sambandi við þetta stendur einnig það, sem hv. þm. sagði og beindi fsp. til mín um, hvernig háttað væri vísitöluliðum í vísitölunni. Það er auðvitað alveg rétt, að ef menn leggja þann mælikvarða, sem hann vill leggja á vísitöluna, þá er það auðvitað fjarri öllu lagi að reikna húsnæðiskostnaðinn 900 kr. á mánuði í vísitölunni. En einmitt að því er þennan vísitölulið snertir kemur greinilega fram þýðing þess, að vísitalan er ekki og á ekki að sýna, hver útgjöld eru nauðsynleg til framfærslu þeirrar fjölskyldu, sem í hlut á, heldur sýnir hún hlutfallslegu breytinguna, sem verður á kostnaði hvers einstaks liðar í vísitölugrundvellinum. Þess vegna skiptir ekki höfuðmáli, hvort húsaleigan er nú metin á 900 kr., 1000 kr. eða 2000 kr. Það, sem skiptir máli í sambandi við mat á því, hvort vísitalan er rétt eða röng, er það, hver hefur orðið hlutfallslega breytingin á húsaleiguliðnum í framfærsluvísitölunni frá 1960 til dagsins í dag. Þess vegna er það villandi að gera vísitöluna stöðugt tortryggilega á þeim grundvelli, að húsaleiguliðurinn í henni sé í beinum tölum of lágur. Það skiptir ekki höfuðmáli í sambandi við það, hvort vísitalan er rétt eða hvort hún er röng. Hitt skiptir meginmáli, hver breyting hefur orðið á tölunni, sem gilti 1. jan. 1960, og þeim tölum, sem gilda 1. okt. 1963, nú í ár. Ég hef því miður ekki vísitölugrundvöllinn hér hjá mér bæði árin, svo að ég get ekki nefnt þessar tölur, en ég vona, að allir hv. þm., að meðtöldum hv. 3. þm. Vestf., hafi gert sér ljóst, að þetta er mergurinn málsins, en ekki hitt, sem hann og svo margir aðrir hafa áður vitnað til í þessu sambandi.

Svo er hin fsp., sem hann beindi til mín, hvernig ég gæti fengið það út, sem ég hafi sagt í tíma og ótíma, að lífskjör launastétta á undanförnum árum hefðu verið að breytast til batnaðar, þegar ég hefði sjálfur sagt frá því nú síðast í grein í Alþýðublaðinu, að því er hann sagði, að kauptaxtar, — hann virtist hafa skilið það þannig, að það væru kauptaxtar Dagsbrúnarmanna að meðaltali, það, sem ég sagði, var auðvitað, að kauptaxtar verkalýðsfélagannna yfirleitt hefðu hækkað um 45% síðan í ársbyrjun 1960, en vísitalan 1. okt. hefði verið 44% hærri en hún hafði verið í ársbyrjun 1960. Þetta hafði ég sagt í grein í Alþýðublaðinu og hef sagt við ýmis tækifæri önnur til þess að undirstrika, að sú hækkun, sem launþegar hafa fengið með taxtahækkun, hefur étizt upp af verðlagshækkununum á sama tímabili. Þetta eru ómótmælanlegar tölulegar staðreyndir. Þessar tölur hef ég ekki reiknað út, heldur liggja þær fyrir í opinberum skýrslum.

Hvernig stendur þá á því, að ég hef leyft mér að staðhæfa, að þrátt fyrir þetta hafi lífskjör launþega batnað síðan í ársbyrjun 1960? Ef hv. þm. hefði lesið svolitið meira í greininni, sem var ekki nema sem svarar tveimur dálkum í Alþýðublaðinu, stendur það, sem ég hef sagt við ýmis tækifæri önnur, að auðvitað eru breytingar á kauptöxtum enginn mælikvarði á tekjur manna, hvorki á peningatekjur manna né heldur á raunverulegar tekjur manna, og hélt ég satt að segja, að óþarfi væri að beina til manns sérstakri fsp. varðandi þetta atriði. Það stendur í greininni, 5 eða 6 línum neðar en tölur þær, sem vitnað er til, að athugun hefði leitt í ljós, að árstekjur verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna samkv. eigin skattaframtölum þessara stétta mundu samkv. gildandi töxtum í ár vera um 65% hærri á árinu 1963 heldur en þær voru á árinu 1959, m. ö. o. peningatekjurnar hafa vaxið mun meira en taxtarnir, og þetta er staðreynd, sem ég hélt að öllum hv. þm. og öllum almenningi í landinu væri yfirleitt alveg fullljós og fullkunn. Það er vegna þessa, að árstekjurnar hafa vaxið um 65% á því sama tímabili, sem taxtarnir hafa ekki hækkað nema um 44%, sem ég hef leyft mér að staðhæfa, að lífskjör þessara launastétta: verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, hafi batnað mjög verulega á undanförnum 4 árum.

Í þessu vona ég að megi teljast svar við fsp. hv. þm. og að hann þurfi ekki að tortryggja þessar tölur, vegna þess að það á ekki að vera tortryggnisatriði í hans augum, að

ég hafi reiknað þessar tölur út, þær liggja allar saman fyrir í opinberum skýrslum og ég hef engan hlut átt að þeim útreikningi, sem þar er um að ræða, heldur er hann gerður af öðrum, sérfróðum mönnum. Það, sem ég hef gert, er það eitt að skýra frá þessum niðurstöðum. Það hef ég gert með því að fara rétt með þær tölur, *sem opinberlega liggja* fyrir, og það vona ég að verði ekki talin goðgá.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þó að ég ræddi nokkuð um þetta mál við 1. umr. og liti á það frá ýmsum hliðum, þá taldi ég rétt að segja okkur orð einnig við þessa umr. og þá ekki sízt vegna þess, að þegar ég hafði lokið máli mínu við 1. umr., komu hér — ég held tveir hæstv. ráðh. í ræðustól og gerðu það mál, sem ég hafði flutt, nokkuð að umtalsefni. Það var fyrst og fremst hæstv. dómsmrh., sem tók til máls og gerði mína ræðu að umræðuefni, og skal ég nú víkja nokkuð að hans máli.

Ég tók eftir því og þótti það dálítið merkilegt af þeim harða málafærslumanni sem hann er, að hann forðaðist eins og heitan eld að víkja að efni þess frv., sem hér er til umræðu. Það vildi hann forðast. Hann var ekkert að því að nefna efnisatriði eins og samningabann verkalýðsfélaga til kauphækkana, bann við verkföllum verkalýðsfélaganna. M. ö. o.: honum fannst ekki taka því að gera að umtalsefni það meginefni frv., að það væri verið að ráðast á félagafrelsið í landinu, sem hann á að hafa gæzlu og vörzlu um að varðveita sem dómsmrh. öllum öðrum fremur, ásamt þá félmrh., sem hefur verið ákaflega þögull við þessar umr. En það var annað, sem hæstv. dómsmrh. hafði orð á, og það var, að ég hefði á sínum tíma verið í ráðherrastóli og þá sett lög, sem hefðu verið alveg sama eðlis og þetta frv., sem hér lægi fyrir og ætlunin væri að lögfesta. Og þá var hann kominn á það strákskaparsvið í sínum málflutningi, sem hvorki hæfði honum sem dómsmrh. né sem lögfræðingi, að ætla að verja þessa lagasmíð hér, þessi óþurftarlög, sem við erum hér að ræða um, með því að segja: Þú ert ekkert betri, þú hefur gert það sama, þú hefur flutt sams konar frv. til laga. — Þetta er vitanlega enginn málflutningur. Þó að hann hefði getað fundið einhvern jafnargan sér, þá var það engin bót fyrir hann. Og það á líka sízt að verða skjól fyrir þessa hæstv. ríkisstj., þó að hún gæti vitnað til þess, að önnur eins ólög hefðu einhvern tíma verið samin á Alþingi eins og þau, sem þeir eru núna að reyna að þvæla í gegnum Alþingi Íslendinga.

Hann nefndi heiti þeirra laga, sem ég gaf út 1956, en það var það einkennilega, að hæstv. ráðh. lét ekki svo lítið til þess að sanna sitt mál, að hér væri um sams konar löggjöf að ræða, að lesa eitt einasta orð eða staf úr þeirri löggjöf, það forðaðist hann. Af hverju? Af því að hann hefði ekki getað sannað mál sitt um, að hér væri um svipaða eða sams konar löggjöf að ræða. Ef hann hefði vikið eitthvað að efni þeirra laga, hefði komizt upp um strákinn Tuma, að hann var ekki að fara með sannleikann. Hins vegar greip hann ofan í ræðu mína, framsöguræðu mína, þegar ég flutti þessi lög fyrir Alþingi, og vildi þar með gefa í skyn, að hér væri um sams konar löggjöf að ræða. En öllu skýrara hefði það nú verið, ef hann hefði vitnað í lögin sjálf.

Um hvað eru þessi umræddu lög frá 1956, sem ég setti sem félmrh., og eru þau sams konar lög og það frv., sem hér er til umr.? Ég skal nú fyrst víkja að því, hvers vegna þessi lög voru sett og hvaða skynsemisrök lágu til þess. Öll verðlagsmál voru á ferð og flugi, voru eins og á færibandi upp á við, þegar ríkisstj. Ólafs Thors gafst upp á miðju sumri 1956 og hafði þá, eins og stundum áður, misst einmitt verðlags- og efnahagsmálin úr böndunum. (**Forsrh.:** Það var nú eitthvað annað en vinstri stjórnin gerði, var það ekki?) Það var annað en vinstri stjórnin gerði, a. m. k. á því stigi, því að þá hafði vinstri stjórnin ekki setið neitt, var ekki tekin við. En hún tók við *af strandkapteininum*, hæstv. núv. forsrh., Ólafi Thors, í það skipti, og eitt af því fyrsta, sem hún gerði, var að setja þessi lög. Og við settum þau af því, að okkur fannst ekki hyggileg vinnubrögð að hafa öll verðlagsmálin á ferð og flugi, meðan við værum að kynna okkur ástandið og hugleiða, hvaða úrræðum skyldi beitt. Það væri betra að fá þarna kyrrð og stöðvun á, meðan við værum að finna ný úrræði.

Þá var vísitölukerfið í gangi, þá var það í gildi. Bændur áttu þá um haustið 1956 að fá hækkun á afurðaverði vegna kaupbreytinga, sem orðið höfðu á liðnu ári, frá haustinu áður, og síðan áttu verkamenn í ársfjórðungslok að fá kauphækkun samkv. vísitölu sem afleiðingu af þessari afurðaverðshækkun bændanna. Það var hægt að gera bændur skaðlausa af þeirri greiðslu, sem þeir áttu að fá sem umbun hækkaðs afurðaverðs, með því að greiða niður með fjárframlögum úr ríkissjóði þá hækkun á verði einstakra landbúnaðarvara, sem leiddi af nýjum grundvelli haustið 1956, þannig að smásöluverð þessara vara héldist óbreytt frá því, sem var 1. ágúst 1956. Ef bændurnir voru þannig gerðir skaðlausir af þeim hlut, sem þeir áttu heimtingu á, þá var spurningin: Vill verkalýðshreyfingin sætta sig við það að fá þá ekki þá kauphækkun, sem átti að koma fram í vísitöluhækkun um haustið, ef verðlagið á landbúnaðarvörum hefði ekki verið niðurgreitt? Þetta var borið undir verkalýðsfélögin almennt. Og þau svöruðu því undantekningarlaust, að þau hefðu *aldrei fengið meiri bætur með vísitöluuppbótum* heldur en dýrtíðarauknin gunni hefði numið og alltaf hefði að þeirra áliti heldur vantað eitthvað á, að vísitöluuppbæturnar skiluðu því fulla verðmæti, sem þurfti að standast í aukinni dýrtíð. Þeir töldu sig því ekki verða fyrir skaða eða tjóni, þó að orsökin væri numin burt og þeir fengju ekki vísitölubæturnar á eftir, því að það gæfi aldrei fullt. Og þá var það m. a., sem ég fékk það frá einum góðum og gildum Alþfl.-manni, sem stjórnaði stóru og myndarlegu verkalýðsfélagi:

Við viljum ekki aðeins una því, að þetta sé gert, heldur ætlumst við til þess af þér. — Það var svo gert, að bændunum voru bætt þau visitölustig, sem þeir áttu að fá í hækkuðu afurðaverði, með greiðslu úr ríkissjóði, og verkamennirnir fengu ekki þá hækkun á kaupi, sem afurðaverðshækkunin hefði annars leitt til.

Þeir menn, sem halda því fram, — og það hefur því miður hæstv. forsrh. gert, og það gerði frsm. meiri hl. fjhn. hér í dag, — og fullyrða, að ég hefði með þessum lögum lækkað kaup verkamanna, þeir hafa, þessir mætu menn báðir, því miður, farið með ósannindi, og þykir mér leitt að segja það um hinn hærum krýnda forsrh., kominn á grafarbakkann næstum því. En þetta hefur hent hann. Það verður hvergi fundið orð eða stafur fyrir því, að l. frá 1956 séu um neina kauplækkun. Það hefur hæstv. forsrh. missagt, og það hefur hv. 6. landsk., Davíð Ólafsson, einnig missagt, annaðhvort af því, að þeir hirtu ekki um að segja satt, eða af því, að þeir vissu ekki betur og fóru þannig með rangt mál óafvitandi. En fyrir því mættu þeir gjarnan gera grein, hvort heldur var, hvort þeir fóru þarna með sannleikann á svona léttúðugan hátt, af því að þeir kærðu sig ekki um að hafa það nákvæmara, eins og maðurinn sagði, eða hvort þeir vissu ekki betur.

Þá kemur að hinu, hvort nokkuð öðruvísi hafi verið búið um hnútana í l. frá 1956, að því er snerti það atriði að fyrirbyggja möguleika til verðhækkana, meðan á þessu stöðvunartímabili stæði, eða hvort það muni vera betur um það búið nú að fyrirbyggja verðhækkanir í þessu frv. Í þessu frv., sem við erum að ræða hér, er leyfilegt að hækka verð á vörum. Ef tilkostnaður frá liðnum tíma fram að þessu gefur tilefni til þess, aukinn tilkostnaður, erlendur eða innlendur, hækkað verð á erlendum markaði eða innlendir kostnaðarliðir hafa hækkað, þá má hækka verðið og það mun hækka. Það einasta, sem sagt er í frv. — og þykir mér ekki mikið — til þess að stöðva verðlag, er, að það megi ekki hækka álagningu í hundraðshlutum, en hún má hækka greinilega í krónutölu, ef einhverjir kostnaðarliðir, innlendir eða útlendir, hafa hækkað. Þá mun álagningin líka hækka í krónutölu í því frv., sem við erum að ræða. En hvernig var þetta í l. frá 1956? Bannað var til ársloka 1956 að hækka söluverð innanlands á öllum vörum í heildsölu og smásölu, svo og á hvers konar verðmæti og þjónustu frá því, sem var 15. ágúst 1956, og engar undantekningar þar frá. Lögin, sem ég setti, voru því um algera verðstöðvun á stöðvunartímabilinu.

Þá kem ég að samanburðinum, að því er snertir að brjóta niður samningsrétt og verkfallsrétt verkalýðsfélaganna og þar með félagafrelsið allt að því er verkalýðshreyfinguna snertir. Ég skora á hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. og hv. 6. landsk. þm., Davíð Ólafsson, að finna einn einasta staf eða stafkrók í l. frá 1956, þar sem skertur sé samningsréttur verkalýðsfélaganna eða verkfallsrétturinn eða á nokkurn hátt gengið á hinn félagslega rétt samtakanna. Í l. frá 1956 er ekkert til í þessa átt, en hins vegar er það meginefni þess frv., sem við erum hér að ræða. Það hefði verið stráksleg að reyna að afsaka þetta frv., sem hér er til umr., með því, að einhver hefði einhvern tíma áður á Alþingi flutt svipað frv., en það er fyrir neðan allar hellur og langt fyrir neðan virðingu þessara hæstv. ráðh. að reyna að hafa þessa aðferð, þegar enginn fótur er þar að auki til fyrir þeirra staðhæfingum. Þetta tiltæki verður algerlega ósæmilegt af þeirra hendi, þegar litið er til þess, að það er með engu móti hægt að halda því fram, að lögin, sem ég setti 1956, séu nokkur hliðstæða við það frv., sem hér er til umr.

Áður en ég skilst við þetta atriði, vil ég líka skýra frá því, sem ég vék að nú í upphafi, að verkalýðsfélögin voru í fyllsta samráði um setningu þessara laga 1956 og voru því samþykk, að verðhækkuninni á landbúnaðarvörum væri ekki hleypt inn 1956 og að visitöluhækkun á kaup kæmi þar af leiðandi ekki í þeirra hlut. Verkalýðshreyfingin mælti þannig með frv. og lagasetningunni. Hefur hæstv. ríkisstj. núv. haft þann háttinn á að leita til verkalýðshreyfingarinnar og spyrjast fyrir um afstöðu hennar til þessa máls? Nei, eftir að ræðzt hafði verið við í bróðerni nokkrum sinnum við nokkra forustumenn verkalýðssamtakanna, þá er okkur á síðustu stundu skýrt frá því, að ríkisstj. ætli að leggja fram það frv., sem við höfum verið hér að ræða, og þá var svo komið þrátt fyrir aðvaranir okkar, að það var engu hægt þar um að þoka. Það var búið að ákveða það af báðum stjórnarflokkunum, að málið skyldi flutt í því formi, sem þeir þá höfðu fært það í. Og ég held nú, að þeir ættu að spyrja verkalýðsfélögin, hvernig þeim lítist á þetta frv., reyna að fá samþykki einhvers stéttarfélags við þessa lagasmíð. Í raun og veru þurfa þeir þess ekki héðan af, því að það hafa dunið á Alþingi Íslendinga mótmæli verkalýðsfélaganna úr öllum áttum, úr öllum landshlutum, gegn þessu frv. Þau þykjast þar ekki aðeins þurfa að verjast því, að það á að lögbinda kaup verkamannsins og verkakonunnar óbreytt, eftir að stjórnarvöldin hafa á liðnu sumri haft forustu fyrir að hækka laun annarra stétta, margra hverra allt upp í 90%, en það er ekki það, sem verkalýðsfélögunum þykir þó verst við þessa löggjöf, það er réttindasviptingin, það er misréttið, það er ranglætið, sem þeim þykir verst við að una.

Lögin frá 1956 réðu við sitt hlutverk, þau stöðvuðu allt verðlag fram til áramóta 1956—57, og áður en sá tími var liðinn, voru komnar þær till. í efnahagsmálum, sem vinstri stjórnin stóð að og fékk afgreiddar á Alþingi, og það varð mjög mikið jafnvægi í verðlags- og efnahagsmálum í full tvö ár, á fyrri hluta valdatímabils vinstri stjórnarinnar. Á síðasta hálfa árinu, sem vinstri stjórnin sat að völdum, varð aftur á móti nokkur hreyfing á verðlagi, en þó aðeins sem smámunir að telja á við þann skrið, sem hefur verið á verðlagsmálunum núna á liðnu og líðandi sumri. Þá þóttust menn sjá fram á, að verð mundi

hækka á næstu mánuðum um 17 vísitölustig, sem nú mundu ekki vera nema 8 stig, ef það væri mælt með núverandi mælikvarða vísitölunnar, og þætti þannig ekki nema smávægileg hreyfing.

Ég hygg, að það hafi einnig verið hæstv. dómsmrh., sem vék svo að endalokum vinstri stjórnarinnar og vék að komu Hermanns Jónassonar á fund A.S.Í þá um haustið, í nóvember. Það er saga, sem þeir endurtaka oft, og er það þó aðeins sagan um það, að forsrh. ríkisstj. taldi sig ekki lengur hafa þinglegan meiri hl. traustan að baki sér, af því að Alþfl., sem var hluti af Hræðslubandalaginu frá kosningunum 1956, hafði bilazt og fengið nokkra ást á Sjálfstfl., þó að sú ást hafi hitnað allnokkuð á þeim tíma, sem liðinn er síðan. En þá var þetta ástríki byrjað, og það vissi forsrh., hann var búinn að missa stuðningsflokkinn, Alþfl., og þá sagði hann hreinskilnislega: Við höfum ekki lengur þinglegan meiri hluta. Við höfum ekki þingræðislegan rétt til þess að sitja og ekki heldur lýðræðislegan rétt. — Og hann sagði af sér fyrir hönd sinnar stjórnar.

Þeir hafa oft þulið ræðu Hermanns Jónassonar, þáv. forsrh., sjálfstæðismennirnir og Alþfl.-mennirnir, en það er einmitt ræðan, sem hæstv. núv. forsrh., Ólafur Thors, ætti að halda. Hann ætti að halda ræðuna um það, að hengiflug sé fram undan í efnahagsmálum Íslendinga. Hann hefur haldið þá ræðu að þeim hluta, en hann á að halda áfram: Ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. koma sér nú ekki saman um úrræði, sem dugi, og við segjum því af okkur. — Það væri eðlilegt. Það væri að lúta og virða lýðræði og þingræði. En það geta þessir núv. hæstv. stjórnarflokkar ekki. Þeir ætla sér að lafa. Þeir eru búnir að segja okkur það, að þeir ætli að hanga á merinni, hvort sem þeir geti lafað á henni með því að halda sér í faxið eða taglið á henni.

Það er einna fruntalegast við það að flytja þetta frv., sem hér er til umr., fyrir Alþingi, að það er flutt áður en almennu verkalýðsfélögin höfðu svo mikið sem boðað verkfall. Samningar almennu verkalýðsfélaganna voru á algeru byrjunarstigi. Ég held, að verkalýðsfélögin hafi verið búin að halda 1 eða 2 viðræðufundi við Vinnuveitendasambandið, þegar frv., sem átti að taka með dularfullum hætti lagagildi strax frá byrjun, um leið og það væri lagt fyrir Alþingi, var komið í þingsalina. Það hefði verið miklu skiljanlegra, að þessu frv. hefði verið kastað fram á Alþingi, eftir að samningar hefðu verið þrautreyndir milli aðila, milli verkalýðssamtakanna og Vinnuveitendasambands Íslands, og ekkert hefði gengið, og verkföll hefðu verið boðuð og verkföll hefðu verið byrjuð og þannig útséð um það, að samningar tækjust og málin yrðu leyst með þeim venjulega og eðlilega hætti, þ. e. a. s. við frjálsa samninga. Þá hefði verið miklu afsakanlegra, þó að stjórnin hefði gripið til einhverra lagasetningaraðgerða til að reyna að bjarga slíku máli, sem í óefni var komið. En þetta var ekki svona. Það blasti tvennt við, sem margsinnis hefur verið minnt á í þessum umr. Í fyrsta lagi voru samningamálin á byrjunarstigi og í annan stað, á þeirri stundu, sem við í verkalýðshreyfingunni vissum um, að til stæði að setja slík þvingunarlög, buðum við forsrh. það, að við skyldum leggja okkur fúslega í allt erfiði nætur og daga til að leysa þessi mál með eðlilegum hætti á næsta hálfum mánuði, leggja þar okkar verk ásamt með fulltrúum vinnuveitenda og ríkisstj., en því var hafnað. Lögunum er kastað fram á byrjunarstigi samninga og eðlilegu tilboði um að leysa vandamálin með eðlilegum hætti er hafnað og kastað fram ofbeldislöggjöf. Þetta eru engan veginn fögur vinnubrögð og sízt af öllu til þess fallin að auðvelda lausn vandamálsins á eftir.

Ég hef margoft sagt, að það sé algerlega öfug stefna í kaupgjalds- og launamálum, sem hæstv. ríkisstj. hefur farið, að ákveða launin í toppinn, síðan ákveða þau niður eftir í þjóðfélaginu, vitandi svo ekkert um það, hvort grundvöllur atvinnulífsins beri það kaupgjald, sem búið sé að ákveða ofan frá. Þannig á auðvitað ekki að fara að. Vitanlega er hitt rétta leiðin, að ákveða því fólki, sem vinnur framleiðslustörfin við helztu framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar, lífvænleg kjör, þannig að frumatvinnuvegirnir fái nægilegt og umfram allt nýtilegt vinnuafl, af því að það þyki ekkert neyðarúrræði að þjóna grundvallaratvinnuvegunum. Síðan gæti það verið hlutverk talnaspekinga og hagfræðinga að reikna út af sínum visdómi, hvað þjóðfélagið hefði efni á að borga milliliðaþjónunum í þjóðfélaginu alla leið upp í ráðherrastól, og ef þeir útreikningar sýndu, að þar yrðu launin að vera jafnvel öllu knappari en til fólksins við framleiðslustörfin, þá yrði að hafa það og þá yrði að gera einhverjar sérstakar neyðarráðstafanir, ef enginn fengist til þess að vera forsrh. eða enginn fengist til þess að vera menntmrh. eða viðskmrh. og enginn fengist til þess að vera landbrh. og ekki heldur utanrrh., — gera einhverjar sérstakar neyðarráðstafanir til þess að leysa það. En í slíkum vanda veit ég aldrei til, að íslenzkt þjóðfélag hafi lent. Ég veit aldrei til þess. Þetta er mín skoðun um, að hæstv. ríkisstj. hafi í raun og veru ákveðið þarna algerlega að fara öfuga leið í mótun launamála í þjóðfélaginu, og ég hygg, að flestir muni taka undir það með mér, að það væri sýnu hyggilegra að byggja launamálakerfi þjóðfélags neðan frá og byggja það fyrst og fremst á bæði getu framleiðsluatvinnuveganna sem grundvelli og því, að tryggt yrði, að það fólk, sem þar þjónaði, hefði lífvænleg kjör.

Þá langar mig þessu næst til að fara nokkrum orðum um þá kenningu núv. stjórnarflokka, að verkalýðshreyfingin viðhafi sýnilega röng vinnubrögð, sem ekki séu árangursrík, þar sem það sé nú staðreynd, að þrátt fyrir alla kauphækkunarbaráttu verkalýðsfélaganna um árabil sé kaupmáttur launanna sízt meiri nú en hann var löngum áður. Þetta er villukenning. Hvað er, sem veldur því, og hverjir eru það, sem valda því, að það tekst að ná aftur því, sem verkalýðnum áskotnast með kaupgjaldsbaráttu sinni? Það eru stjórnarherrar landsins, sem reka fjandsamlega verkalýðspólitík, sem reka þá pólitík, sem við það miðast fyrst og fremst, að fólkið við framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar skuli ekki hafa lífvænleg kjör. Hefur hæstv. ríkisstj., sem nú situr, farið

nokkrar leiðir til þess að reyna að níða niður það kaup, sem verkalýðshreyfingin hefur með baráttu getað áunnið sér? Kannast menn við gengislækkanirnar og þá alveg sérstaklega gengislækkunina 1961, sem beint var til þess framkvæmd að reyna að sýna verkalýðshreyfingunni í tvo heimana, að henni þýddi ekki að vera að fara fram á hækkað kaup, hún ætti og yrði og skyldi sætta sig við þá kaupskerðingu, sem hún þá bjó við, því að ef hún hreyfði legg eða lið, þá skyldi það, sem hún knúði fram með hækkuðu kaupi, vera af henni tekið með gengislækkun. Og það var gert í það skipti. En verkalýðshreyfingin er ekki auðbeygð. Það er neyðin, sem rekur verkafólkið áfram, og ég hef sagt það áður, og ég segi það enn: Það er fávíslegt af einni ríkisstj., hvort sem það er þessi eða einhver önnur, að halda, að hún geti sífellt svarað kauphækkunum verkalýðssamtaka með gengisfellingu. Það er miklu, miklu þunglamalegra, þótt maður líti á ekkert annað en bara formið, að framkvæma gengislækkun slag í slag heldur en að knýja fram kauphækkun slag í slag. Það er auðveldara að skrá kaupið en að skrá gengið, jafnvel þó að Seðlabankanum sé falið einræði til þess. Það er meira að segja nú svo komið, að núv. hæstv. ríkisstj. treystist ekki til að framkvæma þriðju gengislækkunina á skömmum tíma. Bæði er það af því, að hún sér fram á það, að kjósendur mundu varla una því, að ríkisstj. gripi sífellt til gengislækkana, malaði niður gjaldmiðil íslenzku þjóðarinnar með stórkostlegum álitsspjöllum út á við og inn á við, sem núv. hæstv. ríkisstj. virðist fyrst vera að gera sér grein fyrir nú að sé afleiðingin. Og svo er það í annan stað, að húsbændurnir við Alþjóðabankann eru farnir að verða tregir til að veita íslenzku ríkisstj. heimildir til að framkvæma gengislækkun eftir gengislækkun.

Ef hv. stjórnarflokkar kynnu nú einhverjar aðferðir í verkalýðsmálum, sem væru árangursríkari fyrir verkafólkið heldur en sú verkalýðsbaráttа, sem háð er í öllum þeim löndum, sem ég þekki til, þar sem verkalýðshreyfing er á annað borð, þá þætti mér afskaplega vænt um, ef einhverjir af þeim verkalýðsmálasérfræðingum hæstv. ríkisstjórnar settu nú ekki sitt ljós undir mæliker, heldur kenndu mér og öðrum þessar nýju, árangursríku aðferðir sínar í verkalýðsbaráttu. Ég mundi reyna að verða góður nemandi að læra þetta hjá þeim, ef þetta væri einhver forláta aðferð, sem skilaði hinum snauðu, sem vinna við framleiðsluatvinnuvegina, betri árangri og skapaði þeim betri lífskjör. Og ég skil ekkert í þessum góðu mönnum, að þeir skuli vera að luma á þessari sérþekkingu sinni.

Hæstv. dómsmrh. komst við, þegar hann gerði sér grein fyrir því, að það væri svo sorglegt með árangurinn af þessari röngu verkalýðsbaráttu verkalýðssamtakanna, að þeir verst settu yrðu alltaf aftur úr, þ. e. a. s. þeir lægst launuðu, þeir yrðu alltaf aftur úr. Ef þetta væri svo, þá ætti að vera orðinn hér alveg gífurlegur munur á kaupi ófaglærðra verkamanna og hinna faglærðu og þeirra, sem eru aftur í hærri launastigum í samningum stéttarfélaganna. En hvort sem við berum okkar stéttarfélagasamninga saman við stéttarfélagasamninga nágranna okkar í Danmörku, í Noregi eða í Svíþjóð, þá er þó niðurstaðan sú, að það er minni munur hér á landi á kaupi faglærðra iðnaðarmanna og almennra verkamanna heldur en í hverju þessara landa, sem ég nefndi. Það er meira bil á milli kaups hins ófaglærða verkamanns í Danmörku, Noregi og Svíþjóð samanborið við kaup iðnaðarmannsins heldur en hér er, svo að staðreyndin er þó sú, þrátt fyrir þessar fullyrðingar hæstv. ráðh., að hér hefur ekki myndazt meira bil, heldur minna milli kaups ófaglærðra verkamanna og faglærða verkamanna eða iðnaðarmanna. En það, sem mig rak í rogastanz yfir hjá hinum rökvísa hæstv. dómsmrh., var það, að úr því að hann hafði komizt við út af hinum aumu kjörum hinna ófaglærðu verkamanna á Íslandi, þá var þó aðstoðin, sem hann ætlaði að veita þeim, sú og sú ein að binda kaup þeirra, að mikilli hækkun launa hjá öllum öðrum undangenginni. Það fannst mér vera nöturlegt, úr því að hjarta hans hafði komizt við og hann hafði meðaumkun með þessu fólki, sem svona hafði orðið hart úti í verkalýðsbaráttunni, að þá ætlaði hann að koma til hjálpar á þennan hátt, að lögbinda þetta auma og vesæla kaup hinna verst launuðu. Ég hefði getað vænzt hins af honum, að hann hefði viljað skörulega hækka kaup hinna lægst launuðu til þess að bæta úr um það, sem úrskeiðis hafði farið vegna hinna röngu vinnubragða í verkalýðsbaráttunni.

Ég varð undrandi á því, þegar ég heyrði það, að hæstv. dómsmrh. átti engin góð orð til um sitt afkvæmi, kjaradóm. Það var ljóta fyrirtækið, sagði hann. Hann var mjög á móti verkum kjaradóms. Það er þó víst og satt, að á það lagði hæstv. ríkisstj. mikið kapp, að í l. um samningsrétt opinberra starfsmanna væri einmitt tekið upp þetta fyrirkomulag um kjaradóm. Það var ekki hugmynd frá stjórnarandstöðunni. Það er því algerlega ómögulegt að koma ábyrgðinni á kjaradómi yfir á stjórnarandstöðuna. Þetta er hugsun núv. ríkisstj., að í staðinn fyrir verkfallsrétt aðila, sem hafa frjálsan samningsrétt um launamál, sé miklu affarasælla að setja dóm, gerðardóm, til að ákveða það, sem á milli ber, og skera þar úr. Hvað sem hæstv. dómsmrh. segir um kjaradóminn og andúð sína á honum, þá er kjaradómurinn skilgetið afkvæmi núv. ríkisstj. og þá líklega fyrst og fremst dómsmrh. Og það er hart að bera þetta barn út

Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann teldi sig þurfa undan því að kvarta, að við í Alþb. hefðum hrakið stjórnarflokkana til að hækka laun langskólamanna, alveg sérstaklega verkfræðinga, og að við hefðum verið miklir talsmenn þess, að laun þessara manna væru hækkuð. Hann sagði: Við urðum fyrir hörðu höggi, vegna þess að við værum að reka langskólamenn úr landi. — Það, sem við í Alþb. gagnrýndum í viðureign hæstv. ríkisstj. við verkfræðingana, var, að það var ekki skorið úr þeirra málum við frjálst samningaborð, þeim var neitað um samninga, og þeir voru ekki einu sinni, heldur tvisvar, beittir gerðardómsharðræði. Þetta gagnrýndum við. Þessi hörkubrögð leiddu til þess, að sumir verkfræðingar vildu ekki una þessu og fóru heldur úr landi. Og það verð ég að segja, það er mín

skoðun, að það sé tjón fyrir íslenzku þjóðina að missa vel menntaða menn úr landi til annarra þjóða og það alveg sérstaklega menn hámenntaða á verklega sviðinu, þar sem við megum engan mann missa. Og ég fullyrði það, að hæstv. ríkisstj. var ekki nógu glöggskyggn á þetta og lagði sig ekki nóg í líma við að leysa þann vanda, sem þarna skapaðist. Hún gafst þar upp og eigi góðu heilli, gafst þar upp fyrir verkfræðingunum, því að niðurstaðan varð sú, að þegar hlaupizt var frá samningum við þá, þá var farið að eiga við þá skipti upp á kröfur þeirra. Þeir skyldu taka að sér verkin í eins konar ákvæðisvinnu, þeir reiknuðu verkin út samkv. sínum kröfum, eins og þær höfðu verið fram bornar, án afsláttar, og það var kaupið, sem verkfræðingarnir síðan fengu og búa við það, nema þeir verkfræðingar, sem síðar komu undir kjaradóm og fengu sín laun ákveðin þar, vafalaust með hliðsjón af verkfræðingunum, sem unnu í sambandi við sínar eigin kröfur.

Þegar ríkisstj. var komin í hörkudeilu við læknana við sjúkrahúsin hér í Reykjavík, er það einnig rétt, að við gagnrýndum það, Alþb.-menn, hvernig að var farið í þeim málum. Það var beitt valdi, alls ekki lausu við fruntaskap, og ekki sýnd sú samningalipurð og það þolgæði í samningum, sem verður að beita, þegar hagsmunaárekstrar gerast, eins og iðulega í slíkum málum. En það tók ég a. m. k. alltaf skýrt fram, að ég teldi, að hæstv. ríkisstj. væri á villigötum, þegar hún þættist vera að stimpast við þessar stéttir manna, eins og verkfræðinga og lækna, út af því, að ef samið yrði við þá um allhátt kaup, þá væri það hættulegt fordæmi vegna verkamanna. Ég veit aldrei til þess, að verkamenn hafi mælt sínar kaupkröfur við kaupkröfur verkfræðinga eða lækna, og ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki verið í neinni hættu, þótt hún hefði sýnt bæði læknum og verkfræðingum sanngirni í samningum, með tilliti til þess, að það yrði ekki fordæmi til almennra kauphækkana verkamanna í neinu hlutfalli við það.

Eitthvað vék hæstv. dómsmrh. að því, að ég hefði sem forseti Alþýðusambands Íslands verið óhollur lýðræðinu. Ég mundi nú vilja biðja hæstv. dómsmrh. að nefna þess einhver dæmi, að ég hafi viðhaft ólýðræðisleg vinnubrögð í Alþýðusambandi Íslands, ef hann hefur þekkingu til og getur nefnt þess nokkur dæmi. Mér er ekki kunnugt um, að ég hafi þar beitt neinum öðrum vinnubrögðum en þeim, sem lýðræði samrýmast, og stjórnað t. d. alþýðusambandsþinginu eftir réttum þingsköpum okkar stofnunar, þegar ég hef setið þar í fundarstjórasæti, og engin mál þar vitað afgreidd öðruvísi en eftir réttum lýðræðis- og þingræðisreglum. Svívirðingar órökstuddar um þetta þoli ég hvorki hæstv. dómsmrh. né öðrum, og ég fullyrði, að hann fer með rangt mál, byggt sjálfsagt á frásögnum óhlutvandra manna, sem honum væri þó nær að sannprófa, áður en hann kastar þessu fram sem ásökunum í sölum Alþingis, það er honum ekki sæmandi, án þess að vita fyrst, hvort hann er að fara með rétt mál eða rangt.

Eitt af því, sem hæstv. dómsmrh. taldi vera orsök þess, að kjaradómur hefði kveðið upp þann dóm, sem hann gerði, voru tekjur síldarsjómanna. Tekjur síldarsjómanna voru neistinn, sagði hann. Háir hlutir síldarsjómanna ollu því, að kjaradómur hækkaði kaup hæst launuðu embættismannanna í landinu um 90%. Þetta er alrangt, áreiðanlega rangt. Ég veit nokkuð um orsakir þess, að kjaradómur komst að þessari niðurstöðu, að það væri ekki út í hött að hækka laun hálaunaðra embættismanna ríkisins svo mjög sem dómurinn gerði. Það var nefnilega búið af stjórnarstefnunni á undanförnum árum að hlynna allnotalega að kaupsýslustéttunum. Það var orðið kunnugt tvö s. l. ár, að kaupsýslumenn og kaupsýslufyrirtæki í Reykjavík voru farin að yfirkaupa fólk, bæði úr þjónustu Reykjavíkurborgar og ríkisins og ríkisstofnana. Það var ekkert óalgengt um unga menn, sem höfðu einhvers konar trúnað eða forstöðu fyrir verzlunarholum hér inni á Laugaveginum, með verzlunarskóla- eða samvinnuskólaprófi, ef þeir voru álitnir álitlegir starfsmenn, að þeir væru með 14—16 þús. kr. á mánuði, þegar menn í opinberri þjónustu voru með 7—8—9 þús. kannske. Á þetta var áreiðanlega horft af kjaradómsmönnunum miklu fremur en á hluti síldarsjómanna á fáeinum skipum í aflagóðæri eins sumars. Það er og vitað, að einn forstjóri hafði verið með laun, sem námu eitthvað 1 millj. kr. í íslenzkum krónum, — einn forstjóri hjá íslenzku fyrirtæki. Og þau laun voru greidd af hinum þrautpínda sjávarútvegi Íslendinga. Þegar hann svo var leystur frá störfum, þá er kunnugt, að þá voru ráðnir þar þrír forstjórar, hver um sig með 30 þús. kr. á mánuði og allmikil fríðindi að auki. Þetta dæmi var kunnugt og fleiri, áður en kjaradómurinn kvað upp sinn dóm, svo að hann hafði a. m. k. á fleira að líta úr því gósenlandi misskiptingarinnar, sem núv. hæstv. ríkisstj. hafði skapað. Það var neistinn, segi ég.

Svo mikið er víst, að ég held, að það sé ákaflega fjarlægt verkafólki að miða kaupkröfur sínar við ákaflega mismunandi háa eða rýra hluti sjómanna. Það er fullkomlega viðurkennt af verkafólki, að stéttarbræður þess á sjónum eigi að bera meira úr býtum en verkamaðurinn í landi, og það er á því fullur skilningur hjá verkafólki, að hlutur sjómannsins fari eðlilega langt upp fyrir kaup verkamanns annað slagið, en það er líka vitað af þeim, að hlutur sjómannsins getur líka orðið öllu rýrari en kaup verkamannsins í landi, sem hefur þó undir flestum kringumstæðum allverulega betri vinnuaðsstöðu en sjómaðurinn. Og að þessu athuguðu finnst mér furðulegt, ef háembættismenn þjóðarinnar hafa byggt kröfur sínar um 90% kauphækkun á því, að það hafði hent á einu sumri, að nokkrir tugir skipa höfðu skilað allgóðum síldarhlut, og að dómararnir hafi ætlað að byggja launakerfi á því, því trúi ég ekki, og mér finnst þetta vera of fáránlegt til þess að geta ímyndað mér, að hæstv. dómsmrh. hafi þessa skoðun, að háir síldarhlutir á einu sumri hafi orðið grundvöllurinn fyrir dómi kjaradóms.

Hæstv. forsrh. talaði nokkuð um, að það væri áform og ásetningur ríkisstj. að bæta kjör hinna lægst launuðu, án þess að til gengis-

lækkunar þyrfti að koma. Af hverju geta þessar bætur á kjörum hinna lægst launuðu ekki komið fyrr en eftir 2 mánuði? Af hverju gátu þessar bætur til hinna lægst launuðu ekki komið nú sem einn liður í þessu frv.? Hálaunamenn þjóðfélagsins eru búnir að fá kjarabætur frá 1. júlí s. l. Verkafólkið á samkv. þessu frv. að lifa í voninni um það að fá einhverjar kjarabætur eftir hálft ár. 4½ mánuður er liðinn síðan þeir hálaunuðu fengu sínar kjarabætur, og ekki var hirt um það á öllum þessum tíma að undirbúa neina kjarabót til hinna lægst launuðu, þeim aðeins gefin lausleg fyrirheit og þó engin grein gerð fyrir því, í hverju þær launabætur eigi að vera. Þetta vekur tortryggni. Það eru vafalaust fáir í verkalýðsstétt, sem trúa því, að þarna sé af heilindum mælt, að þarna sé ekki verið að blekkja. Ég fæ engum rökum skotið undir það, að ekki sé hægt að koma með þessar kjarabætur nú, ef það á að vera hægt innan tveggja mánaða. Svo mikið er víst, að þess sér engin merki á þessu frv., sem hér er um að ræða, í hverju þessar væntanlegu kjarabætur til láglaunafólksins eigi að vera fólgnar.

Ég hafði skrifað orðrétt eftir hæstv. forsrh., að hann sagði: Hannibal Valdimarsson lækkaði kaupið og festi það svo í fjóra mánuði. — Ég ræddi um þetta áðan í sambandi við fullyrðingar hæstv. dómsmrh. og skal því ekki víkja að því frekar. En rangt hefur hann þarna farið með og tekið dýpra í árinni en hæstv. dómsmrh. þó gerði.

Ein var sú athugasemd, sem hæstv. forsrh. gerði við mína ræðu við 1. umr. þessa máls, og hún var sú, að ég hefði fullyrt, að gengislækkunin 1960 hefði verið hin mesta í sögunni, og um það sagði hann, að svo hefði ekki verið, um þetta skyldi ég fara heim og læra betur. Nú get ég sagt hæstv. forsrh., hverju þessi gengislækkun nam. Hún var 59—79%. Er það lítil gengislækkun að áliti hæstv. forsrh.? Að mínu áliti er þetta gífurlega mikil, stórfelld gengislækkun, upp undir 80%. En ég mátti náttúrlega vita það, að þegar gengislækkanir eru til umr., þá kallar hann ekki allt ömmu sína, þessi okkar viðkunnasti gengislækkunarráðherra fyrr og síðar. Og það er út frá því, sem hann kallar þetta smávægilega gengislækkun.

Sama var niðurstaðan hjá hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., að hann hafði ekkert nema heldur kuldaleg orð að flytja fram um kjaradóm, fordæmdi hann nánast. Niðurlag ræðu hans var það, að hann vonaðist til þess, að verkafólkið vildi una óbreyttu kaupi. Ég verð að segja, að eftir þeim undirtektum, sem verkalýðsfélögin hafa nú þegar veitt þessu frv., þá held ég, að hann megi vera frekar vondaufur um það. Því gengur einhvern veginn erfiðlega að skilja, að það sé betra að vera með óbreytt, lágt kaup heldur en að fá það hækkað, t. d. í réttu hlutfalli við það, sem aðrar stéttir hafa talið nauðsynlegt að taka sér eða þeim verið dæmt, og því hlutskipti vilja verkamenn frekar una.

Hér hefur því verið haldið fram, að það séu ofsalegar kröfur, sem verkalýðshreyfingin hafi nú borið fram. Hverjar eru þessar ofsalegu kröfur? Það er krafan um það, að tekjur 8 stunda vinnudags nægi til að framfleyta meðalfjölskyldu, standi undir nauðsynlegum útgjöldum meðalfjölskyldu. Við erum sem sé þeirrar skoðunar í verkalýðshreyfingunni, að það sé alger lágmarkskrafa, sem aldrei megi hvika frá eitt andartak, að verkamaðurinn geti lifað nokkurn veginn mannsæmandi lífi af þeim launum, sem hann fær fyrir 8 stunda vinnudag. Og þetta er ekki óbilgjörn krafa. Raunar er krafan um 8 stunda vinnudag orðin úrelt krafa. Nágrannalönd okkar hafa lögfest og fest í samningum milli heildarsamtaka atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna 45 stunda vinnuviku, og það þykir hafa gefizt vel. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er nú stefnt að 42 stunda vinnuviku. 40 stunda vinnuvika er orðin algeng í mörgum löndum, og dæmi eru um 36 stunda vinnuviku við ýmiss konar erfið eða áhættusöm störf. Við erum á pappírnum með 48 stunda vinnuviku og gerum kröfur um, að hægt sé að lifa af því kaupi fyrir það vinnuframlag, sem þannig er látið í té. Og þetta þykja á Íslandi óbilgjarnar kröfur. Hér má verkalýðshreyfingin ekki slaka á klónni. Þetta er krafa, sem er alger lágmarkskrafa, og ætti þó í raun og veru að gera strangari kröfur. Það er ekkert nýtt, að barizt sé á móti kröfum verkalýðsins. Það var barizt á móti því, þegar togarasjómönnum var helguð 6 tíma hvíld á sólarhring. Það var líka barizt á móti því sem ósanngjarnri kröfu, sem mundi binda endi á alla togaraútgerð hér við land, ef sjómenn ættu að fá 8 stunda hvíld. Og þá voru rekin upp óp hér á Alþ. fyrir nokkrum árum, þegar sjómönnum tókst loks að löghelga sér 12 stunda hvíld á togurunum. Alltaf hafa þetta verið taldar óbilgjarnar kröfur og sagt, að atvinnuvegirnir væri í voða, ef þetta gengi fram.

Verkalýðsfélögin almennu gera kröfu um, að kaupið verði 40 kr. á klst., og ég hef áður bent á það, að 2400 vinnustundir á ári, og fleiri eru þær ekki til á einu ári, ef miðað er við 8 stunda vinnudag og unnið alla virka daga, þá gefur það ekki nema 96 þús. kr. tekjur. Og ykkur mun, hv. alþm. og hæstv. ráðh., ganga erfiðlega að framfleyta ykkar fjölskyldum á því, 96 þús. kr., það er ég sannfærður um, það veit ég. Og þó hyggizt þið, sem skipið hér meiri hluta, standa gegn því, að verkafólk geti fengið a. m. k. um sinn breytt kaupi sínu úr 28 kr. á tímann, sem gefa ekki nema 67 200 kr. á ári, og af því skal verkafólkið lifa. Það er a. m. k. ætlun þeirra, sem þessu frv. geta fylgt. Það er staðreynd, að að óbreyttu kaupi, eins og þetta frv. kemur til með að skammta íslenzkum verkamanni, ef það verður að lögum, þá vantar 40 300 kr. til, að meðalfjölskylda verkamanns hafi fyrir viðurkenndum útgjöldum vísitölufjölskyldunnar, og það er hvorki meira né minna en 16.83 kr. á tímann, sem þarna vantar til.

Í ræðu minni við 1. umr. sýndi ég nokkuð fram á það, að verkamenn hefðu fengið tiltölulega smávægilegar bætur í hækkuðu kaupi móts

við vöxt dýrtíðarinnar, og var þá nokkurn veginn sama, við hvaða ár var miðað, hvort það var 1956 eða 1958 eða bara tekin þrjú árin frá 1960 og nú til 1963. En niðurstaðan er þessi, ef miðað er við árið 1959, þá hafa laun verkamanns hækkað 35%, en sé miðað við árslok 1958, áður en Emil Jónsson, þáv. hæstv. forsrh., hafði lækkað kaupið, þá hefur kaup verkamannsins þangað til í dag aðeins hækkað um 17%.

Þegar litið er á skýrslur yfir tekjur verkamanna og hvernig þeirra er aflað, kemur í ljós, — ég mun hafa getið þess við 1. umr., en ég endurtek það, — þá kemur í ljós, að verkamaðurinn hafði aflað sér meir en þriðjungs tekna sinna í næturvinnu og á helgidögum, þ. e. a. s. þessi hluti teknanna var fenginn með vinnu á þeim tíma, sem menn eiga að hvílast, eiga að nota til hvíldar. Þetta er óræk sönnun þess, að verkamenn búa við óviðunandi launakjör og verða að gangast undir þrældóm til þess að geta framfleytt sér og sínum.

Ein af ástæðunum til þess, að verkamenn bera nú fram hærri kröfur um kjarabætur en þeir hafa áður gert, er, að þeir vilja ekki una því, að í þjóðfélagi okkar skapist sá reginójöfnuður í launum hinna hæst launuðu og lægst launuðu, sem mótaður er með kjaradómnum. Við höfum oftlega stært okkur af því, að hér væri ekki til staðar stórkostlegur launamunur launastéttanna, og á undanförnum árum, t. d. tímabilinu frá 1950—1958, mátti heita, að innbyrðis samræmi væri nokkurn veginn viðunandi til staðar. En á þeim tíma, sem síðan er liðinn, og einkanlega á stjórnartímabili núv. hæstv. ríkisstj., hefur orðið stórkostleg gerbreyting á þessu, svo að það er engin eldri hliðstæða til. Það var áreiðanlega tilgangurinn með niðurstöðu kjaradóms og að minni hyggju að vilja og vitund ríkisstj., að hér yrði gerð tilraun til að mynda nýja stéttaskiptingu í þjóðfélaginu meðal launastéttanna eins og á öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Ég álít það vera hagsbótamál fyrir verkalýðshreyfinguna að hindra þau áform, að hér skapist slíkt regindjúp á milli hinna hæst launuðu og hinna lægst launuðu. Ef verkalýðshreyfingin sættir sig við það, þá væri hún að taka þátt í því að afmá eitt bezta einkenni íslenzks þjóðfélags, sem sé þann launajöfnuð, sem hér hefur verið, og með því væri verið að gerbreyta skiptingu þjóðarteknanna. Frá fornu fari þótti það vera eðlilegt, að maður, sem hafði nokkra sérþekkingu, bar ábyrgð jafnvel á lífi manna, sem hann vann með, hefði tvo hluti á móts við starfsmanninn, sem undir hans stjórn vann. Það var talið hæfilegt hlutskipti formanns eða skipstjórnarmanns, og þetta var svo um aldir, allt þangað til kjaradómur kvað upp sinn dóm. Þá urðu laun hinna hæst launuðu hæfilega metin fimmföld til sexföld á við þá lægst launuðu.

Hér er mjög hafður uppi sá málflutningur, að verkafólkið verði að sætta sig við óbreytt kaup, því að ef það ekki geri það, þá komi gengislækkun, það verði allir góðir Íslendingar að slá skjaldborg um krónuna, vernda krónuna. Ef maður ætti að taka þessa kenningu trúanlega, þá held ég, að það væri æskilegt að fá nánari útskýringar á þeirri hættu, sem sé á nýrri gengislækkun. Við höfum heyrt það sagt, að núv. ríkisstj. langi ekkert til þess að fella krónuna einu sinni enn. Ég hef heyrt það orðað svo, að nýtt gengisfall nú væri heilt helvíti og það verði að forðast þetta víti auðvitað eins og unnt sé. Hve mikil mundi nú þessi gengislækkun verða? Við skulum segja, miðað við það, að orðið væri við kröfum hinna almennu verkalýðsfélaga um 40 kr. á klst. eða þannig, að heildarárstekjur verkamanns stæðu nokkurn veginn undir vísitölufjölskylduútgjöldum, hvað mundi þá krónan hrapa mikið? Geta ekki reikningsmeistararnir sagt það? Hvað mundi hún hrapa mikið, ef þessi kauphækkun ætti sér stað, ef það er eins beint og krókalaust samband milli launagreiðslna verkafólks og gengislækkana, sem ég efa stórlega? Og mundum við ekki geta fengið svar við annarri spurningu líka: Hve lengi dygði gengislækkun, hve lengi væri hún bjargráð? Hafa undanfarnar gengislækkanir ekki reynzt vera skammvinn bjargráð? Mér heyrist það a. m. k. á útgerðarmönnum, að verkanir gengislækkunarinnar 1960 hafi ekki dugað þeim nema fram á árið 1961, og gengislækkunin frá árinu 1961 dugi ekki lengur, því að nú vanti þá 56% til að standast launagreiðslurnar, þá vanti meir en helminginn til að geta borgað þau laun, sem núna eru greidd.

Útgerðarmann hitti ég á liðnu sumri, sem sagði: Ja, gengislækkun, hún hjálpar bara í bili, kannske eitt ár eða rúmt ár, en svo er það búið, þá hafa allir tilkostnaðarliðir orðið fyrir slíkri hækkun og launin auðvitað fylgt með, að það er ekkert auðveldara að ná endum saman en áður. — Þetta er sem sé eftir þessum vitnisburði ákaflega svipuð aðgerð og að pissa í skó sinn í frosti. En e. t. v. geta þeir sagt okkur, að næst ætli þeir að framkvæma gengislækkun, sem hafi varanlegra gildi en þær, sem þeir hafa framkvæmt á þessu stjórnartímabili, sem eiginlega ber að líta á sem eitt. Og ég mundi vilja bæta þriðju spurningunni við og spyrja: Telur hæstv. núv. ríkisstj. ítrekaðar gengislækkanir vera færa, þjóðholla og raunhæfa leið í efnahagsmálum þjóðarinnar? Eru þeir enn þá trúaðir á gengislækkun sem bjargráð í efnahagsmálum? Mig furðar á því, ef svo er. Ég held, að við séum búnir að fá næga reynslu af gengislækkunum og vitum það ósköp vel, hvers eðlis þær eru. Þær eru tilfærsla á verðmætum milli stétta, hafa verið notaðar til misskiptingar á þjóðartekjunum, og þær hafa alltaf rýrt álit þjóðarinnar út á við og því meira sem þær eru oftar framkvæmdar, og af tvennum gengislækkunum á seinustu árum er íslenzka þjóðin búin að fá nóga vansæmd erlendis, svo að þeirri þriðju er áreiðanlega ekki við bætandi.

Eitt af þeim vandamálum, sem framleiðsluatvinnuvegirnir eiga nú við að búa, er skortur á vinnuafli. Hvernig á atvinnulífið að leysa þann vanda? Verkafólkinu væri áreiðanlega ekkert kærara en það, ef atvinnurekendur væru

jafnvel ötulli í því en þeir eru að efla og bæta tækni við öll framleiðslustörf og framkvæma hagræðingaraðgerðir til betri nýtingar véla og vinnuafls og til viturlegri og hagkvæmari vinnubragða á sérhvern hátt, og það er áreiðanlegt, að þetta verða atvinnurekendurnir fyrst og fremst að hafa forustu um. Þetta gæti áreiðanlega sparað vinnuafl, en það mundi ekki nægja. Það, sem mundi helzt nægja til þess, að atvinnureksturinn fengi nægilegt vinnuafl, væri hækkað kaup, bætt kjör þess fólks, sem framleiðsluatvinnuvegunum á að þjóna. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef verkalýðshreyfingin færi nú að beiðni hæstv. ríkisstj. og segði: Gott og vel, við skulum sætta okkur við óbreytt kaup verkafólks, 28 kr. á klst., að óbreyttu öllu launakerfinu, sem búið er að skapa á liðnu sumri, — þá mundi stórkostlega versna aðstaða sjávarútvegs og fiskiðnaðar að fá fólk til starfa. Margar starfsgreinar í þjóðfélaginu hafa aðstöðu til að yfirborga verkafólk, kaupa til sín vinnuafl og mundu enn ganga á það lagið, auka yfirgreiðslur, tryggja sér þannig fólk, toga það frá sjávarútvegi og fiskiðnaði, toga það frá gjaldeyrisöfluninni, og þá gæti svo farið, að launakerfi hálaunamannanna hvíldi áður en langir tímar liðu á hálfgerðum brauðfótum. Ég fullyrði það, að þetta væri engin þjóðholl starfsemi. Ef kenningin um sambandið milli launagreiðslu verkafólks og gengis krónunnar er rétt, þá væri kannske nokkuð unnið við það að halda launum verkafólksins niðri, en það mundi a. m. k. koma harðlega niður á frumatvinnuvegum þjóðarinnar að öðru leyti, og það væri þó að minnsta kosti neikvætt við það.

Ég hefði miklu fremur haldið, að það væri nú eins og sakir standa hlutverk ríkisstj., sem eitthvað hugsaði um framleiðslustörfin, sem eitthvað hugsaði um gjaldeyrisöflunina, þótt ekki væri nema bara vegna gjaldeyrissjóðanna blessaðra, sem eru að rýrna, að koma frumatvinnuvegunum til liðs einmitt á þann hátt, að þeir gætu fengið meira og betra vinnuafl, en að mínu áliti verður það vandamál ekki leyst nema með því að bæta kaup og kjör verkafólksins.

Það kom fram hér hjá einhverjum hv. alþm. í umr. í kvöld eða í nótt, að yfirbyggingin í þessu þjóðfélagi okkar væri þegar orðin fullmikil. Ef það launakerfi verður ríkjandi, sem stjórnarvöld landsins hafa skapað á liðnu sumri, og ef þau koma þeirri breytingu í gegn, fá hana viðurkennda til langframa, þá verða það fleiri, sem sækjast eftir milliliðastörfum í hinum hálaunuðu starfsgreinum. En það er áreiðanlega röng bygging okkar þjóðfélags, að þau séu miklu, miklu fleiri, sem stunda skrifstofu- og verzlunarstörf í þessu landi, heldur en sjómannastéttin og bændastéttin til samans, og það er röng samsetning þjóðfélagsins. Stjórnarvöld geta á hverjum tíma haft áhrif á þessa skiptingu þjóðfélagsins og eiga að gera það. Þessi þróun launamálanna, sem ég hef hér verið að ræða um, mundi hins vegar gera þessa skiptingu þjóðfélagsins milli starfsgreina, milli framleiðslustarfa og milliliðastarfa, enn þá óskynsamlegri.

Það er mín sannfæring, og ég hef gert mitt til að reyna að sannfæra ráðh. í hæstv. ríkisstj. um það, að eitt sé óumflýjanlegt, úr því sem komið er, og það er, að þær launahækkanir, sem hafa verið látnar fara yfir hvern starfshópinn og hverja starfsstéttina á fætur annarri á liðnu sumri, verði, úr því sem komið er, að fara yfir alla línuna. Það ranglæti að skilja hina lægst launuðu eftir verður aldrei þolað, og það er á engrar ríkisstj. færi að knýja það ranglæti í gegn.

Það má vel vera, og þó er ég ekki handviss um það, að hæstv. ríkisstj. hafi afl til að koma þessu frv. gegnum Alþingi og gera það þannig að lögum að nafninu til. Það getur vel verið, en ég efa það. En hitt er ég sannfærður um og það veit ég, að þótt þetta frv. komi til með að heita lög, þá verður það aldrei annað en aumt pappírsgagn, og þá segi ég: Væri þá ekki allt eins gott fyrir hæstv. ríkisstj. að losna við þá smán og lögin, sem hún fái samþ. á Alþingi, verði aldrei lög, eins og þurfa kannske eins og eitt dæmi er til áður í þingsögunni að ganga þá Kanossagöngu að biðja þingið að afnema þau aftur.

Það er alveg áreiðanlegt, að þessu máli verður ekki ráðið til lykta þannig hér innan þingsalanna, að það hafi nein áhrif í íslenzku þjóðfélagi. Það gerist ekki, þó að hæstv. ríkisstj. takist að fá alla sína stuðningsmenn til að rétta upp hendurnar með því. Það verður aldrei virkt afl í íslenzku þjóðfélagi, þótt það fái laganafn. Örlög þess ráðast í veruleikanum, úti í atvinnulífinu, og ég er sannfærður um það, að eins og ástandið er á íslenzkum vinnumarkaði, þá verður það svo, hvað sem lagastafnum líður, hvaða refsing sem skv. lögum á að vofa yfir atvinnurekendum, að þegar þeir sjá, að verðmætin, sem sjómennirnir koma með að landi, eða varan, sem þeir eru búnir að hafa til verkunar og gera margfalt verðmætari en hún var, þegar hún kom á land, en þeir koma henni ekki frá sér, geta ekki losnað við hana vegna skorts á vinnuafli, þá fara þeir hvorki eftir samningsbundnu né lögbundnu kaupi. Þeir geta það ekki. Og þeir bjóða í vinnuaflið það, sem þeir þurfa að bjóða í það, til þess að geta aukið gjaldeyrisverðmæti framleiðslunnar og komið þeirri framleiðslu, sem þeir þegar hafa, af höndum sér og fengið greiðsluna fyrir hana. Það mundi ekkert þýða að segja atvinnurekendunum á Austfjörðum, sem eru með síldina óafskipaða þar og þurfa að fá fólk til að vinna nótt og dag, þangað til búið er að koma síldinni í skip, þó að það væri að viðlögðum sektum og refsingum, að segja þeim, að þeir mættu ekki borga nema 28 kr. á tímann. Þeir eru löngu hættir því. Þeir borga núna um 40 kr. á tímann og fritt fæði, og þá fer þetta að nálgast 50 kr. á tímann, og ef þeir ekki með því móti fá nægilegt fólk til að koma þessum verðmætum frá sér, þá vita þeir, að það er aðeins eitt úrræði til, og það er að borga meira, fá þá fólk úr öðrum byggðarlögum til að annast þessa vinnu, og þetta verður hæstv. ríkisstj. að skilja. Það þýðir ekkert að vera með refsivönd reiddan á loft yfir atvinnurekendum, sem

eru í því þjóðholla hlutverki, að bjarga verðmætum og byggja grundvöllinn, sem íslenzkt þjóðfélag hvílir á, í samstarfi við verkafólkið.

En það getur annað leitt af því, ef engir nýir samningar takast um greiðslu vinnulauna og lögin eiga að halda öllu kaupi í þeim skorðum, sem nú er skv. samningum. Það getur farið svo, einmitt af því að samningar væru ekki fyrir hendi, að kauphækkunin verði miklu tilviljanakenndari og ofsafengnari og þjóðfélaginu þannig bundnir þeir baggar á herðar, að kaupgreiðslurnar verði meiri en ella, einmitt af því, hvernig ástatt er á íslenzkum vinnumarkaði. Og ég er alveg sannfærður um það, að þannig fer um fyrsta vinnuhópinn, sem mér er sagt að lögin hafi sérstaklega verið sett til þess að bremsa, prentarana. Þeir eru þannig staddir núna, að *bókaútgefendurnir, prentsmiðjueigendurnir*, þeir eru með sína höfuðvertíð yfirstandandi, þeir eru að gefa út bækurnar undir jólamarkaðinn og þeir láta ekki eyðileggja þetta fyrir sér, hvorki með löggjöf né neinu öðru. Þeir munu til þessarar fámennu stéttar, sem þarna er um að ræða, hækka þær yfirgreiðslur, sem verið hafa, sem hafa verið 25—30%, í 60, 70 eða 80% til þess að fá prentarana til að vinna, svo að þeir komi bókunum sínum út fyrir jólamarkaðinn. Í þessu verða þeir ekki hindraðir með neinu, en fyrir vikið, að ekki verður frjálsræði til að ganga þarna frá heildarsamningum með eðlilegum *hætti um kaup og kjör milli prentsmiðjueigenda* og prentara, þá er það algerlega tilviljun háð, hvort þarna verður ekki niðurstaðan miklu ofsafengnari kauphækkanir en ella.

Ég veit ekkert, hvort núv. hæstv. ríkisstj. trúir mér um þetta, og á enga heimtingu á því, en ég veit, að þetta getur alveg eins orðið afleiðingin af frv. hennar, vanhugsuðu á allan hátt. Og það eitt er víst, að það mun ganga miklu erfiðlegar að ná hófsömum og sanngjörnum samningum við verkalýðshreyfinguna í heild eftir þau hörkubrögð, sem við eru höfð með að koma slíkum lagafjötrum á þá lægst launuðu í landinu. Það vekur gremju, það vekur heift, sem erfitt verður kannske að draga úr, a. m. k. á næstunni. En hjá þessu var öllu hægt að komast, ef það hefði verið tekið í framrétta hönd verkalýðssamtakanna um að leggjast allir á eitt, atvinnurekendur, ríkisstj. og verkalýðssamtök, að koma heildarskipulagi á kaupgjaldsmálin núna t. d. á næsta hálfum mánuði. Hefðum við t. d. verið komnir langt á leið, en ekki búnir að hálfum mánuði liðnum, þá er ég alveg sannfærður um, að þá hefði ekki verið *gefizt* upp við þá lausn málsins, heldur veittur nokkurra daga frestur í viðbót til þess að ganga frá málinu að eðlilegum hætti.

Það var einhver hér í kvöld, ég hygg, að það hafi verið 3. þm. Reykv. (EOl), sem sagði, að menn ættu að sjá sig í spegli. Þá datt mér í hug bók, sem ég heyrði oft lesið í, þegar ég var ungur drengur, og ég síðar hafði mikið yndi af að lesa í, það er Húspostilla Jóns meistara Vídalíns, og þar er einmitt klausa, sem ég hef ekki getað gleymt, sem er um spegil og um vissa menn, sem eigi að skoða sig í spegli. Klausan er svona, a. m. k. nokkurn veginn orðrétt, þó að ég hafi nú ekki Húspostillu Jóns Vídalíns hér við höndina: Skoðið þér yður í spegli, ó, þér stoltu gæðingar veraldar þessarar, og hugleiðið, hversu fánýtir þér eruð, nær þér viljið troða lítilmagnann undir fótum. — Já, skoðið þér yður í spegli, þér stoltu gæðingar í hæstv. ríkisstj., og hugleiðið, hversu fánýtir þér eruð, nær þér viljið troða lítilmagnann undir fótum. Og nú er það einmitt áform ykkar að troða lítilmagna Íslands, íslenzka erfiðismenn undir fótum, undir járnhæl ofbeldis, réttarskerðingar og kúgunar. En ég öfunda ykkur ekkert af spegilmyndinni ykkar, ef þið hafið hugrekki til að skoða ykkur í spegli við þessa iðju.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:14 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 20:14 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:14 atkv.

Á 12. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls s. l. nótt beindi ég spurningum til hæstv. viðskmrh., sem hann svaraði mjög greiðlega. Það, sem ég spurði um, var þetta, hvernig hann *rökstyddi* það, að lífskjör almennings hefðu farið batnandi á undanförnum árum, síðan viðreisnarstefnan kom til. Og ég spurði um það, hvort hann teldi, að sú fjárhæð, sem nú er í útreikningi vísitölu framfærslukostnaðar til húsnæðiskostnaðar, væri rétt eða sanngjörn. En þessi upphæð er um 920 kr. á mánuði. Tilefnið til þess, að ég spurði hæstv. ráðh. um þessi atriði, var það, að hæstv. ráðh. virðist hafa haft það hlutverk í hæstv. ríkisstj. frá upphafi að túlka það fyrir þjóðinni, að lífskjörin hafi farið sífellt batnandi, síðan viðreisnarstefnan kom til. Þetta hefur hæstv. ráðh. gert í öllum sínum ræðum og skrifum um margra ára skeið. En það mega þeir eiga, hæstv. ráðh. hinir, að um þetta hafa þeir sagt alveg sitt á hvað. Þeir hafa ýmist sagt, að lífskjörin færu batnandi, eða þeir hafa sagt, að það hafi verið óhjákvæmilegt að leggja byrðar á almenning í bili og skerða með því lífskjör hans. Ég er ekki að segja, að það sé neitt virðingarverður málflutningur að segja sitt á hvað, en ég held nærri því, að það sé betra en hjá hæstv. viðskmrh. að halda hinu fram.

En hæstv. ráðh. hefur alla tíð staðið fast á þessari skoðun sinni og hvergi hikað. Það er því um hann líkt og Galilei forðum, sem hvíslaði á úrslitastund: „Og samt snýst hún.“ Ég er ekki þar með að leggja að jöfnu þessa tvo visindamenn, Galilei og núv. hæstv. viðskmrh., því að annar hafði rétt fyrir sér, en hinn rangt. Ég hafði í rauninni í nótt sýnt fram á nokkur atriði, sem að mínum dómi sanna það, að lífskjör almennings hafi farið versnandi. Ég benti m. a. á, að á undanförnum sjö árum hefur vísitala neyzluvöruvarnings hækkað um 80%, og þessu hefur aldrei verið mótmælt, að af þessum

80% var hækkunin 10½% fyrstu þrjú árin, þ. e. frá 1. okt. 1956 til 1. okt. 1959, en fjögur síðustu árin, frá 1. okt. 1959 til 1. okt. 1963, hefur hækkunin orðið 69½%. Hæstv. ráðh. bar ekki við að mótmæla þessu. Ég nefndi einnig, að vísitala tímakaups Dagsbrúnarverkamanns hefði hækkað á þessum 7 árum um 53%, þegar vísitala neyzluvöruverðlagsins hefði hækkað um 80%. Hann mótmælti þessu ekki heldur. Ég sýndi í þriðja lagi fram á það, að kaupmáttur tímakaups væri lægstur núna í október 1963, sem hann hefði verið frá því í janúar 1958, en nú er hann 82 stig á móti 100 1945 og móti 104 í des. 1958. Á þessu tímabili hefur vísitala kaupmáttarins aldrei orðið lægri en hún er nú.

Og hver voru svo svör hæstv. ráðh. við þessu, til sönnunar því, að samt hefðu lífskjörin farið batnandi? Ég heyrði þau ekki, og hafi hann komið með þau, þá skildi ég þau ekki. En hæstv. ráðh. svaraði, jafnvel þótt hann væri orðinn ákaflega syfjaður, sem von var, þegar klukkan var hér um bil fjögur, en hann svaraði, og það er háttur hans og það er virðingarvert að reyna þó að svara, þótt erfitt sé að svara, — hann byrjaði reyndar dálítið út í hött, hann fór að tala um kosningar í Barðastrandarsýslu 1956, þegar hann átti að svara því, hvort lífskjör almennings hefðu batnað á síðustu árum. Það getur stundum verið gott ráð að fara að tala um eitthvað annað en maður á að tala um, þegar hann er í vandræðum. Nú hef ég ekkert á móti því að ræða við hæstv. ráðh. um kosningar í Barðastrandarsýslu 1956. Hann sagðist þá hafa verið þar á ferð með mér og hv. 1. þm. Vestf., og hann hældi mér á hvert reipi, ég hefði staðið mig alveg ágætlega. (**Forsrh.**: Þá hefur hann verið orðinn mikið syfjaður.) Þá var hann vakandi. Það var í nótt, sem hann var syfjaður. Hann var vakandi þarna um vorið. Það getur dugað í einstökum tilfellum að nota skjall, en það dugir ekkert á mig. En hitt skal ég játa hreinskilnislega, að þarna hitti ráðherrann á veikasta punktinn hvað mig snertir, því að það verð ég að segja alveg eins og er, að ég get varla komizt hjá að roðna, þegar minnt er á það, að ég hafi verið í pólitískum félagsskap með Alþfl., jafnvel eins og hann var þá, hvað þá heldur eins og hann er nú. Árangurinn af því að hafa hæstv. núv. viðskmrh. í ferðalagi með sér 1956 varð sá, að þá fékk ég 41% af greiddum atkv. í Barðastrandarsýslu, og var þá talið, að allur Alþfl. væri með mér, enda hefði hæstv. núv. viðskmrh. gengið svo frá, að þar bilaði enginn. En það var kosið þremur árum seinna, vorið 1959. Þá hafði ég engan Alþfl. til stuðnings og enga Gylfaginningu til stuðnings, og hvernig urðu úrslitin þá? Þá fékk ég 43%. Ég græddi á því að vera laus við Alþfl., og ég held, að allir græði alltaf á því að vera lausir við hann.

Hæstv. viðskmrh. endurtók í nótt fyrri staðhæfingu sína um vísitölu framfærslukostnaðar, þá staðhæfingu, að þessi vísitala hafi aldrei sýnt og hafi aldrei átt að sýna raunveruleg útgjöld meðalfjölskyldu í landinu. Ég sagði það þá, að ég hefði ekki heyrt þessa staðhæfingu fyrr, og ég efast um, að nokkur maður hafi heyrt hana, fyrr en hann kom með hana í ræðu við 1. umr. þessa máls. Ég las upp úr Hagtíðindum frá því í apríl 1959, þar sem gerð er grein fyrir, hvernig vísitalan er reiknuð út og hvaða rannsókn hafi farið fram, áður en hún var upp tekin, áður en var tekin upp sú regla að reikna hana á þennan hátt. Þetta er allt frá 1939, og ég get gjarnan endurtekið þessi fáu orð, þau standa í Hagtíðindum, í aprílhefti 1959, þar sem segir, að 50 launþegar hafi verið fengnir til að halda búreikninga eitt ár frá júlíbyrjun 1939 til júníloka 1940. Og loks segir: „Þessi grundvöllur var reiknaður miðað við verðlag á fyrsta ársfjórðungi 1939, og var heildarútgjaldaupphæð hans látin jafngilda frumtölu 100.“ En hæstv. ráðh. segir, að það sé miðað við tekjurnar, en alls ekki útgjöldin, þegar lagður var grundvöllur að vísitölunni. Þó stendur þarna skýrum stöfum, að heildarútgjaldaupphæðin hafi verið lögð til grundvallar. Og enn segir í sama hefti Hagtíðinda um rannsóknina á vísitölugrundvellinum 1953—1954, að hún hafi verið byggð á rannsókn á neyzluvali almennings, grundvöllurinn hafi verið byggður á búreikningum launþegafjölskyldu, og niðurstaðan er þessi orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Lokaniðurstaðan varð sú, að frá 80 fjölskyldum fengust nothæfar skýrslur um ársútgjöld þeirra.“ Samt kemur hæstv. ráðh. hér og segir, að þetta sé allt saman vitleysa og blekking, það hafi aldrei verið miðað við útgjöld fjölskyldunnar, heldur tekjurnar. (**Menntmrh.**: Heldur þú, að fólkið hafi engar tekjur haft?) Það var ekki miðað við þær fyrir það. Það sér hver einasti maður, að þarna er reiknað út það magn, sem fjölskyldan notar, með því verði, sem þá er, og þetta er grundvöllurinn. Þetta á allt að vera markleysa, ekkert að marka Hagtíðindin!

Hver er svo tilgangur hæstv. ráðh. með að halda þessari kenningu fram, halda þeirri kenningu fram, að útgjaldaupphæðin, sem stendur í Hagtíðindunum í októberhefti núna, 95 500 kr. yfir árið, reiknað með rúmlega 900 kr. húsnæðiskostnaði á mánuði, sé markleysa? Á þá hæstv. ráðh. við það, að útgjöldin séu kannske miklu minni, þetta sé allt vitlaust hjá hagstofunni, það sé ekkert að marka þetta? Ég vil spyrja hæstv. ráðh. Meinar hann það, að útgjöldin séu miklu minni? Eða meinar hann kannske, að þau séu miklu meiri? Hvað meinar hann? Það getur enginn tilgangur verið í þessari kenningu hans, ef hann á við það, að útgjöldin séu meiri, því að þeim mun meiri nauðsyn er á því að hækka kaup þeirra láglaunamanna, sem geta ekki staðizt þessi útgjöld. Nei, hann meinar það áreiðanlega ekki. Hann hlýtur að meina hitt, að útgjöldin séu miklu minni. En ef þessi útgjöld eru minni, þá er ekki hægt að lækka þau með öðru móti en minnka það magn af hverri einustu vörutegund, sem hagstofan reiknar með. Það er ekki hægt að fá þessa upphæð niður með öðru móti en minnka magnið, sem reiknað er með í grundvelli vísitölunnar, því að verðlaginu verður ekki breytt, þó að hæstv. ráðh. kannske vildi það nú, þá hefur hann a. m. k. ekki gert það. Og hvað á þá að minnka? Er talin of mikil mjólk, sem fjölskyldunni er ætlað að neyta? Er talið

of mikið kjöt? Er talinn of mikill fatnaður? Er talið of mikið brauð? Hvað er það, sem á að minnka? Eitthvað verður það að vera, ef þessi tala á að lækka. Ég verð að segja, að það sé með öllu vonlaust fyrir hæstv. ráðh. að halda þessu fram, að vísitala framfærslukostnaðar sé út í loftið, hún sé ekki byggð á útgjöldum, sem fundin eru með ýtarlegri rannsókn. Hitt er aftur á móti rétt, sem ég skýrði frá í nótt, að vísitölu framfærslukostnaðar, eins og henni er núna hagrætt af stjórnarvöldunum, er ekkert að marka, miðað við vísitölu framfærslukostnaðar, sem var fyrir 1. marz 1959, því að það er búið að gerbreyta henni. En vísitala neyzluvöruverðsins er reiknuð út með sama hætti og alltaf hefur verið gert, og sú vísitala væri nú 331 stig, ef henni hefði ekki verið breytt, hvorki verið breytt í 100 1. marz 1959 og ekki heldur breytt útreikningnum með því að taka inn fjölskyldubætur og beina skatta. En þetta er staðreynd, og ég veit, að hæstv. ráðh. neitar þessu ekki. Hún væri 331 stig núna, ef hún væri reiknuð með sama hætti og áður.

En vísitölugrundvellinum er ekki hægt að mótmæla. Það er ekki hægt að segja hagstofuna fara með blekkingar. Hún skýrir rækilega frá þessu, og það hef ég lesið upp. Og ég vil heita á hæstv. ráðh. að reyna að fá eitthvert vitni með sér til þess að staðfesta kenningu hans, ef hann getur fengið það hér innan þings. Ég bíð eftir því, að einhverjir komi, einn eða tveir. Ég býst við, að það verði aldrei fleiri, sem fást til þess að staðfesta þessa kenningu hæstv. ráðherra.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef hlustað hér á mál manna síðan við upphaf 1. umr. þessa máls, og ég álít eðlilegt að leggja nú nokkur orð í belg við þessa síðustu umr. málsins hér í hv. d. og þá einnig meðfram til þess að svara sumu af því, sem til mín hefur verið beint af ýmsum í þeim ræðum, sem fluttar hafa verið af hendi hæstv. ríkisstj.

En áður en ég kem að því, vil ég biðja menn að beina huganum að því, rifja það upp fyrir sér í huganum, að hverju þessar umr. hafa beinzt af hendi hæstv. ráðh., sem einir að undanskildum frsm. meiri hl. fjhn. hafa talað hér fyrir þessu máli stjórnarflokkanna. Hafa þessar umr. af hendi þeirra yfirleitt beinzt að því að sýna fram á, að þetta frv. sé réttmætt eða sanngjarnt? Hafa þeir gert tilraunir til þess að sýna fram á, að það væri sanngjarnt að lögbinda verkamannakaup núna 67 þús. kr. og banna með lögum að hækka það frá því, svo að ég nefni dæmi? Nei, þeir hafa ekki treyst sér til að verja þetta með því, að þetta væri sanngjarnt og eðlilegt, ef undan er skilin einhver lítils háttar tilraun í þessa átt af hendi hæstv. viðskmrh., og var mér þó ekki vel ljóst, hvort átti að skilja ummæli hans beinlínis þannig, að hann leyfði sér að bera sér það í munn, að þetta væri sanngjarnt. En í kringum það var hann þó að tala. Það er þá líka aleina tilraunin, sem gerð hefur verið úr stjórnarherbúðunum til þess að sýna fram á, að það nálgist nokkuð að geta heitið réttlæti eða yfirleitt að það gæti staðizt að lögfesta verkamannakaup 67 þús. kr. á ári.

Hafa menn orðið varir við það, að hæstv. ráðh. hafi reynt að færa rök fyrir því, að það væri sanngjarnt og eðlilegt að banna með lögum að samræma kaupgjald skrifstofufólks og verzlunarfólks við kaupgjald sams konar fólks, sem vinnur í þjónustu ríkisins? Hafa hæstv. ráðh. reynt að færa rök fyrir því, að þetta sé sanngjarnt eða þetta geti yfirleitt staðizt? Hvaða rök ættu að vera fyrir því að banna einkafyrirtækjum og félagsfyrirtækjum í landinu með lögum að greiða sama kaup og ríkisvaldið ákveður sjálft að greiða því fólki, sem vinnur fyrir það nákvæmlega sams konar störf, því að um það er að ræða í mörgum dæmum? Væri nú ekki rétt fyrir hæstv. ráðh. að reyna að lofa mönnum að heyra einhver frambærileg rök fyrir þessu, áður en þeir berja þetta mál hér í gegnum þessa hv. d.? Það hefur sem sé ekki vottað fyrir því enn þá, að hæstv. ráðh. hafi reynt að sýna fram á, að í þessu væri nokkurt réttlæti eða nokkur sanngirni eða yfirleitt, að þetta gæti staðizt, enda býst ég við því, að þetta sé algert einsdæmi, að svona sé farið að í nokkru landi. Ég geri tæpast ráð fyrir því, að það geti nokkurs staðar verið til, að ríkisvaldið sé notað til þess að banna, að aðrar kaupgreiðslur í landinu séu í samræmi við kaupgreiðslur þess fyrir sams konar störf. En í staðinn fyrir að reyna að færa rök að þessu er bara hamrað á því, að það sé komið þannig með framleiðsluatvinnuvegi landsins, að þeir geti ekki borgað hærra kaup, og það enda þótt nýbúið sé, ýmist með beinu samþykki hæstv. ríkisstj. eða a. m. k. hún hefur horft á það algerlega afskiptalaust, að hækka svo að segja allt hærra kaupgjald í landinu, eins og hér hefur verið rækilega sýnt fram á í þessum umr.

En þegar kemur að því að fá fram leiðréttingar á þessu kaupgjaldi, sem ekki fær með nokkru móti staðizt, þá tekur ríkisstj. sig til og heimtar, að kaupgjald sé fastbundið með lögum, og segir: Það er ekki hægt að borga hærra kaup. — Og það er dálítið gott dæmi um það, sem þá er gripið til í sambandi við röksemdafærsluna, að hæstv. viðskmrh. var sendur út af örkinni til þess að sanna þetta í gær. Menn yrðu að sjá það, að stjórnin hefði ekki átt annan kost en að lögfesta kaupið, og rökin voru þessi: Það eru greiddar út 1800 millj. í vinnulaun á vegum sjávarútvegsins, sagði hæstv. viðskmrh. og leggur þar, að því er manni skilst, ef þá nokkuð er að marka þessa tölu, í einn bunka öll laun, sem greidd eru beint eða óbeint á vegum sjávarútvegsins, ekki aðeins laun eða hlutagreiðslur á öllum bátaflotanum og laun allra þeirra, sem koma nærri öllum fyrirtækjum, sem vinna beint í þágu sjávarútvegsins, heldur jafnvel einnig laun annarra, sem vinna óbeint í þágu sjávarútvegsins. Síðan segir hæstv. ráðh., og það eru rökin: Verkamenn hafa heimtað 40% kauphækkun, og þess vegna er ekki nema um tvennt að ræða, að hækka allt þetta kaup, eins og það leggur sig, um þessa kröfu, 40%, eða setja löggjöf um, að ekki megi hækka neitt kaup í landinu um einn einasta eyri. — Þetta eru rökin.

Þetta eru rök hæstv. ráðh. Hann segir: Þið sjáið, að það er ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort verður að hækka allt kaupgjaldið um þessi 40%, sem verkamenn hafa óskað eftir, það hæsta jafnt sem annað kaup, og það kostar 700 millj., segir ráðh., eða banna allar hækkanir. Krafa verkamanna um lagfæringu á þeirra kaupi, segir ráðh., að kosti 700 millj., og því sé ekki annað að gera en grípa til þess að lögfesta kaupið. Svo segjast þessir hæstv. ráðh. endilega vilja samninga, en menn hljóti að sjá, að jafnvel þótt þeir séu uppfullir af samningsvilja, þá hljóti þeir að gera þetta, þegar verkamenn óski nú eftir kauphækkun, þeim sé nauðugur einn kostur. Og vegna hvers? Vegna þess að það séu borgaðar alls út 1800 millj. á vegum sjávarútvegsins og 40% hækkun á því öllu saman mundi verða óviðráðanlega há fjárhæð. En samninga segjast þeir samt vilja við verkamenn umfram allt.

Ætli það hefði ekki verið ofur lítið nær lagi og raunsærra fyrir hæstv. viðskmrh. að greina frá því, að vandamálið, sem fyrir lá, voru óskir um hækkun á kaupi landverkafólksins, fyrst og fremst landverkafólksins og þess fólks, sem hefur lægst launin? Ætli það hefði ekki verið heiðarlegra fyrir hæstv. viðskmrh., ef hann vildi ræða þetta vandamál eins og það raunverulega liggur fyrir, að upplýsa, að allt kaupgjald í öllum hraðfrystihúsunum samanlagt er langt undir 200 milljónum króna. Ætli það gefi ekki ögn sannari mynd af því vandamáli, sem hér er nú við að fást?

Síðan fór hæstv. ráðh. að segja frá, hvað það væri fjarri lagi, að hægt væri að ráða við svona viðfangsefni, eins og menn sæju á þessum risatölum, sem hann hefði nefnt, og hefðu þá ýmsir verið að spreyta sig á því að leggja til ýmis úrræði, en það var allt svo smávægilegt, sem til var tínt, að það væri eins og dropi á móti þessum hafsjó, sem annars vegar væri við að glíma. Ætli það hefði þá ekki einnig verið nær því að upplýsa þetta vandamál að gera grein fyrir því, að hraðfrystihúsin munu borga um 60—70 millj. kr. í útflutningsgjaldið eitt? Samanlögð laun allra harðfrystihúsa, þar með talin öll laun, ekki þeirra lægst launuðu aðeins, öll laun í hraðfrystihúsum, líka þeirra hæst launuðu, allra, eru talsvert minið innan við 200 millj., en þau verða að skila útflutningsgjaldi upp á 60—70 millj. Og hefði það ekki líka verið ögn heiðarlegra fyrir hæstv. ráðh. að upplýsa einnig, í staðinn fyrir að vera með þessar blekkingar, sem hann kom með í sambandi við vextina í þessu sambandi, að það getur ekki farið hjá því, að vextirnir í hraðfrystihúsunum eru upp undir álíka fjárhæð og útflutningsgjaldið, og byggi ég það á upplýsingum, sem ég hef fengið um verðreikninga í hraðfrystihúsunum, bæði fyrr og síðar, og raunar skýrslum, sem ég veit að eru til frá þeim um þessi efni. M. ö. o.: verkefnið, sem hér lá fyrir, var að leysa úr sanngjörnum óskum þeirra lægst launuðu í landinu fyrst og fremst, verkafólksins, og þá liggur dæmið svona fyrir, eins og ég hef verið að lýsa, en ekki á þá lund, sem hæstv. ráðh. var að skrumskæla þetta mál í gær til afsökunar fyrir því fáheyrða frumhlaupi, sem hér er verið að framkvæma.

Til viðbótar þessu koma svo aðrir liðir, sem til greina getur komið að slaka til á til þess að leysa þennan vanda, og ég hef það fyrir satt, að t. d. varðandi saltfiskverkun og skreiðarverkun sé kaupgjaldið þó enn minni hluti tiltölulega af heildarframleiðsluverðinu en í frystihúsunum. Sannleikurinn er sá, og það vitum við, að það eru hraðfrystihúsin, sem fyrst og fremst eiga við erfiðleikana að etja í sambandi við lausn á þessu vandamáli, þau fyrst og fremst. Aðrar stofnanir við sjávarsíðuna, sem taka á móti fiskafla, eiga alls ekki við sams konar erfiðleika að stríða. En hjá hraðfrystihúsunum lítur dæmið út eins og ég hef sagt.

Síðan kemur hæstv. viðskmrh. og aðrir talsmenn ríkisstj. og segja, að það sé ábyrgðarleysi og lýðskrum og jafnvel það an af verra að leyfa sér að benda á, að hægt sé að leysa þetta mál öðruvísi en með því að lögbinda það kaup, sem nú er greitt. Þá vil ég segja, að ef til þarf að grípa, ef t. d. útflutningsgjaldið væri lækkað verulega og aðrar álögur á fiskiðnaðinn, þá hefur ríkið yfir nægilegu fjármagni að ráða til þess að leysa það vandamál. Ríkistekjurnar fara mörg hundruð millj. fram úr áætlun á þessu ári, þannig að það, sem þyrfti að nota af ríkisfé til þess að leysa þetta vandamál, yrði ekki nema lítið af þeim gífurlegu umframtekjum, sem sópað er nú í ríkissjóðinn með þeim álögum, sem hafa verið lagðar á landsmenn og meiningin er að láta standa áfram.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir berja hæstv. ráðh. höfðinu við steininn og segja: Það er engin önnur leið til út úr ógöngunum. — Þeir treysta sér auðvitað ekki til að halda því fram, að það sé nokkur sanngirni til í þessu eða neitt réttlæti. Þeir þora ekki að ræða þá hlið málsins hreinlega, þora það ekki, treysta sér ekki til þess, tönglast sífellt á því, að vandamálið sé óleysanlegt. Það á að telja þjóðinni trú um, að það sé óleysanlegt að ganga nokkuð til móts við kröfur þeirra lægst launuðu, þótt það sé metár í allri framleiðslu og fyrir liggi, þannig að ekki verður um deilt, að það er ómögulegt fyrir fjölskyldumenn að lifa á því kaupi, sem borgað er fyrir venjulegan vinnudag. Hafa menn svo athugað, hvílíkur vitnisburður það er um árangur viðreisnarinnar, sem þessir hæstv. ráðh. eru að flytja hér dag eftir dag, þegar þeir segja: Framleiðslan þolir ekki að hækka verkamannakaupið frá því, sem það er í dag? — Framleiðslan þolir það ekki. Það er sama og að slá því algerlega föstu, að íslenzk framleiðsla geti ekki með nokkru móti staðið undir mannsæmandi launum handa því fólki, sem við hana vinnur, nema því aðeins að það vinni miklu lengri vinnutíma en tíðkast nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli.

Og hverjir hafa þá leikið framleiðsluna í landinu á þessa lund, ef svona er komið? Ekki var svona ástatt fyrir örfáum árum. Hverjir hafa þá leikið hana svona? Ekki hafa orðið áföll af náttúrunnar hendi, aflinn er betri en nokkru sinni áður, verðlagið ágætt. Geta hæstv. ráðh. ekki séð, að það er eitthvað bogið við þetta? Geta þeir ekki séð, að það hlýtur eitthvað að vera bogið við þetta? Það þarf að reikna þetta dæmi allt upp aftur. Þeir mega ekki bíta sig í þessa fá-

sinnu og snúast alltaf í þeim hring, sem þeir virðast hrærast í. Þeir verða að reyna í alvöru, ef þeir ætla ekki að fara frá, verða í alvöru að reyna að finna leiðir til að koma fram á þessu raunverulegum lagfæringum, því að reyni þeir að fara þessa leið í bili, að halda niðri kaupi verkamanna og bænda með svona ráðstöfunum, þá stendur það ekki stundinni lengur. Þeir leysa ekkert með því. Þeir auka aðeins stórkostlega vandann, vegna þess að það verða alls konar framleiðslutruflanir og stórfelld vandkvæði, sem fylgja í kjölfar þess að fara svona fruntalega að. Ég er alveg hissa á því, að hæstv. viðskmrh. skuli halda, að svona röksemdafærsla, ef því nafni skyldi kalla það, eins og hann leyfði sér að viðhafa, hafi nokkra þýðingu til að upplýsa þetta mál.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að framsóknarmenn væru ábyrgðarlausir, og hann talaði um pólitíska spekúlanta, það áttu víst að vera við. En ég hef nú bent á málflutning þessa hæstv. ráðh., og ég segi: Það er fullkomlega ískyggilegt, þegar þeir, sem settir eru fyrir málefni þjóðarinnar, æsa sig upp á þessa lund og flytja mál sitt á þann hátt, sem hæstv. viðskmrh. gerir, og það ástand er beinlínis hættulegt, þegar slíkir menn eiga að taka ákvarðanir um hin vandasömustu mál. Það er auðvitað ákaflega þýðingarmikið, að stjórnarandstaðan sé ábyrg og reyni af fremsta megni að vera það og benda á skynsamlegar leiðir, þó að hún eigi að mörgu leyti mjög erfitt með að benda á úrræði í einstökum atriðum, vegna þess að það er haldið fyrir henni þýðingarmiklum upplýsingum, því að það er nú síður hér. En það er a. m. k. ekki þýðingarminna, að stjórnin sjálf, sem falið hefur verið forræði landsmálanna, sé ábyrg, ekki aðeins í þeim till., sem hún gerir, heldur einnig í málflutningi sínum.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að við hefðum ekki bent á neinar leiðir í þessu sambandi. Það er vitaskuld algerlega rangt. Hann sagði, að það væru aðrir, sem væru þó ábyrgari en við, en mundu vera hlynntir framsóknarmönnum, og það væru forráðamenn frystihúsanna á vegum samvinnufélaganna, sem nýlega hefðu komið saman til fundar. Og hann sagði: Þeir bentu á úrræði, sagði hæstv. viðskmrh. Og svo taldi hann upp, hver væru úrræðin: Að vextir væru lækkaðir. Höfum við ekki bent á það? Að útflutningsgjald yrði lækkað. Höfum við ekki bent á það? Að tollar á nauðsynjum til útgerðarinnar og sér í lagi til fiskvinnslunnar yrðu lækkaðir. Höfum við ekki bent á það? Að það yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að afla lánsfjár, svo að t. d. frystihúsin ættu auðveldara með að fá sér nýtízku vélar og vélbúa sig og koma við allri eðlilegri tækni. Höfum við ekki einmitt bent á það, sem eitt aðalúrræði í þessum málum?

M. ö. o.: hæstv. ráðh. telur það ábyrgðarleysi, þegar við bendum á þessi úrræði, en þegar aðrir gera það, þá sýnist þetta vera góð og gild vara. Hitt er svo annað mál, að hæstv. ráðh. tók sér síðan fyrir hendur að gera lítið úr þeim árangri, sem af þessum úrræðum gæti leitt, ef til þeirra væri gripið. En þar greip hann til þess að snúa staðreyndunum algerlega við, því að þá kom hann inn á þetta dæmalausa, sem ég var að lýsa áðan, að vandamálið væri þannig vaxið, að það yrði að hækka um 40% allt kaupgjald allra, sem kæmu nálægt sjávarútvegi. Það væri ekki nema um tvennt að ræða, annars vegar það eða að lögbinda allt kaupgjald í landinu. Það er auðvitað ekkert annað en fölsun á staðreyndum að halda þessu fram, að málin liggi fyrir á þessa lund, eins og ég hef hér rækilega rakið.

Ég verð að segja, að ég harma það, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa gripið til þess óyndisúrræðis, sem þessi löggjöf er, í stað þess að fara hina leiðina, sem við höfum bent á og rökstutt á þann hátt, að það er ómögulegt að komast fram hjá því. Það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn, þessi leið er til og hún mundi vera líkleg til þess að leiða til sátta í þessum málum og koma á eðlilegu samstarfi um þau.

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að það væri til marks um óvandaðan málflutning framsóknarmanna og minn sérstaklega, að ég væri alltaf að hamra á því, að meðalfjölskylda þyrfti 95 þús. kr. til að geta lifað og þó meira, vegna þess að þá væri aðeins reiknað með 922 kr. í húsaleigu, og því þyrfti meðalfjölskylda eftir vísitölugrundvellinum í raun og veru talsvert mikið yfir 100 þús. kr. til þess að geta lifað. Hann sagði, að það væri ósvífni að nota þessa tölu í samanburði við það kaupgjald, sem þyrfti að greiða í landinu, eða kaupið, sem nú ætti að lögfesta, vegna þess að vísitalan sýndi alls ekki, hvað menn þyrftu á að halda til þess að geta lifað.

Hv. 3. þm. Vestf. (SE) hefur nú svarað þessu svo rækilega, að það þarf ekki við það að bæta, því að þessi tala í Hagtíðindunum er byggð á því, sem skýrslur sýna að ákveðin tala af fjölskyldum hefur þurft til að geta lifað. En mér grömdust þessar blekkingar hæstv. ráðh., og ég kallaði fram í fyrir honum og spurði hann að því, hvort hann vildi þá ekki gera málið einfalt með því að gera bara grein fyrir því, hvernig ætti að lifa af 67 þús. kr. á ári. Það vildi ráðh. ekki gera, hann skaut sér undan því og hélt áfram að tala um lýðskrum annarra.

En nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Vill hann ekki gera þetta? Hann er sjálfur að leggja það til að lögfesta þetta kaup sem greiðslu fyrir 8 stunda vinnudag, 67 þús. kr. Er það lýðskrum eða ósvífni að fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann geri tilraun til að gera mönnum grein fyrir því, hvort hægt er fyrir fjölskyldu að lifa af þessu eða ekki? Og ég spyr hæstv. ráðh. enn, ég sé, að hann er ekki við. (Menntmrh.: Jú, hann er hér.) Og ég spyr hæstv. ráðh. enn: Vill hann ekki gera tilraun til þess arna? Veit hæstv. ráðh., hvað húsaleigan er orðin? Hefur hann hugmynd um það? Hvað heldur hann, að fjölskylda þurfi að borga nú mörg þús. kr. á mánuði í húsaleigu, og hvað heldur hann, að muni vera mikið eftir af þessu kaupi á mánuði, þegar búið er að greiða viðreisnarhúsaleiguna, að ég nú ekki tali um, hvað unga fólkið muni þurfa að borga í hús-

næðiskostnað, sem er að reyna að koma sér upp íbúðum núna með nýja verðinu, sem viðreisnin hefur lagt grundvöllinn að?

Ég held, að það sé engin ósvífni að krefjast þess af hæstv. ráðh., að hann geri grein fyrir því, hvernig hann hugsar sér, að þetta sé hægt. Það er ekki hægt að sleppa frá þessu með einhverju fimbulfambi um tölur, sem enga stoð eiga í veruleikanum, eða fimbulfambi fram og aftur um vísitölugrundvöllinn. Við skulum bara sleppa því að ræða nokkuð um vísitölugrundvöllinn. Við skulum halda okkur að þessu, fyrst ráðh. vill það. Við skulum alveg hætta að hugsa nokkuð um þessa vísitölu eða hvað sett er á hagskýrslur og yfirleitt hætta að hugsa um þessa talnaþvælu, sem hæstv. ráðh. er hér sífellt með. Við skulum þess í stað velta fyrir okkur staðreyndunum einföldum. Ég fer fram á, að ráðh. velti fyrir sér staðreyndunum og reyni að gera mönnum grein fyrir því, hvernig á að fara að því að lifa á verkamannakaupinu. Sömuleiðis, hvernig bændur eiga að geta lifað af þeim tekjum, sem þeim eru ætlaðar. Er það mögulegt, að hæstv. ráðh., sem er hagfræðingur, sjái ekki, hvað þeir eru búnir að gera, þegar hann athugar þessa staðreynd um kaupgjaldið í landinu og kostnaðinn við húsnæðið og kostnaðinn við að lifa, og svo hins vegar aftur fullyrðingarnar, sem þeir eru með um afkomu framleiðslunnar? Hvað eru þeir búnir að gera við íslenzkan þjóðarbúskap? Finnst þeim þetta ekki glæsilegur árangur af viðreisninni, sem þeir eru sjálfir að lýsa? Finnst þeim hann ekki glæsilegur? Ef hann er glæsilegur, þá vantar eitthvað inn í lýsinguna hjá þeim sjálfum. Þá vantar t. d. þetta, sem ég var að fara fram á áðan, að gerð sé grein fyrir því, hvernig menn eiga að lifa á kaupinu.

Ég get alveg eins búizt við því, að hæstv. ráðh. svari þessu, ef hann þá svarar því, á þá lund, að hann segi: Byrjaður er hann enn með lýðskrumið. Hann miðar við 8 stunda vinnudag. Hverjum dettur í hug að miða við 8 stunda vinnudag? Það á að miða við miklu lengri vinnudag, segir ráðh. Menn hafa miklu meiri tekjur en þetta. Menn vinna á nóttunni, menn vinna fram eftir öllum kvöldum, og menn hafa meiri tekjur, menn geta vel lifað. Það er allt í lagi með að lögfesta þetta kaup.

En hvert er þá hæstv. ráðh. kominn? Hann telur sig vera einn af leiðtogum Alþfl. Hann segir, að það sé hneyksli og lýðskrum, — ég bið menn að taka eftir því, það eru engar getsakir, — hann segir, að það sé hneyksli og lýðskrum að gera ráð fyrir því, að menn geti dregið fram lífið af 8 stunda vinnu á dag hvern virkan dag ársins. Þannig er komið fyrir leiðtogum Alþfl. Þeir telja það hneyksli og lýðskrum að gera ráð fyrir slíku. Og þeir frábiðja sér allar spurningar byggðar á slíku, eins og nokkrum detti annað eins í hug, og telja þær fyrir utan efnið, það komi málinu ekkert við, það geti enginn til þess ætlazt, að menn geti lifað af því, sem þeir fá fyrir 8 stunda vinnu.

En samt sem áður er nú við margar ákvarðanir í launum miðað jafnvel við miklu minni vinnu en 8 stunda vinnu á dag, og þau laun hafa verið stórkostlega hækkuð. En þegar kemur að því fólki, sem starfar að framleiðslumálunum, þá er hneyksli að gera ráð fyrir því, að menn geti dregið fram lífið af 8 stunda vinnu á dag. Ég veit, að hæstv. ráðh. sér, hversu hörmulega þessi mál eru komin, og það er einmitt af því, sem hann er svona viðskotaillur, hæstv. ráðh. En það leysir engan vanda, þó að hann hreyti hér einhverju, það leysir engan vanda, því miður. Það væri ósköp einfalt, ef þetta væri allt saman tóm fjarstæða, sem við erum að halda fram, þá væri þetta ákaflega einfalt. Það væri betur, að svo væri. Sannarlega væri betur, að svo væri. En því er nú verr, að þetta eru blákaldar staðreyndirnar, sem við erum að benda á, og fram hjá þeim kemst hæstv. ríkisstj. ekki, þó að hún sé að reyna það í bili með þessum aðferðum, því að það er náttúrlega alveg gersamlega óhugsandi, að til lengdar sé hægt að halda mönnum svo niðri sem að er stefnt með þessu frv.

Svo segir hæstv. forsrh., og hæstv. viðskmrh. tók það eftir honum líka, að í raun og veru væri þetta allt gert fyrir þá lægst launuðu, þetta væri gert fyrir þá, þeir ættu að hafa mestan áhuga fyrir þessu máli, þetta væri gert til að tryggja þá. Þetta er einkennilegur málflutningur, ég verð að segja það, ég fæ ekki skilið þetta, að hækka fyrst öll eða mestöll hærri laun í landinu, rjúka síðan til og krefjast lögbindingar á öllu öðru kaupi, þegar kemur að hinum, og segja svo, að það sé gert til hagsbóta fyrir þá, sem á að binda á höndum og fótum, eftir að hinir hafa fengið úrlausn sinna mála.

Það er sagt, eins og ég tók fram áðan, að framleiðslan geti ekki borgað og þess vegna verði að fara þessa leið. Ég hef rætt það atriði nokkuð. Þann vanda er hægt að leysa með því að breyta um stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum. Þá er hægt að leysa þann vanda. En þá er líka sagt, að það sé ofþensla og hún stafi, segja ráðh., af of miklum einkaframkvæmdum, þeir hafa tekið það upp hver eftir annan, of mikilli einkaeyðslu, einkaneyzlu, of miklum einkaframkvæmdum. Og þetta vandamál á að lækna, takið eftir því, þetta vandamál, ofþensluna, sem er fyrir of miklar einkaframkvæmdir og of mikla neyzlu í landinu, á að lækna með því að láta fyrst hækka laun allra þeirra hærra launuðu, en binda síðan laun hinna. Ætli það mundi vera nokkur stórkostleg hætta á gífurlega auknum einkaframkvæmdum, þó að verkamenn og þeir, sem lægstu launin hefðu í landinu, fengju nokkuð bætt kjör sín frá því, sem nú er? Ætli það sé frá þessum heimilum, sem helzt er að vænta þeirrar eyðslu og þeirra stórfelldu einkaframkvæmda, sem stjórnin telur sér svo mikið í mun að minnka? Ætli það sé frá þessum heimilum, sem slíkrar eyðslu er að vænta, eða á vegum þessara fjölskyldna, sem hægt er að gera ráð fyrir stórframkvæmdum? Þetta eru harla nýstárlegar aðferðir til þess að lækna

ofþenslu. En aðferðirnar eru sem sagt þær að halda niðri neyzlu almennings, til þess að þeir, sem hafa meira fjármagn, geti leikið lausum hala með sínar framkvæmdir, það er meginstefnan, til þess að þeir geti komið sínu fram og haldið áfram að leika lausum hala.

Nú finnst mér sannast að segja, að það hefði verið ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj., eins og ég hef þegar tekið fram, að færa betur rök fyrir þessu máli en hún hefur gert. En hún hefur lítið að því gert. Í þess stað hefur verið talað nokkuð um það, sem gerzt hafi áður hér í landinu. Og sumt af því, sem rætt hefur verið um í því sambandi, gerðist fyrir meira en 20 árum. Ætli það væri ekki nær fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að átta sig á því verkefni, sem liggur fyrir í dag, heldur en að ræða þau úrræði, sem gripið var til fyrir meira en 20 árum? Því hefur verið haldið fram, að það hafi oft áður verið lögbundið kaupgjald og samningsrétturinn tekinn af verkalýðsfélögunum. En sannleikurinn er sá, að síðustu 20 árin hefur kaupgjald aldrei verið bundið með lögum. Það hafa verið lögfest einstök lagaákvæði varðandi vísitöluna og til þess að koma í veg fyrir, að hún hækkaði verðlag og kaupgjald vélrænt á víxl, en grunnkaup hefur ekki verið bundið með lögum síðustu 20 árin. Það hefur ekki verið bundið með lögum síðustu 20 árin. Það hefur ekki þótt fært eða réttmætt að leggja út í slíkt.

Í sambandi við þetta hefur gerðardómslöggjöfin frá 1942 verið nefnd, og þó að það hafi harla litla þýðingu í sambandi við þetta mál að vera að ræða um það, sem gerðist fyrir rúmum 20 árum, vil ég þó fara nokkrum orðum um það efni, vegna þess að það hefur verið nefnt.

Það var á styrjaldarárunum, sem gerðardómslöggjöfin var sett. Og það er alveg óhætt að fullyrða, að þá hafði ekki, áður en hún var sett, farið fram almenn hækkun á öllu hæsta kaupi í landinu. Það er alveg öruggt. Hún var ekki sett við slík skilyrði. Gerðardómslöggjöfin var ekki heldur eins og þetta frv., sem nú á að reyna að lögfesta. Og ég vil í því sambandi gripa til þess að láta núv. hæstv. forsrh. lýsa því, hvað í gerðardómslöggjöfinni fólst. Hann sagði þá um gerðardómslöggjöfina:

„Í þessari löggjöf er ekki fyrirskipuð kauplækkun, eins og gert hafði verið 1939 með atkvæðum og einlægu fylgi Alþfl.“ Síðan segir hann: „Ekki einu sinni er fyrirskipað óbreytt grunnkaup. Nei, heimilt er að hækka grunnkaup til lagfæringar og samræmingar,“ segir hæstv. ráðh. um gerðardómslöggjöfina. „En síðan skal goldin alveg full og ótakmörkuð uppbót, eftir því sem vísitala verðlagsnefndar segir til um.“

M. ö. o.: eftir eigin lýsingu núv. hæstv. forsrh. á gerðardómslöggjöfinni var ekki í henni fyrirskipað óbreytt grunnkaup. En með þessari löggjöf er alveg skilyrðislaust fyrirskipað óbreytt grunnkaup. Og forsrh. segir meira: „Heimilt er að hækka grunnkaup til lagfæringar og samræmingar.“ En hér er verið að lögbjóða kaup og algerlega bannað að breyta því nokkuð til lagfæringar eða samræmingar. Enn fremur segir ráðh. réttilega þá, að síðan eigi að gjalda alveg fulla, ótakmarkaða uppbót, eftir því sem vísitala verðlagsnefndar segir til um, sem sé, hækka kaupið samkv. því, segir ráðh. En nú á að banna algerlega að hækka nokkurt kaup, hvað sem líður dýrtíðinni. Svo eru hæstv. ráðh. eitthvað að tala um, að þarna sé um hliðstæða löggjöf að ræða. En við sjáum nú, að það var hún náttúrlega alls ekki. En látum það nú vera. Það er kannske ekki aðalatriðið í sambandi við þetta mál, því að það er annað enn veigameira atriði, sem þarf að hafa í huga, og það er, að það tókst ekki að framkvæma gerðardómslöggjöfina, ekki einu sinni á styrjaldarárunum, og það jafnvel þó að hún væri svona. Jafnvel þó að hún gerði ráð fyrir því, að heimilt væri að bæta upp kaup eftir vísitölu, jafnvel þó að það væri heimilt að hækka kaup til samræmingar og lagfæringar, jafnvel þó að um styrjaldartíma væri að ræða, þá tókst ekki samt að framkvæma löggjöfina, vegna þess að menn vildu ekki una löggjöfinni í framkvæmd, af því að hún var skerðing á samningafrelsinu. Ég lærði a. m. k. mikið af þessu, og ég segi það án þess að skammast mín. En það lítur út fyrir, að hæstv. forsrh. hafi ekkert lært og minna en ekki neitt, því að nú er ekki aðeins, að hann komi með löggjöf, sem gerir ráð fyrir því að afnema alveg samningsréttinn, eins og gert var náttúrlega óneitanlega 1942 og ég var að skýra, heldur gerir hann einnig ráð fyrir því að setja miklu harðari og ósanngjarnari löggjöf á allar lundir, eins og enginn maður efast um, sem ber saman ummæli hæstv. ráðh. um gerðardómslöggjöfina þá við það, sem nú er að gerast, og það frv., sem hér liggur fyrir. Og það er engin tilviljun, að í 20 ár, síðan gerðardómslöggjöfin var samþ. og reyndist óframkvæmanleg, hefur ekki verið tekinn samningsrétturinn af verkalýðsfélögunum með löggjöf. Það er engin tilviljun. Það er m. a. vegna þess, að Framsfl. hefur aldrei léð máls á því síðan að gera það.

Svo halda þessir hæstv. ráðh., að við þurfum að taka þegjandi við ákúrum frá þeim um þessi efni og að það séu rök í þessu máli að vísa til þess, sem gerðist fyrir rúmum 20 árum og reyndist á þá lund, sem ég hef verið að lýsa.

Minn tilgangur var áreiðanlega góður með því að beita mér fyrir gerðardómslöggjöfinni. En ég er ekki blindur fyrir þeirri reynslu, sem þá fékkst, og hef ekki verið, og ég skil það kannske betur en nokkru sinni áður, hvers virði samningsrétturinn raunverulega er fyrir verkalýðsfélögin. Eins og ég segi, og ég endurtek það enn: Það er engin tilviljun, að það hefur ekki síðan verið samþykkt á Alþingi að svipta launasamtökin samningsréttinum. Það, sem gert hefur verið síðan hér á Alþingi, hefur yfirleitt ekki verið á þá lund. Það hefur verið miðað við að draga úr áhrifum vísitölunnar og fjallað um einstaka þætti þeirra mála, án þess að taka samningsréttinn af. Ég ætla ekki að fara að tala hér um þá löggjöf, sem vinstri stjórnin setti í því sambandi, vegna þess að það hefur verið svo rækilega gert af öðrum. En það sýnir, hvaða fjarstæða það er að vera að vitna til ýmissa fordæma í þessu sambandi, að sú löggjöf, sem þá var sett, er talin hliðstæð við þessa, enda þótt þá væri algerlega frjálst að breyta grunnkaup-

inu og ekkert haggað samningsrétti verkalýðsfélaganna í þeirri löggjöf. Hún fjallaði um að stöðva vísitöluspóluna, sem sumir kölluðu stundum, um stundarsakir.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að ræða miklu meira um þessa eldri löggjöf. En get þó ekki stillt mig um að minnast á aðra í því sambandi. Það eru gengislækkunarlögin frá 1950, sem hæstv. dómsmrh. minntist á, en hann tók aðallega að sér að sýna fram á, að það, sem væri verið að gera núna, væri nánast eins og daglegt brauð. Það hefði verið gert alltaf af og til undanfarið og sérstaklega ættu þeir, sem hefðu staðið að gerðardómslöggjöfinni 1942, ekki að setja mikið fyrir sig að setja svona löggjöf núna o. s. frv., o. s. frv. Og hæstv. dómsmrh. talaði í því sambandi dálítið um löggjöfina frá 1950. Ég held, að ég fari ekki rangt með, að hann tók þannig til orða, að það hefði verið í því frv. ákvæði, þegar það kom fram, að það skyldi lækka gengið, ef almenn kauphækkun ætti sér stað í landinu. Ég þori ekki að fullyrða, að hæstv. ráðh. hafi orðað þetta alveg svona, en þetta var sá blær, sem hann vildi gefa þessu, og inni á þessu hefðum við verið þá, að þetta skyldi lögleiða.

Ég hef nú skoðað þetta ákvæði. Ákvæðið er um það, eins og það er í frv., að ef almenn kauphækkun yrði í landinu, skyldi Seðlabankanum skylt að gefa skýrslu til ríkisstj. um það, hvort hann áliti, að kauphækkunin gæfi tilefni til breytinga á gengisskráningu eða ekki. Það er nokkuð langt milli þessa og hins, sem hæstv. ráðh. vildi gefa í skyn. Það átti að gefa skýrslu um þetta, ríkisstj. átti svo að úrskurða um, hvort ástæða væri til að gera nokkrar breytingar á gengi út af þeim kauphækkunum, sem orðið hefðu. En ráðh. vildi helzt láta líta svo út, að þetta hefði átt að vera vélrænt, að það hefði átt að lækka gengið, ef almenn kauphækkun yrði.

En hvað gerðist svo? Það gerðist það, að við tókum þetta ákvæði út úr frv., vegna þess að verkalýðssamtökin sögðu, að þeim væri sérstaklega illa við þetta ákvæði, því að það benti til skilnings á þessum málum, sem launþegasamtökin og verkalýðssamtökin vildu alls ekki viðurkenna. Og þá var núv. hæstv. viðskmrh. einn af þeim, sem töluðu á móti þessu ákvæði. Það var bent á það af hálfu verkalýðsfélaganna, að þeim fyndist þetta benda allt of einhliða í þá átt, að ekkert hefði áhrif á gengisskráninguna annað en kaupið, en það væri svo margt annað, og þeim væri sérlega illa við þetta ákvæði.

Þá var nú það tillit tekið til þess, sem launþegasamtökin í landinu vildu og álitu, að þetta ákvæði var hreinlega tekið burt úr frv. eftir sérstökum bendingum þaðan. Menn beri það svo saman við þau sérstöku vinnubrögð, sem á að hafa núna. Það voru engir fjöldafundir haldnir út af þessu ákvæði eða neitt þess konar, en það komu hógværar bendingar um það, sem mönnum fannst alveg ástæða til að taka til greina, að það væri rétt að taka þetta ákvæði út úr frv. og taka þannig tillit til þessara óska.

Ég veit ekki, hvað ég á að fara mikið út í að svara því, sem einstakir ráðh. hafa sagt um þetta efni eða beint til mín sérstaklega. Hæstv. dómsmrh. sagði, að ef menn vildu sitja á strák sínum, þá væri hægt að finna heppilegustu ráðin. Ég held, að það hefði verið æskilegt, að stjórnin hefði uppgötvað þetta fyrr og helzt áður en hún lagði út í þetta. En sannleikurinn er sá, að ef farið hefði verið nú að með gætni og góðvild og varúð, þá hefði áreiðanlega verið hægt að komast ákaflega langt í því að leysa þessi mál farsællega, og það er því enn sorglegra en ella, að hæstv. ríkisstj. skyldi grípa til þess að kasta stríðshanzkanum á þann hátt, sem hún gerir með þessu frv.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri hægt að finna leiðir, ef góðvild og skynsemi fengi að ráða. Þetta vil ég taka undir. En mér finnst bara því miður þetta of seint fram komið. Eða hver vill t. d. halda því fram, að málflutningur hæstv. viðskmrh. í gær hafi mótazt af góðvild og skynsemi, þegar hann var að lýsa vandamálunum fyrir þingheimi á þá lund, sem ég rakti hér áðan? Nei, því miður, það er mikil veila í þessum málatilbúnaði öllum saman, sem á eftir að verða, því miður, býsna hættulegur. Hæstv. forsrh. sagði í einni ræðunni: Ef allir halda fast við kröfur sínar, þá fellur krónan. — Og það er haft að skálkaskjóli fyrir þessum aðförum, að það hefði verið þannig ástatt, að allir hefðu viljað fá allt fram upp í topp, sem þeir hefðu nefnt. Auðvitað segja ráðherrar þetta gegn betri vitund, því að þeir vita það ákaflega vel, að það var ekkert síður nú en oft endranær hægt að semja um þessi mál. Þeim er það algerlega ljóst. Þeir virðast ekki hafa viljað semja. Það er því miður þannig. Það hefur líklega áður oft og tíðum mátt segja, að ef allir heimtuðu allar sínar kröfur upp í topp, væri ærinn vandi fyrir hendi. En hvenær er það í samningum, að þeir, sem vilja semja, líti svona á og segi við þann, sem þeir eiga að semja við: Þetta, sem þú nefnir, er ekki hægt að fallast á, og þess vegna skulum við hætta að tala saman. — Eru það samningar? Er þetta samningstónn? Nei, það er eitthvað skrýtið við þetta.

Ég bað hæstv. forsrh. um að lýsa því yfir skýrt og skorinort við 1. umr., að þetta væri til bráðabirgða, og taka af allan vafa og segja: Það kemur ekki til mála, að ríkisstj. haldi uppi lögbindingu á kaupgjaldi og afurðaverði eftir 31. des. Þá verður samningsfrelsið aftur innleitt, og þá tekur stjórnin aftur upp þá stefnu, sem hún sagðist hafa allt síðasta kjörtímabil og hún var kosin til að framfylgja í vor, því að hún var ekki kosin í vor til þess að framfylgja lögbindingu á kaupi, heldur var hún kosin til þess að framfylgja frjálsri stefnu í samningum um kjaramál. Það var eitt aðalstefnumál stjórnarflokkanna í vor.

En hæstv. forsrh. var alveg ófáanlegur til þess að lýsa því yfir, að stjórnin ætlaði eftir 31. des. að taka upp aftur þá stefnu, sem hún er kosin til þess að framkvæma, heldur þvert á móti gaf með mörgum orðum í skyn, að það mætti gera ráð fyrir því, að haldið verði áfram lögbindingunni. Og því miður, hverjum dettur í hug, að hæstv. ríkisstj. hefði lagt út í þessa

styrjöld, ef hún ætlaði sér ekki að fara inn á þá braut að lögbinda kaupgjald og afurðaverð til bænda?

Hv. frsm. fjhn. Nd. flutti hér ekki langa ræðu, en hún var að ýmsu leyti talsvert eftirtektarverð. Hann sagði t. d., og ég skrifaði það orðrétt eftir honum, að það, sem nú lægi fyrir, væri að setja gengið í hættu með ótímabærum kaupkröfum. Já, þessi hv. þm. og þá sjálfsagt stjórnarliðið, því að hann talaði fyrir það, telur það alveg ótímabært, að verzlunarfólk og skrifstofufólk fari fram á að fá sín laun samræmd launum ríkisstarfsmanna. Þetta er ótímabær kaupkrafa að dómi stjórnarflokkanna. En hvað var sagt um þessi mál t. d. s. l. vor, eins og ég minntist á hér við 1. umr.? Þá voru beinlínis sendir út menn á vegum Sjálfstfl., sem jafnframt voru forustumenn í samtökum skrifstofu- og verzlunarfólks, og þeir sögðu mönnum alveg afdráttarlaust í samtölum, að menn gætu verið vissir um, að það mundi ekki standa á því, að skrifstofufólk og verzlunarfólk fengi sín kjör samræmd, þegar kjaradómurinn væri kominn. Það voru ekki kallaðar þá ótímabærar kaupkröfur, að verzlunar- og skrifstofufólk ætti að fá samræmingu við hliðstæð laun hjá ríkinu, ekki alveg. Og fram eftir öllu sumri og fram á haust stóð þetta fólk í þeirri meiningu, að það ætti að standa við eitthvað af þessu. En það var nú ekki meiningin, eins og við sjáum á því frv., sem hér liggur fyrir. Og þessi hv. talsmaður stjórnarflokkanna telur það ótímabæra kaupkröfu, að verkamenn fari fram á að fá kauphækkun núna, en hafa þessar 67 þús. kr., en lítil íbúð kostar núna 550 þús. kr., og kostnaðurinn *við að standa undir henni er aldrei minni en* 50 þús. kr. á ári. Húsaleigan, ef við horfum á þá hliðina, er orðin meira en helmingur af þessu kaupi fyrir ómerkilega íbúð, ekki fyrir nýja íbúð, heldur gamla, jafnvel þótt hún sé smá. Þetta er viðreisnin og ástandið eins og það er núna, og við þessi skilyrði er það sagt, að ótímabært sé að fara fram á, að kaupgjaldið sé endurskoðað, og lýðskrum að taka undir þetta, og sumir segja jafnvel, að það stafi af illvilja, ef menn taka undir það. Þó að þessi hv. þm. hafi ekki sagt það bert, þá eru þeir smátt og smátt að færa sig upp á skaftið, þannig að sumir eru *farnir að tala um, að það hljóti jafnvel að* stafa af illvilja, — ja, ekki veit ég illvilja við hvern, að taka undir það, að lífsnauðsynlegt sé að endurskoða þetta kaup, og það jafnvel þó að menn láti fylgja, eins og ég hef nú gert og við framsóknarmenn, að okkur sé það algerlega ljóst, að það sé ekki hægt að leiðrétta þessa skekkju alla, sem orðin er, í einu kasti. Það verði að gera í áföngum og fara gætilega. Jafnvel þótt þetta fylgi undirtektum undir þessar sanngjörnu kröfur, þá eru þær kallaðar lýðskrum.

Þessi hv. þm. flutti laglega ádrepu um, hvað það væri þýðingarmikið að hafa ábyrga stjórnarandstöðu. Ekki skal ég draga úr því, hvað það er þýðingarmikið. Hann taldi okkur ekki upp á marga fiska í því tilliti, t. d. þá, sem standa fyrir málum framsóknarmanna. En ég held, að það hjálpi ákaflega lítið til þess að auka nauðsynlegan skilning manna á hlutverki stjórnar annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar að æpa um ábyrgðarleysi og lýðskrum, ef stjórnarandstæðingum þóknast ekki að ganga inn á hvaða fjarstæðu og hvaða óhæfu sem stjórnarflokkunum dettur í hug að stinga upp á. En þetta er orðin tízka. Ef ekki er gengið umyrðalaust inn á hvaða fjarstæðu sem er, og þó að það sé bent á aðrar leiðir, þá er bara sagt: Það eru ekki aðrar leiðir til, þetta er lýðskrum og stafar af illvilja og sýnir, að stjórnarandstaðan er óábyrg.

En ég leyfi mér að spyrja: Hefur stjórnin engar skyldur í því að vera ábyrg? Og hvorir voru ábyrgari 1960, ríkisstj. eða stjórnarandstaðan? Ríkisstj. skellti þá yfir viðreisninni, og blasa nú við allra augum afleiðingarnar af því, og þeir eru sjálfir að greina frá því, hvað illa hafi farið á alla lund. Var þetta að vera ábyrgur? En hverjir vöruðu við þessu? Stjórnarandstæðingarnir vöruðu við þessu og sögðu í höfuðdráttum, að fara mundi eins og farið hefur, eins og sjá má og allir geta séð, sem kynna sér þessi efni. Hverjir voru þá ábyrgir og hverjir voru óábyrgir? Hvort var meiri ábyrgð í því að vara við því, sem fyrirsjáanlegt var að hlaut að takast illa, eða í því að berja fram slíkar ráðstafanir eins og hæstv. ríkisstj. gerði? Og hvorir voru ábyrgari 1961, stjórnin eða stjórnarandstæðingarnir? Þá var gerður samningur um kjaramálin, og þó að hann væri náttúrlega langt í frá gerður á vegum nokkurra flokka, þá var það þannig, að margir af þeim mönnum, sem fjölluðu um þau efni, voru stjórnarandstæðingar. En þeir leystu kjaramálin þannig, að það sjá allir núna á eftir, að það var hinn æskilegasti grundvöllur fyrir stjórnina til þess að starfa á, þeir samningar, sem þá voru gerðir. Þeir voru ekki gerðir til að spilla fyrir neinu, þeir samningar, það dettur engum í hug, þó að það væri æpt á þá, sem gerðu samningana þá, og því haldið fram. Nú sjá allir, að þeir voru ekki gerðir til að spilla neinu, voru ekki til þess fallnir að spilla neinu. Þvert á móti, það var eins hóflega farið í sakirnar og hugsanlegt var og hægt að laga þannig til auðveldlega, mjög auðveldlega, að þeir hefðu orðið grundvöllur að því að bæta úr verstu ágöllum viðreisnarinnar.

En hvað gerði ríkisstj.? Hún kastaði í höfuð mönnum 13% nýrri gengislækkun, sem verkaði auðvitað eins og benzín á bál, og síðan hefur ríkisstj. ekki ráðið við nokkurn skapaðan hlut, en hangir samt. Það var sýnt fram á það þá, að kaupmismunurinn, sem um var deilt, svaraði til 2% verðbreytingar á útflutningsverði afurðanna. Það var allt og sumt. Það voru margar leiðir til þess að jafna þann skoðanamun, sem kom fram um þetta, og ótal leiðir hægt að finna. En út af þessum ágreiningi, sem var um þessi efni, skelltu þeir á 13% gengislækkun.

Ég skal fara að láta þessu máli mínu lokið, enda er ég búinn að drepa á flest af því, sem mér þykir máli skipta í því, sem hv. andstæðingar hafa að mér beint í þessu. En að lokum vil ég aðeins segja þetta:

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það hefði verið

þjóðin sjálf, sem hefði ákveðið, að stjórnin skyldi sitja, og þjóðin hefði vottað stefnu stjórnarinnar traust í kosningunum s. l. vor. Það hefur áður verið rækilega flett ofan af því, hvernig hæstv. ráðh. og þeirra fylgismenn reyndu með mörgu móti að koma við blekkingum um ástandið í síðustu kosningum. En ég ætla ekki að ræða það núna, það er búið að sýna svo oft fram á það, en ég ætla bara að spyrja: Var það sú stefna, sem þeir eru að framkvæma núna, sem þeir lögðu fyrir þjóðina í kosningunum í vor? Og ég spyr hæstv. forsrh. sérstaklega að þessu, og ég vona, að hann svari: Var það þessi stefna, sem þeir eru að framkvæma núna, sem þeir lögðu fyrir þjóðina í vor? Sögðu þeir ekki í vor, að þeir ætluðu að halda viðreisninni áfram, og var ekki einn þáttur í viðreisninni sá, að það skyldi ríkja algert samningsfrelsi um kjaramálin? Stjórnin ætlaði sér ekki að skipta sér af þeim málum, þau mál ættu atvinnurekendur og almannasamtökin í landinu að leysa. Var þetta ekki einn af grundvallarþáttum viðreisnarinnar? Það þarf ekkert að spyrja. Það var svo. Og hæstv. ríkisstj. hélt þessu sama fram í kosningunum í vor, og hún var kosin til að framfylgja þessari stefnu. Þeir sögðu það ekki í vor, hæstv. ráðh., að ef þeir merðu meiri hl., ætluðu þeir að nota hann til þess að banna með lögum að hækka kaupgjald í landinu og taka samningsfrelsið af launþegasamtökunum. Þeir sögðu það ekki í vor. Þeir sögðu hreinlega alveg þveröfugt. Svo segja þeir: Þjóðin kaus okkur til þess að stjórna. Þjóðin ákvað það, að stjórnin skyldi sitja áfram. Það var þjóðin, sem ákvað það.

En til hvers áttu þeir að sitja? Auðvitað til þess að framkvæma það, sem þeir lýstu yfir bæði fyrr og síðar. Nei, það finnst þeim ekki.

Og að lokum vil ég minna á þetta: Halda menn, að þessir menn hefðu setið þarna í ráðherrastólunum núna, ef þeir hefðu sagt þjóðinni satt fyrir kosningarnar, að þeirra fyrsta verk ætti að verða að lögbjóða kaupgjald óbreytt? Dettur nokkrum manni í hug, að þessir menn hefðu setið þarna þá? Nei, alls ekki. Það er alveg ljóst, að þeir hefðu ekki setið þarna. M. ö. o.: þeir hafa svikizt aftan að þjóðinni, það er ósköp einfalt, og hafa því engan rétt til þess að sitja þarna, enda eiga þeir að fara úr þessum stólum strax. Ef það væri nokkur manndómur í þeim, þá ættu þeir að fara strax og láta svo þjóðina dæma um framkomu sína, eins og hún er orðin öll samanlögð, í staðinn fyrir að sitja hér hnakkakerrtir á Alþingi og segja: Þjóðin vottaði okkur traust, við sitjum hérna, af því að hún vildi það.

En hvað sögðu þeir þjóðinni? Hverju lofuðu þeir henni? Og hvað eru þeir nú að gera? Það vantaði svo sem ekki yfirlýsingarnar. T. d. sagði Birgir Kjartan: Okkar markmið er frelsi. Fylgið okkur, við erum menn frelsisins. — Og upp á þetta var kosið: Markmið okkar er frelsi. Hinir vilja ríkisafskipti. En hvað eru þeir að gera núna? Er þetta frelsi? Er það frelsi að festa með lögum allt kaupgjald í landinu? Er það frelsi? Og hverjir eru frjálsir, eftir að búið er að fara að á þessa lund?

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en ég álít, að hér hafi mikið óhapp orðið, með því að hæstv. ríkisstj. hefur tekið þennan kost, sem hún hefur gert. Og hún hefur engan rétt til þess að berja þetta mál í gegnum þingið með meiri hl., sem er fenginn með svikum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hefur nú verið rætt allýtarlega um þetta þrælalagafrv., sem hér liggur fyrir. Það hefur verið sagt í þeim umr., að það væri vegna sjávarútvegsins, að það væri verið að bera þetta fram. Það var búið að sanna í þessum umr., að sjávarútvegurinn getur borið meira að segja fullt það kaup, sem verkamenn hafa farið fram á, svo fremi sem létt sé af honum vissum gjöldum, sem ýmist ríkisvaldið eða aðrir aðilar í íslenzkri auðmannastétt hafa á hann lagt. Það er enginn vandi fyrir þann sjávarútveg, sem ber uppi allt þjóðfélagið, að bera miklu hærra kaupgjald en nú er greitt, og sjávarútvegurinn í Noregi, eins og hér hefur verið sýnt fram á, sem stendur á mun lægra stigi en okkar, ber næstum því tvöfalt hærra kaupgjald en hér er greitt, þannig að allt tal um það, að íslenzkur sjávarútvegur væri ekki samkeppnisfær, þó að hann borgaði tvöfalt hærra kaupgjald en hann borgar núna, það er hrein vitleysa.

Það er ekki til neins að vera með neina hræsni um, að það sé líf sjávarútvegsins, sem sé í veði. Sannleikurinn er, að líf og framtíð sjávarútvegsins er í veði, að svona lög séu ekki samþykkt, því að eftir að búið væri að samþykkja svona lög, þá væri raunverulega verið að drepa sjávarútveginn, þá er verið að svipta hann megininu af vinnukraftinum, hann fær ekki vinnukraft með því að borga svona lág laun, miklu lægri en greidd eru annars staðar í þjóðfélaginu. Það er alveg vitanlegt, að hér í frystihúsunum við höfnina er greitt lægra kaup en greitt er t. d. hér við byggingarvinnu. Það er þess vegna hrein hræsni eða skammsýni, þegar menn eru að bera því við, að þetta sé gert vegna sjávarútvegsins. Ég ætla nú ekki að tala um hitt, þegar sumir, meira að segja hæstv. ráðh, dirfast að láta þá skoðun í ljós, að það sé verið að bera þetta fram fyrir láglaunamennina, — fyrir láglaunamennina! Ég ætla nú helzt að biðja menn um að vera ekki að gera grín að sjálfum sér með því að koma með þess háttar.

Ég vil gera það að nokkru umtalsefni, hvernig þessi afstaða er viðvíkjandi sjávarútveginum. Mín skoðun er sú, að það séu ekki menn sjávarútvegsins, ekki fyrst og fremst a. m. k. þeir, útgerðarmennirnir, hraðfrystihúsin eða aðrir slíkir, sem standi á bak við þau þrælalög, sem hér eru borin fram. Ég held, að það, sem ræður því, að farið er inn á þessa óhappaleið, sé, að verzlunarauðvaldið í landinu, braskaravaldið í landinu, það heimtar að fá að halda öllu sínu, það vill ekki láta neitt af því, sem það hefur klófest, það vill ekki sleppa neinu af þeim gróða, sem það hefur núna af sjávarút-

veginum. En þetta verzlunarauðvald, þetta braskaravald á Íslandi heimtar, að öll vandamál séu leyst á kostnað verkalýðsins og verkalýðsins eins, allar afæturnar fái að hafa sitt, allir gammarnir fái að halda áfram að rifa til sín, en verkalýðurinn fái að borga, lægst launuðu mennirnir, erfiðismennirnir, þeir, sem halda þessu öllu saman uppi, skulu fá að borga. Braskaravaldið í landinu heimtar, að það sé verkalýðurinn, sem eigi að bjarga sjávarútveginum með því að vinna fyrir helmingi lægra kaup en menn vinna hjá norska sjávarútveginum, þar sem öll afköst eru samt miklu minni. Og þetta á allt saman að gera, til þess að þetta braskaravald, þetta verzlunarauðvald, geti haldið öllu sínu. M. ö. o.: þetta frv. til þessara þrælalaga er tilraun til að leysa hagsmunamótsetningarnar innan íslenzku auðmannastéttarinnar á kostnað verkalýðsins, þannig að allir braskarar og allt verzlunarauðvald á að halda sínu og hvergi sér neitt lát á gróðanum, sem þar er skapaður.

Það hefur verið sýnt hér fram á það með tölum, hvernig gera megi sjávarútveginum fært að hækka kaup, og ég ætla ekki að itreka það. Það hefur verið sýnt fram á, að vinnulaunin t. d. hjá hraðfrystihúsunum eru aðeins 200 millj. kr. Útflutningsgjöldin ein eru um 60 millj. kr., vextirnir eru um 60 millj. kr., og það hefur ekki verið minnzt á, hvað olíugróðinn, vátryggingagróðinn og allt annað slíkt er. Það er enginn vandi að laga öll vandamál sjávarútvegsins, og það á að vera hægt að borga 40% hærra kaup með því að strika þetta burt. Íslenzkur sjávarútvegur getur ósköp vel fengið hér 1—2% vexti. Það er hægt að láta hann fá olíu, án þess að það sé nokkuð grætt á henni. Hvaða ástæða er til þess, að einhver græði á henni? Það er hægt að þjóðnýta vátryggingafélögin. Hvaða ástæða er til þess, að þau verði eins og forríkir bankar í landinu? Það er enginn vandi að sjá um, að sjávarútvegurinn geti greitt tvöfalt hærra kaup. Það, sem þarf bara að sjá um, er, að hann sé ekki lengur sú hornreka, sem hann er hjá öðrum hlutum auðmannastéttarinnar á Íslandi. Og eftir að hér hefur verið rakið nokkuð, hvernig ástandið er í dag, hvernig hlutfallið er í dag milli sjávarútvegsins annars vegar og annarra hluta auðmannastéttarinnar hins vegar, þá vil ég nú reyna að skilgreina þessar mótsetningar nokkuð þjóðfélagslega og sögulega, því að mér sýnist við vera að öllu leyti á slíkum sögulegum tímamótum, þegar við erum að ræða þetta mál hér, þetta einstaka mál, að það sé nauðsynlegt, að menn reyni að gera sér grein fyrir, um hvað er verið að berjast.

Það er sagt, að þetta sé allt gert fyrir sjávarútveginn. Hvernig hefur það nú verið með sjávarútveginn í okkar þjóðfélagi lengst af, það sem af er þessari öld? Flestir framsýnustu menn okkar hafa gert sér gildi hans ljóst, hvað atvinnuvegi Íslands snertir, allt frá aldamótum, allt frá því að Einar Benediktsson orti um það að sækja fram á hafinu, ef svo mætti segja, og að við þyrftum að reyna að brjótast í því að koma hér upp sjávarútvegi, sem væri nýtízkulegur og voldugur. Við vorum nokkuð fátækir í byrjun, þegar var verið að eiga við þetta. Margir af brautryðjendunum á þessu sviði urðu að kaupa gamla togara frá Englandi til að byrja með rekstur hér heima. Bankarnir voru jafnvel ekki alltaf skilningsríkir í þessu. Og það bættist svo við, að þegar búið var að koma nokkrum togaraflota upp hér á Íslandi fyrir fyrra stríð, var auðvaldið í bandamannalöndunum það vingjarnlegt við okkur að taka meginið af þeim togaraflota 1916. Það var reynt að rétta við aftur eftir stríð. Það voru aftur keyptir gamlir togarar frá Englandi, þótt einstaka væru nýir, og 1928 var svo komið, að til voru 47 togarar á Íslandi. Þá fékk sjávarútvegurinn að kenna á heimskreppunni. Við fengum að kenna á, hvernig það var að lifa í heimi, þar sem kapítalisminn réð einn, þar sem hans heimskreppur skullu á litlum löndum eins og okkar sem holskeflur, sem ætluðu að kaffæra allt. Togaraflotanum okkar hnignaði ár frá ári, 1935 voru þeir, held ég, orðnir 37, og hæstv. núv. forsrh. gaf stundum lýsingar á því, hvernig þeir væru, fúaduggur og manndrápsbollar. (Gripið fram í: Og ryðkláfar.) Og ryðkláfar, alveg rétt.

Hvað hafði gerzt þjóðfélagslega séð á Íslandi á þessum árum? Það var verið að reyna að þróa hér kapítalisma í sjávarútveginum með togaraútgerðinni, stórútgerð, stórrekstur. Þetta gekk um tíma sína eðlilega þróun, vald safnaðist á fáar hendur. Ef ég man rétt, höfðu Kveldúlfur og Alliance, þegar bezt lét, þannig um helminginn af íslenzka eða a. m. k. af reykvíska togaraflotanum í sínum höndum og réðu mestöllum saltfisksútflutningum til annarra landa. Það er gefið, að hefði íslenzkur kapítalismi þróazt þá á eðlilegan máta, hefði hann þróazt á þann hátt, að sá fiskhringur, sem þá var að myndast á Íslandi, hefði tekið meira og meira undir sig aðra þætti í íslenzku verzlunarlífi og framleiðslulífi. Hann hefði lagt undir sig t. d. innkaupin á olíunni, hann hefði reynt að skapa sér aðstöðu gagnvart bönkunum, hann hefði skapað sér vátryggingarfélag, hann hefði jafnvel byrjað og byrjaði að nokkru á því að leggja undir sig heildverzlun. Það hefði verið myndað það, sem kallað er í hagfræðinni láréttur hringur. Heimskreppan kippti grundvellinum undan þessu öllu saman. Og það, sem gerist eftir heimskreppuna, er raunverulega, að það er verzlunarauðvaldið í landinu, sem tekur við forustunni. Það er verzlunarauðvaldið í landinu, sem með heimskreppunni ákveður að þjóðnýta allan gjaldeyri sjávarútvegsins, gera sjávarútveginn að sinni þernu, sem eigi að útvega sér gjaldeyrinn, til þess að verzlunarauðvaldið geti verið frjálst, geti keypt inn, og var það þó líka takmarkað á ýmsan máta. M. ö. o.: í hverju kapítalistísku þjóðfélagi er það svo, að verzlunarauðvaldið er úreltasta og venjulega lélegasta og afturhaldssamasta formið, sem auðvaldsskipulagið á til, afturhaldssamasti og lélegasti þátturinn í einu auðvaldsskipulagi. Sá þáttur, sem vísar til framfara, er sá iðnaður — eða hjá okkur sá sjávarútvegur og iðnað-

ur, sem upp kemur. Og eigi að reyna að þróa eitt þjóðfélag, eigi að láta það verða aðnjótandi tæknilegra framfara nútímans, lá þess vegna fyrst og fremst fyrir að reyna að þróa sjávarútveginn á Íslandi. En verzlunarauðvaldið beygir þennan sjávarútveg undir sinn mátt, undir sitt vald og gerir hann að sinni þernu. Í því felst strax afturhaldið í íslenzku atvinnulífi, eins og það sérstaklega skipuleggur sig, eftir að heimskreppan brauzt út.

Allan þennan tíma er sjávarútvegurinn undirorpinn öllu því arðráni, sem þá er framkvæmt gagnvart Íslandi. Hann er undirorpinn arðráni olíuhringanna, hann er undirorpinn þeim háu vöxtum, sem þá eru greiddir, og menn muna kannske eftir því, að það var ekki neitt smáræði, sem Íslendingar urðu að greiða þá í vexti til útlanda, fyrst og fremst til ensku bankanna. Það var á þeim tímum, t. d. miðað við árið 1935, sem samsvaraði 200 kr. á hverja 5 manna fjölskyldu, það sem við urðum þá að greiða í vexti út úr landinu, og á þeim tímum lifði þorri af fjölskyldum verkamanna í Reykjavík af 1500 kr. á ári, svo að menn geta nokkurn veginn séð, hvaða blóðskattur það var, sem Ísland varð að borga í vexti þá til útlends auðvalds. Á þessum tíma er sjávarútvegurinn látinn tapa allan tímann. Hann er látinn greiða þá háu vexti, sem eru milli 9 og 10%, til bankanna, og bankarnir voru raunverulega innheimtustofnanir fyrir Hambros og Barklays Bank. Og ég hef það fyrir satt, og því hefur ekki verið hnekkt, að sú skuldasöfnun, sem tvö af stórfyrirtækjum landsins söfnuðu á þeim tíma í bönkunum, Kveldúlfur annars vegar og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar hins vegar, hafi nokkurn veginn samsvarað því um 1940 að vera það sama og átti að greiða í vexti af skuldum. Vaxtaokrið, sem er einkennandi fyrir nýlendur eða þjóðfélög, sem lifa við nýlenduskilyrði, kom þá þegar fram þannig gagnvart sjávarútveginum á Íslandi, að hann var svo að segja látinn fara á hausinn, þegar verzlunarauðvaldið var látið græða allan tímann. Og fyrsta skilgreiningin, þjóðfélagslega skilgreiningin, sem gerð er á íslenzku auðvaldsskipulagi, sem gerð var af skipulagsnefnd atvinnumála, Rauðku svonefndri, sló því föstu, að það væri algerlega rangt, hvernig skipt væri í íslenzku þjóðfélagi milli verzlunarinnar annars vegar og útgerðarinnar hins vegar. Ég bið ykkur að óttast ekki, þó að ég nefni lágar tölur. Ef ég man rétt, þá var allt fjármagn í íslenzkum sjávarútvegi 1934 22 millj. ísl. kr. Þá var allt kapitalið í íslenzkri verzlun 100 millj. kr. M. ö. o.: fjármagnið á Íslandi streymdi í verzlunina, í heildverzlunina, í braskið. Af hverju? Af því að þá var alltaf tryggt, að þar yrði gróði, vegna þess að verzlunarauðvaldið réð þjóðfélaginu, skammtaði verkalýðnum atvinnuleysi og kaupkúgun, atvinnuleysingjunum svipurnar og kylfurnar, en verzlunarauðvaldið græddi, og þangað streymir fjármagnið, sem gróðamöguleikarnir eru. Þess vegna sótti fjármagnið í verzlunina og forðaðist sjávarútveginn, og Íslandi hnignaði og atvinnuleysið svarf að.

Ég rek þetta hérna vegna þess, að það er hart að þurfa að lifa það sama áratug eftir áratug, án þess að þeir menn, sem stjórna Íslandi, læri nokkurn skapaðan hlut af því. Það er engin þörf að láta íslenzkan sjávarútveg vera í vandræðum, þann sjávarútveg, sem heldur öllu þjóðfélaginu uppi, einhvern blómlegasta sjávarútveg veraldarinnar með einhverja beztu sjómenn, sem til eru. En þetta verður gert, á meðan þessu efnahagslega alræði verzlunarauðvaldsins og braskaranna er ekki sópað burt eða a. m. k. sett í slík höft, að það þjarmi ekki að þjóðfélaginu, þannig að það ætli að kyrkja það.

Menn munu kannske spyrja: Hvernig stendur á því, að verzlunarauðvaldið er svona sterkt á Íslandi? Hvernig stendur á því, að í okkar þjóðfélagi, sem hefur nú upp á síðkastið tekið miklum framförum, skuli verzlunarauðvald, úreltasta og elzta stig auðvaldsins, vera svona sterkt, sérstaklega svona sterkt pólitískt enn þá? Ég skal reyna að svara því, og ég geri greinarmun á verzlunarauðvaldi, útgerðarauðvaldi og iðnaðarauðvaldi. Styrkleiki verzlunarauðvaldsins stafar í fyrsta lagi af því, að við vorum nýlenda í 6 aldir. Meðan við vorum nýlenda, var grætt á verzluninni við okkur. Við vorum húðflettir, við vorum féflettir af verzlunarauðvaldi, og það komst inn sú hugmynd hjá þeim mönnum á Íslandi, sem langar til að græða, að öruggasta ráðið til að græða væri að fást við verzlun. Þannig var það búið að vera gegnum aldirnar, að það var kaupmannavaldið, það var verzlunarauðvaldið, sem var öruggt til að græða. Þess vegna loddi það við til að byrja með hér heima sem leifar frá nýlendutímabilinu, að menn skyldu reyna að græða á verzlun, hitt væri allt of mikil áhætta að hætta sér út í framleiðslu, t. d. útgerð, og það eimir eftir af því enn þá. En það var annað, sem gerðist og gerist snemma. Heildsalastéttin á Íslandi varð einna fyrst af yfirstéttinni íslenzku til þess að öðlast virkilega stéttarvitund. Heildsalastéttin virtist vera sá hluti yfirstéttarinnar, þegar hún kom upp hér á Íslandi, sem var fljótastur að taka við sér og skilja, að það var nauðsynlegt að ná tökum bæði á pólitískum flokkum og voldugum blöðum til þess að geta komið sinni ár fyrir borð, til þess m. a. að geta komið ár sinni þannig fyrir borð, að það væri verzlunarauðvaldið, sem réði yfir sjávarútveginum og héldi iðnaði niðri, hindraði þróun iðnaðar í viðkomandi landi, eins og hún gerði löngum. Og verzlunarauðvaldið skapaði sér þessa aðstöðu á stríðsárunum fyrri, aðstöðu, sem það hefur haft síðan, ekki aðeins þá aðstöðu, sem það hefur enn þá í Sjálfstfl., sem þá var ekki til, en fyrirrennarar hans, Íhaldsflokkur, Borgaraflokkur, Sparnaðarbandalag og allt slíkt, sem það hét þá í Reykjavík, heldur er það fyrst og fremst eitt, sem skapar heildsalastéttinni sína sterku aðstöðu þá, það eru þau tök, sem heildsalastéttin nær á fyrsta volduga dagblaðinu, sem var að rísa upp í Reykjavík, Morgunblaðinu. Og það er saga, sem er vert að rifja upp, ekki kannske beint í tilefni af 50 ára afmæli blaðs-

ins, heldur hins vegar í tilefni af því, að verzlunarauðvaldið sýnir sinn mátt í gegnum þá áróðursaðstöðu, sem það hefur fengið með því.

Það var, eins og nú hefur verið rifjað upp fyrir landsmönnum, gerð glæsileg tilraun af sjálfstæðum brautryðjendum í íslenzkri blaðamennsku, merkilegum brautryðjendum, til að skapa óháð, voldugt íslenzkt dagblað. Það voru Vilhjálmur Finsen og Ólafur Björnsson, eins og mönnum er kunnugt, sem gerðu þetta. Það, sem gerist svo nokkru á eftir, er, að heildsalastéttin í Reykjavík kemur fram og segir: Þetta blað ætla ég að leggja undir mig. Hér skal ekki rísa upp óháð dagblað undir forustu góðra ritstjóra, þetta blað ætla ég að eignast. — Vilhjálmur Finsen, fyrsti ristjóri Morgunblaðsins, segir frá þessu í endurminningabók sinni: „Alltaf á heimleið", sem kom út árið 1953, þar sem segir m. a. frá því, þegar hann var 1919 í Kaupmannahöfn og Ólafur Björnsson kemur til fundar við hann, og síðan segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en hann", þ. e. Ólafur, „fór að heiman, kvaðst hann hafa selt Ísafold félagi kaupmanna og annarra í Reykjavík. Hann hafði umboð til þess að semja við mig um kaup á Morgunblaðinu, ef ég vildi selja minn hluta. Sjálfur var hann fastákveðinn í að selja sinn hluta í Morgunblaðinu, og ef ég vildi ekki selja þessu nýja félagi minn hluta, væri ekki um annað að ræða en ég keypti hans hluta. Ólafur tjáði mér, að í félaginu væru flestir kaupmenn, sem kvæði að í Reykjavík, og þannig mestu auglýsendurnir. Þeir byðu svo og svo mikið í blaðið. Þeir væru búnir að kaupa vikublaðið Ísafold og ætluðu að stofna dagblað með Morgunblaðssniði, ef ég vildi ekki selja, og gefa þannig út bæði dagblað og vikublað. Bæði blöðin áttu að vera pólitísk."

Og Vilhjálmur Finsen var hugsandi út af þessu, honum þótti þetta hart og vildi gjarnan reyna að fresta, en segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En svo bar við dálitið, sem gerði það að verkum, að ég gat ekki frestað að taka ákvörðun mína, þangað til ég kæmi heim til Reykjavíkur aftur og gæti athugað allar aðstæður þar. Ólafur fékk nefnilega símskeyti frá Reykjavík, undirritað af Jes Zimsen í umboði kaupenda heima. Zimsen símaði eitthvað á þá leið, að vildi Finsen ekki selja fyrir það verð, sem boðið hefði verið, væru kaupmennirnir staðráðnir í að stofna annað dagblað. Mér fór ekki að lítast á blikuna. Ef margir kaupmenn í Reykjavík væru í þessu nýja félagi, yrði erfitt fyrir mig að fá auglýsendur fyrir mitt blað. Ég átti ekki neitt, og ég komst að þeirri niðurstöðu, að þetta gæti orðið mér að falli. Ekki hvarflaði þó að mér, að dagblað kaupmanna gæti orðið betra en það blað, sem ég gæfi út, en auglýsingar kaupmanna væru mér þó nauðsynlegar. Auðvitað mundu kaupmennirnir heldur auglýsa í sínu eigin blaði. Ég ráðfærði mig gaumgæfilega við konu mína, og okkur kom saman um, að líklega væri hyggilegast að selja blaðið. Og þannig komst hjartans barn mitt í hendurnar á kaupmönnunum í Reykjavík. Ég var eins og halaklipptur hundur, þegar búið var að ganga formlega frá þessu. Nokkrum dögum seinna kom greiðslan fyrir blaðið. Hún kom í sterlingspundum, og það var brezki fiskkaupmaðurinn George Copeland, sem greiddi beint frá London. Hinn 1. júlí tók hið nýstofnaða félag við blaðinu. Félagið hlaut nafnið Árvakur, og á það Morgunblaðið enn þá."

Svona lögðu kaupmennirnir eða réttara sagt verzlunarauðvaldið í Reykjavík undir sig blaðið. Svo segir hann áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig atvikaðist það, að ég varð einn ritstjóri og ábyrgðarmaður dagblaðsins Morgunblaðsins og vikublaðsins Ísafoldar um leið. Hverjir voru það svo, sem blöðin höfðu keypt? Það kom í ljós, að það voru ekki nema örfáir kaupmenn í Reykjavík, sem voru hluthafar í útgáfufélaginu, og meðal þeirra erlendu kaupmennirnir George Copeland, Carl Olsen, John Fenger, Jensen Bjerg, og enn fremur voru hluthafar þeir Th. Thorsteinsson, Jes Zimsen, O. Johnson & Kaaber, Hallgrímur Benediktsson, Magnús Einarsson dýralæknir og einhverjir fleiri smákarlar. Liðið var þannig hið fríðasta með þessum mönnum, og fyrir þá átti ég að vinna."

Þannig gekk það til, að verzlunarauðvaldið í Reykjavík náði Morgunblaðinu til sín, og á bls. 283 í þessari bók segir svo Vilhjálmur Finsen, með leyfi hæstv. forseta:

„Það leið ekki á löngu, unz Ísafold og Morgunblaðið fengu stjórnmálaritstjóra, því að hinir erlendu kaupmenn vildu ekki aðeins selja landsmönnum vörur og ýmiss konar varning, þeir vildu einnig ráða landinu stjórnmálalega."

Það var alveg greinilegt, að verzlunarauðvaldið — (**Forseti**: Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. ræðumann, hvort hann sé kominn að því að ljúka ræðu sinni?) Nei, ég er rétt að byrja. (**Forseti**: Ef svo er ekki, verður fundi frestað þar til að loknum fundi í Sþ., sem hefst kl. 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði þar komið minni ræðu, að ég lauk við að lesa upp tilvitnun hjá Vilhjálmi Finsen í bók hans, þar sem hann endaði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það leið ekki á löngu, unz Ísafold og Morgunblaðið fengu stjórnmálaritstjóra, því að hinir erlendu kaupmenn vildu ekki aðeins selja landsmönnum vörur og ýmiss konar varning, þeir vildu einnig ráða landinu stjórnmálalega." M. ö. o.: strax og þetta nýja tæki, áhrifatæki, var þarna í uppsiglingu, Morgunblaðið, þá notar verzlunarauðvaldið í Reykjavík, heildsalavaldið, sér sína aðstöðu, yfirráðin yfir auglýsingunum, sem eru um allan þann borgaralega heim undirstaða undir útgáfu stórdagblaða, þá notar verzlunarauðvaldið sér þetta til að hrifsa til sín blað, sem brautryðjendur þess höfðu hugsað sér að yrði óháð, og gera það blað að pólitísku málgagni fyrir sig. Það voru danskir, íslenzkir og jafnvel enskir kaupmenn, heildsalar, sem þarna stóðu að, örfáir menn, og þetta blað, sem smám saman varð áhrifaríkasta og voldugasta blaðið á Íslandi, það lenti þannig frá upphafi í því að vera pólitískt málgagn verzlunarauðvaldsins íslenzka. Og það er engum efa bundið, að í þessi 45 ár — ef ég reikna frá þessari yfirtöku heildsalanna í Reykja-

vík á þessu blaði — sem Morgunblaðið nú hefur komið út, þá hefur það haft úrslitaáhrif í íslenzkri pólitík, það er engum efa bundið, og það held ég líka að þeir, sem því hafa stjórnað og að því standa, samþykki. Þess vegna gerist það þarna í upphafi vega, einmitt þegar stéttaskiptingin er að fá á sig þann pólitíska blæ á Íslandi, þegar hinar nýju stéttir eru að mótast, nýju stéttaflokkarnir eru að myndast, verkamannaflokkurinn, bændaflokkurinn og annað slíkt, þá er það fyrsti raunverulegi yfirstéttarflokkur, sem fær þetta blað að sinu höfuðmálgagni, og þetta blað er í höndum verzlunarauðvaldsins. Ég held, að að miklu leyti megi rekja þau gífurlegu áhrif, sem verzlunarauðvaldið hefur haft í íslenzku þjóðfélagi, einmitt til þess, að það hefur frá upphafi ráðið yfir þessu blaði.

Í þriðja lagi er rétt að svara þeirri spurningu, hvers vegna verzlunarauðvaldið á Íslandi sé svona sterkt, með því að taka fram, að það útlenda auðvald, sem eðlilega alltaf er nokkuð sterkt gagnvart eins litlu landi og okkar, eins tiltölulega frumstæðu landi og okkar land var í upphafi aldarinnar, og landi, sem um svo langt skeið hafði verið nýlenda, — þá er gefið, að útlent auðvald, og það þýðir í þessu tilfelli venjulega útlent verzlunarauðvald, kemur til með að hafa rík áhrif. Við þurfum ekki nema rekja sögu t. d. olíuhringanna á Íslandi og áhrifa þeirra dönsku, ensku, amerísku olíuhringa hér til þess að sjá, hve sterk áhrif erlent verzlunarauðvald hefur, eða svo að við tökum aftur dæmi núna af bílunum og þeim stóru bílaframleiðendum og þeim, sem selja hingað bíla og annað slíkt. Það er alltaf viðbúið, að svo og svo mikið af verzlunarauðmönnum eða heildsölum verði umboðsmenn fyrir erlenda aðila, þannig að verzlunarauðvald á Íslandi hefur þess vegna notið stuðnings af erlendu verzlunarauðvaldi og verið á vissan máta eins konar erindreki þess. Þetta tvennt hefur hvað eftir annað hnýtzt svo sterkum böndum, að það var oft og tíðum ekki hægt að greina á milli, hvar útlenda auðmagnið hætti og hvar það innlenda byrjaði. Við skulum bara taka sem dæmi eins og í olíunni.

Ég held, að þetta þrennt, sem ég hef nú rakið, sé hin sögulegu, þjóðfélagslegu drög til þess, að verzlunarauðvaldið hefur verið svona sterkt í íslenzkri pólitík eins og það hefur verið.

Menn þekkja það af reynslunni, að íslenzkir framleiðendur, þeir sem voru í sjávarútvegi eða þeir sem voru að byrja í ofur litlum iðnaði, þeir voru yfirleitt mjög veikir, það voru veikir aðilar, íslenzkt sjávarútvegsauðvald var mjög veikt og varð að þola kreppurnar og annað slíkt, íslenzkur iðnaður byrjaði fyrst raunverulega að vaxa dálítið í skjóli haftanna eftir 1930 og er enn þá tiltölulega veikur, samt óx hann stórum núna eftir síðasta stríð, en heildsala- eða verzlunarauðvaldið hefur allan tímann haft yfirhöndina, haft undirtökin gagnvart þessum tveim öðrum aðilum.

Það má líka geta þess, að það hefur valdið sjávarútveginum þó nokkrum erfiðleikum, að löngum var bændavaldið á Íslandi honum fjandsamlegt. Sérstaklega meðan Jónas Jónsson frá Hriflu var höfuðleiðtogi bændavaldsins íslenzka, þá voru hans sterku og miklu persónulegu áhrif ákaflega mikið í þá átt að reyna raunverulega að hindra uppkomu stórútgerðar á Íslandi. Hans mikla andstaða á sínum tíma, meðan hann var manna voldugastur í íslenzkri pólitík, beindist ekki hvað sízt að því að hindra þá þróun, að raunverulegur kapítalismi gæti komið hér upp á grundvelli stórrekstrar við sjávarútveginn, og allur hans áróður um Grímsbýlýðinn og allt annað slíkt miðaðist raunverulega fyrst og fremst við þetta. En það er mál, sem ég fer ekki út í hér.

Það er fyrst raunverulega 1944, sem verður gerbreyting í þessum efnum, fyrsta stóra breytingin, sem verður á aðstöðu sjávarútvegsins í íslenzku þjóðfélagi, og það er vegna þess, að þá kemur verkalýðshreyfingin sjávarútveginum til hjálpar. Íslenzk verkalýðshreyfing reynir að gera sér grein fyrir, hvernig þurfi að þróa þetta þjóðfélag, hverjar séu þær auðlindir, sem gætu gefið alþýðunni og þjóðinni í heild sem mest í aðra hönd, og hvernig þurfi tæknilega að þróa þetta þjóðfélag. Og verkalýðshreyfingin kemur þá raunverulega sjávarútveginum til hjálpar, og það er samstarf þeirra úr verkalýðshreyfingunni annars vegar, sem þetta skilja, og hins vegar þess hluta af atvinnurekendastéttinni á Íslandi, sem fyrst og fremst hafði hagsmuni af sjávarútveginum og fiskiðnaðinum, sem veldur þeirri gerbreytingu, sem þá verður. Og það er rétt fyrir menn að muna það, þegar þeir eru að ræða núna um, hvernig þurfi að búa betur að sjávarútveginum, og ekki sízt stjórnarandstaðan er að flytja þar rökin fyrir því alveg réttilega, — að muna eftir, hvað gert var þá fyrir sjávarútveginn til þess að rétta hans hag á móti m. a. verzlunarauðvaldinu og öðru því afturhaldi, sem gegn mönnum reis. Hvaða lánskjör eru það, sem útgerðin á Íslandi og fiskiðnaðurinn fær þá? Þeir fá lán með 2½% vöxtum, lán, sem eru jafnvel upp í 75—85% af andvirði þeirra framleiðslutækja, sem þeir eignast, og það er til 20 ára með sérstaklega rúmum skattaskilmálum hvað snertir afskriftir.

Við vitum ósköp vel, að þetta gekk ekki baráttulaust fyrir sig. Þetta kostaði vægðarlausan slag í meira en heilt ár, þó að ríkisstj. sjálf stæði að þessu, við bankavaldið á Íslandi, við afturhaldssamt embættismannavald, sem var eins og þursar og skildi ekki nokkurn skapaðan hlut í, hvernig þurfti að þróa íslenzkt þjóðfélag. Ég nefni þetta vegna þess, að menn eiga enn þá við þetta sama að stríða. Alþingi þarf ekki að láta bjóða sér að láta einhverja og einhverja menn úti í bæ ákveða vextina handa sjávarútveginum, það erum við hér, sem ráðum því, og það er eingöngu eftir lögum hér frá okkur, sem þetta er ákveðið. Við getum sett þá niður í 2% á morgun, ef við viljum. Og allra barnalegast er það, ef við látum einhverja og einhverja skólapilta fara að ráða því, gera einhverjar tilraunir með okkur og fara að setja vextina hjá sjávarútveginum upp í 8 og 9%, eins og nú er gert, — menn, sem hafa ekki hundsvit á íslenzku þjóðfélagi, þess þróunarmöguleikum og þess þróunarskilyrðum.

Auðvitað verður að segja þessu bankavaldi, að

það eigi að haga sér svona og svona, og ég segi þetta vegna þess, að alþýðan þarf að taka í taumana. Við eigum ekki að afhenda þetta vald burt úr þessum sölum og til einhverra embættismanna, ábyrgðarlausra embættismanna úti í bæ. Hér eru mennirnir, sem bera ábyrgð á því, hvernig þjóðfélaginu er stjórnað.

Á þessum sama tíma var séð um næga markaði fyrir sjávarútveginn, sem oft hafði á áratugunum áður orðið að vera í vandræðum með markaði, og þeir hafa dugað síðan. Það var séð um stóreflingu allra framleiðslutækja, og það hefur til allrar hamingju orðið nokkurt áframhald, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika, í því. Og það var sköpuð sú trygging fyrir sjávarútveginn, að hann gat verið öruggur með að gera út. Alþingi tók ábyrgð á að sjá um slíkt, bara út frá þeirri einföldu forsendu, að allt íslenzkt þjóðlíf byggist á sjávarútveginum. Og það þýðir ekkert, þó að verzlunarauðvaldið vilji stjórna hér öðru hverju, það stjórnar öllu út í vitleysu og öngþveiti, eins og þeir eru komnir í núna. Af hverju gerir það það? Af því að það tekur ekki tillit til jarðarinnar, sem það stendur á. Það er sjávarútvegurinn, sem við stöndum á. Það er frá honum, sem við fáum allan okkar gjaldeyri, og ef á að fara að stjórna og rusla með þann gjaldeyri eins og asnar og kaupa tóma bíla, þá náttúrlega kemst þjóðfélagið í þrot. Þess vegna er það, að það er hægt að leika sér með allt mögulegt og gera allar mögulegar vitleysur og koma þjóðfélaginu í öngþveiti eins og gert er núna, en ef menn væru með einhverju viti í þessum efnum, þá stjórna menn út frá þessu, að á sjávarútveginum byggjum við og hann verðum við að efla og hann verður að ganga fyrir.

En það er þessi mótsögn, sem er í öllu íslenzku þjóðfélagi núna: sjávarútvegurinn er höfuðframleiðsluafl fyrir okkur og þeir, sem í honum vinna, þeir, sem við hann eru, en heildsalavaldið er sterkasta pólitíska valdið í landinu, og allar þessar kreppur, sem við stöndum í, eru vegna þess, að þessi framleiðsluöfl gera uppreisn á móti þessum vitlausu drottnum, verzlunarauðvaldinu, og það er það, sem þið standið í núna.

Það hefur vissulega oft þurft að grípa til ýmislegs til þess að vernda íslenzkan sjávarútveg, vegna þess að þótt verzlunarauðvaldið hafi stjórnað illa og vitlaust oft og tíðum, hefur það alltaf að lokum komizt að þeirri niðurstöðu, að á sjávarútveginum lifði það, og þess vegna hefur það orðið að halda lífi í honum, þó að það hafi hins vegar stundum verið allt að því búið að kyrkja hann, næstum því drepa hann, og löngum heft alla hans þróun. Er þá nokkuð undarlegt, þó að við Íslendingar þurfum öðru hverju að gera ráðstafanir til að vernda okkar sjávarútveg? Nei, það er ekkert undarlegt. Hver einasta þjóð, sem er að skapa sér sjálfstæðan iðnað, — eða hjá okkur sjálfstæða útgerð, — hún verður að grípa til slíks á ókunnu þróunarskeiði í sínu lífi. Hvað gera Þjóðverjar á 19. öld? Englendingar eru þeir, sem eru komnir á undan sem iðnaðarþjóð, ein í heiminum, svo að segja. Þjóðverjar vilja fara að vinna sig upp. Á hvern hátt gera þeir það? Þeir gera það með því að setja vægðarlausa verndartolla til þess að geta skapað sinn eigin iðnað. Hver einasta þjóð, stór eða lítil, sem ætlar að vinna sig upp til þess að verða sjálfstæð og nota sínar eigin auðlindir, hún verður á þeim tíma, sem hún gerir þetta, að vernda sína eigin atvinnulegu undirstöðu.

Því miður gekk ekki sleitulaust með það samstarf, sem verkalýðshreyfingin skapaði sér við sjávarútveginn á Íslandi. Það kom önnur ráðstöfun þarna inn í, og það er réttast að rifja það upp núna, vegna þess að við búum við eftirhreyturnar af því.

1947, þegar amerísku áhrifanna fer að gæta hér, hvað gerist þá? Þá byrjar aftur nýlendustefnan. Áhugi amerísku auðhringanna er að selja hingað. ESSO hefur mikinn áhuga, Standard Oil vill gjarnan fá hér góða fulltrúa og aðrir slíkir. Þeir styðja hér verzlunarauðvaldið, þeir ýta undir það. En hvernig taka þeir á sama tíma á eflingu sjávarútvegsins? Menn muna kannske eftir því, að það var stjórn þriggja flokka þá við völd undir forsæti Stefáns Jóh. Stefánssonar. Emil Jónsson var, held ég, sjútvmrh., og Marshallhjálpin var rétt byrjuð. Og þessi stjórn ákvað, þegar nýsköpunartogararnir tóku að streyma inn í landið og mikil hrifning fólks var af þeim, að bæta við 10 togurum. Hún keypti 10 togara, þóttist viss um að fá Marshalllán fyrir það. Hvað gerðist svo? Hún fékk ekki Marshalllán. Af hverju fékk hún ekki Marshalllán fyrir 10 togara, þessi stórvirku framleiðslutæki? Vegna þess að ameríska auðvaldið vildi ekki láta efla sjávarútveg á Íslandi. Ameríska auðvaldið og allir þess sérfræðingar voru á móti því að efla sjávarútveg á Íslandi. Þess vegna neituðu þeir að láta nokkuð af Marshalllániinu til togarakaupa, og það varð að taka lán í Englandi fyrir alla upphæðina og borga það af okkar útflutningi. Hvaða erlent auðvald sem hefur áhrif á Íslandi reynir að halda okkar sjávarútvegi niðri, vegna þess að sjávarútvegurinn er tryggingin fyrir okkar efnahagslega sjálfstæði. Og á árunum 1950—1956, þegar verzlunarauðvaldið sat eitt við völd hér í 6 ár og heildsalarnir í Reykjavík og SÍS skiptu til helminga á milli sín öllum innflutningi og fleiru, Keflavíkurgróða og öðru slíku, þá sýndi sig hvernig fór, eins og alltaf þegar verzlunarauðvaldið ræður hér. Það var enginn nýr togari keyptur, bátunum var varla haldið við, það var ekki keypt meira en svo, að það rétt dugði fyrir það, sem gekk úr skaftinu, en bílarnir náttúrlega streymdu inn. Þannig sýndi það sig, strax og verzlunarauðvaldið fékk aftur að ráða, að þá var byrjað að þrengja að sjávarútveginum og skapa þar afturför.

1956 tók vinstri stjórn við völdum. Þá hafði verkalýðshreyfingin aftur völd og áhrif, og verkalýðshreyfingin tók aftur sjávarútveginn upp á sína arma. Henni var ljóst, að það var það, sem Ísland þurfti að þróa og efla til þess að verða efnahagslega sjálfstætt. Og verkalýðshreyfingin sá um í fyrsta lagi að kaupa ný tæki, hleypa inn nýjum tækjum, ýta undir út-

gerðarmenn að kaupa tæki. Og þið munið kannske eftir, hvernig blöð verzlunarauðvaldsins hömuðust. Munið þið nokkuð eftir, að það höfðu verið keyptir t. d. 12 litlir togarar frá Austur-Þýzkalandi? Aldeilis voðaleg synd! Morgunblaðið var dag eftir dag og ár eftir ár að skrifa um þessa voðalegu togara, austur-þýzku togara, það væri meira glappaskotið og vitleysan. Og ef Morgunblaðið í dag spyrði t. d., við skulum segja Einar Guðfinnsson í Bolungarvík eða hans syni, hvernig þeim líkaði við þessa togara, — ætli þeir séu ekki búnir að kaupa eina þrjá af þeim, — og spyrði sjómennina að því, hvernig það væri núna í síldarhrotunum tvö síðustu ár, — ég býst ekki við, að Morgunblaðið mundi birta þau viðtöl, það mundi líklega sýna allt of greinilega, að þessir litlu togarar væru búnir að gefa nokkuð mikið í aðra hönd. En hatrið á móti þessum veslings litlu togurum, sem voru keyptir, frá Morgunblaðinu, það var dæmigerð afstaða verzlunarauðvaldsins til sjávarútvegsins.

Kjörin, sem vinstri stjórnin tryggði líka sjávarútveginum á þessum tíma, miðuðu aftur í rétta átt og hjálpuðu til að efla hann stórum. Og ég minnist svo ekki hvað sízt á sjálfa landhelgina, landhelgisbaráttuna. Það sýndi sig sem sé strax og verkalýðshreyfingin hafði aftur áhrif, þá var tekið til óspilltra málanna með að efla sjávarútveginn, leggja grundvöll að stórkostlegri eflingu hans, — minni á bara sem dæmi, að á þessum árum óx t. d. freðfiskútflutningurinn úr 20 þús. tonnum árið 1952 upp í 75—80 þús. tonn 1958, held ég það hafi verið, þannig að verkalýðshreyfingin varð sem sé í annað skipti á þessari öld að taka sjávarútveginn upp á sína arma til þess að hrinda Íslandi fram á við, til þess að gera Ísland aftur efnahagslega sjálfstæðara og til þess að vinna upp það tjón, sem verzlunarauðvaldið hafði valdið með sínum afskiptum af pólitík.

Hins vegar hefur verzlunarauðvaldið alltaf verið mjög sterkt í ríkisvaldinu og er því miður enn. Verzlunarauðvaldið og allt það brask, sem tvinnast við það, allt það fjármálabrask, sem á sér stað, ekki sízt í Reykjavík, það hefur valdið því, að þessi hluti auðvaldsins, verzlunar- og braskauðvaldið, hefur haft mikla hagsmuni af einu sérstöku fyrirbrigði, sem er fjandsamlegast sjávarútveginum og verkalýðnum, og það er verðbólgan. Verzlunarauðvaldið og braskauðvaldið, mennirnir, sem ganga hér í bankana til að taka lánin og setja þau hérna í fasteignirnar, það eru þeir menn, sem síðan skrúfa verðbólguna áfram, vegna þess að þeir hafa pólitíska hagsmuni af því. Það eru þeir, sem fella gengið, um leið og þeir komast að völdum. Það eru þeir, sem sjá um að hækka verðlagið fram úr öllu hófi, vegna þess að þeir *vilja*, ef þeir *skyldu nokkurn tíma* borga sínar skuldir til baka, borga þær með miklu verðminni krónum en þeir fengu. Þannig hefur braskauðvaldið íslenzka alltaf staðið á móti þeim raunverulegu hagsmunum sjávarútvegsins, því að hann þolir ekki þessa verðbólgu, og hagsmunum verkalýðsins.

Það fyrir utan hefur svo verið borin fram sú kenning, oft studd af sérfræðingum, sem Ameríkanarnir hafa sent hingað til okkar, að þetta braskauðvald ætti allt að vera sem allra frjálsast í þjóðfélaginu, það ættu allir að fá að græða á öllum, sem hefði þýtt, að sem allra stærst auðmannastétt ætti að fá að græða á verkalýðnum.

En það var fundið út strax á Sturlungaöld, að það væri nokkuð takmarkað, hvað þetta land gæti borið stóra yfirstétt, og hún er satt að segja orðin allt of stór núna til þess að landið beri hana. Það var borin fram sú kenning, að allir þyrftu að græða. Ef til vill munið þið eftir því, 1952 held ég það hafi verið, sem húsaleigulögin voru afnumin út frá þeim forsendum, að það ætti endilega að mega koma öllum húsum í braskverð. Slík lög hafa ekki enn þá verið afnumin einu sinni t. d. í Kaupmannahöfn. Þeim mönnum, sem stóðu að því að afnema þau lög þá og margfalda það fjármagn, sem nú er í gömlum húsum í Reykjavík, þeir hlutu að gera sér það ljóst, ef þeir hugsuðu nokkurn skapaðan hlut, að það þýddi að hækka kaup seinna meir. Ef húsabraskarar eiga að fá að græða taumlaust, þá verður sjávarútvegurinn að borga það, og þeir, sem standa með því að innleiða það skipulag, að menn geti braskað von úr viti, t. d. með hús, þeir eru þar með að segja: Sjávarútvegurinn á að borga þetta. Þeir kunna að segja í millibilinu: Jú, við skulum bara láta verkamennina borga. — En þeir komast ekki upp með það. Þess vegna þurfa menn að gera sér ljóst, að það eru lélegir hagfræðingar, sem ríkisstj. hefur í sinni þjónustu, ef þeir gera henni það ekki ljóst, að það verður að takmarka gróðann á vissum sviðum í þjóðfélaginu, svo framarlega sem sjávarútvegurinn á að borga sig.

Í dag getur sá maður, sem fær lóð hér í Reykjavík, — og venjulega er lóðunum úthlutað fyrir heilar blokkir, af því að það á að styðja einkaframtakið, — sá maður eða menn, sem hafa félag kannske sín á milli að byggja þar 20 íbúðir, 40 íbúðir, þeir taka sem hreinan gróða 100 þús. á hverja íbúð, 40 íbúðir á 4 millj. Það þekkist, að menn hafi jafnvel grætt upp í 200—300 þús. kr. á íbúð. Meðan svona gróði viðgengst í þjóðfélaginu, sem sjávarútvegurinn verður að borga fyrir, þegar öllu er á botninn hvolft, þá er ekki til neins að koma og segja við verkamenn: Þú átt að borga þetta. — Ef menn stjórna þjóðfélaginu þannig, að húsaleiga sé eins lág og hægt er, að mönnum sé hjálpað til að byggja með lágum vöxtum og skynsamlegum lánum og mönnum gert ómögulegt að braska, þá þýðir það, að sjávarútvegurinn sleppur líka billega með vinnukaupið. Þetta er það, sem hver einasta auðmannastétt í Evrópu skilur, nema auðmannastéttin hér á Íslandi.

Þegar Danir, sem lifa mikið af útflutningi, vilja vera *samkeppnisfærir* við aðrar þjóðir, —hvaða ráðstafanir gera þeir þá? Þeir setja hámarkshúsaleigu í hlutfalli við, hvenær húsin voru byggð, öll hús í Danmörku. Það er haldið niðri þannig húsaleigunni, vegna þess að þeir vita ósköp vel, að ef húsaleigan hækkar, þýðir það, að verkakaupið hækkar, og ef verkakaupið hækkar, þá þýðir það, að það verða erfiðleikar fyrir útflutninginn. Og meðan íslenzk ríkisstjórn, sem

er að fást við að stjórna efnahag landsins og skipta sér af honum með ríkisafskiptum, hefur sérfræðinga í sinni þjónustu, sem segja henni ekki þetta, leiða hana ekki í allan sannleikann með þetta, þá hefur hún slæma sérfræðinga í sinni þjónustu. Og það er ekki hægt í svona litlu þjóðfélagi eins og okkar að halda uppi, hlynna að undirstöðunni í þjóðfélaginu, sem er sjávarútvegurinn okkar, og efla hann, margfalda okkar fiskiðnað og annað slíkt, öðruvísi en að beina fjármagninu þangað, og það þýðir að reka það út með harðri hendi af öðrum sviðum. Ef það væri frjáls áfengissala á Íslandi í dag, þá væri það eitt svið, sem fjármagnið mundi vafalaust verða rekið út úr og áfengiseinkasalan gerð að einkasölu fyrir ríkið, eins og það er nú. Ef það væri frjálst með tóbak, mundi það verða hið sama. Það er frjálst með vátryggingar. Það er engin þörf á, að þetta sé svo. Það er engin þörf á, að íslenzkt fjármagn fari í neitt af þessu, ríkið gæti haft þetta allt saman. Það er engin ástæða til þess, að það skapist gróði á þessum sviðum, vegna þess að við höfum ekki nema takmarkaðan gróða, sem hægt er að skapa, og við þurfum að einbeita þeirri gróðamyndun, meðan við höfum hér kapitalistískt þjóðfélag, að þeim sviðum, sem þjóðfélaginu er nauðsynlegt, til þess að það lifi og dafni, og það er sjávarútvegurinn fyrst og fremst og sá iðnaður, sem stendur í sambandi við hann.

Sá gróði, sem verkalýðurinn á Íslandi skapar, er ákveðin upphæð. Þessi ákveðna upphæð skiptist á milli sjávarútvegsins, heildsalavaldsins, iðnaðarins, bankavaldsins, húsabraskaranna, allra mögulegra annarra aðila, og það skiptir öllu máli, hvernig þessi gróði skiptist. Og þegar verkalýðurinn þrengir á og vill fá meira fyrir sína vinnu, þá verður að ganga á þennan gróða, og það þýðir, að sá hluti af auðmannastéttinni, sem nytsamastur er í þessu tilfelli, sá, sem er við sjávarútveginn, hann verður að gera svo vel að þurrka burt eitthvað af hinu, annaðhvort draga úr því eða þurrka það burt, t. d. með þjóðnýtingu. Þetta eru einföld hagfræðileg lögmál, sem menn þurfa að skilja, ef þeir ætla að stjórna íslenzku þjóðfélagi.

Það er engin tilviljun, að einmitt hér á Íslandi hafa afskipti ríkisins verið meiri en hjá flestum nágrannaþjóðum okkar. Það er af þeirri einföldu ástæðu, að okkar land var það fátækt og rúið í upphafi þessarar aldar, að ríkið varð sjálft að hlaupa undir bagga. Það var eini aðilinn, sem hafði þá tiltrú, það gat stofnað banka, fengið lán og annað slíkt, og það hjálpaði þannig til þess að mynda auðvaldið á Íslandi með því að útvega því þannig fjármagn. Hins vegar er ekki laust við, að einmitt í sambandi við okkar rekstur, t. d. á bönkunum, þá var það orðið svo, að einkakapitalistískur hugsunarháttur hafði sett þar allt of mikið sinn svip á. Þegar ríkið á bankana í einu landi, þá er ekki þörf á að reka þá fyrst og fremst með gróðasjónarmið fyrir augum. Ríkisbankar eiga ekki út af fyrir sig að vera einhver stórkostleg gróðafyrirtæki. Það er eðlilegt, ef bankar eru í höndum einkaauðvalds, að það einkaauðvald líti á þá sem gróðafyrirtæki og hagnýti þá þannig. Það er ekki nema lögmál þess þjóðfélags. En ef ríkið rekur bankana, þá á að skoða það sem þjónustustarfsemi við atvinnulífið í þjóðfélaginu, það þýðir m. ö. o., að þeir bankastjórar, sem stjórna ríkisbönkunum, eiga að miða reksturinn við það, sem þjóðfélaginu sem heild er hentugast, ekki við hitt, hvernig bankarnir geti sölsað til sín sem mestan gróða.

Það hefur stundum orðið vart við, að það hefur jafnvel verið alveg öfug hugmynd uppi hjá bönkunum. Útgerðarmenn, sem jafnvel hafa aflað vel, en út af því, hvernig verzlunarauðvaldið fláir þá, þá hafa þeir kannske stundum ekki átt neitt. Þeir hafa komið í bankana og verið að biðja um lán til þess að gera út, það hefur komið fyrir, að bankastjórarnir hafa sagt við þá: Hvern fjandann ertu að fást við þessa útgerð? — Þetta hefur verið skilningurinn hjá þeim mönnum, sem eru oft voldugustu menn í íslenzku atvinnulífi, á undirstöðu íslenzks atvinnulífs. Og mörgum hefur jafnvel stundum þótt það einna hentast að reyna að hafa sig út úr þessu.

Ein af spurningunum, sem liggur fyrir okkur í dag, einmitt í sambandi við þessi lög og í sambandi við lausnina á vandamálum sjávarútvegsins, er spurningin um vextina. Það er reynt að telja okkur trú um, að það sé eitthvert náttúrulögmál, að vextirnir á Íslandi eigi að vera 7—9% núna og sjávarútvegurinn eigi að borga þessa vexti. Hver sá hagfræðingur, sem heldur slíku fram, er að tala tóma vitleysu. Íslenzku þjóðfélagi er þörf á allt, allt öðru í þessum efnum, og það verður að haga þessari pólitík, bankapólitíkinni og vaxtapólitíkinni, frá sjónarmiði íslenzks atvinnulífs, en ekki eftir einhverjum amerískum kreddum, ég tala nú ekki um amerískum fyrirmælum. Það þýðir, að vextirnir af sjávarútveginum yrðu settir niður í 2% eða 1%, það má alveg eins hafa þá það. Ef um það er að ræða, þá eru þeir búnir að leysa helminginn af öllu því vandamáli, sem vesalings hæstv. ríkisstj. hefur lagt út í glapstigu á í sambandi við þetta frv.

Ég vil minna á það, að ríkið kaupir alla olíuna inn nú sem stendur. Hvaða þörf er á, að ríkið sé að láta 3 félög í landinu vera að deila þessari olíu? Því ekki að hafa þetta sjálft áfram og reka það? Ég vil minna á, að ríkið er jafnvel að borga, held ég, vátrygginguna fyrir fiskiskipin núna, — er það ekki? Það hefur a. m. k. komið fyrir öðru hverju upp á síðkastið. Hví í ósköpunum er ríkið að borga þetta til einhverra vátryggingarfélaga? Hví hefur það ekki eitt ríkisvátryggingafélag og borgar þetta þangað? Er nokkur sérstök þörf á því að hafa hér önnur vátryggingarfélög? Eða er það bara vegna þess, að hinir og þessir fésýslumenn vilja sitja að þessari aðstöðu eins lengi og þeir geta? Ef við leggjum áherzlu á að efla sjávarútveginn, og við getum margfaldað hann enn þá, sérstaklega að verðmæti, sem flutt er út, með fullkomnum fiskiðnaði, þá getur vel verið, til þess að vinna upp okkar markaði erlendis, hagnýta þá, að við þurfum að taka innflutninginn meira og meira í okkar hendur, innflutninginn á bílum, innflutninginn á byggingarefni, innflutninginn á vélum og skipum og

öðru líku, til þess að sjá um, að við höfum nóg af mörkuðum. Auðvitað á innflutningurinn að þjóna útflutningnum. Það er útflutningurinn, sem er undirstaðan að þessu. En þá er komið við hjartað í verzlunarauðvaldinu.

Ég rek þetta hér vegna þess, að það er greinilegt, að það, sem bak við þessi lög er, er þetta: Það á að reyna að leysa hagsmunamótsetningarnar innan íslenzkrar auðmannastéttar á kostnað verkalýðsins og með því að hneppa verkalýðinn í þrældóm, og það er það, sem íslenzkri auðmannastétt er nauðsynlegt að gera sér ljóst strax, að verði ekki gert. Það verður ekki gert. Og það er bezt, að hún átti sig á því í tíma, hvar hún vill skera niður í sínum eigin herbúðum. Það er óhjákvæmilegt fyrir íslenzkt þjóðfélag, fyrir íslenzkt atvinnulíf og fyrir íslenzkan sjávarútveg, að brask- og heildsalavaldið í landinu sé brotið á bak aftur, að þjóðnýting fari fram á vissum sviðum. Ég skal bara minna á: Hvernig mundi ganga með sjávarútveginn núna, ef svona þrælalög væru sett í gang? Hann mundi steindrepast hérna að heita má núna? Hvernig mundi fara með síldarsöltunina hérna núna? Það er vitanlegt, að fólkið kemur þangað ekki. Samningarnir, sem menn eru að gera út á við, verða meira og minna ónýtir, markaðirnir eyðileggjast, keppinautarnir taka þetta. Stundum er sjávarútvegurinn núna að kvarta yfir því, t d. hraðfrystihúsaiðnaðurinn, að hann hafi ekki vinnuafl. Þeir ættu í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að telja saman t d. brjóstsykurs- og súkkulaðigerðirnar í Reykjavík, hvað þær séu margar, hvort það muni ekki vera einhver gróði á þeim, hvort það mundi ekki mega í einni tiltölulega lítilli verksmiðju, sem ríkið ætti, framleiða allan þann brjóstsykur, súkkulaði, karamellur og annað slíkt, sem þarf að borða á Íslandi. Er nokkur ástæða til þess, að 10—20 menn séu að fást við þetta, einkaatvinnurekendur í þessu? Ísland lifir ekki á karamellum, Ísland lifir á fiski. Meðan svona er stjórnað, allt er látið vera í öngþveiti og vitleysu í öllu þjóðlífinu, er komið til okkar og kvartað: Sjávarútvegurinn er alveg að drepast, hann drepst nú, svo framarlega sem verkalýðurinn verður ekki þrælkaður. — Og hvað á maður að segja við líku? Ég held, að þeim mönnum, sem svona standa, sé nær að athuga í tíma, áður en allt er komið í öngþveiti og vitleysu.

Sjávarútvegurinn hefur núna meiri möguleika hjá okkur en nokkurn tíma fyrr á þessari öld. Í fyrsta lagi er að gerast stórkostleg tæknibylting hjá okkur, fyrst og fremst í síldinni, bæði hvað snertir veiðitækni, skip og annað slíkt. Og samt erum við enn þá eins og skrælingjar í því, hvernig við förum með þessa vöru. Við erum enn þá á nýlendustigi, flytjum þetta út sem hráefni handa sænskum niðurlagningarhring til þess að vinna úr og til þess að margfalda verðmætið í þessu. Við gætum lagt niður sjálfir 100—200 þús. tunnur af síld í gaffalbita og annað og selt þetta út um allan heim. Við gætum skapað allmikla örugga markaði, eins og ég hef lýst hér áður, að við gerðum við hraðfrysta fiskinn í þeim sósialistísku löndum, til þess að geta barizt því heiftúðugar fyrir okkar mörkuðum í kapítalistískum löndum. Við getum gerbylt okkar sjávarútvegi núna, reist á grundvelli hans stórkostlegan fisk- og síldariðnað. En þetta er ekki gert. Af hverju ekki? Af því að fjármagninu er ekki beint inn á þessar brautir. Það á að reka fjármagnið út úr karamelluframleiðslunni og öllu líku og inn í að auka þetta. Það verður að stjórna því, hvert fjármagnið fer, og það er listin við að kunna að stjórna þjóðfélagi efnahagslega, ef maður á á annað borð að skipta sér eitthvað af því. Sjávarútvegurinn hefur nú áreiðanlega meiri markaðsmöguleika en nokkru sinni fyrr. Stór hluti af heiminum í kringum okkur sveltur. Matvælaframleiðslan er áreiðanlega sú framleiðsla, sem á lang-langmesta framtíð fyrir sér. Og við þurfum bara að leggja okkur í líma um að gera hana nógu vel úr garði, og við höfum einhver beztu gæði hvað vöru snertir, sem nokkur þjóð hefur.

En hvað þarf til þess, að sjávarútvegurinn geti tekið svona framförum, til þess að það geti orðið iðnbylting í matvælaframleiðslunni íslenzku, til þess að við getum margfaldað verðmæti sjávarútvegsins? Hvað þarf til þess? Það þarf í fyrsta lagi þannig þjóðfélagslegan aðbúnað að honum, að hann vaxi. Verzlunarauðvaldið er ræktað bókstaflega eins og það væri jurt í sérstökum hitunarreit að heita má, en sjávarútvegurinn er látinn vera úti í kuldanum. Við gætum með því að búa almennilega að sjávarútveginum hvað snertir vexti, fjármagn og annað slíkt, með því að reka fjármagnið út úr svo og svo mörgum öðrum sviðum þjóðfélagsins, þar sem það hefur ekkert í raun og veru nema illt að gera, þá getum við margfaldað sjávarútveginn á Íslandi og fiskiðnaðinn.

Einhver mun spyrja: En vinnuaflið? Hvert er fyrsta skilyrðið til þess, að sjávarútvegurinn geti valið úr um vinnuafl? Það er, að hann borgi betra kaup en aðrir, a. m. k. jafnt og helzt betra. Þá velur hann úr um vinnuafl, og sjávarútvegurinn getur það, hann er færastur um af öllum að borga gott kaup, vegna þess að hann er sá, sem getur beygt alla aðra hluta auðmannastéttarinnar á Íslandi fyrir sér, af því að hann er undirstaðan undir öllu saman. Þess vegna er þetta frv., sem miðar að því að láta sjávarútveginn raunverulega borga verst kaup af öllum, það er fjandsamlegast sjávarútveginum af öllu íslenzku atvinnulífi. Það er enginn efi á því. Og við Íslendingar þurfum að aðgæta það mjög vel, að við þurfum að fara mjög skynsamlega með okkar vinnuafl. Við höfum ekki of mikið af því, þegar við rekum okkar þjóðfélag rétt. Við höfum engin efni á að dreifa því til svona og svona margra atvinnurekenda, sem eru að braska í hinu og þessu. Við verðum að fara ákaflega skynsamlega með þetta vinnuafl. Það þýðir, að við verðum að reikna sem allra mest út fyrir fram, hvernig við ætlum að verja því. Þess vegna þarf verkalýðshreyfingin, sem hér er ráðizt á, að rísa upp, og það er hún þegar búin að gera og heldur áfram að gera, hún mun ekki liggja undir þessu. En sannleikurinn er, að sjávarútvegurinn og þeir, sem bera hann fyrir brjósti, hvort sem hann er stór eða smár, hvort það eru bátar, togarar, fiskiðnaður eða annað, þeir eiga

ekki heldur að rísa undir slíku. Það er alger misskilningur af þeim mönnum, hvar í flokki sem þeir standa, sem vilja eflingu íslenzks sjávarútvegs, að standa með frv. eins og þessu. Þetta frv. er fjandsamlegt íslenzkum sjávarútvegi. Þetta frv. er ekki aðeins þrælafjötrar á íslenzkan verkalýð, og það er það versta og það svívirðilegasta við það, það mundi líka vera höft á þróun íslenzks sjávarútvegs, og því mundu menn fá að finna fyrir undireins, ef þetta frv. verður að lögum. Þessi leið, sem hæstv. ríkisstj. er að reyna að fara, þessi þrælaleið, er um leið drep fyrir sjávarútveginn íslenzka. Og það er ekkert nýtt, að það gerist, þegar verzlunarauðvaldið er við völd á Íslandi.

Hæstv. viðskmrh. man máske eftir lýsingunni, sem hann gaf — 1951 held ég það hafi verið — í útvarpsumr., þegar hann var að lýsa stjórninni, sem þá sat við völd, sem var einmitt þessi týpíska heildsalastjórn íhaldsins og Framsóknar, og þegar hann lýsti því, hvernig allar aðrar stéttir þjóðfélagsins þjáðust undir þessari stjórn, en það var ein stétt, sem hún var góð við, sem gat verið ánægð með hana, og það var heildsalastéttin í Reykjavík. Og við erum aftur að koma á slíku ástandi, og það er raunverulega ákaflega hart, að svo skuli komið. Það er sérstaklega hart fyrir Alþfl. Alþfl. hugsaði einu sinni dálítið hátt í þeim efnum, hvernig farið væri með stjórn á Íslandi. Það var sú tíð einu sinni, að Alþfl. var ekki eins hrifinn af einkaatvinnurekstrinum og hann virðist vera núna, þegar hann situr í stjórn þessa svokallaða einkaframtaks. Þá sá hann hætturnar á því, hvað auðvald gat þýtt í einu þjóðfélagi. Þá voru dregnar upp myndir, sem ég býst við að komi núv. foringjum Alþfl. næstum því ókunnuglega fyrir sjónir. Það var um það leyti, sem auðvaldið var að brjótast til valda í ýmsum löndum Evrópu með fasistískum hætti, og verkalýðsflokkarnir stóðu frammi fyrir því að skilgreina það, hvernig á því hefði staðið, að slíkt hefði gerzt. Þá sló Alþfl. því föstu í sinni ályktun, það var á 12. sambandsþingi hans 1934, hvað hefði valdið því, að einræðisstefna auðvaldsins hefði getað orðið svona sterk, og svarið var þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Hún var sú, að þeim lýðræðis- og jafnaðarmannastjórnum láðist, meðan þær sátu að völdum, að neyta valdsins, sem hinar vinnandi stéttir höfðu með atkv. sínu fengið þeim í hendur, til þess að koma á fullkomnu lýðræði, einnig í atvinnulífi þjóðanna, létu undir höfuð leggjast að taka að sér stjórn atvinnumálanna, framkvæma skipulagningu þeirra með hagsmuni alþýðunnar fyrir augum og brjóta þannig á bak aftur einræði auðvaldsins yfir framleiðslutækjunum.“

Þetta var fyrir 30 árum. Þá setti Alþfl. sér það sem markmið, sem hann vildi stefna að, að afnema einræði auðmanna í atvinnulífinu. Núna er að vísu ekki um það að ræða, að það sé gert í heild, en það, sem um er að ræða, er, hvort það séu nokkur svið þjóðfélagsins, þar sem Alþfl. í dag þyrði að framkvæma þessa stefnu. Það, sem Ísland þarf með í dag, er, að vissir hlutir í íslenzku þjóðfélagi væru þjóðnýttir. Það þyrfti að þjóðnýta, við skulum segja olíuna, það þyrfti að þjóðnýta vátryggingarnar, það þyrfti að þjóðnýta svo og svo mikið af innflutningsverzluninni. Alþfl. ætti samkv. allri sinni stefnuskrá að vera reiðubúinn til slíks, og það liggur fyrir og er tölulega sannað þegar í þessum umr., að með slíkum afskiptum ríkisins í þá átt að taka gróða af vissum einkaaðilum núna, afnema einræði auðmanna á vissum sviðum í þjóðfélaginu, þá er leikur, ekki aðeins að hækka kaup verkamanna stórum, heldur líka að stórefla sjávarútveginn í þjóðfélaginu. Ég held, að Alþfl. ætti að fara að rifja ofur lítið upp af sínum barnalærdómi, rifja ofur lítið upp af sínum ákvörðunum frá því, meðan hann var og hét. Þessi ályktun hans og ávarp hans til alþýðu frá þinginu 1934, áður en hann vann stærstu kosningasigra, sem hann nokkru sinni hefur unnið í sínu pólitíska lífi, sýnir honum, inn á hvaða leið slíkur flokkur á að fara, ef hann vill, að honum sé lífs auðið. Alþfl. þarf að gera sér ljóst, að það er óhugsanlegt að ætla að viðhalda á Íslandi einhverjum ótakmörkuðum yfirráðum einkarekstrar og einkaauðvalds, og einu sinni rámaði Alþfl. í þetta og hélt meira að segja, að að þessu tímabili væri komið. Þá var hann að gera upp gjaldþrot sjávarútvegsins 1933 og sló því föstu í þessu ávarpi sínu, sem ég hef minnzt á, með svo hljóðandi orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„En forráðamenn einkarekstrarins á atvinnuvegum þjóðarinnar hafa fyrirgert réttinum til að veita atvinnulífinu forsjá og forstöðu. Þá á ekki að spyrja ráða né til þeirra að leita um bjargráð. Tímabil hins ótakmarkaða einkarekstrar og einkaauðvalds á Íslandi á að vera á enda.“

Það var bætt við meira að segja þá: „Fyrir tilstyrk hinna vinnandi stétta, alþýðunnar til sjávar og sveita, hafa völdin verið tekin af herrum auðvaldsskipulagsins íslenzka, og hún vill, að völdunum sé beitt gegn þeim. Henni er orðið það ljóst, að hún á nú fyrir höndum úrslitabaráttu fyrir atvinnu sinni, frelsi og lífi, og vill berjast til þrautar undir forustu Alþfl.“

Þetta var einu sinni samþykkt í Alþfl., fyrir tæpum 30 árum. Þá hugsaði þessi flokkur enn þá hátt. Þá stílaði hann á að breyta þjóðfélaginu. Og enn sem komið er er það svo, að í þeirri pólitísku kreppu, sem við stöndum í í dag, er nauðsynlegt, að tímabil þessa ótakmarkaða einkarekstrar og einkaauðvalds sé á enda. Það er nauðsyn, að á vissum sviðum þjóðfélagsins komist hugmyndir verkalýðshreyfingarinnar að með að ráða, að það sé framkvæmd miklu meiri þjóðnýting og ríkisrekstur en nú er gert, m. a. til þess, að einkarekstrinn geti fengið að lifa áfram á vissum sviðum.

Ég rifja þetta aðeins upp hérna vegna þess, að nú er það Alþfl., sem stendur að því frv., sem hér er lagt fram, hatrammasta þrælafrv., sem lagt hefur verið fyrir Alþingi Íslendinga nokkru sinni. Og því er borið við, að vandkvæði sjávarútvegsins séu svo mikil, að þau verði ekki leyst með öðru en þessu og það á tíma, þegar íslenzk auðmannastétt er ríkari, er fjölmennari, stærri en nokkru sinni fyrr í sögu landsins. Það er óhjákvæmilegt, að á svona tíma sé þjóðfélagið sjálft grandskoðað og gegnumlýst

til þess að sjá, hvar breyta megi til, og ég hef verið að reyna að gera það að nokkru leyti, og ég vildi aðeins lesa þetta upp til þess að hressa ofur lítið við minni Alþfl.-forustumannanna, ef þeim mætti renna ofur lítið blóð til skyldunnar frá þeim tíma, þegar flokkur þeirra var og hét, þegar þeirra flokkur var jafnsterkur Framsfl. í íslenzku þjóðlífi, þegar hann setti sér að hafa forustu fyrir vinstri öflum í íslenzku þjóðlífi og lét ekki nota sig til þess að flytja annað eins frv. fram og það, sem nú liggur fyrir.

Ég segi þetta vegna þess, að það eru síðustu forvöð fyrir Alþfl. að átta sig á, hvert hann er að fara. Ef Alþfl. heldur áfram á þessari braut, sem hann hefur gengið með þessu þrælafrv., þá bíður hann sitt endanlega skipbrot. Ég lýsti því hér í gær, hvernig á því stæði. Það stæði þannig á því, að mennirnir, sem veita honum forustu nú, séu lausir úr öllum tengslum við verkalýðshreyfinguna, við verkalýðsfélögin, hafi aldrei í þeim verið sumir hverjir, hafi ekki verið aldir upp við það að berjast með verkamönnum í verkföllum, stjórna með þeim verkföllum og heyja þeirra lífsbaráttu með þeim, og þeir skilja þá þess vegna ekki og vita ekki, hvert þeir eru að fara, þegar þeir koma með annað eins lagafrv. og þetta. Ég vil þess vegna alveg sérstaklega skora á Alþfl. að átta sig í tíma.

Það er engum efa bundið, að vissar hugmyndir hefur Alþfl. og m. a. hæstv. viðskmrh. haft um, að hitt og þetta gott gæti máske gerzt í þeirri samvinnu, sem þeir hafa verið í. Þetta hefur komið fyrir áður. Ég man eftir 1947, þegar formaður Alþfl., Stefán Jóhann, myndaði sína stjórn þá með tveimur öðrum flokkum og það var sett inn í lögin um fjárhagsráð, að vera skyldi áætlunarbúskapur á Íslandi, og forsrh. lýsti því alveg sérstaklega yfir, hve stórt stig þetta væri fram á við að láta hugsjónir Alþfl. rætast. En hæstv. núv. dómsmrh. stóð þá upp, hann var þá, held ég, utanrrh., og hrelldi hann með því, að það mundi nú líklega ekki verða mikið úr þessum áætlunarbúskap, enda reyndist það orð að sönnu. Fjárhagsráð varð sú argasta skrípamynd af slíku, sem hægt er að hugsa sér. Og ég man eftir í fyrra, þegar frv. mitt um áætlunarráð var til umr. hérna, hvað hæstv. viðskmrh. var hátt uppi þá, hvað hann hélt hjartnæmar ræður um, að þetta verkalýðsfrv., sem ég væri alltaf að berjast þarna fyrir, væri nú raunverulega komið í framkvæmd, hann væri búinn að semja við Sjálfstfl., raunverulega að beygja Sjálfstfl. undir sig og sjá um, að Sjálfstfl. yrði nú að framkvæma þjóðhagsáætlun, og áætlunin var gefin út fyrir kosningarnar — og hver hefur heyrt um hana síðan?

En hvernig er sjálfur áætlunarbúskapurinn í þjóðfélaginu samkv. þessu Það er það argasta öngþveiti, svo að notuð séu orð hæstv. forsrh., sem hugsazt getur, allt komið í strand. Sú hugsjón, sem Alþfl. lagði þarna til, vafalaust í góðri meiningu, er sem sé umhverfð í sína ranghverfu. Hún kemur fram í því argasta öngþveiti, sem við höfum búið við um langt, langt skeið í íslenzku þjóðfélagi. Þess vegna held ég, að Alþfl. lifi núna sína örlagastund. Við höfum aðvarað hann áður, þegar hann hefur gert hluti, sem Alþfl. áður lét vera að gera. Við höfum aðvarað hann, Alþfl., þegar hann fór inn á gerðardóma, sem Haraldur Guðmundsson gerði að frá farartriði 1938. Við höfum aðvarað hann, þegar hann var með í gengislækkun, sem Stefán Jóh. Stefánsson og Alþfl. neitaði að vera með í 1949. En ég vil af öllum alvöruþunga aðvara Alþfl. nú um að halda ekki áfram á þessari braut. Það er sjálfsmorð að gera slíkt.

E. t. v. mundi hæstv. viðskmrh. spyrja mig, hvað ég sé að bera áhyggjur fyrir Alþfl. Við höfum löngum deilt, þeir tveir flokkar, sem ég er fulltrúi fyrir, og hann. En ég vil segja það við hann, að ég lít enn á Alþfl. sem verkalýðsflokk, og Alþfl. er í samtökum íslenzks verkalýðs í Alþýðusambandi Íslands næst á eftir Sósfl. og Alþb. sterkasti flokkurinn. Og við sjáum ósköp vel, hvernig þeir tveir stóru borgaraflokkar, þeir tveir stóru fésýsluflokkar, sem hér hafa voldug fyrirtæki á bak við sig í allri sinni baráttu, standa vel að vígi með sín blöð og annað slíkt, við sjáum ósköp vel, hvernig þeir stefna hér að tvíflokkakerfi í okkar þjóðfélagi. Við í Alþb. vildum, þegar Alþb. var stofnað, fá Alþfl. með í það og buðum honum það. Við höfum alltaf viljað hafa samstarf við Alþfl. um öll góð mál, og okkur er alveg ljóst, að eigi verkalýðshreyfingin á Íslandi í þeirri mynd, sem hún hefur verið, að verða eins sterk og hún þarf að verða, þá þurfa Alþfl. og Alþb. að geta unnið saman. Þess vegna viljum við gera allt, sem við getum, til þess að fá Alþfl. burt af þeirri braut, sem hann er á. Við vitum, að það fylgir honum ákaflega mikið af heiðarlegu og góðu alþýðufólki. Það var engin tilviljun, að fjölmennasti fundur, sem haldinn hefur verið í Hlíf í Hafnarfirði, þessu gamla, fyrsta brautryðjendavígi Alþfl. og verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, allt fólkið af þeim Hlífarfundi fór heim til Emils Jónssonar til þess að mótmæla þessu frv., til þess að aðvara sinn gamla foringja um, að svona mætti ekki halda áfram.

Okkur er alveg ljóst, að Alþfl. lifir örlagastund í þessum efnum, og svo fremi sem hann ekki áttar sig í tíma, þá brýtur hann sjálfan sig niður, og íslenzk verkalýðshreyfing hefur ekki hag af því. Hún hefur ekki hag af því, að allur sá fjöldi fólks, sem fylgt hefur Alþfl. af trúmennsku fyrir það, sem hann einu sinni var, fari að tvístrast út um allt. Það þarf sem heild að geta staðið saman, en um sinn flokk endurskapaðan, um sinn flokk á réttri leið, um sinn flokk ekki á leið til þrælafrv. og annars slíks, heldur á leið til aukins frelsis og bættra kjara fyrir íslenzka alþýðu. Þess vegna vil ég aðvara Alþfl. alveg sérstaklega í þessum efnum að athuga sinn gang, áður en hann steypist fram af hengifluginu.

Í Noregi höfum við stjórn að völdum, sem er skyld Alþfl. hér heima og verkalýðshreyfingunni, stjórn, sem hefur verkalýðinn á bak við sig. Í því landi er borgað tvöfalt hærra kaup en borgað er hjá okkur. Í því landi eru vextirnir miklu lægri, sem útvegurinn þarf að borga. Í því landi hafa menn verið óhræddir að fara inn á þjóðnýtingu á vissum sviðum. Það er engum efa bundið, að það er hægt að ger-

breyta afstöðunni hér á Íslandi, ef Alþfl. hverfur burt frá þessari villu sins vegar, að standa með svona þrælalögum, og tekur að vinna með verkamönnum í verkalýðshreyfingunni og verkalýðsflokkunum. Meðalkaup lágt launaðra verkamanna í Noregi, sem er tæpar 50 kr. á tímann, er nú á ári fyrir rúma 2000 vinnutíma 100 þús. ísl. kr. — 2015 vinnutíma, það er minna en 8 tíma vinnudagur, 100 þús. kr. Hér fær verkamaður með því að vinna 2400 vinnutíma 67 þús. kr. Og ég hef áður rætt, hvað íslenzkur sjávarútvegur raunverulega getur borið miklu, miklu meira en þetta.

Það er ekkert spursmál um það, að allir efnahagslegir möguleikar eru fyrir hendi til þess að ráða fram úr þeim vandkvæðum, sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu núna. Þetta eru raunverulega engin vandkvæði, miðað við þau vandkvæði, sem þjóðin stundum hefur orðið að horfast í augu við áður á Íslandi, þegar við áttum lítil sem engin framleiðslutæki, þegar við bjuggum við atvinnuleysi, þegar markaðirnir voru hrundir og annað slíkt, þá voru vandkvæði. Stjórn Framsóknar og Alþfl. 1934 átti við vandkvæði að etja. Þetta, sem við höfum núna, er barnaleikur. Við erum með yfirdrifið af framleiðslutækjum og getum leyft okkur að kaupa meira af þeim. Við höfum markaði fyrir allt, sem við framleiðum, og þó að það væri miklu meira. Við höfum forríka og allt of stóra auðmannastétt í þjóðfélaginu. Okkar þjóð er rík þjóð í dag. Eins og við þurfum þá að tala um vandkvæði! Það, sem þarf að gera, er að stokka ofur lítið upp, að gefa á ný. Það þarf að úthluta betur til þeirra, sem vinna, og kippa dálitlu burt af rangfengnum auði, sem hefur lent í illa staði, og það er ekki mikill vandi fyrir Alþingi að gera. Og þótt eitthvað yrði þjóðnýtt á einhverjum stöðum þannig, þá fá þeir menn, sem þar eru, alls staðar nóg að gera. Það er nóg eftirspurn eftir vinnuaflinu hjá okkur. Nei, sá Alþfl., sem þorði þó að leggja út í stóra hluti og reyna við stóra hluti, þó að ýmislegt mistækist á eftir, hann horfði djarfur fram í framtíðina 1934, á krepputímum, sem þá voru. En að Alþfl. skuli lyppast niður, taka þátt í þrælalagafrv. eins og þessu nú á því ríka Íslandi, sem við búum í í dag, það er til skammar og það er það, sem hann þarf að átta sig á í tíma og hverfa burt af villu sins vegar, áður en það er orðið of seint.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir og hefur í sér fólgið að koma þrælafjötrum á íslenzkan verkalýð, stefnir að harðvítugustu misnotkun á ríkisvaldinu, sem beitt hefur verið. Það hefur verið stolt okkar Íslendinga að vera frjálsari en flestar aðrar þjóðir. Einstaklingsfrelsið hefur verið meira hjá okkur og ríkisvaldið hefur verið veikara hjá okkur, til allrar hamingju, og þegar ríkisvaldið var sterkt hjá okkur, þá var það útlent, útlendra yfirstétta, og við hötuðum það allan tímann, því að það var ekki notað til annars en arðræna okkur. Og þess vegna lifir enn þá í okkur þrjózkan gagnvart því kúgunarvaldi, sem ríkisvaldið er. Íslenzk borgarastétt, íslenzk auðmannastétt ætlaði sér að skapa hér sterkt ríkisvald, þegar hún var að taka hér við völdum, eftir að við höfðum fengið okkar fullveldi frá Dönum. Það kom greinilegast fram í sambandi við fyrstu átökin, sterkustu átökin, sem urðu í stríðinu og eftir stríðið, við þann hluta íslenzkrar verkalýðsstéttar, sem þá var svo að segja brautryðjendastéttin, sjómannastéttina. Þá lagði íslenzk auðmannastétt til að skapa hér ríkislögreglu. Þá átti að vopna svo og svo mikinn hluta af fólkinu og gera það að skyldu að taka sér vopn í hönd til þess að geta barið niður verkföllin, ef þeir vondu bolsar, eins og við vorum kallaðir þá, væru að gangast fyrir svo ljótum hlut sem verkföllum.

Alþfl. barðist á móti ríkislögreglunni, barðist á móti henni allan tímann, og ríkislögreglan varð aldrei vopn í hendi auðmannastéttarinnar á Íslandi, því var hnekkt allan tímann. Ríkisvaldið á Íslandi sem kúgunarvald varð aldrei fullkomið. Það var aldrei skapaður hér vopnaður her. Það var aldrei sköpuð hér vopnuð ríkislögregla til að beita gegn verkamönnum. Það þýðir, að við treystum á í okkar þjóðfélagi meiri réttlætistilfinningu, meiri virðingu fyrir lögum heldur en aðrar þjóðir, virðingu hjá hverjum manni. Það þýðir um leið, að valdhafar Íslands þurfa alltaf að gera sér ljóst, að þeir mega ekki misbjóða þessari réttlætistilfinningu. Alþfl. gerði sér það löngum ljóst, þegar hann lagði til sinna kosninga 1934, glæsilegustu kosninganna, sem hann hefur háð, með 4 ára áætlunina þá að vopni. Þá var seinasta atriðið í stefnuskránni svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Að afnema ríkislögregluna í vísu trausti þess, að unnt sé að stjórna þessari friðsömu þjóð með þeirri mannúð og því réttlæti, að úr engum deilum þurfi að skera með hernaði og ofbeldi.“ Þetta var trú Alþfl. þá, og honum varð að þeirri trú.

Nú stendur Alþfl. að því með Sjálfstfl. að leggja til að framkvæma það ofbeldi gagnvart íslenzkum verkalýð að svipta hann verkfallsrétti og samningsrétti, gera íslenzka verkamenn að þrælum. Einu sinni hafði hann von um, að íslenzku þjóðfélagi yrði stjórnað með þeirri mannúð og réttlætistilfinningu, að ekki þyrfti að beita ofbeldi. Nú, vegna þess að þarna er hann að yfirgefa braut mannúðar og braut réttlætis, þá leggur hann til að stjórna með ofbeldi. Hvernig hugsa menn sér að koma svona lögum fram, sem þeir vita nú þegar í dag, að allur verkalýður rís upp á móti? Ætla menn að koma með nýja ríkislögreglu? Ætla menn að fara í óskaplegar málsóknir? Hvað hugsa þeir? Það eru til lög, sem eru svo andstæð réttarmeðvitund almennings, að menn einskisvirða þau, þó að þau verði samþykkt á Alþingi. Við skulum segja, ef Alþingi samþykkti á morgun, að það væri skylda allra fullorðinna manna að misþyrma börnum daglega, hvað haldið þið, að það mundu verða margir, sem hlýddu slíkum lögum? Það er ekki til neins að tala um löghlýðni, nema menn vinni sjálfir í samræmi við réttlætistilfinningu og mannúð. Og það er orðið svo tæpt núna, að það liggur við, að börnum sé misþyrmt í sambandi við vinnuþrældóminn, sem nú er á Íslandi. Þess vegna á ekki að samþykkja svona frv. Þm. eiga í tíma að átta sig á, hvað þeir eru að gera.

Ég hef þá hugmynd, að allur þorri af þm. Alþfl. og Sjálfstfl. hafi alls ekki gert sér ljóst, hvað þeir voru að gera, þegar farið var fram á þetta. Ég hef þá hugmynd, eins og einmitt hv. 6. landsk. orðaði það, að þeir hafi hugsað sér að biðja um frest, stjórnin væri að biðja um 2 mánaða frest. En það er bara ekki það, sem hún er að gera. Hún er að fjötra alla verkamenn, til að byrja með í 2 mánuði, og það er kannske ekki óhugsandi, að verkamenn hugsi sem svo: Ef ég læt fjötra mig í 2 mánuði, hver leysir mig þá aftur? Ég held, að hv. þm. Alþfl. og Sjálfstfl. eigi þess vegna að átta sig í tíma. Ég get vel trúað, að þeir hafi ekki búizt við því, að verkamenn tækju svona í þetta frv., eins og þeir gerðu. En það er þá vegna þess, að þeir hafa ekki reiknað með, að það er íslenzkur verkalýður, sem þeir eiga við. Það má vel vera, að ýmis annar verkalýður mundi hafa sætt sig við þetta, en íslenzkur verkalýður mundi ekki gera það, vegna þess að íslenzkur verkalýður hefur næmari hugmynd í þessum efnum fyrir frelsi einstaklingsins, líka gagnvart lögum, gagnvart ríkinu, gagnvart ríkisvaldinu. Þess vegna eiga menn, og það nú þegar á þinginu, í fyrsta lagi að fresta þessu og síðan að taka til baka þetta frv. Það getur ekkert nema illt hlotizt af því. Ég hef að vísu orðið var við hér, að menn hafa sagt: Ef þeir vilja ekki þetta frv., þá fá þeir gengislækkun. — Það er verið að láta menn velja á milli tvenns konar harðstjórnar, annars vegar efnahagslegrar með gengislækkununum samkv. formúlunni, sem Ameríkanarnir sendu okkur í 2. gr. í l. 1950 um gengislækkunina þá, sem Benjamín kom með, og hins vegar pólitískrar harðstjórnar, þrælalaga.

Það er hvorugt af þessu nauðsynlegt. Ef menn vilja festa íslenzkan gjaldeyri, þá er það vel hægt. Íslenzkur gjaldeyrir var felldur það mikið um árið, að hann stendur alveg fyllilega í sínu gagnvart gjaldeyri annarra þjóða upp á kaupmátt og annað slíkt. En til þess þarf að taka í yfirstjórn ríkisins og haga skynsamlega allri okkar utanríkisverzlun. En þá getum við líka vel sloppið við allt, sem heitir gengislækkun. En við getum náttúrlega ekki gefið bílabröskurum leyfi til þess að flytja inn, þótt þeir vildu, þúsundir bíla á ári. Við getum ekki leyft okkur hvaða andskotans vitleysu sem er, rétt eins og við gætum ekki leyft okkur það, að gullið í Landsbankanum eða seðlarnir yrðu teknir einn góðan veðurdag og hent fram af hafnarbakkanum. Það er álíka efnahagslegt tjón, sem framkvæmt er með því að kaupa inn bílana og láta þá ryðga alls staðar hér í kringum okkur. Annars er engin hætta á gengislækkun, vegna þess að heildsalarnir eru dálítið áhrifaríkir og þeir vilja ekki gengislækkun, þeir færu svo margir á hausinn. Það er sem sé ekkert spursmál um það. Við gætum komizt hjá allri harðstjórn í þessum efnum. Það er vel hægt. Ef þjóðfélaginu, okkar litla þjóðfélagi, er stjórnað með mannúð og réttlæti, þá er vel hægt að ná samkomulagi og samstarfi um þá hluti, sem þarf að gera á Íslandi.

Ég veit, að við höfum oft staðið frammi fyrir þessum spursmálum áður. Ég veit jafnvel, að þeir ólíkustu, sem standa þó ákaflega vel með okkur núna, hafa eggjað jafnvel til baráttunnar. Ég man eftir því, þegar við vorum sumarið 1944 að berjast fyrir því þá, þegar kauphækkanir fóru fram og það miklar, að það gengi allt friðsamlega með þessar kauphækkanir, þá var jafnvel Framsfl. voðalega smeykur við það að hækka kaupgjald. Tíminn skrifaði þá 21. júlí 1944 í ritstjórnargrein.

„Ef til andstöðu atvinnurekenda kæmi, mundu líklegast skapast verkföll og aukinn ófriður í þjóðfélaginu, sem er atvinnulífinu til mikils trafala. Þó er vafalaust, að slíkur ófriður væri þjóðfélaginu ekki skaðlegri en þetta algera undanhald atvinnurekenda í kaupgjaldsmálunum.“

Svona söng nú í þeim tálknunum þá. Og sannleikurinn er, að það, sem þarf að gerast, er, að atvinnurekendur láti undan á þann hátt, að þeir séu knúðir til þess að hagræða sínu atvinnulífi skynsamlegar.

Ég veit, að Framsfl. á dálítið erfitt stundum með að skilja þetta, vegna þess að hann er stilltur á, að það séu ákaflega margir smáir atvinnurekendur. Og vissulega er það pólitískt ákaflega heppilegt fyrirkomulag í þjóðfélaginu. Það er ákaflega skemmtilegt þjóðfélag að vissu leyti, þar sem eru margir smáir atvinnurekendur. En í þeim hluta þjóðfélags, sem útheimtir stórrekstur, til þess að reksturinn sé praktiskur, þá er þetta ekki heppilegasta fyrirkomulagið efnahagslega. Þess vegna er það í okkar litla þjóðfélagi, þó að það geti verið ósköp gaman að því að hafa t. d. 10 súkkulaðigerðir, þá borgar það sig ekki efnahagslega séð fyrir þjóðfélagið, þó að það borgi sig fyrir þá, sem eiga súkkulaðigerðirnar. Og þannig mætti telja ótal svið. Það getur verið gaman að þessum litlu, sjálfstæðu smáatvinnurekendum, en þeir eru þjóðfélaginu til trafala á þessu sviði. Þeir eru þjóðfélaginu nýtir á ýmsum öðrum sviðum, slíkir atvinnurekendur, ekki sízt á því sviði, sem okkur ríður mest á, útveginum. Þess vegna er það, að það þurfa að fara saman hjá okkur pólitísk hyggindi í þessum efnum og rétt efnahagsleg skipulagning, og nútíma auðvaldsþjóðfélagið heimtar, því miður, liggur mér oft við að segja, meiri og meiri stórrekstur á vissum sviðum, þó að sjálfsagt sé hins vegar að halda smárekstrinum við á þeim sviðum, þar sem það á við, ekki sízt í landbúnaðinum og í fiskveiðunum.

Ég hef orðið var við, að það hafa komið — mér liggur við að segja úr ólíklegustu áttum — árásir á verkamenn í sambandi við þetta frv., sem nú er svona mikið deilt um, — m. a. af því að talað hefur verið dálítið um bankastjóra undanfarið, þá hafði einn bankastjóri verið að tala í útvarpið í gærkvöld. Ég verð að segja, að mér þykir það ákaflega leitt, ef það fer að bera á því hjá sumum íslenzkum menntamönnum, að það fari að koma upp einhver menntahroki gagnvart íslenzkum erfiðismönnum. Það eru illa menntaðir menn, sem falla í þá gryfju. Og mér þykir hart að heyra menn, sem maður telur menntaða, vera að segja, að erfiðismennirnir í þjóðfélaginu verði að gera svo vel að sætta sig við þetta, sem þeim nú sé skammtað. Hins vegar sé mjög nauðsynlegt, að hinir menntuðu menn geti fengið há og góð laun. Jú, vissulega, það

er mikil nauðsyn í okkar þjóðfélagi, að við höfum marga góða sérfræðinga. En því aðeins höfum við gagn af þeirra menntun, að þeir menn með sinni sérfræði hafi eitthvert vit á því, sem þeir eru að gera. Það er ekki nóg að tala um það í útvarpi, að þessir fínu menntamenn eigi að gera afrakstur verkamannanna svo mikinn með sínu viti, að þess vegna eigi verkamenn að bíða og sætta sig við það, sem er, þangað til menntamennirnir hafi fengið sitt fram. Íslenzkir verkamenn hafa nú ekki notið mikils afraksturs af glerhöllunum eða andabúinu. Það hefur ekki hjálpað íslenzkum erfiðismönnum mikið í þeirra baráttu, vitið í honum Benjamín, og það er bezt fyrir þá menn, sem eru að hreykja sér upp yfir erfiðismennina og segja þeim að una við sitt, að sýna fyrst árangur sinna mennta af verkunum.

Mér þykir leitt, ef það á að koma upp á Íslandi aftur einhvers konar embættismannahroki. Við héldum satt að segja, að hann hafi verið kveðinn svo rækilega niður um aldamótin af okkar skáldum og rithöfundum, að það væri ekki neinn möguleiki á, að þeim draug skyti upp á ný. Ég held nú jafnvel, að togaraeigendastéttin og heildsalarnir hafi hálfgert út af við okkar gömlu embættismannastétt, sem hafði verið allríka og voldug stétt á 19. öldinni. A. m. k. man ég alltaf eftir sögunni, sem Jónas frá Hriflu sagði forðum daga um það eða ritaði, þegar sú stéttaskipting var að verða hér heima, að togaraútgerðarmennirnir voru að verða þeir ríku hér um tíma í Reykjavík og embættismennnirnir að missa sitt vald og sinn auð og sín háu laun. Jónas lýsti því þá, hvernig það hefði verið haldið eitt fínt boð. Reykvíska yfirstéttin virðist hafa haft þann sið þá, eins og vaxið hefur allmikið núna, að keppast hverjir við aðra í boðunum, hvað þau væru fín. Það hafði verið haldið fínt boð hjá einum togaraeiganda og m. a. boðnir háembættismenn í Reykjavík og þeirra konur, og þegar kona eins æðsta embættismannsins kom heim um kvöldið, þá kastaði hún sér í rúmið sitt og grét og sagði: Nú getum við embættismennirnir ekki lengur keppt við þetta.

Þá voru nú þeir hlutir að gerast, að verið var að setja embættisstéttina niður fyrir því auðvaldi, sem þá var að rísa upp. Ég veit ekki, hvort auðvaldið hérna á Íslandi hefur hugsað sér að taka embættisstéttina á hnén núna og bjarga henni burt frá verkalýðnum í landinu og allri snertingu við hann. En þá þykir mér lítið leggjast fyrir kappann, ef íslenzkir menntamenn fara að láta gera sig að einhverjum þjónum eða hálfgerðum glerhundum hjá íslenzka auðvaldinu.

Vissulega hefur snobbið vaxið ákaflega mikið í Reykjavík á síðustu 10 árum. Það ríður ekki við einteyming, hvernig ástandið er orðið í yfirstéttinni reykvísku. Það virðist bókstaflega vera orðið þannig, að það sé orðin samkeppni um það, hver geti byggt sem fínastar og vitlausastar íbúðir til þess að halda þar veizlur. Og það er sannarlega tími til kominn, að það sé farið að draga þessa yfirstétt sundur í logandi háði fyrir, hvað lítt menntuð og lítilsigld hún er að gerast og hve smáa hluti hún lítur á og hefur upp til skýjanna, en reynist ekki fær um að halda uppi því, sem væri raunverulega íslenzk menning.

Mér þykir það ósköp leitt, ef menntamenn úr embættisstéttinni fara að lalla á eftir því tiltölulega menningarsnauða auðvaldi, sem við höfum hérna. Það er vissulega rétt, að við þurfum að eignast mikið af sérfræðingum, við Íslendingar. En það er eitt ráð fyrst og fremst til þess, sem ríkisstj. á Íslandi á að taka upp, og það er að kosta efnilega menn til náms, láta menn fá slíka námsstyrki frá ríkinu, að menn geti án þess að borga einn eyri sjálfir numið við alla þá háskóla, sem þeir þurfa að nema við til þess að öðlast þá þekkingu, sem íslenzkt þjóðfélag þarf á að halda. Þetta er okkur nauðsynlegt, til þess að við getum alltaf valið úr þá menn, sem eru gáfaðastir og efnilegastir, og sett þá til mennta, en ekki einhverja menn, sem bara ofmetnast á eftir og gera tómar vitleysur, hvað sem þeir gera.

Vissulega veit ég, að eftir nokkra áratugi verða allir þeir verkamenn, sem starfa í okkar þjóðfélagi, vísindalega menntaðir menn. Og mörg þau verk, sem erfiðust eru nú, verða unnin meira eða minna með sjálfkrafa vélum. En meðan sá tími er ekki kominn, þá eru það samt sem áður erfiðismennirnir, sem vinna erfiðustu verkin, sem leggja sig í hættuna, það eru þeir, sem halda uppi þjóðfélaginu, og meira að segja þeir fínu og oft dýru sérfræðingar eiga að hafa sem bezt samband við þá menn. Mér hefur oft mislíkað það, að meira að segja okkar verkfræðingar, sem eiga að leggja hafnir hér á Íslandi og annað slíkt, hafa skeytt lítt um það að tala við mennina á viðkomandi stöðum, þar sem átt hefur að gera þessa hluti, til þess að heyra þeirra ráð um, hvernig hafnargarðarnir ættu helzt að liggja, og þá hefðu þeir losnað við mörg vandkvæðin og tjónið í sambandi við margt, sem gert hefur verið á Íslandi, bæði á þessum sviðum og öðrum, ef okkar sérfræðingar vendu sig á það að taka tillit til þeirrar vizku, sem alþýðan býr yfir.

En um leið og það er nauðsynlegt fyrir okkur að eiga sérfræðinga, — og guð forði okkur um leið frá sérfræðingunum á efnahagssviðinu, sem við höfum búið við undanfarið, — þá skulum við muna það, að í öllu embættismannakerfi er viss tilhneiging til þess, ekki aðeins að sitja fast, þar sem menn eru komnir, heldur hrúga líka í kringum sig meir og meir. Það er Parkinsonslögmálið, sem er að verki, og ég vil bara taka eitt sem dæmi í því sambandi, og það er Framkvæmdabankinn. Það er bókstaflega þannig, að Framkvæmdabankinn er orðinn í bankakerfinu íslenzka eins og botnlangi og það stórskemmdur botnlangi, sem hefði átt að vera búið að skera burt fyrir langalöngu. Það er ekki til neins fyrir þá, sem sitja í gersamlega óþörfum embættum, að vera að prédika neitt yfir íslenzkum erfiðismönnum. Það er ekki fyrir þá. Það, sem þarf að gera, er að skera svo og svo mikið niður í svona ríkisapparati. Það er ekki hægt að varpa því endalaust á herðar íslenzka verkalýðsins. Ef það verður gert, þá kemur að þeirri stundu, að hann fleygir því öllu saman af sér.

Það reynir venjulega á skynsemi einnar yfirstéttar um, hvort hún kann að stanza í tíma. Það er ein yfirstétt í heiminum, sem hefur kunnað þetta mjög vel, það er brezka yfirstéttin.

Hún er líka gömul, búin að vera lengi við völd. Hún hefur lagt sig eftir því að þjálfa syni sína og dætur, kynslóð fram af kynslóð, í því að kunna að stjórna. Brezka yfirstéttin hefur venjulega vitað í tíma, þegar hún átti að láta undan. Þess vegna hafa Bretar t. d. gefið það mörgum af sínum nýlendum, — þeir áttu fjórða hluta heimsins í byrjun þessarar aldar, — gefið það mörgum af sínum nýlendum frelsi, að þeir fundu hvenær sá tími var kominn, að þeir gátu ekki lengur haldið þeim í þrælafjötrum, og þeir sluppu venjulega miklu billegar, þegar þeir gáfu þeim frelsi. Þeir létu þær hafa pólitískt frelsi, en héldu fyrirtækjunum, eignarréttinum á fyrirtækjunum í landinu, og það liðu venjulega a. m. k. ár, máske sums staðar áratugir, þangað til sú nýja, frjálsa þjóð tók fyrirtækin líka og þjóðnýtti þau. Aðrar yfirstéttir hafa ekki kunnað þetta. Franska yfirstéttin hefur sérstaklega verið slæm með það að leggja í hverri nýlendunni á fætur annarri í 7 ára styrjaldir og fórna blóði og tárum, áður en þeir áttuðu sig á því, að það var fyrir löngu kominn tími til að láta undan.

Íslenzka yfirstéttin þarf að átta sig á því, og það er skynsamlegast fyrir hana sjálfa að átta sig á því, að nú á hún að láta undan, ef hún vill ekki kollkeyra sig. Nú á hún að láta undan. Hún á að hafa það pólitíska vit, að hún láti undan og það í tíma. Íslenzkir erfiðismenn, þeir sem í dag bera þetta þjóðfélag á sínum herðum með sinni vinnu, skapa allan þann auð, sem hálaunamennirnir, sem auðmannastéttin hefur yfir að ráða. Þessir erfiðismenn láta ekki bjóða sér það frv., sem hérna liggur fyrir. Og þeir munu brjóta það á bak aftur, svo framarlega sem þetta er gert að lögum.

Hví á að vera að stefna okkar þjóðfélagi út í slíkt? Hví eigum við ekki að læra af reynslunni, að slíkt sé ekki bara rangt, heldur óviturlegt? Almenningur í landinu hefur nú þegar sýnt sinn vilja í þessum efnum. Hann hefur sýnt hann áþreifanlegar en gerzt hefur um langt tímabil í okkar þjóðfélagi. Og það var vegna þess, að honum hefur verið meira misboðið af þessu frv. en nokkru öðru, sem hér hefur komið fram. Ég vil þess vegna leyfa mér að vonast til þess, að hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn sjái að sér í tíma, þeir efni ekki til þess ófriðar, tendri ekki það ófriðarbál, sem yrði í okkar þjóðfélagi með því að misbjóða þannig mönnum og réttlæti, svo að ég noti orð Alþfl. frá því í gamla daga, að gera slíkt frv. eins og þetta að lögum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. flutti ræðu um þetta mál við 2. umr. þess í gær. Hann gerði þar m. a. að umræðuefni fund, sem framkvæmdastjórar fyrir frystihúsum kaupfélaganna höfðu nýlega haldið, og hann lýsti ályktunum, sem gerðar höfðu verið á þessum fundi. Hann las upp till. í 9 eða 10 liðum, sem samþ. hafði verið á fundinum. Þar voru till. um lækkun á vöxtum, hækkun á afurðalánum til framleiðslunnar, till. um, að útflutningsgjald yrði fellt niður og aðstöðugjald fellt niður af fiskvinnslu, niður væru felldir tollar til hagsbóta fyrir framleiðsluna o. s. frv. Síðan ræddi hæstv. ráðh. um það, að verkalýðsfélögin hefðu farið fram á 40% hækkun á kaupi. Og hann fór með tölur í sinni ræðu. Hann sagði, ef ég man rétt, að þær launagreiðslur, sem hvíldu á sjávarútveginum, mundu nema um 1800 millj. á ári. Ekki hef ég haft neina aðstöðu til að kynna mér það, hvað hæft er í þessu. En hæstv. ráðh. reiknaði það út, að ef öll þessi laun hækkuðu um 40%, mundi sú launahækkun gera 700 millj. kr. eða þar um bil. Þetta væri útgjaldaaukning hjá sjávarútveginum. Síðan sagðist hann hafa verið að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað mundi koma þarna á móti, ef fallizt væri á till. frá fundinum, sem ég gat um áðan. Hann sagði, að það væri erfitt að átta sig á því, en hafi ég heyrt rétt, þá nefndi hann 100 millj.

Þetta þótti mér ákaflega skrýtið að heyra. Einn liðurinn í till. framkvstj. var niðurfelling á útflutningsgjaldi. Ég held, að það sé rétt, að árið 1962 hafi verið fluttar út sjávarafurðir fyrir eitthvað meira en 3300 millj. kr. Ég held, að það sé líka rétt, að útflutningsgjaldið sé 7.4%. Og þá sýnist mér, að útflutningsgjaldið af afurðum sjávarútvegsins, sem hann verður að borga, hafi á því ári numið rúmlega 240 millj. kr. Og þetta er aðeins einn liðurinn í þeirra till. En svo segir hæstv. ráðh., að sér virðist, að væri á þessar till. þeirra allar fallizt, þá gæti útvegurinn hagnazt um 100 millj. Ég verð að segja það, að mér finnst þessir útreikningar óskiljanlegir hjá hæstv. ráðh. Hann segir, að á þessum fundi framkvstj. fyrir frystihús kaupfélaganna hafi verið ábyrgir menn. Það mun vera rétt hjá honum. En vill þá ekki hæstv. ráðh. beita sér fyrir því í ríkisstj., að það verði fallizt á till. þessara ábyrgu manna? Ég held, að hann ætti að gera það.

Hæstv. ráðh. sagði, að ýmsir héldu því fram, að ríkisstj. væri of sein með sínar ráðstafanir. Ég held, að hún sé frekar of fljót með þetta frv. sitt, sem hér liggur fyrir, heldur en of sein, því að þetta frv. hefði hún aldrei átt að sýna á Alþingi. Henni hefði verið nær að nota tímann í sumar til þess að reyna að ná samkomulagi um þessi mál, í stað þess að vera þá á flakki út um lönd og álfur.

Við höfum í nál. okkar í minni hl. fjhn. skýrt frá því, að kaup verkamanna, sem vinna 8 stundir alla virka daga, sé nú 5600 kr. á mánuði. Við höfum einnig bent á það, að framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar, sem svo er nefnd, sé samkv. útreikningi hagstofunnar nú í október kr. 7958.07 yfir mánuðinn. Við höfum einnig bent á það, að í þessum útreikningi vísitölu framfærslukostnaðar sé aðeins reiknað með húsnæðiskostnaði kr. 922.25 á mánuði. Þessi liður í vísitölunni, húsnæðiskostnaðurinn, hefur aðeins hækkað um 8.5% á valdatíma núv. ríkisstj. Hins vegar sýna skýrslur hagstofunnar, að byggingarkostnaður hækkaði frá því í febr. 1960 og þar til í júní 1968 um 38.6%. Frá þessu er skýrt í okkar nál. Það liggur því í augum uppi, að hjá öllum þeim mönnum í þessu þjóðfélagi, sem ekki voru svo hamingjusamir að eiga íbúðarhús, áður en núv. hæstv. ríkisstj. kom

til valda, er framfærslukostnaðurinn langtum meiri en vísitalan sýnir. Framfærslukostnaður þeirra hefur hækkað langtum meira á þessu tímabili en vísitalan gefur til kynna. En hæstv. núv. ríkisstj. vill lögfesta það, sem nú er, að með 8 stunda vinnu alla daga ársins geti verkamaðurinn aðeins unnið fyrir 70% af útgjöldum vísitölufjölskyldunnar samkv. útreikningi hagstofunnar. Og þó er þetta kaup fyrir 8 stunda vinnu miklu minni hluti af framfærslukostnaðinum hjá þeim, sem hafa orðið að kaupa eða byggja yfir sig á þessum síðustu árum. Þetta vill hæstv. ríkisstj. lögfesta.

Frv., sem hér liggur fyrir, heitir frv. til l. um launamál o. fl. En frv. er auglýsing um gjaldþrot. Það er auglýsing um mikið stórt pólitískt gjaldþrot núv. ríkisstj. og stjórnarstefnunnar.

Framleiðsla þjóðarinnar á valdatíma núv. stjórnar er meiri en nokkru sinni áður. Árið 1961 var fiskaflinn 27% meiri en hann var 1958, og árið 1962 var hann 52% meiri en 1958. Enn er mikill afli árið 1963. Það er góður markaður fyrir okkar útflutningsvörur yfirleitt, og vörurnar seljast jafnóðum og þær eru tilbúnar til útflutnings yfirleitt. Sjaldan eða aldrei var greiðari sala á vörunum en einmitt nú. Þrátt fyrir þessi hagstæðu skilyrði, betri en nokkur önnur stjórn hefur haft við að búa, er ástandið í efnahagsmálunum þannig samkv. lýsingum sjálfra ráðh., að greiðslujöfnuður fer versnandi, því að innflutningurinn hefur vaxið of mikið, bankalánin eru of mikil, það er óheillaþróun í launamálum, neyzla og fjárfesting er meiri en framleiðslan og framkvæmdirnar of miklar, sparifjáraukningin minnkandi, lánsfjáreftirspurn vaxandi og útlit fyrir, að gjaldeyrisvarasjóður minnki til muna. — Þannig lýsir stjórnin sjálf ástandinu þrátt fyrir þennan uppgripaafla síðustu árin. Og stjórnin leggur fram frv. um lögbindingu á kaupi verkamanna, verzlunarmanna, margra annarra launamanna og bænda. Ekki er það fallegt. En hvernig stendur á þessum ósköpum í slíku árferði? Það er ómögulegt að verjast þeirri hugsun, að hér sé óheppilegu stjórnarfari um að kenna. Þeir menn, sem hafa tekið að sér forustu í málum þjóðarinnar, virðast ekki vera þeim vanda vaxnir. Þeir hafa ranga stefnu og starfsaðferðir, og af því stafa vandræðin.

Núv. ráðh. minnast oft á vinstri stjórnina svonefndu, sem var hér við völd 1956—58. Sérstaklega er hún núv. hæstv. forsrh. kært umræðuefni, og meiri hl. fjhn. vitnar í forsrh. þeirrar stjórnar í nál. sínu, sem hér liggur fyrir. Mér þykir að marggefnum tilefnum rétt að rifja upp, hvernig ástatt var hérna í árslok 1958, þegar vinstri stjórnin fór frá. Þá voru skuldir landsins út á við að frádregnum innstæðum minni en þær eru nú, þrátt fyrir uppgripaafla síðustu ára. Afkoma ríkissjóðs var góð 1958. Kaupmáttur launa var stórum meiri þá en nú, það vita allir launþegar. Efnahagsmálin voru ekkert torleyst í árslok 1958, stjórnin fór ekki þess vegna. Allir mundu fagna af heilum hug, ef dýrtíðin væri ekki meiri en hún var þá og krónan okkar væri jafnverðmikil og hún var þá. Það mundi verða almennur fögnuður yfir því. En hvers vegna fór vinstri stjórnin? Eitt stærsta atriðið í stefnuskrá hennar var, að samráð skyldi haft við stéttasamtökin um ráðstafanir í efnahagsmálum. En 1958 náðist ekki samkomulag við þessa aðila. Nokkrir foringjar Alþb.- og Alþfl.-manna gengu til liðs við sjálfstæðismenn til að hindra slíkt samkomulag. Þegar svo var komið, að ekki var hægt að stjórna samkv. gefnum loforðum og áður birtri stefnuskrá, gerði forsrh. vinstri stjórnarinnar það, sem rétt var og hverjum manni í hans stöðu ber að gera, þegar slíkt ástand skapast. Hann sagði af sér. Þetta hafði núv. forsrh. átt að vera búinn að gera fyrir löngu. En hann hefur skort manndóm til þess. Hann og hans flokkar lofuðu þjóðinni mörgu fögru, en hafa ekki staðið við loforðin. Þeir lofuðu þjóðinni frelsi fyrst og fremst á öllum sviðum.

Þegar stjórnin lagði fram efnahagsmálafrv. sitt árið 1960, flutti hæstv. forsrh. ræður á þingi, svo sem eðlilegt var. Hann lét gamminn geisa og fór víða yfir. Hann var mjög brattur þá. Hann talaði m. a. mikið um frelsið, sem í vændum væri. Nú áttu menn ekki lengur að þurfa að bugta sig og beygja fyrir valdhöfunum og ráðum og nefndum. Nei, ekki aldeilis. Þeir áttu að vera frjálsir. Form. fjhn. á þeirri tíð, Birgir Kjaran, þáv. þm. annars stjórnarflokksins, sagði í framsöguræðu af hálfu meiri hl. fjhn.: „Okkar markmið er frelsi, þeirra (þ. e. stjórnarandstæðinga) markmið er ríkisafskipti.“ Það er svo að segja af þeim fyrrv. þm., hv. meðnm. mínum fyrrum í fjhn., að þegar leið að lokum kjörtímabilsins, var hann búinn að fá nóg af vistinni hjá frelsishernum, stjórnarflokkunum. Hann axlaði skinn sín og fór. Þetta hefðu þeir átt að gera fleiri, stjórnarflokkamenn, og þá fyrst og fremst ráðh. En þeir hafa haldið áfram að lofa frelsinu. Til viðbótar loforðum um frelsi lofuðu stjórnarflokkarnir bættum lífskjörum og stöðvun verðbólgu án nýrra skatta. Þeir sviku þetta allt, breyttu þveröfugt við það, sem lofað var, og þeir fleyttu sér í gegnum kosningarnar s. l. vor með því að gefa villandi upplýsingar um ástandið, sem stefna þeirra hafði skapað, og þeir gáfu ný loforð í þeim kosningum, fyrst og fremst um frelsi.

Í Morgunblaðinu 5. júní s. l., 4 dögum fyrir kosningar, var stór og falleg mynd á forsíðu blaðsins af 7 núv. hæstv. ráðh., og þar var auðvitað greinarstúfur með feitu letri. Þar stóð: „Stjórnarflokkunum hefur tekizt að koma á svipaðri frjálsræðisstefnu í íslenzkum efnahags- og atvinnumálum og bezt hefur gefizt í nágrannaríkjunum, sem hraðast sækja fram, og þeir munu undir engum kringumstæðum hverfa aftur til haftanna“. En hvað er á ferð í þessu frv., sem hér er til umr.? Hafa slík höft, sem þar á að lögleiða, nokkurn tíma verið sett á landsmenn, síðan þeir fóru sjálfir að stjórna sínum eigin málum? Ég held ekki.

Það var ýmislegt fleira í aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, fyrir kosningarnar. Í leiðara 9. júní um morguninn, kosningadaginn, stóð þetta m. a.: „Það er meginhugsjón sjálfstæðismanna að takmarka afskipti ríkisvaldsins af málefnum borgaranna.“ Þetta er fallegt að heyra. Það hefur mörgum þótt gott. Og enn fremur segir þar: „Nú er vegið að þeim árangri, sem náðst hefur í þessu efni. Það á að hverfa til ófrelsisins aftur,

ef tekst að hnekkja styrk Sjálfstfl.“ Þetta er nú það, sem við liggur. Ef tekst að hnekkja styrk Sjálfstfl., þá verður aftur horfið til haftanna. Hvað er orðið af meginhugsjón Sjálfstfl.? Hvað er orðið af henni, þegar maður virðir fyrir sér þetta frv.?

Í Morgunblaðinu 9. júní stóð einnig í sérgrein á baksíðu með feitu letri: „Því takmarki er náð í gjaldeyrismálunum að hafa nægan varasjóð. Nú, þegar það hefur tekizt, er hægt að leggja aukna áherzlu á önnur verkefni.“

Þannig blekktu þeir fólkið, fengu það til fylgis við sig. Þeir lýstu því yfir, að því takmarki væri náð, því var alveg náð að skapa nægan gjaldeyrisvarasjóð, það þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því meir. En nú er hægt að snúa sér að öðrum verkefnum. Gerið þið svo vel.

Svo var kosið. 12. júní, 3 dögum eftir kosningar, segir í Morgunblaðinu, — þeir eru ánægðir nokkurn veginn með úrslitin, þó að stjórnarflokkarnir töpuðu að vísu einum manni, og þeir segja: „Þjóðin hefur valið frjálslynda framfarastefnu, en hafnað höftum og ríkisafskiptum.“ Þarna hafa menn það. Bærilega tókst það. En gerði þjóðin þetta? Hvað segja verkamenn, verzlunarmenn, aðrir launamenn og bændur um það? Hvernig lízt þeim á frelsisskrána, sem liggur fyrir hér í frv.-formi um þessar mundir? Þjóðin hafnaði nefnilega ekki höftum og ríkisafskiptum með því að kjósa þessa menn aftur á þing, hún gerði það ekki. Hún var þar að leiða yfir sig þessi höft, sem nú á að fara að lögleiða. (**Forseti:** Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi langt í land með að ljúka ræðu sinni. Ef svo er ekki, þá mundi fundi vera haldið áfram, að öðrum kosti frestað.) Ég verð nú ekki mjög lengi. (**Forseti:** Ef það tekur ekki langan tíma, þá er rétt, að fundi verði haldið áfram.)

Frv. þetta sýnir glöggt, að hæstv. stjórn hefur ekki breytt um starfsaðferðir. Hún heldur áfram að svíkja sín fögru fyrirheit á þessu nýja kjörtímabili eins og því fyrra og heldur áfram að hanga þrátt fyrir það. Og hún kallar svikin viðreisn. En þau eru bara ekkert betri fyrir það, þó að þeim sé gefið nýtt og fallegt nafn.

Það er nú kannske rétt, herra forseti, að ég geri heldur hlé á minni ræðu. Ég sé, að ég verð nokkra stund að ljúka þessu, sem eftir er. (**Forseti:** Ég vil aðeins taka það fram, að það eru nokkrir hv. þm. á mælendaskrá, og það er augljóst mál, að fundur heldur áfram hér í kvöld, svo að fundi verður frestað til kl. 8.30.) — [Fundarhlé.]

Ég var áðan að rifja upp, hvernig ástatt hefði verið hér um þær mundir, sem vinstri stjórnin fór frá seint á árinu 1958.

Í okt. 1958 var tímakaup verkamanna í Reykjavík kr. 21.85 í dagvinnu. Kaupmáttur krónunnar var langtum meiri þá en nú, eins og allir vita, og munar þar mjög miklu. Till. Framsfl. í efnahagsmálum, sem hann lagði fram seint á árinu 1958 í ríkisstj., voru við það miðaðar, að kaupmáttur launa gæti haldizt óbreyttur, eins og hann var í okt. 1958 eða febr. það sama ár. Því miður var þessum till. hafnað. Tjón verkamanna og annarra launamanna af því, að þessum till. framsóknarmanna var hafnað og vinstri stjórnin fór frá, er orðið ákaflega mikið. Það verður ekki reiknað, það er ekki hægt að mæla í tölum það mikla tjón, og það er langt frá því, að það sé allt komið fram enn. Menn eiga enn ósopið seyðið af þessu. Það sést m. a. af frv., sem hér liggur fyrir.

Snemma á árinu 1959 var kaup verkamanna lækkað úr kr. 21.85, eins og það var í okt. 1958, niður í kr. 20.67. Við þetta áttu verkamenn að búa í meira en tvö ár.

Í júní 1961 náðust nýir samningar fyrir forgöngu samvinnufélaganna fyrst og fremst, og þá hækkaði tímakaupið úr 20.67 í 22.74. Þetta var tæplega 4.1% hærra en kaupið í okt. 1958. Það var aðeins tæplega 4.1% hærra en kaupið var fyrir, eða nærri því þremur árum áður. En þegar þessir samningar höfðu verið gerðir 1961, þá reiddust goðin ákaflega. Verkamenn máttu að þeirra dómi ekki fá 4.1% hærra kaup í júní 1961 heldur en þeir höfðu í okt. 1958. Stjórnin lækkaði gengið í bræði sinni án þess að hugsa málið, tók af verkamönnum miklu meira en kauphækkunin varð. Það er óþarft að fara mörgum orðum um það, sem síðan hefur gerzt. Dýrtíðin hefur aukizt ákaflega, dýrtíðarskriðan fallið með vaxandi hraða, kaupmáttur launa hjá verkafólki langtum minni en hann var haustið 1958. Stjórnin ræður ekki við neitt, en grípur til þess ráðs að banna mönnum með lögum að hækka kaup sitt til að mæta einhverju af þeim þungu byrðum, sem dýrtíðin og ýmsar stjórnarráðstafanir hafa lagt þeim á herðar.

Enginn vafi er á því, að stefna vinstri stjórnarinnar um samráð við stéttasamtökin um efnahagsmál var rétt. Þetta mistókst þá — að fylgja fram þessari stefnu — og hefur valdið almenningi miklu tjóni. Það er sagt, að skaðinn geri mann hygginn. Það er stundum dýrt að nema í skóla reynslunnar. Trúlegt þykir mér, að stefna vinstri stjórnarinnar, að hafa samráð við stéttasamtökin um efnahagsmál, verði upp tekin aftur og það fremur fyrr en seinna. Það mun öllum hagkvæmast, þjóðinni í heild fyrir beztu, og vel getur svo farið, að þetta ljóta frv. núv. ríkisstj. flýti fyrir því, að stefna vinstri stjórnarinnar í þessum efnum verði upp tekin.

Þeim mörgu mönnum, sem verða fyrir barðinu á ákvæðum frv., er því ljósara en áður, að velja þarf nýja menn til forustu í málum þjóðarinnar.

Ég vitnaði áðan í ummæli hæstv. forsrh., er hann hafði, þegar efnahagsmálafrv. stjórnarinnar var hér til meðferðar á þingi snemma á árinu 1960. Það var útvarpað nokkru af umr. um þetta frv., og í útvarpsræðu, sem hæstv. forsrh. þá flutti, sagði hann m. a.: „Nú er af þekkingu og þreki gerð öflug tilraun til björgunar og viðreisnar.“ Hann taldi rétt að láta skjalfesta það í Alþt., til þess að sagnfræðingar seinni tíma gætu séð það, að snemma á því herrans ári 1960 hefðu þeir menn komið hér á stjórnarpallinn, sem höfðu þekkingu og þrek til að fást við vandamálin.

Mönnum er ljóst nú, hvernig ástandið er, m. a. af lýsingu sjálfrar hæstv. ríkisstj. Það lítur út fyrir, að hér hafi eitthvað bilað eða brugðizt. Skyldi það vera þekkingin eða þrekið, eða e. t. v.

hvort tveggja? Núv. ríkisstj. þyrfti að aukast þrek. Reynslan hefur sýnt áþreifanlega, að hún er ekki fær um að stjórna málum þjóðarinnar og hún efnir ekki loforð sín. Hún þyrfti að eignast nægan skammt af þreki til þess að segja af sér, í stað þess að berja fram þetta ljóta frv. sitt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn hefur lagt hér fram fyrir Alþingi frv. um launamál o. fl., og þetta frv. er í því fólgið, að hæstv. ríkisstj. hyggst banna kjarasamninga, launasamninga, nokkra hækkun kaups, en jafnframt er hún með vissa tilburði til þess að láta líta út eins og verðhækkanir séu jafnframt stöðvaðar.

Aðalatriði þessa frv. er auðvitað það, að verkalýðsfélögin eru svipt samningafrelsi sínu, sem þau hafa haft um áratugi, Félagafrelsið er fótum troðið og verkfallsrétturinn er afnuminn. Ég vil leggja á það sérstaka áherzlu hér, að þetta er einstæður atburður í sögu verkalýðsbaráttunnar á Íslandi. Þetta hefur aldrei gerzt áður, ekkert þessu líkt. Þjóðin hefur auðvitað kynnzt ýmsum hörðum og hörkulegum lögum, og verkalýðsfélögin og verkalýðshreyfingin sem heild hefur kynnzt ýmsu, sem ríkisvaldið hefur viljað beita hana, en þetta er tvímælalaust einstæður atburður. Verkalýðsfélögin hafa aldrei mætt neinu þessu líku.

Fyrir tveimur áratugum var launamálum þannig fyrir komið, að settur var gerðardómur, eins og menn muna, sem dæma átti mönnum kaup og kjör. En ég vil minna á í því sambandi, að þessi lög voru miklu saklausari en þau lög, sem nú á að setja, sem eru margfalt svívirðilegri, því að með gerðardómsl. var unnt að hækka kaup, ef dómarar komust að þeirri niðurstöðu, að það væri sanngjörn lausn mála. En með þessum l. er verkalýðurinn sviptur einföldustu lýðréttindum, sem hvarvetna tíðkast, þar sem lýðræði er í heiðri haft, enda er tæpast hægt að segja, að slík l. séu nokkurs staðar sett nema í forhertustu einræðisríkjum.

Hæstv. ríkisstj. fullyrðir, að þessi l. eigi aðeins að gilda í 2 mánuði, þetta sé aðeins bráðabirgðaúrræði og það sé ætlunin, að hún fái þarna frest til að ráða fram úr mestu vandræðum efnahagsmálanna. Því er auðvitað ekki að leyna, og það hefur heyrzt nú að undanförnu, einmitt úr herbúðum stjórnarsinna, að þetta sé aðeins fyrsta skrefið, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að stíga í þeirri baráttu gegn verkalýðshreyfingunni, sem nú er hafin fyrir alvöru af hendi hæstv. ríkisstj. Það hefur heyrzt, að það sé ætlunin að banna alla kauphækkun og alla nýja kjarasamninga í tvö ár frá áramótum og að hæstv. ríkisstj. ætli sér hreinlega að taka í sínar hendur allan þann rétt, sem verkalýðsfélögin hafa hingað til haft. Hæstv. ríkisstj. hefur verið að því spurð í þessum umr. og ég held hvað eftir annað, hvort hún vilji gefa þá yfirlýsingu hér á hv. Alþingi, að verkalýðsfélögin fái þennan rétt aftur. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að hæstv. ráðh. hafa ekki viljað gefa slíka yfirlýsingu, þeir hafa neitað að lýsa því yfir, að verkalýðsfélögin fengju sinn rétt aftur, þegar þessi 2 mánaða frestur er liðinn. Þetta er vissulega þungamiðja málsins, og ég spyr, hvort nokkur hafi heyrt slíka yfirlýsingu af hendi hæstv. ráðherra.

Hæstv. ríkisstj. hefur fengið næg tækifæri til að gefa slíkar yfirlýsingar, og vissulega er tilefnið ærið, en við höfum ekki heyrt þær, og við hljótum að álykta, að þögnin sé sama og samþykki. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að í grg. fyrir frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að undanförnu hefur skapazt misræmi í efnahagslífinu vegna launakapphlaups milli starfshópa og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Ríkisstj. telur, að vinna megi bug á þessum vandamálum með samræmdum ráðstöfunum í launamálum, fjármálum og peningamálum, sem m. a fela í sér kjarabætur þeim til handa, sem verst eru settir. Mun ríkisstj. leggja fyrir Alþingi till. um slíkar ráðstafanir eins fljótt og aðstæður leyfa.“

Þetta er eina setningin í þessu frv., sem hægt er að ráða nokkuð af, hvað ríkisstj. hyggst gera að þessum tveimur mánuðum liðnum, og ef við athugum þessa setningu, þá sjáum við, að í henni er ekki fólgið nokkurt fyrirheit um það, að verkalýðsfélögin hljóti þann rétt, sem verið er að svipta þau nú með þessum lögum. Það er aðeins talað um, að ríkisstj. hyggist gera þessar svokölluðu samræmdu ráðstafanir í launamálum og peningamálum, en ekkert vilyrði gefið fyrir því, að réttinum verði skilað aftur. Ég held því, að það sé alveg ljóst, að þegar hv. Alþingi fjallar um þetta mál, þá verður það að fjalla um það út frá því sjónarmiði, að hér sé um að ræða að svipta verkalýðsfélögin samningarétti og frelsi til að ráða og skipa sínum málum sjálf með samningum og með því að fara í verkföll, það sé verið að taka réttinn af verkalýðsfélögunum fyrir fullt og allt, eða í öllu falli fyrir næstu 2—3 árin.

Hæstv. ríkisstj. hefur nú setið að völdum í 4 ár. Hún tók sér nafnið viðreisnarstjórn í upphafi. Allt það tímabil, sem þessi ríkisstj. hefur setið að völdum, virðist sú skoðun hafa ríkt í stjórnarherbúðunum, að mikilvægasta stefnumið stjórnarinnar ætti hiklaust að vera það, að verkalýðurinn hefði eins lág laun og hægt væri að láta hann sætta sig við.

Í 4 ár hefur ríkisstj. átt í látlausri styrjöld við verkalýðshreyfinguna. Launþegar hafa neitað að fallast á það lífskjaramark, sem ríkisstj. hefur viljað setja verkamönnum og öðrum launþegum. Þeir hafa vitað það, launþegar, að ríkisstj. er ekki óhlutdrægur dómari, og það sjónarmið að halda launum og lífskjörum niðri er falskt sjónarmið, ósanngjarnt og ekki rétt.

Gengislækkunin 1960 var fyrsta stórárásin á verkalýðshreyfinguna. Þá var kaupmáttur launa lækkaður stórlega. En þrátt fyrir þessa árás hélt verkalýðshreyfingin áfram og beið þolinmóð þess að hljóta betri lífskjör. Það var í rauninni ekki fyrr en um vorið 1961, að verkalýðshreyfingin leitaðist við að ná rétti sínum og hækka laun sín. Þá var háð verkfall, eins og menn hljóta að muna, í einar 4 eða 5 vikur, og að þessum tíma loknum, eftir þetta harða

og tvísýna verkfall í 4—5 vikur, voru gerðir samningar um nokkra kauphækkun. En verkamenn voru ekki fyrr búnir að sigra í þessu verkfalli og hljóta sína kauphækkun en ríkisstj. skellti á nýju gengisfalli. Þetta var tvímælalaust fyrsta árásin á réttindi verkalýðshreyfingarinnar. Áður hafði þessi ríkisstj. beint spjótum sínum að launum og lífskjörum, en í þetta sinn var beinlínis vegið að réttindum verkalýðshreyfingarinnar. Og þá var vissulega sýnt, að hverju stefndi hjá hæstv. ríkisstj. Þetta var vissulega einstæður atburður á sínum tíma. Þá var gengisskráningu ísl. krónunnar beitt í baráttu ríkisstj. gegn verkalýðshreyfingunni. Ríkisstj. beið alls ekki eftir því, að áhrif kauphækkananna kæmu fram í efnahagslífinu, þannig að hún gæti sýnt fram á, að þessi kauphækkun ylli erfiðleikum hjá útflutningsatvinnuvegunum. Nei, hún kom með þessa gengislækkun alveg strax, eftir að kauphækkunin hafði fengizt í gegn, og þetta var vissulega eins og svipuhögg í andlit verkalýðshreyfingarinnar, sem var búin að berjast fyrir kauphækkun í margra vikna verkfalli.

Nú væri eðlilegt að spyrja: Hvers vegna fengu verkamenn ekki kauphækkun strax? Hvers vegna lét ríkisstj. ekki undan kröfum verkamanna tiltölulega snemma í þessu verkfalli og skellti síðan þessari fyrirhuguðu gengislækkun yfir verkalýðshreyfinguna, í stað þess, eins og hún gerði, að láta verkamenn bíða eftir því í 5 vikur, að þessi atburður skeði? Þannig hlýtur að liggja ljóst fyrir, að með því að láta verkalýðshreyfinguna bíða í 5 vikur eftir þessu hnefahöggi, þá var ríkisstj. ekki aðeins að valda verkamönnum mjög miklu fjárhagslegu tjóni, heldur einnig þjóðarbúinu öllu miklum og alvarlegum skaða.

En hvers vegna var beðið? Hvers vegna var beðið í 4—5 vikur? Þessi framkoma ríkisstj. var auðvitað í samræmi við aðrar aðgerðir hennar gegn verkalýðshreyfingunni. Hún var að þreyta verkalýðinn, hún beitti ríkisvaldinu á þennan máta til þess að skapa sem mest vonleysi í röðum launþega. Hún ætlaði sér með þessum ráðum að telja úr þeim kjarkinn, með því að gera þessa stórárás á verkalýðshreyfinguna eftir mjög langt og þreytandi verkfall og kjarabaráttu. En með þessari gengislækkun var verkalýðurinn sviptur aftur öllu því, sem hafði áunnizt í þessu verkfalli, og hæstv. ríkisstj. svipti launþegana í einu vetfangi öllu því, sem hafði áunnizt í þrotlausri baráttu fátækra verkamanna um 5 vikna skeið. Með þessu vildi ríkisstj. greinilega sanna, að það væri í rauninni alveg sama, hvað verkamenn gerðu, hvort þeir færu í langt verkfall eða stutt verkfall eða yfirleitt til hvaða ráða þeir gripu, þeir gætu ekki með neinum ráðum fengið bætt lífskjör. Þetta var því alveg tvímælalaust fyrsta árásin á sjálfan verkfallsréttinn, á samningafrelsið, þó að um óbeina árás væri að ræða. Hún var fyrst og fremst ætluð, þessi árás, til þess að telja almenningi trú um, að í þjóðfélagi okkar þyddi alls ekkert fyrir launþega að reyna að bæta lífskjör sín, það hlyti að enda með gengisfellingu.

Og þá erum við komin að þeirri kenningu hæstv. ríkisstj., að það sé í efnahagslífi landsins eitthvert dularfullt orsakasamband milli gengiskráningar íslenzku krónunnar annars vegar og hins vegar þeirra launa, sem launþegar fá í sinn hlut. Þetta er vissulega eins fráleit kenning og verða má. Ég er sannfærður um það, að við getum leitað um víða veröld að þeim hagfræðingum erlendum, sem telja, að það sé til eitthvert órjúfanlegt orsakasamband á milli launa og gengisskráningar gjaldmiðils þjóðanna. En ríkisstj. hefur reynt að telja fólki trú um þetta, og það var einmitt það, sem skeði í gengisfallinu 1961, að þá vildi hún sýna fram á, að ef kaup hækkaði um 13%, eins og það gerði, þá hlyti gengið að falla um 13%, eins og ríkisstj. lét það líka gera. Hún vill halda því fram, að verkalýðshreyfingin hafi náð því stigi í kjarabaráttunni, að héðan í frá hljóti að vera alveg órjúfanlegt og beint orsakasamband milli þessara tveggja óskyldu afla í efnahagsmálalífi þjóðanna.

En þessi kenning hlýtur auðvitað að vera og var á sínum tíma aðeins svívirðileg falskenning. Þessi kenning var eingöngu fundin upp til að blekkja almenning og, eins og ég sagði, telja honum trú um, að það væri alveg sama, hvað hann stritaði í kjarabaráttunni og hvað hann héldi út í löngum verkföllum, það væri aldeilis ómögulegt að bæta lífskjörin hér á Íslandi. Og ríkisstj. hefur þótzt hafa skammtað launþegum í landinu í eitt skipti fyrir öll þau lífskjör, sem menn geti leyft sér að vonast eftir að fá, og meira geti verkalýðurinn alls ekki fengið. Kauphækkun, það þýðir gengislækkun.

Nei, auðvitað vita flestir þeir menn, sem eitthvað hafa skyggnzt í efnahagsmál, að laun eru aðeins einn liður af fjöldamörgum öðrum, sem hafa áhrif í efnahagskerfi þjóðarinnar. Ríkisstj. hefur sjálf gert margar og miklar ráð stafanir, sem hafa haft miklu meiri áhrif á dýrtíðina og þar af leiðandi á þörf fyrir nýja gengisskráningu, miklu meiri og sterkari áhrif en nokkurn tíma kauphækkanirnar. Ríkisstj. hefur t. d. hækkað vexti, og hún hefur lagt toll á útflutninginn og gert ýmsar fleiri ráðstafanir, sem einmitt verka í þessa átt. Barátta ríkisstj. gegn verkalýðshreyfingunni hefur einmitt verið háð á þessum grundvelli, að halda baráttunni þannig, að orsakasambandið milli gengisskráningar krónunnar og launanna væri órjúfanlegt, og á því yrðum við stöðugt að byggja. Verkalýðshreyfingin hefur á hinn bóginn harðneitað að gangast undir þetta boðorð, þessa svívirðilegu hagfræðikenningu, og um það hafa staðið deilurnar.

Ég hef nú gerzt svo langorður um þetta atriði vegna þess, að þetta er ákaflega mikilvægt atriði, þegar við ræðum um þetta frv. hér um bann við kauphækkunum, sem nú er til umr., því að þetta frv., sem ríkisstj. hefur lagt hér fram, er vissulega í beinu framhaldi af árás ríkisstj. á verkalýðshreyfinguna árið 1961. Þá sögðust þeir sem sagt verða að lækka gengið um 13%, vegna þess að launin hefðu hækkað um 13%. Og það er það sama, sem þeir

segja núna. Þeir segja það hins vegar á annan máta, þeir segjast verða að banna 30% kauphækkun, vegna þess að þeir séu að reyna að koma í veg fyrir 30% gengisfellingu. Ég álít, að það sé mjög mikilvægt, að menn skilji, að þessi kenning er falskenning, og til þess að skýra mál mitt betur, þá held ég, að það væri rétt að vitna til orða hæstv. viðsk.- og menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hann mælti í ræðu hér í þinginu 15. marz 1950, en þá var einmitt til umr. frv. um nýja gengisskráningu íslenzku krónunnar. Þá mælti hæstv. viðskmrh. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að Alþingi afsali sér þýðingarmiklu valdi, sem það hefur haft allt frá 1924, til að ráða gengi krónunnar og Landsbankanum fengið það í hendur. Ég álít, að það komi ekki til mála, að Alþingi afsali sér þessum rétti. Sérstök ástæða er og til að gagnrýna, hvernig komizt er að orði í niðurlagi þessarar greinar, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu ísl. krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi önnur en sú, sem kveðið er á um í lögum þessum.“ Nú er hagfræðingum þeim, sem undirbjuggu þetta frv., auðvitað ljóst, að kaupgjald getur haft áhrif á gengi, en þeim hlýtur líka að vera ljóst, að þar er aðeins um að ræða einn þátt af mörgum, sem áhrif hafa á gengið, og alls ekki hinn mikilvægasta, heldur eru það markaðsskilyrði og framleiðslugeta þjóðarinnar í heild. En hvað á það að þýða að nefna kaupgjaldið eitt? Með þessu er verið að hóta launþegasamtökunum í landinu. Það er ekki verið að tala um að breyta genginu, ef verðlag breytist erlendis, en því er hótað, að gengisbreyting skuli verða framkvæmd, ef kaupgjald hækkar. Það hafa engin samráð verið höfð við launþegasamtökin í sambandi við þetta frv., og er það illt. Eitt er þó enn verra, að í því skuli vera slíkar hótanir í garð launþegasamtakanna. Ég hef af þessum ástæðum leyft mér að bera fram á þskj. 429 brtt. um, að þessi grein skuli felld niður.“

Þetta voru orð hæstv. núv. viðsk.- og menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar. Það, sem vekur athygli við lestur þessarar stuttu klausu, er auðvitað í fyrsta lagi, að þar er hæstv. viðskmrh. að gagnrýna þá ráðstöfun, að Landsbanka Íslands skuli heimilt að skrá gengi krónunnar samkv. því, sem hann telur sjálfsagt og eðlilegt. Það, sem vekur fyrst og fremst athygli í sambandi við þetta, er, að þetta er einmitt það, sem hann sjálfur hefur staðið fyrir á kjörtímabilinu síðasta, að fá Landsbankanum þetta vald í hendur. Í öðru lagi er mjög athyglisvert í þessari stutt klausu, að hæstv. núv. viðskmrh. og þáv. prófessor í hagfræði kvartar mjög yfir því, að ríkisstj. skuli ekki hafa samráð við launþegasamtökin í landinu. Það er nákvæmlega það sama, sem nú er kvartað um við hann. En þó er þriðja atriðið langsamlega merkilegast, og það var einmitt þess vegna, sem ég vitnaði til þessarar klausu. Það var það, þegar Gylfi Þ. Gíslason leggur í þessari ræðu sérstaka áherzlu á það, að kaupgjald sé aðeins einn liður af mörgum og ekki sá mikilvægasti, eins og hann komst að orði, sem hafi áhrif á gengisskráningu íslenzku krónunnar. Nei, vissulega er þetta þannig, að ef ekki væri 13 ára tímamismunur og annað þingmál á dagskrá, þá gæti maður vissulega haldið, að prófessor Gylfi Þ. Gíslason væri að svara í þessum orðum lokleysum og fáránlegum fullyrðingum hæstv. núv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, um hið dularfulla orsakasamband gengis og launa.

Síðan þessi stórárás var gerð á launþegasamtökin í landinu sumarið 1961, hefur verkalýðshreyfingin verið að reyna að kría út smálaunabætur sér til handa. En þær hafa bara því miður jafnóðum verið teknar aftur í flóði verðbólgunnar. Í sumar var þolinmæði verkalýðshreyfingarinnar að þrotum komin. Verkalýðsfélögin bjuggu sig undir stórátök. En rétt áður en verkföll skyldu almennt hefjast, kom hæstv. ríkisstj. til verkalýðshreyfingarinnar, og þá fyrst og fremst til A. S. Í. og spurði ósköp bljúg að því, hvort ekki væri rétt og skynsamlegt að rannsaka í nokkra mánuði, hver væri greiðslugeta atvinnuveganna, og að þeim niðurstöðum fengnum væri hægt að láta verkalýðshreyfinguna fá nokkrar bætur fyrir það, sem hefði verið skert af lífskjörum hennar. Verkalýðshreyfingin og A. S. Í. vildu að sjálfsögðu sýna sem allra mesta samningalipurð og þolinmæði, og verkalýðshreyfingin hafði að sjálfsögðu ekkert á móti því að láta rannsaka þessi mál niður í kjölinn. Verkalýðshreyfingin vissi, að hún hafði réttinn sín megin, en það var aðeins eitt, sem vantaði. Hana grunaði sannarlega ekki, hvað undir þjó hjá hæstv. ríkisstj. Hana grunaði ekki, að bak við þessa beiðni um frest lægi ótrúleg undirhyggja og fals og lævísi.

Fresturinn var veittur og verkalýðsfélögin biðu þolinmóð. Þau höfðu lofað að bíða, og þau gerðu engar ráðstafanir á þessum tíma til þess að fá kjör sín bætt. Dýrtíðin og óðaverðbólgan, sem ætt hefur í þessu þjóðfélagi, hélt áfram að æða áfram í allt sumar, og eins og menn vita, skall núna yfir í haust ægilegra verðbólguflóð en nokkru sinni hefur sézt eða gerzt með þjóðinni seinustu áratugina. Á þessum tíma gerðist það einnig, að kjaradómur dæmdi starfsmönnum ríkisins verulega kauphækkun, þ. e. a. s. um það bil 45% að meðaltali. Sá dómari, sem var í oddaaðstöðu, eða dómarar í þessum dómi, sem réðu þessum málum í raun og veru, voru skipaðir af ríkisvaldinu, og það er því sannarlega ástæða til að ætla, að sá dómur, sem felldur var, hafi verið í nokkru samræmi við vilja og álit ríkisstj. á því, hvað væri sanngjarnt og eðlilegt, að launin væru. Þessi sanngjarni dómur var að sjálfsögðu miðaður við það dýrtíðarflóð, sem hafði að undanförnu skollið yfir, og með þessum dómi kom það í ljós, að þær kröfur, sem verkamenn höfðu gert um kauphækkun, voru fyllilega í samræmi við þau laun, sem kjaradómur skammtaði þeim mönnum hjá ríki og bæ, sem vinna hliðstæð störf og verkamenn. Það sýndi sig sem sagt, þegar þessi dómur féll, að kröfur verkamanna voru í fullu samræmi við

það, sem hlutlausir dómarar töldu sanngjarnt og eðlilegt. En eins og ég sagði áðan, á meðan verkalýðshreyfingin beið og stöðugt var samið um nýjar og nýjar kauphækkanir, hélt verðbólguhjólið áfram að snúast og fjöldamargir hálaunamenn fengu nýja kauphækkun í samræmi við þann dóm, sem þá var nýlega fallinn. En þegar þessi gefni frestur, þessi umsamdi frestur var úti og verkalýðshreyfingin ætlaði að láta til skarar skríða, þá réðst ríkisstj. *aftan að verkalýðshreyfingunni, hreinlega sagt*, með rýtinginn á lofti og lagði það frv. fram, sem hér er til umr.

Það er svo auðvitað saga út af fyrir sig, sem aldrei verður nægilega oft sögð, hvað gerðist seinustu dagana, áður en þetta frv. var lagt hér fram fyrir Alþingi. Hvað gerðist í hinum ýmsu stofnunum þjóðfélagsins þessa seinustu daga? Jú, menn sáu, að dýrtíðarvagninn kom æðandi, menn sáu, að hann rann á fleygiferð, og menn sáu, að verðlagið hækkaði stöðugt. Það var ekki lengur í samræmi við fyrri laun þeirra, jafnvel þó að þau hefðu verið nokkuð há og kaup ýmissa stétta hefði þá hækkað. Menn sáu það, að opinberir starfsmenn voru komnir upp í þennan æðandi dýrtíðarvagn, bæði hæstv. ráðh. og allir sérfræðingar þeirra á stórum og miklum launum, og svo fréttu menn, að það væri rétt í þennan mund verið að loka hurðinni á *verðbólguvagninum, sem æddi þarna áfram, og* þá hófst þetta gífurlega og um leið svolitið broslega kapphlaup. Allir vildu reyna að komast upp í dýrtíðarvagninn, allir vildu sleppa upp í, áður en hurðinni yrði skellt aftur, og það var vissulega talsverður handagangur í öskjunni á seinustu klukkutímunum, þegar bankastjórar og bankaráðsmenn og forstjórar og aðrir hálaunamenn voru að keppast við að fá laun, sem yfirleitt voru ekki lægri en eins og 20—25 þús. kr. á mánuði. Svo var hurðinni skellt aftur og læst, en verkalýðurinn sat eftir og láglaunafólk með þessa sömu hungurlús og áður, þ. e. a. s. fyrir 8 tíma vinnu 5700 kr. á mánuði.

Nei, það er vissulega ekki nema von, að þessi vinnubrögð hafi vakið mjög almenna reiði og hafi átt sinn þátt í því, að nú hefur risið magnaðri mótmælaalda en dæmi eru til, a. m. k. seinustu árin. Staðan er þannig í þessu þjóðfélagi, að ríkisstj. stendur alein og einangruð gegn öllum launþegastéttum landsins. Ég efast um, að nokkur ríkisstj. hafi nokkurn tíma staðið jafnalgerlega einangruð og sú ríkisstj., sem nú er við völd í dag, og ég efast um, að nokkur ríkisstj. hafi mætt svo almennri samstöðu samhentrar verkalýðshreyfingar og nú er að skapast í dag. Næstum því hvert einasta meiri háttar verkalýðsfélag á þéttbýlli stöðum í landinu hefur boðað vinnustöðvun 11. nóv., þrátt fyrir það að flestum virðist ljóst, að þetta frv., sem hér er á ferðinni, verði þá sennilega orðið að lögum. Það má heita, að næstum hvert einasta verkalýðsfélag hafi mótmælt þessu framferði harðlega, og ég vil vekja athygli á því hér á hv. Alþingi, að þau félög, sem mótmæla, eru ekki eingöngu þau félög, sem kennd eru við landráðamenn og kommúnista. Það eru líka félög þessara svokölluðu lýðræðissinna. Það eru félög, sem stuðningsmenn ríkisstj. hafa öll völd í. Líka þeir, sem stutt hafa ríkisstj. og kosið og stutt opinberlega Alþfl. og Sjálfstfl., mótmæla nú hver af öðrum og standa einhuga gegn ríkisstj. Ég vil spyrja menn, hvað hafi í rauninni gerzt, þegar slíkt skeður, að t. d. stjórnin í Iðju í Reykjavík samþykkir með aðeins einu mótatkv., atkv. formannsins, að mótmæla framkomnum till. *ríkisstj. harðlega. Þetta félag hefur verið eitt traustasta vígi núv. ríkisstj.* Þannig mætti nefna fjöldamörg önnur félög launþega, þar sem stuðningsmenn ríkisstj. eru í algerum meiri hl. og hafa haft öll ráð í sinni hendi, en nú hafa þessir sömu aðilar snúizt gegn yfirboðurum sínum, og er þá nokkuð langt gengið, þegar handjárnin bresta.

Eins og ég segi, verkalýðshreyfingin stendur núna algerlega einhuga gegn hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. vill leysa þann vanda, sem hún hefur sjálf komið þjóðinni í, á kostnað launþega í landinu, á kostnað vinnustéttanna. En verkalýðshreyfingin svarar á hinn bóginn og segir: Við viljum í fyrsta lagi halda einföldustu lýðréttindum. Við viljum halda þeim réttindum, sem við höfum öðlazt með áratugabaráttu í verkalýðsfélögum okkar, og við viljum halda samningaréttinum, félagsfrelsinu, verkfallsréttinum. — En í öðru lagi segja þeir: Við viljum ekki, að vandamál efnahagslífsins séu leyst á okkar kostnað. Það er hægt að gera aðrar efnahagsráðstafanir. Það er t. d. hægt að lækka vexti, eins og margoft hefur verið bent á, og það er hægt að fella niður tolla af útflutningsframleiðslunni. Það er sem sagt hægt að leysa vandann á margan máta og t. d. með því að leysa hann á kostnað auðmanna og milliliða.

En nú má spyrja: Hvers vegna velur hæstv. ríkisstj. þessa leið, sem hún hefur nú fetað með því að leggja þetta frv. hér fram á Alþingi? Við vitum, að í öllum þeim kringumstæðum svipuðum, sem áður hafa skapazt, hefur ríkisstj. beitt gengislækkunum. Og það er vissulega sú efnahagsaðgerð, sem núv. ríkisstj. er kunnust að. En hvers vegna beitir hún ekki þessu gamalreynda og ágæta ráði? Já, hvers vegna er það, sem hæstv. ráðh. tala um það í ræðum, að við verðum að hætta þessum leiða gengislækkunarleik? Ég held, að svarið sé fólgið í leiðara Alþýðublaðsins 13. okt. s. l. Alþýðublaðið er þá að ræða um það, af hvaða ástæðum *telja verði harla ólíklegt*, að gengislækkun skelli á. Og Alþýðublaðið er samtímis að bera það af yfirboðara sínum, hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, að hann hafi fengið skipun um það, eins og marga hafði grunað, frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að ekki mætti verða gengislækkun á Íslandi. Þetta var sem sagt í orðaskiptum milli Alþýðublaðsins og Þjóðviljans, sem þessi mjög svo merkilega aths. kom fram, og ég vil lesa hana, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Hins vegar hefði Þjóðviljinn mátt líta til hinna miklu skulda íslenzkra innflytjenda erlendis til að finna sterkar líkur fyrir því, að

borgaraflokkarnir hér á landi hafi ekki áhuga á gengislækkun, eins og sakir standa.“

Þarna höfum við sem sagt skýringuna á því, hvers vegna hæstv. ríkisstj. velur þessa leið núna, en ekki þá gamalreyndu og mjög svo vinsælu leið í stjórnarráðinu, þ. e. a. s. að fella gengið, hvenær sem þess gerist þörf, því að vissulega mátti ríkisstj. vita, að sú leið, sem hún velur nú, var mjög óvinsæl leið og vissulega einstæður atburður og varla út í þá leið farandi nema af mjög brýnni nauðsyn. En eins og kemur fram í þeim stutta kafla, sem ég las hér áðan, telur hæstv. ríkisstj., að hún geti alls ekki farið út í gengislækkun, vegna þess fyrst og fremst, að kaupmenn og heildsalar skulda of mikið. Sem sagt, ef gengið væri fellt um t. d. 50%, þá yrðu skuldir íslenzkra innflytjenda að krónutölu um það bil 50% hærri en þær eru nú, þeir þyrftu að borga 50% meira í krónum. Og það er mjög skiljanlegt, að þetta atriði hafi mjög orðið til þess að hafa áhrif á, hvaða leið ríkisstj. valdi. En á þessu sjáum við auðvitað eins glöggt og vera má, hverra hag hæstv. ríkisstj. ber fyrir brjósti og hver er í rauninni kjarninn í þeim ráðstöfunum, sem hún gerir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það eru vissulega ekki hagsmunir verkalýðshreyfingarinnar, sem hún ber fyrir brjósti, og enn þá síður hagsmunir þjóðarinnar allrar. Nei, það eru þessi gamalkunnu, þröngu klíkusjónarmið verzlunarstéttarinnar, sem hér eru alls ráðandi enn einu sinni. Og vissulega er það sannast mála, að öll stefna núv. hæstv. ríkisstj. miðar fyrst og fremst að því að skapa og koma á laggirnar hér á Íslandi því, sem hún nefnir frjálsa verzlun. Vegna þessarar frjálsu verzlunar á að fórna hagsmunum allra annarra, og í því sambandi er rétt að benda á, að það hefur hvað eftir annað komið í ljós, að hæstv. ríkisstj. er fús á jafnvel að fórna hagsmunum útgerðarmanna og framleiðenda fyrir hagsmuni verzlunarstéttarinnar. Ríkisstj., eins og hér kemur fram, segist ekki geta fellt gengið að þessu sinni, vegna þess að skuldir innflytjenda séu svo miklar. En ég vil spyrja: Er þá unnt að komast að nokkurri annarri niðurstöðu en þeirri, að ríkisstj. sé í rauninni að taka sér tveggja mánaða frest til þess að geta gefið þessum kaupmönnum og þessum heildsölum tækifæri til þess að losna úr skuldaklípunni, en gengisfelling verði svo þrautalendingin strax að þessum fresti liðnum, þ. e. a. s. í byrjun næsta árs? Ég veit ekki, hvað skal halda. En það er hreint ekki ólíklegt, og það er a. m. k. mjög sennilegt, að ríkisstj. sé nú að reyna kaupbindingu í 2 ár, eins og ég hef áður nefnt, og ætli sér að gera það um áramótin eða eftir þau. En hún óttast, að þetta muni ekki takast, og ég er henni alveg sammála um það. Hæstv. ríkisstj. getur verið viss um, að henni muni ekki takast að binda kaupið, og þá eru allar líkur til þess, að það verði gengislækkunarleiðin, sem verður fyrir valinu. En þá er hugsunin sú, að tveggja mánaða frestur geti orðið innflytjendum, heildsölum og öðrum bröskurum að einhverju liði í þeirri miklu klípu, sem þeir eru núna komnir í.

Hæstv. ríkisstj. hefur rökstutt stefnu sína og gerir núna, þessar hastarlegu gerðir gegn verkalýðshreyfingunni, með því, að hún hafi fengið meiri hlutann hjá þjóðinni við síðustu kosningar og þess vegna sé henni heimilt að hegða sér á þennan máta og gera hverjar þær ráðstafanir sem henni líki, hún hafi þjóðina á bak við sig. Og vissulega verður því ekki á móti mælt, að hæstv. ríkisstj. hefur þingmeirihl. og hlaut við síðustu kosningar nokkurn meiri hl. atkv. En ég vil minna á, að þessi ríkisstj. hlaut ekki neitt einræðisvald og hún hefur ekki hlotið neina heimild til þess að gera hvað sem er. Hún fékk alls ekki vald til þess að svipta borgara þessa lands einföldustu lýðréttindum. Valdið, sem núv. ríkisstj. hyggst að beita, er því fengið á röngum forsendum. Ef ríkisstj. hefði þorað og dirfzt að segja kjósendum sínum frá því, hvað hún hygðist gera nú eftir kosningar, þá geta hæstv. ráðh. verið vissir um, að þeir sætu ekki í þessum stólum, sem þeir sitja nú í. Það er alveg vafalaust, að kosningar hefðu fallið á annan veg, og það er þess vegna, sem ég segi, að það vald, sem ríkisstj. hyggst nú að beita, er byggt á röngum forsendum. Við sjáum það líka á viðbrögðum kjósendanna, hvernig þeir bregðast við nú, þegar þeir fá verkin sjálf, en ekki loforðin, framan í sig. Stuðningsmenn Alþfl. og Sjálfstfl., sem studdu þessa ríkisstj. í seinustu kosningum, berjast nú af alefli gegn þessum lögum, og þeir skora á hv. Alþingi að fella þetta frv. Þeir hóta jafnvel sumir hverjir ólöglegum verkföllum. Og hefur þá ekki gerzt nokkuð, þegar kjósendur og heitir stuðningsmenn hafa gengið svo langt? Nei, það er alveg ljóst, að málið stendur þannig í dag, að hæstv. ríkisstj. er að burðast með sitt frv. í andstöðu við meiri hl. þjóðarinnar. Ríkisstj. þarf að sjálfsögðu ekki að verða neitt hissa á því, þó að hún mæti nú óstöðvandi afli, sem er reiðubúið að gera þessi lög að engu, jafnvel þótt þau hljóti lagagildi. Verkalýðshreyfingin lætur ekki sinn rétt baráttulaust. Það þarf enginn að ímynda sér það, og hvað eiga verkamenn að gera annað en að berjast til þrautar, eins og nú er komið málum.

Ég hef áður nefnt það og ég vil ítreka það, og það hafa margir gert á undan mér hér, að verkamannalaun eru ekki nema 5700 kr. á mánuði fyrir 8 tíma vinnu á dag. En samkv. opinberum skýrslum þarf um það bil 9500 kr. á mánuði fyrir meðalfjölskyldu að sjá sér fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, og þó er húsaleiga aðeins reiknuð í þessum reikningi 900 kr. Hvað skyldu vera margir, sem greiða 900 kr. í húsaleigu? Ég veit það ekki, hve margir greiða 900 kr., en ég veit hins vegar um fjöldamarga, sem í haust hafa tekið sér íbúðir á leigu og orðið að borga fyrir þær ýmist 4000, 5000 og jafnvel 6000 kr. á mánuði, þ. e. a. s. meira en verkamannakaup er í dag fyrir 3 herbergja íbúð. Nei, húsnæðismálin í Reykjavík eru vissulega í hörmulegu ástandi og hafa aldrei verið neitt svipuð og þau eru nú, og það eru hundruð fjölskyldna, sem eru á götunni í dag. Þetta mál eitt, svo að ég minnist nú á það, væri vissulega næg ástæða til þess, að ríkisstj. segði hreinlega af sér, því að þau húsnæðisvandræði og þeir erfiðleikar, sem ríkisstj. er völd að, eru vissulega nægilegt tilefni til þess, að hver ríkisstj. með sómatilfinningu sæi sér

ekki annað fært en að segja af sér. Húsnæðisvandræðin í dag eru ein af mörgum afleiðingum af stefnu núv. ríkisstj. Það er vaxtaokrið og það er samdrátturinn í framkvæmdum, sem veldur því, að það hefur verið minna byggt, sérstaklega árin 1960 og 1961, og nú er þetta að koma fram í húsnæðisvandræðum, ægilegri en við höfum nokkurn tíma áður séð.

Það líður nú að lokum þessara umr. og ég sé ekki ástæðu til að reifa þessi mál öllu frekar. Ég vil aðeins segja það að lokum, að ástæðan til þess, að ríkisstj. er í vanda stödd núna, er auðvitað einfaldlega sú, sem oft hefur áður verið bent á, að þessi ríkisstj. hefur neitað að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna. Hún hefur tekið þá afstöðu að beita verkalýðshreyfinguna öllu því valdi og öllum þeim bolabrögðum, sem hún hefur getað og hennar sérfræðingar hafa getað fundið upp á. Þessar ráðstafanir, sem nú liggja fyrir, eru þær hastarlegustu og hörðustu, sem ríkisstj. hefur nokkurn tíma boðið launþegum upp á. Ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að hætta við að knýja þetta frv. í gegn hér á Alþingi, heldur leita samráðs við verkalýðshreyfinguna og semja við hana á heiðarlegum grundvelli.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Senn líður að lokum umræðna í hv. deild um þetta margrædda frv. En ég get ekki látið hjá líða, áður en lýkur, að segja mitt álit um þetta mál.

Það verður eðlilega að líta á þetta frv. ríkisstj. í ljósi viðreisnarinnar frá upphafi viðreisnar til dagsins í dag. Það er löngu komið í ljós, að það er mikill vandi á höndum þeim, sem hafa tekið að sér að stjórna í þessu landi með viðreisnarstefnu fyrir augum. Það er komið í ljós, að efnahagskerfi ríkisins er sem óðast nú á seinni mánuðum og síðari árum smátt og smátt að liðast í sundur. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er skilgetið afkvæmi viðreisnarinnar, og ekki nema eðlileg afleiðing stjórnarstefnunnar, eða þannig lít ég á það og við framsóknarmenn. Efnahagslöggjöfin frá 1960, gengisbreytingin mikla með ýmiss konar hliðarráðstöfunum, sem gerðar voru, og gengisbreytingin 1961, sem var þó enn þá meira út í hött, þessar hvorar tveggja breytingar á gengi krónunnar hlutu eðlilega að leiða til þeirra erfiðleika, sem komið hafa fram smám saman, síðan þessar breytingar gengu í gildi.

Gengisbreytingin seinni, frá 1961, var talin af mörgum nokkurs konar hefndarráðstöfun á hendur annars vegar þeim launastéttum, sem sömdu þá, voru samningsaðili, og hins vegar þeim atvinnurekendum, sem tóku sér fram fyrir hendur að leysa hagsmunamál launastétta eða viss hluta launastétta á þeim tíma. En fyrir þær sakir, að samningar tókust, var hægt að halda uppi eðlilegri framleiðslu og vil ég þá sérstaklega til nefna í því sambandi síldveiðarnar. Vaxtahækkunin, sem átti sér stað 1960 á vegum viðreisnar, hlaut að leiða til margs kyns erfiðleika í athafnalífi þjóðarinnar. Atvinnuvegirnir urðu aðþrengdir bæði vegna okurvaxtanna og af mörgum öðrum ástæðum, svo sem ofboðslegum sköttum og tollum og síðan lánahöftum af ýmsu tagi. Þannig hefur ríkisstj. sjálf og flokkar þeir, sem hana styðja, alið á dýrtíð í landinu og orðið til þess, að knúðar hafa verið fram kaupkröfur af hálfu launafólks. Ríkisstj. hefur með stefnu sinni efnt til skrúfgangsins milli verðlags og kaupgjalds. Aðgerðir hennar fyrst og fremst hafa verið upphaf hins mikla dýrtíðarflóðs og innihald þess, og þetta mátti vel sjá fyrir, og það gerðum við framsóknarmenn, svo sem kunnugt er. Við beittum viðvörunarorðum við öll möguleg tækifæri, en stjórnarflokkarnir skeyttu því engu. Þannig er, að ríkisstj. getur sakað sig um sjálf, hvernig komið er, en getur engan veginn ásakað almenning, eins og einn ráðh. í ríkisstj. hefur nýlega gert tilraun til, og talið, að fólkið í landinu, beri höfuðábyrgð á því, hvernig komið er. Þetta er vissulega ómaklegt, þjóðin hefur sjaldan eða aldrei unnið meira en á undanförnum árum og aldrei unnið lengri vinnutíma almennt, og 8 stunda vinnudagur hefur má segja verið gjörsamlega óþekktur um nokkurt skeið, kannske ekki af því, að borgararnir hafi svo sérstaklega mikinn áhuga fyrir að vinna sér til óbóta, heldur beinlínis vegna þess, að flestir borgarar hafa þurft að vinna mun lengri tíma en 8 klst. til að geta komið saman endum í sínum einkaefnahagsmálum.

Ekki þarf ríkisstj. að kvarta svo mjög um illt árferði til lands og sjávar, því að árgæzkan hefur verið meiri en oftast áður á seinni áratugum. Þannig hafði ríkisstj. margt það á hendi, að vel mátti fara um efnahag þjóðarinnar, og ég get bætt því við, að hún tók ekki við svo afleitu búi 1958—59, þegar vinstri stjórnin lét af völdum, heldur gildum sjóði. Og landsfólkið hefur verið mjög samstillt, eins og áður, til starfa og verkefnin ærin vegna mokafla og góðæris. Það, sem á skorti, var rétt stjórnarstefna, og þess vegna er komið í óefni. Stjórnin neytti ekki hins einstaka færis á liðnum árum að vinna í haginn og styrkja svo að um munaði atvinnuvegina til lands og sjávar og efla á allar lundir í því skyni að gera þá færari til þess m. a. að standa undir sómasamlegu kaupgjaldi og eðlilegri framþróun atvinnuveganna og uppbyggingu þeirra. Auðvitað þurfti að leggja og þarf allténd að leggja hið mesta kapp á að efla og auka framleiðsluna og afköstin og herða á framleiðni og gæta hagsýni yfirleitt í sambandi við rekstur atvinnuveganna og atvinnufyrirtækja. Hins vegar var stefnt að því að efla sem mest mátti verða fjársterka einstaklinga, og til þeirra var sannarlega og er fjármagni þjóðarinnar beint, arður þeirra er látinn vaxa á kostnað alls þorra fólks. Þessar sterku andstæður, sem stjórnarstefnan hefur skapað í efnahagslegu tilliti, hlutu að auka á auðsætt og loks óþolandi ranglæti í tekjuskiptingu og annarri úthlutun fjármunalegra gæða með þjóðinni. Og þetta játaði hæstv. viðskmrh. nú á dögunum í umr. um þetta mál. Hann sagði, að bilið reikkaði sem óðast milli láglaunastéttanna, þ. á m. bænda og þeirra, sem betur eru launaðar. En það er nú svo, að jöfnun lífsins gæða, svo sem auðið er, hlýtur að vera næst okkar eðli Íslendinga eins og flestra annarra vestrænna þjóða, og allt fram á viðreisnarár var þeirri stefnu fylgt eftir mætti á hverjum tíma. En þegar núverandi ríkisstj. tók völdin, var allt annar háttur upp tekinn í veiga-

miklum atriðum og stefnunni í átt til auðseflingar hinna fáu haldið í slauknum mæli, eftir því sem viðreisnarárin liðu, fjársterkir aðilar þannig efldir, lánakerfið stillt að verulegu leyti inn á þá, og aðstaða þeirra til gróða bætt með ýmsum hætti, svo sem alkunna er. Hins vegar er svo að geta sérstaklega, að ýmis samtök almennings, svo sem samvinnufélög bæði til vörukaupa og til framleiðslu, hafa ekki allténd átt upp á pallborðið hjá viðreisnarstjórninni og þeirra kosti meira en góðu hófi hefur gegnt verið þrengt á ýmsa vegu og einstaklingum almennt gert allt of erfitt fyrir í viðleitni sinni til sjálfsbjargar og sjálfstæðrar atvinnuaðstöðu.

Sakir hinnar röngu stjórnarstefnu hafa efnahagsmálin gengið svo úr skorðum sem raun ber vitni. Við blasir eftir fjögurra ára viðreisnarstjórn þetta: Dýrtíðin hefur aukizt úr hófi, okurvöxtunum er haldið uppi, söluskattar orðnir á annan milljarð króna, en nokkuð verulegur hluti þeirra átti að vera til bráðabirgða, en eru allir orðnir viðvarandi, vöruskiptajöfnuður við útlönd óhagstæður nú þessa stundina samkv. hagskýrslum yfir 700 millj. kr., aukið á skuldir við útlönd og upplausnarástand í launamálum á hinum almenna vinnumarkaði, og lengur mætti upp telja. Það er sannarlega alvarlegt efnahagsástand þjóðarinnar, um það verður ekki villzt.

Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., snertir veigamikinn og einn viðkvæmasta hluta efnahagsmálanna. Það eru launamál hinna láglaunuðu vinnustétta til lands og til sjávar. Í frv. ríkisstj. er lagt til að afnema um skeið a. m. k. samningsrétt launastétta, þ. á m. bænda, og kaup þeirra bundið fast um tveggja mánaða skeið. Það hafa verið færðar sannanir að því, að þetta frv. sé eina úrræði stjórnarflokkanna og eigi að verða til frambúðar, ef í gegn kemst.

Hv. 1. þm. Austf. (EystJ) bar í ræðu hér á dögunum fram þá fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hann, ráðh., þyrði að lýsa því yfir hér í umr., að þetta frv., ef að lögum yrði, yrði fellt og ákvæði þess úr gildi 31. des. í síðasta lagi og síðan teknir upp samningar við launastéttirnar. Ég hef ekki heyrt svar forsrh. enn. Í nál. meiri hl. fjhn. segir, að athugun sú, sem ríkisstj. hafi látið gera á efnahagsástandinu, hafi leitt til þeirrar niðurstöðu, að útflutningsatvinnuvegirnir geti ekki staðið undir frekari kostnaðarhækkun, að frv. sé fram komið til þess að bjarga útflutningsatvinnuvegunum frá yfirvofandi hruni. Verði frv. ekki samþykkt og að lögum gert, sé næstum eða alveg óumflýjanlegt að fella gengið. Þannig er skoðun stjórnarflokkanna þá sú, að hækkað kaup láglaunastéttanna sé útilokað og halda beri þá verkamanninum við árskaupið, sem oft hefur verið nefnt hér áður í umr., 67 þús. kr. Á því kaupi á hann þá að lifa framvegis, hvað sem dýrtíðarflóðinu líður og hvað sem hver segir, og allir vita nú, hversu fráleitt það er.

Í nál. meiri hl. fjhn. segir m. a.: „Augljóst er, að ef orðið yrði við kaupkröfunum, þótt eigi væri nema að hluta, væri hætt við því, að ókleift reyndist að leiðrétta misræmið, sem skapazt hefði þannig, án þess að breyta genginu.“ Þetta álit stjórnarflokkanna segir bezt til um það, hvernig hag útflutningsatvinnuveganna er komið undir stjórn viðreisnar. Atvinnuvegirnir hafa m. ö. o. ekki þolað stjórnarfarið á undanförnum árum, hafa ekki þolað viðreisnarstefnuna.

Það er satt, efnahagsmálunum er sannarlega illa komið. Lýsingar stjórnarfl. eru hárréttar í flestum greinum, og víst er það, að ekki hefðu þeir viðhaft slíkar lýsingar á niðurstöðum og afleiðingum stjórnarstefnu sinnar, ef þeir væru ekki hart reknir. En slík viðurkenning sem þessi er að sjálfsögðu engan veginn auðveld þeim. Fyrirsvarsmenn stjórnarfl. segja líka: Innflutningur varnings hefur vaxið of mikið, bankaútlán aukizt um of, neyzlan og fjárfestingin meiri en framleiðslan, og horfir illa, framkvæmdir of miklar, sparifjáraukning minnkandi, eftirspurn eftir lánsfé óeðlilega mikil. Þannig kemur það enn fremur í ljós, að stjórnarfl. hafa hvergi nærri haft taumhald á þessum öllum veigamiklu þáttum í efnahagskerfi þjóðarinnar, og því var af okkur framsóknarmönnum líka spáð, að svo mundi fara, og var þá miðað við stefnuskrá viðreisnarfl. þegar í upphafi.

Hvað sagði í „Viðreisn“, pésanum fræga, þ. e. a. s. stefnuskrá stjórnarfl.? M. a. var sagt: Koma skyldi atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. — Enn fremur var lofað **stöðvun verðbólgunnar** og halda skyldi dýrtíðinni í skefjum. Vextir, þ. e. a. s. okurvextir, áttu vélrænt að hamla á móti útlánaþenslu, þ. e. a. s. þeir áttu að vera hæfir til þess að halda sem mest niðri eftirspurn eftir lánsfé. Lánsfjárhöftin áttu að takmarka enn fremur fjárfestingu. En aldrei hefur verið meiri fjárfesting. Og í hverju hefur hún verið fólgin? Það hefur verið allt of miklu eytt af fé þjóðarinnar í verðmæti, sem fer fram hjá útflutningsatvinnuvegunum. Þetta er alvitað. Og það er búið að benda á þetta hér í mörgum ræðum og mörg einstök dæmi tekin fram og athuguð, og allt sýnir það, að bankarnir hafa opnazt mjög fyrir fjársterkum einstaklingum og jafnvel verið í hendur fengið vald yfir miklum erlendum gjaldeyri. Þannig hafa fjársterkir stuðningsmenn stjórnarfl. fengið fjárhæðir og þær æðistórar og margar til ekki allt of nýtra hluta. Ekki hefur þá ætíð verið spurt að því, hver fjárfestingin væri og þótt hún væri til annars en almannaheilla eða í þágu atvinnuveganna, var slíkt talið gott og gilt.

Eitt loforðanna, sem stjórnarfl. gáfu í upphafi viðreisnar, var þetta: Stefna ríkisstj. er m. a. sú, að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja sín á milli um kaup og kjör. Og það er þetta loforð, sem snertir mjög það mál, sem hér hefur verið til umr. En þetta loforð var ekki fremur haldið en hin, sem ég hef drepið á af mörgum. Og frv., sem hér liggur fyrir, er þar um gleggsta dæmið. Frv. er, eins og ég hef sagt, eðlileg afleiðing stjórnarstefnunnar og um leið tákn þess, að viðreisnin er að falli komin eða gengin sér til húðar. Frv. sýnir úrræðaleysi stj., sem finnur sig hafa misst stjórnartauma úr sinni hendi um veigamikinn þátt efnahagsmálanna. Frv. er stríðsyfirlýsing á hendur launafólki til lands og sjávar, því fólki, sem atvinnuvegir og afkoma þjóðarinnar byggist að mestu leyti á. Með frv. er í einu vetfangi og fyrirvaralaust þetta fólk svipt samningsfrelsi sínu

og eðlilegum rétti til áhrifa og ákvörðunar um lífskjör sín og það skilið eftir í meiri afkomuerfiðleikum og óvissu um framtíðarefnahag sinn en nokkru sinni fyrr. Hér er stefnt til styrjaldar við þann hluta landsmanna, sem býr, svo sem alkunna er, við eitt lakast borð í kjaratilliti. Og það geta allir sagt sér það sjálfir, að með engu móti öðru en því að leggja slíkt frv. fram, ég tala ekki um að samþykkja það, er hægara að efna til ófriðarbáls, sem getur leitt til hinna alvarlegustu slysa.

Og hví er til þessa leiks stofnað? Eins og margrakið hefur verið, er efnahagsástandið í skyggilegt, og eins og ég hef getið, er lýsing stjórnarmanna á því mjög sannleikanum samkvæm. En þetta frv. getur engan veginn bætt úr hið minnsta, að hyggju okkar framsóknarmanna. Það á ríkisstj. enn fremur að vita og eigi síður en við framsóknarmenn og flestir aðrir landsmenn. Frv. er ögrun aðþrengdu fólki, og hins vegar yfirlýsing stjórnarinnar um uppgjöf stjórnarfl. við að leysa þann mikla vanda, sem ríkisstj. stendur nú frammi fyrir. Og ekki er það einungis, að hún leysi engan vanda með þessu frv., heldur eykur hún stórkostlega á vandann.

Hvað var annars ríkisstj. og hennar fólk að gera frá því hinn 17. júní s. l., þegar hún fékk frestinn til þess að athuga kjaramál þeirra launastétta, sem búa við eitt lakast borð? Ég vil ekki ætla, að það hafi verið svo, að stjórnarfl. hafi frá upphafi verið staðráðnir í því að beita þvingunarlögum og bera við, að útflutningsatvinnuvegirnir gætu engan veginn þolað hærri kaupgreiðslur. Ég get vart hugsað mér það, að stjórnarfl. hafi frá upphafi verið staðráðnir í því að beita þvingunarlöggjöf í viðskiptum við láglaunastéttirnar. En vissulega ber allt að þeim brunni, að svo hafi verið. Þegar stjórnarfl. ekkert gátu að gert á 4½ mánuð, hafandi þá ekki þingið eins og sverð vofandi yfir höfði sér eða andstöðuflokkana þar réttara sagt, hvernig getur nokkrum manni þá dottið í hug, að þeim takist að leysa vandann á næstu tveim mánuðum, þegar litið er til þess, að stjórnarfl. sýnast ekki neitt nær lausn þessa mikla vandamáls í dag en þeir voru um miðjan júní s. l.? Í frv. ríkisstj. eru þannig engar till. um raunhæfa og eðlilega lausn á vandamálinu.

Þá er enn fremur spurt að því: er það hyggja stjórnarfl. að binda kaup einnig eftir 31. des. og koma í veg fyrir það, að eðlilegir og sjálfsagðir samningar eigi sér stað milli launastéttanna og atvinnurekenda? Verða þá sömu rök og stjórnarfl. beita nú notuð eftir 31. des.? Þess vegna, þegar hlutirnir eru séðir í þessu ljósi, eru þeir æðimargir, sem líta svo á, að stjórnarfl. ætli sér blátt áfram og hiklaust að innleiða og þreifa fyrir sér áfram stig af stigi um bindingu kaupgjalds með löggjöf og bindingu kaupgjalds þess hluta þjóðarinnar, sem hefur einna ríkasta þörf fyrir verulega hækkun kaups, til þess að eitthvað komist í áttina til móts við hina sífellt auknu dýrtíð.

Það er líklegt og kannske eðlilegt að einhverju leyti, að stj. hafi ekki varað sig á því, að margumtalaður kjaradómur, sem lauk starfi seinni hl. á þessu ári, legði slíkt mat á kjarahlut opinberra starfsmanna sem raun er á orðin. Laun opinberra starfsmanna margra hverra hafa hækkað allverulega. En það er líklegt, og ekki aðeins líklegt, heldur jafnvel auðsætt, að mat kjaradóms er jafnframt að vissu leyti mat á áhrifum viðreisnarinnar á kjaramál launastéttanna yfirleitt. Kjaradómur hefur að mínu áliti opnað mjög augu alþjóðar fyrir ástandinu í kjaramálum launastéttanna almennt, og afleiðingin af þessu mati kjaradóms er eðlilega sú, að aðrar stéttir ætla sér að renna í kjölfarið og heimta sinn hækkunarhlut í þessu kaupgjaldi. Ég tel, að hæstv. ríkisstj. hefði mátt vera þetta ljóst. Hún hefði strax átt að viðhafa þau viðbrögð ein, sem höfðu það að marki að laða láglaunastéttirnar til samngjarnra samninga um launakjör í ljósi staðreynda, sem blasa við hverjum manni, að því er varðar lífskjör þessara stétta í dag. Og það ber að harma það, og getur haft illar afleiðingar, hversu mjög illa var notaður tíminn frá miðjum júní og þar til í októbermánaðarlok. Sannarlega var á miðju þessu ári lofað úrræðum, sem að haldi mættu koma, og vissulega hafa láglaunastéttirnar beðið allan tímann í eftirvæntingu, og svarið, sem þessar stéttir hafa fengið, er þetta einstæða frv. Fram hjá samningsrétti launastétta verður ekki gengið að skaðlausu fyrir þjóðfélagið. Þess vegna ber vafningalaust að leita samninga við þessar stéttir manna, og það á að freista alls til þess, að viðhlítandi samningar náist, þannig að þessar stéttir njóti sæmilegra tekna, án þess að yfir gangi nauðsynlegan hvíldartíma eða ofbjóði vinnuþreki þeirra. Og það er sannarlega tími til þess kominn. Þetta er sú leið, samningaleiðin, sem ber að fara, og þetta er eina leiðin, sem er í raun og veru fær. En þessa leið hefur ríkisstj. ekki viljað fara eða a. m. k. trassað að reyna að fara, heldur hefur hún gripið til þess óyndisúrræðis að flytja þetta frv.

Um leið og eðlilegir samningar væru gerðir við láglaunastéttirnar, þarf að sjálfsögðu að leggja hina mestu áherzlu á að búa þannig að atvinnuvegum til lands og sjávar, að þeir megi bera slíkar launagreiðslur og annan kostnað svipaðs eðlis. Þetta hlýtur að vera hægt að leysa með þessum hætti: Annars vegar að færa þessar láglaunastéttir úr þeim kút, sem þær eru reyrðar í nú í dag, og hins vegar að auka svo mjög á framleiðslu og framleiðni í atvinnuvegunum, að þeir séu færir til þess að borga þá nauðsynlegu hækkun, sem þannig verður að eiga sér stað. Það þarf að styrkja framleiðsluna meira en gert hefur verið til afkastaauka, og það þarf að létta greiðslubyrðar á atvinnuvegunum, t. d. lækka vexti. Á það hefur margoft verið bent í ræðum manna úr andstöðuflokkum ríkisstj., að koma beri fram lækkun vaxta, og svo að viðhafa hina beztu fyrirgreiðslu í lánum til atvinnuveganna. Þá er að sjálfsögðu hægt að finna mikið af tollum og töluvert að sköttum, sem má lækka í hag fyrir atvinnuvegina. Með því móti að lækka þannig greiðslubyrðar á atvinnuvegunum mætti, eins og ég hef drepið á, hækka við láglaunastéttirnar, eins og sannarlega ber.

Framsóknarmenn hafa oft og iðulega bent á þessar leiðir og reynt að opna augu stjórnar-

manna fyrir slíkum eðlilegum viðbrögðum í framkvæmd efnahagsmálanna. En stjórnarflokkarnir hafa virt slík ráð og vinsamlegar ábendingar að vettugi. Í þessu vandamáli viljum við enn benda á ráð, sem má til góðs eins leiða fyrir stjórnarflokkana í þeirri villu, sem þeir eru nú staddir. Við viljum góðfúslega benda stjórnarflokkunum á þetta: Það er þjóðfélaginu hættulegt að grípa til þeirra ráða, sem frv. felur í sér, og það er óverjanleg og ómakleg árás á lögverndaða hagsmuni láglaunastéttanna að lögfesta ákvæði þessa frv., ekki síst með hliðsjón af því, sem aðrir launþegar í landinu hafa komizt í launamálefnum sínum. Og í þriðja lagi er mjög svo líklegt, að ekki sé unnt að halda til streitu ákvæðum frv., þegar til framkvæmda kemur, því að ákvæði frv. stríða í meginatriðum gegn réttar- og réttlætisvitund þjóðarinnar.

Af því, sem ég nú hef rakið hér lítillega, ber að sjálfsögðu að fella þetta frv., en í stað þess taka upp samninga við láglaunastéttirnar og finna flöt á eðlilegu samkomulagi um vandamálið. Það hygg ég, að verði stjórnarflokkunum fyrir beztu, og það verður áreiðanlega þjóðinni fyrir beztu.

Lúðvík Jósefsson: Ég hafði búizt við því, að einhverjir úr liði hæstv. ríkisstj. mundu taka hér til máls við þessa umr. málsins og svara nokkru af því, sem þeir hafa verið spurðir um. Ég hafði einnig orðið þess var, að a. m. k. einn þm. úr stjórnarliðinu hafði látið setja nafn sitt á mælendaskrá, svo að mér kom það heldur spánskt fyrir, þegar forseti ætlaði að slíta umr. hér.

Það hafa að vísu farið hér fram allmiklar umr. um efni þess frv., sem hér liggur fyrir, og um tilgang þess. Það hefur líka verið rætt hér allmikið um tildrög að því, að frv. er flutt. Ég get því stytt mál mitt að því leyti til, þó að sitthvað hafi nú komið fram í þessum umræðum, sem gefur tilefni til þess að halda þeim umr. áfram. En þá get ég eigi að síður stytt mál mitt að því leyti til að ræða hér ekki í löngu máli um þá hlið þessa máls.

En það, sem mig langaði sérstaklega til að ræða nú, eru þau nýju viðhorf, sem ég tel að séu komin fram í þessu máli, síðan frv. var lagt fram og hæstv. ríkisstj. gerði grein fyrir málinu af sinni hálfu. Ég ætla, að þeir atburðir hafi þegar gerzt, sem ríkisstj. megi finnast að skipti allmiklu máli um framhald málsins og hefðu kannske gefið nokkurt tilefni til þess, að hún hefði haldið hér áfram umr. um málið og látið nokkuð frá sér heyra í tilefni af nýjum atburðum, sem hafa verið að gerast í tilefni af því, að þetta mál var lagt fram.

Ég trúi því varla, að hæstv. ríkisstj. hafi búizt við því fyrir fram, að þetta frv. fengi þær viðtökur, sem það hefur fengið, bæði innan þings og utan, og þá alveg sérstaklega utan Alþingis. Það er alveg ótrúlegt, að hæstv. ríkisstj. hefði valið þá leið, sem hún hefur raunverulega valið með flutningi þessa frv., hafi hún búizt við því, að undirtektir almennings í landinu yrðu þær, sem nú er komið fram. Hafi hún reiknað með því, sé þetta ekkert nýtt fyrir ríkisstj., þá hefur hún blátt áfram verið að ögra almenningi í landinu og mana sterkustu samtök þjóðarinnar til þess að brjóta lögin niður. En hafi ríkisstj. hins vegar búizt við því, að þjóðin mundi eftir atvikum taka þessum till. hennar með þögn og þolinmæði, stéttarfélögin í landinu mundu beygja sig fyrir lagasetningunni og þola þá réttindaskerðingu, sem í frv. felst, fyrst um sinn um tveggja mánaða skeið, þá hlýtur ríkisstj. nú að sjá, að þessu er ekki svona farið. Mótmæli hafa dunið hér yfir, síðan frv. kom fram, úr öllum áttum. Margir tugir stéttarfélaga hvaðanæva af landinu hafa mótmælt þessari lagasetningu, og langsamlega fjölmennustu og sterkustu verkalýðsfélögin í landinu hafa þegar boðað verkfall frá n. k. mánudegi að telja, þrátt fyrir þau bönn, sem felast í þessu frv. Ríkisstj. veit, að hún stendur frammi fyrir því eftir nokkra daga, að það verður svo að segja allsherjarverkfall um allt Ísland þrátt fyrir lagasetninguna. Hefur þetta engin áhrif á hæstv. ríkisstj.? Lætur hún sem hún heyri þetta ekki eða sjái? Hefur ríkisstj. ekki gert sér grein fyrir því, hvað af þessari lagasetningu hlýtur að hljótast, eins og málin nú standa? Það er ekki aðeins það, að setning þessara laga hlýtur að torvelda stórkostlega alla samninga á eftir á milli aðila, það verður miklu verra að leysa málið á eftir heldur ef nú er snúið til baka. En auk þess má svo búast við því, að verkföll, almenn verkföll um allt land í margar vikur, muni kosta þjóðarheildina margfalda þá upphæð, sem um er deilt í sambandi við launakjör hinna lægst launuðu í landinu. Verði hér almennar vinnustöðvanir fram undir jól, sem fyllilega má búast við, eins og málin horfa nú við, þá verður mikill hluti af saltsíldinni, sem framleiddur hefur verið s. l. sumar, eftir í landinu. Það verða ekki tök á því að standa við gerða samninga, og það er nokkurn veginn víst, að mikill hluti af þessari framleiðslu hlýtur að eyðileggjast, því að það er ekki hægt að geyma þessa síld í því ástandi, sem hún er, án þess að að henni sé unnið. Vertíðin, sem nú er hafin hér suðvestanlands, stöðvast eðlilega. Það verður engin haustsíldveiði. Þar tapast álitlegar fjárhæðir. Undirbúningurinn að næstu vetrarvertíð truflast. Það verður ekki hægt að undirbúa flotann. Hann getur ekki hafið veiðar á eðlilegum tíma. Að maður ekki tali um, að það getur dregið eitthvað úr jóladýrðinni hjá ýmsum, og ég býst við því, að ýmsir kaupmenn missi spón úr askinum sínum, ef tekur fyrir næstum allan innflutning nú á næstu mánuðum, það muni draga eitthvað úr jólaverzluninni. Svona mætti margt fleira upp telja.

Ríkisstj. hlýtur að vera þetta ljóst. Ég efast ekkert um, að í stjórninni sitja þeir menn, sem þekkja svo vel til verka, að þeir hljóta að gera sér þetta allt saman ljóst. Ég veit líka, að menn geta staðið upp af hálfu ríkisstj. og sagt: Ekki er þetta okkur að kenna. Það er þeim að kenna, sem gera verkfallið, að svona fer. — En hinir, sem gera verkfallið, þeir halda því aftur á móti fram, að þeir hafi

hinn siðferðilega rétt með sér, þeir hafi miklu sterkari rétt með sínum kröfum heldur en ríkisstj. með því, sem hún er að gera hér á Alþingi. Í rauninni skiptir það ekki í þessum efnum aðalmáli, hvor hefur hér á réttu að standa, en hitt skiptir aðalmáli, að það er skylda ríkisstj., þegar svona er komið, að horfast í augu við veruleikann, taka á honum og reyna að glíma við hann á þann hátt, sem þjóðarheildinni er fyrir bestu. Hér hafa því tvímælalaust skapazt þau ný viðhorf, að ríkisstj. hlýtur að láta til sín heyra í sambandi við þau, hvernig hún ætlar að halda þessu máli áfram.

Við fyrri umr. þessa máls benti ég nokkrum sinnum á það, að sú hætta vofði yfir, að ríkisstj. væri að sigla inn í sjálfheldu í þessu máli, sem hún kæmist ekki auðveldlega út úr, ef hún héldi hér of langt áfram. Nú er orðið hverjum manni augljóst, að á þetta stefnir. Enginn skyldi halda, að fjöldamörg verkalýðsfélög og þau sterkustu, sem til eru víðs vegar um landið, tilkynni nú verkföll, eins og þau hafa gert, alveg út í loftið, að þau meini ekkert með því.

Frá því var skýrt í upphafi umr. um þetta mál, að áður en ríkisstj. lagði fram þetta frv. sitt, hafi forustumenn Alþýðusambandsins boðið ríkisstj. hálfs mánaðar frest enn til að leita eftir samningum til lausnar á vandamálinu, en með því skilyrði þó, að samningaviðræður yrðu teknar upp af fullum krafti þá strax. Ég vil ætla, að þrátt fyrir það, sem gerzt hefur í þessu máli með framlagningu þessa frv., og þrátt fyrir allan þann æsing, sem orðinn er á báðar hendur vegna þessara fyrirhuguðu ráðstafana ríkisstj., og þó að sem sagt andrúmsloftið nú sé orðið þegar allt annað en það var, áður en frv. var lagt fram, þá vil ég þó ætla, að það séu enn þá möguleikar til þess, að ríkisstj. geti fengið þennan sama frest, sem henni var boðinn, áður en málið var hér lagt fram, til þess að leita eftir samningum um lausn á vandanum. Ég vil því enn þá einu sinni ítreka þá áskorun mína til hæstv. ríkisstj., að með sérstöku tilliti til þess, hvernig þessi mál hafa nú þróazt og hvernig þau standa nú í dag, þá hverfi hún að því ráði að hætta við að knýja frv. í gegnum þingið, hún láti það niður falla, taki þann frest, sem henni hefur verið boðinn, gangi að samningaborðinu og aðstoði við samningagerð á milli launþegasamtakanna í landinu og atvinnurekenda. Þetta er eina leiðin út úr þeim vanda, sem við stöndum í nú í dag.

Ég hef heyrt það í þessum umr., bæði frá hæstv. ráðh. og eins frá frsm. meiri hl. fjhn., sem talaði af hálfu stjórnarflokkanna, að menn segja: Verði kaupið hækkað, fáist ekki sú stöðvun á kauphækkunum, sem felst í þessu frv., þá er óhjákvæmilegt að grípa til gengislækkunar. — En ég trúi því varla, að hæstv. ríkisstj. telji, að ný gengislækkun leysi í raun og veru nokkurn vanda. Er henni ekki alveg ljóst, að ef skellt yrði á einni gengislækkuninni enn, þá mundi hvert eitt og einasta mannsbarn í landinu slá því föstu, að afleiðingar af þeirri gengislækkun yrðu þær sömu og af hinum tveimur, að verðlag mundi fara hækkandi í landinu, að launþegasamtökin kæmu á eftir og krefðust hækkandi launa vegna hækkandi verðlags? Er henni ekki alveg ljóst, að ný gengislækkun er aðeins upphaf að nýrri veltu, einni veltunni enn, sem ekki leysti nokkurn vanda?

Það hefur verið sagt, að ríkisstj. hafi hikað nokkuð við það að fara út í gengislækkun, vegna þess að heildsalarnir skulduðu of mikið erlendis í stuttum vörukaupalánum. Jafnvel annað stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, skýrði frá þessu í leiðara fyrir nokkru, að þetta væri ein meginástæðan til þess, að ekki væri farið út í nýja gengislækkun. Það má vel vera, að þeir aðilar, sem skulda þessar fjárhæðir erlendis, 550 millj. kr. nú í septemberlok, þeir kaupsýslumenn, sem hafa verið að flytja vörur inn til landsins nú síðustu mánuðina án þess að hafa borgað vörurnar, tekið þær að láni erlendis, selt þær hér eða lánað þær út, að þeir séu allhræddir við það, ef gengisfelling kæmi, vegna þess að það er auðvitað alveg augljóst mál, að þá yrðu þeir fyrir verulegu fjárhagstjóni og það gæti farið allilla fyrir þeim mörgum. Ég efast ekkert um, að þessir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, þrýsta á ríkisstj. að fara sér svolítið hægar en stundum áður í því að beita gengislækkunarvopninu, og það kann vel að vera, að það hafi haft einhver áhrif á ríkisstj. með að fresta a. m. k. um sinn gengislækkuninni. En það eru auðvitað miklu fleiri en þessir kaupsýslumenn, sem yrðu sannanlega fyrir tjóni eða fengju sína erfiðleika af nýrri gengislækkun. Í fyrsta lagi fengju auðvitað allir launþegar í landinu, eins og ég skýrði frá áðan, sinn vanda að glíma við í hækkandi verðlagi almennt, sem mundi leiða af gengisfellingunni. Mjög margir sjávarútvegsmenn fengju líka á sig allverulegan skell af nýrri gengislækkun. Allir þeir nýju fiskibátar, sem hafa verið að koma til landsins á þessu og síðustu árum, eru keyptir með þeim hætti, að um 70% af veiði bátanna er tekið að láni erlendis til nokkurra ára. Þar er um verulegar skuldir að ræða. Allar þessar skuldir mundu hækka stórlega í íslenzkum krónum talið, og eigendur þessara skipa yrðu sem sagt fyrir nýjum búsifjum. Þeir mundu á eftir gera kröfur til þess að fá enn þá hækkað fiskverð, enn þá betri rekstraraðstöðu en þeir hafa haft, m. a. til þess að standa undir þeim vanda, sem skapaðist af nýrri gengisfellingu. Á s. l. sumri tók ríkisstj. 240 millj. kr. lán í Bretlandi og lánaði það ýmsum aðilum, Enska lánið svonefnda. Auðvitað mundi þetta lán hækka í krónum talið hjá þeim öllum, sem fengið hafa þetta að láni hjá ríkisstj., og þannig mundi þetta koma út í okkar efnahagskerfi í fjöldamörgum greinum. Gengisfellingin er því alls ekki eins hagstæð, m. a. fyrir framleiðsluatvinnuvegina, og ýmsir halda.

Þá má einnig minna á það, að hér hefur komið fram í þessum umr. frá a. m. k. einum hæstv. ráðh., að hann taldi, að mjög hátt kaup sumra sjómanna á árinu 1962, síldveiðisjómanna, hafi skapað óróleika í launamálum í landinu, ýmsar stéttir hafi farið að bera sig saman við laun þessara sjómanna og þar af leiðandi ýtt á eftir kröfum um hækkað kaup. Það er alveg óhjákvæmilegt, ef gengið yrði lækkað, þá mundi

aflahlutur sjómanna í krónum talið hækka allverulega, og það mundi einnig auðvitað ýta á það, að ýmsar aðrar stéttir, sem hafa tekið upp á því að miða sínar tekjur við það, sem sjómenn hafa, mundu fylgja á eftir. Það yrði því ekki auðveldur leikur, þar sem um aflahlut er að ræða að jafnmiklu leyti og er hér í okkar launakerfi, að ætla að halda niðri kaupi allra hinna í hækkandi verðlagi eftir nýja gengisfellingu, og sú hefur líka orðið reynslan.

Nei, gengislækkun er ábyggilega ekki leiðin. Ríkisstj. má ekki hugsa þannig í þessu máli, að það sé óhætt að berja í gegn þessa lagasetningu á Alþingi, jafnvel þótt yfir dynji almenn verkföll í landinu og öll sú hætta, sem þeim mundi fylgja fyrir afkomu þjóðarbúsins, vegna þess að það sé alltaf til sú leið í bakhöndinni að semja þá í miðju verkfalli um verulega hækkað kaup, auðvitað til þeirra, sem í verkfallinu standa, því að á eftir geti svo ríkisstj. gripið til vararáðsins, sem sé að lækka gengi krónunnar. Það er engin leið út úr vandanum, hreint engin leið, enda eru allar líkur til þess, að upp úr slíkum átökum, sem nú er verið að efna til, mundu launþegasamtökin í landinu beinlínis segja: Við semjum ekki í þessari deilu, nema við fáum verðtryggingu um leið á okkar kaupi. Við gerum ekki slíka samninga, við undirskrifum ekki slíka samninga, sem búast má við að strax, þegar staðið verður upp frá borðinu, þá verði samningarnir gerðir að engu með gengisfellingu eða öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, þannig að það þurfi að byrja á þessum sama leik aftur.

Ég held því, að það sé mjög óvarlegt hjá hæstv. ríkisstj. að treysta á það að halda lengra út í ógöngurnar í þessum efnum, treysta á það, að hún eigi gengislækkunarvopnið eftir og það muni duga, því að ég held, að það dugi ekki.

Þetta var nú í rauninni, það sem ég þegar hef sagt, aðalatriðið í því, sem ég vil segja í umr. nú. Ég vildi vænta þess alveg sérstaklega, að hæstv. forsrh., sem hér er nú inni við umr., vildi láta eitthvað frá sér heyra hér í umr. með sérstöku tilliti til þeirra nýju viðhorfa, sem óneitanlega hafa komið upp í þessu máli, síðan hann lagði frv. fram, því að svo reyndur stjórnmálamaður er hann, að ég efast ekkert um, að hann hefur gert sér grein fyrir því, við hvers konar vanda þar er að glíma, ef hér eiga að skella á verkföll um allt land næstu daga, sem framkvæmd verða með öllu því afli, sem verkalýðssamtökin eiga yfir að ráða, þvert ofan í þessa lagasetningu. Hann hlýtur að gera sér grein fyrir þeim vanda, sem þá kemur upp.

Það er í rauninni, sem er auðvitað óþarft fyrir mig að taka fram, ekkert að lítillækka sig á neinn hátt fyrir hæstv. forsrh. eða fyrir ríkisstj. að horfast í augu við veruleikann, játa þær staðreyndir, sem fram eru komnar í málinu, og reyna að taka á málinu á þann hátt, sem hyggilegastur er. Stjórnin hafði sýnilega hugsað sér aðra leið. Ríkisstj. hélt, að sú leið væri fær. En nú er sem sagt komið fram, að leiðin er ekki fær. Ríkisstj. getur auðvitað sagt, að þessi leið sé ekki fær, vegna þess að menn séu ólöghlýðnir og þeir vilji ekki beygja sig skv. þeim lögum, sem búið sé að setja með réttum hætti á Alþ. En það skiptir ekki höfuðmáli. Aðalatriðið er staðreyndirnar, sem liggja fyrir. Við þær verður að fást, og það þarf að gera málið ekki erfiðara en þörf er á.

Fyrst ég er svo kominn hér upp, langar mig að nota tækifærið til að drepa á nokkur önnur atriði, sem hér hafa komið fram í umræðum og ég get ekki neitað mér um að taka nokkurn þátt í að ræða. Það er þá fyrst hæstv. viðskmrh. Ég verð að segja það í sambandi við ræður hæstv. viðskmrh., sem er óneitanlega töluglöggur maður og hagfræðimenntaður maður og þekkir vel til margra mála þannig, að ég held, að ég ráðleggi honum alveg heilt og hann megi gjarnan veita þeim ráðleggingum mínum athygli, að hann ætti að hætta að viðhafa algerlega hreinar reiknings-kúnstir á svipaðan hátt og hann hefur haft í frammi hér í þessum umr., sem eru svo augljóslega rangar og villandi, að í rauninni engu tali tekur. Hæstv. ráðh. hefur gert sig sekan um þetta nokkrum sinnum. Æðioft býr hann þennan málflutning sinn í býsna laglegan búning, svo að ókunnugir gætu villzt á, en fyrir hinum getur hann ekki villt, sem betur þekkja til.

T. d. slíkur skollaleikur sem hér hefur farið fram af hálfu hæstv. viðskmrh. í sambandi við vísitöluna nær vitanlega engri átt. Það þýðir ekkert að neita hinni almennu framfærsluvísitölu í landinu, að segja að hún sé ómark, það megi ekkert við hana miða nema á óeiginlegan hátt. Það hefur auðvitað enginn maður haldið því fram, að framfærsluvísitalan, eins og hún er upp sett, þýði það, að með þeirri upphæð, sem þar er lögð til grundvallar fyrir útgjöldum vísitölufjölskyldunnar, sé miðað við það, sem er alveg lífsnauðsynlegt að hafa til þess að geta dregið fram lífið. Því heldur enginn maður fram. En sú upphæð, sem er að finna í útgjöldum vísitölufjölskyldunnar, er engin tilviljun, hún er ekki fundin út í bláinn. Útgjaldahlið þessarar vísitölu átti að sýna raunveruleg útgjöld meðalfjölskyldu í launamannastétt. Þetta var alveg skýrlega tekið fram af þeim, sem unnu að undirbúningi þessarar vísitölu. Það var reynt að velja einmitt þannig fjölskyldur, búreikninga frá þannig fjölskyldum, að útgjöldin væru sem næst því, sem mætti telja réttlátt meðaltal af sannanlegum útgjöldum launamannafjölskyldu. Og þau útgjöld, sem þarna voru lögð til grundvallar, voru rétt útgjöld. Þetta voru útgjöld margra fjölskyldna um þetta leyti úr launamannastétt. Og stærð fjölskyldunnar, sem lögð var til grundvallar, var líka miðuð við það, að þetta væri hóflegt meðaltal. Fram hjá þessu er auðvitað ekki hægt að komast. Og því er það, að þegar á það er bent, að þessi útgjöld, sem voru talin vera hin almennu meðalútgjöld meðaltals launafjölskyldu, þegar vísitalan var sett, eru nú komin upp í 114 þús. kr. nú eða 110 þús. kr., — það skiptir ekki höfuðmáli, menn deila þar um smáliði, — en hins vegar kaupgjald verkamanns fyrir 8 stunda vinnudag alla virka daga ársins er aðeins 67 200 kr., þá er fullkomlega eðlilegt að bera þetta saman og benda á, að þetta kaupgjald fyrir 8 stunda vinnudag hrekkur hvergi nærri fyrir því, sem talið var á sínum tíma sem eðlilegt meðaltal fyrir nauðsynlegustu útgjöldum meðalfjöl-

skyldunnar. Þessi samanburður er fullkomlega réttur og eðlilegur, og hæstv. ráðh. á ekki að vera að reyna að fara í neina hringi í kringum þetta með einhverjum reikningskúnstum. Það verður ekki til þess að auka hans veg á nokkurn hátt.

Hið sama er að segja um reikningskúnstir hæstv. ráðh. í sambandi við lífskjörin. Það er í rauninni alveg furðulegt af hæstv. viðskmrh., fyrrum prófessor í hagfræði við háskólann, að hann skuli vera að stritast við það allan tímann að reyna að sanna það með tölum, að lífskjör almennra launþega hafi farið batnandi nú á síðustu árum, þvert ofan í það, sem allar launastéttir landsins segja. Og hæstv. ráðh. tínir saman tölur úr ýmsum áttum, staflar þessu saman og þykist í rauninni reikna þetta út. Eitt í reikningsdæmi hans var þetta, að hann segir, að séu bornir saman launataxtar verkalýðsfélaga frá upphafi viðreisnartímabilsins í febr. 1960 og svo launataxtar þessara aðila nú, þá komi í ljós, að hækkanir á kauptöxtum séu 46% eða 45%, — ég man það ekki alveg nákvæmlega, ég held hann hafi sagt 46%, — en að hins vegar sýni vísitala framfærslukostnaðar, að á þessu sama tímabili hafi framfærslukostnaður ekki hækkað nema um 44%, svo að beinlínis sé um nokkra hækkun að ræða á kauptöxtunum fram yfir það, sem framfærslukostnaðarvísitalan sýni, og auk þess komi svo hitt, að tekjurnar hafi þó reynzt enn þá meiri en samsvarar kauptöxtunum vegna meiri yfirvinnu og meiri helgidagavinnu.

Það er nú í fyrsta lagi um þetta að segja, að hér er verið að blanda saman tölum til þess að villa um fyrir mönnum og til þess að gera dæmið óljóst og í rauninni rangt. Kaupgjald samkv. dagvinnutaxta Dagsbrúnar, — en það er vitanlega sá taxti, sem réttast er að leggja til grundvallar, þegar maður er að ræða um þörfina á því eða sanngirnina á því að hækka einmitt þennan kauptaxta, sem hér skiptir mestu máli í sambandi við dagvinnukaupið, — kaup Dagsbrúnarmannsins var í febr. 1960 kr. 20.67 um tímann, en nú í októbermánuði er kaup fyrir dagvinnutíma 28 kr. um tímann. Hækkunin er kr. 7.33 um tímann, eða hækkunin er 35% á þessu tímabili. Hækkunin er ekki 46%.

En hvernig fékk hæstv. viðskmrh. þessa tölu? Ég veit það ekki nákvæmlega, því að ég hef ekki farið til hans til að skoða útreikninginn, en þykist þó vita það alveg, af því að ég þekki nokkuð til vinnubragða á þessu heimili. Hæstv. ráðh. hefur nefnilega fundið það út, að kauptaxtar verkakvenna hafa hækkað enn þá meira, af því að verkakonur höfðu miklu lægra kaup, þær hafa ekki 67 þús. kr. á ári. Prósentvís hefur kaup verkakvenna hækkað meira en verkamannanna. Þá er sjálfsagt að setja það inn í dæmið, og þannig getur hann tínt einstaka taxta, líka hjá tiltölulega fámennum hópum, sem starfa eftir kauptaxta Dagsbrúnar, þar sem um meiri hækkun hefur verið að ræða, og þannig er þessu hrært saman og fengin út talan 46, sem sennilega er röng líka, eða það finnst mér eðlilegt, miðað við ýmislegt annað, sem ég hef orðið var við í hans vinnubrögðum, þegar hann er að streitast við að sanna svona ómögulega hluti.

Nú var auðvitað engin tilviljun, að hæstv. ráðh. valdi sér þennan tíma, hann valdi sér febrúarmánuð 1960 og svo aftur október núna 1963. En hann bara hljóp yfir það, að í febrúarmánuði 1960 var sú ríkisstj., sem hann hafði setið í, búin að færa kaupið niður með lögum. Sé Dagsbrúnarkaupið borið saman á þeim tíma, sem t. d. við sátum báðir saman í ríkisstj., 1. okt. 1958, og svo aftur kaupið, sem er nú í dag, þá kemur í ljós, að kaup Dagsbrúnarverkamannsins hefur ekki hækkað um 35%, heldur um 28%. Og sé kaup Dagsbrúnarmannsins, sem var í janúarmánuði 1959, þegar hæstv. viðskmrh. sat líka í ríkisstj., í Alþfl.-stjórninni, borið saman við kaup Dagsbrúnarmannsins í dag, kemur í ljós, að kaup Dagsbrúnarmannsins í dag hefur ekki hækkað nema um 17%. Sem sagt, í einu tilfellinu hefur hækkað til dagsins í dag um 17%, í öðru tilfellinu um 28% og í þriðja tilfellinu um 35%, og það hlaut auðvitað hæstv. ráðh. að taka og setja síðan inn í þessa blöndu, sem hann bjó til, sem öll er svo röng.

Nei, jafnvel þótt þessi tími sé tekinn, þ. e. a. s. febrúarmánuður 1960, og svo aftur tíminn nú í dag, þá hefur hinn almenni dagvinnutaxti Dagsbrúnarverkamanns aðeins hækkað um 35%, en framfærsluvísitalan, niðurfærð með sérstökum hætti, hefur hins vegar hækkað um 44%, — kaupið um 35, framfærsluvísitalan um 44. En eins og við höfum oft bent á, segir þessi framfærsluvísitala ekki nema hálfa sögu, því að ef maður tekur þá vísitölu, sem sýnir miklu réttari mynd af dæminu, en það er vísitalan fyrir allar vörur og alla þjónustu, en sleppum hins vegar húsaleiguliðnum og niðurfærslunni í sambandi við skatta, sem gerir vísitöluna ranga í eðli sínu, — ef við tökum vísitöluna fyrir allar vörur og alla þjónustu, þá sýnir sú vísitala 63% hækkun. Sú vísitala hefur sem sagt hækkað um 63%, á sama tíma sem kaupið hefur hækkað um 35% eða 28%, ef maður vill taka þá tölu.

Það er sem sagt ekkert um að villast, að raunverulega hefur kaupmáttur tímakaupsins farið lækkandi. En hæstv. viðskmrh. ætlar sér stundum stóra hluti í sambandi við reikningskúnstir. Hann skal reikna þetta niður, hvernig svo sem að því verður farið: blanda saman nógu mörgum tölum, villa nógu mikið á sér heimildir, og svo skal hann reyna að sanna það með tölum, að það hefur samt sem áður hækkað.

Eins og ég sagði, hæstv. viðskmrh. vinnur ekki álit hjá neinum manni á þessum reikningskúnstum sínum. Í þessum efnum hlýtur að fara fyrir honum fyrr eða síðar á svipaðan hátt og fór fyrir hæstv. ráðh., þegar hann beitti svona reikningskúnstum við gengisfellinguna 1961 í ágústmánuði, þegar hann flutti hér á Alþingi skýrslu, sem hann las reyndar upp í nóvembermánuði, því að þingið hafði ekki verið komið saman, þegar brbl. voru gefin út, en auðvitað var búið að birta þessa skýrslu nokkru áður, og þar þóttist hæstv. ráðh. sanna það með tölulegum útreikningi, að gengisfellingin í ágústmánuði 1961 hafi verið alveg óhjá-

kvæmileg. Það var reiknað nákvæmlega út, hvað þjóðartekjurnar á þessu ári mundu verða miklar eða útflutningsframleiðslan yrði mikil, og hún var borin saman, útflutningsframleiðslan á þessu ári, við útflutningsframleiðsluna tvö næstu ár á undan, 1960 og 1959, og svo var útreikningurinn nákvæmur, að það var búin til sérstök vísitala fyrir framleiðsluna á árinu 1961 og vísitala fyrir framleiðsluna 1960 og 1959, og þessi vísitala sýndi hjá hæstv. ráðh., að framleiðslan var minni á árinu 1961 en hin árin, að tekjurnar af útflutningnum voru minni, þjóðin var að tapa frá því, sem hafði verið. Af því stóð hún illa að vígi, og það varð að lækka gengi krónunnar, sagði hæstv. ráðh. Svo komu bara staðreyndirnar og sögðu til sín. Og eins og ég benti hér á í umr. nokkru síðar, örlögin voru hæstv. ráðh. svo grimm, að Seðlabankinn birti í ársreikningum sínum fyrir þetta ár, hvernig farið hefði, og sagði, að það hefði orðið um stórfellda framleiðsluaukningu að ræða. Útflutningsframleiðslan hefði orðið miklu meiri en hin árin, þetta hefði farið á allt annan veg en hæstv. ráðh. var búinn að sanna með tölum. En þeir gerðu betur í Seðlabankanum, þegar þeir tilkynntu þetta. Þeir létu hæstv. viðskmrh. skrifa sitt nafn undir þennan reikning, að þetta væri allt saman svona og hitt hefði allt verið vitlaust, sem hann sagði áður.

Nei, það er mjög vafasamur hlutur að leika svona skollaleiki með tölur. Það borgar sig á engan hátt, jafnvel þótt menn séu liprir í því að fara með tölur og kunni talsvert fyrir sér í því að setja þetta allt saman upp. Það er auðvitað miklu réttara í þessu tilfelli að játa það eins og það er. Sannleikurinn er sá: Það má fyllilega miða við vísitöluna, sem ég minnti hér á fyrst og hæstv. ráðh. hefur verið að reyna að neita, — það er fyllilega hægt að miða við hana sem eðlileg útgjöld meðalfjölskyldu í launamannastétt. Og það er enginn vafi á því, að það á líka að játa þá staðreynd, að kaupgjald hins almenna verkamanns hefur hækkað minna en verðlagið í landinu, kaupmáttur vinnulaunanna er minni en hann var, og menn eiga ekki að reyna að afsanna svona staðreyndir með neinum reikningskúnstum.

Það var svo aftur á móti með árið 1961, sem ég gerði hér að umtalsefni, — því var svo aftur skotið undan í þessum útreikningum hjá hæstv. ráðh., að árið var einstaklega hagstætt á allan hátt. Þegar gengislækkunin var gerð í ágústmánuði 1961, vorum við að standa upp frá einni beztu síldarvertíð, sem við höfðum haft, og þá fór allt verðlag á okkar útflutningsafurðum stórhækkandi, og þá lá það einnig fyrir, að verð á innfluttum vörum til landsins fór lækkandi. Viðskiptakjörin voru þá sérstaklega hagstæð. Um þetta atriði sögðu svo Fjármálatíðindi rétt á eftir, að kjörin hefðu verið svo hagstæð þjóðinni á árinu 1961, að verðlag á innfluttum vörum hafi lækkað um 3% miðað við raunverulegt verð og að verðlag á útfluttum vörum á þessu ári hafi hækkað um 9% miðað við raunverulegt verð, þ. e. a. s., þegar búið var að taka tillit til gengisbreytingarinnar, sem framkvæmd var, eða verzlunarkjör þjóðarinnar bötnuðu um 12% á þessu ári. Taki menn eftir því, að á því ári, sem gengið var lækkað um rúm 11%, á árinu 1961, bötnuðu viðskiptakjör þjóðarinnar frá því, sem þau voru árið á undan, um 12%. Svo ætluðu menn að sanna það með tölum, að þessi gengislækkun hafi verið óhjákvæmileg. Nei, svona talnareikningur minnir ekki á neitt annað en það, þegar menn voru á sínum tíma að sanna það, að einn köttur hefði tíu rófur, — af því að enginn köttur hefði níu rófur, þá hlaut einn köttur að hafa einni rófu meira, þá hafði hann 10.

Nú veit ég það, eins og ég sagði hér í upphafi, að hæstv. viðskmrh. veit miklu betur í þessum efnum, og þó að hann geti auðvitað sannað það, að einn köttur hafi 10 rófur, af því að enginn hefur 9 rófur, þá á hann ekki að viðhafa slíkar kúnstir. Hann getur flutt mál sitt eftir öðrum leiðum, og hann á ekki að neita staðreyndum á þann hátt, sem hann hefur hér gert.

Hitt er svo aftur staðreynd, sem ekki verður í móti mælt, að beri maður saman útborgað kaup samkv. kauptaxta hjá verkamönnum, sem nú eiga að lokast úti samkv. þessu frv., í októbermánuði 1958 og svo aftur núna, 1. okt. á þessu ári, og svo aftur útborguð laun ýmissa annarra vinnustétta, þá er útkoman m. a. þessi, eins og ég hef bent hér á áður í þessum umr.: Kaup verkamannanna hefur samkv. kauptaxta hækkað frá 1. okt. 1958 til 1. okt. 1963 um 28%, en kaup ráðh. hefur hækkað um 141%. Það voru nú engin 28%. Kaup ráðuneytisstjóra hefur hækkað um 140%, kaup borgarstjórans í Reykjavík hefur hækkað um 137%, og þannig mætti nefna fjöldamörg dæmi önnur um það, að ýmsir af þeim mönnum í landinu, sem hafa búið við hæst launakjör og gera það auðvitað enn, þeir hafa fengið margfalt meiri launahækkun en hinir lægst launuðu, þó að það sé nú talið lífsnauðsynlegt að skella á lögum og banna allar launahækkanir til þessara lægst launuðu. Það er mín skoðun, að tilraunir til að banna launaleiðréttingar, þar sem svona stendur á, séu alveg útilokaðar, það sé alveg tilgangslaust að reyna þetta. Hæstv. ríkisstj. verður líka að viðurkenna það í rauninni hér í sínum málflutningi. Ég tók eftir því í nál. meiri hl. fjhn. um þetta mál, að þar segja þeir þrír stjórnarsinnar, sem undir nál. skrifa, tveir sjálfstæðismenn og einn Alþfl.-maður, m. a. orðrétt á þessa leið: „Nýir samningar um launahækkanir hafa verið gerðir með stuttu millibili, en auk þess hafa launagreiðslur umfram samninga aukizt.“ Þeir viðurkenna þessa staðreynd, að það er orðið þannig í fjöldamörgum tilfellum á hinum almenna vinnumarkaði, að það er ekki farið eftir þeim kauptöxtum, sem þó er nú talið alveg lífsnauðsynlegt að binda fasta með lögum. Ríkisstj. verður sjálf að viðurkenna það, enda ekki hægurinn hjá að neita því, að hinn almenni vinnumarkaður er búinn að strika yfir þessa tölu í fjöldamörgum greinum. Ýmsir atvinnurekendur hafa þegar boðið og greiða nú þegar í dag 40 kr. fyrir klukkustundar dagvinnu hjá sínum verkamönnum, og það verður því vitanlega ekki komizt hjá því til lengdar, að þeir vinnustaðir,

sem eftir eru og ekki hafa hækkað kaupið í framkvæmd, geri það líka.

En í þessum efnum liggur auðvitað fyrir sá vandi, að það þarf að gera útflutningsframleiðslunni kleift að geta staðið undir hærri kaupgreiðslu. Og það er enginn vafi á því, að það er tiltölulega auðvelt að gera ráðstafanir til þess, að veikustu greinar útflutningsframleiðslunnar geti staðið undir sambærilegum vinnulaunagreiðslum og ýmsir aðrir á hinum almenna vinnumarkaði eru þegar farnir að borga. Og það er ábyggilega langbezt fyrir þessar útflutningsframleiðslugreinar að viðurkenna þessar staðreyndir og taka upp baráttuna fyrir því líka, að kaupið verði hækkað.

Ég man eftir því, að þegar ég var í ríkisstj. sneru málin svo einkennilega við, að þá tóku útgerðarmenn hér á bátaflotanum suðvestanlands upp á því að heimta hækkun á kaupi sjómannanna hjá sér. Þeir sögðu að vísu, að þeir gætu ekki borgað kauphækkunina sjálfir og þyrftu að fá aðstoð til þess, en þeir sögðu: Það er alveg útilokað, að við fáum nokkurn mann til þess að róa á bátunum hjá okkur, á meðan allir aðrir borga þeim miklu hærra kaup. — Þeir sáu nauðsynina á því, að hægt væri að borga sjómönnunum sambærilegt kaup við það, sem aðrir menn í landinu fengu. Þeir vildu, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess, og á tíma vinstri stjórnarinnar var tvívegis samið um það að hækka kaup til fiskimanna, á sama tíma sem kaup var þá ekki hækkað til annarra. Þeir höfðu nefnilega dregizt aftur úr, og það var bein nauðsyn á því að hækka kaup sjómannanna. Við þurftum á fleiri sjómönnum að halda, og það tókst líka á þennan hátt að fá fleiri menn til þeirra starfa.

Eins er það nú. Við þurfum að fá fleiri menn til starfa í útflutningsframleiðslunni. Frystihúsin í landinu og aðrir þeir, sem vinna að útflutningsframleiðslu, þurfa að geta borgað hærra kaup en þau geta borgað í dag. Það er rétt. Það er engin lausn fyrir þau að loka augunum fyrir staðreyndum, neita þeim og ætla að búa að einhverri lagasetningu eins og þessari, sem bindur kaup óbreytt frá því, sem það er nú. Ef farið yrði eftir þessu í framkvæmd, gæti það ekki leitt til neins annars en þess, að vinnuaflið drægist meira en það er búið að dragast frá útflutningsframleiðslunni og til annarra starfsgreina, sem nú þegar borga hærra kaup. Það er því alla vega orðið lífsnauðsynlegt að hækka lægsta kaupið í landinu, einnig fyrir útflutningsframleiðsluna, en þar að auki eru svo auðvitað hin almennu rök láglaunamanna fyrir því að fá hækkað kaup vegna hækkandi verðlags.

En það er eins og ég hef sagt, það er alveg óhjákvæmilegt, að hæstv. ríkisstj. gerbreyti um stefnu frá því, sem hún hefur haft gagnvart útflutningsframleiðslunni, og einnig um stefnu sína gagnvart innflytjendum. Það er ekkert um það að villast, að ríkisstj. hefur mjög hlúð í ýmsum greinum að innflutningsverzluninni í landinu, að heildsölunum. Hún hefur gert margar ráðstafanir, sem miða að því, að hagur heildverzlunarinnar í landinu verði betri en hann var áður. Og hún hefur líka gert ýmsar ráðstafanir, sem hafa farið í þá átt að gera hag útflutningsaðilanna í landinu lakari en hann var áður. Ég skal nefna í þessum efnum nokkur atriði.

Ríkisstj. sagði í sinni stefnuskrá: Innflytjendur verða að fá gjaldeyri, eftir því sem þeir biðja um. Og sú regla hefur átt að gilda, að allir heildsalar gætu fengið allan þann gjaldeyri, sem þeir óskuðu eftir, og þeir gætu síðan keypt þær vörur, sem þeir vildu kaupa, frá hvaða landi sem þeir vildu kaupa. Þetta fengu auðvitað ekki innnflytjendur áður, og þetta var þeim á margan hátt mjög hagstætt og hefur fært þeim alveg tvímælalausan gróða í mörgum tilfellum. En þessi regla hefur vitanlega kallað á það, að ríkisstj. hefur þurft á allmiklum gjaldeyri að halda til að geta afhent innflytjendum eftir vild, og hún hefur orðið að ganga hart eftir því, að útflutningurinn skilaði í kassa bankanna öllum þeim gjaldeyri, sem útflutningurinn gat aflað. Og þegar innflutningurinn vildi fá hinn svonefnda frjálsa gjaldeyri, vildi fá sterlingspund og dollara í öllum tilfellum, vegna þess að innflutningurinn ætlaði að kaupa frá Vestur-Þýzkalandi, frá Englandi og frá Bandaríkjunum, taldi það sér hentugra, þá varð útflutningurinn líka að leggja sig allan fram um það að selja í dollurum, að selja í pundum, jafnvel þó að það væri útflutningnum óhagstætt, jafnvel þó að það kostaði það, að útflutningurinn varð í sumum tilfellum að lækka verðið. Ríkisstj. þurfti á frjálsum gjaldeyri að halda, vegna þess að innflutningurinn átti að fá gjaldeyri, eftir því sem hann þurfti eða vildi fá. Innflytjendur gerðu kröfu um það, að þeir mættu flytja inn vörur til landsins fyrir sérstök vörukaupalán, sem þeir tóku. Þetta hafði verið bannað áður. En ríkisstj. heimilaði þeim þetta, og það hefur auðvitað tvímælalaust fært innflutningnum aukið svigrúm og hagstæðari kjör en innflutningurinn bjó við að mörgu leyti áður. Á þennan hátt gátu heildsalar náð sér í stóraukin lán með lægri vaxtakjörum en annars giltu í landinu. Reynslan hefur einnig sýnt það, að innflutningsverzlunin hefur á undanförnum viðreisnarárum verið að stórauka lán sín í bönkum landsins. Hún hefur aukið lán sín á hverju ári, 1961, 1962 og það sem af er 1963 hefur innflutningsverzlunin aukið lán sín meira en sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður samanlagt. Þetta hefur auðvitað verið þægilegt fyrir verzlunina. Og stefna ríkisstj. hefur verið sú að heimila sem allra frjálsasta fjárfestingu, og afleiðingin hefur svo orðið sú, sem hæstv. viðskmrh. skýrði hér frá í þessum umr., að fjárfestingin á þessu ári hefur farið langt fram úr áætlun, og sérstaklega hefur vaxið úr hófi fram fjárfesting einkaaðila. Og það eru byggingarframkvæmdir á vegum verzlunarinnar, sem þar nema mestu. Ríkisstj. hefur beinlínis hyglað verzluninni í landinu með því að heimila í fjöldamörgum tilfellum hærri álagningarprósentu en þá, sem hafði verið í gildi hér um margra ára skeið. Og í öðrum tilfellum hefur ríkisstj. heimilað ótakmarkaða álagningu á vörum og þjónustu, sem áður hafði verið undir hámarksákvæðum um langan tíma. Þetta hefur sem sagt allt verið mjög hagstætt fyrir verzlunina.

En útflutningurinn hefur búið við allt önnur

skilyrði. Eins og ég sagði, hefur útflutningurinn í mörgum tilfellum verið hreinlega knúinn til þess að selja útflutningsvörurnar við lægra verði til þess að geta fengið frjálsan gjaldeyri. Útgerðin og framleiðsluatvinnuvegirnir hafa búið á stjórnarárum viðreisnarinnar við stórhækkaða vexti, sem hefur auðvitað torveldað þeim alla rekstrarmöguleika. Og sérstaklega var auðvitað hækkunin á vöxtum af afurðalánum í rauninni beinn skattur á framleiðsluatvinnuvegina, því að það voru engin rök fyrir því að hækka vextina á afurðalánum vegna þarfa Seðlabankans. Hann var þegar fyrir með mikinn gróða, og það var engin þörf á því að hækka vextina á afurðalánum nema til þess að skattleggja útflutningsframleiðsluna.

Þá má á það minna, að útflutningsgjöld á sjávarafurðum hafa verið stórhækkuð á síðustu árum, hækkað úr um 2.4% upp í 7.4%, og þetta er gert hér á sama tíma sem það liggur fyrir, að keppinautar okkar í öðrum löndum, t. d. eins og Noregi, þar býr útflutningurinn við þau kjör, að hann þarf ekki að borga nein útflutningsgjöld, en hér eru tekin útflutningsgjöld, sem nema upp í 7.4% og eru alveg feiknalegur skattur. Það hefur verið sagt, að þetta renni að ýmsu leyti á óbeinan hátt til sjávarútvegsins aftur. Það er rétt, það má segja það, en að sumu leyti, segi ég, að þessi skattur sogast út í það, sem er hreint gagnsleysi, því að gjaldið er notað til þess að standa undir tryggingakerfi, sem á engan rétt á sér. Þar er um gífurlega eyðslu að ræða. Í öðrum tilfellum er það svo, að þetta fé rennur í sérstaka sjóði, sem sjávarútvegurinn getur að vísu fengið stofnlán úr. En það er í rauninni engin ástæða til þess, að sjávarútvegurinn einn og sér sé skattlagður til þess að leggja í sína stofnlánasjóði. Af hverju er ekki eðlilegt, að tekið sé af almennu sparifé þjóðarinnar til þess að byggja upp þennan aðalatvinnuveg, eins og tekið er af almennu sparifé þjóðarinnar í útlán til þess að byggja upp ýmislegt í sambandi við aðra atvinnuvegi? Þetta jafngildir því beinum skatti á reksturinn, eins og hann er nú í dag. Og síðast, en ekki síst, auðvitað hefur stefna hæstv. ríkisstj. leitt til síhækkandi verðlags innanlands, sem aftur hefur kallað á hækkandi kaupgjald, en þetta hvort tveggja, hækkandi verðlag innanlands og hækkandi kaupgjald, verkar auðvitað til þess að auka á erfiðleika útflutningsframleiðslunnar. Stefnan hefur því á allan hátt verið neikvæð fyrir útflutningsframleiðsluna, en hún hefur miðað að því að hygla mjög innflutningsverzluninni í landinu. Þessu á að snúa við. Það á að létta ýmsum útgjöldum af útflutningsframleiðslunni, eins og ég hef bent á áður í þessum umr. Það er auðveldlega hægt, og þannig er hægt að skapa útflutningsframleiðslunni möguleika til þess að standa undir hærra kaupi en útflutningsframleiðslan getur nú í dag. Og það verður að láta hagsmuni innflutningsverzlunarinnar víkja fyrir hagsmunum útflutningsverzlunarinnar.

Að lokum vildi ég svo í framhaldi af því, sem ég hef áður sagt um þessi mál, varpa fram þessum spurningum í sambandi við þær leiðir, sem hér hefur verið rætt nokkuð um, að færar væru út úr þessum vanda. Ég vil spyrja: Hvers vegna getur hæstv. ríkisstj. ekki fallizt á það að lækka vextina? Hver er ástæðan? Hverju eiga þessir háu vextir, eins og nú er komið, að þjóna? Hvers vegna þarf að halda uppi þessum háu vöxtum á afurðalánum útflutningsins? Er alveg nauðsynlegt, að Seðlabankinn græði jafnmikið og hann græðir nú á hverju ári? Ef þarf að bæta hag útflutningsframleiðslunnar, hvernig stendur þá á því, að það má ekki létta af útflutningsframleiðslunni þessum skatti? Hvernig stendur á því, að það má ekki lækka vextina á stofnlánum sjávarútvegsins, t. d. þar sem er verið að lána til sjávarútvegsins úr þeim sjóði, sem sjávarútvegurinn hefur sjálfur lagt allt fé í? Sjávarútvegurinn hefur verið skattlagður til þess að byggja upp fiskveiðasjóð. Hann er orðinn efnaður sjóður. Hvernig stendur á því, að það má ekki lána þetta fé út með hliðstæðum vöxtum og verið hafði um margra ára skeið? Af hverju þurfti að hækka þessa vexti? Af hverju þarf að halda þeim við? Það eru engin rök fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt. Þau eru ekki til. Og þeir, sem halda í þessa háu vexti, bæði á framleiðslulánunum og stofnlánunum, geta ekki á sama tíma sagt, að það sé ómögulegt fyrir útgerðina eða útflutningsatvinnuvegina að standa undir hækkuðu kaupi, vegna þess að þeir þoli ekki öll þessi útgjöld, því að það er auðvitað auðvelt að gera það með því að létta m. a. af framleiðslunni þessum útgjöldum.

Og ég vil spyrja einnig: Hvernig stendur á því, að það má ekki lækka þessi gífurlega háu útflutningsgjöld af sjávarafurðum? Hvaða nauðsyn rekur til þess að halda uppi þessum háu gjöldum? Af hverju getum við ekki komið fyrir vátryggingarmálum okkar fiskiskipa á svipaðan hátt t. d. eins og Norðmenn? Er einhver nauðsyn að viðhalda því ófremdarástandi, sem er í þessum málum nú hjá okkur, og skattleggja sjávarútveginn á þennan hátt? Og ætli mætti ekki gera þær ráðstafanir, sem við höfum bent hér á, að ríkissjóður lækkaði nokkuð af þeim tollum, sem hann innheimtir nú af útflutningsframleiðslunni og hann innheimtir nú af nauðsynjavarningi, sem almenningur í landinu notar, þegar það liggur fyrir, að afkoma ríkissjóðs er svo góð, að tekjuafgangurinn skiptir hundruðum millj. kr.? Rekstrarafgangur ríkissjóðs á árinu 1962 var 295 millj. kr., og hreinn greiðsluafgangur hjá ríkissjóði varð á árinu 1962 um 170 millj. kr. Og það er viðurkennt, að rekstrarafkoma ríkissjóðs á þessu ári verður miklu, miklu betri en á árinu 1962. Þetta sýnir og sannar það, að ríkissjóður innheimtir núna of mikið, meira en hann þarf. Hann heldur uppi óþarflega háum tollum á nauðsynjavarningi, hann heldur uppi óþarflega háum tollum á vörum útflutningsframleiðslunnar. Það eru allar aðstæður til þess, að ríkissjóður gefi þarna nokkuð eftir og á þann hátt sé hægt að bæta hag útflutningsframleiðslunnar og á þann hátt sé hægt að lækka verðlagið í landinu. Það dugir ekki lengur, að hæstv. ríkisstj. geti átölulaust innheimt af þjóðarheildinni miklu hærri fjárhæðir en sem nemur beinum útgjöldum ríkis-

sjóðs og þannig staðið að því að hækka verðlagið í landinu umfram þarfir, en að hún á sama tíma neiti að hagræða þannig fyrir útflutningsframleiðslunni, að hún geti staðið undir því kaupgjaldi, sem henni er nauðsynlegt að greiða, sem hún verður blátt áfram að geta greitt.

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. finnst, að þessar umr. séu þegar orðnar nokkuð langar, og ekki vil ég neita því að þær séu þegar orðnar alllangar. En ég vil líka, að ríkisstj. viðurkenni það, að hér er um svo stórt mál að ræða, að það er full ástæða til þess, að umr. geti orðið alllangar um þetta mál. Málið er þess eðlis, að í fyrsta lagi felst í því frv., sem hér liggur fyrir, að slíkar ráðstafanir verði gerðar, að til mjög alvarlegra tíðinda getur dregið í okkar landi, sem getur vitanlega leitt til stórfelldra óþæginda fyrir marga aðila í landinu og til mikils tjóns fyrir þjóðarheildina, en auk þess gefur auðvitað þetta frv. tilefni til þess að ræða nokkuð almennt um efnahagsmálaþróunina á undanförnum árum. Það er rétt, að ég hef eytt hér talsverðum ræðutíma þá daga, sem þetta frv. hefur legið fyrir. Þó er það nú svo, að ég hef aðeins tekið til máls einu sinni við hverja umr. málsins, en það er mjög algengt, að bæði ég og aðrir þurfi að tala oftar í málum en einu sinni í umr. Það er engin von til þess, að mál eins og þetta geti farið í gegnum þingið, án þess að það sé rætt á allbreiðum grundvelli. Ríkisstj. hefur valið þann kost að ræða tiltölulega lítið hér um málið. Hún virðist aðeins bíða eftir því, að sá tími komi, að hægt sé að ganga til atkvgr. og hún fái að búa að því þingafli, sem hún ræður hér yfir, og hún geti gert þetta að lögum. Og ekkert efast ég um, að það getur hæstv. ríkisstj. gert. En ég vil nú samt ætla, að ríkisstj. geri sér fulla grein fyrir því, til hvers getur dregið hér í landi okkar, ef hún reynir að beita þingliði sínu öllu til þess að knýja þetta mál í gegn.

Ég vil því láta það verða mín síðustu orð hér í umr. um þetta mál að endurnýja áskorun mína til ríkisstj. um það, að hún athugi nú að nýju þau nýju viðhorf, sem komið hafa upp í sambandi við málið, og hún taki afleiðingunum af því, sem orðið er, og velji þá leiðina, sem er hyggilegust, að hún fresti afgreiðslu málsins eða dragi frv. til baka og þiggi þann frest, sem launasamtökin í landinu hafa boðið fram, og gangi til samninga um að leysa málið á þeim grundvelli, sem við Alþb.-menn höfum bent á í þessum umr., að er alveg óhjákvæmilegt að gera, því að þessi mál verða aldrei leyst öðruvísi en hagur hinna lægst launuðu í landinu, sem enn hafa ekki fengið neinar sambærilegar kauphækkanir við fjöldamarga aðra aðila í landinu, nema á þeim grundvelli, að laun þessara lægst launuðu verði hækkuð og kjör þeirra verði bætt. Það er hægt að koma þessu fram með samningum, og þá leið vil ég ráðleggja hæstv. ríkisstj. að fara, en láta þetta mál liggja, þar sem það er komið, því að lengra áleiðis hefur það ekkert að gera.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í ræðu, sem ég flutti hér í gær, gerði ég í megindráttum grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. og þarf ekki miklu við það að bæta. Ég mundi því sennilega ekki hafa tekið til máls við þessa umr., ef seinasti ræðumaður hefði ekki beint mjög alvarlegum fsp. til hæstv. forsrh., sem ég tel sjálfsagt að hæstv. forsrh. muni svara við þessa umr. En að sjálfsögðu er sú spurning, sem lögð er fyrir hæstv. forsrh., þannig vaxin, að það er ekki með öllu óeðlilegt, að hann taki sér nokkurn umhugsunarfrest, og ég vil því nota tímann, meðan hæstv. forsrh. er að hugsa sig um, til þess að segja hér nokkur orð.

Það hefur verið einkennandi, bæði við 2. og 3. umr. þessa máls, að ráðh. hafa lagt ótrúlega lítið til mála. Ég man ekki eftir því, síðan ég tók sæti hér á þingi og reyndar alllengi áður, vegna þess að ég hafði aðstöðu til að fylgjast með störfum þingsins sem blaðamaður, að ráðh. hafi verið jafnþögulir við 2. og 3. umr. í jafnmiklu stórmáli sem þessu eins og þeir hafa verið nú. Og ég get líka vel skilið það, vegna hvers hæstv. ráðh. eru svona þögulir og hafa lítið til málanna að leggja. Ástæðan er einfaldlega sú, að þetta frv. hefur hlotið strax í upphafi meiri mótspyrnu, — ég held, að það sé óhætt að segja það, — heldur en nokkurt annað frv., sem hefur verið lagt fyrir Alþingi, a. m. k. um mjög langt skeið. Ég minnist þess ekki, a. m. k. svo að áratugum skipti, að jafnsterk andúðaralda hafi risið strax í upphafi gegn nokkru frv. eins og þessu, og það getur að sjálfsögðu gefið sína skýringu á því, hve þögulir ráðh. hafa verið hér við 2. og 3. umr. þessa máls.

En það er ekki fjarri lagi nú við lok þessarar seinustu umr. hér í hv. d. að rifja það upp, vegna hvers þetta frv. hefur sætt slíkri mótspyrnu og andúð sem raun ber vitni um. Ég skal aðeins minnast á þessar ástæður í örstuttu máli.

Ég hygg, að fyrsta ástæðan sé sú, að það hefur sennilega aldrei verið lagt fyrir Alþ. frv., sem felur í sér öllu meira ranglæti en það mál, sem hv. d. hefur nú til umr. Það er meginefni þessa frv. að koma því til vegar, að eftir að flestir hátekjumenn landsins hafa fengið mjög ríflegar kauphækkanir og kjarabætur, þá skuli þeir, sem lægst launaðir eru og verst eru settir í þjóðfélaginu, engar svipaðar bætur fá. Þetta er slíkt ranglæti, að það er ekki óeðlilegt, þó að gegn slíku ranglætismáli rísi sterk andúðaralda, eins og líka hefur orðið. Það er ekki hægt að hugsa sér öllu meira óréttlæti en það, þegar hæstv. ráðh. um seinustu helgi flýta sér að því í bankaráðum landsins að hækka laun bankastjóranna um 40%, hæst launuðu mannanna í þjóðfélaginu, koma svo 2—3 dögum eftir hingað niður í Alþingi og leggja fyrir frv. um það, að lægst launuðu stéttirnar skuli engar svipaðar bætur fá. Það er ekki að undra, þótt slíkt frv. mæti sterkri andúðaröldu hjá þjóðinni.

En þetta er þó ekki nema ein ástæðan til þess, að þetta frv. hefur mætt slíkri andúð sem raun ber vitni um. Önnur ástæðan er sú, að með þessu frv. er ráðizt gegn mikilvægasta rétti launastéttanna í landinu, því að það er óumdeilanlegt, að mikilvægasti réttur launastéttanna í landinu er verkfallsrétturinn. Það sjáum við aðeins með því að bera saman kjör

launastéttanna í þeim löndum, þar sem verkfallsréttur er og þar sem verkfallsréttur er ekki. Launakjörin eru yfirleitt svo miklu lakari í þeim löndum, þar sem ekki er verkfallsréttur, að það þarf ekki að bera það saman. Svo mikill er munurinn, að hann sést strax við fyrstu sýn. Og af hverju stafar þessi munur? Hann stafar fyrst og fremst af því, að í þeim löndum, þar sem verkfallsréttur er ekki leyfilegur, þar hafa launastéttirnar, hinar vinnandi stéttir, ekki aðstöðu til þess að knýja réttmætar kjarabætur fram og verða þess vegna að sætta sig við það, sem valdhafarnir og atvinnurekendurnir skammta þeim. Og þess vegna er það ekki undarlegt, að launastéttir landsins rísi upp til mótspyrnu, þegar á að taka þennan rétt af þeim.

Það hefur ekki sízt valdið ólgu og andúð í þessu sambandi, að það er komið greinilega í ljós, að til þess er ekki ætlazt af valdamönnunum, þó að svo sé látið í veðri vaka í þessu frv., að þetta eigi aðeins að gilda 2 næstu mánuðina, — það hefur komið greinilega fram, að það er ætlunin að framlengja þessa réttarskerðingu. Formaður Framsfl. bar þá fsp. fram við 1. umr. hér í d. til hæstv. forsrh., hvort það væri ætlun hæstv. ríkisstj., þegar þeir 2 mánuðir væru liðnir, sem þessum lögum er ætlað að gilda, og það bann á þess vegna að falla niður gegn verkfallsréttinum, sem er í þessum lögum, — hvort hæstv. ríkisstj. vildi þá lýsa því hiklaust yfir, að frá næstu áramótum skyldi samningsrétturinn og verkfallsrétturinn gilda að nýju. Svör forsrh. við þessari spurningu voru þau, að hann gæti engu svarað um þetta atriði og það væri alveg eins líklegt, að þetta þyrfti að haldast áfram. Ég hygg, að þetta svar hæstv. forsrh. gefi það fullkomlega til kynna, að það sé ætlun ríkisstj., ef henni tekst að komast í gegn með þessi lög næstu 2 mánuðina, að láta þennan órétt gilda áfram, og það eru ekki sízt þessar upplýsingar, sem hafa valdið því, að andúðin gegn þessu frv. hefur enn magnazt frá því, sem áður var.

Þær ástæður, sem ég nú hef greint, valda því að sjálfsögðu, að það er ekki óeðlilegt, eins og ég hef áður sagt, að það hafi risið sterk andúðaralda gegn þessu máli, svo sterk andúðaralda, að ráðh. hafa séð það ráð vænst að vera þögulir hér við 2. og 3. umr. málsins í Nd. Af hálfu hæstv. ráðh. hefur nokkuð verið haldið fram, að það væri ekki ástæða til þess að hamra svo mjög gegn þessu máli, vegna þess að slíkar aðgerðir hefðu stundum verið gerðar áður af Alþingi. Það er búið að sýna fram á það hér hvað eftir annað, að þetta er algerlega rangt. Það hefur aldrei áður á Alþingi verið samþykkt neitt mál, sem er svipað því frv., sem hér liggur fyrir. Það er algerlega rangt, að í þeim lögum, sem bundu vísitöluna 1956, þegar vinstri stjórnin kom til valda, hafi nokkuð verið svipað þessu máli. Þá var aðeins bundin vísitalan, grunnkaupið var látið óheft, verkfallsrétturinn var látinn óheftur. Það er líka algerlega rangt að gera samanburð á þessu frv. og t. d. gerðardómsl. 1942, því að þá var leyfilegt að hækka grunnkaup og þá var ákveðið, að gilda skyldi full dýrtíðarvísitala. Auk þess verða menn að gera sér grein fyrir því, að ástandið 1942 var allt annað en það ástand, sem nú er í landinu. 1942, þegar gerðardómurinn var settur, stóð heimsstyrjöldin sem hæst. Þá var veldi Þjóðverja og nazista allra mest. Og ástandið var svo þannig, að það mátti búast við því, að þá og þegar kynnu aðflutningar til landsins alveg að stöðvast, framleiðslan í landinu kynni að stöðvast af styrjaldarástæðum, og það var að sjálfsögðu ekkert vit undir þeim kringumstæðum að láta, t. d. vegna verkfalls, safnast saman mikið af óafgreiddum skipum hérna í höfninni, láta samgöngur úti um land stöðvast, og svo kynni það að gerast einn góðan veðurdag, að bærinn yrði fyrir árás og það væri ógerningur að bjarga þeim verðmætum, sem hér hefðu safnazt saman, vegna þess að verkfall hefði staðið yfir. Undir slíkum kringumstæðum varð að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess, að ekki kæmi til verkfalla, jafnframt því sem það er yfirleitt föst regla í þeim löndum, þar sem styrjöld vofir yfir eða voru styrjaldarsvæði, eins og Ísland var þá, að gera sérstakar ráðstafanir til þess að halda verðlagi í skefjum, vegna þess að enginn veit, hvað fram undan kunni að vera. Það má t. d. benda á það, að á þessum tíma voru gerðar margháttaðar ráðstafanir í Sviþjóð, svipaðar og hér voru gerðar þá. En það dettur að sjálfsögðu engum í hug í Sviþjóð, þó að slíkar ráðstafanir væru gerðar þar á styrjaldartímum, að það eigi við að gera slíkar ráðstafanir nú. Þess vegna er það hrein fjarstæða að vera að reyna að bera saman ráðstafanir, sem gerðar eru á styrjaldartímum, við ráðstafanir, sem eru gerðar undir allt öðrum kringumstæðum en þá eru. Það dettur engum í hug að láta ráðstafanir, sem eru sérstaklega gerðar af styrjaldarástæðum, gilda, þegar friðartímar eru komnir. Þess vegna er það hrein fjarstæða að vera að gera samanburð á gerðardómslögunum 1942 og því frv., sem hér liggur fyrir.

Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að aldrei áður hefur verið gerð ákveðin tilraun til þess á friðartímum að gera hvort tveggja í senn að banna verkföll og banna allar kauphækkanir. Það er algert nýmæli á Íslandi, það hefur aldrei verið gerð tilraun til þess fyrr en nú. Þess vegna er það fullkomlega tilgangslaust af hæstv. ráðh. að vera að bera það fyrir sig, að það sé hægt að finna eitthvert fordæmi fyrir slíkum ráðstöfunum og þeim, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það er alveg rétt, sem hefur komið fram í máli hæstv. ráðh., að okkur er nú nokkur vandi á höndum vegna þess ástands, sem hefur skapazt í efnahagsmálum og hefur leitt af stjórnarstefnunni, ástands, sem er afleiðing stjórnarstefnunnar. Okkur er nokkur vandi á höndum af þessum ástæðum. En það er líka jafnvíst, að þær tvær leiðir, sem ríkisstj. hefur helzt bent á til lausnar á þessu ástandi, eru fullkomlega ófærar. Önnur leiðin, sem hæstv. ríkisstj. hefur bent á, er það frv., sem hér liggur fyrir, kaupbinding og skerðing verkfallsréttar, sem fyrst og fremst bitnar á þeim láglaunuðu í

landinu. Þetta frv. er þegar búið að hljóta slíkar móttökur hjá verkalýðshreyfingunni, hjá verkalýðsfélögunum um allt land og hjá launastéttum um allt land, að það er fyrirsjáanlegt, að þessi stefna, sem í frv. felst, er óframkvæmanleg. Hæstv. ríkisstj. má vera það fullkomlega ljóst af þessum undirtektum, að hún getur ekki framkvæmt þá stefnu, sem felst í þessu frv., vegna þess, hve ranglát hún er, og vegna þeirrar andstöðu, sem hún mætir, ef ríkisstj. ætlar ekki beinlínis að efna til fullkomins upplausnarástands í landinu og þá að sjálfsögðu miklu meira og verra en þess ástands, sem nú ríkir.

Hin leiðin, sem hæstv. ríkisstj. hefur bent á, er gengislækkunin, og ég verð satt að segja að lýsa undrun minni yfir því, að ríkisstj. skuli benda á þessa leið. Ríkisstj. hefur með skömmu millibili framkvæmt tvær gengislækkanir, 1960 og 1961, og afleiðingarnar af þessum gengislækkunum eru þær, sem nú blasa við. Það er komin fullkomin reynsla af þessum tveimur gengislækkunum, að ný gengislækkun mundi ekki neinn vanda leysa. Ný gengislækkun mundi aðeins skapa aukinn vanda, alveg eins og gengislækkunin 1960 gerði það og gengislækkunin 1961 gerði það. Og það má hverjum og einum vera ljóst t. d., að gengislækkun leysir síður en svo þann vanda, sem útflutningsframleiðslan á við að glíma, einfaldlega af þeirri ástæðu, að mikill meiri hluti af rekstrarkostnaði útflutningsframleiðslunnar er greiddur í erlendum gjaldeyri og gengislækkunin hefur engin áhrif til hagsbóta fyrir útgerðina hvað þann hluta rekstrarkostnaðarins snertir. Sá kostnaður, sem er greiddur innanlands og er fyrst og fremst kaupgjaldið, mundi að sjálfsögðu hækka mjög fljótlega, eins og reyndin hefur orðið á undanförnum árum, vegna þess að versnandi kjör, sem hlytust af gengislækkun, yrðu launþegar að bæta sér upp aftur með kauphækkunum. Þess vegna er það ekkert annað en að gera vandann enn meiri og erfiðleikana enn meiri að leggja út í nýja gengislækkun. Þess vegna verð ég að segja það, að ég er furðu lostinn, að ríkisstj. skuli leyfa sér að nefna gengislækkun eins og eitthvert úrræði í þeim vandamálum, sem nú er glímt við. Ný gengislækkun er jafnmikið óráð og sú leið, sem ríkisstj. leggur til að farin sé í þessu frv. Báðar þessar leiðir eru fullkomlega ófærar.

Af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur hins vegar verið bent á fullkomlega færa leið í þessum málum hvað eftir annað í þessum umr. Það hefur verið bent á, að það, sem ætti að gera, væri að semja um eðlilega kauphækkun við þá lægst launuðu og þá, sem nú eru lakast settir, og gera svo ráðstafanir til þess að gera atvinnuvegunum mögulegt að rísa undir þessum kauphækkunum. Það hefur verið bent á mjög ákveðnar leiðir til þess að gera atvinnuvegunum þetta kleift. Það hefur verið bent á margar lækkunaraðgerðir til þess að gera atvinnuvegunum þetta kleift. Það hefur verið bent á lækkun vaxta, á lækkun útflutningsgjalda og lækkun tolla. Ef þetta hefði allt verið gert, sem búið er að sýna fram á hér í þessum umr. að er fullkomlega mögulegt, þá er jafnframt hægt að gera atvinnuvegunum mögulegt að rísa undir þeim kauphækkunum, sem eru óhjákvæmilegar, vegna þess að láglaunastéttirnar verða að fá sömu bætur og hinir hálaunuðu hafa fengið. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef slíkar ráðstafanir verða gerðar, þá mundi ekki standa á launastéttunum að gera jafnhliða einhverjar þær ráðstafanir, sem kæmu í veg fyrir það, að þær vixlhækkanir á kaupgjaldi og verðlagi héldu áfram, sem nú eiga sér stað.

Ég bendi aðeins á samningana frá 1961, sem þá voru gerðir milli launastéttanna og atvinnurekendanna, sem dæmi um, að það mundi ekki undir slíkum kringumstæðum standa á launastéttunum að gera þá framtíðarsamninga, sem mundu eiga sinn mikla þátt í því að stöðva það verðbólguhjól, sem hefur verið að ganga í landinu á undanförnum árum, því að það er alveg víst, að ef þeir samningar, sem voru gerðir 1961, hefðu fengið að standa, þá hefði verðbólguhjólið stöðvazt á þessum tíma, þá hefði verið búið við stöðugt verðlag á næstu árum, traustan gjaldeyri, batnandi afkomu atvinnuveganna og batnandi afkomu almennings í landinu. En vegna þess að ríkisstj. eyðilagði þessa hagfelldu samninga jafnt fyrir launastéttir sem atvinnurekendur með gengislækkuninni 1961, var áranguriinn af þessum samningum alveg eyðilagður. Það er sem sagt í þessum umr. hvað eftir annað búið að benda á úrræði og lausn á þeim vanda, sem nú er glímt við, lausn, sem er auðvelt að ná, ef vilji er fyrir hendi hjá valdhöfunum til að fara þá leið. Valdhafarnir hafa enn ekki svarað því neinu, hvort þeir vilji fara þessa leið. Það hefur helzt komið fram hjá þeim, að þeir vildu það ekki, og þeir hafa haldið áfram að klifa á annarri hvorri af þeim tveimur leiðum, sem þeir hafa bent á, — þeirri leið, sem felst í þessu frv., eða gengisfellingarleiðinni, sem búið er að sýna fram á, bæði af mér og öðrum, að eru fullkomlega ófærar og munu aðeins leiða til aukinna vandræða frá því, sem nú er.

Ég vil þess vegna nota tækifærið við lok þessara umr. til að skora á ríkisstj. og til að skora á þm. stjórnarflokkanna að íhuga nú vel þau úrræði, sem hér hefur verið bent á, og láta ekki þráa og metnað stjórna sínum gerðum í þessum efnum, láta skynsemi og dómgreind ráða um það, sem gert er. Það hefur iðulega komið fyrir, að menn hafi hafið upp rangt merki, eins og ríkisstj. hefur gert í þessu máli, en þegar þeir hafa við nánari athugun séð, að þetta var rangt, hafa þeir látið það niður falla og tekið upp það merkið, sem rétt var. Og þeir, sem það hafa gert, hafa orðið menn að meiri, en ekki minni, af því að gera þetta. Og ég er sannfærður um það, og sem pólitískur andstæðingur stjórnarinnar ætti ég ekki að vera að óska eftir því, en ég er sannfærður um það, að ef ríkisstj. gripi til þessa ráðs, ef ríkisstj. léti skynsemina ráða og færi eftir þeim skynsamlegu forsendum, sem hún hefur heyrt í þessum umr., og færi þá leið, sem henni hefur verið bent á af stjórnarandstæðingum, þá mundi ríkisstj. vaxa jafnmikið af því máli sem hún hefur minnkað af því frv., sem hér liggur nú fyrir.

Það sanna í þessum málum er það, að þótt ríkisstj. hefði að mörgu leyti ranga stefnu, þegar hún kom til valda, hafði þó ríkisstj. að einu leyti rétta stefnu. Það var rétt stefna hjá ríkisstj., sem hún setti upp þá, að hún ætlaði ekki að hafa afskipti af kaupsamningum eða samningagerð milli atvinnurekenda og launþega. Ef ríkisstj. hefði fylgt þessari stefnu sinni, þá mundi vandinn í þessum málum ekki vera slíkur sem hann er í dag. Þá hefðu kaupsamningarnir, sem voru gerðir 1961, fengið að standa. Og þá væri ástandið annað í þessum málum en það er í dag, og þá hefðu ekki gerzt atburðir eins og gerðust hér á s. l. sumri, þegar járnsmiðir og atvinnurekendur voru búnir að ná samkomulagi um kaup og kjör, en ríkisstj. hindraði það á seinustu stundu, svo að af því hlauzt fjögurra mánaða verkfall járnsmiða. Og ég er líka alveg sannfærður um það, að ef atvinnurekendur og launþegar hefðu fengið að vera einir um samninga á þessu sumri og hausti, þá væri þegar komið samkomulag á milli þessara aðila. En vegna þess að ríkisstj. hefur skorizt í leikinn og hefur hvatt atvinnurekendur til þess að setja nú hnefann í borðið og segja, að þeir gætu enga hækkun fallizt á, þá hefur enn ekki náðst þetta samkomulag. En atvinnurekendur, þó að þeir séu að frumkvæði ríkisstj. látnir samþykkja það, að þeir geti enga hækkun veitt á kaupgjaldi, þá hafa langsamlega flestir atvinnurekendur brotið gegn þessari samþykkt sinni í reynd, því að ég hygg, að t. d. hérna í bænum sé það mikill meiri hl. atvinnurekenda, sem greiðir miklu hærra kaup en það, sem stendur í kaupgjaldssamningum verkalýðsfélaganna. Atvinnurekendur brjóta sem sagt sjálfir gegn þessari samþykkt, sem ríkisstj. hefur fengið þá til að gera, vegna þess að þeim hefur líka verið vel fært að gera það.

Ég sagði áðan, þegar ég kvaddi mér hljóðs, að ég ætlaði ekki að tala langt mál að þessu sinni, ég ætlaði aðeins að nota tækifærið, meðan hæstv. forsrh. væri að hugsa sig um svörin við þeirri spurningu, sem hér hefur verið lögð fyrir hann, og þess vegna skal ég nú fljótlega láta máli mínu lokið. En það, sem ég vildi að seinustu segja, er þetta: Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að ég vænti þess, að ríkisstj. geri sér ljóst það hættuástand, sem nú er að skapast í landinu. Það hafa þegar fjölmörg verkalýðsfélög lýst yfir verkfalli strax, svo að segja í upphafi næstu viku, og það eru miklar horfur á því, að frá þessum verkfallsboðunum verði ekki horfið. Það má að sjálfsögðu deila fram og aftur um, hvort það, sem er hér fram undan, sé löglegt eða ekki löglegt. Um það má að sjálfsögðu mikið deila, og ég ætla ekki að taka þátt hér í þeirri deilu. En það er ekki það, sem er meginatriði í þessu sambandi. Það, sem er meginatriði í þessu sambandi, er, að það er búið að halda þannig á þessu máli, — og ég skal ekki að þessu sinni ræða um það, hverjir hafi haldið á þessu máli, — en það er búið að halda á þessu máli þannig, að það er bersýnilegt, að það eru mjög stór og hættusöm átök fram undan. Og nú er spurningin: Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera? Ætlar hún að reyna að fylgja þessum lögum sínum fram með hervaldi, með lögregluvaldi og láta af því hljótast þau átök, sem slíku getur að sjálfsögðu fylgt? Ætlar ríkisstj. að fara hér sömu leiðina og farin var í Noregi á árunum 1920—1930, þegar beitt var fangelsisdómum og sektardómum, ekki aðeins gegn foringjum verkalýðssamtakanna og þm. Verkamannaflokksins norska, heldur gegn fjölmörgum verkamönnum, þegar þeir voru hnepptir í fangelsi og það í svo stórum stíl, að fangelsin voru ekki nógu stór fyrir þá, vegna þess að þeir höfðu brotið gegn einhverjum gerðardómum, sem kveðnir voru upp? Ætlar ríkisstj. raunverulega að láta slíkt ástand skapast og grípa til slíkra ráðstafana og norsk stjórnarvöld beittu á þessum tíma?

Það kann vel að vera, að hæstv. ríkisstj. kunni að geta haldið því fram, af því að þessi lög hafa verið samþ., að hún standi þar á lagalegum grundvelli. En ég held, að það væri gott fyrir hana að staldra dálítið við og athuga, hvernig þetta fór í Noregi. Þetta fór þannig í Noregi, að verkamenn unnu að lokum fullan sigur, og þetta fór þannig, þetta hafði þau áhrif, að það var lagður þá í þessum átökum sá grundvöllur að Verkamannaflokknum norska, að hann hefur verið ósigrandi í öllum kosningum síðan. En burt séð frá því held ég, að það séu ekki slík átök, sem við eigum að sækjast eftir nú hér á landi. Ég held, að það séu ekki slík átök, sem séu líkleg eða líklegust eða vænlegust til að leysa þann vanda, sem nú er glímt við. Ég held, að þetta mundi ekki aðeins auka þennan vanda, heldur miklu frekar margfalda hann.

Og ég vil benda hæstv. ríkisstj. á annað dæmi. Það reis upp verkfallsalda í Frakklandi hjá námumönnum þar á s. l. vetri, sem mjög mátti um deila, hvort væri lögleg eða ekki lögleg. Hinn sterki einræðisherra þar í landi hugðist í fyrstu brjóta þessi verkföll aftur með stjórnaraðgerðum og með hervaldi og með lögregluvaldi, eða með því að kalla námumennina í herinn. En við nánari athugun ákvað þessi hyggni einræðisherra, þó að hann hefði margfalt sterkari aðstöðu til að framkvæma sínar fyrirætlanir en hin íslenzka ríkisstj., þá ákvað hann við nánari athugun að láta skynsemina ráða. Hann féll frá öllum sínum fyrirætlunum um að beita ofbeldi og kaus heldur að fara samningaleiðina og semja við námumenn um hóflegar kjarabætur. Og það er áreiðanlegt, að hann óx af því að fara þessa leið heldur en að láta kenna aflsmunar í þessari deilu, þó að hann hefði kannske getað orðið ofan á í þeim átökum til að byrja með.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að hugsa vel um fordæmi þessa hyggna stjórnmálamanns og sjá, hvort hún mundi ekki geta af því lært. Og ég vil segja það hér að lokum, að það, sem við þurfum til að leysa þann vanda, sem nú er fram undan, er ekki að stofna til slíkra átaka eins og hér geta orðið, ef ríkisstj. gerir það í alvöru að reyna að framkvæma þessi lög. Við þurfum allt aðrar vinnuaðferðir til þess að leysa þennan vanda. Við þurfum að leysa hann með sáttum og samkomulagi, með bræðralagi, en ekki með stórum harðnandi átökum frá því, sem nú eru þegar í dag. Og ég vil segja hæstv. ríkisstj.

það, að eins og hún hefur minnkað af þeirri tilraun, sem hún hefur gert með þessu frv., mundi hún vaxa af því, ef hún félli nú frá sínum fyrirætlunum, félli frá þeirri stríðsstefnu, sem felst í þessu frv., tæki heldur þann hyggna kost að fara leið samninga og sátta, drægi þetta frv. sitt til baka eða a. m. k. frestaði því, meðan tilraunir væru gerðar til þess að ná samkomulagi við launastéttir landsins um að leysa þetta mál á farsælan og friðsamlegan og giftusamlegan hátt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal heita hæstv. forseta því, að ég mun ekki þreyta hann lengi, því að nokkuð er nú á kvöldið liðið og sjáanlegt er, að margir eru farnir að þreytast á þessum umr. En það eru tvö atriði, sem komu fram í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn. í gær, sem ég vil ekki láta ómótmælt, áður en þetta mál fer héðan út úr hv. deild.

Fyrra atriðið, sem hv. frsm. vék að, var það, að öðruvísi væri nú stjórnarandstaða en verið hafði á vinstristjórnarárunum. Þá hefði stjórnarandstaðan farið betur að og heiðarlegar en núv. stjórnarandstaða. Í tilefni af þessu vil ég minna þennan hv. þm. og aðra á, sem hafa sömu skoðun, að á þeim árum buðu atvinnurekendurnir kauphækkun, eins og gert var í Iðju, þar sem sjálfstæðismenn réðu ríkjum. Ég vil líka minna þá á flugmannaverkfallið, farmannaverkfallið, og ég vil líka minna þá á það, að þá var fulltrúi þeirra, Jóhann Sigurðsson, sendur inn í verkamannafélagið Dagsbrún til þess að skamma kommana fyrir aðgerðaleysi í kaupgjaldsmálum, getuleysi þeirra og úrræðaleysi og aðgerðaleysi var í alla staði óþolandi samkv. frásögn þessa manns. Ég vil líka minna þá á, að sömu mennirnir, sem nú verða að greiða atkv. með frv. hæstv. ríkisstj., ef það á að ná fram að ganga, neituðu þá um að geyma rétt á Alþýðusambandsþingi, sem þá var farið fram á, eins og tveir af núv. þm. hv. stjórnarflokka. Er gott, að þeir muni eftir þessu við atkvgr. nú.

Annað atriði, sem þessi hv. þm. vék að, frsm. meiri hl. fjhn., var það, að hér ætti að gera heiðarlega tilraun til þess að stöðva dýrtíðina. Í tilefni að þessu vil ég spyrja þennan hv. þm.: Er það stöðvun á dýrtíðinni, þótt kauphækkun verði frestað í 2 mánuði? Það er áreiðanlegt, að það verður ekki komizt fram hjá þeirri kauphækkun hjá þeim stéttum, sem eiga eftir að fá leiðréttingu á kaupi sínu og kjörum til samræmis við aðrar stéttir. Það verður ekki komizt fram hjá þeirri kauphækkun, þótt það takist að tefja það um einhvern tíma, og það á ekki heldur að komast fram hjá því, að fólk hafi það kaup í þessu landi, að það geti með skikkanlegum vinnudegi unnið fyrir þurftartekjum sínum.

Í öðru lagi vil ég spyrja: Er það heiðarlegt að neita skrifstofu- og verzlunarfólki hjá samvinnufélögum og einkafyrirtækjum um þá kauphækkun, sem hliðstæðum ríkisstarfsmönnum hefur verið ákveðin af hlutlausum dómi? Nei, það er ekki heldur heiðarlegt.

Í þriðja lagi vil ég spyrja: Er það heiðarlegt að krefjast þess, að þeir, sem lægst launin hafa, fórni vegna hugsanlegrar stöðvunar verðbólgu launahækkun sinni, þegar þeir, sem hæst laun hafa, hafa fengið launahækkanir 50—100%? Það er ekki heldur heiðarlegt. Ég vil enn fremur spyrja: Er það heiðarlegt að heimta fátæka mannsins eina lamb, samnings- og verkfallsréttinn, til hugsanlegrar verðstöðvunar, sem svo gæti einnig brugðizt? Nei það er ekki heldur heiðarlegt. Og ef þannig á að fara að vinna að því að stöðva verðbólgu landsins, þá á ekki að tala um heiðarleika í sambandi við þá framkvæmd. Þetta frv. er hvorki sanngjarnt né heiðarlegt.

Ef hæstv. ríkisstj. vill vera heiðarleg, á hún að viðurkenna úrræðaleysi og getuleysi sitt. Þá á hún að viðurkenna það, að hún blekkti þjóðina í kosningunum í vor, og á því að leggja málin fyrir þjóðina aftur. Það eitt er heiðarlegt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IngJ, JP, JR, RJ, AJ, ÓTh, PS, SÁ, SB, SI, SvJ, SvG, BF, BBen, DÓ, EI, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, BGr.

nei: HS, HV, IG, JSk, LJós, RA, SkG, SE, ÞÞ, ÁÞ, BFB, JK, EðS, EÁ, EOl, EystJ, GeirG, GíslG.

1 þm. (HÁ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 11 fundi í Ed., 6. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh. lagði þetta frv. fram í hv. Nd., var ákveðið, að ég fylgdi því úr hlaði í þessari hv. d. Með hliðsjón af hinni ýtarlegu framsöguræðu hæstv. forsrh. og öðrum ræðum hans og annarra ráðh. þar í hv. Nd., sem ég veit að hv. þdm. hér hafa að verulegu leyti fylgzt með, get ég látið nægja nokkru styttri grg. hérna.

Fyrir 4 árum, eða 20. nóv. 1959, var núv. ríkisstj. mynduð. Fyrsta verkefni hennar og aðalverkefni var allsherjarendurskoðun á efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Ástandið í þeim efnum var mjög viðsjárvert. Gengið var rangt skráð, uppbótakerfið gerði það að verkum, að í rauninni voru einhvers staðar milli 10 og 20 raunveruleg gengi íslenzku krónunnar. Hallarekstur hafði verið árum saman gagnvart útlöndum, stöðugur gjaldeyrishalli. Lánstraust þjóðarinnar út á við á eðlilegum lánamarkaði var þorrið, innflutningshöft á fjölda vara, verðmyndunarkerfið úr skorðum, fjárfestingarhömlur, vísitölubinding eða viðmiðun kaups, sem leiddi til sífelldrar skrúfu verðlags og kaupgjalds sitt á hvað.

Í febrúarmánuði 1960 hafði ríkisstj., réttum þrem mánuðum eftir að hún tók til starfa, tilbúnar till. sínar til viðreisnar efnahag og fjárhag landsins. Meginatriði þeirrar viðreisnar voru þau, að gengið var nú rétt skráð, að viðskiptafrelsi var lögleitt á miklum meiri hl. innflutningsins, að fjárfestingarhömlum var aflétt, að gagnger breyting var gerð á skattamálum og

fjáröflunarleiðum ríkissjóðs og sveitarfélaga og margt fleira, sem ég skal hér ekki upp telja. En árangurinn sagði líka fljótt til sín af þessum víðtæku efnahagsaðgerðum. Þær miðuðu að því að koma þjóðfélaginu á réttan kjöl eftir stórfelldan hallarekstur undanfarinna ára, hafta- og uppbótakerfi og hvers konar skekkjur í viðskipta- og athafnalífi. Tilgangurinn var sá að koma á jafnvægi í sem flestum þáttum efnahagslífsins og tryggja næga og örugga atvinnu til handa öllum landsins börnum.

Þegar litið er á 3 fyrstu ár viðreisnarinnar, árin 1960, 1961 og 1962, er ljóst, að í öllum meginatriðum tókst viðreisnin vel og þeim árangri var náð, sem að var stefnt. Því til sönnunar má nefna þessi atriði: Hallarekstrinn gagnvart útlöndum var stöðvaður. Þegar á árinu 1961 tókst að jafna þennan halla og ná hagstæðum greiðslujöfnuði við útlönd, og sami árangur náðist á árinu 1962. Í staðinn fyrir sífelldan gjaldeyrisskort, gjaldeyrishungur, tókst á þessum árum að safna álitlegum gjaldeyrisforða. Þegar viðreisnin hófst í febr. 1960, var enginn gjaldeyrissjóður til, heldur var gjaldeyrisskuld bankanna 216 millj. kr. En um síðustu áramót, eftir tæplega 3 ára viðreisn, var gjaldeyrisforðinn orðinn 1150 millj. kr., en með honum var lagður grunnur að lánstrausti Íslands erlendis, eins og verkin sýna, og skapaður varasjóður til þess að mæta örðugleikum, hvort sem væri af markaðstregðu, verðfalli afurða, náttúrunnar völdum eða öðru óláni, sem við getum ekki við ráðið. Sparifjársöfnunin er undirstaða framfara og framkvæmda, því að á henni byggist það, hversu bankar og lánsstofnanir geta lánað út mikið fé til framkvæmda í landinu, en sparifjársöfnunin hefur aukizt frá febrúar 1960 til síðustu áramóta úr 1825 millj. upp í 3531 millj., eða nærri tvöfaldazt. Full atvinna hefur verið allan þennan tíma yfirleitt um land allt. Fjárlög hafa verið afgreidd og framkvæmd hallalaus öll árin, greiðsluafgangur orðið á hverju þessara ára hjá ríkissjóði, en það var eitt af grundvallarskilyrðum þess, að viðreisnin tækist og það jafnvægi næðist, sem að var stefnt. Viðskiptafrelsi var stóraukið í landinu og hagur þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, bættur með meiri umbótum á almannatryggingum en dæmi eru til áður í sögu íslenzku þjóðarinnar.

Þegar litið er yfir þessi nokkur meginatriði viðreisnarinnar, hlýtur dómurinn að verða sá, að á árunum 1960—62 hafi viðreisnin tekizt vel í öllum undirstöðuatriðum. En á þessu ári, sem nú er að líða, stefnir á annan veg en undanfarin 3 ár, og margt hefur gengið úr skorðum. Á þessu ári hefur orðið iskyggilegur halli á viðskiptunum við útlönd, innflutningur hefur aukizt gífurlega og miklu meira en aukningu útflutningsins nemur. Gjaldeyrissjóðurinn hefur hætt að vaxa og er ekki hærri nú en hann var um áramót. Afturkippur hefur komið í sparifjársöfnun landsmanna, þannig að aukning sparifjárins er miklu tregari en áður, eftirspurn eftir vinnuafli í mörgum greinum svo mikil, að enginn vegur er að fullnægja henni, og veldur það að sjálfsögðu margvíslegu tjóni og töfum á framkvæmdum, framkvæmdir verða dýrari en ella o. s. frv. Og frá aðalútflutningsatvinnuveginum, sjávarútveginum, heyrum við þær raddir, að fiskvinnslustöðvarnar telja sig trauðlega geta risið undir þeirri hækkun kaups og annars kostnaðar, sem þegar er orðin, hvað þá að þær geti tekið á sig nýjan kostnaðarauka með hækkuðu kaupgjaldi eða á annan hátt.

Til þess að viðreisnin takist til langframa, eru nauðsynlegar skynsamlegar aðgerðir í þremur meginmálaflokkum og nauðsynlegt, að þær haldist í hendur. Það er í fyrsta lagi í fjármálum ríkisins, það er í öðru lagi í svokölluðum peningamálum, þ. e. a. s. bankamálum og útlánapólitík bankanna, og það er í þriðja lagi í launamálum.

Það er kunnugt, að um alllangan aldur undanfarið hefur það verið skoðun fróðra manna, fjármálamanna og sérfræðinga í efnahagsmálum, að fyrst og fremst ætti að beita aðgerðum af ríkisvaldsins hendi í fjármálum og peningamálum, og ef þær aðgerðir væru skynsamlegar og hnitmiðaðar, ætti með þeim að mega halda jafnvægi í þjóðfélaginu, fullri atvinnu, koma í veg fyrir atvinnuleysi, en koma einnig í veg fyrir ofþenslu og verðbólgu. Þessi hefur verið skoðun manna eða trú í mörgum löndum. En nú upp á síðkastið hafa augu manna víða opnazt fyrir því, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig í okkar nágrannalöndum, að þetta tvennt er ekki nægilegt, heldur verður skynsamleg stefna í launamálum að fylgja aðgerðum í fjármálum og peningamálum. Er þess skemmst að minnast, að á þessu og síðasta ári var það orðið ljóst hjá okkar gömlu sambandsþjóð, Dönum, að þar var verðbólga og ofþensla í uppsiglingu. Og menn sáu, að hversu róttækar aðgerðir sem þeir vildu framkvæma annars vegar í fjármálum og skattamálum ríkisins varðandi fjárlög og greiðsluafgang og hins vegar varðandi banka og peningapólitík, þá hafði þetta ekki reynzt nægilegt. Því var það, að lögleitt var á þessu ári frv. um algera stöðvun á kaupgjaldi og verðlagi þar í landi. Og eftir að það hefur verið í gildi, að sjálfsögðu ásamt ýmsum öðrum ráðstöfunum, sem einnig voru gerðar í fyrra, hefur nú á nokkrum mánuðum komið í ljós árangurinn af þessum aðgerðum þar: Verðbólguhættan liðin hjá í Danmörku, a. m. k. í bili, útflutningurinn aukizt að nýju og gjaldeyrissjóðurinn, sem hafði farið hraðminnkandi, hefur nú farið hraðvaxandi.

Það var, eins og kom fram í umr. og grg. fyrir viðreisnarfrv. 1960, von ríkisstj. og stjórnarflokkanna, að samtök launamanna og atvinnurekenda mundu bera gæfu til að semja svo um launamálin með frjálsum samningum, að jafnvægi gæti haldizt í þjóðfélaginu. Og það er auðvitað ljóst, að til þess að fullur árangur næðist til langs tíma af þessum ráðstöfunum og jafnvægi skapaðist í efnahagsmálum, yrði að fylgja þeirri stefnu í launamálum, að laun hækki í þjóðfélaginu ekki meira en vöxtur þjóðarframleiðslunnar og hækkun á verði útflutningsafurða. Það er auðvitað óhugsandi, að þjóðfélag geti haldið jafnvægi og eðlilegu efnahagslífi, ef laun, ekki aðeins einu sinni, heldur ár eftir ár,

hækka meira í þjóðfélaginu en þjóðarframleiðslunni og verðhækkun á útflutningsafurðum nemur. Ríkisstj. hvatti því mjög samtök launþega og vinnuveitenda í upphafi til að fylgja þessari stefnu og staðfesta hana með samningum sín á milli. Því var einnig beint til þessara aðila, að æskilegast væri fyrir þjóðarbúið og fyrir allar stéttir og ekki síst launamenn, að reynt yrði að semja ekki frá mánuði til mánaðar, heldur til tveggja eða jafnvel þriggja ára í senn til að skapa ró og það jafnvægi, sem atvinnuvegirnir þurfa til þess að halda uppi fullri og eðlilegri samkeppni við keppinauta sína á erlendum mörkuðum og til þess að geta byggt upp sín atvinnufyrirtæki og aukið sína framleiðni og afköst.

Því miður hefur þetta ekki tekizt í okkar þjóðfélagi, og heildarsamningar um laun, sem auðvitað væri æskilegast að koma á, heildarsamningar um laun annars vegar og samningar til langs tíma, eins og tíðkast í mörgum nágrannalandanna, hafa ekki verið gerðir hér á landi og virðast því miður eiga nokkuð í land enn. Til þess liggja að sjálfsögðu ýmsar ástæður, og atvinnulíf Íslendinga er, eins og kunnugt er, nokkuð sérstætt og gefur misjafnan afrakstur frá ári til árs. En engu að síður er það nauðsynlegt, að að þessu sé stefnt að koma á heildarsamningum allra launastétta til helzt 2—3 ára í senn. Hér hefur hins vegar orðið reynslan sú, að hver stétt, hver starfshópur hefur samið fyrir sig, venjulega til stutts tíma, og þegar einn hefur fengið kauphækkun, fer sá næsti af stað.

Afleiðingar þessa skipulagsleysis um launasamninga á Íslandi eru auðvitað margar og alvarlegar. Fyrsta afleiðingin, eins og reynslan sýnir og sannar, hefur orðið sú, að verkamenn og þeir, sem lægst eru launaðir í þjóðfélaginu, hafa alltaf orðið verst úti. Oft hefur það verið þannig, að verkamennirnir hafa riðið á vaðið, fengið einhverja kauphækkun, kannske eftir langa baráttu og langt verkfall. Þegar þeir höfðu fengið ákveðna kauphækkun, segjum t. d. 10%, koma aðrar stéttir, sem eru hærra launaðar, faglærðir menn og í hærri launaflokkum strax á eftir og fá ekki aðeins sömu prósenthækkun, heldur meiri, þannig að þegar hækkunaraldan er gengin yfir og litið er yfir vígvöllinn, þá er reynslan alltaf sú, að bilið hefur stækkað, hinir lægst launuðu hafa fengið tiltölulega minnst. Önnur afleiðing þessa skipulagsleysis er sífelldur ófriður allan ársins hring, sem truflar atvinnulífið og rýrir lífskjörin, því að vitanlega er það almennt lögmál, að vinnustöðvanir í þjóðfélaginu, þegar allt kemur til alls, draga úr þjóðarframleiðslunni, þannig að eftir árið kemur minna til skiptanna milli landsins barna. Og þriðja afleiðing þessa skipulagsleysis er að sjálfsögðu sú, að þá er litið sem ekkert tillit tekið til greiðslugetu atvinnuveganna, aðstaða þeirra til samkeppni á erlendum markaði því oft gerð miklu verri, og verðbólga siglir svo í kjölfarið með öllum sínum hörmulegu afleiðingum.

En þessi saga hefur því miður endurtekið sig. Ríkisstj. hefur oftar en einu sinni beint því til alþýðusamtaka og vinnuveitendasamtaka að gera þá heildarsamninga, sem ég gerði hér að umræðuefni, en því miður hefur árangurinn orðið sáralítill. M. a. hefur ríkisstj. beint því til Alþýðusambands Íslands, einnig oftar en einu sinni, að það beitti sér fyrir því, að hækkuð væru laun hinna lægst launuðu verkamanna og annarra, sem eru nálægt þeim í launaflokkum, án þess að sú hækkun þyrfti að ganga áfram til allra annarra stétta í landinu. Því miður er það svo, að núverandi forusta Alþýðusambandsins hefur ekki viljað sinna þessum endurteknu tilmælum ríkisstj., og reynslan talar sínu máli, að eftir allar þessar kjara- og kaupdeilur standa þeir lægst launuðu verr miðað við aðrar stéttir en áður. Bilið hefur breikkað.

Það var snemma á þessu ári, að lægst launuðu stéttirnar, þær sem minnsta hækkun fengu á árinu 1962, fengu 5% kauphækkun. Ríkisstj. varð þá ljóst, að með þeim hækkunum var komið nærri þeim mörkum, sem útflutningsatvinnuvegirnir og þjóðarbúið í heild mundi þola án verulegra erfiðleika. En það liðu ekki nema fáir mánuðir, þangað til ný kröfugerð var uppi, svo að útlit var fyrir stórfelldar hækkanir, langvarandi vinnudeilur á mesta bjargræðistíma ársins. Þá beindi ríkisstj. þeim tilmælum til deiluaðila beggja, tilmælum, sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér kafla úr:

„Ríkisstj. telur, að vaxandi þjóðartekjur beri að nota til að tryggja launþegum sem mestar kjarabætur, jafnframt því sem gildi krónunnar sé varðveitt og vöxtur þjóðarframleiðslu örvaður. Ríkisstj. beinir þeim eindregnu tilmælum til samtaka launþega og vinnuveitenda, að þau láti í sameiningu fara fram athugun á því, hversu mikil kauphækkun megi nú verða, til þess að hún komi að gagni fyrir launþega. Ríkisstj. er fyrir sitt leyti reiðubúin að styðja þessa athugun á hvern þann hátt, sem samtökin óska, þ. á m. með því að greiða kostnað hennar. Ríkisstj. fer þess á leit við samtökin, að á meðan athugunin stendur yfir, sé vinnustöðvunum og öðrum aðgerðum af þeirra hálfu skotið á frest."

Í lok þessarar orðsendingar segir ríkisstj., að hún vilji jafnframt benda á mikilvægi þess, að gerðir séu heildarsamningur um það, hvernig skipta beri í aðalatriðum á milli einstaklinga og einstakra hópa launþega þeirri kauphækkun, sem grundvöllur reynist fyrir. Of oft hefur það að borið, að þeir aðilar, sem mesta þörf voru taldir hafa fyrir kauphækkun og mestu höfðu fórnað til þess að öðlast hana, hafi, þegar allt kom til alls, borið skarðan hlut frá borði, vegna þess að launasamningar voru ekki samræmdir eins og þörf var á. Það tókust samningar í júnímánuði um að koma á fót slíkri rannsókn á greiðslugetu og kjörum stéttanna, og um leið var samið um 7½% kauphækkun, og þótt ríkisstj. teldi, að hæpið væri, að aðalútflutningsatvinnuvegurinn gæti borið þessar kauphækkanir til viðbótar, þá taldi hún þó mikilvægum áfanga náð, annars vegar, að vinnufriður fékkst þá um hríð á þessum mesta bjargræðistíma ársins, og auk þess, að fulltrúar launþega og atvinnurekenda féllust á að rannsaka af kostgæfni öll þau gögn, sem fyrir liggja um afkomu íslenzkra at-

vinnuvega og möguleika þeirra til að bera hærra kaupgjald. Þessi athugun fer nú fram, og hefur sú nefnd, sem að henni vinnur, verið kölluð kjararannsóknarnefnd. Sú nefnd hefur ekki skilað áliti eða till. um greiðslugetu atvinnuveganna eða hvort og þá hverjar kjarabætur þeir þoli, kjarabætur til handa launþegum. En þrátt fyrir það þótt þessari rannsókn sé enn ekki lokið, hafa núna undanfarnar vikur enn á ný, í þriðja sinn á sama ári, verið hafðar uppi launahækkunarkröfur og nú miklu stórfelldari en áður hafa þekkzt. Það var auðvitað augljóst mál, að ef ekkert væri að gert, mundi holskefla nýrra kauphækkana skella yfir þetta land. Og þá hefðu það ekki orðið þeir lægst launuðu fremur en áður, sem hefðu fengið mest út úr þessu, því að meðal þeirra, sem nú voru í fararbroddi um kauphækkunarkröfur, voru starfshópar, sem eru um laun langt fyrir ofan bæði verkamenn, verzlunarmenn og fleiri svokallaðar láglaunastéttir. Ef ekki hefði verið að gert nú, var því augljóst, að þessi nýja kauphækkunaralda hefði ekki fært verkamönnum eða þeim lægst launuðu kjarabætur, heldur þýtt verulega kauphækkun hjá öllum stéttum þjóðfélagsins, og þá, ef að vanda lætur, hefðu verkamennirnir farið verst út úr því, a. m. k. ef má miða við reynsluna frá undanförnum árum.

Það er einnig rétt að geta þess, að ef slík almenn kauphækkun hefði nú orðið, hefðu opinberir starfsmenn samkv. l. um kjarasamninga getað krafizt enn kauphækkunar, því að í 7. gr. kjarasamningal. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar kjarasamnings án uppsagnar hans.“

En kjarasamningur opinberra starfsmanna gildir, eins og kunnugt er, frá 1. júlí s. l.

Það hefur verið á það minnzt og kom fram í umr. í hv. Nd., að forustumenn verkalýðssamtakanna, bæði Alþýðusambandsins og nokkurra stórra verkalýðsfélaga, hefðu boðið frest á öllum kauphækkunarkröfum um hríð og hafi því þetta frv. verið óþarft. Um þetta segir hæstv. forsrh. svo, en hann átti í þessum viðræðum við forustumenn verkalýðssamtakanna, hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum þykir mér rétt að geta þess að gefnu tilefni, að ástæðan fyrir því, að ég taldi ekki fært að taka tilboði þeirra þriggja verkalýðsleiðtoga, sem ég átti viðræður við, um viku til 10 daga frest til að reyna að semja um þessi mál án lagasetningar, var m. a. sú, að hvorki þeir né ég gátum tryggt allsherjarfrið þennan tíma né heldur er líklegt, að málinu gæti lokið á svo skömmum tíma.“

Eitt af því, sem veldur vandkvæðum í sambandi við okkar launamál hér, eins og reynslan sýnir, er það, að ekki hefur tekizt að ná samkomulagi innan verkalýðssamtakanna, ég vil segja innan A. S. Í. fyrst og fremst, um rétt hlutfall launa milli hinna einstöku stétta. Slíkt launahlutfall milli starfsmanna er að sjálfsögðu í kjarasamningi eða kjaradómi varðandi opinbera starfsmenn. Mér er tjáð, að slíkt sé einnig komið á varðandi verzlunarmenn. Og að því er unnið af hálfu sjómannasamtakanna að koma þar á svokölluðu kerfisbundnu starfsmati, þannig að starf hvers manna sé metið og þá um leið ákveðið, hvert eigi að vera launahlutfall milli hinna einstöku hópa. Þessu hefur ekki tekizt að koma á í Alþýðusambandi Íslands, og hefur það að sjálfsögðu valdið og veldur, meðan svo er ástatt, miklum erfiðleikum og sífelldum metingi og kapphlaupi milli stéttanna innbyrðis.

Það er í einu af málgögnum stjórnarandstæðinga, Frjálsri þjóð, 2. nóv. s. l., sem Haraldur Jóhannsson hagfræðingur minnist á þessi mál og kemst svo að orði réttilega, að kjararannsóknarnefnd ætti að athuga með tilliti til þess, að launabaráttan er að miklu leyti háð um hlutfallsleg laun, þá ætti kjararannsóknarnefnd að athuga, hvort launþegasamtökin gætu komið sér saman um launahlutföll, þannig að launahækkanir starfsstétta haldist í hendur og verði síðar e. t. v. tengdar stærð þjóðarteknanna. Að sjálfsögðu væri það mikill fengur bæði fyrir launastéttirnar og þjóðfélagið allt í heild, ef tækist að koma á samningum um slík launahlutföll, þannig að launahækkanir starfsmanna haldist í hendur, og eins og hann bendir á, að það yrði síðan tengt upphæð eða stærð þjóðarteknanna.

Það hefur oft verið á það minnzt í umr. um þetta frv., hvers vegna ekki sé gert eitthvað eða hafi verið unnt að gera eitthvað sérstaklega fyrir þá lægst launuðu. Ég hef svarað því nokkru þegar, að reynslan er sú, að þegar til hefur staðið að veita kauphækkanir til handa þeim lægst launuðu, sem ríkisstj. hefur hvað eftir annað óskað eftir að gert yrði, þá hefur reynslan alltaf orðið sú, að það voru ekki þeir, sem nutu þess, heldur komu aðrir á eftir með meiri launahækkanir, svo að ákaflega örðug virðist í framkvæmd sú leið. En vissulega er það áhugamál ríkisstj. að finna leiðir til þess, að sérstaklega hinir lægst launuðu geti fengið kjarabætur, sem yrðu raunhæfar, en ekki aðeins til að sýnast. Og vissulega er margt í þeim efnum, sem er til athugunar. Það er m. a. nauðsynlegt að leggja á það meiri áherzlu en verið hefur að auka framleiðni og afkastagetu atvinnufyrirtækjanna. Reynslan hefur sýnt það víða, þar sem einstök fyrirtæki, hvort sem er í sjávarútvegi eða iðnaði eða annars staðar, hafa tekið upp nýja starfshætti, hagrætt betur sínum vinnubrögðum og starfsháttum en áður, komið á ákvæðisvinnu, nýtt hráefni betur en áður, þá hefur þetta orðið öllum til góðs, starfsmennirnir fengið verulega auknar tekjur og fyrirtækið fengið möguleika til þess að efla sína starfsemi enn meir.

Það er enginn vafi á því, að ef við Íslendingar legðum meiri stund en nú er á umbætur og hagræðingu í rekstri fyrirtækja, en í þessum efnum erum við að verulegu leyti á eftir nágrannaþjóðunum, þá mundi það færa þjóðarbúinu auknar tekjur og verða hinar raunhæfustu kjarabætur fyrir starfsmennina. Það var fyrir nokkru kosin á Alþingi svokölluð vinnutímanefnd, sem átti að athuga möguleikana á því að stytta vinnutíma og í sambandi við það að sjálfsögðu hvers konar hagræðingu atvinnufyrirtækjanna. Vinnutíma-

nefndin beindi því til félmrn., að gerð yrði heildaráætlun um framkvæmdir og kostnað við vinnuhagræðingu og þjálfun vinnuhagræðingarmanna í þágu hagsmunasamtaka vinnuveitenda og verkalýðs. Félmrn. fól þetta verkefni forstjóra Iðnaðarmálastofnunarinnar, sem hefur unnið að undirbúningi þess í samráði við formann vinnutímanefndar, Pétur Sigurðsson, og liggja þegar fyrir till. um, hversu þessu skuli háttað. Á því er enginn vafi, það er staðreynd, að lífskjör þjóða eru að verulegu leyti komin undir því, hversu tekst að nýta vinnuafl, hráefni, framleiðslutæki og aðra þætti framleiðslunnar, þ. e. a. s. hversu framleiðni, eins og það er kallað, er háttað. Og það er að sjálfsögðu tilgangur þessarar hagræðingartækni að auka þessa nýtingu með kerfisbundnum rannsóknum og aðgerðum, sem miða að bættu skipulagi, rekstrartækni og vinnuþróun í hvers konar atvinnurekstri. Víða erlendis eru athyglisverð fordæmi í þessum efnum, þannig að atvinnusamtök hafa með stuðningi ríkisvaldsins stofnað til slíkrar starfsemi innan sinna vébanda í þeim tilgangi að útbreiða þekkingu og hafa á hendi leiðbeiningar meðal manna um allt, sem varðar endurbætur og nýjungar á sviði rekstrar og skipulagningar. Hér á Íslandi vantar okkur þjálfaða menn í þessu efni, og geri ég ráð fyrir, að ein af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. er nú með til athugunar og undirbúnings, verði sú að veita úr ríkissjóði fé til þess að kosta slíkan undirbúning og slíka þjálfun þeirra manna eða þeirra sérfræðinga, sem að þessu þurfa að vinna. En fyrir því nefni ég þetta hér, að í þessu efni erum við á eftir öðrum þjóðum og hér er mikið verkefni að vinna, sem m. a. og kannske fyrst og fremst gæti orðið til raunhæfra kjarabóta fyrir launamenn. Í þessu sambandi er auðvitað sjálfsagt að nefna ákvæðisvinnuna, sem víða hefur gefið mjög góða raun og þarf að efla enn meir, en fyrir nokkru var samþ. þáltill. hér á Alþingi, flutt af Eggert G. Þorsteinssyni alþm., um nákvæma rannsókn á þeim málum, og ætla ég, að Iðnaðarmálastofnunin hafi þegar lagt í það mikla vinnu.

En auk þessa verðum við auðvitað að hagnýta okkur sem bezt allar tæknilegar nýjungar, sem mættu koma að gagni, bæði fyrir atvinnureksturinn sjálfan og launamenn. Og í sambandi við þær kjarabætur, sem hugsanlegt væri nú alveg á næstunni að koma í framkvæmd fyrir þá, sem lægst eru launaðir, má nefna endurskoðun og lækkun á útsvörum, tekjuskatti og hins vegar hækkun á bótum almannatrygginga, fjölskyldubótum, ellilífeyri o. fl., o. fl. Ég nefni þessi dæmi, sem hafa verið og eru til athugunar hjá ríkisstj.

En einmitt til þess að fá tóm til þess að undirbúa sem bezt þessi mál fer ríkisstj. fram á að fá samþykkta þá stöðvun á verðlagi og kaupgjaldi í landinu, sem þetta frv. fer fram á. Ég gat þess, að ef ekkert hefði verið aðhafzt, hefði mátt búast við verulegri nýrri kauphækkunaröldu, sem hefði stofnað okkar efnahagslega jafnvægi í fullkominn voða og reynzt útflutningsatvinnuvegunum svo dýrkeypt, að hæpið er, að þeir gætu þar undir risið. Og ég vil aðeins að lokum minnast á það, hverjar mundu verða afleiðingar af slíkri almennri kauphækkunaröldu í landinu. Í fyrsta lagi var það óhjákvæmilegt, að útvegurinn hefði þurft einhverjar ráðstafanir til hjálpar, til þess að hann gæti borið sig og staðizt í samkeppninni við erlenda keppinauta. Leiðirnar, sem þá hefðu komið til greina, eru allar gamalkunnar. Ein er gengisbreyting, sem hvað eftir annað hefur verið farin og ríkisstj. vill einmitt forðast. Önnur leið er uppbótakerfi, eins og reynt var hér á síðasta áratug með þeim hörmulegu afleiðingum, sem af því leiddi. Þriðja leiðin er lögboðin allsherjarkauplækkun, eins og einnig hefur verið framkvæmd hér á landi, bæði 1956 og um áramótin 1958—59. Þessar þrjár leiðir, gengislækkun, uppbótakerfi og lögboðnar kauphækkanir, eru gamalþekktar leiðir hér, en ríkisstj. er þeim andvíg og fer þess vegna fram á þá stöðvun, sem hér er lagt til í frv., meðan hún er að undirbúa aðrar leiðir til þess að tryggja áframhaldandi jafnvægi og rekstur þjóðarbúsins.

Í þessu frv. er lagt til, að óheimilt verði að hækka hvers konar laun og álagningu á því tímabili, sem lögin eru í gildi, þ. e. a. s. til 31. des. n. k. Í þessu felst í raun og veru, að tekjur allra stétta þjóðfélagsins verði óbreyttar á því tímabili miðað við sömu vinnu og áður. Það þótti óhjákvæmilegt að setja inn í þetta frv. ákvæði um það, eins og er í 2. gr., að launahækkanir, sem kynni að verða samið um, eftir að frv. þetta var lagt fyrir Alþingi, skyldu vera ógildar, því að með öðru móti er ekki unnt að tryggja, að ákvæði frv. komi jafnt niður á öllum. Það hefur komið fram fsp. um, hvort samningur um kaupgjald við síldarvinnu hér sunnanlands, sem var undirritaður 31. okt., sé ógildur, vegna þess að hann brjóti í bága við þetta ákvæði 2. gr., en þetta frv. var lagt fyrir Alþingi einmitt 31. okt., sama dag. Út af því vil ég taka það fram, að ríkisstj. lítur svo á, að sá samningur brjóti engan veginn í bága við þetta ákvæði. Ríkisstj. hefur litið svo á, að þetta ákvæði 2. gr. miðist við lok þess dags, sem frv. var lagt fyrir Alþingi, og liggja til þess eðlilegar og raunhæfar ástæður. Frv. var lagt fram eftir hádegið eða kl. 2 þennan dag og er að sjálfsögðu ekki komið til vitundar landsmanna fyrr en síðar þann dag eða um kvöldið, eftir að útvarpið hefur flutt af því fréttir, og þess vegna er það sú eðlilega túlkun á þessari grein, að hún komi þá fyrst til framkvæmda, þegar þessum degi er lokið. Ég skal taka fram hér til skýringar, að þetta sama atriði hefur stundum verið rætt í sambandi við birtingu laga, hvort lög ættu að öðlast gildi þá strax á sama degi og þau eru birt eða næsta degi á eftir. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir meðal lagamanna, en efnisrök mæla að sjálfsögðu með því, að sá skilningur sé viðhafður, sem ég hér hef lýst.

Ég vil að lokum vitna hér í nokkur orð, sem hæstv. forsrh. hafði í hv. Nd., þegar hann lagði þetta frv. fram. Hann segir svo:

„Frv. það, sem hér liggur fyrir, sýnir glögglega, hve alvarlegum augum ríkisstj. lítur á áframhald þeirrar þróunar í átt til sífellt meiri kröfugerðar og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags, sem átt hefur sér stað að undanförnu. Á

hinn bóginn er jafnframt nauðsynlegt, að þjóðin mikli ekki fyrir sér þau vandamál, sem hún þarf að leysa, og efli þannig vantrú og vonleysi, einmitt þegar hún býr við betri kjör og líður betur en nokkru sinni fyrr. Sé kröfum nú stillt í hóf og kraftar þjóðarinnar sameinaðir til nýrra átaka til uppbyggingar og aukinnar framleiðslu, er ríkisstj. þeirrar skoðunar, að unnt sé á tiltölulega skömmum tíma að vinna bug á því misræmi, sem um stund hefur myndazt á milli framleiðslugetu þjóðarinnar annars vegar og neyzlu hennar og fjárfestingar hins vegar. Staða þjóðarbúsins er enn þá sterk, framleiðslan mikil og þjóðin á öflugan gjaldeyrissjóð og nýtur trausts umheimsins. Það er því nægjanlegt, ef menn vilja sameinast um að hægja ferðina um stund, fresta kröfugerðum og leyfa þannig áframhaldandi aukningu þjóðarframleiðslunnar að jafna það bil, sem orðið er á milli þess, sem þjóðin aflar, og hins, sem hún eyðir. Kjarni málsins er sá, að ríkisstj. telur, að leggist allir á eitt, sé auðið að bæta hag þeirra, sem verst eru settir, og varðveita jafnframt verðgildi krónunnar. Verði hins vegar orðið við kröfum allra stétta, er krónan þar með fallin og þeir lægst launuðu verða, eins og jafnan hefur reynzt að undanförnu, verr settir eftir en áður."

Þessi voru orð hæstv. forsrh. í framsöguræðu hans í hv. Nd.

Ég vil svo leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Framsóknarmenn eru andvígir þessu frv., sem hér liggur fyrir, og munu í þessari hv. d. eins og í Nd. greiða atkv. gegn því. Sú afstaða okkar framsóknarmanna byggist að sjálfsögðu á svipuðum sjónarmiðum og fram komu við umr. í Nd., en þar var mál þetta rætt mjög ýtarlega, eins og hæstv. fjmrh. minntist á, og ég get að ýmsu leyti látið nægja að skírskota til þeirra raka, sem fram komu í Nd. gegn þessu frv., og get af þeim sökum orðið um það stuttorðari en ella og fylgt í því fordæmi því, sem hæstv. fjmrh. hér áðan gaf.

Í þessu frv. felst það í raun og veru, þegar umbúðirnar eru teknar utan af því og það skoðað niður í kjölinn, að vandi efnahagsmálanna og atvinnuveganna skuli a. m. k. til bráðabirgða leystur á kostnað launþega og bænda og þá fyrst og fremst á kostnað láglaunamanna og hinna tekjuminnstu í þjóðfélaginu, þeirra, sem verst eru settir. Það er ósanngjarnt, og það er að mínum dómi mjög óskynsamlegt. Ósanngirnin liggur í augum uppi, að ætla að neita öllu láglaunafólki um allar lagfæringar á kaupgjaldi, rétt eftir að flestir tekjuhærri launamenn í þessu þjóðfélagi hafa fengið verulegar kjarabætur og kauphækkanir. Það er náttúrlega engin von til þess, að verkamenn t. d. sætti sig við kaupbindingu undir þeim kringumstæðum, og það er heldur engin von til þess, að verzlunar- og skrifstofufólk sætti sig við kaupbindingu undir þeim kringumstæðum, þegar fólk, sem vinnur við alveg sambærileg störf hjá opinberum fyrirtækjum, hefur rétt nýverið fengið mjög verulega kauphækkun.

Ég held, að kaupbindingin sé alveg óframkvæmanleg, jafnvel um stundarsakir. Ég held, að hún sé dæmd til að mistakast, og því verður hún aðeins til þess að auka vandann. Þess vegna er hún óskynsamleg. En þessar ályktanir má vissulega draga af þeim viðbrögðum, sem komið hafa fram allra síðustu daga, þar sem mótmælum rignir frá fjölda félaga hvaðanæva um land og þau sýnast ætla að fara sínu fram alveg án tillits til þessarar fyrirhuguðu lagasetningar.

Það má nú vera, að hæstv. fjmrh. og formælendur þessa frv. mundu vilja benda á, að bannið í þessu frv. væri ekki aðeins við hækkun á kaupi og þá ekki aðeins um hækkun á kaupi til láglaunamanna, heldur og bann við hækkun á launum yfirleitt og auk þess bann við hækkun á verðlagi. Það er rétt, svo langt sem það nær. En það bara vill svo heppilega til, að flestir hinna launahærri manna í þessu þjóðfélagi eru, eins og ég rétt áðan sagði, nýlega búnir að fá mjög verulegar kauphækkanir eða fengu þær á s. l. sumri, sumir jafnvel rétt fyrir framlagningu þessa frv., þannig að um suma hverja mátti það vissulega ekki tæpara standa, að þeir kæmust í gegn og fengju sína kauphækkun, áður en þetta frv. var lagt fram hér á hinu háa Alþingi. Og viðvíkjandi því, að þetta frv. fjalli um stöðvun verðlags, þá vil ég aðeins benda á 2. mgr. 4. gr. frv., en þar stendur að vísu, að það sé óheimilt að hækka verð á öllum öðrum vörum en þeim, er rætt er um í 1. mgr., nema með samþykki viðkomandi yfirvalda. En það er gert ráð fyrir því, að með samþykki viðkomandi yfirvalda megi hækka vörurnar, og svo er haldið áfram: „Og mega þau ekki leyfa meiri hækkun en svarar sannanlegri verðhækkun efnivara og annarra kostnaðarliða." — Það felst þess vegna ekkert algert verðhækkunarbann í þessari grein, enda má að sjálfsögðu segja, að það sé lítt framkvæmanlegt. En eins og þessi 2. mgr. 4. gr. er orðuð og ég skil hana, þá virðist mér, að ef sama regla eða hliðstæð ætti að gilda gagnvart launaákvörðunum, þá ættu launþegar að fá uppi borna og bætta þá hækkun, sem sannanlega yrði á framfærslukostnaði, sem sé fá þá einhvers konar hækkun eftir vísitölu, ef þeir ættu í þessu efni að sitja við sama borð og þeir, sem vörurnar framleiða eða selja.

Það skal alls ekki í efa dregið, að við margvíslega efnahagslega erfiðleika sé nú að etja. Að vísu var því haldið fram í síðustu alþingiskosningum, að allt væri í stakasta lagi, aðeins ef núv. hæstv. ríkisstj. fengi meiri hl. áfram til þess að halda viðreisninni áfram. Að vísu játaði hæstv. forsrh. það í áramótaræðu sinni síðustu, að verðbólgan væri ekki stöðvuð og ef það tækist ekki að stöðva verðbólguna, þá væri voði vís og allt unnið fyrir gýg. En það var reynt að draga blæju gleymskunnar yfir þessa áramótaræðu forsrh. í síðustu alþingiskosningum. Þá var henni ekki hampað mjög mikið, því að þá var því haldið fram, eins og ég áðan sagði, að allt væri í stakasta lagi, bara ef stjórnin fengi meiri hl. til þess að halda sömu stefnu áfram. Hún fékk sinn meiri hl. og hefur setið síðan.

En nú er komið talsvert annað hljóð í strokkinn. Það er ekki lengur allt í lagi. Nú játar ríkisstj., að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hvíli á ótraustum grundvelli og eigi í margvíslegum

erfiðleikum og geti með alls engu móti greitt neitt hærra kaup en þeir gera nú, að dýrtíð og verðbólga fari sívaxandi og kaupmáttur krónunnar þar af leiðandi hraðminnkandi, að kaupgjaldsmál öll séu í hinni mestu upplausn, að afkoma landsins út á við fari versnandi sem stendur, að gengi krónunnar sé í hættu, ef nokkrar frekari kauphækkanir eigi sér stað, að sparifjáraukningin sé hægari eða tregari, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það hér áðan, en áður fyrr, að neyzla og eyðsla og fjárfesting sé meiri en framleiðslan leyfir, að innflutningur hafi verið óhóflega mikill, að víxlhækkanir á milli verðlags og kaupgjalds stefni í hreinan voða.

Já, þetta er óglæsilegt og það sem verst er, að allt er þetta satt og rétt hjá hæstv. ríkisstj. Þetta er vissulega óheillaþróun, sem hér hefur átt sér stað, og þegar maður hlustar á þessa harmsögu, — því að vissulega er þetta harmsaga, að svona skuli vera komið eftir hið mesta góðæri í Íslandssögunni og tvö metaflaár, árin 1961 og 1962, — þegar maður hlustar á þessar ömurlegu lýsingar, þá fer ekki hjá því, að upp í hugann komi spurning, og sú spurning er: Hvað veldur þeim vanda, sem við er að glíma, og þeirri verðbólguþróun, sem hér hefur átt sér stað og að vísu hefur verið sérstaklega stórstíg á þessu ári, þó að ekki hafi nú allt verið í blómanum, eins og ég kem að síðar, s. l. 3 ár þar á undan, eins og hæstv. fjmrh. vildi vera láta. Og manni verður að spyrja, hvaða óviðráðanleg ytri atvik valdi þessu óláni, sem nú er hér við að eiga. Hafa hér t. d. orðið stórfelldir og algerlega óvenjulegir skaðar af einhverjum náttúruhamförum? Að vísu hafa orðið hér skaðar af náttúrunnar völdum á þessum árum, en ég held þó, að það sé ekki hægt að segja, að þeir hafi verið meiri en oft áður. Hefur orðið hér aflabrestur á þessum árum? Nei, ekki aldeilis. Þvert á móti, eins og ég áðan sagði, metaflaár tvö árin í röð, 1961 og 1962, og mikill afli í ár. Hefur þá orðið stórfellt og alveg óvenjulegt verðfall á útflutningsafurðunum á þessu tímabili? Nei, þvert á móti, síður en svo. Verðlag á útflutningsafurðum hefur yfirleitt verið hagstætt á þessu tímabili og yfirleitt hækkandi, að ég hygg. Að vísu hefur það átt sér stað, eins og alltaf á sér stað, að á einstaka tíma á þessu tímabili hefur verðlag á einstaka vörutegundum lækkað í bili.

Nei, sannleikurinn er sá, að sú óheillaþróun, sem hér hefur átt sér stað, virðist vera af manna völdum. Nú er það mannlegur breyskleiki að vilja kenna öðrum um, ef illa fer, og hæstv. ríkisstj. er ekki með öllu laus við þann brest. Í málflutningi sínum virðist stjórnin hafa nokkuð ríka tilhneigingu til þess að kenna öðrum um ófarir sínar á þessu stjórnarári, og þess gætti að vísu nokkuð hjá hæstv. fjmrh. hér áðan, þó að hann annars talaði hófsamlega um þessa hluti. En það kemur æði oft fram hjá talsmönnum hæstv. ríkisstj., að það, sem aflaga hefur farið í landsstjórninni, vill hún rekja til stjórnarandstæðinganna. Hún telur t. d. stjórnarandstæðinga bera ábyrgð á kaupgjaldssamningum og þeirri verðbólguþróun, sem átt hefur sér stað á hennar stjórnartímabili. Hún gengur jafnvel svo langt að telja samvinnufélögin í landinu bera ábyrgð á þeirri gengislækkun, sem stjórnin lét Seðlabankann ákveða á árinu 1961, af því að samvinnufélögin höfðu þá um sumarið, þegar allsherjar framleiðslustöðvun vofði yfir í byrjun síldveiða, forustu um nýja kaupgjaldssamninga, sem að vísu höfðu nokkra kaupgjaldshækkun í för með sér, en var þó þá með öllu óumflýjanleg vegna þess, hversu dýrtíð hafði vaxið gífurlega á þeim tíma, sem liðinn var, frá því að viðreisnin gekk í gildi. Þessar og þvílíkar kenningar hæstv. ríkisstj. um það, að verðbólguþróunin sé öðrum að kenna en henni sjálfri, eru að mínum dómi á fullkomnum misskilningi byggðar og eru fjarri öllum sanni.

Ég held þvert á móti, að það sé alveg óhrekjandi staðreynd, að vaxandi verðbólga og dýrtíð að undanförnu eigi beint og óbeint rætur að rekja til efnahagsaðgerða stjórnarflokkanna á stjórnartímabilinu og þá fyrst og fremst til viðreisnarinnar svokölluðu 1960 og gengisfellingarinnar 1961. Ekki stóð stjórnarandstaðan að þeim ráðstöfunum. Við framsóknarmenn vöruðum þvert á móti mjög ákveðið við þeim aðgerðum, lögðumst eindregið á móti þeim og bentum á, hvílíkt glæfraspil hér væri á ferð. Við bentum meira að segja á leið, sem ætti þess í stað þá að fara. Við afgreiðslu efnahagsmálafrv. 1960 var af hálfu framsóknarmanna flutt um það till., að þar sem nauðsynlegt væri, að skipan efnahagsmálanna væri leyst eða unnið væri að því að leysa skipan efnahagsmálanna með sem víðtækustu samstarfi, þá ákvæði Alþingi að beina því til ríkisstj. að skipa 8 manna nefnd, 2 frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra, og hlutverk þessarar n. átti að vera tvenns konar: Í fyrsta lagi að gera þá þegar og leggja fram á því þingi og innan 3 vikna till. um ráðstafanir, sem miðist við það að halda verðbólgunni í skefjum þá og atvinnulífinu í fullum gangi, og í annan stað að starfa á því ári á milli þinga og hafa tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi heildartill. um skipan efnahagsmálanna. En þessari till. okkar framsóknarmanna var ekki neinu sinnt. Ég býst við því, að það gæti margt litið öðruvísi út í dag í íslenzku atvinnulífi og efnahagsmálum íslenzku þjóðarinnar, ef hlustað hefði verið á þessa rödd okkar framsóknarmanna 1960 og farið eftir því, sem þar var lagt til, og ég býst við því, að þeir séu nokkuð margir Íslendingar nú, sem gera sér þess fulla grein, jafnt meðal stjórnarandstæðinga og meðal stjórnarsinna.

Með viðreisnarlögunum árið 1960 var gengi krónunnar skert langt umfram nauðsyn. Með þeirri gengisskráningu var verð á erlendum gjaldeyri hækkað, eins og alkunnugt er, um 50%, en í sumum tilfellum um 80% frá því, sem það að meðtöldu yfirfærslugjaldinu áður var. Það er því alrangt, sem stjórnarsinnar stundum hafa sagt og ég t. d. les nú í nál. meiri hl. frá Nd., að með gengisbreytingunni 1960 hafi aðeins verið skráð sú gengislækkun, sem raunverulega hafi þá verið orðin með uppbótakerfi og yfirfærslugjöldum. Þetta er alrangt, og það vita allir þeir menn, sem á Alþingi sitja, eða eiga að vita. Gengisbreytingin 1960 gekk miklu lengra en það, en auk hinnar gífurlegu gengisfellingar og hinnar miklu

tollahækkunar, sem þar af leiddi, voru svo, eins og alkunnugt er, vextir stórlega hækkaðir, nýir neyzluskattar innleiddir og ýmis opinber gjöld hækkuð. Það var auðsætt, að þessar samræmdu kjaraskerðingaraðgerðir mundu auka dýrtíðina, skerða lífskjörin, kalla á kauphækkanir, íþyngja atvinnuvegunum og leiða til margvíslegs misréttis í þjóðfélaginu. Allar þessar afleiðingar hafa komið fram, eins og reynslan nú ljóslega sannar og hver maður veit. Og það var rétt, sem hæstv. fjmrh. áðan sagði, að árangur viðreisnarinnar lét sannarlega ekki lengi bíða eftir sér, en sá árangur, sem fólkið í þessu landi hefur mest tekið eftir, var með nokkuð öðru móti en því, sem hæstv. fjmrh. vildi vera láta.

Þó að gengisbreytingin og hennar fylgifiskar 1960 *væru þannig óhófleg og gengið lengra en* nauðsyn krafði, var þó gengislækkunin 1961 miklu ámælisverðari, af því að hún var með öllu óþörf, en var gerð, eins og ég lítillega minnti á áðan, vegna kaupgjaldssamninganna 1961, og skal ég sleppa því að rekja það nánar hér, en undirstrika það þó aðeins, að í þeim samningum var að ýmsu leyti farið inn á nýjar brautir og þeir hefðu getað orðið grundvöllur að vinnufriði í landinu, ef rétt hefði verið á haldið. En þá greip stjórnin til þess óhapparáðs að fella gengið á nýjan leik og kastaði þar með olíu í dýrtíðarbálið, sem sannarlega var þó nógu magnað fyrir. Það hefur verið margsannað, m. a. við útvarpsumr. áður fyrr, að þessi gengislækkun var, eins og ég áðan sagði, algerlega óþörf, og afkoma ársins 1961, sem liggur nú ljóst fyrir í opinberum gögnum, m. a. í skýrslum þjóðbankans, *sýnir* svo glöggt, að um það verður ekki deilt af öðrum en þeim, sem vilja leggja sig í það að berja höfðinu við steininn, að atvinnuvegirnir gátu án nokkurrar gengislækkunar borið umsamda kauphækkun, sem var óumflýjanleg þá, eins og ég áðan sagði, vegna vaxandi dýrtíðar af völdum viðreisnarinnar 1960, og þær skýrslur sýna það líka svo ótvírætt, að ekki verður um deilt, að það hefði ekki komið til neins gjaldeyrishalla gagnvart útlöndum, þótt gengið hefði verið óbreytt. Ég fullyrði, að það hefur áreiðanlega hvergi gerzt í víðri veröld, að gengi gjaldmiðils sé fellt í metaflaári við batnandi gjaldeyrisaðstöðu og þegar verðmæti útflutningsafurða eykst samkv. skýrslu þjóðbankans um 14% frá því á árinu áður. Þessar staðreyndir eru nú lýðum ljósar, enda eru talsmenn stjórnarflokkanna farnir að tala um gengisfellingarleik í þessu sambandi. Það er vissulega réttnefni að tala um gengisfellingarleik í því sambandi.

Það er vissulega rétt, að á s. l. sumri hefur *óskyggileg verðbólguþróun átt sér stað hér á* landi, og hún hefur verið, eins og ég áðan sagði, alveg óvenjulega stórstíg, og hefur hún þó oft áður tekið býsna væn skref hér á landi. En sú verðbólguþróun og þær kaupgjaldshækkanir sem hér hafa átt sér stað s. l. sumar, má að langmestu leyti rekja til þeirrar dýrtíðar, sem hefur siglt í kjölfar tveggja gengisfellinga og annarra efnahagsráðstafana, sem ég hér hef lauslega minnt á. Kauphækkanir voru vitaskuld alveg óhjákvæmilegar. Kjaraskerðingaraðgerðirnar voru búnar að fara þannig með menn þrátt fyrir alveg óvenjulega mikla atvinnu. Kauphækkun til opinberra starfsmanna var t. d. alveg óhjákvæmileg, enda höfðu þeir um langt skeið verið hlunnfarnir. Um það atriði eru allir sammála, að ég *hygg, og ríkisstj. beitti sér á sínum tíma fyrir* setningu kjarasamningalaganna og á út af fyrir sig heiður skilið fyrir það. Það er eitt af þeim fáu verkum, sem geta komið í tekjudálkinn hjá henni, þegar reikningarnir verða gerðir upp á þeim efsta degi.

Þróunin á s. l. sumri er því að mínum dómi bein afleiðing af stjórnarstefnunni og stjórnarráðstöfunum á valdatíma núv. ríkisstj. En hitt er fjarri öllum sanni, að telja stjórnarandstæðinga bera þar sérstaklega nokkra ábyrgð á. Stjórnarandstæðingar verða ekki sérstaklega *taldir bera ábyrgð á* þeim miklu kauphækkunum, sem átt hafa sér stað hér á landi s. l. sumar. Það er alkunnugt og að því vék hæstv. fjmrh., að á s. l. sumri var gert bráðabirgðasamkomulag við verkalýðssamtökin, bráðabirgðasamkomulag, sem gert var í *júnímánuði* s. l., um 7½% hækkun. Stjórnin lýsti mjög mikilli ánægju á sínum tíma yfir því samkomulagi, enda býst ég við, að margir hafi verið heldur hissa á því, hve litla hækkun verkalýðssamtökin þá létu sér nægja. En hvað sem um það er, verða stjórnarandstæðingar vissulega ekki taldir bera sérstaklega ábyrgð á þeirri kauphækkun, sem leiddi af þessu bráðabirgðasamkomulagi í júnímánuði s. l. Ekki verða stjórnarandstæðingar taldir bera sérstaklega ábyrgð á kaupgjaldsákvörðunum kjaradóms, sem ég er síður en svo að gagnrýna, enda þótt um einstakar ákvarðanir hjá honum hljóti auðvitað hverjum að sýnast sitt.

Ekki verða stjórnarandstæðingar t. d. heldur sérstaklega sakaðir um að hafa staðið fyrir eða bera ábyrgð á kauphækkunum til blaðamanna, bæjarstarfsmanna, borgarstarfsmanna hér í Reykjavík og bankastarfsmanna, nú allra síðast bankastjóranna sjálfra. Allar þessar kauphækkanir voru í raun og veru fyrirsjáanlegar s. l. vor og við síðustu alþingiskosningar, að vísu kannske ekki alveg fyrirsjáanlegt, hversu háar þær mundu verða. Það var bent á það einmitt þá af stjórnarandstöðunni, hvers væntа mætti, og það var á margra vitorði a. m. k., að þá lágu fyrir frá ríkisstj. tillögur um kauphækkun til opinberra starfsmanna með samningi án atbeina kjaradóms, sem var talin jafngilda 30% hækkun að meðaltali. Það er því algerlega rangt, eins og ég hef nú reynt að leiða nokkur rök að, þegar ríkisstj. lætur að því liggja í málflutningi sínum og nú síðast hæstv. fjmrh. í framsöguræðu sinni hér áðan, að á árunum 1960—62 hafi allt verið í himnalagi og allt í blóma og viðreisnin á góðum vegi stödd, en svo hafi bara á þessu herrans ári, 1963, orðið einhverjar alveg óvæntar, ófyrirsjáanlegar skyndibreytingar, sem geri neyðarúrræði eins og kaupbindingarleiðina alveg óhjákvæmileg. Ríkisstj. mátti og átti að vera það alveg ljóst, hvert þróunin stefndi í þessum efnum, og það vill svo vel til, að hæstv. forsrh., þeim vísa manni, var þetta alveg ljóst um síðustu áramót, þegar hann var að semja sína áramótaræðu, því að hann sagði þá réttilega, að enn þá hefði ekki tekizt að stöðva verð-

bólguna, og ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, þá væri allt amstur ríkisstj. unnið fyrir gýg og beinn voði fram undan. Og ríkisstj. vissi vel um bráðabirgðasamkomulagið frá því í júlí s. l. Hún vissi, að það var gert aðeins til 4 mánaða. Hún vissi, að það samkomulag rann út 15. október, og henni var það alveg ljóst, hvers vænta mátti í því efni. Hún hafði nægilegan umhugsunartíma um það mál.

En það hefur nú fleira átt þátt í verðbólgunni en kauphækkanir, atriði, sem hæstv. ríkisstj. hefði átt að fylgjast með og hefur sjálfsagt fylgzt með, alveg vafalaust, og hefði átt tök á að ráða við. Gífurleg útlánaaukning hefur átt sér stað í bönkunum á þessu ári. Fyrstu 8 mánuði þessa árs nam útlánaaukningin í bönkunum hér á landi 433 millj. kr. fram yfir alla sparifjáraukningu á sama tíma, bæði spariinnlánaaukningu og veltuinnlánaaukningu, 433 millj. kr. Menn geta gert sér í hugarlund, hver áhrif svo gífurleg útlánaaukning á skömmum tíma hafi haft á verðbólguna í landinu. Og hæstv. fjmrh. var svo vænn að geta þess alveg sérstaklega í framsöguræðu sinni hér áðan, að til þess að rekin væri skynsamleg fjármálapólitík, yrði útlánastarfsemin og útlánin að miðast við sparifé og útlánaaukningin að miðast við sparifjáraukninguna. En það hefur ekki tekizt að fylgja þeirri reglu betur en þetta á þessu ári, eða á þeim hluta ársins, sem liðinn er. Já, það var ekki undarlegt, þó að hæstv. fjmrh. væri ánægður yfir sparifjársöfnuninni, þegar litið er á hana í þessu ljósi.

Annað atriði, sem hæstv. fjmrh. drap líka á og var ákaflega ánægður yfir, var viðskiptafrelsið, sem hæstv. ríkisstj. hefði innleitt. Það er nú að sjá, að það sé kominn nokkur uggur í hæstv. ríkisstj. út af þessu viðskiptafrelsi, sem hún hefur innleitt. Ég sé a. m. k., að það örlar á því í nál. meiri hl. í fjhn. Nd. Hann getur þess, sem sjálfsagt er rétt, að innflutningur á fyrstu 8 mánuðum þessa árs hafi vaxið um 27% frá því, sem var á sama tíma á árinu áður, og var þó árið 1962 alveg sérstaklega hagstætt ár. En það er ekki furða, þó að fjmrh. sé í sjálfu sér ánægður yfir þessu, því að þetta gefur góðan skilding í ríkissjóðinn. En þeir virðast hafa áhyggjur af þessu samt í meiri hl. fjhn., og það er ekki nema von, því að staðreyndin er sú, að á sama tíma hefur útflutningur ekki vaxið nema bara um 6%, svo að þetta er ekki glæsilegt þrátt fyrir alla viðreisnina. Og þeir virðast ekki heldur vera alveg ánægðir með frelsið að öðru leyti, því að þeir geta þess, að á þeim tíma, sem þjóðartekjurnar hafi ekki vaxið nema um 4%, — og það þykir nú víst ekki sérlega hátt og sennilega er það hærra og meira, sem þær vaxa um í því ágæta landi Danmörku, sem hæstv. fjmrh. var að minnast á og við ættum að draga lærdóma af, — en á sama tíma, sem þjóðartekjurnar vaxa ekki nema um þessi 4%, þá segja þeir, að neyzla hafi vaxið um 6% og fjárfesting um 28%. Þessi atriði benda alveg ljóslega til þess, hvar orsakanna að verðbólguþróuninni er að leita. Um þessi atriði hefur ríkisstj. ekki við aðra að sakast en sjálfa sig. Hitt er svo annað mál og spurningar, sem hljóta að vakna í þessu sambandi og margir velta sjálfsagt fyrir sér: Í hvað hafa t. d. öll þessi útlán farið, og hver er þessi mikla fjárfesting, sem átt hefur sér stað? Það er ekki á mínu valdi að svara þeim spurningum. En það er af öllu þessu, sem ég hef hér rakið, algerlega ljóst, að vandinn, sem við er að glíma í dag, á fyrst og fremst rætur að rekja til viðreisnarstefnunnar og gamalla og nýrra stjórnarráðstafana. Ríkisstj. ber því ábyrgð á því, hvernig komið er í þessum efnum. Það, sem fyrir liggur í þessum efnum, er ekkert annað en árangur af 4 ára viðreisnarstjórn.

Og nú kemur hæstv. ríkisstj. og segir, að þörf sé á nýjum, samræmdum, — það var auðvitað, þær urðu að vera samræmdar, — nýjum, samræmdum ráðstöfunum í launamálum, fjármálum og peningamálum, til þess að vinna bug á þeim vandamálum, sem við er að fást, og treysta efnahag þjóðarinnar. Þetta segir efnislega í grg. eða aths. með þessu frv. En ríkisstj. er bara því miður ekki alveg tilbúin með till. til varanlegrar lausnar á þessum málum. En vitaskuld verður lausnin að vera varanleg. Það vantaði nú bara, að þessi ríkisstj. yrði með eitthvert fálm eða bráðabirgðaaðgerðir. Nei, varanleg skal lausnin verða, þegar hún kemur, sbr. hina varanlegu viðreisnarlausn á sínum tíma.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst þetta skraf um varanlega lausn efnahagsmála vægast sagt broslegt og barnalegt. Það er miklu fremur vandamál og viðfangsefni atvinnulífsins, sem eru varanleg, náttúrlega í nýjum og nýjum myndum. Þar á verður ekki fundin nein allsherjar eilífðarlausn. Þessi vandamál eru lífsbaráttan sjálf, og það mætti þá alveg eins finna varanlega lausn á sjálfri lífsbaráttunni. En það verður ekki gert, það verður ekki fundinn neinn töfralykill, ekkert allsherjarúrræði, sem henti alltaf og ævinlega. Það úrræði, sem hentar í ár, á e. t. v. ekki við næsta ár. Það úrræði, sem ekki á við í dag, getur kannske átt við að breyttum aðstæðum einhvern tíma í framtíðinni. Þess vegna er það, að allar fullyrðingar um það, að aldrei skulið gripið til þessa eða þessa úrræðis, eru óvarlegar og reynast oft haldlitlar í pólitík, og þess vegna er einnig það, að það eru oft lítil rök fyrir tilteknu úrræði að vísa til þess, að það hafi verið reynt áður, e. t. v. með misjöfnum árangri. Þess vegna eru það í sjálfu sér engin rök fyrir kaupbindingarfrv. því, sem hér liggur fyrir, að svipaðar leiðir hafi verið farnar áður, en því hefur verið haldið fram af hálfu ríkisstj., en eins og ég mun e. t. v. koma að síðar, þá munu alls ekki áður hafa verið sett lög sambærileg þessu frv., sem nú er meiningin að lögleiða.

Á s. l. annasömu sumri hefur ríkisstj. ekki gefizt ráðrúm til að hugsa þessi vandamál nægjanlega og finna varanlega lausn, vissi þó vel, eins og ég hef áður sagt, hvers vænta mátti eftir bráðabirgðasamkomulagið, og hefur því síðan haft 4½ mánuð til þess að hugsa sig um. En hún gefur nú í skyn, að hún muni finna lausn á næstu 2 mánuðum, en á meðan vill hún grípa til þess ráðs, sem í þessu frv. felst, að banna með lögum allar launabreytingar fyrst um sinn og fram að áramótum a. m. k. til að byrja með. En eins og áður er sagt, stendur svo vel á, að langflestir hinna betur launuðu í þjóðfélaginu

hafa fengið verulegar kjarabætur nú að undanförnu, sem ég er ekki að telja eftir, síður en svo, enda sæti það sízt á mér, en afleiðingin af því er einmitt sú, að þessi fyrirhugaða kaupbinding bitnar fyrst og fremst á láglaunafólki og bændum. Þetta er eina úrræðið, sem ríkisstj. sér, eins og sakir standa. Hún segir, að það sé ekki annarra kosta völ, a. m. k. ekki í bili, og það liggi við, ef þetta sé ekki gert, þá sé ekkert fram undan nema annað tveggja, gengislækkun eða kauplækkun, því að þriðju leiðina, sem hæstv. fjmrh. minntist á, nýtt uppbótakerfi, vill hæstv. ríkisstj. alls ekki orða í þessu sambandi.

Ég held, eins og ég hef áður sagt, að þessi leið hæstv. ríkisstj. sé einhver sú allra ósanngjarnasta og ósæmilegasta leið, sem unnt var að velja, eins og á stendur. Ég held líka, eins og ég hef áður sagt, að hún sé, þegar á allt er litið, einhver sú allra óskynsamlegasta leið, sem hægt var að fara, og á því mun nú stjórnin eiga eftir að kenna, ef hún heldur máli sínu til streitu, því að það mun sannast, að þessi leið leiðir ekki út úr ógöngunum.

Það liggur í augum uppi og þarf ekki að fjölyrða um það, að með þessum hætti er fjöldi fólks beittur rangindum. Það er komið aftan að fjölda fólks, fyrst og fremst láglaunafólki, og því synjað um allar lagfæringar á kaupi, eftir að tekjuhæstu launamenn hafa fengið verulegar launabætur. Og því er meira að segja bannað að gera kaupgjaldssamninga á tímabilinu frá því að frv. þetta var lagt fram og þangað til það tekur gildi sem lög. Ekki dettur mér í hug að vefengja skýringu hæstv. fjmrh. á því, frá hvaða tíma gildi þessa frv. eða laga skuli reiknað, og sízt vil ég verða til þess að hafa af síldarfólkinu þá kauphækkun, sem það samdi um á síðasta degi. En ákaflega hefði það nú verið myndarlegt af hæstv. ríkisstj., ef hún hefði nú samtímis því, að hún lagði frv. fram á Alþingi 31. f. m., gefið t. d. út yfirlýsingu um það í útvarpinu, að þetta frv. bæri að skilja á þá lund, að kaupsamningar, sem gerðir væru í dag, héldu gildi sínu. Ég er ekki alveg ósmeykur um, að það hefðu komizt á fáeinir kaupsamningar daginn þann. Það var slæmt, að ríkisstj. skyldi ekki átta sig á þessu. En það er gott að fá skýringuna, þó að seint komi. En sem sagt, þegar þessi skýring hefur verið tekin til greina og þeir samningar, sem gerðir hafa verið þennan daginn að vísu eiga að halda gildi sínu, þá eru þeir samningar, sem eftir það hafa verið gerðir og fram að því, að lögin taka gildi, lýstir samkv. frv. ógildir. Það sjá nú allir og hljóta að viðurkenna ósanngirnina í þvílíkum tilfellum, og jafnvel stjórnin reynir ekki að halda því fram, held ég, að þetta sé sanngjarnt, heldur bara rökstyður hún það út frá því, að það sé ekki nokkur annar kostur fyrir hendi, þetta sé neyðarúrræði, annaðhvort sé að fara þessa leið eða skútan gangi undir. En að það sé sanngjarnt, það reynir hún ekki að rökstyðja, sem ekki er von, því að það er náttúrlega svo augljóst mál, að um það þarf ekki að tala, að dagvinnukaup verkamanns nægir ekki honum og fjölskyldu hans til framfæris. Hann kemst alls ekki af, nema hann geti unnið því meiri yfirvinnu. Og það er ekki ónýtt að heyra hæstv. fjmrh. minna í því sambandi á vinnutímanefnd, sem á að vinna að því að stytta vinnutímann. En ég veit ekki, hvernig verkamaðurinn ætti að komast af, ef ætti að stytta vinnutímann. Það er bara það, sem menn lifa á, fjöldi fólks lifir á hér á landi, að þeir fá að vinna meira en venjulegan vinnutíma. Ég er hræddur um, að það verði að fresta því um sinn, að sú nefnd skili áliti.

Einhverjar kjarabætur til hinna lægst launuðu eru því alveg óhjákvæmilegar, því að þeir geta bara bókstaflega ekki lifað við þau kjör, sem þeim eru ætluð. En ríkisstj. segir, að það sé ekki hægt, atvinnuvegirnir þoli alls ekki að greiða hærra kaup. Verkamaðurinn verður því að sitja með sínar 67 þús. kr. yfir árið, ef honum tekst ekki að vinna aukavinnu eða honum er ekki yfirborgað.

Það er einnig augljós ósanngirni að synja skrifstofu- og verzlunarfólki hjá einkafyrirtækjum um allar launabætur, eftir að bankamenn, bæjarstarfsmenn og skrifstofumenn í ríkisstofnunum, sem vinna sambærileg störf, hafa fengið kaup sitt hækkað allverulega. Það er — og því verður alls ekki neitað — ósanngjarnt að ætla sér að leysa með þessum hætti vanda efnahagsmálanna á kostnað þessa láglaunafólks og hinna tekjuminnstu þjóðfélagsþegna. Ríkisstj. segist að vísu síðar ætla að gera ráðstafanir, sem feli í sér kjarabætur til þeirra, sem verst eru á vegi staddir, sem verst eru settir. Það boðar hún í aths., sem lagafrv. fylgja. En hvers vegna eru þessar ráðstafanir ekki gerðar samtímis kaupbindingarlögunum? Það hefði verið tryggara. Þess er ekki að vænta, að launþegar vilji eiga nein eftirkaup við núv. hæstv. ríkisstj., enda lítið mark takandi á loðnum yfirlýsingum hennar um þetta efni.

Ég held, að kaupbindingin samkv. þessu frv. sé alls ekki framkvæmanleg, jafnvel ekki um stundarsakir. Ég held, eins og ég áðan drap á, að hún sé dæmd til að mistakast og því verði hún aðeins til þess að auka vandann. Þess vegna er hún óskynsamleg. Auk þess er svo það, sem hæstv. fjmrh., að mig minnir, aðeins vék að í sinni framsöguræðu, en fór fljótt yfir, að kaupbinding þessi með lögum er í algeru ósamræmi við áður yfirlýsta stefnu ríkisstj. Í aths. við hið mikla frv., efnahagsmálafrv. 1960, segir svo, með leyfi forseta:

„Það er stefna ríkisstj., að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör.“

Þessa yfirlýsingu endurtók forsrh. í framsöguræðu um frv. En það geta allir skipt um skoðun, og það er náttúrlega ekki einsdæmi hjá hæstv. ríkisstj., að hún hafi horfið frá fyrri stefnuyfirlýsingum.

Samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, er lögunum ætlað að hafa gildi aðeins til næstu áramóta. Margt bendir hins vegar til þess, að ríkisstj. hugsi sér að framlengja kaupbindinguna í einni eða annarri mynd eftir áramótin, a. m. k. hefur hún ekki viljað gefa yfirlýsingu um hið gagnstæða, enda þótt hún hafi verið um það krafin sagna og á hana skorað að gefa slíka yfirlýsingu. En þeir hafa, talsmenn stjórnarinnar, í þessu efni, hæstv. ráðh., ekki bent á nein önnur

ráð fram úr þessum vanda en kaupbindinguna, og ég verð að segja það, að ég tel ekki sérstaklega líklegt, að þeir sjái eða finni nokkur önnur ráð á þeim tveim mánuðum, sem eru til stefnu. Þeir segja beinlínis, hafa lýst því yfir, að það séu ekki til önnur ráð, — ef þetta sé ekki gert, kaupið sé ekki bundið, þá séu ekki til önnur ráð en kauplækkun eða gengisfelling. Það eru þær yfirlýsingar, sem liggja fyrir frá þeim í þessu efni. Og það er engin bending í aths. við frv., sem bendi til þess eða geri það sennilegt, að önnur ráð en þessi verði fundin af hálfu hæstv. ríkisstj. Þar segir aðeins, að hún muni beita sér fyrir ráðstöfunum, sem feli í sér kjarabætur þeim til handa, sem verst eru settir, annað ekki, ekki það, að það verði horfið frá þessari kaupbindingarstefnu, ekki það, að það verði gefið frjálst aftur til samninga eftir áramót. Og það verður ljóst, þegar haft er í huga, hversu ríka áherzlu hæstv. fjmrh. lagði í sinni framsöguræðu einmitt á þennan þáttinn af þeim þremur, sem hann nefndi, launamálunum, peningamálunum og fjármálunum, að launamálin voru honum þar langefst í huga.

Af því, sem hér hefur nú verið rakið, er ljóst, að framlagning þessa kaupbindingarfrv. táknar í raun og veru hreina uppgjöf af ríkisstj. hálfu, því að það er náttúrlega ekkert annað en uppgjöf að koma og segja, að það séu engin önnur ráð til en að binda kaupgjald launþega og bænda með lögum með þessum hætti og ef það verði ekki gert, komi gengisfelling eða hrein kauplækkun. Og þetta er heldur ekkert úrræði, eins og ég hef lítillega reynt að sýna fram á, af því að það er alveg dæmt til þess að hafa gagnstæðar verkanir við það, sem til er ætlazt.

Já, en við sjáum bara ekkert annað úrræði, segir ríkisstj., svo ákallar þessi ráðþrota ríkisstj. stjórnarandstöðuna og segir við okkur: Hver eru ykkar úrræði? Bendið þið á úrræði í þessum vanda. — Við framsóknarmenn höfum bent á ýmis úrræði til þess að létta byrðar atvinnuveganna, svo sem með því að lækka vexti, fella niður eða lækka útflutningsgjöld, lækka eða fella niður tolla og gera atvinnuvegunum þannig kleift að standa undir eða mæta nokkurri kaupgjaldshækkun. Ég skal að sjálfsögðu ekkert fullyrða um það, hvort slíkar ráðstafanir mundu einar sér nægja til þeirra hluta. Það er náttúrlega ekki vitað, hver kauphækkunin endanlega yrði, sem samið kynni að verða um, ef sú leið væri farin. Greiðslugeta hinna einstöku atvinnuvega er að sjálfsögðu misjöfn. Auk þess má á það benda, að allmikið mun að því kveða við ýmsar atvinnugreinar, að um yfirborganir sé að tefla, að það sé borgað allmikið yfir umsamið taxtakaup. Ákveðin hækkun taxtakaups þarf því ekki óhjákvæmilega að jafngilda jafnmikilli raunverulegri hækkun. En það er alveg víst, hvað sem um það er, að einhver kauphækkun til hinna lægst launuðu verður ekki umflúin til lengdar. Mér er ljóst, að þessi úrræði, sem við framsóknarmenn höfum nefnt í þessu sambandi, eiga heldur litlu fylgi að fagna hjá þeim hagfræðingum, sem ríkisstj. styðst nú einkum við, þeim hagfræðingum, sem temja sér nú a. m. k. stundum að tala um þessi mál með sama hætti og í sama tón og útdauðir einvaldskonungar gerðu áður fyrr: Vér einir vitum. — Og mér er það ljóst, að þeir líta á þessi úrræði eins og barnaleg úrræði. En þessi úrræði eru nú samt ekki barnalegri en það, að atvinnurekendur sjálfir hafa á þau bent, að því er ég bezt veit. Og þeir vita væntanlega bezt, hvar skórinn kreppir að í þessum efnum.

Annars finnst mér, að hagspekingar hæstv. ríkisstj. ættu að hafa heldur hægt um sig nú, eftir þá útreið, sem kenning þeirra um vaxtapólitíkina hefur gengið í sumar. En með hinni gífurlegu útlánaaukningu nú í sumar hefur verið svo rækilega sannað, að það verður ekki betur gert, að á verðbólgutímum er lítil vörn fólgin í háum vöxtum gegn óhóflegri útlánaaukningu.

Ég viðurkenni fúslega, að sífelldar víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds eru óheillavænlegar og þá þróun þyrfti að stöðva. En að mínum dómi er leiðin til þess ekki lögþvinguð kaupbindingarleið, sízt eins og á stendur. Í kaupgjaldsmálunum þarf að reyna samningaleiðina til þrautar, þ. á m. það, hvort aðilar geti ekki komið sér saman um að leggja málin í gerð, svo sem raunverulega átti sér stað um kjaradóm. Það þarf að semja til lengri tíma, og það þarf að miða gildistíma samninga við sama tíma, svo að samningar um allt land og í öllum eða sem flestum starfsgreinum fari fram á sama tíma. Að þessu leyti til er ég alveg sammála hæstv. fjmrh. um það, sem hann sagði um þessi atriði, og get tekið undir það. Og ég get líka tekið mjög undir það, að það sé stefnt í rétta átt með kjararannsóknarnefnd. Þetta eru vissulega mikil vandamál, og þarf að verða lagfæring á þeim frá því, sem nú er. Það er öllum hugsandi mönnum ljóst. En ég óttast það mjög, að endirinn á þessu frumhlaupi ríkisstj., sem ég vil svo kalla, verði sá að skapa enn meiri óróa og enn meiri upplausn í sambandi við kaupgjaldsmálin en ella hefði orðið.

Það er vitnað til þess til rökstuðnings þessu kaupbindingarfrv., að svipaðar leiðir hafi verið farnar áður, og þá sérstaklega vitnað til brbl. frá 1956 og gerðardómsl. 1942. Ég held nú, að hvorug þessi lög séu fyllilega sambærileg við þá lagasetningu, sem nú er fyrirhuguð. Brbl. 1956 fólu ekki í sér bann um grunnkaupshækkanir, ef ég skil þau lög réttilega. Gerðardómslögin 1942 fólu alls ekki í sér algert bann við kauphækkunum. Það var einmitt beint tekið fram í 3. gr. þeirra laga, að gerðardómurinn mætti úrskurða breytingar á kaupgjaldi til samræmingar og leiðréttingar, ef sérstaklega stæði á. Það er rétt, að við framsóknarmenn stóðum að setningu þeirra laga, en sú reynsla, sem fékkst af þeirri lagaframkvæmd, hvetur ekki til eftirbreytni, og við framsóknarmenn höfum ekki síðan viljað fara inn á lögþvingaða gerðardómsleið. En í þessu sambandi kemst maður ekki hjá því, eða þá vaknar ósjálfrátt upp í hugann, hver hafi verið afstaða Alþfl. áður fyrr til kaupbindingar og gerðardóma. Það er orðin mikil stefnubreyting hjá Alþfl. í þeim efnum, frá því að Haraldur Guðmundsson var dreginn út úr ríkisstj. 1938 vegna gerðardómsins um kjör togarasjómanna og síðan Stefán Jóh. Stefánsson fór úr ríkisstj. út af gerðardómslögunum 1942. En það hefur nú orðið stefnubreyting hjá Alþfl. á svo mörgum sviðum, að mér dettur ekki í hug að

fara fram á það, að hann geri grein fyrir stefnubreytingum sínum í þessu efni. Það mætti áreiðanlega æra óstöðugan, ef það ætti að hlýða á játningar Alþfl. um allar þær stefnubreytingar, sem átt hafa sér stað hjá honum á s. l. 20 árum.

Það liggur ljóst fyrir, hvað sem hæstv. ríkisstj. þar um segir og hvað sem hæstv. fjmrh. þar um segir, með framlagningu þessa frv. og með málflutningi stjórnarinnar, harmatölum hennar um það, hvernig sé öllu öfugt snúið nú í dag og illa komið okkar hag, að viðreisnin hefur mistekizt. Höfuðverkefni viðreisnarinnar áttu að vera þau samkv. margendurteknum stefnuyfirlýsingum að koma atvinnulífinu á heilbrigðan og traustan grundvöll og stöðva verðbólguna. Verðbólgan hefur ekki verið stöðvuð. Efnahags- og atvinnulífinu hefur ekki heldur verið komið á traustan og heilbrigðan grundvöll. Eða hvernig er hægt að halda því fram, að efnahagslífið sé á traustum og heilbrigðum grundvelli, þegar þannig stendur að mati ríkisstj., að ekki sé fyrir hendi annað úrræði en að binda allt kaupgjald í landinu, þ. á m. kaupgjald verkamanna, sem aðeins hafa 67 þús. kr. í dagvinnu í árskaup, sem bókstaflega er allsendis ómögulegt að lifa af nema þá með því meiri eftirvinnu? Það dettur ekki nokkrum lifandi manni í hug, ekki einu sinni hæstv. ríkisstj., að halda því fram, að það sé hægt að lifa með 5 manna fjölskyldu í þessu landi af 67 þús. kr. yfir árið. Viðreisnin hefur því farið alveg gersamlega út um þúfur. Um það ætti ekki að þurfa að deila lengur.

En það, sem er allra varhugaverðast við þetta frv., er, að það er hætt við, að það geri aðeins illt verra, ef það verður að lögum, að það geri þau vandamál, sem við er að fást, enn stærri og óviðráðanlegri en þau nokkurn tíma eru nú. Það er það, sem ég óttast, og þess vegna vil ég ljúka máli mínu með því að skora á ríkisstj. að endurskoða nú enn á ný afstöðu sína í þessum málum, — það er ekki of seint enn, — og hverfa frá þeirri fyrirætlun sinni að lögfesta þetta frv. og grípa þá ekki heldur þess í stað til einhverra örþrifaráða, heldur beita sér fyrir lausn þess vanda, sem nú er við að fást, á grundvelli sem víðtækastra samninga og samstarfs.

Björn Jónsson: Áður en lengra er haldið, get ég ekki stillt mig um að fara nokkrum og þó fáum orðum um það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér um störf tveggja mikilvægra nefnda, sem ég hef haft nokkur afskipti af.

Það var í fyrsta lagi það, sem hann sagði um svokallaða vinnutímanefnd. Eins og kunnugt er, þá eru nú liðin nærri 2 ár síðan Alþ. samþykkti með þál. að kjósa 5 manna nefnd, sem átti að hafa það hlutverk að finna leiðir til þess, að vinnutími verkafólks yrði styttur, og var í þál. bent á nokkur atriði, sem sérstaklega kæmu til greina í því sambandi. Það hefur borið við annað slagið, að hæstv. núv. ríkisstj. og reyndar ýmsir aðrir aðilar hafa þótzt hafa sérstaklega mikinn áhuga á þessu máli, og þar sem hæstv. ráðherra lýsti því nú fjálglega, hversu ríkisstj. hefði mikinn áhuga á því máli, þá get ég ekki stillt mig og tel mér reyndar skylt að upplýsa og sanna um áhuga hæstv. ríkisstj. í þessu máli.

Á s. l. sumri, — ég ætla, að ég muni rétt, að það hafi verið um mitt sumar, — gerði vinnutímanefnd sérstaka till. til hæstv. ríkisstj., — till., sem hún taldi algert grundvallaratriði, til þess að starfsemi nefndarinnar kæmi að gagni í framtíðinni. Í sérstöku erindi nefndarinnar til hæstv. ríkisstj. lagði hún til, að ríkið stæði fyrir og kostaði menntun allmargra manna, bæði frá launþegasamtökunum og vinnuveitendasamtökunum, í vinnuhagræðingu og vinnurannsóknum, en hugsun nefndarinnar hefur mjög beinzt að þeim málum. Jafnframt ákvað nefndin, þar sem málaleitan hennar um þetta hafði áður hlotið sérstaklega góðar viðtökur hjá ríkisstj. munnlega, að fresta frekara nefndarstarfi og fundahaldi hjá nefndinni, þangað til svar lægi fyrir frá hæstv. ríkisstj. Síðan gerðist það, sem hæstv. ráðh. hermdi rétt frá, að ríkisstj. vísaði þessu máli til forstjóra Iðnaðarmálastofnunarinnar til athugunar, með ósk um, að hann gæfi henni skýrslu um málið og legði fram till. Þetta gerði forstjóri Iðnaðarmálastofnunarinnar bæði fljótt og vel, eins og hans var von og vísa, og sendi hæstv. ríkisstj. á haustnóttum í fyrra álitsgerð upp á 40 vélritaðar síður um málið. En áhugi stjórnarvaldanna hefur reynzt það mikill í því máli, að enn í dag hefur vinnutímanefnd ekki borizt neitt svar við þeirri málaleitan, sem hún bar fram til ríkisstj. og hún vænti svara við innan fárra daga. Enn síður er það, að um frekari framkvæmdir í þessu máli hafi verið að ræða eða haft nokkurt samráð, hvorki við vinnutímanefndina né við verkalýðssamtökin, og látið nægja, eftir því sem ráðh. upplýsti, að hafa samráð við formann nefndarinnar, Pétur Sigurðsson, og efast ég þó mjög um, að það sé rétt hermt hjá hæstv. ráðh., a. m. k. hefur Pétur Sigurðsson ekki gefið nefndinni neinar skýrslur um það, og ég efast ekki um, að hann hefði gert það, ef um það hefði verið eitthvað að segja. En sannleikurinn er sá, að hæstv. ríkisstj. mun hafa vaxið í augum að leggja nokkurt fé til þessarar starfsemi. — En ég vil lýsa ánægju minni yfir því, ef sinnaskipti hafa orðið hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum og hún er nú fúsari en hún hefur reynzt hingað til til þess að veita því einhvern stuðning, sem enginn hefur verið fram að þessu.

Þá var það í öðru lagi varðandi störf svokallaðrar kjararannsóknarnefndar. Það er að vísu svo með þá nefnd, að hún ber enga ábyrgð, hvorki gagnvart hæstv. ríkisstj. né heldur gagnvart Alþ., og þess vegna alveg rangur vettvangur hér að ræða störf hennar ýtarlega. En þar sem mér hefur fundizt hæstv. ráðh. hafa á mjög villandi hátt gert grein fyrir hlutverki nefndarinnar, vil ég upplýsa það, sem hæstv. ráðh. hlýtur auðvitað að vita, að þessi nefnd hefur aldrei tekið að sér það hlutverk að kveða upp neinn úrskurð um það, hvaða kaupgjald ætti að vera í landinu, hvorki hjá verkafólki né öðrum, og ég veit, að hæstv. ráðh. þarf ekki annað en að lesa orðsendingaskiptin milli ríkisstj. annars vegar og Alþýðusambandsins hins vegar, til þess að honum hljóti að vera þetta fullljóst eins og hverjum

öðrum. Hitt er annað mál, að Alþýðusambandið vildi fallast á það og það fúslega að taka þátt í rannsóknum á ýmsum þáttum okkar efnahagsmála, sem gætu létt fyrir gerð kjarasamninga. Það er auðvitað hin fráleitasta firra sem hugsazt getur, ef menn halda, að nefnd eins og þessi eða nokkur annar aðili geti fundið einhverja formúlu fyrir því, hvað kaup eigi að vera. Mér er ekki kunnugt um það, að hún hafi enn þá fundizt í þeim löndum, þótt leitað sé um alla veröld, þar sem alls konar hagfræðilegar upplýsingar eru þó miklu fyllri en hér í okkar landi, en hér eru þær vægast sagt ákaflega bágbornar, öll statistik óábyggileg eða þá, — en svo er í mjög mörgum greinum, — að hún er alls engin til. Og mér er ekki heldur kunnugt um það, að þó að starfsemi álíka og sú, sem þessari nefnd er ætlað að vinna, hafi farið fram árum eða jafnvel áratugum saman, hafi það út af fyrir sig komið í veg fyrir það, að atvinnurekendur og launþegar þyrftu að semja með eðlilegum hætti um hlutina, né heldur að það hafi komið í veg fyrir, að skoðanir hafi verið skiptar milli atvinnurekendasamtaka annars vegar og launþegasamtaka hins vegar um það, hvað kaupgjaldið ætti að vera. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. hlýtur að vita alveg eins og allir aðrir.

Það er mikið talað um gjaldþol um þessar mundir, og í framhaldi af því tali er svo ályktað, að nefnd eins og kjararannsóknarnefnd eigi að geta gengið algerlega úr skugga um það, hvert þol atvinnuveganna sé til þess að greiða þessa eða hina kauphæðina. Þetta er önnur firran til. Það er auðvitað hægt með talsverðum líkindum að áætla, hvert gjaldþolið er, ef vitað er fullkomlega um tekjurnar, og við vitum það í mörgum tilfellum í okkar atvinnurekstri, a. m. k. að nokkru leyti. En það er bara að gæta þess, að það eru fleiri kostnaðarliðir atvinnurekstrar en vinnulaun, og í mjög mörgum tilfellum er þar um aðeins brot af kostnaði að ræða, og því fer auðvitað víðs fjarri, að kaupgjaldið eitt út af fyrir sig sé það eina, sem er breytanlegt í kostnaði atvinnuveganna, og ég kem nánar að því síðar. En þrátt fyrir þetta reynir hæstv. fjmrh. og ríkisstj. og ýmsir aðrir, sem hafa áhuga á því að villa fyrir mönnum, að telja mönnum trú um, að gjaldþolið komi allt saman fram, geti ekki komið fram nema gagnvart kaupinu. En það liggur auðvitað í hlutarins eðli, að ef hægt er að lækka aðra kostnaðarliði en kaupgjaldið, þá væri hægt að hækka kaupið sem því svaraði, þ. e. a. s. miðað við þær forsendur, að atvinnureksturinn a. m. k. berjist í bökkum við þau skilyrði, sem athugunin fer fram við.

Þessa athugasemd tel ég, að mér hafi verið nauðsynlegt að gera við það, sem hæstv. ráðh. sagði sérstaklega um störf þessara tveggja nefnda, og ætla ég ekki að fjölyrða frekar um það að sinni.

Það hafa nú undanfarna daga, sem þetta mál hefur legið hér fyrir hæstv. Alþ., fallið mörg þung orð innan þingveggjanna um þetta frv. En ég ætla þó, að það, sem hér hefur verið sagt um frv., sé mildin ein samanborið við það, sem fólk segir um það á heimilunum, á vinnustöðunum og í verkalýðsfélögunum, þ. e. a. s. fólkið í landinu, það fólk, sem þessu frv. er alveg sérstaklega beint að og ætlað er að búa við ákvæði þess og ákvæði þess hljóta að bitna fyrst og fremst á. Það hefur komið því betur í ljós, sem lengra hefur liðið, og eru þó ekki margir dagar liðnir, að í þessu máli, í afstöðunni til þessa frv. skiptist fólkið í landinu ekki í pólitíska flokka, og er þó flokkstryggðin mikil á Íslandi og auðvelt í flestum málum að skipa mönnum í pólitíska flokka eftir afstöðu til mála, en í þessu máli hefur reyndin orðið sú, að það á ekki við, því að hvar sem maður hittir mann um þessar mundir, þá falla um þetta ofbeldisfrv. fordæmingarorð, hvar sem menn eru í flokki eða hafa verið áður.

Fyrsta daginn, sem þetta frv. var til umr. hér á hv. Alþ., gerðist það, að allir hafnarverkamenn í Reykjavík lögðu niður vinnu. Vörurnar hættu að streyma upp úr skipunum, fiskurinn hætti að koma upp úr togurunum, viðgerðirnar við skipin í slippnum og í vélsmiðjunum stöðvuðust, og hundruð manna komu hér upp að alþingishúsi til að vita, hverju fram yndi um þetta mál. Og ég verð að segja það, að oft hefur verið minni ástæða til þess, að menn fylgdust með því, sem gerðist innan þingveggja, heldur en í þessu máli. En það var táknrænt, vil ég segja, að þegar fyrstu mennirnir birtust hér við þinghúsið í vinnugallanum sínum, þá var hurðum skellt í lás og kallað á fjölmennt lögreglulið, enda þótt nægilegt húsrými væri hér fyrir fleiri áheyrendur en þá voru. En það er það sama, þetta er táknrænt að því leyti, að það er verið að slá slagbröndum fyrir það, að verkamenn geti rétt hlut sinn. Og allar athafnir hæstv. ríkisstj. í þessu máli bera vott um vonda samvizku.

Síðan þetta gerðist, hefur ekki linnt mótmælaaðgerðum af hálfu verkafólks og af hálfu verkalýðssamtaka. Stöðugur óróa hefur verið á vinnustöðum, menn hafa ýmist mætt hálfan dag eða alls ekki til vinnu, og framleiðslan og atvinnuvegirnir hafa látið á sjá strax nú þessa dagana. Þessar mótmælaaðgerðir náðu svo hámarki sínu í gær með einum fjölmennasta útifundi, sem haldinn hefur verið í Reykjavíkurborg, þar sem mættu a. m. k. 10—15 þús. manna og samþykktu einróma mótmæli gegn frv. og skoruðu á hv. Alþ. að fella það. Algert verkfall var í höfuðborginni og einnig á ýmsum öðrum stöðum, eins og í Hafnarfirði og á Akureyri, þar sem haldinn var fjölmennasti fundur, sem nokkurn tíma hefur verið haldinn í sögu Akureyrarbæjar. Áður en fundurinn hófst, hafði fundarsóknin sprengt af sér fundarhúsið, og miklu fleiri stóðu utan dyra og hlýddu þar á mál ræðumanna og tóku þátt í störfum fundarins heldur en þeir, sem inn komust, og slíkt hefur ekki, svo að ég viti, áður átt sér stað í sögu Akureyrar. En allt þetta, sem gerzt hefur þessa daga, er þó aðeins lítill fyrirboði þess, sem verða mun, ef þetta frv. verður knúið í gegnum þessa hv. þingdeild.

Verkalýðssamtökin hafa mótmælt með ýmsum fleiri hætti en ég hef nú nefnt. Þau hafa haldið fundi um allt landið og samþykkt sín mótmæli. Og mér er ekki kunnugt um það, að á einum einasta fundi í öllum þeim tugum

verkalýðsfélaga, sem hafa rætt málið, hafi verið nokkurt atkvæði á móti mótmælunum. Og það er vissulega enn ein sönnun þess, að menn skiptast ekki í flokka í þessu máli. Verkalýðshreyfing, sem oft hefur verið klofin í afstöðu til ýmissa mála og þar sem ólíkar pólitískar skoðanir hafa ár eftir ár og áratug eftir áratug barizt sín í milli, aðilar, sem hafa barizt um forustuna í verkalýðsfélögunum, þeir sameinast í þessu máli. Hv. Alþ. hefur þegar borizt mikið af þessum mótmælum, og ég er hér með nokkur dæmi um þau, en ég hygg þó, að miklu fleiri mótmæli hafi verið gerð og séu aðeins ókomin hingað til þingsins eða hafi verið birt almenningi með öðrum hætti. Vegna þess að ég veit, að hæstv. ráðh. hafa haft öðrum hnöppum að hneppa undanfarið en reyna að kynna sér viðhorf fólksins í landinu til þessa máls, þá vil ég aðeins vekja athygli á nokkrum þeim aðilum, sem mótmæli hafa sent. (**Forseti**: Ég hafði hugsað mér að gera fundarhlé núna til kl. 5, ef hv. þm. vill fresta máli sínu.) Þá fresta ég máli mínu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vil nú til að byrja með lýsa óánægju minni yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli sýna deildinni þá lítilsvirðingu, að hafa engan ráðherra hér viðstaddan, meðan umr. fara fram um þetta stórmál, og ég hygg, að þó að það, sem ég og aðrir stjórnarandstæðingar hafa að segja um þetta mál, fái kannske ekki mikinn hljómgrunn hjá þeim, þá mundu þeir ekki bíða heilsutjón af því að hlusta á það, sem við höfum fram að færa. Ég vildi eindregið mælast til þess, að hæstv. forseti hlutaðist til um það, að hæstv. ráðh. gegndu þingskyldu sinni hér eins og aðrir þingmenn, og lýsi mig reiðubúinn að gera hlé á máli mínu, meðan hann gerir ráðstafanir til þess. — Það gleður mig, að hæstv. ráðh. skuli sýna deildinni þá virðingu að vera viðstaddir, á meðan afgreiðsla málsins fer hér fram. En ég hafði haft þau ummæli, að jafnvel þó að það, sem við stjórnarandstæðingar hefðum fram að færa um málið, fengi kannske ekki mikinn hljómgrunn hjá hæstv. ráðh., þá mundu þeir þó ekki bíða heilsutjón af því að hlusta á það, sem við höfum að segja.

Ég hafði komið þar máli mínu, áður en fundarhlé var gert, að minna á, hvernig viðtökur þetta mál hafði fengið, og ég tel rétt að gera því nokkru nánari skil, áður en ég vík að sjálfu efni málsins, vegna þess að þess munu engin dæmi, hvorki fyrr né síðar, að nokkurt mál, sem ríkisstj. í landinu hafi borið fram, hafi hlotið jafneinróma mótmæli og þetta mál. Ég hef fulla vissu fyrir því, að eftirtalin verkalýðsfélög hafi ekki aðeins mótmælt frv., heldur líka boðað vinnustöðvun frá n. k. mánudegi, þ. e. Verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík, Hlíf í Hafnarfirði, Eining á Akureyri, Járniðnaðarmannafélag Reykjavíkur, Bílstjórafélag Akureyrar, Iðja í Hafnarfirði, Iðja í Reykjavík, Verkalýðsfélagið í Sandgerði, Gerðahreppi, Verkamannafélagið Bjarmi á Stokkseyri, Verkalýðsfélag Hveragerðis, Verkakvennafélagið Snót í Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélag Vestmannaeyinga, Verkamannafélagið Rangæingur, Verkamannafélagið Árvakur á Eskifirði, Verkamannafélög Vopnafjarðar og Norðfjarðar og Stöðvarfjarðar, Verkamannafélagið Þróttur á Siglufirði og Verkakvennafélagið Von á sama stað, Verkalýðsfélag Dalvíkur, Verkalýðsfélagið Fram á Seyðisfirði, Verkalýðsfélag Borgarness og Bílstjórafélagið á Selfossi. Það kann að vera, að það séu fleiri félög en þetta, sem ekki hafa aðeins mótmælt þessu frv., heldur einnig boðað vinnustöðvun, en um þessi félög er fullkunnugt. Og ég verð að segja það, að mér er ekki kunnugt um það, að nokkurt verkfall á Íslandi hafi verið víðtækara en verkfall, sem háð væri af þessum félögum, sem ég nú taldi, þ. e. a. s. það er greinilegt, að ríkisstj. er að stofna til stórfelldustu verkfalla og stéttaátaka, sem átt hafa sér stað í sögunni.

Þá eru allmörg félög, sem að vísu hafa ekki boðað vinnustöðvanir, en hins vegar haft í frammi mjög ákveðin mótmæli gegn frv., og eru á meðal þeirra Sókn í Reykjavík, Verkakvennafélagið Framsókn, Iðja í Reykjavík, Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Félag húsgagnasmiða og Félag húsgagnabólstrara. Og enn er að nefna Bókbindarafélag Íslands og Hið íslenzka prentarafélag, en það síðarnefnda er nú þegar í verkfalli til þess að knýja fram hækkuð laun, enda þótt það verkfall mundi enga þýðingu hafa, ef lögin ná fram að ganga, og ber þess vegna að skoða fyrst og fremst að svo komnu sem mótmælaverkfall gegn þessum lögum, og hefur ekkert félag enn þá haft uppi harðari aðgerðir gegn málinu en þetta eitt elzta stéttarfélag landsins, sem eins og kunnugt er lýtur einlitri forustu Alþfl., annars stjórnarflokksins.

En það hefur, eins og ég sagði, ekki aðeins verið látið sitja við mótmælin ein, heldur hafa verið boðaðar virkar aðgerðir hjá a. m. k. 23 verkalýðsfélögum þrátt fyrir bann þessa frv. Það er þess vegna alveg óhætt að fullyrða það, að hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn geta ekki huggað sig við það, sem ég hef heyrt þá fleygja á milli sín, að hér væri um einhverja fundaæsingu að ræða. Það, sem nú er að gerast, á vissulega ekkert skylt við slíkt. Það er alveg öruggt, að á mánudaginn kemur hefjast verkföll bæði hér í Reykjavík og víða hér um land. Í Reykjavík er að nefna félög eins og Dagsbrún, Trésmiðafélagið, málara, A. S. B., járniðnaðarmenn o. fl. Svo að segja öll verkalýðsfélög á Austfjörðum hafa boðað vinnustöðvanir. Á Norðurlandi er a. m. k. um að ræða 3 félög á Akureyri, enn fremur 2 félög á Húsavík og 2 félög á Siglufirði. Og á Suðurlandi Vestmannaeyjar, Hafnarfjörður, bæði hjá Hlíf, verkamannafélaginu, og Iðju, en í því félaginu, sem ég nefndi síðast, fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla um vinnustöðvunina og var samþykkt gegn 4 mótatkvæðum, og hygg ég það vera nokkurn veginn einsdæmi, að svo fá mótatkvæði komi fram gegn vinnustöðvun, og alveg sérstaklega er það athyglisvert, eins og allt er nú í pottinn búið.

En þetta er, eins og ég áður sagði, langt frá því að vera nokkurt fullkomið yfirlit. Það kann að vera, að átökin, sem ríkisstj. er beinlínis að efna til, kunni að verða miklu víðtækari en það, sem ég nú hef sagt, gefur hugmynd um. Og það er vissulega saga til næsta bæjar, að í

undirbúningi skuli vera viðtækasta verkfall í sögu verkalýðshreyfingarinnar, einmitt við þær aðstæður, að lögbann er lagt við því, að vinnustöðvanir séu framkvæmdar. Og það er ekki síður athyglisvert, að þetta sætir ekki andstöðu í félögunum, heldur eru ákvarðanir um það teknar einróma af mönnum úr öllum flokkum. Það má að vísu segja, að vinnudeilur og e. t. v. verkföll hafi verið í uppsiglingu og hefðu skollið á, þrátt fyrir það þótt ríkisstj. hefði ekki gripið til þeirra ráða, sem í þessu frv. felast. hitt sýnist mér þó alveg augljóst, að þessar ráðagerðir, sem uppi eru í þessu frv., hafi orkað mjög til þess að gera þessi átök miklu viðtækari en ella hefði orðið.

En það er líka óhætt að fullyrða, að það hafa ýmsir fleiri tekið snögg viðbrögð við það, að þetta frv. var lagt fram hér á hv. Alþingi, heldur en sjálf verkalýðsfélögin, sem í hlut eiga. Ég nefni til dæmis mjög einörð mótmæli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem e. t. v. og áreiðanlega af þeim, sem eru launtakar, eiga þó kannske frekast eitthvað undir því, að ríkisstj. takist að halda kjörum láglaunamanna niðri. En þessi samtök hafa sýnt fullan skilning á því, hvað hér er í húfi fyrir verkalýðshreyfinguna og fyrir hagsmunasamtökin í landinu, og tekið sínar ákvarðanir samkvæmt því, en ekki eftir því, sem þeirra eigin hagsmunir hefðu kannske frekast boðið, a. m. k. stundarhagsmunir. Það er sannast mála, að jafnvel stuðningsmenn ríkisstj. standa agndofa, hneykslaðir og agndofa gagnvart þeim aðgerðum, sem hér eru í frammi hafðar, og ummæli sumra stjórnarsinna í andstöðunni við þetta mál hafa orðið mjög fleyg, eins og t. d. þau, sem Jón Axel Pétursson bankastjóri viðhafði á miðstjórnarfundi Alþfl., þegar hann sagði: Svona er ekki hægt að fara með verkamenn. — Og það hafa líka orðið fleyg orð sjálfstæðiskonunnar í stjórn Iðju, sem sagði, að ef þessi ríkisstj. þyrfti að haga sér svona, eins og þetta frv. bæri vott um, þá mætti hún fara til staðar, sem ég tel ekki virðingu þingsins samboðið að nefna. Mikilsvirtur sjálfstæðismaður á Akureyri sagði við mig — og bað mig ekki fyrir það, að þessar aðgerðir væru í einu orði sagt, það væri ekki hægt að lýsa þeim betur í einu orði heldur en þær væru svívirðing, og sagði jafnframt, að það væri skoðun flestra flokksbræðra sinna á Akureyri.

Svo hefur það einnig gerzt, sem kannske er furðulegast af öllu, sem gerzt hefur enn þá í málinu, að sama daginn og frv. var lagt fram hér á Alþingi, m. a. með þeim ákvæðum, að ákvæði þess skyldu gilda frá þeirri stundu, þegar það var lagt fram, að lögin voru þverbrotin, þ. e. a. s. annars vegar af verkakvennafélögunum á Akranesi, í Hafnarfirði, Keflavík og Reykjavík. En hver halda menn nú, að hafi verið hinn aðilinn, sem braut lögin og samdi um kauphækkun þrátt fyrir bann laganna? Það var sjálfur forseti eða formaður Vinnuveitendasambandsins, bróðir hæstv. forsrh., Kjartan Thors, og vissulega duga engar langsóttar lögskýringar hæstv. fjmrh. um þetta efni. Það er eins augljóst og við erum hér allir staddir, að svo var til ætlazt, að allar launahækkanir yrðu bannaðar, frá því að lögin voru lögð fram á Alþingi, og viðkomandi því, að aðilar hafi ekki vitað um, hvað í lögunum stóð, þá geta menn nú gizkað á það, hvað hæft er í því, þegar sá maður átti í hlut, sem ég nefndi.

Nei, sannleikurinn er sá, að það er að skapast þjóðarsamstaða gegn því, sem hér er á ferðinni, og það þarf áreiðanlega mikið til að skapa þjóðarsamstöðu í landi, þar sem menn yfirleitt láta skipa sér í pólitíska flokka eftir málefnum, eins og ég áðan sagði. Og það þarf sjálfsagt enn þá meira til, þegar svo er ástatt eins og nú, að sjálf landsstjórnin telur þær ráðagerðir, sem hún hefur hér á prjónunum, helzta, ef ekki eina bjargráðið í miklum og aðsteðjandi þjóðarvanda. Þegar slíkt gerist undir þeim kringumstæðum, þá eru vissulega ástæður til að staldra ofur lítið við og skoða, hvað er að gerast. En enn þá a. m. k. virðist þetta, sem hverju barni ætti þó að liggja í augum uppi, vera hæstv. ríkisstj. alveg hulið. Hún virðist ekki vita, hvað er að gerast. Hún heldur áfram að sigla fullum seglum með þessar aðgerðir beint inn í brimgarðinn, og það er vissulega engu líkara en að það væru blindir menn, sem stæðu við stjórnvölinn. Það má sannarlega segja um þá, að vitandi vita þeir ekki og sjáandi sjá þeir ekki.

Það ræður svo auðvitað af líkum, að þegar svo er ástatt sem ég nú hef lýst, þá getur það ekki átt sér stað, að neitt smámál sé á ferðinni, heldur stórmál, sem getur valdið miklum örlögum og miklum umskiptum, og það er a. m. k. óhætt að fullyrða, að það er dómur fólksins í landinu þessa dagana. Eða halda menn kannske eða reynir hæstv. ríkisstj. að hugga sig við það, að þetta sé bara allt saman ímyndun úr fólkinu, hugarórar, að það vaði í villu og svíma um það, sem hér er að gerast, — eða er það raunsærra en hæstv. ríkisstj. sjálf? Ég held, að það sé rétt að athuga það mál ofur lítið nánar, og ber þá sjálfsagt fyrst að líta á efnisatriðin í þessu frv.

Það er þá í fyrsta lagi, að með frv. eru bannaðar allar launahækkanir, frá því að það er lagt fram og til næstu áramóta. Í öðru lagi eru allar vinnustöðvanir, sem miða að því að knýja fram breyt. á launum eða vinnutíma, bannaðar í jafnlangan tíma. Í þriðja lagi eru svo ákvæði um verðlag, sem mér virðast vera þess eðlis, að verðhækkanir séu leyfðar — fullkomlega leyfðar eftir sömu eða svipuðum reglum og áður hafa gilt, nema hvað bannað er að hækka í prósentum talið álagningu í smásölu og heildsölu. En annars sé ég ekki annað en þessi ákvæði heimili verðhækkanir nákvæmlega með sama hætti og gilt hefur í landinu að undanförnu. T. d. er það um iðnaðinn að segja, að eftir ákvæðum verðlagsnefndar má ekki hækka neinar iðnaðarvörur í landinu nema með samþykki verðlagsyfirvalda. Þetta hefur að vísu verið gert hér að meira eða minna leyti, sérstaklega hjá iðnrekendum hér í Reykjavík, og kannske að miklu leyti, og það hefur verið séð í gegnum fingur við þá af verðlagsyfirvöldum og stjórnarvöldum. En engu að síður ber þeim að senda verðlagsyfirvöldunum sína útreikn-

inga og skýrslur og beiðast leyfis, í hvert skipti sem þeir hækka verð á sínum vörum. Og ég get ekki betur séð en sem sagt hvaða tilkostnaður sem vex hjá fyrirtækjum, enda er það beinlínis tekið fram, geti valdið verðhækkunum, og sama er að segja um þjónustu. Ég sé þess vegna ekki, að þetta frumvarpsákvæði hindri það, að yfir skelli yfirvofandi hækkanir á t. d. ýmissi þjónustu, sem er almenningi mjög mikils virði og hefur mikla þýðingu, við hvaða verði er seld, eins og t. d. rafmagn, hitaveitugjald og sitthvað fleira. Ef þetta er rangur skilningur hjá mér, þá verður hann vafalaust leiðréttur. En það er auðvitað langt frá því, að ég telji það nokkurt höfuðatriði, hvernig þetta verður skilið, en hitt er alveg augljóst, að um allsherjarbann við verðhækkunum á nauðsynjum og þjónustu er ekki að ræða.

Skv. bókstaf laganna er gildistíminn svo til 31. des. eða til áramóta. En í grg. frv. er þó gefið mjög greinilega í skyn, að um það leyti eða áður muni launamálunum í landinu almennt hafa verið skipað með löggjöf til lengri frambúðar en til áramóta. T. d. segir svo í grg. með frv. í 2. mgr.:

„Nú hafa hins vegar á undanförnum dögum og vikum orðið þeir atburðir, að gerðar hafa verið kröfur um miklar kauphækkanir og vinnustöðvanir boðaðar. Ef ekki er nú þegar gripið til aðgerða í launa- og verðlagsmálum, er hætt við, að ókleift reynist að treysta á ný efnahag þjóðarinnar“ o. s. frv. Og undir lok grg., í næstsíðustu mgr., segir svo um fyrirhugaða samningsgerð eða hugsanlega samningsgerð launþega og atvinnurekenda: „Jafnframt munu aðilar að kjaradeilum fá ráðrúm til að ræðast við og átta sig á afleiðingum þeirra kröfugerða, sem nú eru uppi.“

Ráðrúmið á ekki að nota til að semja, vegna þess að þess þarf ekki, það á að skipa málunum með lögum. Aðilarnir eiga bara að fá ráðrúmið til þess að átta sig á því, hvað kröfugerðin er vitlaus, ekki til annars. Það er hvergi minnzt á það í þessu, sem þó lægi alveg beint við, að það eigi að nota tímann til þess að semja, og það verð ég að segja, að það gefur a. m. k. alveg ótvírætt í skyn, hver meiningin er, þ. e. a. s. sú, sem hæstv. ríkisstj. þorir ekki að láta koma fram í frv., að það sé meiningin að lögfesta kaup að þessum tíma liðnum, sem í frv. er gert ráð fyrir. Þetta styðst svo enn þá við þær hugmyndir, sem fram hafa komið, sérstaklega frá forustumönnum Alþfl., um það, að það eigi að koma á einhvers konar lágmarkskaupi, — ég get ekki séð, hvernig það mætti verða öðruvísi en með löggjöf, og þá um leið, að annað kaupgjald yrði bundið í lögum, — og enn fremur við það, að sjálfur hæstv. forsrh. hefur lýst yfir, að það ætti að leysa þessi mál öll án launahækkana eftir öðrum leiðum en samningum við verkalýðssamtökin, þ. e. a. s. eftir lagaleiðum.

Það er auðvitað alveg auðsætt, að kjarni málsins og aðalatriðið í þessu frv. er annars vegar bannið við launahækkunum og hins vegar bannið við vinnustöðvunum.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði því í sinni ræðu allveruleg skil, að þessar aðgerðir eigi sér ekki fordæmi, eigi sér ekkert fullkomið fordæmi, og það auðvitað stoðar ekki neitt, þegar fortíðin er skoðuð, fyrir hæstv. ríkisstj. eða hæstv. ráðh. að halda því fram, að það séu einhver óteljandi fordæmi fyrir síkum hlutum sem hér eru á ferðinni. Þeir segja að vísu, að margar aðgerðir, sem hafa verið gerðar á undanförnum árum og undanförnum áratugum, séu að öllu eðli og tilgangi svipaðar og þessar, sem núna eru fyrirhugaðar, enda séu vandamálin, eins og einn hæstv. ráðh. orðaði það, þau sömu og úrræðin furðulega fá.

Það má auðvitað finna sannleikskorn í þessu, en það er ákaflega lítið sannleikskorn. Það er í því fólgið, að það er auðvitað rétt, að verkalýðshreyfingin og verkafólkið í landinu hefur á undanförnum áratugum orðið að þola margs konar búsifjar af hendi stjórnarvalda, og það er vissulega rétt, að húsráðin hafa verið hver öðrum lík.

Við höfum kynnzt ýmsum réttindaskerðingum, eins og t. d. afnámi sérstakra samningsatriða. Ég nefni t. d. verðlagsvísitöluna, verðlagsbæturnar, sem nokkuð oft hafa verið skertar að meira eða minna leyti, stundum í fullkominni óþökk við verkalýðssamtökin og í önnur skipti í samkomulagi við þau, og við höfum einnig orðið að þola gerðardóma í einstökum, takmörkuðum kjaradeilum, og við höfum orðið að þola nýjar tollaálögur af svo að segja hverri einustu ríkisstj., sem hefur setið í landinu, og svo mætti lengi telja. Það hefur margt verið gert af hendi stjórnarvalda, sem út af fyrir sig hefur rýrt kjör verkafólksins í landinu.

En þetta frv. hefur, hvernig sem málið er skoðað, algera sérstöðu. Og sérstaðan er fólgin í því, að engri ríkisstj., a. m. k. síðan lýðveldið var stofnað á Íslandi, hefur hugkvæmzt að afnema í einu lagi, með einu pennastriki, allan frjálsan samningsrétt allrar verkalýðshreyfingarinnar og banna þar að auki kauphækkanir. Og í öðru lagi, sem er líka alger sérstaða með þetta frv., að a. m. k. yfir þann tíma, sem í orði kveðnu er ætlað, að ákvæði þess eigi að gilda, þá beinast ákvæði frv. eingöngu gegn þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, ekki öðrum.

Það er auðvitað sannast mála, að frjáls samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar, tryggður með rétti til þess að selja vinnu sína eða selja hana ekki, sá réttur er eitt af grundvallaratriðunum í lýðræðisþjóðfélagi, einn af hornsteinunum, sem lýðræðisþjóðfélag hlýtur að byggjast á. Það er líka einn helzti og traustasti hornsteinninn undir hverju ríki, sem vill láta kalla sig velferðarríki, og það er helzta trygging lýðræðisins gegn ofurvaldi og ofstjórn, gegn ofstjórn og ofurvaldi harðsvíraðs ríkisvalds, sem treystir sér ekki til að stjórna öðruvísi en með bolabrögðum, öðruvísi en að fleygja fyrir borð lýðræðislegum leikreglum. Í augum verkalýðshreyfingarinnar og þeirra, sem hana skipa, er þetta m. a. af þessum ástæðum helgur réttur og dýrmæt eign, sem ekki verður látin af hendi, hvað sem í boði væri, — réttur, sem öll

eða flest önnur þjóðfélagsréttindi verða rakin til og einnig má rekja til flesta eða alla ávinninga, sem verkalýðshryfingin bæði hér og annars staðar hefur náð fyrr og síðar.

En nú á að afnema þennan rétt og afnema um leið þær leikreglur, sem gilt hafa, ég vil segja frá upphafi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og fram til þessa dags, um samskipti hagsmunasamtakanna, samskipti launþega og atvinnurekenda, og líka þær leikreglur, sem þrengdu réttindi verkalýðshreyfingarinnar með vinnulöggjöfinni, — leikreglur, sem sjálf borgarastéttin á Íslandi setti 1938, og ég held, að mig misminni það ekki, að það voru foringjar Sjálfstfl., eins og Thor Thors og aðrir, sem þá báru uppi merki þess flokks hér á Alþingi, sem sérstaklega beittu sér fyrir því, að þessar leikreglur væru settar. En nú í dag eru þessar leikreglur, sem Thor Thors setti 1938, orðnar of frjálslyndar fyrir Sjálfstfl. og fyrir þá stjórn, sem nú er í landinu, og það er vissulega lærdómur út af fyrir sig.

Hitt er svo annað, að það er mikið færzt í fang að ætla að ræna þessum rétti, og viðbrögð almennings í landinu, viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar og viðbrögð einstaklinga, sem henni eru þó ekki neitt nátengdir, sýna það mjög greinilega, að réttur skilningur er á því meðal allrar íslenzku þjóðarinnar, hvers virði þessi réttur er fyrir sjálft lýðræðið í landinu. Og viðtökurnar sýna líka, að fólkið í landinu telur flest tilvinnandi til að verja þennan rétt.

Hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar reyna að færa sér það til málsbóta, að þessi réttindaskerðing eigi bara að gilda í tvo mánuði. En ég vil spyrja: Ef menn sætta sig við það, að þessi réttur sé tekinn í tvo mánuði, geta þá ekki næst komið alveg jafnfullgildar röksemdir fyrir því, að verkalýðshreyfingin sé svipt þessum rétti í aðra tvo mánuði eða í eitt ár eða í tvö ár? Ég get ekki betur séð en að sjálft „prinsipið" er brotið og ef það getur verið rétt einu sinni að afnema þann rétt, þá getur það verið rétt í annað skipti. Og það er þetta, sem menn skilja, og það er það, sem menn skilja, að ef verkalýðshreyfingin missir einu sinni þennan rétt, þótt í stuttan tíma sé, þá er lífi þessa réttar hætt, það kann að vera, að þá nái hún honum aldrei aftur um mjög langa framtíð. Og eins og ég rakti áðan, hefur hæstv. ríkisstj. afhjúpað það, að það er alls ekki meiningin, að þessi þvingunarlög eigi bara að gilda í tvo mánuði. Þau eiga að gilda áfram. Það á að skipa launakjörunum með lögum. Það á að taka samningsréttinn af verkalýðshreyfingunni. Það er þetta, sem hæstv. ríkisstj. lýsir yfir.

Það er þess vegna alveg rétt ályktað hjá fólkinu í landinu, hjá verkalýðshreyfingunni, að hér er um frambúðarskerðingu samningsréttarins að ræða, og þá vaknar sú spurning: Á að láta réttinn, eða á að standa á réttinum, verja hann? Og það er það, sem verkalýðshreyfingin hefur ákveðið. Hún hefur ákveðið að verja þennan rétt.

Ég hygg, að það sé fyllilega réttmætt að athuga það svo nokkuð nákvæmlega, hver þróunin hefur verið í launamálunum nú upp á síðkastið og hvort sú þróun gefi hæstv. ríkisstj. og öðrum þeim, sem vilja berja þetta frv. í gegn, einhver rök í hendur. Það helzta, sem hefur gerzt almennt í kjaramálunum, er það, að opinberir starfsmenn hafa fengið 20—90% kauphækkun, eða að meðaltali, eftir því sem ríkisstj. reiknast, 45%. Þessar hækkanir eru að vísu í þeim stíl, sem viðreisninni hæfir, að þeir, sem lægst höfðu launin af opinberum starfsmönnum, fá minnstar hækkanir eða í kringum 20%, en þeir, sem ríflegast báru frá borði áður, fá allt upp í 90%, en það er út af fyrir sig önnur saga. Í kjölfar þess, að opinberir starfsmenn fengu sínar hækkanir, komu svo blaðamenn, sem fengu 30% hækkun. Bankastjórunum var sleppt inn fyrir þröskuldinn daginn áður eða kannske í sumum bönkunum tveimur dögum áður en lögin gengu í gildi, því að það var álit stjórnarinnar, að þjóðfélagið mundi sporðreisast, ef þeir yrðu lokaðir úti, enda höfðu þeir afskaplega lág laun áður. Þeir fengu 35% og standa nú í launum, sem eru ekki nema um 360 þús. kr. á ári, og var vissulega skiljanlegt, að þrír af ráðh. ríkisstj., sinn í hverju bankaráði, gætu ekki borgið þjóðarhagnum nema hækka laun þessara manna, á sama tíma og þeir voru að semja þetta frv. Næstir blaðamönnunum komu svo starfsmenn bæjarfélaganna, fyrst Reykjavíkur, og þar var um kjarasamninga eða kjaraákvörðun að ræða, sem í flestum greinum yfirbauð kjaradóminn, þannig að a. m. k. alls staðar, þar sem einhver vafi lék á, að maður ætti að vera í launaflokki eftir kjaradómi, þá var hann settur einum flokki ofar, svo að það væri alveg öruggt, að enginn bæjarstarfsmanna yrði verr úti en þeir, sem hjá ríkinu ynnu. Og í kjölfar bæjarstarfsmanna Reykjavíkur hafa svo komið starfsmenn bæjarfélaganna yfirleitt um allt landið, og hygg ég mjög fáa starfsmenn mjög fárra bæjarfélaga hafa orðið úti, þegar þetta frv. var lagt fram á Alþingi. Það er líka vitað, að í kjölfar þessa hafa líka forstjórar svo að segja allra fyrirtækja í landinu, jafnt ríkisfyrirtækja sem einkafyrirtækja, fengið stórkostlegar launahækkanir, og það mun nú varla vera talað um forstjóralaun, sem ekki séu sambærileg við það, sem ráðh. bera úr býtum. T. d. var ráðinn forstjóri fyrir útgerðarfyrirtæki í Hafnarfirði núna nýlega, og honum voru ákveðin laun af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem svöruðu til launa forsrh., eða 24 þús. kr. Og þannig er þetta í einkafyrirtækjunum um landið allt, að forstjórarnir og einnig allir, sem eru þar í einhverju fyrirsvari eða bera einhverja ábyrgð, hafa fengið stórkostlegar hækkanir. Og þetta allt saman hefur gerzt með góðu samþykki og tilstuðlan hæstv. ríkisstj.

Þegar opinberir starfsmenn höfðu lagt fram kröfur sínar á s. l. vori, bauð ríkisstj. þeim 30% kauphækkun að meðaltali, og þegar hún bauð það, hlýtur hún að hafa gert sér fulla grein fyrir því, að það var auðvitað algerlega útilokað, að kjaradómur dæmdi opinberum starfsmönnum ekki allverulega hærri launabætur en ríkisstj. hafði boðið. Auðvitað hlaut það að hafa mikil áhrif á úrskurð kjaradóms,

hvaða tilboð lá fyrir frá hæstv. ríkisstj. En það var, eins og ég segi, um 30% hækkun. En um þetta þarf ekki í raun og veru að hafa neinar ágizkanir. Það er kunnugt, að einn af þeim, sem skipuðu kjaradóm, var Jóhannes Nordal bankastjóri, sem er annar helzti ráðgjafi hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Gerði hann sératkv. í málinu? Lýsti hann sig andvígan því, að opinberir starfsmenn fengju 45% kauphækkun að meðaltali? Taldi hann, að þjóðarbúið þyldi það ekki? Eða taldi hann, að það mundi setja allt launakerfið í landinu úr skorðum? Nei, Jóhannes Nordal, aðalráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum næst Jónasi Haralz, áleit það ekki. Hann greiddi þessu atkv., og það þarf enginn, hvorki mér að segja eða öðrum, að hann hafi tekið þessa afstöðu öðruvísi en í samráði við ríkisstj., maður í hans stöðu.

Saga gengur um ráðh., saga um það, þegar ráðh. voru óvenjulega snemma á fótum hér á haustmorgni, flýtandi sér niður í banka til þess að halda fund, ekki út af því, að sparifjáraukningin væri komin niður í 5 millj. kr. á mánuði, ekki af því, að bankaútlánin hefðu vaxið um einn milljarð, á meðan sparifjáraukningin var 500 millj., — nei, nei, þeir höfðu engar áhyggjur af því. Þeir höfðu aðeins áhyggjur af því, hvort bankastjórnin gæti fengið hækkuð laun, áður en ríkisstj. legði þvingunarfrv. sitt fyrir Alþingi. Og þess vegna voru þeir svona snemma á fótum. Og svo ætla menn að koma og halda því fram, að ríkisstj. hafi ekki borið nokkra einustu ábyrgð á því, sem hefur gerzt í launakjörum opinberra starfsmanna, eða beri neins konar ábyrgð á því, hvernig allt launakerfið í landinu hafi farið úr skorðum á þessu ári. Það þarf vissulega meira en litla trúgirni til þess að trúa slíku. Nei, það hefur sem sagt verið alveg fram að þessu trú hæstv. ráðh., trú ríkisstj., að þjóðfélagið hefði fullkomlega efni á því að verja 400—500 millj. kr. til þess að bæta kjör embættismannanna og hátekjumanna í þjóðfélaginu. Það er langt frá því, að ég sé að flokka alla opinbera starfsmenn undir það, að þeir séu hátekjumenn. Margir þeirra hafa ekki meiri laun en þeim ber og ekki meira en lífvænlegt er. En hitt er auðvitað alveg auðséð, að verulegur hluti af opinberum starfsmönnum fær miklu hærri laun en nokkur ástæða er til og miklu hærri laun en á nokkurn hátt verður verjandi, t. d. bankastjórarnir með sína 6 tíma vinnuviku. Ég hef allgóðar heimildir fyrir því, að bankastjórarnir hér í Reykjavík, sem hanga yfir hálftómum bönkum, sem yfirleitt gera ekki mikið annað, upp á síðkastið a. m. k., heldur en að segja „nei“ við fólk, og það er frekar fljótlegt, vinni í bönkunum a. m. k. 6 klst. á viku. Og þá fara nú launin að verða allrifleg, þegar tillit er tekið til vinnutímans. En sannast að segja efast ég um, að sumir bankastjórarnir vinni svo langa vinnuviku.

Það er svo á hinn bóginn að athuga, hvað verkafólkið í landinu hefur fengið í sinn hlut, á meðan þessu fór fram með kjör opinberra starfsmanna og kjör hálaunastéttanna í landinu. Í janúarmánuði sömdu verkalýðsfélögin eða fengu öllu heldur án samninga 5% kauphækkun, án þess að samningar væru undirritaðir og með því fororði, að þau gætu tekið upp samninga, hvenær sem væri. Þessum samningum eða þessari kauphækkun eða samkomulagi eða hvað þið viljið kalla það, því var ákaflega vel tekið af stjórnarliðum. Mér er það í minni, að Morgunblaðið skrifaði daginn eftir leiðara, sem hét „Raunhæfar kjarabætur“. Það var daginn eftir að samkomulagið tókst milli verkalýðsfélaganna á Akureyri og atvinnurekenda þar um þetta. Og farið er alveg sérstaklega lofsamlegum orðum um hófsemina í þessu. Nú skyldi það sjást, að þessar kjarabætur yrðu raunhæfar, af því að þeim væri stillt svo í hóf.

Ég hef nú ekki Hagtíðindin hérna fyrir framan mig, en ég held, að það hafi ekki verið liðnir tveir mánuðir, þegar verðhækkanir höfðu étið upp þessa hækkun. Hún var horfin eins og dögg fyrir sólu eftir 1—2 mánuði og var þess vegna úr sögunni sem nokkur kauphækkun. Svo þegar leið á vorið, tóku verkalýðssamtökin upp samninga að nýju, og endirinn á þeim samningum varð sá, að það tókust samningar um 7½% hækkun, og atvinnuvegunum var forðað frá öllum vinnustöðvunum. Að þessu gekk verkalýðshreyfingin, alveg sérstaklega vegna þess, að þetta var í upphafi síldarvertíðar og hún vildi ekki leggja á nokkurn hátt stein í götu þess, að síldveiðar gætu hafizt og fært þjóðarbúinu þær miklu tekjur, sem síldarvertíðin hefur fært okkur undanfarin ár. Þessu samkomulagi var líka alveg sérstaklega fagnað af stjórnarliðinu og Morgunblaðinu, og það var ekki nein dónanafngift, sem þessum samningum var gefin í stjórnarherbúðunum og stjónarmálgögnunum. Þetta voru kallaðir „þjóðhátíðarsamningar“. Og þeir áttu nú aldeilis að verða raunhæfir. Það átti nú að sýna það í eitt skipti, að einmitt þessi leið, að fara vægilega í sakirnar og spenna bogann ekki of hátt, yrði farsælli fyrir verkalýðshreyfinguna en stórkostleg kröfugerð.

En reynslan hefur nú orðið svolitið önnur. Það fór alveg eins með þessa 7½% hækkun og 5% áður. Hrósyrði Morgunblaðsmanna og stjórnarliðsins dugðu ekki nokkurn skapaðan hlut til þess að halda verðgildi peninganna áfram í horfinu og gera þessar lítilfjörlegu hækkanir raunhæfar fyrir verkafólkið, sem átti að búa við þær. Og í dag stöndum við andspænis því, að verðhækkanirnar hafa étið báðar þessar hækkanir og töluvert meira til, þannig að á þessu ári, sem ýmsar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið allt að 90% kauphækkun, hefur verkafólkið í landinu ekki fengið neina kauphækkun, það hefur fengið kauplækkun, það hefur fengið raunverulega kauplækkun.

Það hefur þess vegna komið í ljós, sem flestir hefðu í raun og veru átt að sjá fyrir, að meðan sú stjórnarstefna ræður í landi, sem nú ræður, þá standa loforðin ekki lengi, hvorki loforðin um þetta né annað.

Þegar rætt er um launakjörin, er auðvitað margs að gæta, og ég ætla mér auðvitað ekki þá dul að fara út í alla þá sálma, sem við ættu í sambandi við það. En ég hygg þó, að tvö atriði þurfi alveg sérstakrar athugunar við, í hvert skipti sem launamál eru vegin og metin.

Það er, hvernig launahlutföllin eru í landinu og hvernig verðlagið hefur þróazt með tilliti til launa. Það auðvitað skiptir ákaflega miklu máli, hvernig þeim hluta af okkar þjóðartekjum, sem til launa fer, er skipt milli allra þeirra mörgu, sem á launum lifa. Ég hygg, að það sé talið almennt, a. m. k. erlendis, að um 70% af þjóðartekjum fari til launa, — og það gefur auðvitað auga leið, að það skiptir miklu fyrir hverja einstaka starfshópa, hvernig sú skipting fer fram. Og þó að það skipti auðvitað miklu, hvað yfirleitt er hægt að láta til launa, hvað mikið fjárfestingin tekur, hvað mikið fjármagnið tekur, hversu mikill gróðinn er og annað því um líkt, þá skiptir þetta þó líka miklu máli. Ég hygg þess vegna, að það sé rétt að athuga það ofur lítið, hvernig launakjörin, hvernig launahlutföllin hafa þróazt í landinu síðustu árin. Ég ætlaði ekki að fara langt út í þá sálma, en mun þó leitast við að gefa af því ofur litla mynd, — ofur litla mynd af því, hvernig þetta hefur verið allra síðustu árin.

Vegna þeirra tímamóta, sem urðu, þegar vinstri stjórnin sáluga hrökk upp af klakknum, vegna þeirra tímamóta, sem þá urðu, og þeirrar nýju stefnu, sem þá var tekin upp, tel ég sérstaklega rétt að athuga, hvernig launakjörin hafa þróazt á þessu tímabili viðreisnarinnar, því að það er vissulega ekki þýðingarminna en annað, hvaða áhrif þessi stjórnarstefna hefur haft á þessa þróun, og vissulega ber stjórnarstefnan á henni mikla ábyrgð. Sú viðmiðun, sem ég hef hér, er þannig, að það er miðað við kaupgjald eins og það var í október 1958 og eins og það var núna í s. l. mánuði, okt. 1963, eftir 5 ára viðreisnartímabil, því að vissulega var millibilsástandið, meðan Alþfl.-stjórnin var, eins og fyrirboði viðreisnarinnar, og í mínum augum er ekki þar mikill munur á gerandi. Þó hófst samstarf þessara flokka mjög bróðurlega, og þeir hafa stjórnað landinu síðan, þó að ein stjórnarskipti hafi orðið. En það er þá skemmst frá að segja, að á þessu tímabili, frá því 1. okt. 1958 og þangað til 1. okt. 1963, hefur kaup verkamanna hækkað eftir töxtum frá 26—27%, og er þó ekki talinn þar með hæsti taxti verkamanna, sem hefur hækkað minna. En það er öll hækkunin, sem hefur orðið á launum verkamanna. Kaup verkakvenna hefur aftur á móti hækkað nokkru meira, m. a. fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir því að jafna laun kvenna og karla, og ég hygg líka, að þau lög, sem voru sett hér á þingi að tilhlutan ríkisstj., — hún má eiga það, sem hún á, — þau hafi haft nokkur áhrif í þessa átt. En laun verkakvenna hafa sem sagt hækkað um 48—52%, mismunandi eftir því, hvaða kauptaxta um er að ræða. Á þessu tímabili hafa kjör iðnverkafólks hækkað — eða laun í krónum öllu heldur — frá 33—49%, mismunandi eftir því, hvaða taxta er um að ræða, iðnaðarmanna um 40—45% minnst og 50% mest, þó hygg ég, að múrarar á tímakaupi, ef ég man rétt, séu þarna kannske örlítið lægri en 40%. En á sama tíma hafa opinberir starfsmenn og aðrir, sem ég áðan tilgreindi, fengið hækkanir frá minnst 66%, og þá verður maður að fara alla leið niður í kaup vinnumanna á ríkisbúum til þess að finna svo lítla hækkun, og upp í 141%, sem kaupið hefur hækkað hjá hæst launuðu opinberum starfsmönnum, á meðan verkamenn hafa fengið 26—27% hækkun.

Ef maður byggi til vísitölu, — það er mikið tíðkað að fara með alls konar vísitölur, — ef maður byggi til kauphækkunarvísitölu og setti kauphækkunarvísitölu verkamanna sama sem 100, þá er kauphækkunarvísitala ráðh. 503, — kauphækkunarvísitala þeirra manna, sem koma nú fram fyrir þing og þjóð og segja, að ekkert geti bjargað landinu annað en að halda kaupi verkamanna niðri. Ef þessir menn kynnu að skammast sín og mætu einhvers þann málflutning, sem þeir fara með, hefðu þeir átt að afsala sér a. m. k. þriðjungnum af þessum launum. En það er ekki annað vitað en þeir hafi tekið við því og hafi auk þess fengið verulega kauphækkun út á önnur störf, sem þeir vinna, þannig að þeirra föstu laun eru nú mánaðarlega ekki bara 22 þús., eins og ákveðið er í launalögunum, heldur 29 þús., allra, og þar að auki bitlingatekjur.

En mismunurinn á milli láglaunamanna, sem hafa fengið allt niður í 26% hækkun á sínum launum á 5 árum, og annarra er þó í raun og veru miklu meiri en þessar tölur, sem ég nefndi, benda til. Þar kemur ýmislegt fleira til, t. d. það, að öll yfirvinna hjá öllum opinberum starfsmönnum, hverju nafni sem nefnast, er miðuð við vinnumánuði upp á 150 stundir og sama álag á það og gildir hjá verkafólki. Og meðan svo er, eins og nú, að flestar stéttir vinna meiri eða minni yfirvinnu, þá er stórkostlegt misræmi, sem skapast vegna þessara ákvæða. Mér er t. d. kunnugt um það, að menn, sem vinna nákvæmlega sömu störf, annar sem opinber starfsmaður, hinn sem verkamaður á kaupi viðkomandi verkalýðsfélags, hafa algerlega mismunandi launakjör, og þar er ekki sízt yfirvinnan, sem kemur til greina. Jafnvel er hægt að nefna dæmi þess um starfsmenn hjá Reykjavíkurbæ, sem vinna sömu störf, jafnvel menn, sem vinna við sömu vélina, að annar er á kaupi sem opinber starfsmaður og hefur 30—40% hærra kaup en maðurinn, sem vinnur við hliðina á honum nákvæmlega sama starf, og á yfirvinnunni munar þetta miklu meira af ástæðunum, sem ég nefndi. Þannig hefur á öllum sviðum, alveg ofan frá sjálfum toppnum og niður í verkamannavinnu, eins og sorphreinsun hjá Reykjavíkurborg, skapazt alveg stórkostlegt misræmi, — misræmi, sem er algerlega útilokað að verði lagfært nema með stórfelldum kauphækkunum til handa þeim, sem þarna hafa sérstaklega orðið fyrir barði þess.

Það er í raun og veru ekki hægt að nefna þá staðreynd, að há laun í landinu hafa hækkað fimmfalt a. m. k. prósentvís, samanborið við láglaunastéttirnar, — það er ekki hægt að kalla það annað en að verið sé að skapa nýja stéttaskiptingu á Íslandi. Það er verið að meta störfin í þjóðfélaginu á allt annan hátt en hefur tíðkazt um áratugi. Annars vegar á að skipta þjóðinni í verkafólk, sem lifir á skammarlaunum, sem á engan hátt geta fullnægt brýnustu þörfum þess, og hins vegar í vel alda embættismanna- og yfirstétt. Það er þetta, sem er að gerast, og það er

þetta, sem í dag er í raun og veru orðin staðreynd í okkar litla þjóðfélagi. Við, sem höfum hrósað okkur af því, að hér væri minni launamismunur en í flestum öðrum löndum, og talið okkar þjóðfélagi það til gildis, það er nú svo komið, að launamismunur er orðinn meiri á Íslandi en víða annars staðar, jafnvel meiri en þar, sem hefur ríkt rótgróin stéttaskipting öld fram af öld. Og það er þessi stéttaskipting, sem nú á að verja með harðstjórnaraðgerðum eins og þeim, sem eru ráðgerðar í þessu frv.

Ég ætla ekki að fara lengra en ég gerði áðan út í það, hvernig misræmið hefur verkað. En einu atriði vil ég þó bæta þar við, og það er það, að þeir eru sérstaklega hlunnfarnir í öllum þessum launamálum, sem vinna að framleiðslustörfum. Og ég veit það vel, að forsjármenn framleiðslunnar, ekki síst fiskiðnaðarins, eru farnir að finna fyrir því, að þeir standast ekki samkeppnina um vinnuaflið við þessi launakjör, sem hafa verið sköpuð fyrir opinbera starfsmenn og aðra, sem vinna hægari, rólegri vinnu, vinnu, sem hefur ekki í för með sér kulda, vosbúð og annað, sem auðvitað verður sérstaklega að meta og greiða fyrir. Menn forðast þá vinnu, vegna þess að hún er ekki aðeins versta vinnan, heldur er hún líka verst borguð. Og það verð ég að segja, að þó að ég sé ekki að telja eftir kaup, eins og t. d. kaup skrifstofustúlkna, þá þykja mér hlutirnir vera farnir að snúa einkennilega, ef þjálfaður verkamaður, sem stjórnar stórri vinnuvél, sem kostar millj. kr., og afkastar eftir því, á að hafa minna kaup en vélritunarstúlka með gagnfræðapróf, sem sezt í fyrsta skipti á skrifstofu, en þannig er launakerfið orðið. Svo halda menn, að hægt sé að leiðrétta allt saman með skattaívilnunum eða einhverju slíku.

Nei, það er eins og ég sagði áðan, það liggur ekki fyrir það, sem ég heyrði hæstv. viðskmrh. segja hér í umr. í Nd., að þetta sé einhver sérstök heimsþróun, sem hér er að eiga sér stað, því að það liggi í því, að sjálf uppbygging þjóðfélagsins sé að breytast, verkafólkið sé smátt og smátt að hverfa úr sögunni og sérmenntaðir menn, tæknifróðir menn og aðrir slíkir séu að taka við á öllum sviðum og þeir þurfi að fá hærra kaup, til þess að einhver vilji læra þau störf. Það er nefnilega ekki þannig, að viðreisnin hafi valdið því, að það hafi orðið nein straumhvörf í þessu. Sannleikurinn er sá, að það er fólkið, sem vinnur á sjónum við nákvæmlega sömu skilyrði og það gerði fyrir viðreisn, fólkið, sem vinnur í frystihúsunum, mennirnir, sem standa við flökunarhnífinn, mennirnir, sem standa við beitinguna, og mennirnir, sem draga línuna og netin úr sjónum, mennirnir, sem kasta síldarnótinni, það eru þeir, sem standa undir aukinni framleiðslu þjóðfélagsins í dag, og þannig mun það verða áfram. En vegna þess að því er haldið fram, að þessi launabylting, sem hefur átt sér stað í landinu, og þessi nýja stéttaskipting, sem hér er að skapast, eigi sér einhvern jafningja erlendis, við séum bara að fylgjast með tímanum og tízkunni, þá er rétt, að það komi fram, sem rétt er og ég áðan sagði, að launamismunurinn er orðinn meiri hérna en í okkar nágrannalöndum.

Á þetta er oft lagður sá mælikvarði, að það eru tekin hæstu laun, t. d. meðal opinberra starfsmanna, og deilt í með lægstu launum, og sé þetta gert, þá fáum við það út, að hlutfallið í Danmörku er 3.7, þ. e. a. s. 3.7 sinnum hærri laun í hæsta en lægsta launaflokki, í Noregi 4.5, en á Íslandi eftir þá byltingu, sem hér hefur átt sér stað, 4.8. Í fyrsta skipti áreiðanlega á þessari öld liggur það fyrir, að launamisrétti er orðið meira á Íslandi en í þessum löndum. (Fjmrh.: Er miðað við opinbera starfsmenn?) Já, það er miðað við opinbera starfsmenn.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef verkamennirnir, daglaunamennirnir, eru teknir inn í þetta dæmi, þá verður myndin af þessu enn þá hroðalegri, því að mismunur á launum verkamanna hér á landi og í okkar nágrannalöndum er orðinn gífurlegur. Hann er orðinn það mikill, að verkamenn í nágrannalöndunum hafa allt að því 100% hærri laun en á Íslandi, a. m. k. í mjög mörgum tilfellum, og áreiðanlega 70—80% hærri að meðaltali. Þessi þróun, sem verið hefur að eiga sér stað hér á landi, er áreiðanlega bæði andstæð íslenzkum hugsunarhætti og íslenzkum erfðavenjum. Og þess er engin von fyrir þá, sem fyrir þessu standa, að þeim muni haldast það uppi. Launastéttirnar á Íslandi munu ekki þola það þjóðfélagsmisrétti, sem hér er skapað. Og ég hygg, að langt út fyrir raðir verkalýðshreyfingarinnar muni vera til harðir baráttumenn gegn þeirri óhæfilegu stéttaskiptingu, sem verið er að reyna að efna hér til.

Ég sagði áðan, að þróunin í verðlagsmálunum annars vegar og kaupgjaldsmálunum hins vegar yrði að skoðast samtímis, þegar rætt væri um launamálin. Og það er rétt að líta ofur lítið á það, hvernig verðlagsþróunin í landinu hefur verið á viðreisnartímabilinu. Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með mörgum tölum um þetta, því að málið er tiltölulega einfalt og ekki ástæða til þess að orðlengja sérstaklega um það, en þróunin hefur í skemmstu máli orðið sú, að það hefur hver dýrtíðarholskeflan eftir aðra dunið yfir þjóðina, fyrst og fremst fyrir aðgerðir ríkisstj. Þar hafa tvennar gengislækkanir og stórkostlegar breytingar á skattakerfinu verið það, sem hefur haft langsamlega mesta þýðingu og valdið mestu. En í stuttu máli hefur neyzluvöruverð í landinu breytzt, eins og ég nú segi, á árunum 1958—1963:

Á árinu 1958, þ. e. a. s. síðasta ári vinstri stjórnarinnar, því árinu, þegar ýmsir sáu gínandi hyldýpi fyrir fótum sér og héldu, að við færum að steypast fram af brúninni, þjóðfélagið væri að farast fyrir það, hvað verðhækkanir væru örar í landinu, þá hækkaði neyzluvöruverðlag, þ. e. meðaltalsverðlag fyrir árið, um 7.2%. Árið 1959 hækkaði neyzluvöruverðlagið um 0.7%, en það ár var, eins og kunnugt er, verðlagi haldið niðri með sérstökum lögum, en kaupgjald aftur á móti lækkað að krónutölu um 13.4 eða 13.6%. Það ár var að vísu ár mikillar kjaraskerðingar, en stöðugt verðlag. Og það var auðvitað svo, að hagur launastéttanna versnaði á þessu ári frá því, sem var í ársbyrjun, allverulega, en hinu

verður ekki neitað, að verðlaginu var haldið stöðugu það ár og neyzluvöruverðlagið hækkaði, eins og ég sagði, ekki nema að meðaltali um 0.7%. En árið 1960, fyrsta viðreisnarárið, fer neyzluvöruverðlagið að taka við sér. Þá fer viðreisnarstefnan að sýna sig í verki, og þá hækkar neyzluvöruverðlagið um 9.5%. Árið 1961 heldur þróunin enn þá örar áfram og neyzluvöruverðið hækkar um 11.1%, 1962 mjög svipað, um 10.6%, og það sem af er þessu ári um 13%, og er árið þó ekki liðið, þ. e. a. s. að á öllum þessum 5 árum hefur verið slegið alveg nýtt met og sérstakt met núna á þessu ári. Það er hvorki meira né minna en það, að verðhækkunin, sem hefur orðið á þessu ári og verður á þessu ári, er bara tvöfalt hengiflugið frá 1958. Það er bara tvöfalt hengiflugið, það er ekkert annað á einu ári.

Miðað við, að verðlag neyzluvarnings 1957 sé sett sama sem 100, hefur það á viðreisnartímabilinu frá 1958—1963 hækkað úr 111 stigum í 213 stig, eða um 102 stig. Á sama tíma og þessi þróun hefur orðið, hefur svo kaup almenns verkafólks breytzt þannig, að á árinu 1959, þegar verðlag var stöðugt, hvorki hækkaði né lækkaði, svo að teljandi væri, var kaupið lækkað um 13.4%. Næsta ár, þegar verðlagið hækkaði um 9.5%, fengu launastéttirnar enga hækkun og urðu að þola þessa hækkun á neyzluvarningi algerlega bótalaust. Árið 1961 verða svo kauphækkanir, sem fara langt í það, en þó ekki alveg, að ná hækkuninni á neyzluvöruverðlaginu, kauphækkun upp á 10%, hækkun neyzluverðlags upp á rösk 11%. Og 1962, þegar félög láglaunamanna fengu frá 5—9½% kauphækkun, hækkar neyzluvöruverðlagið um 10.6%. Og svo er mönnum kunnug þróunin á þessu ári, að ég sé ekki ástæðu til að rekja það.

Það er sem sagt niðurstaðan, að á viðreisnartímabilinu, frá því í okt. 1958 og þangað til í okt. 1963, hefur neyzluvöruverð hækkað um 62%, en um 65%, ef maður miðar við ástandið eins og það var eftir niðurfærslulög Alþfl. í ársbyrjun 1959. Og það, sem kannske sérstaklega er athyglisvert við þetta, er það, að hraðinn hefur farið sívaxandi. Á árunum 1956—1958, á árum vinstri stjórnarinnar, hækkar vísitala neyzluverðlagsins um 13 stig. Á árunum 1958—1960, jafnlöngum tíma, um 15, en á árunum 1960—1962 um 33 stig. Þróunin er sú, að hækkun verðlagsins er eins og snjóskriða, sem rífur meira og meira með sér og verður umfangsmeiri, eftir því sem hún kemur neðar í hlíðinni.

Það er auðvitað ekki eingöngu að líta á þróunina í verðlagsmálunum, heldur verður líka að hafa hliðsjón af kaupgjaldinu og meta það saman. Og ég hef að nokkru leyti svarað því áður, er ég sagði, að kaup verkamanna hefði hækkað um 26—28%, en embættismannanna upp í 141%. En það liggur auðvitað alveg í augum uppi fyrir alla, sem aðgæta þetta, og raunar í sjónhendingu, það þarf ekki neinnar nákvæmrar athugunar við, að engin láglaunastéttanna í þjóðfélaginu hefur fengið bætta upp dýrtíðina, þ. e. a. s. þær hafa raunverulega allar orðið fyrir stórfelldum launalækkunum á þessu tímabili. Og það er sama, hvernig þetta dæmi er reiknað og hvaða viðmiðunartími er valinn, það er nákvæmlega sama. Niðurstaðan verður alltaf sú, að bilið á milli eðlilegs tilkostnaðar við framfærslu og launa fyrir ákveðna tímaeiningu, sem er það eina, sem hægt er að reikna með, og eina, sem rétt er að reikna með, hefur farið vaxandi ár frá ári og er orðið nú svo óbærilega breitt, að það er ekki nokkur von til þess, að láglaunastéttirnar geti unað við það.

Ef við athugum þetta eftir svolítið annarri leið en ég fór áðan og tökum breytingarnar á útgjöldum vísitölufjölskyldunnar, sjáum við, að miðað við marz 1959 og grundvöllinn, sem þá var lagður, eru útgjöld vísitölufjölskyldunnar á ári 66 181 kr. En launin með því kaupi, sem þá gilti, þ. e. a. s. eftir að Alþfl. hafði lækkað það um 13.4%, urðu 49 600 kr. yfir árið, þ. e. a. s. að þá, eftir niðurfærslulögin, vantaði verkamenn í almennri vinnu 16 581 kr. á það að hafa fyrir útgjöldunum, eins og þau eru reiknuð hjá vísitölufjölskyldunni. En núna í dag stendur málið þannig, að útgjöld vísitölufjölskyldunnar eru 95 500 kr., en kaupið í almennri verkamannavinnu gefur 67 200 kr. yfir árið með því að vinna 8 klst. á hverjum degi, þ. e. a. s. að núna vantar ekki 16 500 kr. eins og 1959, heldur 28 300. Við þennan mismun vil ég svo bæta og tel rétt að bæta hækkun húsnæðiskostnaðar á þessu tímabili, en í útreikningi framfærsluvísitölunnar er ekki gert ráð fyrir meiri aukningu en svarar til viðhaldskostnaðaraukningar á meðalstóra íbúð, og þar af leiðandi hefur ekki komið nein hækkun, sem talizt geti, inn í vísitöluna í því sambandi. Og ég hygg, að það sé sanngjarnt og meira að segja farið mjög vægt í sakirnar að segja, að húsnæðiskostnaður hafi vaxið um 1500 kr. á mánuði. Ég held, að það geti enginn vefengt það, að hækkunin er í raun og veru miklu meiri. En þá kemur út, að bilið hefur ekki aukizt um mismuninn á 29 þús. og 16 þús., heldur hefur það aukizt um 12 þús. plús 18 þús., þ. e. a. s. um 30 þús. kr. Bilið milli útgjalda vísitölufjölskyldunnar og launa verkamanns hefur vaxið sem algert lágmark um 30 þús. kr. frá því 1959.

Þetta er svo auðvitað allra mildasta aðferð til samanburðar, sem nokkur möguleiki er á að gera, vegna þess að kaupgjaldið hefur hækkað miklu minna, ef maður miðar t. d. við okt. 1958, eða jan. 1959, heldur en frá marzmánuði 1959, vegna niðurfærslulaganna, sem þá eru gengin í gildi.

Nú vil ég ekki draga það í efa, að verkalýðurinn í landinu mundi kannske taka ýmsu með þögn og þolinmæði, ef það lægi fyrir, að þjóðarbúið hefði orðið fyrir einhverjum stórkostlegum skakkaföllum á þessu tímabili, því að ég held, að það hafi aldrei staðið á verkalýðnum eða bændum að taka á sig réttlátar byrðar, þegar illa gengur í þjóðfélaginu, og kannske hefðu þær stéttir sætt sig við þá miklu kjaraskerðingu, sem orðin er, ef einhver sérstök óáran hefði gengið yfir landið. En það er nú ekki aldeilis, að svo hafi verið. Á þessu tímabili hefur hvert góðæri komið eftir annað. Aflamet hafa verið sett sumar eftir sumar og ár eftir ár. Framleiðsla þjóðarinnar hefur farið sívaxandi. Þjóð-

artekjurnar hafa farið sívaxandi. Hreinar þjóðartekjur á mann hafa farið sívaxandi og hafa þrátt fyrir alla óstjórnina, sem verið hefur í landinu, lagt grundvöll að því, að vinnustéttirnar ættu að geta búið við betri kjör en nokkurn tíma áður. Þannig jukust hreinar þjóðartekjur á mann á árinu 1960 um 5%, 1961 um 4% og 1962 um 8%, eftir því sem Efnahagsstofnunin segir okkur. En á sama tíma gerist það svo, eins og ég rakti, að kjör verkafólks fara síversnandi.

Nú hygg ég, að hæstv. ráðh. komi og segi eitthvað á þá leið, að vinnutíminn hafi bætt þetta allt saman upp, menn hafi getað unnið svo langan vinnudag, að tekjurnar hafi getað orðið nægilegar af þeim ástæðum. En um þessa röksemd er það fyrst að segja, að auðvitað er vinnutíminn einn hlutinn af lífskjörunum og jafnvel einn sá allra mikilvægasti. Ef vinnutíminn er lengdur, þýðir það, að lífskjörin eru verri. Eða halda menn, svo að maður taki þetta nú algerlega viðskiptalega, að kaupmanni sé alveg sama um það, þó að hann, ef hann vill fá eitthvað meira fyrir sína vöru, bæti ótakmarkað við vörumagnið? Hlýtur hann ekki alltaf að miða söluverðið við sjálft vörumagnið, hverja einingu? Og hlýtur ekki verkamaðurinn, sem selur vinnu sína, að meta það eitt, hvað hann fær fyrir hverja vinnueiningu? Ég held, að þetta sé svo ljóst sem nokkur hlutur getur verið.

Í þessu sambandi er ekki úr vegi að athuga það, að krafan um tiltölulega stuttan vinnudag, ekki lengri en 8 stundir, var sett fram um allan heim um síðustu aldamót. Og hún er orðin raunveruleiki í öllum hinum menntaða heimi fyrir langalöngu, og víðast hvar er vinnutíminn miklu styttri, jafnvel meira en helmingi styttri. Og krafa verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu er nú að stytta vinnutímann niður í 36—40 stundir. En meðan þessu fer fram úti í heimi, telja íslenzk stjórnarvöld sjálfsagt, að íslenzkir verkamenn vinni ekki bara 8 tíma, ekki 10 tíma, heldur vinni á nóttunni og helgidögum líka til þess að geta haft fyrir brýnustu nauðsynjum sínum, og ætla sér að setja sérstök lög um það, að þessu ástandi skuli halda áfram. Það er áhugi þeirra fyrir að stytta vinnudaginn á Íslandi.

Ég vil svo bæta því við um þessa röksemd, sem oft hefur verið tengd í málflutningi hæstv. ráðh. við svonefndar úrtaksrannsóknir, sem hafa verið gerðar í sambandi við verðlagningu landbúnaðarvara, að þær gefa auðvitað algerlega falska mynd af því, hver kjör verkamanna eru. Það er nú í fyrsta lagi, að þar er slengt saman þremur ólíkum kaupgreiðslukerfum, í fyrsta lagi tímakaupsmanna, verkamanna, og hins vegar ákvæðisvinnukerfi iðnaðarmanna og loks hlutaskiptakerfi sjómanna. Og úr þeim hrærigraut fæst auðvitað enginn mælikvarði á það, hvernig launatekjur eða launakjör þessara stétta eru hver fyrir sig. Og það er ekki fyrr en núna alveg nýlega, að á þessu hefur fengizt nokkur sundurgreining, þó að hins vegar hæstv. ráðh., eins og t. d. hæstv. viðskmrh., hafi ár eftir ár verið að nota tölur um þetta úrtak kaupskerðingarstefnu sinni til framdráttar, bæði hér á hv. Alþingi og á opinberum vettvangi annars staðar.

En jafnvel þó að við tökum nú gott og gilt það, sem við fáum út úr þessu, þá sést, að um mjög verulega skerðingu á sjálfum launatekjunum, án þess að nokkurt tillit sé tekið til vinnutímans, hefur verið að ræða hjá verkamönnum á viðreisnartímabilinu. Ef launatekjur verkamanna hér í Reykjavík eru færðar til verðlags 1961, fáum við út, að 1959 hafi launatekjurnar verið á því verðlagi 86 600 kr., árið eftir fara þær niður í 80 655 kr., árið 1961 enn þá niður í 72 695, það er enn þá lækkun um 8 þús. yfir árið, jafnvel þó að menn leggi miklu harðar að sér við eftirvinnu og næturvinnu en áður, og það er ekki fyrr en á árinu 1962, sem um svolítinn bata er að ræða, en þá hækka tekjurnar miðað við þetta verðlag upp í 80 þús., en eru samt, þrátt fyrir aukna vinnutímann og þrátt fyrir allt, sem menn hafa lagt á sig til þess að geta séð heimilum sínum farborða, þá er um lækkun upp á hálft sjöunda þúsund að ræða frá 1959. Þetta er sannleikurinn í málinu. Þegar búið er að taka út úr dæminu iðnaðarmennina og sjómennina, þá stendur þessi mynd eftir af kjörum verkamannanna, svo að það dugir ekki lengur fyrir hæstv. ráðh. og fyrir hæstv. ríkisstj. að verja kjaraskerðingarstefnu sína með því, að menn geti lagt meira að sér við vinnu en áður, enda held ég nú, að svo sé komið, að engum detti í hug, að menn geti þolað frekari kjaraskerðingar með því að bæta á sig meiri vinnu en orðið er. En það kalla ég hámark í falsi, þegar hæstv. fjmrh. kemur svo fram, eins og hann gerði hér áðan, og telur sig hafa sérstakan áhuga á því, að vinnutími verkafólks á Íslandi sé styttur. Ýmislegt má nú bjóða manni, en ekki þetta.

Það liggja nefnilega alveg óyggjandi heimildir fyrir því, að yfirvinna og næturvinna verkafólks er orðið svo ofboðsleg, að ég efast um, að dæmi til nokkurs hliðstæðs finnist í okkar þjóðfélagi, þó að við leitum allt aftur til aldamótanna síðustu. Samkv. alveg óyggjandi heimildum liggur það fyrir, að á árinu 1961 höfðu verkamenn ekki nema 66.1% af tekjum sínum með dagvinnunni einni, 13.6% með eftirvinnu og 20.3% með næturvinnu, eða samanlagt með eftir- og næturvinnu höfðu þeir um 34% af launatekjum sínum, — verkakonurnar 21% af launatekjum sínum, iðnverkamenn 27%, en iðnverkakonur, sem eru þarna lægstar, aðeins 5.8%. Þetta eru auðvitað bara kaldar tölur, en þær segja okkur ískyggilega og ljóta sögu. Þegar svo er komið, að verkafólk verður að vinna fyir röskum fimmta partinum af launum sínum á þeim tíma, sem á að notast til svefns og hvíldar, þá er orðið eitthvað athugavert við sjálft þjóðfélagið, þá er orðið eitthvað athugavert við hlutina. Og það verður að gæta vel að því, að þarna er bara um meðaltalstölur að ræða. Hvað þýðir það? Það þýðir, að a. m. k. helmingur af mönnum eða mjög stór hluti manna verður að leggja miklu harðara að sér við yfir- og næturvinnu heldur en þetta. Og hvað þýðir þetta gagnvart hinum? Það þýðir, að þeir eru lengra frá því en með nokkrum tölum verður talið að ná þeim launum fyrir vinnu sína, sem þarf til þess að lifa allt árið.

Af þeim tölum, sem ég áðan fór með um launatekjur verkamanna, liggur það alveg ljóst fyrir, að þrátt fyrir þessa ofboðslegu yfirvinnu, þrátt fyrir þessa ofboðslegu næturvinnu og það ofboðslega álag, sem lagt er á menn, álag, sem er ekki bara að eyðileggja heilsu manna, heldur allt eðlilegt heimilislíf og allt menningarlíf þessa fólks, þá ná þeir ekki endunum saman, þá nást ekki þær tekjur, sem lægstar verða áætlaðar, til þess að hægt sé að framfleyta fjölskyldu. Þessir hlutir gætu a. m. k. hvergi átt sér stað í Evrópu, og ég hygg, að miklu lengra þyrfti að leita til þess að finna nokkur hliðstæð dæmi við það ástand, sem skapazt hefur í þessum málum. Og svo koma hæstv. ráðh. hér fram fyrir hv. Alþingi og fullyrða það hver um annan þveran, að þjóðin hafi aldrei haft það betra, þjóðinni hafi aldrei liðið betur en núna. Hvaða þjóð er það, sem þeir eru að tala um? Halda þeir, að þeir séu sjálf þjóðin með sína 141% kauphækkun, eða er það verkafólkið, sem borgar þeim launin?

Ég hygg, að jafnframt því sem við athugum verðlagsþróunina og launaskiptinguna í landinu, eins og ég hef gert í mjög stuttu máli, þá sé rétt að fara nokkrum orðum um þau efnahagslegu röku, sem liggja fyrir því, að beita á nú láglaunastéttirnar í landinu þeim þvingunaraðgerðum, sem nú eru fyrirhugaðar, og fram eru færð fyrir því, að það eigi að banna allar kauphækkanir, og meira að segja gengið svo langt að banna atvinnurekendum að borga af fúsum og frjálsum vilja það kaup, sem þeir vilja gjarnan láta sitt starfsfólk njóta, því að það er ekki leyfilegt skv. þessum lögum. Þó að einhver reki fyrirtæki, sem skilar stórkostlegum gróða, og atvinnurekandinn vilji láta verkafólkið njóta einhvers í af því, þá er honum bannað það með lögum, og það er sú sama hæstv. ríkisstj., sem ber þessi firn fram, sem hét því við valdatöku sína að skipta sér ekki nokkurn skapaðan hlut af því, hvað atvinnurekendur og launamenn semdu um, Það væri verk hagsmunasamtakanna, sagði ríkisstj.

Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa hér í þessari hv. þd. fært fram tvenn meginrök til þess, — ég verð að setja gæsalappir utan um „rökin“ — tvær meginástæður fyrir því, að til þessara aðgerða á að grípa, og þessar tvær meginástæður eru annars vegar stórkostlegur gjaldeyrishalli við útlönd og of mikil fjárfesting, í sviga aftan við það, og í öðru lagi staða útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisaðstaða þeirra við aðrar þjóðir. Það er auðvitað fullkomlega réttmætt að athuga þessi rök þeirra.

Okkur er sagt, og því trúum við a. m. k. vel, þó að við trúum öðru miður, sem þessir hæstv. ráðh. segja, að gjaldeyrishallinn við útlönd sé geigvænlegur, vöruskiptajöfnuðurinn hafi orðið óhagstæður um, að mig minnir, 700 millj. kr. á sjö mánuðum, þ. e. a. s. að eftir að viðreisnarstjórnin, sem setti sér það fyrst takmark af öllum takmörkum að jafna viðskipti okkar við aðrar þjóðir, hefur setið að völdum í 4—5 ár, þá verður jafnmikill greiðsluhalli á sjö mánuðum af einu ári, rösku hálfu ári, eins og hann var öll árin 1955—58, að báðum meðtöldum. Ég viðurkenni, að þetta er ekki fært til sama verðlags, en það breytir ekki því, að menn sjá, hvernig þessi hæstv. ríkisstj. hefur haldið á spilunum. Og þessi greiðsluhalli á árunum 1955—58, sem talinn var nema 776 millj., eftir því sem segir í þeirri viðfrægu bók Viðreisn, hann var talinn svo óskaplegur, að grípa þurfti að dómi þeirra flokka, sem þá voru að taka við völdum í landinu, til alveg sérstakra og óvenjulegra aðgerða til mikillar kjaraskerðingar fyrir fólkið í landinu, og það átti sem sagt að vera megintilgangur viðreisnaraðgerðanna 1960 að ráða bót á þessum óskaplega greiðsluhalla, sem hafði, að því er þeir sögðu, fyrirgert öllu trausti þjóðarinnar erlendis.

Það er nú svo aftur kapítuli út af fyrir sig, að um leið og þessu var haldið fram, þá var vinstri stjórnin skömmuð alveg sérstaklega fyrir það, hvað hún tæki mikil erlend lán, svo að eitthvað var nú ofur lítið bogið við röksemdafærsluna, en það er önnur saga. Og líka hitt, að í þessum röksemdum hæstv. ríkisstj. fyrir viðreisninni var því auðvitað alveg sleppt, að vinstri stjórnin var á góðum vegi með að jafna þennan halla og hafði því sem næst tekizt það á árinu 1958. En það er ekki ástæða til þess að fara lengra út í þá sálma við þetta tækifæri.

Ástæðurnar fyrir þessum mikla greiðsluhalla telur svo ríkisstj. vera þær, að þjóðin almennt krefjist of mikils, við förum of geyst í það að heimta til okkar öll lífsins gæði, og við verðum að stanza og þrengja að okkur, og hún er með læknisráðið alveg tilbúið, það er það, sem birtist í þessu frv., þ. e. a. s. að skerða laun þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu með þvingunarlögum, það er húsráðið, sem hæstv. ríkisstj. hefur við því, að henni hefur tekizt að koma svo málum þjóðarinnar, að á viðskiptum hennar verður jafnmikill halli á rösku hálfu ári og fimm árum fyrir valdatöku hennar. Það er húsráðið að lækka laun verkafólksins í landinu, til þess að það fái ekki ávísanir á allt of mikið af lífsgæðum frá útlöndum.

Ég veit ekki, hvað á að kalla þetta, en vægara orð en ranga sjúkdómsgreiningu á ástandinu, held ég, að sé varla hægt að viðhafa, og það sé ekki mjög líklegt, þegar læknirinn fer svo villur vegar, um hvaða sjúkdóm er að ræða, að það sé ekki líklegt, að hann sé fær um að lækna hann, því að sannleikurinn er auðvitað sá, eins og ég þykist hafa sannað fyrr í minni ræðu, að verkalýðurinn í landinu fær ávísanir á miklu minni lífsgæði en nokkurn tíma áður. Hann hefur aldrei búið við lægri laun og fær þess vegna raunverulega ávísanir á minni erlendan gjaldeyri eða hver önnur gæði, sem um er að ræða, jafnvel þótt hann leggi nótt við dag við framleiðsluna og við sína vinnu. En það skyldi nú aldrei vera, að aðrir aðilar í þjóðfélaginu hefðu fengið helzt til háar ávísanir?

Hvernig skyldi það t. d. vera með verzlunarstéttina? Henni hefur af núverandi stjórnarvöldum verið gefinn kostur á því á undanförnum árum að taka stutt vörukaupalán erlendis. Ég bið hæstv. fjmrh. að leiðrétta það, ef það er ekki rétt hjá mér, að núna á þessu ári hafi verzlunarstéttin notað sér þetta þannig, að hún

hafi fengið þessi lán aukin, hún hafi aukið þessi lán um 300 millj. kr., og ég bið hann líka að leiðrétta það, ef það er ekki rétt hjá mér, að á sama tíma og innflutningsverzlunin, heildsalarnir, hefur fengið þannig 300 millj. kr. á lágum vöxtum til þess að gera innkaup á ýmiss konar varningi, þörfum sem óþörfum, þá hafi verzlunin fengið í sinn hlut á þriðja hundrað milljóna af útlánaaukningu bankanna, þ. e. a. s. að verzlunin hafi í heild núna á þessu ári fengið hátt í 600 millj. kr. af auknu lánsfé, þ. e. a. s. 500—600 millj. kr. í falskri kaupgetu, til þess að kaupa inn vörur til landsins. Og það skyldi nú aldrei vera, að orsakir greiðsluhallans gæti að einhverju leyti verið að rekja til þessara furðulegu hluta, að verzlunarstéttin fái á einu ári í útlánaaukningu jafnmikið fé eða því sem næst jafnmikið fé og nemur allri sparifjáraukningunni í landinu á sama tíma? En framleiðslan, sjávarútvegurinn, hvað ætli hún hafi fengið? Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að sjávarútvegurinn hafi fengið minni aukningu útlána en nemur birgðaaukningunni í landinu, þ. e. a. s. að bankakerfið, peningakerfið hafi dregið við sig við sjálfan aðalútflutningsatvinnuveginn og landbúnaðurinn hafi á sama tíma fengið 36 millj.

Nei, það er vissulega ekki nein furða, þó að ýmislegt gangi úrskeiðis í okkar þjóðfélagi og ýmislegt þurfi lægfæringar og hreingerningar við, vil ég segja, þegar svona er haldið á málunum, þegar aðalstéttin í þjóðfélaginu, eins og heildsalarnir, er látin valsa á einu ári með alla sparifjáraukningu landsmanna, en atvinnuvegirnir eru sveltir, þeir sem eiga að útvega fé og standa undir allri verðmætasköpun í þjóðfélaginu. (**Fjmrh.**: Má ég spyrja: Hvaðan hefur hv. þm. þessar tölur?) Ég bað hæstv. ráðh. að leiðrétta þetta, ef þetta væri ekki rétt, og ég vona þá, að ef þessar tölur eru rangar, þá komi hann með hinar réttu tölur í sinni ræðu. Ég sé enga ástæðu til þess, að ég standi hér frammi fyrir hæstv. ráðh. sem einhverjum rannsóknardómara. Hér er enginn rannsóknarréttur um það, hvaðan ég hef mínar heimildir. (**Fjmrh.**: Þessar tölur eru meira og minna rangar.) Þær réttu tölur koma þá, og það verða þá dregnar réttar ályktanir af þeim. Ég held því miður, að þessar tölur séu ekki fjarri sanni.

Það var tekið lán í Bretlandi snemma á þessu ári, rétt fyrir kosningar. Það þótti ákaflega þægilegt fyrir hæstv. ríkisstj., fyrir ráðherrana og aðra frambjóðendur stjórnarflokkanna að geta mylgrað þessu út í ýmsar framkvæmdir, megnið af því að vísu vafalaust þarfar framkvæmdir, en þar var einnig um stórar upphæðir að ræða. Ég man þær ekki upp á tug, en örugglega var þar um að ræða meira en 200 millj. kr. Og það skyldi nú aldrei vera, að með t. d. þessu láni, ofan á aukninguna til verzlunarinnar, hafi verið gefnar heldur meiri ávísanir á verðmæti, á erlendan gjaldeyri, heldur en hollt var fyrir okkar efnahagskerfi? Og þegar það bætist svo við, hvernig miklu af þessum gjaldeyri hefur verið varið, þá verður myndin, vil ég segja, töluvert óhugnanlegri en sú, sem ég hef verið að reyna að draga hér upp. Þegar það kemur upp, að mjög mikill hluti af þessu er látinn í jafnarðbæra hluti og lúxusbíla og annað slíkt, eða þegar sjónvarpstæki eru keypt, kannske fyrir 100 millj. kr., til þess að yfirstéttin hér í Reykjavík geti horft á hermannasjónvarpið frá Keflavík, og þessu fé, sem tekið er af sparifé landsmanna og látið í hendur heildsalanna hér í Reykjavík, er varið á slíkan hátt, þá er varla von, að vel fari. Og þegar það gerist á sama tíma og þetta, að atvinnuvegunum er neitað um það í bönkum að fá lán til að geta komið framleiðslu sinni á hagkvæmari grundvöll, fengið lán t. d. til þess að auka framleiðni og annað slíkt, til þess þarf oft mikla fjárfestingu, — þegar atvinnuvegunum er neitað um það að reyna að nýta vinnuaflið betur en áður í þeirri eklu og eftirspurn, sem er eftir vinnuafli, á sama tíma og verzlunarstéttinni er fengið ótakmarkað fé til hverrar ráðstöfunar sem vera skal, þá er varla von, að vel fari.

Nei, ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að gjaldeyrishallinn í líkingu við það, sem hann hefur orðið fyrir tilverknað núverandi stjórnarvalda, verður ekki læknaður með því að lækka laun láglaunastéttanna, og ég held, að þó að þær fengju mjög verulegar kjarabætur, þá mundi það ekki skapa stórkostlega aukna eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Ég held þvert á móti, að kjarabætur til handa þeim lægst launuðu mundu fyrst og fremst þýða það, að það yrði svolítið auðveldara fyrir fólkið í landinu að koma sér upp sæmilegu húsnæði, koma þaki yfir höfuð sér. Það kostar að vísu nokkurn gjaldeyri, en það er gjaldeyriseyðsla, sem hvort sem er verður aldrei komizt hjá til lengdar, og það hlýtur að vera alger villa að ætla sér að hindra það, að eðlileg aukning húsnæðis í landinu eigi sér stað. Og ég held, að aukin eftirspurn eftir því, sem svarað væri með eðlilegum hætti og með kjarabótum til þeirra, sem erfiðast eiga í þessum efnum, yrði alls ekki til þess að auka gjaldeyrishallann, svo að mikið tjón hlytist af. Ég held, að gjaldeyrishallinn verði hvorki nú né síðar læknaður með öðru en því, að einhverri stjórn verði komið á það, hvernig gjaldeyri okkar er varið. Ég held, að það hafi sýnt sig, að þetta svokallaða verzlunarfrelsi, sem hæstv. ríkisstj. hefur gumað svo mikið af, það er ekkert annað en tóm vitleysa, og í því ber að leita fyrst og fremst orsakanna til þess, hvernig komið er í gjaldeyrismálunum. (**Forseti**: Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni?) Ég er rétt að byrja. (**Forseti**: Eins og hv. þm. veit, þá hefjast nú útvarpsumr. kl. 8, og ég hafði hugsað mér að vera ekki lengur en til kl. 7, þannig að ef hv. þm. er ekki nema hálfnaður með ræðu sína og er búinn að tala eitthvað í tvo tíma, þá held ég, að við verðum að hætta núna og hann verði þá að fresta ræðunni.) [Frh.]

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Ed., 7. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Björn Jónsson [frh.]: Herra forseti. Meðan ég var að tala hér í gær, greip hæstv. fjmrh. fram í fyrir mér og taldi, að ég færi með alrangar tölur, þar sem ég ræddi um þá miklu útlánaaukningu, sem verzlunarstéttin, heildsal-

arnir hefðu fengið núna á síðustu tímum, sérstaklega á þessu ári, og hæstv. ráðh. ætlaði að fara að halda einhvern rannsóknarrétt yfir mér, meðan ég stóð hér í ræðustólnum. Ég hafði þá ekki tiltækar þær tölur, sem ég þurfti á að halda máli mínu til sönnunar, en hef síðan aflað mér þeirra, og ég vildi, áður en ég held lengra í ræðu minni, fara með nokkrar staðreyndir um þau mál.

Ég hef hér fyrir framan mig nokkurt yfirlit yfir það, hvernig útlánaaukning hefur átt sér stað frá 1961, 1962 og það sem af er þessu ári, og þær tölur eru eftir alveg óyggjandi heimildum, sem jafnvel hæstv. fjmrh. mun ekki reynast fært að hnekkja, því að þær eru beint upp úr bókhaldi Seðlabankans. Þessar tölur eru þannig, að árið 1961 nam útlánaaukning í landbúnaði 66.5 millj., útlán til sjávarútvegsins minnkuðu það ár um 87.2 millj., en verzlunin, hennar lán jukust á þessu ári, sem dregið var þannig úr útlánum til sjávarútvegsins, um 106.8 millj., eða aukningin hjá verzluninni var töluvert meiri en minnkunin hjá aðalútflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar. Á árinu 1962 minnkaði útlánaaukningin til landbúnaðarins niður í 60.2 millj., en útlán til sjávarútvegsins jukust það ár rétt um þriðjung af því, sem þau höfðu minnkað árið áður, eða aukningin var 29.8 millj., en verzlunin var eftir sem áður óskabarnið, sem varð að sitja fyrir lánsfé þjóðarinnar, og útlán til hennar jukust enn um 159 millj., eða samtals á þessum tveimur árum um 266 millj. kr., á sama tíma og útlán til sjávarútvegsins höfðu minnkað um röskar 50 millj. Þetta er sagan um þessi tvö fyrri viðreisnarár. Á þessu ári, sem nú er að líða, hefur það gerzt, að á 7 fyrstu mánuðum ársins hafa útlán til landbúnaðar aukizt um 36.9 millj., útlán til sjávarútvegs um 199 millj., eða nokkurn veginn um sömu upphæð og birgðaaukning hefur orðið hjá sjávarútveginum. Raunverulega hefur ekki verið um neina aukningu þar að ræða. En verzlunin heldur áfram að skera sig algerlega úr og hefur hlotið útlánaaukningu úr hinu almenna bankakerfi upp á 232 millj. kr., eða alveg sömu tölu — að vísu rúnnaði ég þær kannske af í gær — eins og ég þá nefndi og hæstv. fjmrh. vildi rengja mig um að væri rétt. Á sama tíma hefur það svo skeð, að stutt vörukaupalán erlendis eru komin upp í 550 millj. kr., en voru á sama tíma í fyrra 373 millj.

Þau auknu lán, sem verzlunin hefur fengið á þessu ári, eru í fyrsta lagi þessar 232 millj., sem hún hefur hlotið úr bankakerfinu, og 180 millj. að auki, sem hún hefur hlotið í stuttum vörukaupalánum, eða samtals á 5. hundrað millj. kr., 412 millj. kr. Þessa tölu hygg ég, að enginn geti hrakið. En sparifjáraukningin á þessu sama tímabili, það sem af er þessu ári, er 440 millj., og ætla ég þá, að það liggi alveg ljóst fyrir, að ég fór með rétt mál hér í gær, þegar ég hélt því fram, að verzlunarstéttin, heildsalarnir fyrst og fremst, hefði fengið á þessu ári í auknu lánsfé upphæð, sem svaraði því sem næst til allrar sparifjáraukningar landsmanna á þessu tímabili.

Ég ræddi hér í gær nokkuð ýtarlega um þá stórfelldu breytingu, sem raunverulega væri að gerast í stéttaskiptingunni í landinu, og nefndi nokkur dæmi um þróun hálauna í því sambandi. Ég rakti þá sögu, hvernig ráðh. hæstv. ríkisstj. hefðu af mikilli skyndingu, rétt áður en þeir slógu slagbröndum fyrir það, að láglaunastéttirnar gætu rétt hlut sinn, hækkað laun t. d. bankastjóra, og sagði í því sambandi, að þeirra árslaun mundu vera um 360 þús. kr. á ári. Ég verð við nánari athugun að biðja velvirðingar á þessu, því að þetta er rangt, því að það er miklu nær sanni og það rétta, að laun bankastjóranna, þessara manna, sem hafa ca. 6 klst. vinnuviku, ef ekki er talinn með sá tími dagsins, sem þeir líta á víxla og drekka eftirmiðdagskaffið sitt um leið, þau eru ekki 360 þús., heldur a. m. k. 426 þús. á ári, og þó vantar ýmis hlunnindi. Þetta er þannig, að í beinum launum í þessa 13 mánuði, sem þeir telja vera í árinu, fá þeir í laun 286 þús. kr. Þar að auki hafa þeir risnufé skattfrjálst upp á 50 þús. kr., og það er öllum kunnugt, að þeir veita manni aldrei svo mikið sem kaffisopa öðruvísi en láta skrifa það á reikning viðkomandi banka, þannig að þetta eru laun, sem eru skattfrjáls. Þar að auki hafa þeir bílastyrk, sem er lágt metinn 50 þús. kr. á ári, og ofan á þetta hafa þeir 40 þús. kr. fyrir að leggja á sig þá miklu aukavinnu til viðbótar þeim 6 klst., sem þeir vinna annars á viku, 40 þús. kr. fyrir að mæta á fundum með bankaráði, en þeir fundir munu vera haldnir í hæsta lagi einu sinni í mánuði, og mun þó vera oft og tíðum, sem miklu lengri tími líður milli funda. Þetta gerir samtals 426 þús. kr. Ofan á þetta hafa svo þessir menn þau hlunnindi að hafa frían ferðir hvert sem er út úr landinu, og a. m. k. mjög margir þeirra nota sér það mjög óspart. Þá eru líka ótaldar þær tekjur, sem ýmsir af þessum mönnum hafa af hlutum eins og t. d. af því að sitja á Alþingi, sem mætti nú meta kannske svo sem 90 þús. kr. á ári, og fer þá ekki að liggja mjög fjarri því, að laun þessara manna séu í kringum hálfa millj. á ári, og hygg ég þó, að það sé frekar vanmetið en ofmetið.

Ég taldi það sjálfsagt að leiðrétta þessa missögn mína, svo að það sanna mætti koma í ljós í þessu máli, því að þetta er vissulega athyglisverð mynd af því ástandi, sem er að skapast í launamálum okkar.

Ég hafði, þegar ég gerði hlé á máli mínu hér í gær, rætt nokkuð í fyrsta lagi um þær viðtökur, sem þetta frv., sem hér er til umr., hafði hlotið úti á meðal fólksins, á heimilunum, á vinnustöðunum og í verkalýðsfélögunum, og sýnt fram á það, hvernig það er að gerast, að það er að skapast þjóðarsamstaða gegn þessum aðgerðum, sem hér eru fyrirhugaðar. Ég spáði því þá, og ég spái því enn, að það, sem hingað til hefur gerzt í þessu, er aðeins fyrirboði þess, sem eftir á að ske. Og ég vil í því sambandi minna hv. stjórnarliða á það og undirstrika, hvernig það hefur orðið ljósara með hverjum deginum, að menn láta ekki skipta sér í pólitíska flokka út af þessu máli, hvorki í verkalýðsfélögunum né annars staðar. Nýjasta dæmið af þessu tagi gerðist í gærkvöld á fundi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur,

sem var mjög fjölmennur og þar sem mættir voru a. m. k. 500 menn. En áður en þessi fundur var haldinn, hafði það gerzt, að stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hafði samþykkt mótmæli, að vísu fremur væg, gegn frv., en hafði hins vegar fellt það að skora sérstaklega á Alþingi að fella frv. En á fundinum í gærkvöld gerðist það, að ekki aðeins fundarmenn, heldur stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur féllst á till., sem var orðuð á þá leið, að þar var skorað mjög fastlega á Alþingi að fella þetta frv., og meðal þeirra, sem sættust á þessa niðurstöðu á fundinum, voru tveir af varaþm. Sjálfstfl., Guðmundur Garðarsson og Sverrir Hermannsson. Þannig þróast málin dag frá degi. Andstaðan gegn þessu frv. verður sterkari með hverri klukkustund og hverjum degi sem líður.

Ég hef hér fyrir framan mig nokkur af mótmælum, sem ég tel sérstaklega athyglisverð fyrir hæstv. ríkisstj. og fyrir hv. talsmenn ríkisstj., m. a. frá Verkakvennafélaginu Framsókn. Ekki verður hún sökuð um kommúnisma, en í ályktun þess félags er því slegið föstu, að það sé stefnt að því með þessu frv. að skerða frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaganna, og það er heitið á alla meðlimi þess að standa vörð um lögvarin réttindi til þess að semja um laun og kjör. Ég hef líka hér mótmæli Hins íslenzka prentarafélags. Ég hef hér mótmæli Flugvirkjafélags Íslands. Ég hef hér mótmæli stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem skipuð er mönnum úr öllum flokkum. Og ég hef fyrir framan mig mótmæli stjórnar og trúnaðarmannaráðs Múrarafélags Reykjavíkur. Þau eru öll stutt, en segja sína sögu, svo hljóðandi eru þau síðustu: „Stjórn og trúnaðarmannaráð Múrarafélags Reykjavíkur mótmæla harðlega fram komnu frv. um launamál o. fl. og telja slík lög, hverjir sem setja þau, freklega skerðingu á samningsrétti stéttarfélaga.“

Það er nefnilega að dómi þeirra jafnmikil skerðing á réttindum verkalýðssamtakanna, hvort sem það eru þeirra eigin flokksbræður í hæstv. ríkisstj. eða einhverjir aðrir, og það er vissulega rétt.

Ég hafði líka í ræðu minni í gær rakið það nokkuð, hver væru einsdæmin í þessu frv. og hver aðalatriði þess væru, þ. e. a. s. í fyrsta lagi kaupbinding og bann við kauphækkunum og bann við frjálsum samningum og vinnustöðvunum. Í þriðja lagi rakti ég það svo, að þessi lög væru ekki hugsuð til 2 mánaða, heldur til frambúðar, og það væri hugmyndin, sem væri algerlega afhjúpuð af sjálfri hæstv. ríkisstj., að það ætti í framtíðinni að ráða lausn kaupgjaldsmálanna með lögum, og ég rakti það einnig, hvernig verkalýðshreyfingin mundi, hverjum sem hún ætti þar að mæta, verja þennan rétt, sem hún ætti, samningsréttinn.

Loks rakti ég það, hvernig verið væri að skapa það þjóðfélag misréttis og nýrrar stéttaskiptingar með tilstyrk ríkisvaldsins, sem væri algerlega andstætt íslenzkri hefð og íslenzkum hugsunarhætti. Og ég rakti það, hvernig misréttið í launamálum væri nú hér á landi að verða svo mikið, að það væri orðið meira en í okkar nágrannalöndum, og sýndi fram á þetta með tölum.

Ég minnti líka á það, hvernig þróun verðlags og launa hefði verið síðustu árin, að verðlagið hefði hækkað um 62% frá því 1958 og um 65% frá því í marz 1959, meðan laun verkamanna höfðu á sama tíma hækkað aðeins um 28% frá því í okt. 1958, en um 17.4% frá því í jan. 1959, og hvernig bilið hefði stöðugt farið vaxandi á milli launa fyrir eðlilegan vinnudag og lágmarkstilkostnaðar við að framfleyta meðalfjölskyldu og hvernig vinnustéttirnar hefðu ár eftir ár verið sviknar um það að fá sinn réttmæta hluta af aukningu þjóðarteknanna, hvernig vinnuþrældómurinn, sem hefur aukizt ár frá ári, hefði ekki einu sinni nægt til þess að halda í þessu jöfnuði, heldur hefðu raunverulegar launatekjur án tillits til vinnutíma farið síminnkandi á viðreisnarárunum, hvernig þessar launatekjur hefðu minnkað um 6000 frá 1959—60, aftur um 8000 á ári frá 1960—61 og hefðu á árinu 1962 ekki nálægt því náð þeirri upphæð, sem þær voru í byrjun viðreisnarinnar, og hvernig verkamenn á Íslandi yrðu að vinna fyrir meira en þriðjungnum af tekjum sínum í eftir- og næturvinnu og hvernig þeir yrðu að nota nóttina til þess að vinna fyrir stórum hluta af tekjum sínum. Og þetta hefur gerzt þrátt fyrir það, að þjóðartekjurnar, — ja, ég vil bæta við enn þá: þrátt fyrir viðreisnarstjórnina, — hafa farið vaxandi ár frá ári, eða a. m. k. samtals um rösklega 20%. Hreinar þjóðartekjur á mann hafa á árunum 1959—1963 vaxið um meira en 20%, en á sama tíma hefur það gerzt, að laun verkamanna hafa lækkað um álíka mörg prósent, og þetta hefur gerzt undir stjórn þeirra manna, sem sífellt eru að klifa á því, að auðvitað eigi vinnustéttirnar rétt á því að bæta kjör sín sem svari auknum þjóðartekjum. Hversu mikil alvara er í því tali þeirra, það sést af þessum samanburði, annars vegar á þróun launakjaranna og hins vegar á þróun þjóðarteknanna, því að það lætur nærri, að kjörin hafi versnað á hverju ári nokkurn veginn jafnmikið og hreinar þjóðartekjur á mann hafa vaxið.

Ég þykist hafa sýnt fram á það í ræðu minni áður nokkuð glögglega, að það geti ekki verið nein lækning á því vandamáli, sem viðskipti okkar við erlendar þjóðir eru, að lækka laun láglaunastéttanna, og ég hygg, að flestir muni geta samsinnt því, að þar beri að fara jákvæðar leiðir en ekki neikvæðar, þ. e. a. s. í fyrsta lagi að auka útflutningsframleiðsluna með öllum þeim ráðum, sem tiltæk eru, og í öðru lagi að láta vitið taka við í stjórn gjaldeyrismálanna. Það er kannske það furðulegasta við þá stjórnarstefnu, sem ríkt hefur í landinu á undanförnum árum, að hún hefur álitið, að fjármagnið eða þeir, sem því ráða, þeir hljóti alltaf að hafa mest vit á því, hvað rétt sé að gera, en það almenna, mannlega vit má ekki koma nálægt hlutunum. Og í þessu efni er auðvitað alveg það sama að segja um fjárfestingarmálin og gjaldeyrismálin, það, sem þar skortir fyrst og fremst á, er heilbrigð stjórn á þessum málum. Það, sem þar ríður mest á, er, að

mannlegir vitsmunir taki við af viti peninganna.

Eitt af því, sem hæstv. ríkisstj. lofaði hátíðlega, þegar hún tók við völdum, var, að hún skyldi koma atvinnuvegunum og þá alveg sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan grundvöll, og þar áttu hvorki að koma til uppbætur né styrkir, eins og áður höfðu viðgengizt. Þegar þessir flokkar hafa ráðið fyrir landinu og stýrt öllum málefnum þess í 5 ár og sjálf viðreisnarstjórnin í 4 ár, þá koma þessir menn og segja okkur, að svo sé nú komið málum, að útflutningsatvinnuvegirnir séu að þrotum komnir, — þeir eru að vísu ekki alveg samdóma í þessu, því að sumir hæstv. ráðh. segja, að útflutningsatvinnuvegirnir geti ekki borið sig við þau skilyrði, sem þeim nú eru sköpuð, en aðrir segja og lýsa því yfir fyrir hönd ríkisstj., að þeir geti borið sig með þeim tilkostnaði, sem atvinnuvegirnir hafi nú, en geti hins vegar ekki bætt meiru á sig. Þessu lýsti t. d. hæstv. viðskmrh. yfir fyrir hönd ríkisstj. á fundi Verzlunarráðs Íslands nú fyrir skömmu, og sannast að segja hygg ég, að þessi hæstv. ráðh. hafi oft sagt hluti, sem fjær væru sannleikanum en þetta. Ég hygg það nefnilega mjög nálægt sanni, að útflutningsatvinnuvegirnir geti borið sig með þeim tilkostnaði, sem þeir nú hafa.

Þá kemur spurningin, þegar um það er rætt og þegar það er sannað, að verkafólkið, sem vinnur við útflutningsatvinnuvegina, þarf á kauphækkun að halda, hvernig það megi verða, án þess að þessum atvinnuvegum sé íþyngt frá því, sem nú er. Og þess vegna á fyrst að því að gæta, að því fer víðs fjarri, að vinnulaunin, kaupið, séu eini hreyfanlegi kostnaðarliðurinn í þessum atvinnuvegi. Ég nefni t. d. dæmi í þessu sambandi um fiskiðnaðinn, sem er hafður sérstaklega á oddinum í umr. um þessi mál, og þar er vitanlega frystiiðnaðurinn langsamlega mikilvægasta atvinnugreinin. Í frystiiðnaðinum er það svo, að vinnulaunin eru um eða innan við 20% af vinnslukostnaði frystihúsanna, en kostnaðarliðir, sem ríkisvaldið hefur algerlega á valdi sínu, eru a. m. k. 21—23% af tilkostnaðinum, og það sem eftir er, tæp 50%, 48%, eru aftur kostnaðarliðir, sem margir hverjir eru mjög háðir því, hvernig viðkomandi fyrirtækjum er stjórnað og hversu mikil hagkvæmni ræður þar húsum. Af þeim kostnaðarliðum, sem ríkisvaldið hefur sérstaklega á valdi sínu, hversu háir eru, eru útflutningsgjöldin og vextirnir langsamlega þýðingarmestir. Eins og kunnugt er, eru nú samkv. l. heimtuð af útflutningsframleiðslunni útflutningsgjöld, sem nema 7.4% af útfluttum verðmætum. Og það er auðvitað síðasti vinnsluaðilinn, sem verður að greiða þessi prósent. Þessi 7.4% af heildarandvirði vörunnar gera um 11% af vinnslukostnaði í frystihúsunum, en vextirnir nálægt 7.5%, þ. e. a. s. þessir tveir kostnaðarliðir, útflutningsgjöldin og vextirnir, eru nálægt 17% af vinnslukostnaði frystihúsanna eða litlu lægri en vinnulaunin. Við þetta bætast svo ýmsir kostnaðarliðir, bæði þessa atvinnurekstrar og annars, sem ríkisvaldið hefur einnig á valdi sínu, hversu litlir eru, og þar er t. d. að nefna tolla á öllum þeim dýru og miklu rekstrarvörum, sem atvinnuvegirnir þurfa á að halda, vátryggingar, þinglýsingar og sitthvað fleira, sem stjórnarvöld geta fullkomlega ráðið við. Það þarf auðvitað ekki neina reiknimeistara til að sjá það, að t. d. 40—50% lækkun á útflutningsgjöldum og vöxtum, sem ég hygg að hvort tveggja væri mjög auðvelt í framkvæmd, mundi geta gefið kauphækkun, sem svaraði til a. m. k. 40, ef ekki 50% hækkunar á kaupi verkafólksins, sem við fyrirtækin vinnur, þ. e. a. s. meiru en þær kröfur, sem nú eru settar fram af verkalýðsfélögunum, og eru þær þó engan veginn neinar úrslitakröfur. Í samningum er ekki um að ræða neinar heilagar tölur, ef setzt er heiðarlega að samningaborði og einhver vilji er til þess að ná sáttum. Ég held þess vegna, að sérhver sá maður, sem reynir að skoða þessi mál niður í kjölinn, geti ekki annað en viðurkennt, að það er vel framkvæmanlegt að hækka laun þeirra, sem vinna við útflutningsframleiðsluna, en það er þó sú atvinnugreinin, sem áreiðanlega á erfiðast með það að standa undir auknum tilkostnaði.

Þá hefur því verið haldið allmikið á lofti í sambandi við þessi mál, að vegna þess, hve kaupgjaldið er hátt, og jafnvel vegna þess, hversu geipilegar kröfur væru uppi hjá verkalýðsfélögunum um hækkað kaup við útflutningsatvinnuvegina, þá væri samkeppnisaðstöðu okkar við erlendar þjóðir stefnt í voða. Ég held, að það sé rétt að athuga þessa röksemd ofur lítið nánar, og það verður naumast gert á raunhæfari hátt en þann að athuga í nokkrum aðalatriðum, hvernig þessum málum er varið hjá Norðmönnum, þ. e. a. s. þeirri þjóðinni, sem um margt er líkust okkur að atvinnuháttum og er okkar aðalsamkeppnisþjóð á erlendum mörkuðum.

Í Noregi er bátaútveginum og togaraútgerðinni borgað miklu hærra fiskverð en hér á landi. Vinnslustöðvarnar verða að greiða sjómönnum og útgerðarmönnum miklu hærra verð fyrir fiskinn upp úr sjó heldur en fiskvinnslustöðvarnar á Íslandi gera. Þetta er staðreynd, og þó að ég hafi ekki um þetta nákvæmar tölur, þá hygg ég, að þetta verði ekki rengt. En norski fiskiðnaðurinn býr ekki aðeins við miklu hærra hráefnisverð en við búum við á Íslandi, heldur býr hann líka við miklu hærra kaupgjald. Á sama tíma og íslenzkir verkamenn hafa frá 28 kr. og upp í kr. 28.45 um klst. í fiskiðnaðinum, þá eru launakjör norsku verkamannanna þau, að meðaltalslaun skv. skýrslum norska vinnuveitendasambandsins eru 47.50 að meðaltali fyrir alla norska verkamenn, en í fiskiðnaðinum er þó iðulega um að ræða miklu hærra kaupgjald, þ. e. a. s. það má ætla, að sá norski verkalýður, sem vinnur í fiskiðnaðinum, hafi allt að því 100% hærra kaup en tíðkast á Íslandi. Og svo er því haldið fram af fullkomnu blygðunarleysi, að kaupgjaldið sé að sliga okkur svo, að við getum ekki staðizt samkeppnina við þessa þjóð.

Við þetta bætist svo það, sem öllum er kunnugt, að framleiðni í fiskveiðum okkar er miklu

meiri en í Noregi og vinnuafl hvers sjómanns nýtist hér miklu betur til mikillar framleiðslu en þar gerist.

Það, sem hér gerir auðvitað gæfumuninn, er það, að íslenzkir útflutningsatvinnuvegir eru hafðir að féþúfu. Þeir eru hafðir að féþúfu af bankakerfinu og fjármagninu og ríkisvaldinu, en í Noregi er þannig haldið á málum, að þar er frekar um styrki að ræða frá ríkinu heldur en að það séu lagðar álögur á þennan útflutningsatvinnuveg. Það er þar, sem munurinn liggur.

Nei, ég held, að hvaða ráðum sem beitt er og hvernig sem kauplækkunarmennirnir reyna að ná sér fótfestu fyrir aðgerðum sínum, þá sé það algerlega haldlaust. Það er bæði mögulegt og meira að segja auðvelt að hækka laun láglaunastéttanna og það mjög verulega. Vissulega koma ýmsar aðrar aðgerðir til greina, sem geta komið láglaunastéttunum vel, heldur en beinar kauphækkanir, og það hefur verið minnzt á skatta- og útsvarslækkun og tollalækkanir og jafnvel fleira í því sambandi. Og ég vil segja það, að allt þetta ber auðvitað að athuga í sambandi við lausn á þeim vanda, sem nú liggur fyrir. Í þessu sambandi er rétt að minnast þess, að það flýtur út úr ríkiskassanum hjá hæstv. fjmrh. á öll borð, flýtur út úr honum á öll borð, vegna þess að skattastefnan hefur verið svo óhófleg, að það hefur ekki tekizt þrátt fyrir alla óráðsíu þessa hæstv. ráðh. og ríkisstj. hans að eyða öllu því, sem inn hefur komið, og í ár mun það vera þannig, að ofheimt hafi verið af þjóðinni mörg hundruð milljónir króna, sem auðvitað allt hefur orkað til þess að skapa hækkað verðlag í landinu og auka dýrtíðina, og þannig hefur þetta einnig verið undanfarin tvö ár.

Á síðasta Alþingi flutti ég till. um það, að nokkuð yrði linað á söluskatti, og einnig, að tollar yrðu lækkaðir á ýmsum brýnum nauðsynjum. Þá var því svarað til m. a. af hv. 10. þm. Reykv., sem þá var form. fjhn., að ef þetta yrði gert, þá yrði að benda á einhverjar nýjar tekjuöflunarleiðir, því að ríkissjóði veitti ekki af sínu. Reynslan hefur sýnt, að þetta voru falsrök, sem þessi hv. þm. og aðrir hv. stjórnarsinnar héldu þá fram. Það var hægt að lækka tolla á nauðsynjavörum, það var hægt að minnka söluskattheimtuna og lækka þannig verðlagið í landinu, án þess að nokkrar nýjar leiðir væru farnar til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Og vissulega er hún jafngild nú eins og þá, sú leið að reyna að bæta launakjörin almennt í landinu með lækkun á tollum og sköttum. En það er alveg jafnvíst eins og þetta er rétt, að það mikla misræmi, sem hefur skapazt í okkar launakerfi, það er ekki mögulegt að leiðrétta það öðruvísi en með verulegri kauphækkun jafnframt slíkum aðgerðum. Það er ekki hugsanlegt, að á sama vinnustaðnum vinni einn maður á lágu kaupi og njóti t. d. einhverra skattfríðinda, en annar vinni á háu kaupi og njóti ekki skattfríðinda, ef báðir mennirnir vinna hliðstæð störf.. Slíkt ástand getur auðvitað ekki gengið til lengdar. Það er þess vegna alveg sama, hvernig þessu máli er velt fyrir sér, niðurstaðan hlýtur að verða sú, að kaupið verður að hækka. En til þess að það sé unnt, verður að bæta kjör fiskiðnaðarins frá því, sem nú er, og það er hægt, eins og ég áður sagði, með því að lækka vexti, með því að lækka útflutningsgjöld, með því að fella niður tolla af rekstrarvörum þessa iðnaðar og með því að auka framleiðni í þessari atvinnugrein, en það er mjög auðvelt, ef ekki verður haldið áfram þeirri stefnu að svelta sjávarútveginn um lánsfé.

Það er áreiðanlega mjög auðvelt í fiskiðnaðinum að auka verulega afköst á hverja vinnueiningu, á hvern mann, ef frystihúsin og annar fiskiðnaður fá nægilegt fjármagn til þess að geta hagrætt sínum rekstri og komið honum í bezta hugsanlegt horf. Í þessu sambandi eru vissulega athugandi hlutir eins og vinnurannsóknir og það, að ákvæðisvinnukerfi sé tekið upp, þ. e. a. s. þessar nýju leiðir, sem mjög svo eru umtalaðar og hafa verið um skeið. Ég lýsti því hér í gær og ætla ekki að endurtaka það, hver áhugi hæstv. ríkisstj. er í þeim efnum, en hún hefur reynt, eftir því sem hún hefur getað, að tefja það og spilla fyrir því, að nokkuð væri gert í þeim málum.

Ég held líka, að eftir því sem menn hugleiða þessi mál betur, þá hljóti menn að komast að þeirri niðurstöðu, að kauplækkunarleiðin, sem hefur verið farin í öllum samskiptum við verkalýðinn á Íslandi og verkalýðshreyfinguna á undanförnum árum, er fásinna, sem ekki fær staðizt. Þessi stefna hefur nú verið prófuð í fimm ár, og reynslan hefur kveðið upp sinn ótvíræða dóm yfir henni. Þessi stefna hefur fremur flestu öðru leitt til þess öngþveitis, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú siglt málefnum þjóðarinnar í.

Ég vil svo líka segja það, að stjórnarflokkarnir, sem hófu á s. l. vori að hún kjörorðið: Veljið viðreisn, hafnið höftum, — þeir voru vissulega ekki kosnir, þeir frelsissinnar, til þess að koma á harðvítugri höftum gagnvart verkalýðsstéttinni í landinu en nokkru sinni áður hefur verið að henni beint, og þeir hafa enga heimild hlotið frá þjóðinni til að framkvæma hluti eins og þá, sem þeir nú hafa í hyggju að gera, heldur þvert á móti hafa þeir lofað því alveg sérstaklega, auk þessara almennu frelsisloforða, að hagsmunasamtökin, verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur, skyldu á valdatíma hennar hafa óskoraðan rétt til að ráða sínum málum sjálf. Það væri þeirra hlutverk.

Það liggur nokkuð ljóst fyrir, að það er um tvær meginleiðir að ræða út úr þeim ógöngum, sem hæstv. ríkisstj. hefur siglt málefnum þjóðarinnar í og þetta frv. er sérstaklega táknandi fyrir. Það er í fyrsta lagi leið ríkisstj. Sú leið hlýtur að þýða miskunnarlaust stríð við vinnustéttirnar, stórfelldari stéttaátök en áður hafa átt sér stað á Íslandi. Það er leið lögþvingana, sem ekki eiga sér nein fordæmi í sögu lýðveldisins og jafnvel þótt lengra aftur sé leitað, — lögþvingana, sem hafa engan tilgang og geta ekki fært þjóðinni neinn ávinning. Það er stríð stríðsins vegna. Og það er í samræmi við það,

sem hæstv. forsrh. og sjálfsagt öll hæstv. ríkisstj. að baki honum hafnaði öllum viðræðum og öllum friðarboðum af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Það er í samræmi við það, að hann þáði það ekki, að við, sem höfum staðið í nokkru forsvari fyrir verkalýðshreyfinguna, beittum okkur fyrir því, að það yrði gefinn hálfs mánaðar frestur til þess að setjast að samningaborðinu, kryfja málin til mergjar og kanna það til þrautar, hvort samkomulagsleiðir væru finnanlegar, sem firrt gætu þjóðina þeim stéttaátökum, sem ella hlytu að dynja yfir.

Það er vissulega kominn tími til þess, að Alþingi taki í taumana hjá hæstv. ríkisstj., þ. e. a. s. ef hún ekki nú á elleftu stundu dregur þetta frv. til baka og býður verkalýðshreyfingunni að setjast að samningaborði. En það er ekki líklegt, þegar litið er til forsögunnar, að ríkisstj. fari þessa leið.

Á hinn bóginn er svo sú leið, sem verkalýðshreyfingin bendir á, sú leið, sem áreiðanlega yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar mundi styðja, þ. e. a. s. að það væri nú þegar gengið til friðarsamninga við verkalýðshreyfinguna, friðarsamninga á grundvelli kauphækkana og kjarabóta, sem væru sambærilegar við það, sem aðrar starfsstéttir í landinu hafa hlotið á undanförnum árum, friðarsamninga, sem byggðir væru á því, að engin þvingunarlög gegn verkalýðshreyfingunni yrðu sett, hvorki nú né síðar. Og í þriðja lagi, að raunhæfar ráðstafanir væru að öðru leyti gerðar til bóta á því öngþveiti, sem viðreisnin hefur skapað, og raunhæfar ráðstafanir til verndunar gjaldmiðilsins.

Annars vegar er hæstv. ríkisstj., sem vill stríð við verkalýðshreyfinguna, við fólkið í landinu, hins vegar verkalýðshreyfingin, sem einskis æskir frekar en friðar. En það skyldi enginn taka þau sáttaboð, sem áreiðanlega eru fyrir hendi frá verkalýðshreyfingunni, svo, að hún sé deig í þeirri baráttu, sem hún kann að eiga fram undan. Vinnustöðvanirnar byrja á mánudaginn kemur, ef þetta frv. hefur ekki verið dregið til baka og gengið til samninga við verkalýðshreyfinguna. Þær hefjast, hvort sem þessi lög verða samþ. eða ekki samþ. Verkalýðshreyfingin lætur ekki ríkisstj., sem einskis metur lýðræði og réttar leikreglur, segja sér fyrir verkum. Hún mun verja sinn rétt, á hverju sem gengur. En það er hins vegar ljóst, að slík átök, sem fram undan eru, ef hæstv. ríkisstj. heldur áfram stefnu sinni, þau kosta þjóðina bæði fórnir og fjármuni, — fórnir og fjármuni, sem hv. Alþingi getur sparað með því að fella þetta frv. Það er þess vegna skylda Alþingis að nota vald sitt og hindra ógæfustjórnina í því að sigla málefnum þjóðarinnar í enn verra forað en þau nú eru komin, og það er á elleftu stundu að snúa við.

Hæstv. ríkisstj. hefur fengið sínar aðvaranir frá verkalýðshreyfingunni í landinu og frá fólkinu í landinu, og eftir þær aðvaranir, sem hún hefur hlotið jafnt frá andstæðingum sem samherjum um allt Ísland, þá verður enginn sakaður um afleiðingarnar annar en hæstv. ríkisstj.. Það er hún, sem ber ábyrgðina.

Það, sem nú verður að gerast, er, eins og ég áður sagði, að það verður að tryggja frið við alþýðusamtökin. Það er fyrsta skrefið, sem er óhjákvæmilegt að stíga. Og síðan verður að hverfa frá viðreisnarstefnunni í grundvallaratriðum, því að það er hennar vegna, sem ástandið er eins og nú er komið. Það verður að tryggja stöðvun verðbólgunnar og gildi þeirra kjarabóta, sem um verður samið, og það verður að tryggja öryggi um framhald bættra kjara vinnustéttanna og þá ekki síst þeirra, sem halda uppi framleiðslunni í landinu, en einmitt hagur þeirra hefur sætt hraklegastri meðferð hjá þessari hæstv. ríkisstj., á meðan afæturnar í þjóðfélaginu hafa makað krókinn á kostnað almennings. En þetta verður auðvitað ekki gert nema með algerri stefnubreytingu, nýrri stjórnarstefnu í höfuðmálum þjóðarinnar. En það er kannske önnur saga, þó að náskyld sé þessu máli, og lengra mál en svo, að því verði gerð skil hér og nú.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. þm. hafa nú hlustað á langa ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ). Í niðurlagi þessarar ræðu sinnar hótaði hann því, að ef þetta frv. yrði samþykkt, þá mundu vinnustöðvanir hefjast á mánudaginn kemur. Hann er m. ö. o. að hóta því í nafni verkalýðshreyfingarinnar, skilst mér, sem hann hefur þó ekkert umboð til að tala fyrir, að hún ætli að brjóta landslög og hlýða ekki lögum, sem sett eru hér á Alþingi. Það á að hóta alþm. og þessari hv. d. með því, að ef þetta frv. verði samþ., þá verði því svarað með ofbeldisaðgerðum. Þetta var auðvitað ekkert annað en það, sem við var að búast af kommúnistum. En ég veit auðvitað, að slíkar hótanir hafa ekki áhrif á nokkurn mann, heldur einmitt hið gagnstæða.

Þessi hv. þm. hefur haldið hér langa ræðu og m. a. minnzt á það, að kjör verkamanna væru bágborin. Og það er alveg rétt, að kjör verkamanna í þjóðfélaginu þurfa vissulega að batna. Um þetta eru í rauninni ekki skiptar skoðanir. En það eru skiptar skoðanir um. hver ástæðan sé fyrir þessu, að kjör verkamanna eru ekki nógu góð. Hann vill kenna ríkisstj. um þetta. Ég veit ekki annað en að verkamenn og verkamannafélögin í landinu hafi haft fullan samningsrétt síðustu fjögur árin. Ég veit ekki annað en að þessi hv. þm. sé formaður eins af stærstu verkamannafélögunum í landinu. Og ég veit það, að hann og aðrir slíkir verkamannaleiðtogar hafa samvizkubit, þeir skammast sín fyrir frammistöðuna, og þeir eru að reyna að koma sökinni af sínum eigin verkum eða réttar sagt sinni eigin vanrækslu yfir á ríkisstj. Þetta á allt að vera ríkisstj. að kenna. Hvernig getur það verið ríkisstj. að kenna, að verkamenn í landinu hafa síðustu fjögur, fimm árin fengið minni kjarabætur en allar aðrar stéttir í landinu? Hvernig var það 1961, þegar verkamannafélögin sömdu? Þá fengu þau, — ég sleppi nú alveg í fyrstu samanburðinum við opinbera starfsmenn, sem ég kem að síðar, heldur er að tala um aðrar stéttir í landinu, sem eru innan Alþýðusambandsins og annarra stéttarfélaga, — hvernig stóð á því,

að verkamenn fengu 1961 minni kjarabót en t. d. iðnaðarmenn og aðrar stéttir, sem þá sömdu? Hvernig stóð á því, að 1962 sömdu verkamannaleiðtogarnir um 5% minni kjarabót en önnur félög fengu almennt? Og svo þegar þeir loksins fengu þetta upp bætt 1. febr. s. l., þessi 5%, þá liðu ekki nema nokkrir mánuðir, eða fram í júní og júlí, þá sömdu verkamannaleiðtogarnir aftur um 5% lægri kauphækkun en önnur stéttarfélög í landinu fengu. Þannig hafa þeir alltaf orðið á eftir, og ég get ósköp vel skilgreint ástæðuna, a. m. k. nokkurn hluta hennar. Ástæðan fyrir þessu er m. a. sú, að stærstu verkamannafélögunum í landinu er stjórnað af kommúnistum, og það er út af fyrir sig eðlilegt, að stærstu verkamannafélögin hafi forustuna og önnur fylgi á eftir. Það er eðlilegur gangur málanna. En þessi félög, sem kommúnistar stjórna, eins og Dagsbrún og verkamannafélögin á Akureyri, Húsavík, Siglufirði og víðar, þau hafa ekki einu sinni getað haft samstöðu, þegar verið er að berjast fyrir kauphækkun. Stundum hefur þetta verið Dagsbrún ein, stundum hefur það verið verkamannafélagið á Akureyri. Það hefur ekki verið nokkur samstaða, og það er einmitt þetta samstöðuleysi, sem nú hefur leitt til þess, að það er verið að undirbúa stofnun verkamannasambands. Ég skal taka það fram, að ég tel ekki, eins og margir halda, að þessi stofnun verkamannasambandsins sé undirbúningur kommúnista að því að kljúfa Alþýðusambandið. Það held ég, að sé ekki höfuðástæðan. Ég held einmitt, að höfuðástæðan sé sú, að verkamennirnir eru farnir að sjá, að þetta getur ekki gengið lengur. Þeir verða að standa saman, þegar kjarabarátta er háð, en ekki hafa þetta eins og þeir hafa haft undanfarin ár, brjóta ísinn fyrir aðrar stéttir, standa í verkföllum, löngum verkföllum, og uppskera svo minnst af öllum. En það er auðvitað hrein firra, þegar þessi hv. þm. er svo að halda hér langa ræðu um það, að þetta sé allt ríkisstj. að kenna.

Þeir hv. stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, hafa í raun og veru alveg sniðgengið markmið þessa frv. Þeir hafa talað um þvingunarlög gegn verkalýðnum og annað slíkt. Markmið þessa frv. er ósköp einfalt og augljóst. Markmiðið er að veita stjórninni umhugsunarfrest, og það er ekki farið fram á langan frest, hann er í raun og veru ekki nema rúmur mánuður, því að í síðasta lagi um miðjan desember yrði þó ríkisstj. að hafa sín úrræði tilbúin til þess að koma þeim í gegnum þingið fyrir áramótin. Og tilgangurinn með þessum fresti er tvíþættur, eða réttar sagt: vandinn, sem á að leysa á þessu tímabili, er tvíþættur, þ. e. annars vegar að bæta kjör láglaunafólksins í landinu og hins vegar að stöðva verðbólguna. Og þetta er mikið vandamál. Það er í raun og veru ekki eins og stjórnarandstæðingar halda fram, að þessi vandi, sem nú er risinn, sé stefnu viðreisnarstjórnarinnar að kenna. Það má auðvitað lengi deila um slíka hluti, það skal ég viðurkenna. Þetta vandamál er miklu eldra. Við höfum alltaf átt við þetta vandamál að etja, í raun og veru alla tíð frá því á styrjaldarárunum, og þetta er í raun og veru alveg sama vandamálið, sem varð banabiti vinstri stjórnarinnar. Og það skyldi þó aldrei vera, að þar lægi hundurinn grafinn? Einmitt af því, að vinstri stjórninni auðnaðist ekki að leysa slíkan vanda, þá hugsa stjórnarandstæðingar sér, að nú sé komið að því, að þeir geti fellt núv. ríkisstj., og það er einmitt undirstaðan að öllum þessum gauragangi, sem framsóknarmenn og kommúnistar viðhafa nú í verkalýðshreyfingunni. Það er þessi skoðun þeirra, að þetta vandamál geti orðið banabiti núv. ríkisstj., eins og það varð banabiti vinstri stjórnarinnar, því að þessir flokkar óttast í raun og veru ekkert meir en það, að á þessum fresti, ef stjórnin fær vinnufrið, takist henni að leysa vandann. Það er það, sem þeir geta ekki hugsað sér, og því á ekki að gefa stjórninni vinnufrið.

Þungamiðjan í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., þessari löngu ræðu hans, sem var í sjálfu sér ekki ástæða til að svara nema að mjög takmörkuðu leyti, enda var hún ekki haldin í því skyni, heldur fyrst og fremst til þess að tefja framgang málsins, — þungamiðjan í hans ræðu var sú að benda á hina miklu mótmælaöldu, sem risin væri innan verkalýðshreyfingarinnar og meðal þjóðarinnar gegn þessu frv., og vara Alþingi við því að samþ. það af þeim sökum. Það er rétt að líta nokkru nánar á þetta. Við skulum í fyrstu rifja upp fyrir okkur, hvað gerðist, þegar verið var að leysa landhelgismálið hér í Alþ. fyrir nokkrum árum. Þá komu þessir andstöðufl. núv. ríkisstj. af stað mikilli mótmælaöldu. Það rigndi yfir mótmælum frá alls konar félögum og félagasamtökum. Ég geri ekki ráð fyrir því, að margir af þeim, sem undirskrifuðu þau mótmæli þá, vildu standa við þau nú í dag. Allri þjóðinni er í raun og veru ljóst nú, að í því máli var unninn mikill og farsæll sigur, og það hefur ekki fengið neinn hljómgrunn meðal þjóðarinnar, sem andstæðingar ríkisstj. sögðu þá um málið. Þetta er rétt að rifja upp. Hitt er svo líka rétt að benda á, að þessi mótmæli eru í raun og veru nokkuð mistúlkuð. Það, sem vakir fyrir stéttarfélögunum með því að mótmæla þessu frv., er í sjálfu sér ekki það, að þessi félög — mörg þeirra — séu andvíg því, að ríkisstj. fái stuttan umhugsunarfrest til þess að reyna að leysa mikil vandamál á betri hátt, en áður hefur tekizt, því að það er vissulega það, sem ætlunin er. Það, sem mótmælin fyrst og fremst segja, er, að þetta fólk er að árétta kröfur sínar um kjarabætur. Það er fyrst og fremst það, sem í mótmælunum felst, og þessi frestur, sem ríkisstj. er að fara fram á, er einmitt tekinn til þess, að þetta fólk geti fengið gagnlegri kjarabætur en því hafa verið veittar áður. Ég vil t. d. minna á í þessu sambandi samninga Dagsbrúnar í sept. 1958. Þá var samið, held ég, 29. sept., og það átti að hefjast verkfall morguninn eftir, það var samið um 9½% kjarabætur, og þetta var básúnað út í Þjóðviljanum sem mjög mikill sigur fyrir verkamenn.

Ef menn nú líta á vísitölu kaupmáttar tímakaupsins, sem reiknuð hefur verið út af Torfa Ásgeirssyni hagfræðingi og kommúnistar hafa

flíkað mjög oft í sínum málflutningi, þá kemur í ljós, að kaupmáttur tímakaups verkamanna hér í Reykjavík jókst ekki um eitt einasta stig frá því í sept. þangað til í okt. 1958, þ. e. a. s. kauphækkun verkamanna um 9½% síðast í sept. 1958 hvarf öll í verðlagshækkanir strax á eftir, þannig að verkamennirnir voru engu betur settir, og það er einmitt það, sem er kjarni vandamálsins í dag, að bæta kjör láglaunastéttanna, án þess að verðlagið hækki og án þess að ný skriða fari af stað, og það er vissulega ekki vandalaust verk.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um, að það þyrfti að gera friðarsamninga við verkalýðshreyfinguna. Jú, það væri að sjálfsögðu gott og blessað, og ég geri ekki ráð fyrir því, að menn hafi neitt á móti því, það væri þvert á móti mjög skynsamlegt, ef hægt væri að semja við verkalýðshreyfinguna, það er alveg rétt. En ég spyr bara: Við hvern á að semja? Á að semja við miðstjórn Alþýðusambands Íslands? Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur ekki samningsrétt fyrir eitt einasta verkalýðsfélag innan Alþýðusambandsins. Hún getur því aðeins gert samninga fyrir félögin innan sambandsins, að þau veiti henni sérstakt umboð til þess í hvert skipti. Það er alveg sama með önnur verkalýðsfélög, meira að segja sambönd, sem eru innan Alþýðusambandsins, eins og t. d. Sjómannasambandið, það hefur ekki heldur samningsrétt fyrir sína meðlimi, það getur aðeins fengið umboð frá félögum innan síns sambands, alveg sama gildir t. d. um Farmanna- og fiskimannasambandið, þannig að með núverandi skipulagi verkalýðshreyfingarinnar er enginn aðili, sem hægt er að gera heildarsamninga við, því miður. Það spillir svo að sjálfsögðu, fyrir utan þetta, möguleikunum til þess að semja við verkalýðshreyfinguna, að eins og allir vita, þá eru uppi í stærstu verkalýðsfélögum á landinu mjög harðvítug pólitísk átök, sem hafa verið þar árum og áratugum saman. Forustumenn þessara félaga eru stjórnmálamenn og alþingismenn jafnvel, og það gefur auðvitað auga leið, að ef ætti að fara að semja við þessa menn, þá eru miklu ofar í þeirra huga hagsmunir þess pólitíska flokks, sem þeir fylgja og starfa fyrir, heldur en hagsmunir þess verkalýðsfélags, sem þeir stjórna í það og það skiptið. Það er þess vegna, því miður að mínum dómi, ákaflega lítill grundvöllur fyrir því, meðan verkalýðshreyfingin er ekki endurskipulögð, að gera samninga við hana. Hitt væri svo annað mál, ef Alþýðusamband Íslands t. d. legði fram á borðið umboð frá öllum sínum félögum til þess að semja, þá horfði málið nokkuð öðruvísi við.

Það var hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ), sem sagði hér í ræðu sinni í gær, sem var þó öll vissulega miklu hófsamari en ræða hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ), hann sagði hér í gær, að með þessu frv. væri vandi atvinnuveganna leystur til bráðabirgða á kostnað launastéttanna. Það er alls ekki tilgangur frv., eins og er þegar skýrt, enda held ég það ákaflega litla lausn á vanda atvinnuveganna, þó að verðlag og kaupgjald væri fest í hálfan annan mánuð, það er í raun og veru alls ekki markmið frv. Það, sem er í raun og veru undirstaðan í þessu vandamáli, sem hér er við að glíma, er, hvaða tryggingu verkamenn og annað láglaunafólk geti fengið fyrir því, að kauphækkanir þeirra og kjarabætur endist til frambúðar, en drukkni ekki í verðbólguflóðinu.

Því var haldið fram einnig af hv. 3. þm. Norðurl. v., að frambjóðendur stjórnarflokkanna hefðu haldið því fram í kosningunum í vor, að það væri allt í lagi, það væru engin verðbólguvandamál á döfinni, og þessu hafi því öllu saman verið leynt fyrir þjóðinni. Ég vil aðeins vitna til þess í þessu sambandi, að í málgagni Alþfl. í Norðurl. v., þar sem við báðir erum frambjóðendur, þar átti blaðið viðtal við mig í upphafi kosningabaráttunnar, og í þessu viðtali var m. a. spurt um það, hvernig viðreisnin hefði gengið að mínum dómi, og ég svara því m. a. á þessa leið, sem ég vil lesa hér, með leyfi hæstv. forseta: „Það, sem áhyggjum veldur, er verðbólgan, en hún á m. a. rót sína að rekja til hinna miklu framkvæmda og hinnar geysimiklu eftirspurnar eftir vinnuafli, sem ríkir í þjóðfélaginu. Ég tel óhjákvæmilegt, að í haust verði að gera öflugar ráðstafanir til að halda verðbólgunni í skefjum. Við lausn þess vandamáls ættum við að hafa í huga fordæmið frá 1959, þegar minnihlutastjórn Alþfl. sat að völdum undir forustu Emils Jónssonar.“ Þetta stendur hér alveg skýrum stöfum. Og það er einmitt þetta, sem ég var að segja í þessu viðtali snemma í vor, sem nú er að koma fram. Það er verðbólguvandinn, sem var auðvitað vel fyrirsjáanlegur í vor og ég sagði að þyrfti að gera öflugar ráðstafanir til þess að vinna gegn sem fyrst.

Í þessum umr. hefur talsvert verið rætt um kjör opinberra starfsmanna og þær breytingar, sem á þeim urðu með kjaradómi, sem kveðinn var upp 3. júlí í sumar. Hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi þetta mál allt allmikið og taldi, að með þessu væri verið að skapa nýja hátekjustétt í þjóðfélaginu, það væri verið að auka launamismuninn, og það var ekki annað á honum að skilja en að á öllu þessu bæri ríkisstj. ábyrgð. Í sjálfu sér, eins og aðrir hafa reyndar viðurkennt, ber auðvitað enginn stjórnmálafl., hvorki meiri hl. hér á Alþ. né minni hl., ábyrgð á kjaradómi. Þessi lög voru samþ. hér mótatkvæðalaust. Það gat í raun og veru enginn vitað fyrir fram, að hvaða niðurstöðu þessi dómur mundi komast. Hins vegar hlýtur niðurstaða dómsins ávallt að markast nokkuð af því, hvaða kröfur eru gerðar, og þar var sá aðili, sem gerði kröfurnar fyrst og fremst, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Í þeim samtökum hafa kommúnistar og framsóknarmenn meiri hl. Og ég man ekki betur en að fyrir nokkru hafi verið samþ. á Alþýðusambandsþingi till. um að hafa náið samstarf við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og ég geri ráð fyrir, að þeirri till. hafi verið framfylgt, þannig að það er mjög líklegt, að um alla sína kröfugerð fyrir kjaradómi hafi bandalagið einmitt haft náið samstarf við Alþýðusamband Íslands, — ég geri alveg ráð fyrir því.

Þessi kröfugerð þeirra framsóknarmanna og

kommúnista fyrir kjaradómi, þessara manna, sem telja sig hugsa allra manna mest um hag verkamannsins, var þannig, að þeir vildu láta hátekjumanninn fá 8 sinnum meiri kauphækkun en verkamanninn. Að vísu féllst dómurinn ekki á þetta, þetta var skorið talsvert mikið niður. En svo kemur þessi hv. þm. og ásakar ríkisstj. fyrir að hafa stórhækkað laun hátekjumannanna. En hann ætti í raun og veru að tala við sína eigin flokksbræður, sem eru forustumenn í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og spyrja þá. Ég vil t. d. geta þess, að forustumenn bandalagsins vildu láta setja verkamenn í 4. launafl. í kerfinu, en samninganefnd ríkisstj. var að berjast við þá marga fundi til þess að fá þá til þess að hækka verkamenn upp í 5. launafl., — marga, marga fundi, þangað til þeir loksins féllust á það, þessir menn, sem allra manna mest bera hagsmuni verkamannsins fyrir brjósti!

Svo var þessi hv. þm. að tala um vélritunarstúlkur í gær, að þetta væri hneyksli, að þær væru miklu kauphærri en verkamaðurinn, og ég er honum alveg sammála, ég er honum alveg hjartanlega sammála. En flokksbræður hans í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja höfðu talsvert aðra skoðun á þessu máli. Ef átti að setja vélritunarstúlkur fyrir neðan verkamann, þá fannst þeim það nánast hneyksli, og þeir sögðu: Hvað haldið þið, ef við settum verkamanninn á skrifstofu, hvað ætli hann gæti vélritað? — Og við sögðum: Setjið þið vélritunarstúlku í uppskipunarvinnu og vitið, hvað hún getur þar. — Það er alveg sama, allt fólk, sem hefur einhvern sérlærdóm, það á að vera hærra. Þetta voru þeirra rök, þessara manna, fulltrúa þessara flokka, sem telja sig hér á Alþ. fyrst og fremst vera forsvarsmenn verkamanna og annars láglaunafólks.

Þá var þessi hv. þm. einnig að tala um, að yfirvinnan hjá opinberum starfsmönnum hefði hækkað svo mikið og væri orðin miklu hærri en hjá Dagsbrún og það væri ekki von, að Dagsbrúnarverkamennirnir sættu sig við þetta. Þetta er nú að nokkru leyti rétt, en þó þarf þetta skýringar við. Ég vil taka fram, að hjá opinberum starfsmönnum, bæði verkamönnum og öðrum, hefur alltaf verið notuð önnur deilitala og lægri deilitala til þess að finna yfirvinnukaupið, þannig að það hefur orðið nokkru hærra hjá opinberum starfsmönnum en hjá stéttarbræðrum þeirra í atvinnulífinu. En ég vil taka það skýrt fram, að þetta er ekkert nýtt, þarna var engin breyting í kjaradómi. Þetta er regla, sem hefur gilt í mörg ár og áratugi, þannig að í sjálfu sér hefur þarna ekki orðið nein breyting á. Forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sögðu og það með nokkrum rétti, að fólk í þessum launaflokki hjá ríkinu hefði sama sem enga yfirvinnu, svo að það hefur í raun og veru kannske ekki svo mikla praktiska þýðingu, hvort reglan er notuð. Ég vil aðeins, að þetta komi fram, til þess að menn viti hið sanna.

Þegar þessi launahækkun kom til opinberra starfsmanna, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. taldi vera allt of háa, þó að hún væri ekki líkt því eins há og bandalagsforustan hafði krafizt, þá fagnaði Þjóðviljinn. Hann fagnaði þessari niðurstöðu kjaradóms, og hann fagnaði alveg sérstaklega þessari nýju stefnu að auka launamismuninn og borga þeim miklu betur, sem gegndu störfum, þar sem krafizt væri mikillar menntunar og ábyrgðar. Blaðið fagnaði því. En þó var blaðið ekki nógu ánægt. Það sagði, að það þyrfti að halda áfram á þessari braut. Þjóðviljinn tók skýrt fram í sambandi við uppkvaðningu kjaradóms, að þó að þetta væri ágætt, þessi mikli launamismunur, þar sem hátekjumaðurinn hefði 20 þús. kr., meðan verkamaðurinn hefði 6 þús., þá væri það engan veginn nóg, það þyrfti að halda áfram á þessari braut, þetta væri aðeins áfangi.

Þessi hv. þm. gagnrýndi það, hve ríkisstj. hefði boðið opinberum starfsmönnum miklar kjarabætur. Ríkisstj. bauð opinberum starfsmönnum 23% kjarabætur. Síðan, á síðustu dögunum áður en kjaradómur var kveðinn upp, hækkuðu laun ýmissa stétta í landinu um 7½%, og þá var það ósk ríkisins, að til þessarar hækkunar væri einnig tekið tillit. En þegar þetta boð kom fram, sem þessi hv. þm. telur allt of hátt, hvað sagði þá Þjóðviljinn, og hvað sagði Tíminn? Þeir sögðu, að þetta væri hreint smánarboð. Ég t. d. hef hér fyrir framan mig tilvitnun í blaðið Verkamanninn, sem kommúnistar gefa út, og það er nú bara til þess, að menn átti sig á þessum tvískinnungi í málflutningi þeirra, þar stendur þetta orðrétt: „Þegar viðreisnarstj. hækkaði kaup opinberra starfsmanna í sumar, fór hún eftir þeirri meginreglu, að mesta kauphækkun skyldu þeir fá, sem væru í hæstu flokkunum.“ Þetta segir blað kommúnista núna. En Þjóðviljinn í sumar var ánægður yfir því, að launamismunurinn hafði aukizt, en sagði þó, að meira þyrfti að gera að þessu í framtíðinni.

Hér í þessum umr. hefur borið á góma lögin frá 1956, þar sem t. d. hv. 3. þm. Norðurl. v. hélt því fram, að í þeim l. væri ekki fólgið bann við grunnkaupshækkunum. Að vísu má þar benda á, að fyrirsögn laganna er: „Lög um festingu verðlags og launa.“ En það er að vísu rétt, að það er ekki tekið neitt beint fram um grunnkaupið. En það, sem gerði það, að um þetta þurfti ekki að taka neitt fram í festingarl. frá 1956, sem ég viðurkenni þó að eru á nokkurn hátt annars eðlis heldur en l., sem eru hér á dagskrá, var, að þegar þau l. voru sett, þá voru yfirleitt allir samningar, a. m. k. langflestir samningar í landinu, þeir voru bundnir fram á árið 1957, og þar sem þau l. áttu bara að gilda frá 1. sept. 1956 til ársloka eða í fjóra mánuði, þá var í raun og veru út af fyrir sig ekki nein þörf á því til þess að ná fullum árangri að banna verkföll eða banna grunnkaupshækkanir. Það var enginn grundvöllur fyrir því eftir þeim samningum, sem þá giltu í þjóðfélaginu. Ástandið er hins vegar allt annað núna, nú eru allir samningar lausir.

Hv. 4 þm. Norðurl. e. talaði hér nokkuð mikið um laun bankastjóra, og hann fór jafnvel svo langt að tala um vinnutíma þeirra. Ég skal strax taka það fram, að ég er ekki talsmaður þess, að bankastjórar hafi nein ofsaleg laun, og

mér þykja þau laun, sem þeir hafa nú, sannarlega vera of mikil, það vil ég hreint undirstrika. Hitt er svo annað mál, að hlutfallslega, miðað við aðrar stéttir í þjóðfélaginu, hafa bankastjórarnir ekki hærri laun í dag en þeir hafa haft lengi undanfarið og sjálfsagt ekki hlutfallslega hærri laun en þegar sú ríkisstj. sat, sem þessi hv. þm. studdi á sínum tíma.

En hann var líka að fjölyrða um laun ráðh., þessi hv. þm., og sagði alveg réttilega: Verkafólkið í landinu borgar ráðherrum laun. — Þetta álít ég, að sé alveg rétt. En hvað þýðir þetta með öðrum orðum? Það þýðir það, að allar þessar miklu hækkanir, sem orðið hafa hjá hátekjufólkinu í landinu með kjaradómi og sem afleiðingar af honum og kommúnistar hafa allra manna mest barizt fyrir, bæði innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hér á Alþ., það þýðir, að allar þessar launahækkanir eru teknar af verkafólkinu í landinu.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. minntist á gengislækkunina frá 1961 í ræðu sinni hér í gær, eins og hann reyndar gerir mjög oft í sínum ræðum, og ég geri ráð fyrir, að allir muni, hvað Framsfl. hefur haldið fram í þeim efnum. Hann hefur haldið fram, að gengislækkunin 1961 hafi verið algerlega óþörf. Ríkisstj. var helzt að bera hagsmuni frystihúsanna fyrir brjósti með þeirri gengislækkun, og þeir hafa sagt, að frystihúsin hafi vel getað staðizt þá kauphækkun, sem varð sumarið 1961, án þess að gengið yrði fellt. Nú skilst manni hins vegar á stjórnarandstæðingum, að þeir viðurkenni, að það séu einmitt frystihúsin í landinu, sem séu sá atvinnurekstur, sem eigi einna erfiðast að taka á sig kauphækkanir, eins og nú standa sakir, og það er sjálfsagt rétt. En ef gengislækkunin 1961 hefur verið óþörf fyrir frystihúsin, þá hljóta þau að mínu viti að hafa safnað varasjóðum frá því í ágúst 1961, þegar gengið var lækkað, og þangað til um mitt sumar 1962, að kaupið hækkaði aftur.

Þessi hv. þm. Framsfl., 3. þm. Norðurl. v., fór að tala um það, að Alþfl. hefði nokkuð skipt um stefnu, nú vildi hann gerðardóma og kaupbindingu, en það væri þvert gegn því, sem hann hefði áður viljað. Sá gerðardómur, sem nú er einna mest umtalaður, er þessi margumræddi kjaradómur, og mér skilst, að allir, sem njóta hans og fá sín kjör ákveðin eftir honum, séu einmitt sérstaklega ánægðir, og hinir, sem hafi frjálsan samningsrétt, telji sig miklu lakar setta, þannig að ef litið er á þetta eina dæmi, þá skyldi maður halda, að það væri einmitt það, sem menn vildu og gæfi bezta raun, það væri að hafa kjaradóm.

Það skal að vísu tekið fram í sambandi við opinbera starfsmenn, þegar kjaradómur var settur til að ákveða laun þeirra, að þeir höfðu ekki samningsrétt áður, heldur var kaup þeirra einhliða ákveðið af ríkisvaldinu, en samt sem áður virðist manni, að stéttirnar í þjóðfélaginu öfundi þá menn eða telji þá hafa borið mjög góðan hlut frá borði, sem fá laun sín ákveðin með kjaradómi.

Það er í raun og veru annar dómur, sem er þegar til og hefur verið settur á stofn og litlar deilur staðið um, það er verðlagsráð sjávarútvegsins. Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður í raun og veru þýðingarmesta atriðið í kjörum bátasjómanna eða allra fiskimanna, þ. e. a. s. fiskverðið sjálft, og mér skilst, að reynslan af þessu verðlagsráði sé yfirleitt góð, og eftir að það var sett á stofn, þá er þó víst, að það hefur aldrei orðið stöðvun á bátaflotanum vegna deilna um fiskverð.

Ég vil auðvitað taka það fram í sambandi við kaupbindingar, að ég tel, að við eigum alls ekki að búa við það framtíðarskipulag hér, að laun manna og kjör séu yfirleitt ákveðin með l., það er síður en svo. En það mætti minna framsóknarmenn á það, að þeir hafa ekki alltaf verið þessarar skoðunar. 1957 setti Framsfl. nefnd á laggirnar til þess að endurskoða vinnulöggjöfina. Í þessari nefnd voru þrír menn, og ég held, að formaður hennar hafi verið einmitt einn af hv. dm., þ. e. a. s. 1. þm. Norðurl. e. Þessi nefnd lét frá sér fara ýtarlegt frv. með grg. um það, hvað þeir hygðust fyrir um breytingar á vinnulöggjöfinni. Inn í þetta frv. var sett ákvæði um það, að allt kaup í landinu skyldi bundið um 2 ára skeið, frá því um haustið 1957 og til haustsins 1959, og öll verkföll skyldu að sjálfsögðu bönnuð á sama tíma. Ég skal taka það fram, að ég tel þetta í sjálfu sér ekkert sérstaklega í frásögur færandi, vegna þess að það er nú einu sinni svona með þennan blessaða Framsfl., að hann hefur nokkuð skiptar skoðanir eftir því, hvort hann er í stjórn eða utan stjórnar.

Það er í þessum löngu umr., sem hér hafa verið, í sjálfu sér margt, sem gæfi tilefni til þess að segja miklu meira um þessa hluti. Sú ásökun hv. stjórnarandstæðinga, að þetta vandamál, sem við eigum nú við að etja, sé fyrst og fremst sök viðreisnarinnar, getur komið manni eftir því, hvernig á það er litið, nokkuð spánskt fyrir sjónir. Ég man t. d. eftir því, að strax vorið 1960, þegar viðreisnarlöggjöfin var ekki *nema* 2—3 mánaða gömul, talaði formaður Framsfl., Eysteinn Jónsson, um það í þingræðu, að viðreisnin væri hrunin í rúst og þar stæði ekki steinn yfir steini, og manni finnst það nú svo undarlegt, að stefna, sem hrundi í rúst fyrir meira en þremur árum, það skuli vera henni að kenna, hvernig komið er í þjóðfélaginu í dag. En við skulum nú sleppa þessu. Það væri miklu nær að segja, að mínum dómi, að viðreisnarstefnan hefur ekki grafið fyrir rætur þessarar gömlu meinsemdar, sem alltaf er við og við að skjóta upp kollinum, og þessarar sömu meinsemdar, sem hv. stjórnarandstæðingar réðu sjálfir ekki við, þegar þeir voru í stjórn.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, að tilgangurinn með þessu frv., eins og ég sagði í upphafi máls míns, er einvörðungu sá að veita stjórninni umhugsunarfrest, á meðan hún er að hugsa nýjar leiðir, nýjar og betri leiðir en áður hafa verið notaðar til þess að leysa þetta vandamál, því að vandamálið verður raunverulega ekki leyst nema með betri aðferðum en áður. Það hefur sýnt sig, að gömlu aðferðirnar hafa ekki dugað. En á meðan vill stjórnin hafa starfsfrið og óbreytt ástand, því að það er að sjálfsögðu erfitt að nota stuttan frest, ef ný og

ný vandamál eru alltaf að skapast, meðan fresturinn er að líða. Tilgangurinn með þessum fresti er þess vegna fyrst og fremst sá að finna leiðir til þess að stöðva verðbólguna og til þess að bæta hag láglaunafólksins í landinu, sem vissulega er full þörf á, og þess vegna er þessi frestur fyrst og fremst þeim til hagsbóta, sem nú bera skarðan hlut frá borði í þjóðfélaginu.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þeir, sem flytja þetta mál, þ. e. a. s. hæstv. ríkisstjórn, leggja megináherzlu á, að nú sé við mikinn vanda að etja í efnahagslífi þjóðarinnar. Þetta hafa a. m. k. þrír hæstv. ráðh. tekið greinilega fram í ræðum sínum, og nál., sem gefið er út af meiri hl. fjhn. Nd., leggur einnig ríka áherzlu á þetta. Það er því ekki ófyrirsynju að minnast þess með nokkrum orðum, hvert upphafið er að þeirri stjórnarstefnu, sem þannig hefur komið málefnum þjóðarinnar að dómi hæstv. ríkisstj. sjálfrar. Og mér finnst það sérstaklega tilhlýðilegt að minnast upphafsins að valdaferli núv. hæstv. stjórnar vegna þeirra ummæla síðasta ræðumanns, hv. 9. landsk., að hann hefði í blaðaviðtali fyrir síðustu kosningar bent á það, að nú kynni að þurfa að grípa til svipaðra leiða í efnahagsmálum og farnar voru á árinu 1959. En upphaf valdaferils stjórnarflokkanna hefst með myndun minnihlutastjórnar Alþfl. 1958, þá undir árslokin. Það var markmið þeirrar ríkisstj. í efnahagsmálum að reyna að halda verðlaginu í skefjum með auknum niðurgreiðslum og niðurfærslu verðlags og launa. Það, sem gerði þetta kleift, var góður arfur frá vinstri stjórninni. tekjuafgangur frá ríkissjóði, sem færður var sem sérstakur liður inn í fjárlagafrv., sem minnihlutastjórnin stóð að, og allmikill gjaldeyrisforði, sem notaður var, og raunar ýtt undir innflutning á hátollavörum með því að eyða gjaldeyri og skapa að verulegu leyti þann gjaldeyrishalla, sem talinn var vera fyrir hendi í ársbyrjun 1960. En því er ekki að neita, að þessi aðferð tókst um skamman tíma, þ. e. a. s. á árinu 1959. Svo er gengið til kosninga haustið 1959, og þá er þjóðinni lofað hátíðlega af hálfu stjórnaflokkanna annars vegar að fara leiðina til bættra lífskjara, sögðu sjálfstæðismenn, en Alþfl.-menn sögðu, að það ætti að fylgja stöðvunarstefnunni. Í Alþýðublaðinu 16. okt. 1959 segir t. d. Eggert G. Þorsteinsson: „Alþfl. heimtar óbreytt ástand. Við í launþegasamtökunum styðjum þá stefnu. Þjóðin veit, að hverju hún gengur. Hennar er að velja á milli.“ Og í útvarpsræðu 20. okt. 1959 sagði hæstv. núv. félmrh. svo: „Kosningarnar, sem nú fara í hönd, eru örlagaríkar. Þær eru það vegna þess, að þær skera úr um það, hvort freistað verður að leysa vandamál framtíðarinnar með svipuðu hugarfari og á sama hátt og gert hefur verið á þessu ári.“ Það var á árinu 1959. — Með svipuðu hugarfari og á sama hátt, þetta er sagt þjóðinni 20. okt. 1959.

Þegar kosningarnar eru svo um garð gengnar, þá er stjórnin, sem sjálf kallaði sig viðreisnarstjórn, mynduð í nóv. 1959, og þá er stefnan ekki sú sama, sem fylgt var árið 1959, heldur gerólík. Þá er stefnan sú, að leita skuli jafnvægis, sem kallað er, í þjóðarbúskapnum með því að láta verðlagið stórhækka fyrir aðgerðir ríkisvaldsins, en halda kaupgjaldi og afurðaverði bænda niðri. Þetta er leið viðreisnarstjórnarinnar í efnahagsmálum. Menn geta svo getið sér þess til, hvort ekkert hafi verið farið að hugsa fyrir þessari meginstefnu í okt., þegar kosningaloforðin voru gefin! Ég skal ekki fjölyrða um það. En eftir að viðreisnarstjórnin var mynduð, var gefin út bók, eins og kunnugt er, með nafninu Viðreisn. Þar kennir margra grasa, og það er efni í langt mál að rekja það, sem þar segir. Ég ætla ekki að gera það. En til þess að mér sé ekki brugðið um að rangfæra, þá ætla ég að leyfa mér að lesa hér orðrétt fjórar tilvitnanir.

Á bls. 1 segir: „Af þessum sökum er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstj. leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár.“ — Og svo er þetta útfært í lengra máli.

Á bls. 20 segir, að kjaraskerðingin af viðreisnarráðstöfununum muni verða mjög lítil. Vísitalan muni hækka um 13%, ef ekkert annað kæmi til greina, en sú hækkun vísitölu framfærslukostnaðar um 13%, sem að framan er getið, sýni þau áhrif, sem gengisbreytingin muni hafa á lífskjör almennings, svo framarlega sem engar aðrar ráðstafanir verði gerðar samhliða. Slík hækkun framleiðslukostnaðar hlyti að sjálfsögðu að verða öllum almenningi afar þungbær. En svo er gerð grein fyrir öðrum ráðstöfunum jafnhliða, tryggingabótum o. fl., og niðurstaðan er þessi: „Er gert ráð fyrir, að hækkunin verði tæplega 3% í stað hér um bil 13.% ella.“

Á bls. 2 er gefið það fyrirheit, að það verði að gera nauðsynlegar breytingar til varanlegrar viðreisnar í atvinnulífi landsmanna og jafnframt viðtækar ráðstafanir í félagsmálum og skattamálum, en tilgangur þeirra er sá að dreifa byrðunum af þeim breytingum, sem óhjákvæmilega verði að gera, sem réttlátast á þjóðarheildina og vernda hagsmuni þeirra, sem umfram aðra ber að forða frá kjaraskerðingu.

Og á bls. 23 segir, að „ákvörðun grunnlauna verður eftir sem áður háð frjálsum samningum á milli atvinnurekenda og stéttarfélaga.“ Aðrir hafa minnt á þetta hér í umr. um þetta mál, en til þess að taka af öll tvímæli þá les ég þessar tilvitnanir orðrétt. Og hvað var sagt fyrir síðustu kosningar á þessu ári? „Viðreisnin hefur tekizt, og veljið viðreisn, en hafnið ríkisafskiptum.“ Þetta var kjörorðið fyrir kosningarnar s. l. vor.

Þá er þessu næst að athuga, hvernig tekizt hefur um þessa 4 meginþætti, sem ég hef drepið á.

Ræður hæstv. ráðh. nú bera þess ljóst vitni, hvort það hefur tekizt að skapa atvinnuvegum landsmanna traustan, varanlegan og heilbrigðan grundvöll. Það er þvert á móti færð fram sem meginröksemd fyrir þessu frv., að svo sé ekki, og ástæðurnar, eins og ástandið er núna, eru

settar fram í mjög stuttu máli á þessa leið: Innflutningurinn hefur vaxið of mikið. Greiðslujöfnuðurinn fer versnandi. Of mikil bankaútlán. Óheillaþróun er í launamálum. Neyzla og fjárfesting meiri en framleiðslan þolir. Of miklar framkvæmdir í landinu. Sparifjáraukningin fer minnkandi. Lánsfjáreftirspurnin fer vaxandi. Og horfur eru á, að gjaldeyrisvarasjóðurinn minnki þrátt fyrir hækkandi verðlag á útflutningsvörum. Hvað hefur gerzt? Hefur þjóðin dregið af sér við framleiðslustörfin að undanförnu? Nei, ekki er það. Allir vita, að vinnutíminn er langur, og allir vita, að framleiðslan er mikil, aflamagnið sérstaklega mikið og engin veruleg áföll í atvinnulífinu. Það er því í sjálfu sér ekki þörf á að hafa fleiri orð um þennan þáttinn.

Þá kem ég að næsta þætti. Það er um kjaraskerðinguna. Í bókinni Viðreisn segir, að kjaraskerðingin af gengisbreytingunni muni, þegar aðrar ráðstafanir eru teknar til greina, nema 3%. Það fékkst raunar fram, mönnum mun vera það í minni, að það fékkst raunar fram sú játning í umr. um efnahagslöggjöfina 1960, að söluskatturinn væri þá ekki tekinn inn í þetta dæmi og ýmsar aðrar álögur, sem ákveðnar voru samtímis, þannig að loforðið, sem í upphafi var hjá ríkisstj., var ekki heldur að þessu leyti óskeikult. En 13% kjaraskerðing var talin þjóðinni þá afar þungbær, eins og segir í Viðreisn. En hvað segir vísitalan nú? Hún segir nú, að framfærslukostnaður hafi hækkað um 44% frá 1959, og það hefur komið fram í umr. um þetta mál, sem ekki hefur verið vefengt og ég hef fyrir satt, að á sama tíma hafi kaupgjald almennra verkamanna hækkað um 26—27%. Við sjáum þá, hvernig þetta hlutfall er.

En það er hægt að bregða upp fleiri myndum af þessu, ef við tökum t. d. einstaka þætti, sem eru mjög áhrifamiklir eða veigamiklir í lífsafkomu manna. Ég tek byggingarkostnaðinn sem dæmi. Það er reiknuð út vísitala byggingarkostnaðar, og það er hægt að fylgjast með eftir þeim vísitöluútreikningi öllum breytingum á þessu sviði frá því fyrir stríð, alla leið frá 1939. Og ef við skoðum dæmið á þennan hátt, þá hafði á 20 ára skeiði, frá 1939 og þar til í árslok 1953, þegar vinstri stjórnin lét af völdum, byggingarkostnaðurinn samkv. Hagtíðindum tæplega tólffaldazt. Á öllu þessu skeiði, stríðsgróðatímabilinu, með bátagjaldeyri og öllum þeim ráðstöfunum, sem vinstri stjórnin gerði þá, hafði það þessi áhrif á byggingarkostnaðinn. En nú sýna sömu Hagtíðindi og allra síðustu upplýsingar, sem ég hef fengið beint frá hagstofunni, að nú hefur byggingarkostnaðurinn rúmlega nítjánfaldazt, ef miðað er við þennan grundvöll frá 1939.

Við skulum gera þetta enn þá augljósara með því að bregða upp annarri mynd. Það er einnig reiknuð út byggingarvísitala, og sú byggingarvísitala, sem nú er í gildi, er miðuð við grundvöllinn 100 1955. Byggingarvísitalan eftir þessum grundvelli var 31. okt. 1958, þ. e. a. s. rétt áður en vinstri stjórnin fór frá, 123. En sama vísitala er fimm árum síðar, 31. okt. 1963, 183. Hækkun byggingarvísitölunnar á tímabili viðreisnarstjórnarinnar er 60 stig, en á þrem árum, frá 1955 til ársloka 1958, 23 stig. Og mér er sagt, ég fékk þær upplýsingar beint frá hagstofunni, að hraðinn á þessu sé svo mikill, að nú sé byggingarvísitalan raunverulega komin upp í 197, eða verði næst þegar sú tala verður gefin út. Þessar tölur eru ein myndin af ástandinu, sem skapað hefur verið á viðreisnartímabilinu.

Þá er á það að líta, til hvaða þátta í starfseminni þessar miklu hækkanir eiga rót sína að rekja. Svo vill til, að Hagtíðindin skýra einnig frá því, því að árlega er reiknuð út sundurliðuð byggingarvísitala, þar sem verðhækkanirnar eru flokkaðar annars vegar í vinnuliði og hins vegar í efnisliði. Og nú skulum við líta á þá þróun á viðreisnartímabilinu.

Ég ber saman vísitöluna júlí—okt. 1958 annars vegar og hins vegar vísitöluna júlí—okt. 1963. Og þá lítur samanburðurinn þannig út: Vísitala mótauppsláttar og trésmíði utanhúss 1958 125, 1963 161. Vísitala trésmíði innanhúss 1958 125, 1963 155. Múrvinna 1958 124, 1963 143. Verkamannavinna 1958 124, 1963 161. Þetta eru vinnuliðirnir. Svo kem ég að efnisliðunum. Timbur alls konar 1958 123, 1963 245. Hurðir og gluggar 1958 120, 1963 240. Sement, steypuefni, einangrunarefni, grunnrör o. fl. 1958 112, 1963 184. Þakjárn, steypustyrktarjárn, vír, hurða- og gluggajárn 1958 126, 1963 229. Saumur, gler, pappi o. fl. 1958 130, 1963 261.

Á þessum sundurliðaða reikningi hagstofunnar er alveg auðsætt, hvert verðhækkanir við byggingar eiga fyrst og fremst rót sína að rekja. Þar vega efnisliðirnir miklum mun meira heldur en vinnuliðirnir, en þetta er nokkur spegilmynd af ástandinu eins og það er í þjóðfélaginu og bregður nokkru ljósi á allt þetta mál, sem hér er til meðferðar.

Hér hefur í sambandi við þetta mál verið mikið rætt um kjaradóm. Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni að öðru leyti en því, að ég ætla í leiðinni að minnast á eitt atriði, sem er næsta eftirtektarvert. Ég geri ráð fyrir því, að þeir menn, sem settir voru til þeirra vandasömu starfa, sem kjaradómur fékk til meðferðar eða hafði með höndum, hafi kostað kapps um að leysa það starf sitt vel og samvizkusamlega af hendi, og ég vil á engan hátt gera þær niðurstöður, sem þar fengust, að umtalsefni tölulega séð. En það er eitt atriði í því sambandi, sem ég vil vekja sérstaka athygli á við þessar umr., að kjaradómur var settur á laggirnar og hann kom í kjölfarið á samningsrétti, sem opinberum starfsmönnum hafði verið veittur nú nýlega með löggjöf, en það hafði um langt árabil verið áhugamál opinberra starfsmanna að fá samningsrétt um kaup sitt og kjör. Alþingi varð við því að veita þennan takmarkaða samningsrétt, þannig að lokaúrskurður yrði í höndum kjaradóms. En það er það eftirtektarverða í þessu sambandi, að nú, tiltölulega skömmu eftir að opinberum starfsmönnum hafa verið veitt þessi mannréttindi, sem þeir um langa tíð höfðu óskað eftir að fá, þá stefnir þetta frv., sem hér er til umr., að því að svipta aðra launþega, verkalýðshreyfinguna, mannréttindum, sem hún hafði fengið með erfiðri baráttu fyrir mörgum árum og vill fyrir

engan mun láta niður falla. Þetta er atriði, sem menn geta ekki komizt hjá að hugleiða í sambandi við þetta mál.

Þá kem ég að þriðja þættinum, sem ég minntist á, það er, hvernig hefur tekizt að dreifa byrðunum á þjóðfélagsþegnana, eins og fyrirheit var gefið um, þannig að verndaðir séu hagsmunir þeirra, sem umfram aðra ber að forða frá kjaraskerðingu. Ég skal fúslega játa, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft uppi nokkra viðleitni í þessu skyni í sambandi við tryggingalöggjöfina. En því miður er það svo, að hraðinn á dýrtíðinni, sem stefna ríkisstj. hefur skapað, hefur verið svo mikill, að um kaupmátt tryggingarfjárins mun hafa gengið erfiðlega að halda í horfinu að undanförnu. En um tekjuskattslækkunina er það að segja, að hún hefur reynzt miklu meira til hagsbóta þeim, sem miklar tekjur hafa, heldur en almennum verkamönnum. Og þetta frv. sýnir ljóslega, hvað fyrirhugað er um tekjuskiptinguna framvegis milli stéttanna í landinu. Með þessu frv. er stefnt að vaxandi mun tekjuskiptingarinnar milli stéttanna, en ekki minnkandi, og aðferðir hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna með gengisfellingu og fleiri aðgerðum eru til þess fallnar að breyta eignaskiptingunni í landinu til hags fyrir þá efnameiri, en um leið til ógagns fyrir þá, sem eru efnaminni og hafa veikari aðstöðu í þjóðfélaginu. Stefnan miðar að þessu alveg augljóslega.

Þá kem ég að fjórða þættinum, sem ég ætla að gera hér að umtalsefni, og það er fyrirheitið um, að frjálsir samningar skuli gilda um ákvörðun launa, samningar, sem atvinnurekendur og verkalýðssamtökin eða samtök launþega geri.

Á þetta reyndi nokkuð á árinu 1961. Þá tókust samningar um hóflegar kauphækkanir, þegar miðað er við alla aðstöðu, eins og hún var þá orðin, og miðað við þann starfsfrið, sem ríkisstj. hafði verið veittur, þrátt fyrir stórhækkandi verðlag um alllangt skeið. En þegar þeir samningar höfðu verið gerðir, þá liðu ekki nema fáir dagar, að mig minnir, þangað til ríkisstj. greip harkalega þar inn í með þeirri gengislækkun, sem hún ákvað 1961 og ýmsir ræðumenn hafa gert að umtalsefni, þ. á m. hv. 9. landsk. að nokkru, sem talaði hér næst á undan mér. Ég get ekki, vegna þess að hv. 9. landsk. fór sérstaklega að minnast á þetta, komizt hjá að fara fáum orðum um þetta mál, af því að það er með svo sérstæðum hætti.

Í skýrslu Seðlabankans fyrir árið 1961 segir um þetta mál: „Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun", — þ. e. a. s. sem áður er lýst, — „ákvað ríkisstj., að breyting á gengi krónunnar væri óumflýjanleg". Menn taki eftir þessu orðalagi seðlabankastjórnarinnar: „Ríkisstj. ákvað, að breyting gengisins væri óumflýjanleg. — Og þegar ríkisstj. er búin að ákveða þetta, þá felur hún stjórn Seðlabankans, Seðlabankanum, að framkvæma verkið, þ. e. a. s. reikna út hið nýja gengi, og eru svo gefin út brbl. í því sambandi. Fyrir þessari gengislækkun hafa aldrei verið færð nein hagfræðileg rök, svo að frambærileg séu, og hæstv. ríkisstj. mun hafa fundið það, þegar frá leið, að hún stóð höllum fæti við að skýra þetta frumhlaup fyrir þjóðinni.

Síðan gerist það í september, þegar hið nýja gengi hafði gilt rúman mánuð, að þá gefur ríkisstj. sjálf út grg. um málið, og þá er í þeirri grg. vikið að allmörgum þáttum í þjóðarbúskapnum, en sérstök áherzla lögð á sjávarútveginn með tilliti til þess, að annars vegar er stillt upp í dæminu gjaldeyrisöfluninni og hins vegar tekjuaukningunni innanlands, til þess að jafnvægi sé þar á milli. Það er því út af fyrir sig alveg rökrétt að líta á sjávarútveginn, gjaldeyrisöflunina, í þessu sambandi. En það er gert með þeim sérstæða hætti, að ríkisstj. birtir fyrir fram tekjur eða aflaverðmæti sjávarútvegsins 1961 og segir, að það muni verða 2431.3 millj. kr., það varð að standa á 300 þús. náttúrlega, þetta er svo hárnákvæmt, og hún gerir meira, hún birtir vísitölu framleiðslumagnsins á árinu 1961, og sú vísitala er þannig, að 1959 er sett 100, 1960 verður það 92.6 og 1961 96.8, þ. e. a. s. ríkisstj. segir í sept. 1961, að það muni ekki eða eigi ekki að fiska meira á árinu 1961 en svo, að vísitala framleiðslumagnsins verði 96.8, og þetta er látið þjóðinni í té sem hagfræðilegur grundvöllur undir gengislækkuninni 1961.

Svo nokkrum vikum síðar kemur skýrsla Seðlabankans, eftir áramótin, þegar 1961 er liðið, og þá segir í henni, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar á heildina er litið, hefur verð á útflutningsafurðum batnað verulega á árinu 1961." Og um aflamagnið: „Heildarfiskaflinn á árinu 1961 var skv. bráðabirgðatölum 634 þús. tonn á móti 514 þús. tonnum 1960, og er þetta mesti ársafli, sem orðið hefur." Og þar segir enn fremur: „Áætlað er, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hafi numið nærri þrjú þúsund millj. kr. á móti 2628 millj. kr. 1960 og 2838 millj. kr. 1959, og eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi."

M. ö. o.: bæði vísitalan um aflamagnið og áætlunin um verðmæti sjávarútvegsins, sem ríkisstj. sagði þjóðinni í sept. 1961, það er rangt. Það er sannanlega rangt. Það hefur stjórn Seðlabankans sýnt fram á.

Afleiðingarnar af þessari stjórnarráðstöfun, sem er byggð á jafnveikum grundvelli og ég hef nú fært nokkur rök að, hafa verið að koma fram í þjóðlífinu og þjóðarbúskapnum nú undanfarin missiri, og það eru þær afleiðingar, sem við erum ekki sízt að fást við nú, og þetta mál, sem hér liggur fyrir, á að vera þáttur í að leysa, og það á að gera með þeim hætti að binda kaup um tiltekinn tíma, að sagt er í frv., en þó jafnframt sniðgengið að gefa hreina yfirlýsingu um, að hér sé í raun og veru um bráðabirgðaúrræði að ræða, og það er gert með þeim hætti að skerða mannréttindi, sem verkalýðshreyfingin hefur talið og telur dýrmætust af þeim réttindum, sem hún félagslega hefur fengið í hendur í hinu íslenzka lýðveldi. En það er nú ekki síður en 1961, að hæstv. ríkisstj. þykist sjá svo langt fram á veginn, að þessa þurfi með. Það kemur í hug, það sem sagt er um Heimdall að fornu, að hann sér jafnt nótt sem dag hundrað rasta

frá sér og hann heyrir það, er gras vex á jörðu eða ull á sauðum, og allt það, er hærra lætur.

Þá vil ég þessu næst með nokkrum orðum minnast á, hvað reynslan sýnir um afgreiðslu mála, sem með einhverjum hætti má líkja við það mál, sem hér liggur fyrir, þó að nákvæmt fordæmi eða fullkomin hliðstæða við þetta frv. muni ekki verða fundin í þingsögunni. Það hefur sérstaklega verið minnzt á tvö tilvik, sem átt hafi sér stað á Alþingi áður og líkja megi við það frv., sem hér liggur fyrir. Annað er brbl. frá 1956 og hitt er gerðardómslögin frá 1942. Í umr. um þetta mál hefur verið gerð svo tæmandi grein fyrir málinu frá 1956, að ég tel ástæðulaust, að ég sé að tefja tímann með því að endurtaka það og rekja það í einstökum atriðum, en ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að minnast nokkru nánar á gerðardómslögin frá 1942 heldur en gert hefur verið.

Þess er þá fyrst að geta, að þau lög voru sett, þegar heimsstyrjöldin var í algleymingi og Ísland í þjóðbraut milli stríðandi stórvelda. Það liggur í augum uppi, að hv. Alþingi, hæstv. ríkisstj. og þjóðin verða oft að grípa til ráða eða sætta sig við úrræði á slíkum tímum, sem alls ekki eiga við, þegar venjulega stendur á og kalla má friðartíma. Á þessum tíma, á styrjaldartímunum, voru og margar þvingunarráðstafanir eða takmarkanir settar á athafna- og viðskiptafrelsi manna á fleiri sviðum. Ég minni á húsaleigulög, sem þrengdu mjög umráðarétt og tekjumöguleika fasteignaeigenda af húsnæði sínu. Þetta sættu þeir sig við, og þetta varð þjóðin að láta sér lynda á styrjaldarárunum. En hver er það nú, sem vildi beita sér fyrir slíkum ráðstöfunum í húsnæðismálum eins og þá þótti óhjákvæmilegt? Og hvað skyldu fasteignaeigendur segja ef hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir húsaleigufrv. á svipaðan hátt og lagaákvæði voru ströngust í því efni á stríðsárunum? Hefur hæstv. ríkisstj. íhugað það? Þegar litið er á allar ástæður, þá er þetta mál þegar af þeim sökum ekki sambærilegt við það, sem gert var 1942.

Í annan stað er þess að geta, að gerðardómurinn var ekki allsherjarkaupbinding, alveg skilyrðislaus, því að í lögunum er dómnefndinni veitt heimild til að hækka kaup í vissum tilvikum til lagfæringar og samræmingar. En þrátt fyrir þessar ástæður og þó að þessi gerðardómslög væru sett af ríkri nauðsyn og þjóðinni gerð mjög skýr grein fyrir því, lögð mjög rík áherzla á nauðsyn þeirra í umr. um málið, þá reyndust þau ekki framkvæmanleg. Ég minni t. d. á, að núv. hæstv. forsrh., sem nú beitir sér fyrir þessu máli, það féll í hans hlut einnig að mæla fyrir gerðardómslögunum 1942, og hann tók þá mjög sterkt til orða um dýrtíðarskrúfuna og var það þá ekki síður ljóst en nú, hver vandi væri á ferðum. Hæstv. forsrh. segir svo 1942:

„Þetta er dýrtíðarskrúfan," — þ. e. a. s. eins og hann hefur lýst. — „Í rauninni hækkar hún hvorki afurðaverðið né kaupgjaldið. Hún lækkar verðgildi peninganna, hún ræðst á spariféð, ellitrygginguna, liftrygginguna, peningakröfuna, í hverju formi sem er, gerir peningana stöðugt verðminni, þar til þeir eru að engu orðnir. En sá, sem berst fyrir dýrtíðinni, er ekki aðeins fjandmaður sparifjáreigandans, gamalmennisins, ekkna og munaðarleysingja og annarra, er afkomuvonir hafa byggt á peningaeign eða peningakröfum. Nei, hann er einnig böðull framleiðenda og launamanna og raunar alþjóðar. Við okkur Íslendingum blasir bölvun framtíðar óvenjuskýr og ótvíræð, sé verðbólgan látin óhindruð."

Já, það vantaði ekki sannfæringarkraftinn, þegar mælt var fyrir þessu máli. En hæstv. núv. forsrh. er svo reyndur stjórnmálamaður, að mig furðar stórkostlega á, að hann skuli standa að því frv., sem hér er til umr., því að það kom í hans hlut að eiga að framkvæma gerðardómslögin, sem sett höfðu verið af jafnríkri nauðsyn og hann sjálfur hafði sagt og ég hef vitnað til.

En fimm mánuðum eftir að gerðardómslögin voru sett, þ. e. á aukaþinginu 1942, leggur núv. hæstv. forsrh., sem þá var einnig forsrh., fram frv. til gerbreytingar á gerðardómslögunum, þar sem kaupbindingin, svo langt sem hún náði áður, er tekin út, en í staðinn á að koma dómnefnd í verðlagsmálum. Það er eingöngu til þess að halda niðri verðlagi, og í grg. fyrir því frv., sem lagt er fram 6. ágúst 1942, segir þáv. ríkisstj. þetta:

„Lögin um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum voru sett í þeim tilgangi að koma í veg fyrir vöxt dýrtíðar í landinu, er sýnt þótti, að þeim tilgangi yrði ekki náð með frjálsum samtökum og samningum. Enda þótt því verði ekki á móti mælt, að þessi lög hafi tafið vöxt dýrtíðarinnar, kom það í ljós frá byrjun, að þau mundu ekki vera einhlít í þessu efni, og hin geysilega eftirspurn eftir vinnu, samfara stóraukinni peningaveltu í landinu, hefur smám saman og í vaxandi mæli gert það að verkum, að kaupgjald hefur hækkað, án þess að lögin gætu náð til þess í framkvæmdinni eða komið í veg fyrir það. Þær atvinnugreinar, sem lögin gátu bezt náð til, stóðu þá uppi með kaupgjald í fullu ósamræmi við það, sem hægt var að fá annars staðar, og gat ekki svo staðið. Var sýnt, að nema yrði brott þann hluta laganna, sem bannaði hækkanir á grunnkaupi, þar sem að öðrum kosti var ekki unnt að fá menn til ýmislegra nauðsynlegra starfa."

Og hinn 10. ágúst mælir samráðherra Ólafs Thors, núv. og þáv. forsrh., Magnús Jónsson, einn af forustumönnum Sjálfstfl., fyrir þessu frv., og ummæli hans um reynsluna af kaupbindingunni, svo langt sem hún náði, eru næsta eftirtektarverð. Með leyfi hæstv. forseta, sagði Magnús Jónsson:

„Þegar fram á vorið dregur, kemur það í ljós, að flokkar manna, sem vinna hjá hinu opinbera eða fyrirtækjum, sem lögin gátu einna bezt náð til, eru komnir í verri aðstöðu en ýmsir aðrir að því er kaupgjald snertir, og þeir segjast fara úr vinnunni, ef þeir fái ekki hækkað grunnkaup. Hér skapast það einkennilega ástand, að menn rísa upp án verkfalla, krefjast launahækkunar og segja: Við vinnum hér ekki lengur, nema okkur sé greitt betra kaup. — Þegar svo var komið, var óhugsandi annað en

vinna stöðvaðist við ýmis þau fyrirtæki, sem engan veginn máttu stöðvast, nema gengið væri að þessum kröfum. Dómnefnd treysti sér ekki til að kveða upp úrskurð í þessum málum, og öngþveitið jókst því meir sem lengra leið. Það var augljóst, að lögin gátu ekki staðizt lengur í þessu formi. Þau voru orðin að hneisu fyrir þjóðfélagið, þar eð þess var enginn kostur að framfylgja þeim."

Þetta var reynsla á fimm mánaða skeiði, að sú kaupbinding, sem ekki var skilyrðislaus, en lagt var út í á tímum heimsstyrjaldarinnar, þau lög voru orðin að hneisu að dómi forustumanna Sjálfstfl. að fimm mánuðum liðnum.

Þegar þetta er rifjað upp, þá tel ég það furðu gegna, að maður með mikla pólitíska reynslu, eins og hæstv. forsrh., skuli leggja út í að flytja það mál, sem hér er til umr. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni?) Já, ég á nokkuð eftir. (**Forseti:** Ætli við verðum þá ekki að fresta fundinum núna til kl. 5.) Það er ekkert því til fyrirstöðu. — [Fundarhlé.]

Ég lauk máli mínu, áður en fundi var frestað, á því að lýsa, hvernig fór um gerðardómslögin 1942, og ég lét í ljós, að mig furðaði, að hæstv. forsrh., með jafnmikla pólitíska reynslu eins og hann hefur, skyldi leggja út í að beita sér fyrir því máli, sem hér er til umr., því að mér virðist, að það sé öllum augljóst, að ástandið í þjóðlífinu er að sumu leyti svipað og 1942, þannig að það er þensla í efnahagslífinu og eftirspurn eftir vinnuafli mjög mikil. Ég skil það svo, að stjórnarandstæðingar og hæstv. ríkisstj. séu sammála um þetta, og ég ætla, að það hafi komið fram sú skoðun í ræðu hæstv. fjmrh. hér í d., enda segir í nál. meiri hl. fjhn. Nd.: „Þensla í efnahagslífinu hefur vaxið hröðum skrefum undanfarna mánuði, og eftirspurnin eftir vinnuafli hefur farið langt fram úr því, sem hægt hefur verið að sinna."

Hv. 9. landsk. leitaðist við að gefa nokkra skýringu á afstöðu Alþfl. til gerðardóma og í leiðinni til þessa máls, sem hér liggur fyrir. Ég sakna þess nú, að hann er ekki kominn á fundinn. En þó að það megi telja óeðlilegt eftir þá reynslu, sem fékkst af gerðardómslögunum, að Sjálfstfl. og ráðh. hans beiti sér fyrir þessu máli, þá er það þó enn furðulegra um Alþfl. Meðan Alþfl. var allstór flokkur og í allgóðu gengi með þjóðinni, var það höfuðbaráttumál hans að koma hér á 8 stunda vinnudegi t. d., koma á orlofi fyrir verkamenn og auknum mannréttindum í ýmsum greinum, t. d. að lækka aldursskilyrði um kosningarrétt og kjörgengi o. fl. Þetta voru þau höfuðmál, sem Alþfl. barðist fyrir, og vitanlega samningsfrelsi verkalýðsfélaganna um kaup og kjör. Það var hornsteinn í þjóðfélagsbyggingunni að dómi Alþfl.

En nú er svo komið, að forustumenn Alþfl. telja það fjarstæðu, eða það verður ekki skilið á annan veg en að þeir telji það fjarstæðu, að 8 stunda vinnudagur eigi í raun og veru að vera í gildi, það þurfi miklu lengri vinnutíma til þess að afla þeirra tekna, sem óhjákvæmilegt er fyrir alþýðuheimilin í landinu. Og það verður sérstaklega áberandi, hvernig afstaða Alþfl. til kaupbindingar og gerðardóma var annars vegar fyrr á árum, en hins vegar nú, eins og kemur fram í sambandi við þetta frv. og hefur raunar komið fram í smærri stíl á undanförnum missirum í sambandi við önnur mál.

Þegar settur var gerðardómur með löggjöf 1938, dró Alþfl. ráðh. sinn úr ríkisstj., og þegar settur var gerðardómur 1942, var Alþfl. algerlega andvígur því. Það var þó, að ég ætla, ekki fyrst og fremst kauphæðin, sem lá til grundvallar þessum skilningi Alþfl. á gerðardómum og afstöðu til þeirra, heldur miklu fremur „prinsipið" eða aðferðin sjálf. Það hefur víða komið fram í málflutningi Alþfl.-manna frá fyrri árum, og mætti rekja það í löngu máli, en til þess að gera langt mál stutt, þá ætla ég að láta nægja eina tilvitnun, sem tekur af öll tvímæli í þessu efni. Það er í nál. eins forustumanns Alþfl., sem átti sæti í þessari hv. d. um langt árabil, nál. eftir Sigurjón Á. Ólafsson um gerðardómslögin 1942. Þar segir svo um viðhorf Alþfl. um aðferðina og „prinsipið" sjálft, með leyfi hæstv. forseta:

„Með brbl., sem þingið svo á að leggja blessun sína á og samþykkja, var stofnað til innanlandsófriðar milli stéttanna í þjóðfélaginu. Lögunum er fyrst og fremst stefnt gegn verkalýðssamtökunum, svo og gegn öðrum launþegum landsins, hvort heldur þeir eru í þjónustu ríkis, bæja eða einstaklinga. Höfuðmarkmiðið er að banna alla grunnkaupshækkun hjá öllu launafólki, án tillits til þess, hvernig grunnlaunin voru hjá einstökum stéttarfélögum og launaflokkum á þeirri stundu, er lögin voru sett. Sjálfsákvörðunarrétti verkalýðsfélaganna og einstaklinga um að setja verð á vinnuafl sitt, samningsréttinum, verkfallsréttinum er burtu kippt með einu pennastriki. Hinum lögboðna rétti verkalýðsfélaganna, er þeim var veittur með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, er vikið til hliðar og að engu hafður. Löggjöf, sem átti að tryggja og tryggði þjóðfélaginu friðsamlega lausn hinna viðkvæmustu deilumála, sem uppi hafa verið með þjóð vorri um tugi ára, — baráttan um kaup og kjör launastéttanna. Atvinnurekandanum, sem jafnvel vill greiða verkamanni sínum hærra kaup og að öðru leyti veita honum betri lífskjör en hann bjó við, honum er bannað að semja við stéttarfélag verkamannsins, þótt hann telji atvinnurekstri sínum það kleift og til meiri ávinnings fyrirtæki sínu." Og enn fremur: „Ríkisstj. hefur með setningu brbl. brotið eina meginreglu, sem ríkisstj. meðal lýðræðisþjóða mundu ekki hafa leyft sér að gera, þar sem líkt hefði staðið á og hér, að knýja fram ráðstafanir í beinni andstöðu við eina fjölmennustu og þýðingarmestu stéttina fyrir allt athafnalíf landsins, verkalýðsstéttina, ráðstafanir, sem ganga gegn hagsmunum hennar, svipta hana rétti, sem þjóðfélagið hefur veitt henni að lögum, og þar með sett hana skör lægra en þær stéttir, sem fyrst og fremst hafa fleytt rjómann af því óvenjulega ástandi, er ríkir í landinu."

Mér sýnist, að það, sem hér er sagt, eigi vel við í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir. En það sýnir bezt Alþfl. fyrr og nú, hina

óliku afstöðu flokksins til svipaðra mála fyrir 20 árum þeirri afstöðu, sem hann hefur nú. En svo virðist sem hæstv. núv. forsrh. hafi fyrir löngu komið auga á þessi sinnaskipti. Hann getur sjálfsagt tekið sér í munn hin fornu orð: Ég þekki mína. — Í umr. 1942 lýsir hæstv. forsrh. Alþfl. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er þessi löggjöf, sem Alþfl. hefur tekið upp baráttu gegn. Jafnframt hefur hann bætt nýjum titli við sitt virðulega nafn, svona eins og þegar menn hengja í hnappagatið nýtt heiðursmerki, og kalla sig flokk launastéttanna. Nákvæmara heiti hefði þó verið flokkur hálaunastéttanna, þ. e. a. s. flokkur forkólfa Alþfl."

Höfundarréttur er verndaður í þessu landi, og ég vil á engan hátt hafa hann af hæstv. forsrh. Ég sakna þess, að hann er hér ekki, en vildi gjarnan leita samkomulags við hann um það að stytta þetta nafn, forkólfa Alþfl., og hafa það forkólfaflokkur.

Þá skal ég þessu næst fara fáum orðum um markmiðin, sem stefnt er að með þessu frv.

Það er öllum ljóst, sem um efnahagsmál hugsa, hvar í flokki sem þeir standa, að það er ekki hægt að veita þjóðinni öll lífsins gæði ótakmarkað, eins og menn geta teygað andrúmsloftið eða ausið af úthafinu. Skoðanamunurinn er um það, hvernig eigi að setja takmörkin. Stefna núv. hæstv. ríkisstj. er sú að leita jafnvægis, sem kallað er, í þjóðarbúskapnum með því að hækka verðlagið, en halda kaupgjaldinu niðri. M. ö. o.: takmörkuð kaupgeta almennings á að vera skömmtunarstjóri í þjóðfélaginu og harðleikin skömmtunarstjórn. Og þetta frv. miðar að því, eftir því sem ég fæ bezt séð, að ríkisvaldið efli tök þessa harðleikna skömmtunarstjóra við alþýðuheimilin í landinu. Á sama tíma sem verzlunin hefur fengið aukið fjármagn með útlánum bankanna og lántökum erlendis, á að binda kaupgjald verkamanna og bænda í því skyni að halda við hinu svokallaða jafnvægi. Í þessu sambandi er mikið talað um greiðsluþol og greiðslugetu, bæði atvinnuveganna og ríkisins, en við framsóknarmenn viljum ekki eingöngu horfa á greiðslugetu ríkisins og atvinnuveganna, heldur jafnframt horfa á greiðslugetu heimilanna, því að réttur inn til að lifa, réttur þjóðarinnar til að lifa í landinu, er þó sá frumburðarréttur, sem ekki má glata. Og til þess að hafa hófsamleg takmörk eru til önnur ráð og aðrar leiðir en sú að láta hina mjög takmörkuðu kaupgetu almennings vera skömmtunarstjóra í þjóðfélaginu. Það er hægt að hafa meiri stjórn á meðferð gjaldeyrismála í landinu heldur en gert hefur verið hjá núv. ríkisstj., og það er hægt að flokka framkvæmdir meira en gert hefur verið og hafa þannig nokkurt vald á fjárfestingunni, neyzlu eða fjárfestingu einstaklinganna, umfram það, sem gert hefur verið, og þessum ráðum ber að beita, að dómi okkar framsóknarmanna, fremur en að binda kaupgjald almennings í landinu.

Hér hefur í þessum umræðum verið rætt allmikið um vörukaupalánin, sem veitt hafa verið að undanförnu og nema nú hundruðum millj. kr. Þessi vörukaupalán hafa veitt verzluninni aukna peningaveltu. Hún kemur þeim til góða, sem viðskiptin annast, og jafnframt þeim, sem kaupgetu hafa til að kaupa þann varning, sem inn er fluttur. En öll þessi vörukaupalán eru í rauninni ávísanir á framtíðina, og þær ávísanir eiga þeir að borga, sem gjaldeyrisins afla í þjóðarbúið. Það eru vinnustéttirnar, sem framleiða verðmætin úr skauti lands og sækja þau í greipar ægis. En í sambandi við vörukaupalánin og þessa miklu veltu hjá verzluninni vil ég nefna aðeins eitt dæmi um það óhóf, sem á sér stað í þessum efnum. Störfum mínum hefur verið háttað þannig, að ég hef átt leið hingað til bæjarins um rúml. 20 ára skeið á hverju hausti. Nú þegar ég kem til bæjarins þessa haustdaga, þá sé ég hér mjög nýstárlega sjón. Það er hægt að sjá hér skammt frá bænum og í útjaðri bæjarins breiður af gljáandi bifreiðum, sem eru undir beru lofti, flekkir, sem glampar á, þegar sólin skín, og það eru nýjar bifreiðar, sem verzlunin hefur fengið að flytja inn. En það virðist vera búið að metta kaupgetu hinna ríku í þjóðfélaginu, sem geta keypt þessa bíla, en verkamenn með 67 þús. kr. árskaup fyrir 8 stunda vinnu, þeir hafa ekki kaupgetu til þess að kaupa svona tæki. Slíka sjón hef ég ekki séð áður á 20 ára skeiði, en þannig blasir myndin við nú á þessum haustdögum.

Það er fleira, sem kemur í hugann, þegar þessi mál eru rædd. Það hefur verið skýrt frá því, og það sjá raunar allir, hve mikil útþensla er hjá bönkunum, byggingar, fasteignakaup, á sama tíma sem hinn almenni þjóðfélagsþegn berst í bökkum við að byggja sér heimili. Það hefur verið skýrt frá því opinberlega, að það hefur verið keypt hér í miðbænum lóð undir eitt hús fyrir 10 millj. kr. Þessi blettur hér í Reykjavík undir eitt hús er þá að verðgildi svona eins og 20 bújarðir í allgóðri sveit á Íslandi, og ég veit ekki, hvað marga tugi bújarða þyrfti til þess að jafngilda þessari fjárhæð, t. d. á sumum svæðum á Vestfjörðum eða Austurlandi, þar sem samgöngur eru tregar og eftirspurn lítil. Það væri stór hreppur, sem þyrfti til þess að jafngilda að verðmæti þessum eina bletti hér í höfuðstað landsins.

Svo er talað, þegar málum þjóðarinnar er komið í þetta horf, um jafnvægi, allt sé gert fyrir jafnvægið í þjóðfélaginu. Við skulum athuga dálítið nánar, hvernig þetta jafnvægi er, sem þannig fæst. Við hvert aðalmanntal á hverjum áratug vinnur hagstofan úr manntalinu þannig, að hún greinir þjóðina í atvinnustéttir m. a. Nú er mér sagt, að ekki séu til enn þá lokatölur að þessu leyti yfir manntalið 1960, og af því leiðir, að ég vil ekki fara hér með neinar tölur í þessu sambandi, þar sem þær liggja ekki fyrir alveg óvefengjanlegar. En það hef ég fyrir satt, að skipting þjóðarinnar í atvinnustéttir sé á þá leið, að þróunin stefni ört frá framleiðslunni, undirstöðuatvinnuvegunum, yfir í verzlun, opinber störf og ýmsa þjónustu. Þetta er mjög iskyggileg þróun. Og það verður aldrei fengið jafnvægi í þjóðfélaginu með því að ýta undir hana. Ef fólkið flýr frá undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, þá fer fyrr en varir fyrir þjóðfélaginu eins og fara mundi, ef sjálf

uppsprettulindin þornaði, þá minnkar rennslið. Og svo framarlega sem þessi þjóð ætlar sér að verða íslenzk þjóð áfram og lifa á eigin framleiðslu, en ekki fé, sem fengið er frá öðrum þjóðum, verður að gefa þessari þróun gaum. En hvert skyldi nú stjórnarstefnan leiða að þessu leyti? Hinn aukni straumur fjármagns til verzlunarinnar og sú tekjuskipting milli þjóðfélagsstéttanna, sem stefnt er að því að lögfesta með þessu frv., skyldi það ekki draga fólkið frá framleiðslunni yfir í milliliðastörfin, og hvaða áhrif skyldi þetta hafa á jafnvægið í byggð landsins, sem oft er talað um? Nei, stjórnarstefnan leiðir ekki einungis til jafnvægisleysis og röskunar í tekjuskiptingu milli stéttanna, ekki einungis í atvinnuskiptingu innan þjóðfélagsins, heldur jafnframt til röskunar og öfugþróunar í byggð landsins. Það liggja fyrir tölur, og það opinberar tölur, um það, að á sama tíma sem þjóðarfjölgunin í heild var rúml. 51%, þá var fjölgunin hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa 117%, en annars staðar, t. d. á Norðurlandi með höfuðstað Norðurlands innan vébanda sinna, 12½%, og í sumum landshlutum bein fækkun, eins og á Vestfjörðum. Skyldi nú þetta frv., þetta mál, sem miðar að því að fastbinda tekjur vinnustéttanna, sem bera hita og þunga dagsins úti í landsfjórðungunum, miða að því að breyta þróuninni að þessu leyti eða að því að örva hana? Það er alveg áreiðanlegt, að það örvar þessa þróun um röskun jafnvægisins í byggð landsins.

Þegar litið er á heildarmyndina í þjóðfélaginu og þetta mál skoðað í því ljósi, þá er það næsta alvarlegt. En ef við lítum svo á þetta frá öðru sjónarmiði, ekki jafnvíðtækt, og skoðum, hvernig þetta mál ber að, þá blasir sú staðreynd við, að launastéttir og bændur hafa sýnt þessari hæstv. ríkisstj. mikið þolgæði, því að tekjur þeirra hafa ekki vaxið í sama hlutfalli og verðlagshækkanir hafa orðið í landinu. Það liggur einnig fyrir, að núv. ríkisstj. var veittur fjögurra mánaða frestur á s. l. sumri til athugunar á þessum málum og tillögugerðar. Og hvernig hefur sá frestur verið notaður. Meðal annars þannig, að flutningsgjöld á millilandaskipum hafa verið gefin frjáls og hækkuð. Það kemur í verðlagið. Á þessum tíma hefur verið ákveðið, eins og fjárlagafrv. ber með sér, að lækka niðurgreiðslur á nauðsynjavörum um milli 90 og 100 millj. kr. Það kemur fram í hækkuðu verðlagi á neyzluvörum til almennings. Þessi frestur hefur einnig verið notaður til þess að hækka að verulegum mun póstgjöld og símagjöld, til þess að þessar ríkisstofnanir standi að fullu undir fjárfestingu sinni, að mér skilst, en sú var venja fyrr á árum, að það var oft greitt til þeirra beint af ríkisfé til að styðja fjárfestingu þessara ríkisstofnana. Og vitað er, að í athugun er breyting á töxtum með strandferðaskipum ríkisins, og það má alveg búast við eftir annarri þróun í þessum efnum, að á næsta leiti sé hækkun á þeim töxtum. Það kemur inn í verðlagið á vörunum, sem fluttar eru með strandferðaskipunum út um land. Og kerfið er svo margslungið, að söluskatturinn í smásölu er svo reiknaður af verði hverrar vöru-einingar, eins og það er orðið, þegar flutningskostnaðurinn er kominn inn í verðið og varan er seld. Með þessu kerfi greiða þeir, sem búa við erfiðar samgöngur og kostnaðarsama flutninga, í raun og veru hærra gjald í söluskatt af hverri vörueiningu heldur en þeir, sem eru vel settir með flutninga og samgöngur í landinu. Á þennan hátt er náð sérstöku taki á landsbyggðinni ofan á allt annað. Þannig ber þetta mál að.

Það virðist vera, að ríkisstj. og stjórnarfl. ætli að knýja þetta mál fram. Þeir hafa til þess meiri hluta hér á hv. Alþ. Sú samþykkt, sem gerð verður, ef þeir standa allir að þessu máli, verður lögmæt afgreiðsla, það er ekkert um það að villast. En það er ekki aðeins hinn lagalegi réttur, sem er til og í gildi, það verður oft jafnframt að skoða hinn siðferðilega rétt og þann grundvöll, sm hinn lagalegi réttur hvílir á. Og þegar sá grundvöllur er skoðaður í sambandi við þetta mál, kemur í ljós, að hann er ekki vel gerður. Ferill þessarar hæstv. ríkisstj. er því miður víða varðaður blekkingum og brigðmælum við þjóðina, sem berast hefur orðið í sambandi við kosningaloforð, og stefnan, sem mörkuð er í þessu frv., leiðir af sér misrétti milli þjóðfélagsstétta og öfugþróun, m. a. í byggðaskipuninni í landinu og aðstöðu fólksins úti um landsbyggðina.

Það var búið að veita 4 mánaða frest til umhugsunar og tillögugerðar, og á þeim tíma, á meðan sá frestur stóð, er gripið til að ákveða verulegar verðhækkanir, sem ríkisstj. hafði á sínu valdi, eins og ég hef áður drepið á. Allmiklar og í sumum greinum stórfelldar launahækkanir höfðu átt sér stað til ýmissa manna og stétta í þjóðfélaginu alveg fram á síðasta dag, þangað til þetta frv. var lagt fram. Og þrátt fyrir áskoranir hér á hv. Alþ., fæst ríkisstj. ekki til þess að gefa skýlausa yfirlýsingu um, að kaupbinding komi ekki til greina eftir áramótin. Þegar þetta er skoðað, þá er hinn siðferðilegi grundvöllur, sem þetta mál allt hvílir á, mjög veikur.

En það, sem er allra alvarlegast og að mínum dómi átakanlegast við þetta mál, er þó ekki í sjálfu sér efnahagslegs eðlis. Hér er stefnt að skerðingu á mannréttindum, skerðingu á réttindum, sem hin fjölmennasta stétt þjóðfélagsins hefur unnið með langri baráttu og telur sér ákaflega dýrmæt. Það er eðli Íslendinga að una ekki misrétti eða skerðingu á frelsi eða mannréttindum. Það sýnir öll saga þjóðarinnar, og það mætti rekja stig af stigi allt frá söguöld til þessa dags, ef maður gæfi sér tóm til þess að ræða það mál til hlítar. Og ég hygg, að þetta sé í raun og veru kannske ekki séreinkenni á Íslendingum, þó að ég þekki það bezt. Ég hygg, að þetta sé mjög ríkt í mannlegu eðli. Þetta tel ég allra alvarlegast við þetta mál og það, sem mótar afstöðu mína meira en annað, þó að hitt vegi líka þungt.

Sagan sýnir okkur, að þeir valdsmenn hafa verið til, sem finnst þá sigurinn sætur og þá ljóma um salina þjóðheiður sinn, þar sem nábúinn fátæki látinn var liðsmunar gjalda. Það erum við, alþýðustéttirnar, sem í þessu falli er-

um nábúinn fátæki, svo að talað sé á líkingamáli. Það getur verið og það lítur helzt út fyrir það í sambandi við þetta mál, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarfl. hér á hv. Alþ. vilji skipa sér í flokk þessara valdsmanna. En þó að þeir geri það og hér megi teljast afgreidd lögmæt samþykkt, þá er ég viss um, að þetta mælist illa fyrir meðal Íslendinga, því að Íslendingseðlið er og verður samt við sig eins og það hefur verið öldum saman. Hér er stefnt að skerðingu á mannréttindum, en það stríðir gegn réttlætiskennd og réttarmeðvitund almennings. Þess vegna er þetta mál reist á veikum grunni, og það mun gera gæfumuninn, þegar frá líður.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þegar hæstv. fjmrh. gerði hér í framsögu grein fyrir þessu máli í gær, minntist hann í upphafi á þær viðreisnarráðstafanir, sem ríkisstj. hefði lagt fyrir Alþ. í febr. 1960. Tíminn er fljótur að líða, og það er ekki ýkjalangur tími síðan, þótt e. t. v. margir séu farnir að gleyma ýmsu af því, sem þjóðinni var heitið, þegar hin svokallaða viðreisnarstjórn kom til valda og byrjaði á því að veita fjármagni landsmanna í þau fallvötn, sem íhaldsstefnan í landinu taldi sér bezt henta til þess að geta stjórnað eins og henni hentaði bezt. Það er líka búið að margsanna í þessum umr., hvernig farið hefur með þessa stefnu, hvernig hún hefur verkað á atvinnulíf landsmanna, og það er síður en svo, að það hafi farið eftir, sem spáð var í upphafi, að þessi stefna mundi jafna kjör fólksins og væri hin eina rétta leið til bættra lífskjara, eins og það var orðað af sjálfstæðismönnum haustið 1959. Og mér finnst þetta frv., sem hér er til umr., vera hrópandi tákn þess, hvað það er fjarstæðukennt að boða leiðina til bættra lífskjara og síðan að hækka laun hjá fjölda fólks, en setja þann við því, að aðrir megi fá launabætur. Það er ekkert til fjarstæðukenndara en það.

Við þetta tækifæri vil ég minna á nokkur atriði í stjórnarstefnunni, sem hæstv. ríkisstj. hefur þó sjálf viðurkennt að mistekizt hafi og hún hefur sannað ýmist með fyrirskipunum, þar sem þær hafa gilt, eða með beinum lagasetningum.

Það var ein af ráðstöfunum ríkisstj., eftir að gengið hafði verið fellt það mikið í febr. 1960, að það átti að nægja til þess að bjarga útflutningsframleiðslunni, að manni skildist um aldur og ævi, að þá voru almennir vextir hækkaðir upp í 12%, og þeir voru hækkaðir það mikið, að það varð að afnema lög, sem áður höfðu gilt í landinu um svokallaða okurvexti. En framleiðslan átti að vera það blómleg, að hún átti að þola allt að 12% vexti, sem sagt sá maður, sem tók lán til síns atvinnurekstrar, átti að hafa það mikið í arð fyrir utan allan rekstrarkostnað annan, að hann gæti borgað lánsupphæðina á 8 árum. Svona blómlegt atvinnulíf átti að verða fram undan hjá íslenzkum atvinnuvegum. En hver varð svo reynslan í þessum efnum? Í árslok 1960 sá stjórnin sér bezt henta að lækka hina almennu vexti niður í 10%, úr 12% niður í 10%, vegna þess að þá voru atvinnuvegir landsmanna búnir að sýna það og sanna, að þeir þoldu engan veginn þessa vexti. Þetta gat ríkisstj. fyrirskipað vegna þess, að hún var búin að fá vald til að skrásetja krónuna og búin að fá vald til að ákveða stofnlánavexti og aðra vexti, sem ákveðnir höfðu verið með sérstakri löggjöf áður.

Maður skyldi ætla, að þetta hefði orðið nægjanlegt til þess að bjarga framleiðslunni. En svo var ekki, því að á sama vetri eða síðari hl. þings snemma á árinu 1961, minnir mig, var lagt fyrir Alþ. frv. til l. um lausaskuldir sjávarútvegsins eða nokkurs konar skuldaskil í sjávarútvegi. Þessi skuldaskil fóru fram á þann hátt, að það voru lækkaðir vextir, sem áður höfðu verið 10 eða 12%, þeir voru lækkaðir niður í 6½% og lánin lengd til margra ára eða fastsett, þar sem þau voru, vegna þess að það var sýnilegt, að sjávarútvegurinn gat ekki risið undir þeirri vaxtabyrði, sem honum var ætlað að gera með 10% vöxtum. Og það er sannast sagna, að hér er hæstv. ríkisstj. að glíma enn þá við sama drauginn, að hún hefur íþyngt atvinnuvegum þjóðarinnar svo mikið með þessari vaxtabyrði, að atvinnuvegirnir eru alltaf kvartandi og kveinandi, vegna þess að þeir geta ekki borið þessa háu vexti.

Um sama leyti og þessi mál varðandi sjávarútveginn voru til umr. hér á hv. Alþ., komu fram till. frá okkur framsóknarmönnum þess efnis, að landbúnaðurinn yrði tekinn hliðstæðum tökum og sjávarútvegurinn, að það yrði veitt lán til langs tíma með hagkvæmum kjörum. En þá var ekki þörf á því. En svo fór með hæstv. ríkisstj. eins og Adam forðum, að hún var ekki lengi í Paradís, því að eftir að Alþ. hafði lokið störfum um vorið, gaf hæstv. ríkisstj. út brbl. um lausaskuldir bænda, og sú löggjöf var fyrir atbeina Stéttarsambands bænda og atbeina framsóknarmanna á Alþingi lagfærð það mikið, að hún kom bændunum að notum og var lögfest um áramótin 1961—62. Og hún fól það í sér að fastsetja skuldirnar, þar sem þær höfðu myndazt, til 20 ára, með þó ekki lægri vöxtum en 7½%, eða 1% hærra en gilti fyrir sjávarútveginn.

Þetta hefur hæstv. ríkisstj. sjálf fundið og sannað, að hefur mistekizt í sinni stjórnarstefnu, að hún ætlaði atvinnuvegunum of þunga og of háa vaxtabyrði í upphafi, þegar viðreisnarstefnan var boðuð og þegar ráðstafanir stjórnarinnar til bjargar atvinnuvegunum voru lögfestar á Alþ. í febr. 1960.

Það hefur alltaf sézt og alltaf skinið í gegnum þessa stjórnarstefnu, að hún hefur spennt vaxtakjörin í landinu það hátt, að þeir, sem hafa frjálsastar hendur með sinn atvinnurekstur eða sín atvinnutæki, eins og verzlunarstéttin, gætu einir þolað þunga vaxtabyrðarinnar. Og svo er komið t. d. í landbúnaði nú, síðan þessi hæstv. ríkisstj. tók við, að unga fólkið treystir sér ekki, sem vonlegt er, og fær heldur ekki fjármagn til þess að hefja búskap. Og ég er ekki viss um, þegar nokkur ár eru liðin, að þessari hæstv. stjórn verði þakkaðir þessir hlutir, því að ef svo fer fram sem verið hefur hin síðari ár, þá fækkar mönnum það mikið í bændastétt, að framleiðslan hlýtur að dragast

saman og það allt of mikið, þegar miðað er við þá fólksfjölgun, sem verið hefur í landinu að undanförnu, því það þarf að haldast í hendur framleiðslan í landbúnaðinum og fólksfjölgunin, svo að hægt sé að sjá þjóðinni fyrir þeirri þjóðhollu fæðu, sem landbúnaðurinn hefur veitt til þessa, þ. e. kjöt- og mjólkurafurðir.

Það hefur sýnt sig, að lánamál landbúnaðarins hafa orðið óhagstæðari með hverju árinu sem hefur liðið. Afurðalánin hafa farið lækkandi. Þó að það hafi verið svipaðar krónutölur, þá hafa þau lækkað mikið, vegna þess að afurðamagnið hefur nokkuð aukizt og verðlagið nokkuð hækkað, þannig að prósentvís út á afurðirnar hefur verið lánað miklu minna fjármagn en var fyrir fimm árum, því að þá komust afurðalánin upp í 67%, en hafa komizt niður fyrir 40% í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Og auk þess eru bændurnir látnir lána sér sjálfir, því að það er lagður á þá sérstakur skattur, sem rennur í stofnlánadeild landbúnaðarins, og á 15 árum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert áætlanir um tekjur þessa sjóðs, þá greiða bændurnir 2 kr. af hverjum 3 kr., sem þessari deild er ætlað að hafa í tekjur á þessum tíma. Og það skiptir mörgum milljónum og verður þó mun meira en áætlað var, ef þróun mála verður framvegis eins og hún hefur verið, að síhækkandi verðlag verður í landinu á komandi árum, eins og hefur verið hin síðari ár, síðan þessi hæstv. ríkisstj. komst til valda, — og hefur þó landbúnaðurinn sízt fengið sinn hlut í því verðlagsflóði, sem yfir þjóðina hefur dunið.

Ég hef nefnt hér þrjú atriði, tvenn lög og eina fyrirskipun frá hæstv. ríkisstj., og þetta frv. finnst mér vera það fjórða mál, sem hæstv. ríkisstj. er að sanna með, að viðreisnin hafi mistekizt. Og þetta er kannske bezta sönnunargagnið, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram af sinni hálfu til að sanna, að viðreisnarstefnan gat ekki bjargað þjóðinni. Sé það nú svo, að hæstv. forsrh. reikni nú, að þetta sé pennastrikið, sem hann sagði eitt sinn að hægt væri að lækna dýrtíðina með, þá er hann orðinn æði sjóndapur, því að nokkuð er víst, að þetta litla pennastrik getur ekki orðið til að lækna neitt, en það getur hins vegar orðið til þess að auka á það dýrtíðarflóð, sem þegar er orðið í landinu og sýnilegt er fram undan. Og þetta frv. er kóróna að mínu áliti á öllum þeim gjörðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert í dýrtíðarmálum, og liggja til þess margar orsakir, að svo er.

Ég held, að það væri gott fyrir hæstv. ríkisstj. að hugleiða þær ályktanir, sem koma frá ýmsum mannfundum, þar sem þeir, sem eiga að standa í eldi lífsins og eiga að sjá atvinnulífi landsins borgið, gera sínar ályktanir og lýsa ástandinu eins og það raunverulega er í atvinnumálum þjóðarinnar. Á s. l. vori komu saman fulltrúar hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og lýstu þá ástandinu og sendu sínar ályktanir til hæstv. ríkisstj. í trausti þess, að hún gerði eitthvað til bjargar atvinnulífinu það fljótt, að það þyrfti ekki að stöðvast af þeim orsökum. Þessi fundur mun hafa verið haldinn í júnímánuði s. l., og það er liðið mikið á fimmta mánuð síðan, og aftur þann 22. og 23. okt. komu þessir sömu aðilar saman á ný til þess enn á ný að ítreka þær till., sem þeir höfðu áður lagt fram fyrir hæstv. ríkisstj. Ég ætla, að þessir menn séu ekki óvinveittir hæstv. ríkisstj., og ég hef ekki heldur heyrt, að þær tillögur, sem frá þeim fundi komu, hafi fengið nein mótatkvæði, og sá maður, sem stýrði þessum fundi, var hvorki meira né minna en hv. 4. þm. Vesturl. (JÁ), og ég ætla, að þar sem hann hefur atvinnurekstur með höndum, sé honum eins kunnugt og hann sjái eins þær leiðir, sem færar eru út úr þeim ógöngum, sem atvinnulífið er komið í, eins og hæstv. ríkisstj., og vil ég, með leyfi forseta, lesa hér upp þær ályktanir, sem samþ. voru á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna:

„Aukafundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, haldinn í Reykjavík 22.—23. okt. 1963, ítrekar fyrri ályktanir frystihúsaeigenda um hið alvarlega ástand í hraðfrystiiðnaði landsmanna vegna síhækkandi rekstrarkostnaðar, á meðan sáralítil verðhækkun hefur orðið á frystum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum. Niðurstöður nefndar, sem kjörin var á aðalfundi SH í júní s. l. til að gera reikningslega athugun á starfsgrundvelli hraðfrystihúsanna, leiða í ljós, að við núverandi ástand er rekstrartap, sem nemur um 14% af söluverðmæti. Hlýtur það óhjákvæmilega að leiða til algerrar rekstrarstöðvunar.

Til þess að leiðrétta starfsgrundvöll frystihúsanna bendir fundurinn m. a. á eftirfarandi atriði: Að vextir Seðlabanka Íslands á afurðalánum verði lækkaðir í 3% og útlán hans aukin í ⅔ af fob.-verði. Að útflutningsgjöld, 7.4%, verði afnumin og tekna í þeirra stað aflað á annan hátt. Að aðstöðugjald af fiskvinnslu verði afnumið. Að tollar á vélum og varahlutum til frystingar og annars fiskiðnaðar verði afnumdir. Að frestað verði í eitt ár að innheimta afborganir af stofnlánum sjávarútvegsins. Að rafmagn til fiskvinnslu verði lækkað.

Að því leyti sem framangreindar ábendingar nægja ekki til þess, að heildarlagfæring á núverandi starfsgrundvelli frystihúsanna nemi a. m. k. 14% af söluverðmæti miðað við núverandi hráefnisverð og kaupgjald, þá verði það bætt á annan hátt.

Fundurinn tekur það skýrt fram, að frekari kaup- og verðhækkanir en þegar eru orðnar er óhugsandi, að frystihúsin taki á sig þrátt fyrir umrædda 14% leiðréttingu, nema til komi sérstakar bætur í einu eða öðru formi til þess að mæta slíkum hækkunum. Fáist ekki samkomulag um rekstrargrundvöll fyrir hraðfrystihúsin, sem að dómi stjórnar SH er viðunandi, samþykkir fundurinn að fela stjórn SH að leita umboðs frystihúsanna til rekstrarstöðvunar."

Þá samþykkti fundurinn svo hljóðandi ályktun:

„Aukafundur SH, haldinn í Rykjavík í okt. 1963, samþykkir, að unnið verði að því ásamt öðrum hagsmunafélögum sjávarútvegsins að stofna *stéttarsamband framleiðenda sjávarafurða*."

Mér finnst, að þarna komi skýrt fram ástand-

ið, sem ríkir hjá aðalatvinnuvegi og varðandi aðalútflutningsframleiðslu þjóðarinnar, þ. e. sjávarútveginn, og þarna sé líka bent á leiðir til bjargar þeim rekstri, svo að betur megi fara en verið hefur. Og ég held, að það sé ekki hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að fá meira vantraust en þessar ályktanir, sem hún hefur fengið og það frá sínum ágætu stuðningsmönnum, sem mjög margir voru á þessum fundi: Að viðreisnarstefnan hefur leitt til þess eftir tæp 4 ár, að það er enginn grundvöllur lengur fyrir því að gera út á Íslandi. — Og ég hef áður lýst því, að það er í raun og veru engin leið fyrir íslenzka bændur að búa, nema þá, sem voru búnir að koma fjárhagslega fyrir sig fótunum, áður en viðreisnin hófst, og geta búið án þess að leggja nokkurn verulegan skerf til framkvæmda, sem kosta sem neinu nemur, síðan viðreisnarstefnan hófst í landinu. Og það er undarlegt, að þetta skuli hafa komið fram í júnímánuði s. l., rétt eftir kosningarnar. En nokkuð er það víst, að sendisveinar hæstv. ríkisstj. riðu gandreið um allt landið á s. l. vetri og s. l. vori til að lýsa ágæti ríkisstj. og hversu vel og ágætlega viðreisnarstefnan hefði tekizt. En tæpum mánuði eftir kosningar er svo komið, að það er ekki neinn grundvöllur fyrir því að gera út á Íslandi.

Hvað skeði á þessum stutta tíma, sem leið frá kosningunum og þar til fulltrúar komu saman hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna? Hvað skeði? Mér er nær að halda, að það hafi ekkert skeð á þeim tíma. Það, sem skeði, var komið fram þegar fyrir kosningar, en mátti ekki verða landslýð kunnugt, vegna þess að það var ekki í samræmi við þá stefnu, sem ríkisstj. þurfti að lýsa fyrir þjóðinni, svo að hún gæti með einhverjum brögðum, þótt bolabrögð væru, haldið velli, sem kallað er, á sviði stjórnmálanna.

Stjórnarstefnan, eins og hún var lögð fyrir þjóðina og eins og hún hefur verið framkvæmd, var dauðadómur fyrir allan atvinnurekstur landsmanna. Og þetta hefur hæstv. ríkisstj. alltaf verið að sanna sjálf betur og betur, að því er varðar atvinnulífið. Ég hef nefnt hér fjögur atriði, sem ríkisstj. sjálf hefur bent á að hafi mislukkazt í sinni stefnu, og þessi fjögur atriði eru öll varðandi atvinnurekstur landsmanna fyrst og fremst. Og sú ríkisstj., sem tekst ekki að koma grundvelli undir atvinnulífið, er dauðadæmd, vegna þess að það er þýðingarlaust að ætla sér að búa, án þess að það sé hægt að sjá atvinnulífinu í landinu fyrir sómasamlegum vaxtarskilyrðum.

Það má líka líta á aðra þætti þessa máls og aðra þætti í stjórnarstefnunni. Frelsi hefur löngum verið hjartkært orð í eyrum okkar Íslendinga, og það er ekki heldur að undra, vegna þess að við vorum einokaðir af erlendum þjóðum um aldaraðir, og orðið frelsi var því eitt af þeim orðum, sem bezt hafa hljómað í eyrum okkar Íslendinga allt fram á þennan dag. Það vantaði ekki heldur á það, að þessi nýja þjóðfélagsstefna, íhaldsstefnan, boðaði frelsi. Hún boðaði mikið frelsi í heimi viðskiptanna. Og vera má, að margur hafi haft gott af því frelsi, en því miður held ég, að hinir séu fleiri, sem hafa síður en svo gott af því frelsi.

Þegar litið er á þetta frv., þar sem það felur í sér launastöðvun hjá nokkrum hluta þjóðarinnar auk skerðingar á mannréttindum, þá er rétt að íhuga, hvað gerzt hefur bara á þessu ári í launamálum í landinu. Það er búið að hækka laun opinberra starfsmanna að meðaltali um 45% og miklu meira hjá stórum fjölda þeirra, þannig að launamismunur hér er nú meiri en hann hefur nokkru sinni verið áður. Það er í öðru lagi — og það er ekki þýðingarminna — búið að gefa álagningu, t. d. á bifreiðaverkstæðum, frjálsa, þannig að verkstæði, sem hefur menn fyrir verkamannakaup, getur lagt ótakmarkað á þá vinnu og selt sína þjónustu á margföldu verði, án þess að hinn kauplági verkamaður njóti þar nokkurs. Þetta sýnir bezt, að það frjálsræði, sem er að skapast á verzlunarsviðinu, er að verða óbærilegur baggi á þjóðinni og mjög erfiður draugur fyrir ríkisstj. að glíma við. Það er í þriðja lagi frjáls álagning á mörgum vörutegundum frá s. l. vori, miklu fleiri vörutegundum en nokkru sinni hefur áður verið í landi voru. Það var gefin út reglugerð eða tilkynning 18. maí, rétt fyrir kosningarnar í vor, um stórfelldan vöruinnflutning, sem ekki átti að vera háður neinu hámarki að því er álagningu snertir. Og þessar vörur eru bæði matvörur, fatnaður alls konar, búsáhöld, byggingarvörur, járnvörur, rafmagnsvörur, ritföng og ýmsar aðrar nauðsynlegar vörur. Það er ekki að undra, þótt hlómlegt sé sums staðar um að litast hjá verzlunarstétt þessa lands. Auk þess er hámarksálagning á vörum, sem leyfileg er, þar sem hún er takmörkuð, allt upp í 42—43% á fjöldamörgum nauðsynjum. Og nokkuð er víst, að ef á að bæta lífskjör almennings í þessu landi hliðstætt því, sem verzlunarstéttin lifir, þá má bæta lífskjörin nokkuð mikið, því að svo virðist þar vera rúmt um hendur, og við þurfum ekki annað en aka hérna niður Laugaveginn og eftir Suðurlandsbrautinni til þess að sjá, hverjir hafa haft aðgang að lánsfénu á undanförnum árum og hverjir það eru, sem geta borgað þá vexti, sem hæstv. ríkisstj. ætlar atvinnulífinu að borga.

Mér finnst, að skýringin sé nokkuð augljós, þegar maður kemur til höfuðborgar landsins. Þá sér maður, hvert fjármagnið streymir og að vel hefur tekizt að veita fjármagninu í þau fallvötn, sem íhaldsöflin ætluðu sér í upphafi, þegar þau mynduðu ríkisstj. haustið 1959, og unnið hefur verið að alltaf síðan.

Ég hef drepið hér á nokkur atriði í viðskiptalífinu, þar sem frjálsræði ríkir, að mér finnst, úr hófi fram. Og hæstv. ríkisstj. telur sig vera talsmann frelsis í viðskiptaheiminum. En þetta frelsi hæstv. ríkisstj. er að leiða þjóðina út á hála braut, sem erfitt mun að fóta sig á, því að þetta frelsi er að verða fjötur um fót margra þegna þessa þjóðfélags, og það er líka fjötur um fót atvinnulífsins til lands og sjávar. Það er frelsi sumra þegna þjóðfélagsins, sem er að soga til sín of stóran hlut úr atvinnurekstrinum, svo að hvorki frystihúsaframleiðsla né önnur þjóðarverðmæti frá undir því risið.

Það eru mennirnir í hinum frjálsa viðskiptaheimi hér á landi, sem geta borgað það, sem ríkisstj. ætlar almenningi að borga, en aðrir ekki. Og þessir menn þurfa ekki heldur að spyrja Pétur né Pál, hvað þeir leggja sér til neyzlu daglega. Það er enginn vafi á því, að það er of mikið af fjármagni bankanna bundið í þessum ónauðsynlega varningi, sem hefur verið fluttur til landsins að undanförnu, og of mikið af fjárfestingu bundið í því húsnæði, sem er yfir þennan óþarfa varning. Innflutningurinn er skipulagslaus og skapar öryggisleysi fyrir landslýð. Ef gjaldeyrir er ekki nægur, hvaða trygging er þá fyrir því, að þjóðinni verði séð fyrir helztu nauðsynjavörum, svo sem mjölvörum og sykri og alls konar fatnaði, sem inn er fluttur? Er nokkur trygging fyrir því, að þessar vörubirgðir, sem jafnan þurfa að vera til í landinu, séu nægjanlega miklar? Mér er sagt nú, að það sé skortur á sumum vörutegundum hér í landinu þrátt fyrir hina miklu gjaldeyrissjóði, sem til eiga að vera erlendis, að því er sagt er. Og erum við Íslendingar það efnuð þjóð, að við getum veitt okkur frjálsræði viðskiptalífsins ótakmarkað? Er ekki aðalatriði okkar að treysta grundvöll atvinnulífsins og miða síðan okkar viðskipti við það, sem atvinnureksturinn færir okkur í aðra hönd? Sú þjóð, sem metur lýðræði sitt að verðleikum, verður jafnan að huga vel að hornsteinum atvinnuveganna. Á það hefur mikið skort hjá núv. hæstv. ríkisstj., og hún virðist ekki hlusta á raddir þeirra, sem til þekkja.

Ég las hér áðan ályktanir frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Þar er farið fram á það, að vextir af afurðalánum lækki niður í 3% og lánaðir séu ⅝ af fob.-verði afurðanna. Í hvað hefur spariféð farið, þegar það er komið nokkuð á fjórða milljarð og hefur því sem næst tvöfaldazt, að því er hæstv. fjmrh. tjáði, í tíð hæstv. núv. ríkisstj.? Vilja þeir, sem til þessara hluta þekkja og eru hér viðstaddir, upplýsa það í stórum dráttum, í hvað fjármagnið hefur farið, því að það er gott fyrir þjóðina að vita sannleikann í þessum efnum?

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna benti á fleira en vaxtalækkun. Hún benti á, að það þyrfti að afnema þessi háu útflutningsgjöld, sem nú gilda og eru 7.4%, og enn fremur benti hún á, að það þyrfti að lækka tolla og skatta á þeim tækjum og varahlutum til þeirra, sem sjávarútvegurinn nauðsynlega þarfnast. Það er enginn vafi á því, þegar litið er á ríkisreikninginn á undanförnum árum og eftir því sem hæstv. fjmrh. hefur lýst fjárhag ríkisins fyrir yfirstandandi ár, að þar er um verulegan afgang að ræða, og út af fyrir sig á maður kannske ekki að lasta það, að einhvers staðar séu til digrir sjóðir, eins og það er orðað. En of mikið má þó af öllu gera. Og sé það svo, að atvinnurekstrinn sé svo skattlagður, að hann þoli ekki skattgreiðsluna, ber ríkissjóði að innheimta minna af atvinnulífinu og sjá atvinnurekstrinum betur borgið en verið hefur. Er það forsvaranlegt að láta ríkissjóð safna stórum sjóðum, á sama tíma og skuldir myndast við margvíslegar framkvæmdir ríkisins, t. d. vegagerð, brúargerð, hafnargerð, skólabyggingar ásamt ýmsu fleiru, því að þau bæjar- og sveitarfélög, sem hafa tekið á sig að sjá um þessar framkvæmdir, verða að taka á sig stórar byrðar vegna þeirra lána, sem tekin eru upp í framlagið, sem ríkið á að inna af hendi lögum samkv. til þessara framkvæmda? Mér virðist, að sé svo, að ríkissjóður hafi rúmt fé til umráða, þá eigi hann fyrst og fremst að greiða áfallnar skuldir í þessum efnum og þar með létta á hlutaðeigandi aðilum þær byrðar, sem þeir hafa á sig tekið. Þá er það vitað mál, að aðaltekjur ríkissjóðs eru fengnar með svokölluðum neyzlusköttum, og þar borgar almúgamaðurinn engu minna en hinn, sem hefur betri ráð, og oft meira, og honum verður það tilfinnanlegra en öðrum, ef hann hefur fyrir stórum fjölskyldum að sjá.

Mér datt í hug út frá þeirri sögn hæstv. fjmrh., þegar hann var að lýsa hinum digru sjóðum, sem orðið hefðu til í hans stjórnartíð, saga, sem ég heyrði fyrir mörgum árum af bónda einum, sem var að hæla sér af því að vori til við gesti sína, að hann hefði verið eini bóndinn í sveitinni, sem hefði átt miklar heybirgðir um vorið, allir aðrir hefðu orðið heylausir, og ástandið var síður en svo gott hjá hans nágrönnum vegna tíðarfarsins og þess, að heybirgðirnar nægðu ekki, en hann hefði sjálfur miklu getað bjargað, ef hann hefði viljað sjá af sínu til þeirra hluta. En sonur þessa bónda, sem heyrði á sögn föður síns, sagði: „Þú átt að skammast þín, pabbi, fyrir að vera að segja nokkrum manni frá þessu, því að þú gazt bjargað öllu saman.“

Ég vil minna hæstv. fjmrh. á, að það er rétt fyrir hann að hugsa til þeirra, sem verst eru staddir í þessu þjóðfélagi, og hann hefur möguleika á að rétta hjálparhönd, um leið og hann handfjatlar sína digru sjóði, sem myndazt hafa í stjórnartíð hans. Og ég held, að það mundi borga sig fyrir hæstv. ríkisstj. að gá að sér að skattleggja ekki þjóðina meira en nauðsynlegt er, á meðan sýnilegt er, að atvinnulíf landsmanna getur ekki staðið traustum fótum. Eða er nokkur mismunur á því, sem láglaunamaðurinn greiðir til þess opinbera í sinni neyzlu eða hálaunamaðurinn? Ég held, að það sé ekki, nema ef um einhvern lúxusvarning er að ræða, sem hann verður að neita sér um, en þarfnast alveg jafnt og hinir, sem betri möguleika hafa á að veita sér hlutina.

Það, sem hér er að gerast, er það, að einræðiskennd sjálfstæðisforingjanna er að brjóta af sér skelina. Með ósannindum í kosningunum í vor fékk ríkisstj. nauman meiri hl. á Alþingi, og þennan nauma meiri hl. á nú að nota til þess að skerða rétt nokkurs hluta þjóðarinnar, eftir að búið er að hlusta á kröfur annarra og verða að verulegu leyti við þeirri bón. Það kom fram í útvarpsumr. í gærkvöld og hefur komið fram hér einnig í umr., að það eigi að bæta kjör láglaunamanna á raunhæfan hátt. Eftir því eru þær kjarabætur, sem veittar hafa verið til margra á þessu ári, ekki raunhæfar. En hver trúir því nú, að það sé hægt frekar að veita láglaunamönnum raunhæfar kjarabætur en öðrum? Ég held, að eftir núv. skattalöggjöf greiði

láglaunamenn ekki það mikið í beina opinbera skatta, að það sé hægt að ívilna þeim mikið umfram það, sem verið hefur í þeim efnum. Og fari svo, að skattalöggjöfinni verði breytt, hygg ég, að það verði ekki síður þeir, sem háu launin hafa, sem fá þar sinn skerf, en láglaunamennirnir. Í neyzlusköttum sé ég ekki fram á, að það verði auðvelt að ívilna láglaunamönnum frekar en öðrum, meðan þetta skattakerfi gildir. Þá hefur verið minnzt á tryggingalöggjöfina. Þar held ég, að allir séu jafnréttháir fyrir löggjöfinni án tillits til tekna og án tillits til eigna. Og sú þróun, sem hefur orðið í þeim málum í tíð núv. hæstv. ríkisstj., er á þann veg, að hún spáir ekki heldur góðu um það, að láglaunamönnunum verði ívilnað eða þeir látnir njóta hærra hlutar hjá Tryggingastofnun ríkisins en aðrir. Ég veit ekki annað en sá riki fái jafnt með sínu barni og hinn fátæki og hinn tekjuháí fái jafnt og hinn tekjulitli íbúi þessa lands. Og ég sé ekki fram á, að með þeirri löggjöf verði hægt að sjá láglaunamönnum sérstaklega fyrir raunhæfum kjarabótum, án þess að aðrir njóti þeirra þá einnig. Og ofan á það, að kaup láglaunamanna er fastsett nú, bætist það, að þeir sjá fram á réttindamissi, þeir hafa ekki rétt til að semja um kaup sitt og kjör, og það á líka að taka af þeim það sterkasta vopn, sem þeir hafa haft í höndum í baráttunni hin síðari ár fyrir lífskjörum sínum. Og það er líka þeim mun lakara fyrir þá, þegar þeir hugsa til þess, að það er ekki einungis, að þeir verði við þetta að búa þá tvo mánuði, sem þessari löggjöf er ætlað að gilda, heldur fást engin loforð um það, að þetta verði numið úr lögum, þegar þessi lög falla úr gildi, miklu frekar ástæða til að ætla, að þeir verði við þetta að búa í framtíðinni, a. m. k. í nokkur ár.

Þegar litið er á þetta frv. og litið er á stjórnarstefnuna eins og hún hefur verið á undanförnum árum, spáir það ekki góðu um framtíðina. Mér er sagt, að kona ein hafi átt að segja í vor, þegar kosningaúrslitin voru kunngjörð: „Guð hjálpi íslenzku þjóðinni að þurfa að búa við þetta stjórnarfar áfram.“ Margir hlógu að þessu orðatiltæki konunnar og gerðu gys að því. En sannleikurinn er sá, að hún hefur séð lengra fram í tímann en margir aðrir, því að það er alltaf að koma betur og betur í ljós, að ef guð almáttugur verndaði ekki íslenzku þjóðina, þá væri ekki búandi í þessu landi. Við höfum haft góðæri til lands og sjávar, og það er það fyrst og fremst, sem hefur haldið lífi í okkur Íslendingum undir því lélega og slæma stjórnarfari, sem við höfum búið við, síðan núv. stjórnarstefna öðlaðist gildi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AuA, BGuðm, EggÞ, GÍG, GTh, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, SÓÓ.

nei: ÁB, BJ, GilsG, HB, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ.

1 þm. (AG) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 64 og 65).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur fjhn. ekki náð samstöðu um þetta mál. Við þrír, sem stöndum að nál. á þskj. 65, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en þeir hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) og hv. 6. þm. Sunnl. (HB) tjá sig frv. andvíga og hafa skilað séráliti á þskj. 64.

Þetta mál er nú orðið mikið rætt hér á hv. Alþ., þannig að ég tel mig geta leyft mér hvað þetta frv. snertir að sleppa mörgum atriðum, sem máli skipta í sambandi við frv., þar sem þau hafa áður verið þrautrædd.

Það er tvíþætt vandamál, sem nú blasir við í efnahagsmálum Íslendinga: annars vegar það, sem er meira almenns eðlis, að halda verðhækkunum í skefjum, að vernda gjaldeyrisforðann o. s. frv., hins vegar það að færa tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu í það horf, að samsvari almennri réttlætiskennd. Þó að frv. þetta snerti hvort tveggja þessara atriða, er það þó að mínu áliti einkum hið síðarnefnda, sem máli skiptir, að því er varðar höfuðtilgang þessa frv.

Það er staðreynd, að að undanförnu hefur þróun launamálanna verið ýmsum fjölmennum launastéttum þjóðfélagsins í óhag og ekki sízt ófaglærðum verkamönnum, þannig að hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum hefur minnkað. Samningar þeir, sem gerðir hafa verið síðasta missiri milli vinnuveitenda og launþega, hafa ekki reynzt þess umkomnir að leiðrétta það misvægi, sem skapazt hefur, heldur þvert á móti hefur það aukizt. Í kjölfar kauphækkana, sem verkamenn hafa fengið, stundum að undangengnum langvinnum vinnustöðvunum, sem rýrt hafa afkomu þeirra, hafa siglt enn meiri kauphækkanir til annarra, sem betur voru settir. Þannig var það bæði með þá launasamninga, sem gerðir voru sumarið 1961, og aftur vorið og sumarið 1962. Á þessu vori hefur svo kjaradómur og verðhækkun landbúnaðarafurða af mjög skiljanlegum ástæðum aukið á óánægju verkamanna. Að kjaradómi og hinum miður drengilega málflutningi stjórnarandstæðinga í sambandi við hann mun ég víkja á eftir, en um hækkun landbúnaðarafurða má það segja, að hún er til komin vegna gildandi lagaákvæða um það, að tekjur bóndans skuli hækka til samræmis við laun annarra starfandi stétta. En sú hækkun, sem varð á landbúnaðarvörum á s. l. hausti, hefur fyrst og fremst orðið vegna hærri tekna iðnaðarmanna og sjómanna, hinna síðarnefndu auðvitað vegna mikils síldarafla árið 1962. Samkv. lögum hafa tekjuhækkanir þessara stétta samkv. framtölum leitt sjálfkrafa til hækkunar á verði landbúnaðarafurða, en verkamannaheimilin verða auðvitað eins og önnur heimili að bera þá hækkun, sem orðið hefur, þó að þau hafi ekki fengið tilsvarandi tekjuhækkanir til að standa undir þeim og þær aðrar stéttir, sem nefndar hafa verið. Það er enginn ágreiningur um það, að úrbóta er þörf í þessu efni. Það er

því bein rangfærsla af hálfu stjórnarandstæðinga, þegar þeir halda því fram, að tilgangur þessa frv. sé aðeins og eingöngu sá að lögbinda þá tekjuskiptingu, sem nú er. Megintilgangurinn er þvert á móti sá að fá starfsfrið til þess að finna leiðir, sem á raunhæfari hátt geta náð settu marki en þær leiðir, sem hingað til hafa verið farnar í þessu efni.

Stjórnarandstæðingar segja, að til sé einföld leið til lausnar þessum vanda og það sé sú eina sjálfsagða leið, nefnilega sú, að atvinnurekendur semji þegar um hærra kaup við láglaunafólkið. En þessa leið er æðioft búið að fara áður, án þess að hún hafi leitt til nokkurs árangurs í þessu efni. Ef ekkert frekar er að gert, er það því miður svo, að líkurnar virðast aldrei minni en nú fyrir því, að slíkar kauphækkanir verði raunhæfar. Það verður nefnilega að gera sér grein fyrir því, á kostnað hverra sú tekjutilfærsla til verkamanna, sem allir eru sammála um að þurfi að eiga sér stað, eigi að verða. En við þeirri spurningu hefur stjórnarandstæðingum hingað til verið svarafátt. Aukin þjóðarframleiðsla getur ekki staðið undir þessu, því að þegar hafa á þessu ári átt sér stað meiri almennar launahækkanir en hugsanlegt er að þjóðarframleiðslan geti vaxið um. Tekjutilfærslan verður því annaðhvort að vera á kostnað atvinnurekenda eða þá á kostnað annarra launþega. Getur hún orðið á kostnað atvinnurekenda? Ef svo væri, þá væri vandinn leystur og frekari íhlutunar ekki þörf. Það má í þessu sambandi minna á hina svokölluðu kjararannsóknarnefnd, sem skipuð var með samkomulagi vinnuveitenda og launþega á s. l. vori. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér í fyrsta lagi að benda á, að það er ódrengilegur málflutningur, sem kom fram í ræðu eins hv. stjórnarandstæðings við vantraustsumr. í gærkvöld, þegar sá hinn sami talaði um það, að ríkisstj. hefði á s. l. vori fengið 4 mánaða frest og hefði ekki haft neinar till. fram að leggja til lausnar vandanum um miðjan október. Það var af ásettu og yfirveguðu ráði ákveðið í fullu samkomulagi við þau samtök, sem hér áttu hlut að máli, að sú leið yrði farin, að fulltrúar þessara samtaka, sem þau tilnefndu, tækju þessi mál til meðferðar, vegna þess að reynslan hefur sýnt, að þó að ríkisstj. eigi vissulega á að skipa mjög hæfum sérfræðingum í efnahagsmálum, hefur tekizt oft og tíðum að skapa slíka tortryggni í garð þess, sem þeir hafa látið frá sér fara, að af þeim ástæðum þótti það vænlegra til árangurs, að fulltrúar, sem þessi samtök tilnefndu sjálf, fengju málin til meðferðar.

Ég get ekki látið hjá líða að átelja það mjög, hverjir starfshættir hafa verið viðhafðir í þessu efni. Ég býst þó ekki við því, að sökin í þeim efnum sé fyrst og fremst hjá þeim mönnum, sem í þessari nefnd eiga sæti, en meðal þeirra eru þrír þm. úr hópi stjórnarandstæðinga, tveir tilnefndir af verkalýðssamtökunum og einn af atvinnurekendasamtökunum eða Sambandi ísl. samvinnufélaga. En að mínu áliti verður að átelja mjög þann drátt, sem á því varð, að þessi nefnd tæki til starfa. Samkomulagið var gert í miðjum júní, en í tilkynningum, sem nefndin hefur birt, kemur fram, að hún tekur fyrst til starfa um miðjan ágúst. En auðvitað var tilgangurinn með þessari nefndarskipun sá, að það, sem frá henni kæmi, auðveldaði lausn þeirrar kjaradeilu, sem fyrirsjáanleg var í haust, ekki að leggja grundvöll að einhverjum hagrannsóknum, sem gætu hjálpað til við lausn einhverra kjaradeilna, sem síðar kynnu að koma upp. Það gæti verið gott og blessað að gera slíkar ráðstafanir, en það var ekki megintilgangurinn með skipun þessarar nefndar. Svo virðist þó, skv. yfirlýsingum, sem frá nefndinni hafa komið, að störfum hennar sé komið alllangt áleiðis, þannig að á næstunni megi vænta einhverrar niðurstöðu, og það er mjög þýðingarmikið atriði. Það þýðir ekki, eins og ég hef orðið var við að sumir hv. stjórnarandstæðingar gera, að sletta í góm, eins og það skipti engu máli, hver niðurstaðan verður í þessu efni. Vissulega skiptir það máli og þá fyrst og fremst frá hagsmunasjónarmiði launþeganna, hvort þær kauphækkanir, sem þeir fá og grundvöllur kann að vera fyrir, eru greiddar af arði atvinnuveganna, af atvinnurekendum, eða hvort sama sagan á að endurtaka sig, sem gerzt hefur undanfarin 20 ár og jafnvel þó að lengra sé farið aftur í tímann, og útreikningar, sem fylgt hafa frv., sem hv. 3. þm. Reykv. hefur undanfarin ár lagt fram í Nd. um áætlunarráð ríkisins, bera ömurlegan vott um, en niðurstaða þeirra er sú, að í stuttu máli hefur það verið þannig, að allar þær kauphækkanir, sem launþegasamtökin hafa knúið fram undanfarin 20 ár og jafnvel lengur aftur í tímann, hafa verið sóttar í vasa launþeganna sjálfra.

Í þessu sambandi og áður en lengra er haldið get ég ekki látið hjá líða að leiðrétta ábendingar, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) bar hér fram á síðasta fundi. Hann hélt því fram, að það væri raunverulega grundvöllur fyrir því, að atvinnuvegirnir gætu borið allmiklar kauphækkanir, og nefndi jafnvel 40—50% í þessu sambandi. Nú ber það út af fyrir sig að virða, að inn á þessi málefni er farið og leitazt þó við að bera fram rök fyrir því, að það séu möguleikar á því, að atvinnuvegirnir geti staðið undir einhverjum kauphækkunum, meiri eða minni. En því miður er það svo, að þær ábendingar, sem hv. þm. kom með, eru algerlega óraunhæfar. Það vantar allan staðreyndagrundvöll fyrir þeim. Hann benti á, að það væri hægt að lækka aðra kostnaðarliði atvinnuveganna nægilega mikið til þess, að þeir gætu staðið undir þessum kauphækkunum, og í því sambandi nefndi hann sérstaklega hvað sjávarútveginn snerti, að það væri hægt að afnema útflutningsgjaldið á sjávarvörum. (BJ: Lækka það, sagði ég.) Jæja, eða lækka það, það skiptir ekki máli í þessu sambandi. En þess ber bara að gæta, að þeim peningum, sem innheimtir eru á þennan hátt, er óskiptum varið í þágu sjávarútvegsins. Ef þessa leið ætti að fara, yrði að sjá fyrir þessum peningum með einhverju öðru móti. Enn fremur nefndi hv. þm. það, að það væri hægt að lækka ýmsa aðflutningstolla á nauðsynjum sjávarútvegsins. Í þessu sambandi kom um við aftur að því, að spurningin verður þá sú,

hvort afkoma ríkissjóðs þoli það, þannig að fjárlög verði þá ekki afgreidd með halla. Hv. þm. minntist í því sambandi orðaskipta, sem rétt mun vera með farið, að áttu sér stað milli mín og hans vorið 1962, þegar söluskatturinn var til meðferðar. Hann sagði, að hann hefði þá haldið því fram, að söluskattinn væri hægt að lækka, án þess að það stefndi fjárhagsafkomu ríkissjóðs í voða, en ég hefði talið, að ekki væri svo, og til sönnunar því, að hann hefði haft á réttu að standa, benti hann á það, að allverulegur tekjuafgangur hefði orðið hjá ríkissjóði á því ári. En þessi orðaskipti áttu sér stað vorið 1962, en ekki í árslok 1962. Það, sem gerði það að verkum, að tekjur ríkissjóðs urðu meiri þetta ár en nokkur hafði gert ráð fyrir og skynsamlegt var að gera ráð fyrir vorið 1962, var hinn geysimikli afli á síldveiðum, sem var metafli bæði að magni og verðmæti. Það er alveg satt, að þessar auknu tekjur ríkissjóðs hefðu leitt til þess, að hallinn hefði a. m. k. orðið minni en ella hefði verið gert ráð fyrir, en auðvitað hefði ekki verið neitt skynsamlegt vit í því, þegar fjárlög voru afgreidd fyrir áramót 1961—1962, að gera það á þeim grundvelli, að síldarafli á næsta sumri hlyti að verða miklu meiri en nokkru sinni áður. Annars skiptir það ekki máli í þessu sambandi, heldur hvaða möguleikar séu á því að afgreiða fjárlög nú án tekjuhalla. Fjárlfrv. hefur nú verið útbýtt meðal hv. þm., og það er auðsætt af því, að það er ekki gert ráð fyrir neinum teljandi greiðsluafgangi.

Þá minntist hv. þm. á lækkun vaxta. Að því mun ég víkja seinna, en hvað sem því líður, hvort sú leið sé skynsamleg að lækka vexti, eins og nú horfir við, en að minu áliti er svo ekki, þá eru vextirnir yfirleitt svo lítill kostnaðarliður í útflutningsframleiðslunni, að ég tel engar líkur á því, jafnvel þótt það þætti fært af öðrum ástæðum, að það sé neitt, sem um munar. Því miður getur niðurstaðan ekki orðið önnur en sú ein, að það, sem hv. þm. hefur bent á í þessu sambandi, er algerlega óraunhæft. Annað mál er það, að ef hann og aðrir þeir, sem sæti eiga með honum í kjararannsóknarnefnd, kæmust að þeirri niðurstöðu og gætu leitt fyrir því frambærileg rök, að möguleiki væri á því, að atvinnuvegirnir gætu staðið undir einhverjum meiri eða minni kauphækkunum, þá mundi það vissulega breyta viðhorfum í þessu efni, og það er ábyggilegt, að til þess verður tekið fullt tillit, ef slíkt liggur fyrir núna fyrir þessi áramót, og getur haft sína þýðingu fyrir framvindu málanna. (BJ: Getur hv. ræðumaður ekki upplýst, hvað vextirnir eru mikill þáttur í þjóðarframleiðslunni?) Ekki í allri útflutningsframleiðslu. Hins vegar er mér kunnugt um það, að vextir af rekstrarlánum til bátaútvegsins voru innan við 1% þau árin, sem vextirnir hafa þó verið einna hæstir, eins og 1960. Það stendur skýrum stöfum í skýrslu reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Þar við bætast að vísu vextir af föstum lánum, sem mig minnir að nemi 2—3%, einhvers staðar þar á milli. En þess verður að gæta, að vaxtabreytingar hafa ekki veruleg áhrif á það.

Þá skulum við aðeins líta á þá möguleika, að þær kauphækkanir, sem verða kynnu, gætu orðið á kostnað einhverra annarra en atvinnurekendanna. Geta launþegar aukið sínar tekjur á kostnað bænda eftir þeirri leið? Nei, það er með öllu útilokað samkv. þeim lögum, sem nú eru í gildi, og enn hefur ekki neinn gerzt til þess að bera fram till. um, að þeim lögum væri breytt. En þessi lög ákveða, eins og öllum er kunnugt, að tekjur bænda skuli hækka alveg sjálfkrafa til samræmis við tekjur annarra vinnandi stétta. Ekki eru heldur líkur á því, eða það mundi stinga mjög í stúf við þá reynslu, sem hefur orðið að undanförnu, að slíkar kauphækkanir til láglaunafólks rétti hlut þeirra miðað við þá aðila innan Alþýðusambandsins t. d., sem betur eru launaðir, því að undanfarið hefur það alltaf verið þannig, að samið hefur verið um ekki minni kauphækkun og jafnvel meiri handa þeim. Getur þetta þá orðið á kostnað opinberra starfsmanna? Sú spurning kemur eðlilega upp í þessu sambandi. Nei, ekki heldur samkv. gildandi lögum, því að í lögum um kjaradóm er beinlínis ákvæði um það, og með því ákvæði hafa allir hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem áttu sæti á Alþingi á s. l. kjörtímabili, rétt upp höndina, að hvenær sem um verði að ræða teljandi kauphækkanir á hinum almenna launamarkaði, eigi opinberir starfsmenn rétt á því, að þeirra launakjör verði endurskoðuð með tilliti til þess.

Þegar þetta er athugað, getur niðurstaðan aðeins orðið ein, nefnilega sú, að engar líkur eru á öðru en sama sagan mundi enn endurtaka sig, að verkamennirnir verði sjálfir látnir borga sér þær kauphækkanir, sem þeir hafa fengið, úr eigin vasa, og aðferðin til þess er sú að hækka vöruverðið, til þess að atvinnuvegirnir geti staðið undir þessu hærra kaupi. En þó að hv. stjórnarandstæðingar hafi ekki nein frambærileg svör við ofangreindum spurningum, þá láta þeir sér samt sæma beint og óbeint jafnvel að hvetja til þess, að með ofbeldi og ólöglegum aðgerðum verði reynt að hindra það, að starfsfriður fáist til þess að kanna aðra möguleika í þessu efni. Að þessu er nú unnið, og ég vil leyfa mér með tilliti til þeirra úrræða, sem til athugunar eru, að vísa til ræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti við vantraustsumr. í gærkvöld, þegar hann taldi upp í 8 liðum þau úrræði, sem til athugunar eru. Hv. stjórnarandstæðingar leggja svo mikla áherzlu á það, að þessa athugun þurfi að hindra, að það þurfi jafnvel að beita til þess ólöglegum aðgerðum. En ætli það, sem liggur því að baki, sé ekki e. t. v. öðru fremur óttinn við það, að einhver raunhæf lausn kynni að finnast í þessum efnum, lausn, sem þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, mundu skilja og sannfærast um, að leiddi til raunhæfari kjarabóta fyrir þá en það, sem hingað til hefur verið gert í þessu efni.

Þá vil ég leyfa mér, þó að það mál hafi nú þegar allmikið verið rætt, bæði hér í hv. d. og einnig við vantraustsumr., að víkja nokkrum orðum að kjaradómi. Það hefur oft verið nefnt, að opinberir starfsmenn hafi fengið svo og svo miklar launahækkanir að meðaltali, jafnvel 40—45%. Ég skal hvorugt gera að staðfesta þessa tölu eða vefengja. Ég býst við, að enginn viti enn þá nákvæmlega um þetta, og kemur það til, að það er allfjölmennur hópur opinberra starfs-

manna, sem enn þá hefur alls ekki verið raðað í launaflokka. En á því má þó vekja athygli, að þær launahækkanir, sem einstakir starfshópar hafa fengið, eru mjög mismunandi. Nú eru flestar starfandi launastéttir í rauninni innan raða opinberra starfsmanna. Ríkið og að ég hygg bærinn líka og ekki síður hafa í sinni þjónustu á föstum launum ófaglærða verkamenn. Báðir þessir aðilar og fleiri opinberir aðilar hafa einnig í þjónustu sinni allstóran hóp faglærðra iðnaðarmanna. Það er eðlilegt, að litið sé á það, þegar talað er um kjaradóm og niðurstöður hans í sambandi við hinn almenna launamarkað, hver eru laun þessara starfshópa miðað við það, sem gerist á vinnumarkaðinum. Hvað verkamenn snertir í þjónustu ríkisins, eru þeim ætluð byrjunarlaun, sem eru á milli 5600 og 5700 kr. Þeir eru í V. launaflokki, má ég segja. Þessi laun eru algerlega sambærileg við lágmarkstaxta Dagsbrúnar. En svo hækka launin að visu með starfsaldri upp í allt að 7000 kr. eftir 15 ára starf. Það verður ekki sagt að minu áliti, að þessi laun séu ákveðin, a. m. k. sem neinu nemur, hærri en almenn verkamannalaun eru, og fyrir utan það má á það benda, að þeir verkamenn, sem vinna í þjónustu ríkisins, fá aldrei nema klippt og skorið það, sem þeim ber samkv. kjarasamningi, en vitað er um, að margir ófaglærðir verkamenn annars staðar, ekki sízt hér í Reykjavík, hafa aðstöðu til þess að fá meiri eða minni umframgreiðslu.

Við skulum þá líta á iðnaðarmannaflokkinn. Byrjunarlaun faglærðra iðnaðarmanna, sem laun taka samkv. 10. launaflokki, eru um 7000 kr., hækkandi upp í 8000 kr. eftir 15 ára starf. Það má vel vera og ég skal ekki vefengja það, að finna megi einhverja taxta iðnaðarmanna, sem kunna að vera lægri en þetta. En þó hygg ég, að allir þeir, sem kunnugir eru vinnumarkaðinum, hljóti að komast að þeirri niðurstöðu, að það muni verða mjög erfitt, svo að ekki sé meira sagt, að fá faglærða iðnaðarmenn til þess að vinna eftir þessum kjörum. Svo eru iðnaðarmenn, sem hafa á hendi verkstjórn eða gegna sjálfstæðum störfum, með nokkru hærri laun, en það mun vera í fullu samræmi við það, sem tíðkast annars staðar.

Hvað snertir afgreiðslu- og skrifstofufólk er ég ekki eins kunnugur samanburði í því efni við t. d. samninga Verzlunarmannafélags Reykjavíkur eins og hvað hin atriðin snertir. Ég býst við, að kjaradómur hafi ákveðið þessu fólki nokkru hærri laun en samkv. kjarasamningi verzlunarmanna, en þó væri það mjög í ósamræmi við annað, ef þar væri verulegur munur. Og hvað sem þessu líður, tel ég fullkomlega eðlilegt, að þær stéttir, sem geta fært sannanir fyrir því, að kjaradómur hafi ákveðið hærri laun fyrir sambærileg störf, fái á því leiðréttingu, og það eru engar líkur á því, þó að sú leiðrétting yrði í formi kauphækkana, að slíkt kæmi til þess að skapa efnahagskerfinu verulega hættu. Munurinn getur aldrei verið svo mikill, og jafnvel þó að einstök dæmi væru um það, að hann væri verulegur, þá væri erfitt fyrir aðra að byggja á slíku nokkrar sérstakar kröfur.

Nei, það, sem mest hefur verið rætt í sambandi við kjaradóminn, er sú verulega hækkun, sem vissulega hefur orðið á launum ýmissa þeirra, sem ábyrgðarstörfum gegna í þjóðfélaginu, sérstaklega launum langskólagenginna manna. Það má auðvitað mjög um það deila, hvað þjóðfélagið hafi efni á að greiða há laun fyrir þessi störf, og ég býst við, að um það séu mjög skiptar skoðanir meðal manna í öllum flokkum. Þetta er matsatriði, sem í rauninni snertir litið þau mál, sem eðlilega skipta mönnum í flokka. En á það má bara benda í þessu sambandi, sem öllum er ekki kunnugt, að hin háu laun til langskólagenginna manna eru engin nýjung. Það er nokkuð, sem til var komið, löngu áður en kjaradómur kvað upp sinn úrskurð. Og það, sem nærtækast er að benda á í því sambandi, er sú staðreynd, að það skeði fyrir einum 8—9 árum, að verkfræðingar í þjónustu ríkisins sögðu upp störfum sínum, mynduðu sitt stéttarfélag og gerðu sérstakan samning við hið opinbera, bæði ríki og bæjarfélög, um launakjör sín. Þessi samningur eða þau launakjör, sem þar voru ákveðin, þýddu það, að þessi stétt manna fékk í rauninni launakjör, sem voru alveg sambærileg við úrskurð kjaradóms nú. Ég held, að það sé rétt með farið hjá mér, að samkv. þessum kjarasamningi átti verkfræðingur, sem var á öðru starfsári, að fá mánaðarlaun, sem voru álíka og laun verkfræðiprófessoranna við Háskóla Íslands. Eftir 15 ára starfstíma eða þar um bil voru launin orðin allt að því tvöföld prófessorslaun. Menn geta deilt um það, hvaða laun verkfræðingum og öðrum langskólagengnum mönnum beri. Hitt var auðvitað mál, að þessi mikla launahækkun til þeirra hlaut að hafa áhrif á öðrum sviðum. Það er mjög fjarri mér að gera lítið úr verkfræðingum og því, hversu nauðsynleg þeirra störf eru fyrir þjóðfélagið. En var það nú ekki eðlilegt, þegar þeir höfðu fengið þessar kjarabætur, að stétt eins og læknarnir t. d. risi þá upp, benti á það, að námstíminn til undirbúnings læknisstörfum er sízt skemmri en námstími verkfræðinga, hann er yfirleitt talsvert miklu lengri. Og enginn mundi halda því fram, að störf læknanna væru ábyrgðarminni en störf verkfræðinga, enda upplýstist það, þegar læknadeilan var til meðferðar hér á hv. Alþingi á s. l. vetri, að meðallaun þeirra lækna, sem í deilunni áttu, voru þá, áður en þeir fengu hlut sinn réttan, 14—15 þús. kr. og einstakir læknar höfðu jafnvel yfir 20 þús. kr., eða álíka há laun og kjaradómur hefur úrskurðað til handa ráðh. nú, eins og talsvert hefur verið talað um. Og má þess þó geta, að í hópi þeirra lækna, sem í deilunni áttu, voru ekki yfirlæknar eða þeir, sem gegna æðstu stöðum á þessu sviði. Í þessu kaupi hefur sjálfsagt verið einhver yfirvinna, en að launin voru orðin svona há, mun að mestu vera þannig til komið, að farnar höfðu verið að undanförnu ýmsar krókaleiðir til þess að hækka laun við þessa menn, þannig að þeim væri hægt að halda í störfum, þeim veittir bílastyrkir og annað slíkt. Þeir, sem taka laun samkv. töxtum, sem þeir setja sjálfir á almennum markaði, eins og tannlæknar og slíkir, höfðu auðvitað ákveðið laun sín í samræmi við þetta.

Eins og ég sagði, má auðvitað um það deila, hvað þjóðfélagið hafi efni á að greiða þessum langskólagengnu mönnum hátt kaup. En staðreynd var, að áður en kjaradómur felldi sinn úrskurð, var það þannig, að þeir langskólagengnir menn, sem tóku laun sín annars staðar en hjá ríkinu samkv. launalögum, höfðu yfirleitt um 100% hærri laun en þeir, sem tóku laun hjá ríkinu. Allir hljóta að sjá, að hvað sem öðru líður, fær þetta ekki staðizt. Það er sjálfsagt hægt að færa rök fyrir því, að slík laun séu hærri en þjóðfélagið hafi efni á að borga. En þeir, sem halda því fram, ættu þá að vilja fara aðra leið en þá að hækka laun þeirra, sem verr voru settir í þessu efni, um allt að því 100%. Það hefði átt að fara aðra leið, sem hlotið hefði að valda miklu minni röskun í þessu sambandi. Það hefði verið sú leið að færa nægilega mikið niður laun þeirra, sem betri kjaranna nutu, ef þetta var meira en þjóðfélagið eðlilega gat borið. Ekki hefur komið ábending um það frá hv. stjórnarandstæðingum. Og þá má minna á það, að á s. l. vori var til meðferðar hér á hv. Alþingi frv. til staðfestingar brbl. um bann við verkfalli verkfræðinga, og á þessu þingi mun koma til meðferðar staðfesting á brbl., sem út voru gefin á s. l. sumri, þar sem settur er á fót gerðardómur, sem úrskurði laun verkfræðinga. Hrekklaust fólk, sem hlustað hefur á ræður ýmissa hv. stjórnarandstæðinga nú undanfarna daga, þegar verið var að tala um það mikla ranglæti, sem láglaunafólki sé gert með því að tefja það með þessu frv., að það fái kjör sín leiðrétt til samræmis við þær kjarabætur, sem opinberir starfsmenn hafa fengið, kynni nú að ætla, að þegar brbl. voru til staðfestingar á s. l. vori hér á hv. Alþingi, hefðu hv. stjórnarandstæðingar talað sem svo: Auðvitað eiga verkfræðingar að fá þau launakjör, sem fært er að greiða, en okkar þjóðfélag er nú einu sinni fátækt. Slík há laun vekja andúð almennings, og þess vegna ber að gæta hófs í þessu efni. — Ef þeir hefðu talað þannig þá, gætu þeir með meiri rétti flutt þær ræður, sem þeir hafa að undanförnu gert varðandi kjaradóminn. En töluðu þeir þannig? Nei, það var nú eitthvað annað. Það lá að vísu ekki ljóst fyrir, hvað það voru miklar launahækkanir, sem verkfræðingarnir heimtuðu, þegar þessi brbl. voru sett, en mig minnir, að okkur hv. 9. þm. Reykv., sem mikið talaði í því máli, kæmi saman um það, að sú launahækkun, sem farið var fram á, væri 50—100%, og þess ber að gæta, að fyrir höfðu verkfræðingarnir þá launakjör, sem fyllilega eru sambærileg við það, sem kjaradómur hefur úrskurðað, jafnvel betri, því að ein af meginstoðunum undir þeim kröfum, sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gerði fyrir kjaradóminum, var einmitt samanburður við þessi launakjör verkfræðinganna.

En ætli hv. stjórnarandstæðingar hafi samþykkt þessi lög? Nei, það var nú eitthvað annað. Þeir töldu það hið mesta gerræði gagnvart þessari stétt að setja þessi brbl., og ég man, að hv. 9. þm. Reykv. fór hér um það hjartnæmum orðum, hvað nauðsynlegt væri fyrir þjóðfélagið að gera sem bezt við þessa menn. Hv. stjórnarandstæðingar töldu, að þessir menn ættu ekki eingöngu að halda þeim launakjörum, sem þeir hefðu, heldur væri mesta gerræði að hindra það, að þeir fengju á þeim verulega hækkun. Já, það verður gaman, þegar nýju brbl. verða lögð fyrir til samþykktar hér á hv. Alþingi, að vita, hvaða afstöðu þeir taka þá. Skyldu þeir tala þá í sama tón og þeir gerðu á s. l. vori? Skyldu þeir tala í sama tón og þeir hafa gert við útvarpsumr. nú? Eða skyldu þeir velja þriðja kostinn, þann að þegja? En hvern kostinn af þessum þremur sem þeir velja, verður ekki hjá því komizt, að menn sjái gegnum þau óheilindi, sem eru í öllum þeirra málflutningi.

Það hefur verið minnzt á það hér, að bankastjóralaun hafi verið hækkuð. Ég vefengi ekki, að svo sé. Hins vegar er rétt að leiðrétta þá rangfærslu, sem fram hefur verið borin. Ég heyrði, að einn hv. stjórnarandstæðingur sagði í útvarpsumr. í gærkvöld, að ríkisstj. hefði ákveðið, rétt áður en hún lagði fram þetta frv., að hækka svo og svo mikið laun bankastjóra. Mér hefur nú ekki verið kunnugt um það áður, að það væri ríkisstj., sem ákvæði laun bankastjóra. Ég veit ekki betur en það séu bankaráðin, og eins og nú er eiga hv. stjórnarandstæðingar fulltrúa í öllum bankaráðunum. Ég vil leyfa mér að lýsa eftir því hér og biðja hv. stjórnarandstæðinga um að upplýsa það, hvort þeir hafi kynnt sér, hvaða afstöðu fulltrúar þeirra í bankaráðunum hafi tekið til þessarar launahækkunar bankastjóranna. Það má vel vera, að fulltrúar hv. stjórnarandstöðuflokka hafi barizt eins og ljón gegn þessari launahækkun. En ég er viss um það, að ef það skyldi vera satt, sem ég er nú satt að segja miður trúaður á, mun það vekja gagnrýni margra þm. stjórnarflokkanna á gerðum fulltrúa sinna í bankaráðunum, ef þetta hefur verið barið fram gegn vilja og samþykki fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í þessum bankaráðum. En hvað sem öðru líður, tel ég æskilegt, að þetta verði upplýst.

Ég mun láta mér nægja, til þess að lengja mál mitt ekki allt of mikið, að víkja aðeins að einstökum atriðum varðandi hina almennu hlið efnahagsmálanna.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa haldið því fram, að viðreisnin hafi misheppnazt algerlega og sé í rauninni úr sögunni. Meginrökin fyrir því eru þau, að verðhækkanir hafi orðið meiri en gert var ráð fyrir að þyrfti að leiða af efnahagsmálaráðstöfunum, sem gerðar voru 1960. Það sanni það, að viðreisnin hafi mistekizt. Já, vissulega er það rétt, að vísitalan hefur hækkað meira en þau 4 stig, sem hún hækkaði um vegna viðreisnarráðstafana. Í þeim áætlunum, sem gerðar voru og fylgdu efnahagsmálafrv. vorið 1960, var gert ráð fyrir því, að verðhækkanir af völdum þessara ráðstafana mundu verða um 4%. Og ári síðar eða vorið 1961, en þá má gera ráð fyrir því, að allar þær verðhækkanir, sem leiddi af þessum ráðstöfunum, hafi verið komnar fram, þá var vísitalan nákvæmlega 104 stig. Síðan hafa orðið miklu meiri verðhækkanir, eins og kunnugt er. Þessar verðhækkanir stafa að sumu leyti af utanaðkomandi ástæðum, en fyrst og fremst af því, að almennar kauphækk-

anir hafa orðið meiri en nemur vexti þjóðarteknanna, og af því hefur aftur leitt, að mikil verðhækkun hefur orðið á landbúnaðarvörum. Um þessar kauphækkanir hafa hv. stjórnarandstæðingar fyrst og fremst haft forustu. Það er nú einu sinni þannig, að ríkisstj. hefur ekki óskoruð öll völd í efnahagsmálum. Stjórnarandstæðingar hafa þar einnig mikil völd vegna þeirra ítaka, sem þeir eiga bæði í launþega- og atvinnurekendasamtökunum. Því valdi hafa þeir beitt á þann hátt að knýja fram verðhækkanir umfram það, sem nauðsynlegt hefur verið. En þeir, sem valdið hafa, geta ekki skorazt undan ábyrgðinni, og ábyrgðin í þessu efni, hvað snertir þær verðhækkanir, sem af þessu hefur leitt, hvílir auðvitað fyrst og fremst á þeim, sem verðhækkununum hafa valdið.

En hvað sem þessu líður, þá hefur því aldrei verið lofað, að vísitalan kæmi aldrei til að hækka meira en um þessi 4 stig, sem leiddi af viðreisnarráðstöfununum. Hvað sem því líður, verður því ekki haldið fram með neinum rökum, að viðreisnin hafi ekki borið neinn árangur. Og í hverju er árangur viðreisnarinnar þá fólginn? Að mínu áliti er það þannig, að meginbreytingin, sem orðið hefur, síðan þessar viðreisnarráðstafanir voru gerðar, er fólgin í afnámi hinna pólitísku úthlutunarnefnda, sem þá settu svip sinn á allt efnahagslíf landsins, og má þar fyrst og fremst nefna gjaldeyrisúthlutunarnefndina. Ég álít, að fyrir utan þau miklu óþægindi, sem þessar nefndir og störf þeirra bökuðu öllum almenningi, og fyrir utan þá spillingu, sem hlaut alltaf að leiða af þessu fyrirkomulagi, sé hér um að ræða eina meginskýringuna á því, að síðan viðreisnarráðstafanirnar hafa verið gerðar, hafa þjóðartekjurnar vaxið **með eðlilegum hætti**, en ekki staðið að mestu í stað, eins og var um langt árabil, áður en viðreisnarráðstafanirnar voru gerðar. Ég veit, að báðir hv. stjórnarandstöðuflokkar telja, að það hafi verið víxlspor að afnema þessar nefndir, og ég hygg mig ekki halla réttu máli, þegar ég held því fram, að þegar hv. framsóknarmenn eru að tala um, að það þurfi að taka upp nýja stefnu í efnahagsmálum, sem þeir segja þó ekki nánar, í hverju sé fólgin, þá megi lesa það á milli línanna, að nýja stefnan, sem þeir tala um, á að vera fólgin í því að endurreisa gjaldeyrisúthlutunarnefndirnar. Sönnun þess — svo framarlega sem nokkur heil brú er í málflutningi þeirra — er það, þegar þeir sí og æ eru að gagnrýna það og fordæma það, að gengisfelling var gerð sumarið 1961. Ef sú gengisfelling átti að vera óþörf, þá hlýtur það að liggja í því, að ríkisstj. hafi, í stað þess að fella gengið sumarið 1961, átt að endurreisa gjaldeyrisúthlutunarnefndirnar. Það var nefnilega svo á miðju sumri 1961, að gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem þá var fyrir hendi, nam aðeins 150 millj., eða hálfs mánaðar innflutningi, og ef gert væri upp á sama hátt og hv. framsóknarmenn vildu gera, þá hefði gjaldeyrisvarasjóðurinn í rauninni ekki verið neitt. Hitt gefur auga leið og ætti ekki að vera neinn ágreiningur um, að það er ekki hægt að hafa frjálsa gjaldeyrisverzlun án þess að eiga gjaldeyrisvarasjóð. Hin nýja stefna hv. framsóknarmanna, sem þeir tala um, er í því fólgin að taka upp að nýju gjaldeyrisúthlutunarnefndirnar og aðrar hliðstæðar nefndir, eins og fjárfestingareftirlitið o. s. frv.

Ég skal ekki fara út í það hér að ræða um starfshætti þessara nefnda. Það má nú á það benda, að það er einu sinni ekki til neinn vísindalegur mælikvarði á það, eftir hvaða reglum skuli úthluta gjaldeyrisleyfum, hvað eigi að leyfa að flytja inn og hverjir eigi að fá leyfin. Það eru ekki til neinar vísindalegar reglur, sem úr því skera, a. m. k. er mér ekki kunnugt um það. En eftir einhverjum reglum verður þó að fara við úthlutun gjaldeyrisleyfa. Til þess að gera málið ekki allt of flókið, hafa þær nefndir, sem að þessu hafa unnið, sett sér vissar reglur, svo sem þær, að eitthvert fyrirtæki eigi rétt á því að fá vissan innflutningskvóta, eins og það er kallað, o. s. frv., en að því leyti sem þær reglur ekki nægja til að leysa þau vandamál, sem þessar nefndir standa gagnvart, þá er það nú einu sinni þannig, að í þessum nefndum eiga sæti fulltrúar stjórnmálaflokkanna, og hver einstakur þessara fulltrúa telur það fyrst og fremst verkefni sitt að gæta þess, að hagsmunir fyrirtækja og einstaklinga, sem styðja hans flokk, séu ekki fyrir borð bornir. Síðan er svo samið um það milli nefndarmanna, hvernig úthluta skuli bílum o. s. frv., þar sem hver mælir með þeim, sem hann veit að eru hans flokksmenn. Eftir þessum leiðum eru vandamálin leyst. Það gefur auga leið, að fyrir utan þá spillingu, sem þetta fyrirkomulag býður heim, hefur þetta ekki heppileg áhrif á efnahagsvöxt þjóðarinnar. Þótt fyrirtæki greiði í sjóð einhvers flokks eða jafnvel í sjóð fleiri flokka til að tryggja sig alveg, er ekki víst, að þetta sama fyrirtæki geri sem hagstæðust innkaup.

Ég skal nú ekki fara út í þetta. En ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, þó að það verði e. t. v. tekið sem gamanmál, að það er nú einu sinni staðreynd, að áður en að því kemur, að framkvæmd verði sú hugsjón hv. framsóknarmanna að endurreisa gjaldeyrisúthlutunarnefndina, þá verður að byggja stórhýsi yfir þessa nefnd, ef það á ekki beinlínis að stofna í hættu lífi og limum þess fólks, sem undir þessa nefnd þarf að sækja. Í fyrsta lagi er nú búið að segja ríkinu upp, eftir því sem ég bezt veit, húsnæðinu á Skólavörðustignum, þar sem þessi nefnd var lengst af til húsa, en jafnvel þó að kostur hefði verið á því að nota það húsnæði áfram, þá er mér vel kunnugt um það, þar sem ég vann í þessu húsnæði, þótt að vísu hefði ég ekki með gjaldeyrisúthlutun að gera, að það voru svo miklir troðningar í göngunum þar, að ég held, að heilsu þess fólks, sem við það þurfti að búa, hafi verið hætta búin. Nú er vitað mál, að ef gjaldeyrisúthlutunarnefndin yrði endurreist að nýju, þá yrði það margfaldur fjöldi þess fólks, sem þá þurfti undir hana að sækja, sem nú þyrfti að gera það. Það, sem fyrst og fremst var takmarkað þá, voru bílaleyfi og ferðalög til útlanda. Þá var það að eiga bíl eða ferðast til útlanda ekki nema á færi tiltölulega fárra. Nú eru það yfir 10 000 manns, sem ferðast til útlanda á hverju ári, og bílaeigendur

hér munu vera orðnir um 30 000. Það gæti ekki gengið að ætla sér að afgreiða þann hóp allan í gamla húsnæðinu. Það yrði ekki hjá því komizt að byggja stórhýsi, áður en þetta fyrirkomulag yrði endurreist. (BJ: Það þarf ekki að byggja yfir bílana, sem engir geta keypt.) Ja, það er nú ekki eins aðkallandi, margir láta sér nú nægja að láta bíla sína standa úti á götunni og byggja ekki yfir þá, en það getur verið. — (Gripið fram í: Það fer illa með suma bíla.) Já, já, auðvitað væri æskilegt að geta byggt yfir alla bíla, bæði þá, sem eru til sölu, og þá, sem einstaklingar eiga, en það verður ekki allt gert í einu, og þetta hefur gengið eins og það er.

Þá ætla ég aðeins með örfáum orðum að víkja að hinni margendurteknu staðhæfingu, sérstaklega af hálfu hv. framsóknarmanna, um það, að lækkun vaxta muni leysa allan vanda í efnahagsmálum. Satt að segja furðar mig nú varla eins mikið á nokkru í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga og á þessu tali um vextina. Mig furðar á því, að þeir, sem tala um lækkun vaxtanna sem eitthvert úrræði til að lækka dýrtíð o. s. frv., skuli leggja það mat á þekkingu og þroska almennings, að málflutningur, sem í raun og veru snýr öllum efnahagslögmálum við, sé fallinn til fylgisauka. Það er enginn ágreiningur um það meðal hagfræðinga, hvorki erlendra né innlendra og hvar í flokki sem þeir eru, að vextir og verðlag breytist ekki í sömu átt, eins og hv. stjórnarandstæðingar nú halda fram, heldur í öfuga átt. Þetta veit hver samvinnuskóla- og verzlunarskólapiltur. En það versta í þessu er, að hv. stjórnarandstæðingar vita þetta líka. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að hv. stjórnarandstæðingar séu upp og ofan verr að sér í efnahagsmálum en við, sem fylgjum stjórninni. Fyrir utan það, að margir þeirra hafa lesið sér til um þessi málefni, þá er það þannig með alla þá, sem í langan tíma hafa átt sæti á þingi, að þeir hafa orðið að kynna sér álit sérfræðinga og annað slíkt, þannig að þekking hv. stjórnarandstæðinga er alveg næg í þessu efni. Og til þess að leiðrétta þennan málflutning og sanna það, sem ég nefndi áðan, að það er á allra vitorði, að vextir og verðlag breytist í öfuga átt, þarf ég ekki að vera að halda hér neinn hagfræðilegan fyrirlestur. Ég þarf ekki heldur að gera mér þá fyrirhöfn að fara að blaða í gömlum þingtíðindum, en þar væri ábyggilega af nægu að taka, þar sem eru ræður þeirra, sem nú eru í stjórnarandstöðu, og þeir hafa haldið við fyrri tækifæri, þegar þeir voru í stjórnaraðstöðu og ræddu málin af meiri skynsemi. Nei, ég get bara látið mér nægja að vitna til ræðna hv. stjórnarandstæðinga, sem haldnar voru í gær, þar sem skýrt kom fram, að þeir vita það rétta í þessu efni. Það má láta þá kenna sér þetta sjálfa með því að vitna í þessar ræður, því að eitt af því, sem hv. stjórnarandstæðingar þá töluðu mikið um, var það, sem er rétt með farið því miður, að bankaútlán hafi á undanförnum mánuðum vaxið miklu meira en nemur aukningu sparifjárins. Þetta sögðu þeir, að væri ein af ástæðunum til vaxtar verðbólgunnar. Hér er talað alveg á réttum nótum. Það er alveg laukrétt, að þessi aukning útlánanna hefur ásamt öðru haft sín áhrif í þá átt að auka verðbólguna. Ég skal ekki vera neitt að vefengja það, að hér kunni að vera um einhver mistök að ræða. Ég er engan veginn að halda því fram, að allt það, sem gera má stjórnarflokkana ábyrga fyrir, sé í öllum einstökum atriðum alltaf það laukrétta. Það má vel vera, að þessi útlán hafi aukizt meira en æskilegt er. Það er nú einu sinni þannig, að á bankastjórana er alltaf mikill þrýstingur, ekki sízt á verðbólgutímum, um aukin útlán, og þegar það er nú einu sinni þannig, að í bankastjórastólunum sitja menn, en ekki trékarlar, þá er það mannlegt, að undan þessum þrýstingi verði látið. Þegar fyrirtæki eða einstaklingur biður um lán og segir: Ef ég ekki fæ þetta lán, þá verð ég að stöðva minn rekstur og þið berið ábyrgð á því, — þá er undan þessu látið og kannske oft meira en samrýmist heilbrigðri efnahagsþróun. En hvað sem þessu líður, er hv. stjórnarandstæðingum það ljóst, að aukning útlánanna að öllu öðru jöfnu leiðir til verðþenslu. Það hamlar á móti þessu, ef menn leggja fyrir fé og nota það ekki að sama skapi, en ef aukning útlánanna er umfram þetta, þá leiðir það til verðþenslu.

Hvernig væri það nú, ef vextir væru lækkaðir? Afleiðing þess verður í fyrsta lagi sú, að þrýstingurinn á bankana verður meiri. Eftir því sem lánin fást með betri kjörum, eftir því verða fleiri, sem vilja taka lánin. Hvað snertir aftur á móti sparifjársöfnunina, minnkar hún, ef vextir eru lækkaðir. Þar gildir auðvitað hið almenna lögmál, að fái menn minni laun fyrir það að leggja fyrir peninga, þá verða menn ófúsari til þess og ráðstafa fé sínu heldur á annan hátt. Þetta skýrir það, að hv. stjórnarandstæðingum er, þegar öllu er á botninn hvolft, sjálfum fyllilega ljóst, að þessi staðhæfing þeirra, að lækkun vaxta væri ráð til þess að lækka dýrtíðina, fær ekki staðizt. Ef sú fullyrðing fengi staðizt, mundi það algerlega stangast við það, sem menn úr báðum stjórnarandstöðuflokkunum með réttu bentu á í útvarpsumr. í gær, að það hefði átt sér stað meiri útlánaaukning en æskilegt hefði verið.

Ég mun nú ekki hafa þetta öllu lengra, en ég vil aðeins leyfa mér að gefnu tilefni að nefna það, að þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. fór að vitna í það í gær, að verkamannalaun í Noregi væru jafnvel allt að því helmingi hærri en hér, þá held ég, að það fái ekki staðizt. Þjóðartekjur Norðmanna eru ekki meiri á mann en þjóðartekjur Íslendinga. Það er enn fremur víst, að launamismunur í Noregi er meiri en hér, því að eitt af því, sem haft var til hliðsjónar, þegar opinberir starfsmenn báru fram sínar kröfur, var launamismunurinn í Noregi, en hann er minni en á Norðurlöndunum hinum utan Íslands. Nú voru þessar kröfur að vísu mjög verulega skornar niður, eins og kunnugt er, en hefði verið gengið að þeim, hefði launamismunurinn hér orðið álíka og í Noregi. Það er auðsætt, að þar sem það er staðreynd, að þjóðartekjur Norðmanna eru ekki hærri en Íslendinga, og í öðru lagi, að launamismunur er þar meiri en hér, þá er ekki hægt að láta dæmið ganga upp,

ef því er líka haldið fram, að kaupmáttur launa sé helmingi meiri í Noregi en hér. Nú væni ég hv. þm. engan veginn um það að hafa farið hér með rangar upplýsingar, en hér hlýtur þá að vera um starfshópa að ræða, sem njóta sérstakra fríðinda. Almennt fær það ekki staðizt.

Þá vildi ég aðeins leyfa mér að víkja að furðulegum upplýsingum, sem komu hér fram í umr. í gær frá hv. 1. þm. Vesturl. Ég harma það, að hann er hér ekki viðstaddur. (**Gripið fram í:** Hann gekk út alveg núna.) Já, en kannske ég láti þetta aðeins bíða.

Að lokum þetta: Auðvitað verður því ekki neitað, að verði frv. þetta samþ., þá felst auðvitað í því íhlutun um samninga atvinnurekenda og launþega. Ég tel, að slík íhlutun, í hvaða formi sem hún er, sé í sjálfu sér óæskileg, að bezta fyrirkomulagið í þessum efnum sé það, að samningar þessara aðila um skiptingu arðsins ráði launakjörunum. En því miður er það þannig, að vinnubrögð þessara aðila hafa að undanförnu verið með þeim hætti, að slík íhlutun í einni eða annarri mynd er algerlega óhjákvæmileg. Það er nefnilega ekki þannig, að þessir aðilar láti sér nægja að semja um það, hvernig skipta eigi þeim arði, sem framleiðslan gefur af sér, heldur hefur það hvað eftir annað skeð, að þeir samningar, sem gerðir hafa verið, hafa gert það óhjákvæmilegt, að gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir, til þess að samningarnir sköpuðu atvinnulífinu eða framleiðslunni starfsgrundvöll. Það hefur hvað eftir annað verið samið um algerlega óraunhæfar almennar kauphækkanir. Síðan hafa báðir aðilar, bæði atvinnurekendur og verkamenn, komið til ríkisvaldsins og sagt: Þeir samningar, sem við höfum gert, skapa framleiðslunni ekki starfsgrundvöll. — Nú verður ríkisstj. að taka til sinna ráða og skapa þennan starfsgrundvöll. Þar koma ýmsar leiðir til greina, en allar þær leiðir, sem til greina koma og farnar hafa verið, svo að segja á hverju ári, hafa fólgið þetta í sér, að raunverulega hefur verið breytt þeim samningum, sem atvinnurekendur og verkamenn hafa gert. Stundum hefur þetta verið gert með beinum aðgerðum, eins og þegar vísitala hefur verið bundin árin 1947, 1956 og 1960, svo að dæmi séu nefnd. Stundum hefur kaupgjaldið beinlínis verið fært niður, eins og gert var 1959, eða þá að farnar hafa verið aðrar leiðir, sem þýða auðvitað líka breytingar á hinum gerðu samningum, nefnilega að rýra kaupmátt þess kaups, sem um hefur verið samið, með dulbúnum eða ódulbúnum gengisbreytingum. Og mig furðaði satt að segja á því með tilliti til þess, hvað það hefur verið oft, sem slík íhlutun hefur verið framkvæmd, að bæði í því nál. frá hv. minni hl., sem hér liggur fyrir, svo og í ræðum einstakra framsóknarþm. í gær, sérstaklega ræðu hv. 5. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, er farið mjög hörðum orðum um það ranglæti, sem í þessu frv. fælist, að um fárra vikna skeið er fest kaupgjald og verðlag. Það virðist sem þessir menn séu alveg búnir að gleyma því, að þeirra flokkur stóð að gerðardómsl. árið 1942, þar sem allar hækkanir kaupgjalds, með fáum þýðingarlitlum undantekningum, voru bannaðar ótímabundið. Í þessum málflutningi eru ekki heilindi. Það eru vinnubrögð þessara aðila, sem þurfa að breytast, til þess að sú stefna verði framkvæmanleg, sem ég tel þá einu æskilegu í þessu sambandi, að það séu samningar þessara aðila, sem ráða hér úrslitum.

Áður en ég lýk alveg máli mínu, get ég ekki látið hjá líða, þó að hv. 1. þm. Vesturl. sé ekki kominn, að leiðrétta með örfáum orðum missagnir hjá honum í gær. Hann upplýsti það, að 18. maí, minnir mig, í vor hefði verðlagsnefnd gefið út tilkynningu, þar sem afnumin hefðu verið verðlagsákvæði á fjöldamörgum nauðsynjavörum, m. a. á búsáhöldum, matvælum og ýmsu fleira. Ég hef átt sæti í verðlagsnefnd s. l. 3 ár, og mér er með öllu ókunnugt um það, að þetta spor hafi verið stigið. Sú eina tilslökun, sem almennt hefur verið gerð á verðlagsákvæðum, var fólgin í því, að sumarið 1961 var gefin frjáls verðlagning á nokkrum vörutegundum, sem taldar voru til minna brýnna nauðsynja, og mun hlutdeild þessara vara í heildarinnflutningnum hafa þá numið eitthvað um 2%. Ástæðan til þessara tilslakana var sú, að eftir gengisbreytinguna 1960 voru sett mjög ströng verðlagsákvæði, sem lögðu þunga byrði á þá, sem fengust við vörudreifingu, og mun þá þegar hafa verið gefið vilyrði um það, að eitthvað yrði á þessu slakað, þegar mál færðust í eðlilegra horf, og þetta var gert með því að sleppa verðlagsákvörðunum á þessum 2% innflutningsins sumarið 1961. Annað hefur, svo að mér sé kunnugt, ekki verið gert í þessum efnum.

Annars hefur hv. þm. orðið það á, eftir því sem ég bezt veit, að stíga út af flokkslínunni í þessu efni. Hann fór mjög hörðum orðum um þetta afnám verðlagsákvæða, en eins og ég býst við, að mörgum öðrum hv. þm. sé kunnugt, hefur það verið yfirlýst stefna Sambands ísl. samvinnufélaga, að verðlagsákvæði skuli afnumin með öllu, og á s. l. vori og sumri birti Tíminn athugasemdalaust margar greinar um þetta undir nafni manns, sem nýtur alveg sérstaks trausts hv. framsóknarmanna í þessum efnum, þar sem hann er fulltrúi þeirra í verðlagsnefnd, en þessi maður er Stefán Jónsson prentsmiðjustjóri. En í öllum þessum greinum gerði hann sig mjög ákaft að talsmanni fyrir því, að það bæri að afnema öll verðlagshöft, eins og hann nefndi það. Meðan það væri ekki gert, væri það frelsi, sem viðreisnarflokkarnir hældu sér af, eins og hann orðaði það, aðeins nafnið tómt.

Ég get að síðustu ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að það er annað mál og í raun inni miklu stærra en það, sem hér er til umr., sem hefur blandazt inn í þetta, vegna að mínu áliti furðulegra ummæla, sem fallið hafa hjá ýmsum hv. stjórnarandstæðingum. En þetta mál snertir spurninguna um það, hvort borgurum þjóðfélagsins beri skylda til þess að hlýða lögum, sem þeir eru andvígir. Í þessu frv. er aðeins farið fram á frest til þess að athuga málin, eins og oft hefur komið fram. Það væri hægt að fara aðrar leiðir til lausnar vandamálunum en þá, sem nú hefur verið farin í bili. Það hefði verið hægt að láta hlutina ganga sinn gang, þannig að eftir svo og svo mikil átök eftir atvikum

hefði verið samið um óraunhæfar kauphækkanir. Þá hefði það vandamál blasað við eins og oft áður, að ef útflutningsatvinnuvegina hefði vantað rekstrargrundvöll, þá hefði það verið öllum ljóst, að heimtað hefði verið af stjórninni og stjórnarflokkunum, að hún kæmi með úrræði. Ef stjórnarandstöðuflokkarnir væru spurðir að því, hvaða úrræði þeir hefðu, þá mundu þeir fylgja uppteknum hætti, annaðhvort segja: Það er ekki okkar að benda á slík úrræði, — eða ef farið hefði verið inn á það, þá væru það algerlega óraunhæfir hlutir, eins og vaxtalækkun, sem þeir hefðu nefnt. Það, að öllum var sýnilegt, að þennan vanda hefði þurft að leysa, hefði svo aftur leitt til þess, að þjóðin hefði sætt sig við *ráðstafanir, sem hefðu verið gerðar í formi* dulbúinnar eða ódulbúinnar gengisbreytingar. Hlutirnir hefðu getað gengið sinn vanagang fyrir því. Það hefði verið hægt að halda uppi frjálsum viðskiptum og viðreisnin hefði í sjálfu sér staðizt. En ástæðan til þess, að stjórnarflokkarnir hafa þó ekki farið þessa leið, heldur hina, sem hér liggur fyrir, er sú, að eftir hinum gömlu leiðunum hefði ekki verið hægt að leysa tekjuskiptingarvandamálið. Þess vegna er það fyrst og fremst í þágu hinna láglaunuðu stétta að mínu áliti, að þessi leið verði reynd. Og það er bæði hörmulegt og furðulegt að mínu áliti, að nú hefur skotið upp aftur kenningunni um það, að beita þurfi handaflinu, kenning, sem ekki hefur verið hreyft á opinberum vettvangi, svo að ég muni, síðan Kommúnistaflokkurinn, sem þá var og hét, skipti um nafn og númer 1938. Kommúnistar lofuðu því þá að semja sig að háttum siðaðra manna, og það er fyrst nú, sem handaflskenningin hefur skotið upp kollinum.

En til hvers leiðir það, ef það er viðurkennt, að þeir, sem telja sér einhverja lagasetningu í óhag, telji sig um leið hafa leyfi til þess að brjóta þessar aðgerðir á bak aftur með ofbeldi? Spurningin er sú: Ef stéttarfélög innan Alþýðusambandsins, *eitt eða fleiri, hafa slíkan rétt*, hljóta þá ekki allir aðrir að líta þannig á, að þeir hafi sama rétt? Mundu bændur þá ekki telja sig hafa siðferðilegan rétt til þess að stöðva sölu sinna afurða, ef þeir væru óánægðir með úrskurð samkv. l. um afurðaverðið? Hvernig væri með opinbera starfsmenn, ef þeir væru óánægðir með kjaradóm? Hefðu þeir þá ekki líka siðferðilegan rétt til þess að stofna til ólöglegra verkfalla?

Það má einnig nefna sem nærtækt dæmi, — segjum, að Alþingi setti lyfsölulög, sem þeir, sem fást við lyfjasölu, væru óánægðir með, þeir gætu auðvitað sagt, eins og allir geta alltaf sagt, þegar þannig stendur á: Þessi lög skerða okkar hagsmuni og réttindi. Alþingi hefur ekki siðferðilegan rétt til að setja þessi lög. Við skulum bara taka okkur saman og loka okkar lyfjabúðum, þangað til Alþingi og ríkisstj. sér að sér og breytir þessum lögum. — Ef þessi hugsunarháttur verður almennur, er erfitt að sjá, hvernig hægt er að halda uppi siðmenningarþjóðfélagi. Það er meira en lýðræðið, sem hér er í hættu, blátt áfram það, hvort siðmenning á að ríkja á Íslandi eða ekki. Og hvað sem öðru líður, vona ég, að allir þjóðhollir Íslendingar hljóti að sameinast um, að svo megi verða, að siðmenningarþjóðfélagi megi þó halda hér uppi, hver sem afstaða manna kann að vera til réttmætis þessarar lagasetningar.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. klofnaði, eins og búið er að skýra frá, í þessu máli. Þess mátti auðvitað vænta. Stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. þrír leggja til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, og það hafa menn heyrt af framsögu hv. frsm. meiri hl. Við hv. 6. þm. Sunnl., Helgi Bergs, leggjum til, að frv. verði fellt, og rökstyðjum þá till. okkar á þskj. 64.

Mál þetta er nú búið að vera fulla viku til umr. hér á Alþingi og stundum á næturfundum og hefur verið kappsamlega rætt. Einnig var það rætt í útvarpi tvö kvöld í sambandi við vantraust á stjórnina. Litla þýðingu virðist þess vegna hafa að ræða það öllu meira hér, áður en afgreiðsla fer fram.

Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að svara frsm. meiri hl., vegna þess að ég varð þess ekki var, að í ræðu hans kæmi neitt fram annað en það, sem búið er að svara undanfarna daga og svara rækilega. Í nál. meiri hl. á þskj. 65 er heldur ekkert, sem í tekur. Hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hér á Alþingi virðast staðráðnir í að gera frv. að lögum, hvað sem tautar og raular og hve illa sem þeim gengur að mæla því bót og hversu margar áskoranir sem þeir fá frá mannfundum víðs vegar að um að gera ekki þessa ósvinnu. Virðast þeir ekki láta sig neinu skipta, þótt áskoranir þessar séu jöfnum höndum frá þeim, er kusu þá til þings í sumar, og jafnvel varaþingmenn flokka þeirra þar með. Engin einasta hjáróma rödd hefur heyrzt, svo að ég viti, í þessum áskorunum. Einhver hv. þm. sagði hér í umr., — ætli það hafi ekki verið hv. 9. landsk.? — að mótmæli hefðu líka komið gegn landhelgismálsafgreiðslunni, en nú væru þau *þögnuð, alveg þögnuð*. Þetta er vesæl huggun. Um samninginn við Breta um þriggja ára veiðileyfið innan landhelginnar þýðir ekki að tala. Það er orðinn hlutur og nálega liðið hjá. En á ánauðarákvæðið eilífa í samningnum um, að Íslendingar þurfi jafnan að sækja um leyfi Breta til nýrrar útfærslu íslenzku landhelginnar, er ekkert farið að reyna. En þegar að því kemur, þá mun ekki verða talað lágt eða mildilega um þá mannhópa Alþingis, sem 1961 voru svo ósjálfstæðir og geðlausir að gera þá samninga. Hins vegar mun halda áfram linnulaus ádeila á þá, sem lögfesta frv. þetta um kaupbindinguna og afnám samningafrelsis launþeganna, þangað til frv. er að engu orðið eða lögin. Þetta mál er þess eðlis, að eldur þess logar hvern dag þangað til, þó að þannig sé ekki með landhelgismálið. En landhelgismálið er eins og falinn eldur. Þeir, sem eiga sök á honum, ættu sem minnst um hann að tala.

Hæstv. ríkisstj. hafði á sér hátt ris, þegar hún tók völd í nóv. 1959. Það var eins og hún teldi sig hafa fundið allan sannleika í eitt skipti fyrir öll. Risið er lægra núna, enda eru máttarviðirnir brotnir. Í umr. um þetta stjórnarfrv. er engin sókn af hálfu hæstv. ríkisstj. eða flokks-

manna hennar. Allar ræður flm. frv. hafa haft á sér blæ veikrar varnar, síðasta ræðan líka. Málstaðurinn er nefnilega svo vonlaus. Ísinn, sem gengið er á, er orðinn svo háll. Hvar sem verjandinn stígur, er launhálka undir, og svo eru vakirnar.

Hv. 9. landsk. þm. sagði hér í d. í umr. í gær, að ríkisstj. væri með frv. að fá sér frest, frest til að hugsa. Jú, víst mun henni ekki veita af því að hugsa betur. Þessi hv. þm., sem er mikill taflmaður, orðaði þetta þannig í útvarpinu í gærkvöld, þegar hann var að reyna að bera blak af frv. og af hæstv. ríkisstj.: Taflmaður, sem er að tapa tafli, reynir að koma taflinu í bið til þess að hugsa sig um. — Auðvitað er ríkisstj. að tapa tafli sínu, nann viðurkennir það, hinn hreinskilni maður. En hún vill fá að draga taflslokin eitthvað enn og a. m. k. látast hugsa sig um.

Skagfirzk skrýtla er til um mann, sem kom til Sauðárkróks á skuldaskilatíma, hafði ekkert til að borga reikning sinn með, en bað kaupmanninn að lofa sér að fá herbergi til að hugsa í. Hann vildi koma tafli sínu í einhverja bið. Nú er mér spurn: Hefur ríkisstj. tryggt sér herbergi til að hugsa í, þegar liðsmenn hennar eru búnir að samþykkja þetta frv.?

En það eru fleiri taflmenn en hv. 9. landsk., sem viðurkenna, að tafl hæstv. ríkisstj. standi illa. Hæstv. fjmrh., sem er a. m. k. ágætur og mjög þjálfaður orðræðutaflmaður, sagði, þegar hann nú í upphafi þessa þings gerði grein fyrir fjárlagafrv.:

„Á þessu ári er orðinn ískyggilegur halli í viðskiptum við útlönd. Innflutningur hefur aukizt gífurlega. Gjaldeyrissjóðurinn hefur ekki vaxið frá áramótum, sparifjáraukningin er tregari en áður, eftirspurn eftir vinnuafli í mörgum greinum svo mikil, að enginn vegur er að fullnægja henni, og yfirborganir og undandráttur sigla í kjölfarið. Fiskvinnslustöðvarnar telja sig trauðlega geta risið undir þeirri hækkun kaupgjalds og annars kostnaðar, sem orðinn er.“

Þetta allt sagði hæstv. ráðh. um árangurinn í lok fjögurra ára stjórnartímans, eftir 2 aflametsár og á síðasta fjórðungi góðs aflaárs. Og þegar svo orðslyngur maður sem hann er og bogvar, bogvar líka fyrir ríkisstj. hönd, gefur svona skýrslu, þá jafngildir það því, að venjulegur maður hefði sagt:

„Tunnan valt og úr henni allt
ofan í djúpa keldu.“

Af því að hæstv. fjmrh. er vel að sér í skáldskap, dettur mér í hug, að hann vilji, að fram komi síðari helmingur þessarar tunnuvísu Jóns skálds á Bægisá, og skal ég ekki draga hann undan. Seinni partur vísunnar er svona:

„Skulfu lönd og brustu bönd,
en botngjarðirnar héldu.“

Þetta með botngjarðirnar svarar einmitt til þess þrálætis hjá hæstv. ríkisstj. að vilja sitja, þó að allt sé úr tunnunni, og þrálætis fylgismanna hennar við að styðja hana áfram tóma. Þetta frv. er augljós þáttur þess þrálætis.

Ég renndi hérna um daginn augum yfir framsöguræðu hæstv. forsrh. frá því 3. febr. 1960, þegar hann lagði hið svonefnda efnahagsmálafrv. núv. hæstv. ríkisstj. fram á Alþingi, frv., sem átti að verða að löggjöf, sem leiddi til öryggis og bættra lífskjara. Margt, sem stendur í þessari ræðu, gæti verið mikið umtalsefni nú, en ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt með því að þessu sinni. En eitt vil ég nefna. Forsrh. biður þar um aðstoð og frest. Hann segir:

„Ríkisstj. biður þing og þjóð um aðstoð til að bjarga þjóðinni frá voðanum, og jafnvel þá, sem líta úrræðin öðrum augum en við gerum, biðjum við að fresta mótaðgerðum um nokkurt skeið og gefa með því reynslunni færi á að kveða upp sinn ólygna dóm.“

Þjóðin varð við þessum tilmælum um aðstoð og vann ósleitilega, aflaði og uppskar þau ár öll, sem liðið hafa síðan. Jafnvel gekk hún svo langt í aðstoðinni, að hún veitti stjórninni meiri hl., þótt lítill væri að vísu, í kosningunum í vor sem leið. Þingið hefur hæstv. ríkisstj. haft í hendi sinni þessi ár. Ekki hefur það eyðilagt neitt fyrir henni. Hún hefur haft það í hendi sinni, með því að fylgismenn hennar hafa verið henni auðsveipir eins og lömb. Stjórnarandstaðan og þar með verkalýðssamtökin hafa sannarlega verið þolinmóð líka, og nú er reynslan búin að kveða upp sinn ólygna dóm, mjög skýran og ákveðinn. Sá dómur hefur verið viðurkenndur af hæstv. ráðh. í þessum umr.

Viðreisnin svonefnda hefur misheppnazt. En hvað skeður þá? Hæstv. ríkisstj. vill ekki hlýða hinum ólygna dómi reynslunnar þrátt fyrir játningar sínar og þinglið hennar ekki heldur. Hún veit, að hún og frambjóðendur hennar við síðustu kosningar breiddu yfir hinn ólygna dóm í kosningunum, eins og togari breiðir yfir nafn og númer, þegar hann er að ólöglegum veiðum. Hún vill ekki segja af sér, ríkisstj., og láta fara fram kosningar til þess að fullnægja lýðræðisreglum. Hún greiddi sjálfri sér traust við nafnakallið í nótt sem leið, og allt hennar þinglið greiddi henni traust. Og hún vill með frv. þessu kúga vinnandi fólk til að veita sér frest til að hefja misheppnað tafl á ný, halda töpuðu tafli áfram.

Við framsóknarmenn sögðum það fyrir, að hin svokallaða viðreisn gæti ekki annað en tapað, gæti ekki annað en misheppnazt. Til þess þurfti enga sérstaka spádómsgáfu. Það sjálfvirka efnahagskerfi, sem hæstv. ríkisstj. þóttist með aðstoð sérfræðinga sinna hafa fundið upp, hlaut að brjóta sig sjálft, það fæddist feigt. Það var byggt upp vélrænt vegna peningavaldsins og hlaut að reka sig á hið lifandi líf og tapa fyrir mætti þess, eins og líka er komið á daginn. En það hékk lengur uppi en ætla mátti, af því að aflametsár gengu í garð. Eðlilegum ávinningi þeirra ára hefur þessi tilraun Sjálfstfl. og Alþfl., sem þeir nefndu viðreisn, grandað að mestu, slegið að mestu úr hendi þjóðarinnar.

Sjálfsagt er að viðurkenna, að vandasamt er að stjórna málum okkar litlu þjóðar, og grundvallarskilyrði til þess, að það megi takast, er, að það sé gert með víðtæku samráði við fulltrúa þeirra, sem mestan bera hitann og þungann í þjóðfélaginu. Núv. hæstv. ríkisstj. er að of litlu leyti

fulltrúi þess fólks. Hún hefur beðið skipbrot sitt, af því að hún hefur tekið of mikið tillit til annarra í þjóðfélaginu. Og frv. það, sem hér liggur fyrir um launamál o. fl., er vottur þess, að hún hefur ekki enn gert sér grein fyrir þessu.

Við framsóknarmenn bárum fram rökstudda dagskrá um efnahagsmálafrv., þegar það var afgreitt. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur minnt á þessa till. við þessar umr. Ég vil minna á hana líka, því að ég tel hana sögulega sönnun þess, að við vildum þá þegar, að tekið væri á vandamálunum með víðtæku samstarfi, sem nú er líka í ljós komið, að giftusamlegra hefði orðið. Ég fékk það hlutverk hér í þessari hv. d. að flytja þessa till. og man ákaflega vel eftir þeim undirtektum, sem hún fékk. Till. okkar var á þessa leið:

„Þar sem deildin lítur svo á, að þjóðarnauðsyn sé, að unnið verði að skipun efnahagsmálanna með sem víðtækustu samstarfi, ályktar hún að beina því til ríkisstj. að skipa nú þegar 8 manna nefnd — 2 frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra — og verði verkefni n.:

1) Að gera till. og leggja þær fram á þessu þingi, innan 3 vikna, um ráðstafanir, er miðist við að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu í fullum gangi.

2) Að starfa milli þinga á þessu ári og hafa tilbúnar fyrir næsta reglulegt Alþingi heildartill. um skipan efnahagsmálanna.

Og með skírskotun til þess, er að framan segir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Segja mátti, að stjórnarflokkarnir blésu á þessa till. Var það ekki von, að þeir gerðu það, þegar þeir þóttust hafa fundið allan sannleika þessara mála í eitt skipti fyrir öll? Þeir þóttust sannarlega ekki þurfa á víðtækara samstarfi að halda við að finna ráð til að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu heilbrigðu, eins og þeir oft orðuðu það. Þegar hin ólygna reynsla hefur kveðið upp sinn dóm yfir þeim, virðast þeir vera sömu sjálfbirgingarnir enn. Frv. er með öllum einkennum þess, að svo sé. Þar er ekki verið að leita víðtæks samstarfs. Með því ætlar hinn naumi þingmeirihluti að beita þvingunarlagaofbeldi við verkalýð, verzlunarfólk, bændur og sjómenn. Þessi litli meiri hl. virðist ekkert hafa lært, þó að hann hafi tapað tafli sínu, og þykist nógu stór enn til að ráða við þessi viðfangsefni.

Við minnihlutamennirnir í fjhn. teljum afar ranglátt og mjög óheillavænlegt, að Alþingi setji slík þvingunarlög sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Frv. felur í sér brot á samskiptareglum, sem þjóðfélagið hefur bæði hefðbundið í framkvæmd og löghelgað. Það leysir engan vanda, en skapar ófriðarástand innan þjóðfélagsins, eins og þegar er í ljós komið, enda griðrof gagnvart fjölmennustu stéttum þjóðarinnar, verkalýð, verzlunarfólki, bændum og sjómönnum, hvorki meira né minna. Frv. er um bindingu kaupgjalds óhreyfanlega til hækkunar tvo síðustu mánuði þessa árs og algert bann við vinnustöðvunum sama tíma. Hvort tveggja þetta er fordæmalaust í löggjöf landsins. Það, sem af stuðningsmönnum þess hefur helzt verið bent á til samanburðar, nær ekki samanburði og er villandi. Þetta hefur fullkomlega verið sannað, og hlýtur það, held ég, að stafa af því, að hv. frsm. meiri hl. var hér að minnast á gerðardómslögin síðan 1942, að hann hafi ekki verið við þessar umr., hefur ekki verið heima, að mér skilst, fyrr en í gær og ekki hlýtt á mál manna. Hann er svo samvizkusamur maður, að ég efast ekki um það, að ef hann hefði kynnt sér þetta og heyrt þau svör, sem fram hafa komið við þessu, með fullri athygli, hefði hann ekki sagt það, sem hann sagði, því að gerðardómslögin voru hreyfanleg. Það var hægt að fá samræmd launakjör, beinlínis leyft að krefjast samræmingar, áskilinn réttur til þess að krefjast samræmingar á launakjörum. Hins vegar reyndust þessi gerðardómslög, þótt þau væru svona hreyfanleg, illa og stóðust ekki. Og hv. 4. þm. Austf. gerði rækilega grein fyrir því hér í umr. í gær, hvaða dóm þessi löggjöf fékk og hvaða örlög hún beið. En þau örlög voru þannig, að hæstv. núv. forsrh. beitti sér fyrir afnámi þeirra og hafði þó mælt fyrir þeim, þegar þau voru sett. Og hv. frsm. Sjálfstfl., Magnús Jónsson, sem var frsm. þeirra breytingartillagna, sem í raun og veru afnámu lögin, lýsti því yfir, að þau hefðu reynzt þjóðarhneyksli. Það lítur út fyrir það, að sjálfstæðismenn hafi ekkert lært af setningu þeirra laga. En framsóknarmenn hafa lært það, að þeir hafa aldrei lið máls á því síðan að setja slík lög, og eins og tekið var fram í umr. í gær, hefur aldrei tekizt af þeim flokkum, sem með framsóknarmönnum hafa starfað, að koma fram slíkri löggjöf, því að framsóknarmenn hafa ekki lið máls á því að standa að henni. Og það er þess vegna rétt að álykta sem svo, að þessi bindingarlög, sem nú á að setja, séu fram komin af því, að nú eftir 20 ár er Framsfl. ekki viðstaddur í stjórn til að koma í veg fyrir þetta. Það kemur því úr ákaflega harðri átt og er órökrétt að áfellast Framsfl. fyrir ofbeldishneigðir í þessum málum, og er þeirri ásökun vísað til föðurhúsa.

Hv. 9. landsk. þm. skaut því að mér í ræðu hér í gær, að ég hefði átt þátt í því að semja till. sem nm., jafnvel formaður n., sem Framsfl. setti 1957, sem hefðu falið í sér bindingu kaups í 2 ár, og mátti skilja á honum, að í þessu frv. kæmi fram glögglega, að það væri vilji a. m. k. minn, hefði a. m. k. verið vilji minn þá, að verkalýðsfélögin væru beitt ofbeldi í þessum efnum. Ég hef hér hjá mér þetta frv., sem hv. þm. miðaði við, og það, sem hann sérstaklega mun hafa hengt hatt sinn á, er þannig, að þar tollir hatturinn ekki. Það er niðurlag 15. gr., sem er bráðabirgðaákvæði, þar stendur:

„Allir gildandi kjarasamningar skulu framlengjast til 1. nóv. 1959."

Það var mikið atriði hjá okkur, sem vorum að athuga þessa löggjöf 1957, að óheppilegt væri, að samningar hjá verkalýðsfélögunum hefðu gildi til misjafns tíma, og það hafði sérstaklega bitnað hart á atvinnuvegum þjóðarinnar 1957, að smáhópar höfðu gert verkfall, smáhópar starfsmanna á kaupskipum höfðu gert verkföll, sem stöðvuðu allar siglingar. Þá kom það fram, að jafnvel hinir hörðustu verkalýðssinnar töldu það mikil vandræði og óhæfu, að örfáir menn gætu truflað þannig atvinnulíf

þjóðarinnar og gert jafnvel félagsbræðrum sínum í verkalýðssamtökunum stórtjón. Við lögðum það til í þessum till. okkar, að allir verkalýðssamningar fengju sama gildistíma, yrðu uppsegjanlegir eftir sama gildistíma, og þetta ákvæði, sem þarna er sett, miðaðist við það að samræma gildistíma samninganna og farið skyldi á stað með nýja samningagerð 1. nóv. 1959. Þetta var lagt til á árinu 1957, og vitanlegt var það, að þessar till., þó að þær hefðu hlotið eitthvert fylgi og meðferð t. d. í Alþingi, þá voru engar líkur til þess, að þetta yrði að lögum 1957, enda till. aðeins gerðar sem umræðugrundvöllur. Og enn ber á það að líta, að á þessum tíma var vísitala gildandi, svo að kaup gat hækkað samkv. vísitölu og hreyfzt með ástandi verðlagsins fullkomlega þrátt fyrir svona ákvæði. Í grg. segir:

„Réttur til vinnustöðvana er sem áður, nema að því leyti er snertir fámenna starfshópa, þegar þjóðfélagshagur krefst að beztu manna yfirsýn, og er þá gætt fullkominnar tillitssemi um úrskurðarvald."

Þetta átti m. a. að leggjast undir stjórn félagssamtakanna til úrskurðar. Og í niðurlagi grg. er sagt:

„Allar breytingar, sem frv. felur í sér, miða að því, að samningar um kaup og kjör megi takast á réttlætisgrundvelli og komið verði, svo sem unnt er án valdbeitingar, í veg fyrir vinnustyrjaldir."

Finnst nú nokkrum, að í þessu frv., sem ég get ekki verið að lesa hér upp frá orði til orðs, muni vera svipaður andi og er í frv. því „um launamál o. fl.", sem við erum hér að ræða? Nei, það er fullkomin mistúlkun að vitna í þetta frv., eins og hv. 9. landsk. þm. gerði í gær, vafalaust af því að hann hefur ekki fullkomlega kynnt sér það.

Í frv. þessu, sem heitir „um launamál o. fl.", er til málamynda ákvæði gegn hækkun vöruverðs og þjónustugjalda, en með þannig fyrirvörum, að ekkert hald er í ákvæðunum. Þessi ákvæði um verðlagsbindingu eru svo teygjanleg, að þau veita ekkert lið, og má í því sambandi vitna í 4. gr., síðari mgr. hennar. Frv. er þannig, að fólkinu, sem kaupbindingin á að bitna á, skal fjötruðu kastað í ljónagryfju dýrtíðarinnar. Það getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér, ef hún er bundin.

Aftur á móti eru þeir stóru starfsmannahópar, sem nýlega eru búnir að semja um kauphækkun fyrir sig, öðruvísi og betur settir, þó að þeir vafalaust gleðjist ekki yfir meðferðinni á hinum, sem í gryfjuna á að kasta. Ég hef ekki heyrt nokkra rödd, sem bendir í þá átt, að þeir fagni því út af fyrir sig að vera orðnir hólpnir í þessu sambandi. En þeir eru býsna vel hólpnir ýmsir.

Hv. frsm. meiri hl. minntist hér á það, að hann hefði heyrt því bregða fyrir í umr. í gær, að það væri talið, að ríkisstj. hefði átt þátt í því, eða eiginlega staðið að því, að bankastjórar hefðu fengið hækkuð laun, að bankastjórar hefðu nú 400 þús. kr. eða meira í laun, um leið og verkamaðurinn almenni fær ekki nema rúmlega 67 þús. kr. fyrir allar virkar vinnustundir ársins samanlagðar, og eru þær þó vafalaust fleiri en vinnustundir bankastjóranna, þó að ég vilji ekki taka undir það, sem sagt hefur verið hér, að þær séu aðeins 6 á viku, þær eru náttúrlega miklu fleiri. Hann sagði það, frsm. hv., að þetta, að ákveða kaup bankastjóra, heyrði undir bankaráð, en ekki ríkisstj., og það er vafalaust alveg rétt hjá honum. En hann var að heiman, eins og ég sagði áðan, og þá hefur hann ekki heyrt umr. fyrr en í gær. Og hann hefur ekki heyrt það, þegar því var lýst án mótmæla, að a. m. k. þrír hæstv. ráðh. hefðu, rétt áður en frv. var lagt fram, hraðað sér til þess að koma á bankaráðsfundum til þess að bjarga bankastjórunum inn fyrir gullna hliðið, eins og kallað var. Þessu hefur ekki verið mótmælt, að þeir hafi beitt sér fyrir því, að þessir — raunar ríkisstarfsmenn, þótt þeir heyri ekki undir löggjöfina um ríkisstarfsmenn, fengju bætur á laun sín, svo að þeir lendi ekki undir öxi frv. Þetta taldi hv. frsm. ótrúlegt, og mér skildist raunar á honum, að honum þætti ótrúlegt, að bankastjóralaunin væru eins há og sagt hefði verið. En þetta, sem ég hef nú sagt, kom fram í umr. og því hefur ekki verið mótmælt, svo að ég hafi heyrt. Það er von, að hinn hrekklausi hagfræðiprófessor verði hissa á því að heyra þetta, en ég held hann mætti verða hissa á fleiru. (Gripið fram í.) Um það hef ég enga skýrslu fengið, en hitt var satt og ómótmælt, að vissir meðlimir ríkisstj. hefðu haft um þetta forgöngu. (Gripið fram í.) Ekki er það lóðið, því að það veit hv. frsm., að eitt er að flytja till. um fríðindi einhverjum til handa, en hitt að beita sér á móti því, þegar till. er komin fram, enda munu þessir bankaráðsmenn ekki hafa vitað, hvað til stóð og hversu mikil þvingunarlög átti að setja í þessum efnum.

Þetta launamisræmi er þannig, að það er algerlega óviðunandi. Það væri undarlegt fólk, sem ekki væri óánægt með að frétta það, að hæst launuðu menn þjóðfélagsins fengju kjarabætur, en slagbrandi væri jafnframt slegið fyrir, að láglaunafólk fengi til samræmis bætt kjör sín.

Einn rökstuðningurinn, sem gengur mjög í gegnum frv. þetta, sem fyrir liggur, í aths. þess, og kemur einnig fram í ræðum þeirra, sem mæla með frv., kom líka fram hjá hv. frsm. meiri hl., er það, að þegar allir krefjist kauphækkunar og fái hana, þá fái enginn kjarabót út úr því. Samkvæmt þessum rökstuðningi á að binda kaup þeirra, sem hafa ekki fengið hækkun nú, til þess að kauphækkun hinna verði fullkomnari kjarabót. Misréttið eitt út af fyrir sig gerir frv. óþolandi. Og eitt af því, sem er ljótur draugur, sem gægist fram í ræðum þeirra, sem tala um þetta frv., og kom líka í ljósmál í orðum hv. frsm. meiri hl., er það, að ef þetta frv. nái ekki fram að ganga, ef þessi lög verði ekki framkvæmd, þá verði gengisfelling að ríða yfir. Jafnvel þessi prúði frsm. meiri hl. hafði þennan draug í fylgd með sér til þess að láta hann depla augum framan í þdm. Manni gæti dottið í hug, að í raun og veru væri það gengisfelling, — það er bara ályktað eftir reynslunni, — að hæstv. ríkisstj. teldi gengisfellingu lausnina og kannske jafnvel æskilegustu lausnina, en ófram-

bærilega nema á eftir svona lagaðri tilraun. Og þá gæti maður jafnvel haldið, að frv. sé svona óbilgjarnt sem það er einmitt til þess, að það veki þá óánægju, sem geri kleifara að fella gengið, að gerast frumkvöðull að því að fella gengið, sem yfirleitt er ákaflega óvinsælt, enda fullkomið neyðarúrræði.

Ákvæði frv. eiga samkvæmt hljóðan þess að vera nú þegar búin að öðlast lagagildi. Þau eiga að hafa fengið það, strax og frv. var lagt fram á Alþ. Þetta er ein af furðum frv. Menn eiga að geta orðið sekir samkv. þessu frv. og eru það þá að sjálfsögðu nú þegar eftir viðburðum síðustu daga, þó að frv. hafi enn þá ekki verið afgr. sem lög frá Alþ. og þó að þessir aðilar hafi á þessum dögum hagað sér samkv. gildandi landslögum. Hvaða vit er þetta? Hæstv. ráðh. sjá vitanlega, að með þessu er nokkuð langt gengið. Og hæstv. fjmrh. var að reyna örlítið að liðka til vegna síldarvinnukvenna, sem gerðu samninga, eftir að frv. var lagt fram, og það var með þeim skilningi, að það hefði ekki verið orðið fullkomlega kunnugt þjóðinni, fyrr en eftir fyrsta daginn. Þetta var náttúrlega mjög fallegt gagnvart konunum, og ég skal ekki lá honum það, þó að hann vilji taka þetta tillit til þeirra. En satt að segja er þetta furðuleg lögskýring eftir hljóðan frv.

Hæstv. dómsmrh. virtist búa yfir svipaðri hugsun, þ. e. a. s. þeirri, að það mundi kannske verða árekstrasamt í þessu sambandi, og heyrði ég hann segja, að meiningin væri ekki að svipta menn þeim yfirborgunum, sem þegar eru tíðkaðar. Sjáið þið til, það er bending um, að það sé hægt að fara fram hjá þessu frv. með yfirborgunum. Er þetta ekki skynsamlegt? Er þetta ekki í raun og veru ofur lítið mildilegt gagnvart þeim, sem eiga að lúta þessum lögum? Ef það er gegnlýst, þá sér maður samt, að í þessari yfirlýsingu kemur fram sami hugsunarhátturinn, sem hefur gengið í gegnum flestar aðgerðir ríkisstj., að hugsa um þá, sem betur mega. Sjáið þið til, þeir, sem hafa peninga, geta yfirborgað, og þeir, sem eru svo lánsamir að vera á vegum peningamanna, geta þá fengið bætt sín kjör. En hinir, sem hafa ekki peningana yfirfljótandi, þeir verða að búa við lögin. Sá fátæki, sem er að berjast áfram og kaupa vinnu til að koma byggingum sínum eða atvinnurekstri áfram, hann er settur með þessu í gapastokkinn og vinnuaflið vitanlega dregið frá honum eftir lögmálum þeim, að þangað leitar fólkið, sem betur er borgað.

Ríkisstj. og frambjóðendur stjórnarflokkanna sögðu um kosningarnar, að allt væri í góðu lagi. Ég heyrði ekki annað a. m. k. Að vísu sagði hv. 9. landsk. hér í gær, að hann hefði í viðtali við blað Alþýðuflokksmanna á Siglufirði talað um, að það gætu orðið erfiðleikar fyrir hendi. En þetta var svo meinleysislega sagt, eftir því sem hann las það upp, að ég hygg, að það hafi ekki vakið neina athygli, enda sjálfsagt ekki til þess ætlazt. En nú er komið annað hljóð í strokkinn, og nú má ganga út frá því sem vísu, að stjórnin segi það satt, að hún eigi í miklum erfiðleikum. Einstætt góðæri frá náttúrunnar hendi í aflabrögðum og fleiru, það hrekkur ekki lengur til að halda efnahagskerfi ríkisstj., viðreisninni, uppihangandi eða fela galla þess. En þessir miklu erfiðleikar réttlæta engan veginn það frv. um kaupbindingu láglaunafólks og afnám samningafrelsis, sem hér liggur fyrir.

Undirokun stétta á Íslandi er fjarstæða úr fortíð, en það virðist eins og höfundar frv. telji það ekki vera. Það var þægilegt að vera atvinnurekandi og stórbóndi á Íslandi, meðan þrælahaldið var, meðan hægt var að hafa fólk fyrir matvinnunga eða lítið meira. Slíkt er úr sögunni, sem betur fer, og ekki til neins að hugsa sér að taka upp þá þjóðhætti að ætla vissum stéttum að veita slíka þjónustu. Flm. frv. tala að vísu um kaupbindingu þessa aðeins fyrir tveggja mánaða tímabil, eða tvo síðustu mánuði ársins. Þetta á að vera einhvers konar umþóttunartími. En þegar þeir eru spurðir um það, eins og gert hefur verið í umr. hér á Alþ. undanfarna daga, hvort treysta megi því, að kaup og kjör verði eftir 31. des. 1963 látin lúta frjálsum samningum, þá segja þeir, að það sé ekkert vit í að lýsa því yfir, meðan málið sé í rannsókn, og óvarlegt að fullyrða nokkuð um það á þessu stigi. Þetta er efnislega svar hæstv. forsrh. við svona spurningu. Þess vegna er óhætt að slá því föstu, að allt er í óvissu um þetta að öðru leyti en því, að það er ljóst, að framlenging bindingarinnar þykir geta komið til greina, enda er hún við nána athugun í samræmi við viðreisnarstefnuna, sem miðar að misréttis- og misskiptingarþjóðfélagi.

Ég þóttist heyra það rétt í gærkvöld, að hv. 9. landsk. þm., sem er maður hreinskilinn, segði, að það ætti einmitt svo að vera, að gripið væri til slíkra bindinga öðru hverju. Nú stendur þannig á, að verkalýðssamtökin veittu ríkisstj. umþóttunartíma í þessum efnum frá því um miðjan júní s. l. til 15. okt. Þann tíma hagnýtti ríkisstj. ekki og hafði þó beðið um hann og nefnt veitingu hans til staðfestingar af sinni hálfu í viðhafnarstíl: þjóðhátíðarsamkomulag. Það er einmitt á þessum biðtíma, sem starfsmenn ríkisins fengu með kjaradómi stórhækkuð laun, starfsmenn Reykjavíkurborgar vel úti látin sams konar laun og starfsmenn sumra bæjarfélaga. Á þessum tíma fengu líka blaðamenn bætt laun og bankamenn. Bankastjórarnir urðu víst síðastir inn fyrir dyr, að mér skilst hjá þeim, sem hafa fylgzt vel með í þessum efnum. Þegar 15. okt. var kominn, buðu forustumenn verkalýðssamtakanna ríkisstj. framlengingu á biðtímanum frá miðjum júní, buðu framlengingu um 10—14 daga, ef ríkisstj. vildi á þeim dögum, að loknu þessu fjögurra mánaða umhugsunartímabili, beita sér fyrir frjálsum samningum um kjarabætur. En ríkisstj. hafnaði því boði og lagði í þess stað fram þetta frv. um bann við frjálsum samningum. Það er eðlilegt, að þeim, sem höfðu gefið frestinn, yrði dálítið um það, er svona var að farið. Það er eðlilegt, að þeir, sem gáfu frestinn, gerðu ráð fyrir því, þegar hækkuð voru laun eins stórlega og raun varð á á biðtímanum, að það mundi ekki standa á því, að hækkað yrði hjá þeim einnig, — það er eðlilegt, að þeir héldu, að það mundi ekki standa á því, að þeir fengju einhverja réttingu sinna mála. En svona fór.

Augljóst er, að hér er um freklegt ranglæti að ræða. Það má segja, að grið hafi verið rofin á hinu lægra launaða fólki í þjóðfélaginu og að það hafi verið stofnað til óþolandi misréttis innan þjóðfélagsins og ófriðarbál verið kveikt, sem enginn veit, hve miklu tjóni kann að valda þjóðhagslega og sambúðarlega. Ég býst við, að ýmsir í flokkum stjórnarinnar hafi tekið þetta nærri sér. Það er augljóst, að Alþfl., þó að hann hafi nú verið talinn nokkuð heilsuhraustur í þessum efnum, hefur fengið innantökur. Sagt er, að hann hafi þurft að halda tvo fundi í miðstjórn sinni til þess að fá samþykki á því að vera með í að leggja fram þetta frv. Og Alþýðublaðið birtir 30. okt. samþykktina, sem gerð var að lokum í miðstjórninni, og hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstj. undirbúi aðgerðir til að bæta kjör láglaunafólks með raunhæfum ráðstöfunum, svo sem skatta- og útsvarsvilnunum, lágmarkslaunum, tryggingabótum eða öðrum slíkum aðgerðum, er tiltækilegar þykja, og þessum ráðstöfunum verði komið í kring fyrir n. k. áramót, samþykkir fundurinn fyrir sitt leyti, að verðlag og kaupgjald verði fest, þó ekki lengur en til 1. jan. n. k.“

Þessi yfirlýsing er allmerkileg. Hún er handaþvottur vitanlega. Hún er þannig handaþvottur, að flokkurinn kemur ekki með hreinar hendur upp úr handlauginni. Það er kannske ekki von, því að hann er svo oft búinn að þvo sér úr sömu lauginni. Það er eftirtektarvert, að í samþykktinni er verðlagsbinding nefnd á undan kaupgjaldsbindingu, en nú heitir frv. „um launamál o. fl.“ Í fyrirsögn er ekki einu sinni verðlagsbindingin nefnd, enda er það ákaflega eðlilegt. Höfundar frv. hafa kunnað þar réttilega að setja upp mál. En Alþfl., sér og sínum til huggunar, setur verðlag fram fyrir. Hann segir, að hann treysti því, að kjör láglaunafólks verði bætt með raunhæfum ráðstöfunum, svo sem skatta- og útsvarsvilnunum, lágmarkslaunum og tryggingabótum. Meira færir hann þetta ekki út. En hvernig hægt er að koma þessu við, að visst fólk fái sérstaklega skatta- og útsvarsvilnanir, tryggingar auknar o. s. frv., án þess að það komi líka hinum til góða, sem komnir eru inn fyrir gullna hliðið, er ekki útskýrt.

Hv. 9. landsk. þm. sagði í ræðu sinni í gær, að það að bæta kjör láglaunafólks án kauphækkunar sé sannarlega vandaverk. Þetta er hreinskilnisleg játning. (**Forseti**: Hv. þm. Ég hafði hugsað mér að gefa kaffihlé, ef þú vildir fresta ræðunni. Ég býst við, að hún sé ekki svo búin.) Jú, það er velkomið. (**Forseti**: Þá verður fundarhlé til kl. 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira en það, sem ég var búinn að minnast á, sem bendir til þess hjá Alþýðublaðinu, að Alþfl. hafi ekki verið alls kostar rótt. Ég lái honum það ekki, þó að svo sé. Í nýlegu Alþýðublaði segir, með leyfi hæstv. forseta, „að taka þurfi af þeim, sem mestar launabætur hafa fengið, og flytja til hinna, sem hafa orðið á eftir.“ Mér er nú sem ég sjái hæstv. ríkisstj. og hv. þm. Alþfl. fara að taka sérstaklega af þeim, sem komnir eru inn fyrir gullna hliðið. En blaðið segir einnig, að nú verði að dreifa þeim kjarabótum, sem fengizt hafa, og færa til hinna lægst launuðu. Ákaflega væri gaman að vita, hvernig þetta er hugsað, að fara að dreifa kjarabótunum, sem búið er að veita. Það hefur lítið borið á því í umr., að gerð væri grein fyrir því. Þó gerði hæstv. fjmrh. tilraun til þess í útvarpsumr. í gær, Hann taldi upp eina 8 liði, sem væru í athugun og kæmu til greina.

Það var afnám tekjuskatts á þeim lægra launuðu. Nú hefði ég haft gaman af að heyra, hvernig þetta er hugsað. Þegar skattalögunum var breytt seinast og persónufrádráttur hækkaður og mikið auglýst af hæstv. ríkisstj., að gert hefði verið stórátak til að létta sköttum af þeim láglaunuðu, þá kom þetta þannig niður, að að vísu var létt lágum sköttum af, en miklu meira fylgdi í lækkun hjá hinum hálaunuðu, vegna þess að toppurinn lækkaði. Mundi ekki fara líkt nú?

Þá nefndi hæstv. ráðh. verulega lækkun útsvara á þeim láglaunuðu. Það er nú sama sagan um þetta.

Þá talaði hann um hækkun barnalífeyris hjá fólki. Mundi það ekki koma líka til góða þeim, sem eru innan við gullna hliðið?

Þá talaði hann um hækkun elli- og örorkulífeyris. Mundi ekki vera sömu söguna um þetta að segja einnig? Ellilífeyrir er greiddur fólki, hvernig sem tekjum þess er háttað, skerðingarákvæði afnumin. Á að taka upp skerðingu aftur, til þess að þetta geti orðið dreifing tekna milli hinna hálaunuðu og láglaunuðu?

Fleira taldi ráðh. í nokkuð óljósum liðum, en liðirnir voru alls 8. Hv. Alþfl.-menn hafa ekkert fram talið í þessu efni. Gaman væri að heyra t. d. viðskmrh. gera grein fyrir því, hvernig hann hyggst framkvæma uppbæturnar til hinna láglaunuðu án þess að hækka kaup, þannig, að þær komi ekki líka að meira eða minna leyti þeim hálaunuðu til góða. En annars eru þær bara blekking, þegar talað er um þær sérstaklega í sambandi við hina láglaunuðu.

En þessi upptalning hæstv. fjmrh. minnti mig dálítið á það, þegar hann hélt sína fyrstu framsöguræðu fyrir hönd þessarar hæstv. ríkisstj. hér á Alþingi og taldi upp yfir 30 sparnaðarliði, og svo bættu samherjar hans í fjvn. fleiri liðum við, svo að mig minnir ekki betur en þeir væru að lokum orðnir 59, fyrirhugaðir sparnaðarliðir. En svo er nú komið með þessa sparnaðarliði, að þeir hafa horfið sporlaust á þessum árum, sem liðin eru síðan, ekki fyrir það, að sparnaðurinn hafi verið framkvæmdur, heldur fyrir það, að þeir hafa fallið niður þegjandi og hljóðalaust. Það eru til höfundar, sem ég hef heyrt nefnda titilblaðshöfunda. Það eru höfundar, sem byrja á því að semja titilblaðið fyrir auglýsingar, eru sérstaklega snjallir í því að búa út álitleg titilblöð, en þekktir að því að skrifa svo annaðhvort ekki meira eða bók þeirra verður allt annað en á titilblaðinu stendur. Mér finnst hæstv. ríkisstj. minna á þessa titilblaðshöfunda, og upptalning hæstv. fjmrh. í gær minnti mig alveg sérstaklega á þá, af því að ég mundi svo vel eftir hinum mörgu sparnaðarliðum, sem hann lýsti yfir að yrðu framkvæmdir, þegar hann fyrst flutti sína fjárlagaræðu sem ráðh. í þessari stjórn. Við

höfum séð titilblaðið. Gaman verður að vita, hvernig bókin verður á bak við titilblaðið.

Það er mikil áherzla lögð á hinn nauðsynlega biðtíma, sem stjórnin þarf að fá. Það er nú reyndar sorglegt, að jólin skuli lenda inn í þennan biðtíma, því að það er helzt útlit fyrir það, að þessir menn fái ekki tækifæri til að njóta jólanna. Ég gæti bezt trúað, að verkefnið væri svo erfitt, að það veitti ekki af jóladögunum líka til þess að leysa það. En þeir fjórir mánuðir, sem liðu í sumar, án þess að nokkuð væri gert, voru alllangur tími. Þeir eru hjá sumum kallaðir bjargræðistími. Þessi tími mátti vera bjargræðistími ríkisstj. Hvernig fór hún með hann? Það er sagt um Hrafna-Flóka, að hann hafi ekki gætt þess að heyja sumarmánuðina, og féll því hjá honum fénaður veturinn eftir. Þeir hafa nú líklega ekki verið við sömu iðju og Hrafna-Flóki, en hins vegar er sagt, að þeir hafi ferðazt víða um lönd og skemmt sér þessa sumarmánuði. Satt að segja finnst mér það, þó að réttmætt sé, að menn taki sér sumarfrí og skemmti sér, ásökunarvert að fella niður að framkvæma það hátíðarsamkomulag, sem gert var um miðjan júní. Þessi vinnubrögð, að hafast ekkert að þennan langa tíma, að þiggja ekki fram boðinn 10—14 daga frest hjá verkalýðssamtökunum og slengja svo á þessu frv., sem á að verða að lögum, um leið og það er lagt fram, minnir nokkuð á söguna um það, sem gerðist í eitt sinn í Perluhöfn. En sleppum því. Ríkisstj. hefur hafnað leið frjálsra samninga, og með því að gera það er hún líkust manni, sem lent hefur í sjóinn, hrindir frá sér bjarghring, en reynir þess í stað að skríða upp á tundurdufl. Skyldi þar verða gott næði til að hugsa? Já, skyldi verða gott næði til að hugsa þar?

Hæstv. fjmrh. spurði mig áðan: Er tundurdufli virkt? Honum fannst það vitanlega skipta nokkru máli. Máske hæstv. ríkisstj. búist við, að samtök hins mikla fjölda vinnandi fólks á Íslandi séu ekki virk. Ja, við bíðum og sjáum, hvað kemur í ljós.

Með því að tala svona er ég ekki að mæla því bót, að lög séu ekki haldin, jafnvel þótt ekki séu réttlát lög. En hins vegar mundi ég ekki lá verkalýðssamtökunum, þó að þau hömluðu á móti þessari löggjöf og sniðgengju hana og eyddu henni og áhrifum hennar þannig.

Það getur nefnilega orðið sprenging, þótt frv. verði lögleitt, og a. m. k. réttlát. Auðvitað mál er það, að ríkisstj. sem stjórn út af fyrir sig væri það frjálst að fara upp á tundurdufl, en hún gerir það í umboði þjóðarinnar, hún telur sig hafa umboð þjóðarinnar til þess, og hún gerir það á kostnað þjóðarinnar. Ég er þess fullviss, að hún hefur ekki nægilega athugað, hvað þetta er dýrt spaug, ef spaug skyldi kalla.

Við minnihlutamenn fjhn. vitum vel, að það er illa komið í efnahagsmálum. En þó að það sé, má ekki eiga sér stað þvílíkt ranglæti, sem hér á að vinna með frv. þessu, og þar að auki er það ekkert úrræði, það er engin lausn vandamáls. Við teljum, að eftir leið hinna frjálsu samninga verði að skapa heildarsamræmi í launamálum, þ. e. rétt launahlutfall, og það verði ekki komizt hjá því að rétta hag þess fólks, sem nú á að fjötra með bindingarákvæðum þessara laga, — rétta hlut þess með því að samræma kaup þess því kaupi, sem búið er að löggilda í landinu. Ég fer ekkert út í það, hvort það kaup er yfirleitt of hátt eða ekki, ég fer ekkert út í það, hvort kjaradómur hefur gengið of langt. Hann er dómur og hans úrskurði verður að lúta. Um hans verk geta sjálfsagt verið skiptar skoðanir. En hitt er alveg víst, að kaupið verður ekki samræmt með því að færa til baka hjá þeim, sem þegar hafa fengið hækkun. Eina leiðin til samræmingar er að hækka til samræmis laun þeirra, sem á eftir eru. Og einhverjar hómópatalækningar í þessum efnum duga ekki. Þetta hjal um afnám tekjuskatts á lágtekjum, lækkun útsvara, hækkun ellilífeyris og fjölskyldubóta nær ekki tilgangi í þessum efnum. Það getur orðið til hjálpar að einhverju leyti, en það er engin heildarúrlausn. Við teljum, að þetta muni vera hægt og það verði að vera hægt. Við teljum, að einbeita verði kröftum þjóðarinnar og þjóðfélagsins til þess að gera atvinnuvegunum fært að greiða það kaup, sem slík samræming krefst. Við álítum, að þetta hljóti að vera hægt. Land okkar er, eins og það hefur sýnt þessi viðreisnarár, mjög gjöfult land, þrátt fyrir það að gjafir þess hafi ekki komið að fullum notum, vegna þess, hvernig með þær hefur verið farið með rangri stjórnarstefnu. Við teljum, að það verði að leggja af alefli áherzlu á að auka framleiðsluna, auka framleiðni og afköst og ekki sízt auka góða hagnýtingu þess, sem aflað er. En eins og við vitum öll, er hagnýting þess, sem aflað er, mjög frumstæð hjá okkur, og þar eru miklir möguleikar til stórkostlegra umbóta. Við teljum, að lækkun innflutningsgjalda af vörum, sem þjóna þessum markmiðum, eigi að eiga sér stað, og við teljum, að útkoma ríkissjóðs hafi sýnt, að það er vel hægt að lækka þau. Við teljum, að það eigi að gera lánastarfsemina hagfelldari og þar með tel ég vaxtalækkun. Við teljum, að það eigi að afnema útflutningsgjöld, eins og samtökin við sjávarsíðuna hafa líka krafizt, og við teljum, að það eigi að afnema launaskattinn, sem lagður hefur verið á bændur. Margt fleira er hægt að gera, ef mynduð yrðu breið samtök með hagsmuni vinnandi stétta og þeirra, sem bera hita og þunga dagsins sérstaklega í landi okkar, fyrir augum. Svona lög eins og felast í þessu frv., sem við erum nú að ræða, er vitanlega hægt að setja. Það er hægt að gera allt að lögum, ef nógu samstæður meiri hl. fæst. En þetta eru eigi að síður ólög, og með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða, segir hið fornkveðna.

Við leggjum til, að frv. verði fellt. Við teljum, að það eigi ekki að samþykkja ólög.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það hafa þegar orðið miklar umr. og langar um það frv., sem hér liggur fyrir, og er það að vonum. Það má nú búast við, að allur þorri röksemda með og móti þessu frv. sé nú fram kominn eftir svo langar og víðtækar umr. og þess vegna muni þykja ástæðulaust að orðlengja mjög mikið um málið, úr því sem komið er. En þetta mál er þannig vaxið, að það er í sjálfu sér eðlilegt, að

í sambandi við það fari fram víðtækar umr. um störf og stefnu hæstv. núv. ríkisstj. og gerð nokkur úttekt á því og nokkurt mat á það lagt, hvernig hennar störf hafa verið og hvar við stöndum nú í dag eftir fjögurra ára stjórn hennar. Það gefur og nokkra ástæðu til þess að fjalla um einstök atriði þessara mála, að hv. frsm. meiri hl. fjhn. flutti hér langa ræðu í dag og kom víða við, flutti að vísu margar þær hinar sömu röksemdir sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt í sambandi við þetta mál og kom þó að einstökum liðum þess frá nokkuð öðru sjónarmiði, og verð ég að segja, að hann varði þar erfitt mál sízt ófimlegar en hæstv. ráðh. hafa gert, og ég saknaði þess í sambandi við a. m. k. ákveðinn kafla ræðu hans, að hér voru ekki fleiri hæstv. ráðh. til staðar, því að ég hygg, að þeir hefðu haft gott af því að hlusta á röksemdir hans, t. a. m. í sambandi við það, hvað af of mikilli og óhóflegri fjárfestingu getur leitt og hlýtur að leiða, — af of mikilli, óhóflegri og óskynsamlegri fjárfestingu. Hins vegar var ég honum ekki alls kostar sammála um sumar þær ályktanir, sem hann dró af þessu, og mun koma dálítið að því síðar. Með tilliti til þessa býst ég við, að ég þurfi að eyða hér dálitlum tíma hv. deildar til þess að ræða allmörg einstök atriði þessa máls, en býst þó ekki við að verða ákaflega langorður.

Hæstv. ráðh. hafa ekkert dregið úr því nú undanfarna daga, að ástandið í efnahagsmálunum sé orðið býsna erfitt. Þeir lýsa því hver á fætur öðrum, að fjárfesting og neyzla sé allt of mikil og meiri en framleiðslan þolir. Þeir benda á hríðversnandi viðskiptajöfnuð. Þeir benda á minnkuð sparifjárinnlán, miklu meiri eftirsókn eftir lánsfé en hægt hefur verið og hægt er að fullnægja. Og hæstv. ráðh. og aðrir talsmenn ríkisstj. þurfa engan að fræða um verðbólguþróun síðustu mánaða. Hún liggur að verulegu leyti fyrir í opinberum skýrslum og grg., en almenningur þarf hvorki að grípa til eða leita til vísitöluútreiknings eða styðjast við yfirlýsingar frá ríkisstj. um þau efni. Hann finnur verðbólguáhrifin áreiðanlega nógu greinilega sjálfur, þegar hann er að kaupa lífsnauðsynjar sínar. Ástandið er því vissulega alvarlegt í þessum málum öllum. Hitt er svo annað mál, að hæstv. ráðh. gera nú jafnvel enn þá meira úr því en ástæða er til, eða a. m. k. meira úr vissum þáttum þeirra örðugleika, sem við er að etja, heldur en bein ástæða er til, svo sem getu framleiðenda fiskafurða til þess að borga hækkað kaup, og þá ekki síður getu ríkisvaldsins og löggjafarvaldsins til þess að gera þeim það kleift. Það er að vísu rétt, að allur tilkostnaður hraðfrystihúsa, sem aðallega er talað um í þessu sambandi, annar en vinnulaun, hefur hækkað gífurlega af völdum viðreisnarstefnunnar, af völdum stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það annað en frásagnir eða einhverjir lauslegir útreikningar frá hraðfrystihúsaeigendum sjálfum eða stjórn þeirra, hvernig rekstrarafkoma hraðfrystihúsanna raunverulega er. Þó er vitað, að stórir kostnaðarliðir, sem stjórnarstefnan hefur hækkað mjög með löggjöf og ríkisvaldið og löggjafinn ráða miklu eða mestu um, valda mjög miklu um afkomu hraðfrystihúsanna og jafnvel meira en hitt, þó að kaup verkafólks hækkaði verulega, jafnvel um þau 40%, sem kröfur verkalýðsfélaganna eru almennt miðaðar við. Þetta stendur enn óhrakið þrátt fyrir fullyrðingar um hið gagnstæða.

Það hefur verið sýnt fram á það með rökum, að lækkun vaxta og lækkun útflutningsgjalda gæti fyllilega komið á móti þeim aukna kostnaði, sem af kauphækkun til verkafólks mundi leiða. Þegar hæstv. ríkisstj. er í dag að mála þennan tiltekna þátt efnahagsmálanna sem allra dekkstum litum, er það að sjálfsögðu gert í alveg ákveðnum tilgangi. Málsvarar stjórnarstefnunnar segja að vísu, að þeir geri þetta af einskærri sannleiksást. Þeir hafa tekið upp þann góða sið að segja þjóðinni alveg satt og rétt um ástandið, þeir séu svo sem ekki undir sömu sökina seldir og ýmsar fyrri ríkisstj., sem hafi viljað gera lítið úr erfiðleikum, hafi viljað leyna þjóð og þing því, hvernig komið var, þegar erfiðlega gekk. Þessir sannleikselskandi hæstv. ráðh. berja sér nú á brjóst og tilkynna: Við leynum engu, erfiðleikarnir eru miklir, það verður að grípa til róttækra ráðstafana, ef ekki á illa að fara. — Og þetta er sagt til að réttlæta það, sem nú er verið að gera með flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir. Það er verið að reyna að réttlæta það framferði að svipta verkalýðshreyfinguna verkfalls- og samningsrétti. Það er verið að reyna að réttlæta það, að nú á að banna launþegum og atvinnurekendum að semja sín á milli um kaup og kjör. Þessar harkalegu aðgerðir eru nauðsynlegar, segir ríkisstj., ef útflutningsframleiðslan á ekki að stöðvast og efnahagskerfið jafnvel að liðast í sundur, og þessar aðgerðir á svo að framkvæma á sama tíma sem verzlunargróðinn er meiri en nokkru sinni fyrr, á sama tíma sem auðsannanlegt er, að verðbólgubraskarar af margvíslegu tagi raka til sín skjótfengnari og meiri auði en dæmi eru um áður. Það á að gera þetta á sama tíma eða skömmu eftir að mjög margar starfsstéttir, þ. á m., eins og margsinnis hefur verið bent á, allir launahæstu embættismenn landsins hafa fengið rausnarlegar launahækkanir samkv. kjörorðinu: Sá launalægsti hlutfallslega minnsta hækkun, sá kauphæsti hlutfallslega mesta hækkun.

Á meðan allt þetta var að gerast, impraði hæstv. ríkisstj. ekki á því, að þjóðarbúið þyldi ekki svona miklar kauphækkanir. Hæstv. fjmrh. og hæstv. viðsmrh. hafa báðir skrifað og talað á þá lund, ef ég man rétt, um launamál opinberra starfsmanna, að þar bar mest á fögnuði yfir því, að réttlætis- og sanngirnismál næði nú fram að ganga. Og enginn mun neita því, að opinberir starfsmenn og ýmsar þær stéttir aðrar, sem brátt fylgdu í kjölfar þeirra, þurftu að fá kjör sín bætt á tímum mikillar verðbólgu, á tímum viðreisnarverðlags. Hitt er svo annað mál, að ýmsir hafa verið dálítið hissa á því, að svo fúslega hefur verið aðhyllzt, — ekki aðeins af hæstv. ríkisstj., ég skal taka það fram, heldur af öllum þeim, að því er virðist, sem um þessi mál fjölluðu í sambandi við kjaramál opinberra starfsmanna, — sú stefna, að þeir

menn, sem eru í hinum hærri eða hæstu launaflokkum, skyldu fá 60—80—90% kjarabót, þegar láglaunuðu starfsmennirnir voru taldir fullsæmdir af 30% hækkun eða þar um bil. Hæstv. ríkisstj. bendir að vísu á það og réttilega, að hún hafi ekki sjálf ákveðið laun opinberra starfsmanna, það hafi hlutlaus og óháður kjaradómstóll gert. Það er að vísu rétt, að launin voru ákveðin með kjaradómi. En það þarf enginn hins vegar að ætla, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki átt sinn drjúga þátt í því að leggja meginlínurnar, svo sem um það atriði, að háu launaflokkarnir skyldu hækka hlutfallslega langmest, og að hún hafi einnig haft áhrif á hitt, veruleg áhrif, hversu stórri heildarfjárhæð var talið fært að verja til þessara launabóta. Þarna hefur vafalaust komið til mat hæstv. ríkisstj. sjálfrar og síðan kjaradóms á því, hversu mikil laun menn þyrftu að hafa í íslenzku þjóðfélagi í dag undir viðreisnarstjórn. Það fer naumast milli mála, að þetta hefur verið eitt meginsjónarmiðið, og í því sambandi er vert að veita því sérstaka athygli, að einn dómenda í kjaradómi er annað helzta haldreipi hæstv. ríkisstj. í öllum stórmálum, sem snerta efnahagsmál, efnahagsmálasérfræðingur viðreisnarinnar, dr. Jóhannes Nordal.

Og hvernig féll nú dómur þessara manna? Eins og margsinnis hefur verið bent hér á, var dómurinn um það, sem réttlátt og nauðsynlegt væri, að þessir menn fengju, þá var sá dómur þessi: Mikil almenn kauphækkun, 45% að meðaltali. Og ástæðurnar voru taldar einkum tvær. Í fyrsta lagi sú, að opinberir starfsmenn hefðu dregizt aftur úr ýmsum sambærilegum starfshópum, m. a. hefði ekki verið tekið nægilegt og eðlilegt tillit til sérhæfni og menntunar. Og í öðru lagi, að opinberir starfsmenn hafi dregizt aftur úr í verðbólgukapphlaupinu. Þeir þurftu að dómi kjaradóms að fá 45% hækkun til þess að geta lifað sómasamlega undir viðreisn. Ég skal játa, að það er margt rétt í þessum rökum. Að sumu leyti var þarna verið að lagfæra gamalt misrétti, margra ára sultarlaun, sem opinberir starfsmenn hafa orðið að búa við. En mestu munaði þó um hitt, hvað viðreisnarkrónan var orðin lág, hvað margar krónur þurfti til þess að menn gætu lifað sómasamlegu lífi undir viðreisn.

Þessar aths. um viðhorf ríkisvaldsins til launabóta til handa opinberum starfsmönnum ber ekki að skilja á þá lund, að ég telji, að það hafi verið vanþörf á að bæta kjör þeirra almennt. Það var óhjákvæmilegt og það hafði dregizt of lengi. Hitt er svo engan veginn hafið yfir gagnrýni, og mér er nákvæmlega sama, hversu margir aðilar þar bera ábyrgð á, að það var furðulangt gengið í því að lyfta hinum betur launuðu, að auka launamismuninn. Að mínum dómi var þarna farið skör lengra en eðlilegt og skynsamlegt var. A. m. k. verður að telja, að þetta sé fullkomin ofrausn frá sjónarmiði þeirrar hæstv. ríkisstj., sem kemur svo fram fyrir þjóðina skömmu síðar og segir: Nú er svo illt í efni, að við verðum að banna allar kauphækkanir þeim til handa, sem lægst hafa launin.

Þegar það er haft í huga, sem á eftir fór, sem nú er fram komið — og skýrast með þessu frv., þá er það næsta einkennilegt, ef það hefur aldrei flögrað að hæstv. ríkisstj., að með þeim samningum, sem gerðir voru í sumar, og þá ekki síst í sambandi við hina launahæstu, væri um nokkra ofrausn að ræða, þegar í einu stökki eru hækkuð svo mikið embættislaun hinna launahæstu, að viðbótin ein nemur hálfum öðrum til tvennum verkamannalaunum. Það vita allir, þó að það hafi nú verið reynt í þessum umr. af hálfu hæstv. ríkisstj. að mótmæla því, að kaup verkamannsins í dag er 28 kr. um tímann, og það gerir með 8 klst. vinnu hvern virkan dag allt árið rúmar 6 þús. kr. Og það er næsta furðulegt, þegar menn eru hvað eftir annað að halda því fram, að það sé nægilegt, ef verkamaðurinn getur aukið þessar tekjur sínar eitthvað verulega með því að leggja á sig eftir-, nætur- og helgidagavinnu. Það er a. m. k. furðulegt, þegar talsmenn Alþfl. leggja á þetta áherzlu, eins og hæstv. viðskmrh. hefur gert hvað eftir annað. Hann hefur hvað eftir annað borið það fram sem röksemd, að samkv. skattframtölum sjáist það, að verkamenn hafi t. a. m. í fyrra haft nálægt 90 þús. kr. í tekjur. En það er eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á, þær tekjur fást ekki með öðru móti en því að vinna 11 stundir a. m. k. að meðaltali á dag, 11—12 stundir jafnvel. Það hefði vissulega einhvern tíma þótt fjarstæðukennt, ef því hefði verið spáð, að forustumenn Alþfl. ættu eftir að berjast við hlið fulltrúa atvinnurekendavaldsins í landinu fyrir löggjöf af því tagi, sem festir þessi launakjör verkamanna. Og þó að menn séu nú á síðustu árum orðnir ýmsu vanir af forustumönnum Alþfl., þá fer ekki hjá því, að mörgum blöskri þetta. Ég held, að það hafi ekki heldur farið fram hjá hæstv. ráðh. þess flokks og þm. nú undanfarnar vikur og daga, allt frá því að þetta frv. kom fram, að það er fordæmt af fjölmörgum fylgismönnum þeirra sjálfra. Ég veit líka, að innan Sjálfstfl. eru margir, sem telja, að hér sé verið að fremja hróplegt ranglæti. Þeir áfellast hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa haldið að sér höndum í allt sumar, þótt hún mætti vita, að hverju hlyti að draga í launamálunum öllum. Þeir áfellast hana fyrir það að hafa nú engar till. tilbúnar, komið fram í nóvembermánuð, ekkert annað en þetta þvingunarfrv., sem hlýtur að valda mjög miklum óróa og margvíslegum óþægindum fyrir atvinnurekendur, fyrir þjóðina alla.

Ég gat þess áðan, að hæstv. ríkisstj. hafi stundum að undanförnu — einstakir ráðh. — verið að hæla sér af því, að þessi ríkisstj. hafi til að bera það hugrekki og þá hreinskilni, sem til þess þarf að segja þjóðinni satt og rétt um ástand efnahagsmálanna. En það verð ég að segja, að heldur er fátt orðið um fína drætti hjá hæstv. viðreisnarstjórn, þegar hún fer að bera lof á sjálfa sig fyrir sérstaka hreinskilni. Það held ég, að muni allir, hver var söngurinn hjá öllum talsmönnum stjórnarflokkanna fyrir kosningarnar í sumar. Það var eðlilegast, að þá hefðu hæstv. ríkisstj. og hennar talsmenn lagt spilin hreinlega á borðið. Kjósendurnir áttu heimtingu á því, að spilin væru þá þegar lögð á borðið. Gerði hæstv. ríkisstj. það? Lagði hún

spilin á borðið í vor? Gaf hún sannar og hlutlausar skýrslur um ástandið í efnahagsmálum? Ég held, að það hafi skort mikið á, að svo væri. Hún talaði þá ekkert um, að það væri vaxandi jafnvægisleysi, að óðaverðbólga væri á næstu grösum og það væri hætt við því, að allt færi í strand í haust.

En nú er hæstv. ríkisstj. loksins orðin hreinskilin. Nú segir hún, að þetta jafnvægi, sem var í ágætu lagi í vor, sé nú farið veg allrar veraldar. Nú skýrir hún frá því, að greiðslujöfnuður á þessu ári sé orðinn óhagstæður um 700 millj. Það gat hún að vísu ekki sagt í vor. En þó gat hún skýrt frá ýmsu. Hún segir frá því, að sparifjáraukning fari minnkandi, að eftirspurn eftir lánsfé fari vaxandi, að neyzla og fjárfesting sé miklu meiri en þjóðarbúið þolir. Og eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á, hefur það gerzt í sambandi við verðlagsþróunina, að á 4 mánuðum hefur framfærsluvísitalan hækkað úr 131 stigi í 143. Það má segja, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki í vor getað skýrt frá þessum tölum, sem eru byggðar á ástandinu í haust, en hún hefði vissulega getað skýrt frá því, að hverju stefndi, ef hún hefði viljað, því að hvað er það, sem hefur gerzt svo alvarlegt síðan í vor, að það hafi breytt öllu, sem máli skiptir í þessum efnum?

Ekki er um það að ræða, að það hafi verið sérstaklega erfitt árferði í sumar. Ekki er hægt að segja, að síldveiðin hafi brugðizt, því að í sumar veiddist síld fyrir svo mikil verðmæti, að mjög nálgast aflametsumarið í fyrra. Ekki er heldur um það að ræða, að lélegur fiskafli hafi verið þetta ár yfirleitt. Jafnvel hygg ég, að afli togara hafi verið heldur skárri en mörg undanfarin ár. Verð fyrir framleiðslu landsmanna hefur verið gott og heldur hækkandi, og salan hefur verið greið. Nei, það er ekkert af þessu, sem hefur gerzt. En það, sem skeð hefur frá vori til hausts, er í stuttu máli það, að stefna hæstv. ríkisstj., viðreisnarstefnan, hefur sannað það, sem að vísu var fyrirsjáanlegt í vor, en er fullkomin og óumdeilanleg staðreynd í haust, að hún er endanlega gjaldþrota. Og nú er svo komið, að jafnvel hin mesta árgæzka og mjög góð aflabrögð geta ekki komið í veg fyrir það, að þetta gjaldþrot verði og sé öllum ljóst.

Ég skal ekki fara mjög langt út í það að ræða um, hverjar eru orsakirnar fyrir því, að efnahagsmálastefna hæstv. ríkisstj. hefur misheppnazt. Þó vil ég aðeins minnast á nokkur atriði. Að mínum dómi er ástæðan sú, að nokkur meginatriði í sambandi við þá stefnu eru byggð á hreinni hugsanavillu. Það eru upp teknar kenningar, sem reyndar hafa verið, að vísu með nokkuð misjöfnum árangri, hjá stórum þjóðum og fjölmennum, þar sem um er að ræða mikið fjármagn og tiltölulega mikið jafnvægi. En þó að slíkar efnahagsráðstafanir hafi á vissum tímum e. t. v. skilað einhverjum árangri meðal þjóða, þar sem allt öðruvísi hagaði til en hér, hlutu þær að mistakast hér, og ástæðurnar eru nokkuð augljósar. Það er í fyrsta lagi, að hér á landi er um að ræða mjög takmarkað fjármagn miðað við þær miklu þarfir, sem fyrir eru til uppbyggingar í þessu þjóðfélagi. Þess er í öðru lagi að geta, að í sambandi við okkar aðalatvinnuveg, sjávarútveginn, verða oft miklar sveiflur, og hann er óstöðugur, gefur góða afkomu sum árin, en slæma önnur. Viðreisnarstefnan byggðist fyrst og fremst á því, að það átti að innleiða hér sem allra mest frelsi í viðskipta- og fjárhagsmálum. Það átti ekki að skipta sér neitt af því, hvert fjármagnið rynni. Það átti ekki að skipta sér neitt af fjárfestingunni. Hömlurnar í sambandi við fjármagnið áttu að felast í því, að vextirnir væru hækkaðir, þegar þess þyrfti með, og þá lækkaðir aftur, ef ástæða þætti til. Það átti a. m. k. fyrst um sinn að hamla gegn ofþenslu og verðbólgu með gífurlegri vaxtahækkun, með því að selja eða leigja réttara sagt peninga mjög dýrt. Áhrifin af þessari stefnu urðu strax augljós og hafa þó komið æ betur í ljós, eftir því sem lengra leið. Þegar um engar hömlur er að ræða, leita peningarnir vitanlega þangað, sem þeir renta sig, eins og það er kallað, bæði fljótt og vel. Þeir leita þangað, sem af þeim er að hafa mestan og skjótfengnastan gróða. Og vinnuaflið leitar vitanlega á eftir til hinna sömu atvinnuþátta, sem geta rentað dýra peninga. Íslenzkur landbúnaður á að sjálfsögðu mjög erfitt með að taka þátt í slíku kapphlaupi um dýra peninga. Íslenzkur sjávarútvegur á það vissulega í flestum tilfellum líka. Og íslenzkur iðnaður almennt er ekki sérlega vel fær um það. En á hinn bóginn er það í slíku frelsi peninganna möguleiki verzlunarinnar fyrst og fremst, sem um er að ræða. Það er á því sviði, þar sem fljótlegast er að fá ávexti af dýrum peningum. Þar er um að ræða í flestum tilfellum fljótteknastan gróða. Og svo er þess einnig að gæta í þessu sambandi, að hér á landi er og hefur lengi verið mikill húsnæðisskortur, mikil þörf á því að byggja, og sú þörf minnkar ekki, þó að vextir séu hækkaðir og leiga á peningum sé þess vegna dýr. Og það er haldið áfram að byggja, því að þörfin kallar eftir því. En þessir háu vextir valda því hins vegar, að byggingarkostnaður verður óhóflega og óstjórnlega mikill. Það hefur líka sýnt sig og er hægt að færa að því alveg eindregin rök, að þessi gífurlegi byggingarkostnaður er ein meginástæðan fyrir þeirri miklu dýrtíð og verðbólgu, sem er hér í landinu.

Menn gátu sagt sér það sjálfir þegar í upphafi, þegar viðreisnarstefnan var boðuð, að afleiðingin hlyti að verða þessi, að verzlunin fyrst og fremst og byggingariðnaðurinn að einhverju leyti mundu taka við allt of miklum hluta þess lánsfjár, sem um gat verið að ræða, og þetta mundi hafa margt skaðlegt í för með sér. Það er nú þannig í okkar landi, að framkvæmdahugurinn er að jafnaði meiri en það vinnuafl og þeir peningar, sem um er að ræða að hagnýta á hverjum tíma. Þess vegna er það óhjákvæmilegt í landi, þar sem ástatt er eins og hjá okkur, að gerðar séu áætlanir um það, hvernig á að leysa verkefnin, að lausn þeirra komi, eftir því sem hægt er, í réttri og eðlilegri röð.

Það verður engan veginn sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi síðan um kosningar verið sérlega heppin eða sérlega varfærin um notkun þeirra með-

ala, sem hún telur þó vafalaust, að helzt ættu að halda niðri þeim sjúkdómum, sem gert höfðu vart við sig í sambandi við viðreisnarstefnuna. Á tímum mikillar verðbólgu, á tímum gífurlegs innflutnings og ofþenslu á flestum sviðum hikuðu stjórnarflokkarnir ekki við það í vor að stórauka þensluna. Og ástæðan, hver var hún? Hún var öðru fremur sú, að þá voru alþingiskosningar fram undan, og hæstv. ríkisstj. var nú aldeilis ekki á því að tapa þeim kosningum. Þar átti að vinna sigur, hvað sem það kynni að kosta. Og það er óhætt um það, að eins og stundum hefur að vísu komið fyrir áður, komu menn sér sjálfir á framfæri og ekki miður en áður. Þeir báðu um fyrirgreiðslu, og þeir fengu hana margir í ríkum mæli. Og þess munu ekki hafa verið fá dæmi, að mönnum hafi verið boðin fyrirgreiðsla. Þetta er hægt að sanna. Það er hægt að nefna tiltekin dæmi um þetta, þó að ég sjái ekki ástæðu til að gera það hér. Og svo að ég segi ekki meira en hægt er að standa við, þá fullyrði ég, að sitthvað af þeirri lánastarfsemi, sem uppi var höfð á s. l. vori, er ekki hafið yfir gagnrýni, svo að ekki sé meira sagt. Þar má a. m. k. benda á eitt og annað, sem vel hefði mátt bíða og sjálfsagt var að láta bíða fremur en að auka útlánastarfsemina langt fram yfir öll skynsamleg takmörk, en það var vissulega gert. Með þessu er ég vitanlega ekki að segja, að öll sú mikla lánastarfsemi og óvenjulega, sem fram fór á s. l. vori, hafi farið í óráðsíu, hreina óráðsíu eða til óþarfra framkvæmda. Mikið af þeirri lánastarfsemi hefur vafalaust farið til meira og minna gagnlegrar uppbyggingar, en áreiðanlega ekki allt og ekki nærri því allt. Dæmi þess eru vitanlega deginum ljósari, hinn gegndarlausi bílainnflutningur, sjónvarpstækin og margt og margt fleira. Og það er vitanlega svo í landi, þar sem ákaflega margt kallar að og mikið þarf að framkvæma, en fjármagn og vinnuafl er hins vegar takmarkað, að þá verður að hafa þar einhvern skynsamlegan hemil á. Það verður að ákvarða af einhverju viti, hvað skal ganga fyrir og hvað má eða verður fremur að bíða. En því var alls ekki að heilsa í vor, að það væru hafðar á lánastarfseminni miklar hömlur.

Ég nefndi hinn gífurlega bílainnflutning hér áðan. Það er að sjálfsögðu mjög æskilegt, að sem allra flestir geti veitt sér það að eiga bíl. En það er nokkuð dýrt fyrir þjóðfélagið, og það er a. m. k. ólíklegt, að hægt sé að veita mörgum þúsundum þjóðfélagsþegna þessa fyrirgreiðslu svo að segja samtímis, jafnvel þótt kosningar séu fyrir dyrum. Og sízt af öllu virðist vera vit í því að leyfa innflytjendum alveg eftirlitslaust að yfirfylla markaðinn, láta bílahaugana grotna niður. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur loksins, þegar seint var orðið nokkuð, séð sig dálítið um hönd og kippt til baka þeim lánum, sem um var að ræða og innflytjendur gátu fengið til þess að flytja inn alla þessa miklu bíla. En það var mjög seint, sem það var framkvæmt. Þó er það vitanlega vottur þess, að hæstv. ríkisstj. sá, að þarna hafði verið óskynsamlega og óeðlilega langt gengið. Ég held meira að segja, að í sambandi við allan þennan bílainnflutning sé það þannig, að það fyrirfinnist ekki sú bílategund, a. m. k. vestan járntjalds og ég held fáar fyrir austan, þar sem einhver framtakssamur maður, annaðhvort gamall heildsali eða ungur, framtakssamur piltur, sem vildi fara að flytja inn bíla, hefur ekki krækt sér í umboð, pantað bíla hérna upp á krít og byrjað að verzla með þá. Afleiðingin er svo sú, sem allir vita. Það er innflutningur fyrir hundruð milljóna á nokkrum mánuðum, og nú liggja heilar breiður af óseldum og jafnvel illseljanlegum bílum hér í höfuðborginni.

Þegar ég ræði um þessa miklu lánastarfsemi banka, peningastofnana og það, hvernig ríkisvaldið kom inn á þennan peningamarkað með sitt stóra lán allt í einu í vor, og þegar ég er að gagnrýna það, að þetta hafi allt gerzt fyrir kosningar og að allverulegu leyti í sambandi við þær, þá er ég ekki að halda því fram, að núv. stjórnarflokkar hafi þarna verið að finna upp eitthvert alveg spánnýtt púður í sambandi við kosningar, því að þess eru vissulega dæmi og þau kannske nokkuð mörg, að eitthvað í áttina við þetta hefur gerzt áður hjá stjórnarflokkum ýmsum, þegar kosningar fóru í hönd. En þó held ég, að það verði ekki vefengt með rökum, að eins mikið örlæti í þessum efnum og sýnt var s. l. vor hefur aldrei verið sýnt í nokkrum kosningamánuði á Íslandi.

Að unnum varnarsigri í kosningunum s. l. vor, byggðum öðrum fremur á þeirri forsendu, að allt væri í góðu lagi, að viðreisnin væri í blóma, virðast hæstv. ráðh. hafa varpað öndinni léttara og lögðust nú á lárber sín. Þeim fannst nú vitanlega mikið fengið. Það virðist svo, að þeim hafi þá um sinn a. m. k. ekki verið vandamálin sérstaklega mikið áhyggjuefni. Það liggur við, að maður gæti haldið, að þeirra frammistaða, þeirra áróður í kosningabaráttunni, áróðurinn um það, að allt væri í himnalagi, hafi verið svo mikill og áfengur, að þeir hafi verið búnir að sannfæra sjálfa sig um, að nú þyrfti ekkert að gera á næstunni, þetta mundi allt saman ganga af sjálfu sér, vandinn væri nánast enginn. Svo mikið er víst, að það fer ekki mikið fyrir þeim athugunum og þeim till., sem byggðar eru á heilabrotum og umhugsun hæstv. ráðh. um vandamálin frá því í sumar eða haust. Nei, sumarið leið, og skyndilega var haust komið. Hæstv. ráðh., þeir sem höfðu þurft að bregða sér út fyrir pollinn, eins og stundum kemur nú fyrir, flugu heim einhvern tíma í septembermánuði eða byrjun október, og þá er við því að búast, að alvara lífsins hafi tekið við að nýju. Þá mun hafa verið byrjað að þinga um ástand og horfur, og þá kom í ljós þetta, sem marglýst hefur verið og hæstv. ríkisstj. hefur sjálf lýst, að ástandið væri ekki gott og horfurnar þó sýnu verri. Og nú voru góð ráð vitanlega dýr. Það var komið fram í lok septembermánaðar, þegar ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi fyrst farið að sinna þessum málum verulega, hafi getað t. a. m. haldið fullmyndaðan ríkisstjórnarfund eftir kosningar. Það mun hafa verið seint í september. En þá fóru þeir líka að þinga. Þeir munu vafalaust hafa leitað til hinna margumtöluðu sérfræðinga sinna í efnahagsmálum og rætt við þá

um þær lausnir, um þær till., sem fram þyrfti að leggja, spurt þá, hvort þeir hefðu ekki tilbúið lausnarorðið. En það mun hafa eitthvað staðið á því, að hinir ágætu efnahagsmálasérfræðingar viðreisnarinnar hefðu tilbúið lausnarorðið. Og þá fyrst, eftir að eitthvað stóð á því, munu hæstv. ráðh. sjálfir hafa farið að brjóta heilann verulega um vandann. Og mér er ekki grunlaust um, að það hafi verið gamalkunn hrossalækning í þessum efnum, sem einna fyrst kom upp í hugann, það hafi verið gengisfellingarhugmyndin, sem fyrst skaut upp kollinum. En henni var hafnað, a. m. k. að svo stöddu og að því er helzt lítur út fyrir, eða það er a. m. k. haft á ytra byrðinu, er henni nú hafnað með *hinni mestu fyrirlitningu*. Það hafa verið haldnar um það miklar ræður. Til að mynda minnist ég þess, að það var jafnvel uppistaða í ræðu, sem hæstv. dómsmrh. hélt á Varðarfundi í haust, að gengisfelling væri í fyrsta lagi engin lausn, og manni skildist, að hún hefði aldrei verið lausn á neinum vanda.

Ég er nú þeirrar skoðunar, að þó að þetta sé að mínu viti alveg rétt athugað, að gengisfelling sé ekki lausn í sjálfu sér á neinum vanda, þá hafi ástæðurnar til þess, að hæstv. ríkisstj. hafnaði þessari leið, a. m. k. að svo stöddu verið dálítið aðrar en þær, að allt í einu hafi runnið upp fyrir stjórnarherrunum það ljós, að gengisfelling væri ekki lausn á neinum vanda. Og það mætti segja mér, að eitthvað hafi þar komið til, að fljótlega kom í ljós — eða var vitað e. t. v. áður, að ýmsir innflytjendur, þ. á m. ýmsir hinir stærstu máttarstólpar í Sjálfstfl., skulduðu svo mikið erlendis, að gengisfelling hefði verið mjög óheppileg fyrir þá og jafnvel orðið einhverjum þeirra að falli. Loks gæti það hafa komið til og verið önnur meginástæðan fyrir því, að gengisfellingarleiðinni var hafnað, að hæstv. ríkisstj. hafi fengið um það vinsamlega ábendingu frá aðilum erlendis, aðilum, sem hún metur mikils og tekur mikið mark á, að það stjórnarfar, að sú stefna í efnahagsmálum, sem leiðir til sífelldra gengisfellinga, sem leiðir til gengisfellinga svo að segja ár eftir ár eða á tveggja ára fresti, sé ekki sérlega hátt skrifuð erlendis né ákaflega mikið fyrir hana gerandi.

Næst mun önnur leið til lausnar vandanum hafa komið til nokkurrar athugunar hjá hæstv. ríkisstj. Það er sú leið, sem nokkrar Evrópuþjóðir, t. a. m. Vestur-Þjóðverjar og Frakkar og Finnar, hafa farið til þess að reyna að hefta verðbólgu eða koma á jafnvægi. Það er hin svokallaða niðurfærsluleið. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, hvort sú leið sé æskileg eða framkvæmanleg. Ég efa það ekki, að hún er ýmsum vandkvæðum bundin og vafalaust töluvert erfið í framkvæmd. Og vitanlega mundi það skipta allan almenning meginmáli, hvernig að slíkri niðurfærslu yrði staðið. Það mundi skipta meginmáli um það, hvaða árangur næðist. En hæstv. ríkisstj. mun ekki hafa hugsað sig lengi um, áður en hún hafnaði þessari leið, og það kynni að vera, að ein af ástæðunum til þess, að hún leiddi ekki hugann lengi að þeim möguleika að fara niðurfærsluleiðina í einhverju formi, sé sú, að þessari leið hlýtur óhjákvæmilega að fylgja allsherjareignakönnun í þjóðfélaginu, þar sem í ljós kæmu hinir réttu hlutir um eignir, þar sem í ljós kæmu faldar eignir, ef einhverjar væru, og eignir, sem e. t. v. kynnu að hafa sloppið fram hjá skattheimtu. Ég segi ekkert um það, hvort þetta var ein af meginástæðunum til þess, að þessari leið var umsvifalaust hafnað, en svo mikið er víst, að hæstv. ríkisstj. mun ekki hafa verið lengi að athuga þessa leið, áður en hún hafnaði henni gersamlega. En það var ljóst, að eitthvað varð að gera. Og þegar ráðin voru ekki, þ. e. a. s. hin varanlegu úrræði, sem hæstv. ríkisstj. er að vísu að boða að einhvern tíma muni koma, þegar þau voru engin fyrir hendi og komið að lokum októbermánaðar, þá er gripið til þess skyndiúrræðis, að því er hæstv. ríkisstj. segir til þess að vinna tíma, til þess að fá enn umhugsunarfrest, þá er gripið til þess að slengja því lagafrv. inn á Alþingi, sem hér er enn til umr.

Ég játa, að það er lögð á það áherzla af talsmönnum stjórnarflokkanna, að hér sé um bráðabirgðaúrræði að ræða og það sé verið að leita að fresti til þess að leysa vandann til einhverrar frambúðar, *eins og* það er kallað. En óneitanlega er eitt og annað, sem vekur grunsemdir um það, að hér sé verið að leita fyrir sér um það, að ákveðinn, veigamikill þáttur þessa frv. verði einnig tekinn upp í þær till., í það frv., sem síðar á að koma fram og leysa vandann að þeirra sögn til einhverrar frambúðar, og ég á þá við festinguna á kaupgjaldinu. Það er eitt og annað, sem bendir til þess, að þetta eigi ekki að hverfa um áramót, það eigi að koma skýrt og ákveðið inn í hina nýju löggjöf.

Ég held, að ég muni það rétt, að ekki alls fyrir löngu hafi verið hér á ferð erlendur efnahagsmálasérfræðingur, eins og hæstv. ríkisstj. hefur stundum fengið til þess að líta stuttlega á sinn hag og í einstaka tilfellum að því er virðist til þess að gefa eins konar vottorð um það, hvernig viðreisnin hafi tekizt. Erindi þessa sérfræðings mun hafa verið að kynna sér viðreisnina, kynna sér fjármálaástandið í landinu. Og ég hef það fyrir satt, að hann hafi að vísu látið frá sínu sjónarmiði sæmilega af sumum þáttum, en taldi þó eitt skorta mjög tilfinnanlega og það svo mjög, að það spillti öllum kostunum, sem hann taldi vera á viðreisnarstefnunni. Og það var þetta, að stjórnarvöldin, ríkisstj. hefði ekki vald á kaupgjaldsmálunum, eins og það var orðað, hún hefði ekki vald á því, hvaða kaupgjald væri greitt hverju sinni, hvaða samningar væru um það gerðir. Það er þetta vald í kaupgjaldsmálum launþega, sem hæstv. ríkisstj. ætlar nú að taka sér. Hún segist ætla að taka þetta vald til áramóta, en því hefur ekki verið hiklaust neitað, að hún ætli sér, ef hún kæmist fram með það, að taka sér þetta vald til frambúðar, því að með því að fá þetta vald til frambúðar væri hæstv. ríkisstj. orðin hinn einráði skömmtunarstjóri í þessu landi.

Þrátt fyrir ítrekaðar fsp. til hæstv. ráðh. um það, hvort ríkisstj. hafi í huga að leyfa fullt verkfalls- og samningafrelsi eftir áramót, hafa hæstv. ráðh. skotið sér undan að svara skýrt og skorinort, eins og þó virðist auðvelt að gera,

annaðhvort já eða nei. En hvað má af þessu ráða? Tæplega annað en það, að sá sé ásetningur hæstv. ríkisstj., ef hún telur sig geta, ef hún telur sig komast upp með það, sé það ásetningur hennar að afnema þetta mikilvæga frelsi til frambúðar og gerast þar með sjálf skömmtunarstjóri um kaup fólks og kjör. Það fer því eftir viðbrögðunum við þessu, hvort áformin takast eða ekki. Það þarf nú e. t. v. enginn að furða sig svo mjög á því, þó að Sjálfstfl., flokkur atvinnurekendanna í landinu, flokkur þeirra, sem hafa fjármagnið fyrst og fremst í sínum höndum, geti hugsað sér að standa að og beita sér fyrir svo harðneskjulegri lagasetningu gagnvart alþýðustéttum landsins eins og þetta frv. er. Ég vil segja, að afstaða Sjálfstfl. í málinu sé ekkert torskilin, og það má e. t. v. komast svo að orði, að hún sé næstum því rökrétt.

En hitt er svo önnur saga og spurning, sem ástæða er til þess að velta fyrir sér í 5 mínútur eða svo, hvernig það má vera, að Alþfl., flokkur sá, sem kennir sig við íslenzka alþýðu, flokkur, sem hefur talið sig og telur sig væntanlega enn fyrst og fremst verkalýðsflokk, — hvernig Alþfl. getur tekið þátt í þessu verki, hvernig hann getur með þessari árás, þessari grímulausu árás á mikilvæg réttindi íslenzkra alþýðustétta, einhver þau dýrmætustu, sem þau hafa aflað sér, tekið þátt í þeirri árás, — sá flokkur, sem barðist fyrir þessum réttindum á sínum tíma, sem barðist fyrir því, að verkalýðshreyfingin öðlaðist þennan mikilvæga rétt. Því miður eru þeir nú ekki hér. (**Forseti**: Það er einn hér.) Já, ég ætlaði aðeins að ræða nánar við þá hv. þm. Alþfl. hér í þessari deild, hv. 12. þm. Reykv. og hv. 9. landsk. þm. Þeir eru báðir töluvert yngri menn en ég og þeir hafa því ekki fylgzt eins vel með og ég fyrir svo sem 25—26 árum. Þá mun ég hafa þekkt jafnvel betur til hjá Alþfl. en þeir gátu, sem þá voru kornungir menn. Og þess vegna vil ég gjarnan segja þeim lítillega frá þessum gömlu dögum, frá þeim tíma eða frá því, hver var tónninn hjá Alþfl.-mönnum og hver var stefna Alþfl. í þessum málum fyrir svo sem 25 árum og jafnframt fyrir skemmri tíma.

Ég man það áreiðanlega rétt, að á sínum tíma háði Alþfl. baráttu fyrir þessum réttindum, í fyrsta lagi fyrir því, að verkalýðsstéttin fengi þessi mikilvægu réttindi, sem hér er um að ræða, verkfalls- og samningsréttinn, og síðan háði hann margendurteknar orrahríðir til þess að halda þessum réttindum alþýðunni til handa. Og gegn hverjum barðist Alþfl. þá fyrir því, að verkalýðurinn héldi þessum mikilvæga rétti? Hann barðist fyrst og fremst gegn flokki atvinnurekendanna, gegn flokki, sem að vísu kallaði sig ýmsum nöfnum, — það eru fleiri en sósíalistar, það er stundum verið að tala um það, að þeir hafi breytt um nafn, — það má í því sambandi minnast á það, að þeir ágætu menn, sem nú bera sjálfstæðisnafnið, eru í rauninni sami flokkurinn, sem einu sinni hét Sparnaðarbandalag, ef ég man rétt, þar næst Borgaraflokkur, þá Íhaldsflokkur, en hefur nú að vísu nokkuð lengi flaggað með sjálfstæðisnafninu, hversu vel og með hversu miklum rétti sem menn telja, að hann beri það virðulega nafn.

Nei, það kynni að vera dálítið athyglisvert að bera saman stefnu og málflutning Alþfl. fyrr og nú, að athuga lítillega, fyrir hverju hann barðist áður fyrr, hverjir voru skjólstæðingar hans og hverjir höfuðandstæðingar. Ég fæ ekki betur séð en forustumenn Alþfl. hafi í þessum efnum skipt alveg gersamlega um hlutverk, að þeir berjist nú við hlið hinna gömlu andstæðinga flokksins og stefnu hans, berjist við hlið þeirra fyrir því að svipta verkalýðshreyfinguna mikilvægum réttindum, sem Alþfl. áður á tíð taldi henni lífsnauðsyn að öðlast og varðveita óskert. Ég man greinilega átökin, sem urðu í marzmánuði 1938 í sambandi við gerðardóm í tiltekinni kjaradeilu, gerðardóm, sem verkalýðshreyfingin mótmælti harðlega, og þar var þó um að ræða réttindaskerðingu, sem er ekki nema örlítið brot af því, sem nú á að demba yfir. Það var, ef mig ekki misminnir, deilt um kjör sjómanna á togaraflotanum. Flotinn hafði stöðvazt, deilan harðnaði, útgerðarmenn neituðu öllum kjarabótum. Sáttasemjari lagði fram miðlunartill. í þessari deilu eftir nokkra hríð, og hún fól í sér einhverja kauphækkun fyrir sjómennina. Sú varð niðurstaðan, að þessi miðlunartill. var felld af báðum aðilum, en um ⅔ eða nær helmingur sjómanna hafði þó viljað fallast á hana, taldi hana ekki ósanngjarnari en það. Um þessar mundir var hér samstjórn Framsóknar og Alþfl. Framsfl. hugðist nú leysa þessa langvinnu deilu með flutningi frv. um gerðardóm, sem átti að ákvarða kjörin. Ég held, að það hafi verið gert ráð fyrir því í þessu frv., eða það var a. m. k. gert ráð fyrir því almennt, að sjómannakjörin hlytu eitthvað að hækka, og ég held, að það hafi verið sleginn sá varnagli í sambandi við skipan gerðardómsins eða lögin um hann, að kjörin mættu ekki versna. Það var sleginn sá varnagli a. m. k. En hvað var með Alþfl.? Féllst hann á það, að skipaður væri gerðardómur til lausnar þessari langvinnu og erfiðu deilu? Alþfl. átti töluvert í húfi á þessum tíma. Hann var aðili að ríkisstj., og hann vissi, að samstarfsflokkurinn var staðráðinn í að knýja fram þessa lausn, og hann gat gert það, því að Sjálfstfl. var tilbúinn að styðja hann í því. Nei, Alþfl. gerði það ekki. Hann sagði: Hér er um „prinsip“-mál að ræða. Alþýðustéttirnar og Alþfl. hafa háð baráttu fyrir því, að verkalýðurinn öðlaðist fullan samningsrétt um kaup sitt og kjör. Við munum því ekki og getum ekki átt hlut að því, að sá réttur verði skertur. Ef samstarfsflokkur okkar knýr fram gerðardómslög með tilstyrk Sjálfstfl., þá erum við farnir úr ríkisstj. Svo mikils metum við, sögðu Alþfl.-mennirnir þá, verkfalls- og samningsrétt launastéttanna. Og í þingræðum frá þessum tíma og einnig í málgagni Alþfl., Alþýðublaðinu, geymast mörg ummæli, sem þm. og þá ekki síður ráðh. Alþfl. hæstv. mættu gjarnan líta í í dag. Í Alþýðublaðinu frá þessum baráttudögum stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi rökum, sem enginn hefur treyst sér til að mæla gegn, að í raun og veru er ekki nema eitt svar til gegn því ofbeldi, sem skuldugustu útgerðarfyrirtækin hafa sýnt ríkisvaldinu og allri

þjóðinni með því að stöðva veiðar og neita að leysa togarana. Og þetta svar er, að þau séu svipt umráðum yfir atvinnutækjunum, að hinir skuldugu útgerðarmenn séu loks gerðir ábyrgir gagnvart lánardrottnunum og að fyrirtækin séu rekin með hagsmuni hins opinbera og alþýðunnar fyrir augum, en ekki sem baráttutæki ákveðins stjórnmálaflokks, eins og nú er. Hvaða vit er í því, að það sé látið viðgangast, að þeir, sem ekkert eiga í togurunum og skulda hundruð þúsunda og milljónir, geti, þegar þeim býður svo við að horfa, stöðvað skipin, rekið sjómennina í land, svipt þúsundir manna atvinnumöguleikum, lagt heimili í rústir, stöðvað dýrmætustu framleiðslutækin og neitað að taka nokkrum sættum? En hvað gerir Framsókn? Lætur Framsfl. þetta ofbeldislið höfuðstaðarins kúga sig? Leggst hann hundflatur undir högg þess? Hlýðir hann Morgunblaðinu og hinum skuldugu útgerðarmönnum og þá fyrst og fremst Kveldúlfsliðinu, sem reiðir til höggs við sjómannastéttina? Leiti Framsfl. samvinnu við íhaldið og Kveldúlfsvaldið, þýðir það meiri kúgun á sjómönnum og verkamönnum en áður hefur þekkzt hér. Hvaða áhrif hefur það, ef þessu ofbeldi er leyft að vaða uppi? Verkalýðsstéttirnar ruglast og tapa trú á venjulegum baráttuaðferðum. Upp rennur hættulegra tímabil en nokkru sinni hefur komið yfir íslenzkan verkalýð."

Og Alþfl. stóð við orð sín. Haraldur Guðmundsson hvarf úr ríkisstj. Alþfl. mótmælti gerðardómslögunum mjög harðlega.

Þegar hæstv. núv. forsrh., Ólafur Thors, og félagar hans í ríkisstj. árið 1942 skelltu á gerðardómslögum, var stefna Alþfl. hin sama og áður. Alþfl. átti sinn þátt í því, að þau gerðardómslög voru bókstaflega gerð að engu. Og enn haustið 1949 áttu leiðtogar Alþfl. þann manndóm, að þáv. forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, sagði af sér fyrir sig og ráðuneyti sitt út af kröfum, sem þá voru uppi um gengislækkun og kaupbindingu. Þá sagði Alþýðublaðið í leiðara 2. sept., með leyfi hæstv. forseta:

„Það getur vel verið, að Framsfl. og Sjálfstfl. eigi erfitt með að skilja einarða framkomu Alþfl. í þessu máli. Þeir eru vissulega ekki að hugsa um hag verkalýðsins og launastéttanna í landinu. Margir stuðningsmenn þeirra, útgerðarmenn, heildsalar og stórbændur, vænta sér að sjálfsögðu aukins gróða af gengislækkun og lögbindingu kaupgjalds um leið, því að hún er vitanlega einn liðurinn í þessum þokkalegu fyrirætlunum. En fyrir verkalýðinn og launastéttirnar mundu slíkar ráðstafanir þýða, að kjarabætur, sem þessar stéttir hafa barizt fyrir og fengið síðan á ófriðarárunum, yrðu á svipstundu að miklu leyti frá þeim teknar. Alþfl., sem er flokkur verkalýðsins og launastéttanna, hefur hvorki verið né er til viðtals um slíka lausn dýrtíðarmálsins. Það er fullur ásetningur hans að verja þær kjarabætur, sem verkalýðurinn og launastéttirnar hafa fengið."

Og enn birtist leiðari í Alþýðublaðinu, þegar sýnt var, að Sjálfstfl. og Framsfl. voru staðráðnir í að knýja gengislækkunina fram. Fyrirsögn leiðarans mótar afstöðu Alþfl. á þessum tíma skýrt og skorinort, og sú fyrirsögn gæti í rauninni verið eins konar einkunnarorð þess frv. um launamál o. fl., sem nú liggur hér fyrir hv. Alþingi. Leiðarinn hét: „Frelsi fyrir braskið, þrælalög fyrir fólkið." Þar segir svo m. a.:

„Alltaf og alls staðar er söngur íhaldsins sá sami. Það formælir ríkisþrælkun, sem það kallar svo. Það er, að ríkið takmarki einstaklingsframtakið og braskið og taki að sér yfirstjórn atvinnu- og viðskiptalífsins til þess að sjá þjóðarbúinu farborða. Þegar Morgunblaðið velur þessu fyrirkomulagi nafnið ríkisþrælkun, þá er það hræsni og ekkert annað. Jafnvel Morgunblaðinu er nú ljóst, að þrátt fyrir allt orðagjálfur um einstaklingsframtak og frjálsa verzlun á okkar tímum er hvorugt hugsanlegt og ótakmarkað, án þess að þjóðarbúskapnum sé teflt í bráða hættu. Annars má minna á það, að Sjálfstfl. hefur aldrei verið neitt mótfallinn íhlutun ríkisvalds um atvinnu- og viðskiptalíf þjóðarinnar, þegar um það hefur verið að ræða að lögbinda kaupgjald í landinu eða lækka það með gengislækkun. Þannig tók Sjálfstfl. t. d. fyrir rúmlega 7 árum höndum saman við Framsfl. um setningu gerðardómslaganna, sem áttu að halda kaupi verkalýðsins og launastéttanna niðri, eftir að búið var að hækka verð á lífsnauðsynjum upp úr öllu valdi. Þá talaði íhaldið ekki um ríkisþrælkun," heldur blaðið áfram, „en verkalýðurinn og launastéttirnar kölluðu þau lög hins vegar réttu nafni: þrælalög. Hið vinnandi fólk lítur nefnilega allt öðrum augum en braskararnir á það, hvað sé frelsi og hvað þrældómur."

Ég hef rifjað þessi ummæli upp, ef verða mætti, að þau yrðu hv. Alþfl.-mönnum nokkurt umhugsunarefni, nokkurt tilefni til þess, að þeir staldri við og íhugi, hvar þeir og þeirra flokkur er á vegi staddur í dag. Og hæstv. ríkisstj. öll ætti að hugsa sig um tvisvar, áður en hún vinnur það verk að beita verkalýðsstéttirnar ofbeldi með tilstyrk meiri hl. síns hér á hv. Alþingi. Engin ríkisstj. getur til lengdar staðið í styrjöld við verkalýðshreyfinguna og kúgað hana með þvingunarlögum.

Verkalýðshreyfingin hefur sýnt núv. hæstv. ríkisstj. mikið langlundargeð, óvenjumikla þolinmæði. Hæstv. ríkisstj. hefur svarað. Hún hefur svarað með því að lýsa styrjöld á hendur verkalýðssamtökunum, með því að ætla með lagaboði að hindra eðlilega og sjálfsagða samninga, og hún tekur á sig mikla ábyrgð. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að endurskoða þessa afstöðu sína nú á elleftu stundu, áður en það er um seinan.

Helgi Bergs: Herra forseti. Eins og hv. þdm. hafa séð á þskj. 64, stend ég ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. að nál. minni hl. fjhn. í þessu máli. Það er ekki vegna þess, að ég hafi svo miklu að bæta við ágæta framsöguræðu hv. frsm. fyrir áliti minni hl., sem ég kveð mér hljóðs, heldur vegna hins, að það eru ýmis atriði í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr., og þær umr., sem fram hafa farið fram að þessu, sem ég vil gera að umræðuefni. En áður en ég kem að því, langar mig til þess að fara nokkrum orðum um nokkur atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., hv. 10. þm. Reykv., hér í dag.

Hv. 10. þm. Reykv. gerði nokkuð að umræðu-

efni störf þeirrar nefndar, sem hér er starfandi undir nafninu kjararannsóknanefnd. Í sambandi við það nefndi hann ódrengileg ummæli stjórnarandstæðinga í þessum umr. Ég skal ekki velja því, sem hann hafði að segja um kjararannsóknanefndina, nein lýsingarorð, vegna þess að ég veit, að hv. 10. þm. Reykv. vill gjarnan hafa það heldur, sem sannara reynist í þessu efni, og ég geri ráð fyrir, að ummæli hans hafi stafað af ókunnugleika. En ég get hins vegar bent honum á drengileg ummæli um kjararannsóknanefnd og hennar störf, og þau er að finna í útvarpsræðu hæstv. forsrh. um vantrauststill. í fyrrakvöld. Hæstv. forsrh. sýndi þar fullan skilning á því, sem þarna er um að ræða, og ég vil ráðleggja hv. 10. þm. Reykv. að kynna sér þessi ummæli. En til þess að leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm. og því miður er orðinn allt of útbreiddur, má ég til með að fara hér örfáum orðum um það, með hvaða hætti þessi nefnd er til komin, og kanna það lítillega út frá því, hvort ástæða hafi verið til að vænta þess, að hægt væri að bíða eftir áliti hennar með lausn þeirra vandamála, sem fyrir liggja. En hv. 10. þm. Reykv. virtist í sinni ræðu telja það eðlilegt og sjálfsagt, að eftir því væri beðið.

Upphaf þessarar starfsemi er að rekja til þess, að ríkisstj. sendi samninganefndum launþega og vinnuveitenda, sem sátu að samningum hér í Reykjavík, hinn 16. júní s. l. tilmæli um það, að þeir létu í sameiningu fram fara athugun á því, hversu mikil kauphækkun megi verða, til þess að hún komi að gagni fyrir launþega. Ríkisstj. hét stuðningi sínum við þá athugun, m. a. með því að greiða kostnað. Samtök vinnuveitenda svöruðu orðsendingu ríkisstj. með yfirlýsingu, sem þau gáfu út daginn eftir, á þá lund, að þau lýstu sig fús til þess að taka þátt í þess háttar athugun. Samninganefnd verkalýðsfélaganna á Akureyri og Siglufirði, sem var hinn aðilinn að þeim samningaumleitunum, sem þarna var um að ræða, svaraði orðsendingu ríkisstj. hins vegar þann 18. júní, og í því svari var m. a. tekið fram, að samninganefndin mælti með því við miðstjórn A.S.Í., að hún tæki upp viðræður við fulltrúa samtaka atvinnurekenda um sameiginlega hagfræðilega athugun, sem að gagni mætti koma til að létta fyrir kjarasamningum. Sumir hv. stjórnarliðar leggja þetta út á þann veg, að samtökin, sem þarna áttu hlut að máli, hafi fallizt á að setja niður nefnd til þess að reikna út, hvað atvinnuvegirnir gætu borgað og hvað kaupgjald skyldi vera. M. a. minnist ég þess, að fyrir nokkrum vikum skrifaði hæstv. landbrh. grein í málgagn sitt, Suðurland, þar sem hann nefndi þessa nefnd röngu nafni, kallaði hana gjaldþolsnefnd til þess að gefa þetta í skyn, og Morgunblaðið tók nokkrum dögum síðar þessi ummæli upp. En það, sem fallizt var á af hálfu Alþýðusambandsins á þessu stigi, var að taka upp sameiginlega athugun á atriðum, sem að gagni mættu koma til þess að auðvelda kjarasamninga. Samninganefnd verkalýðsfélaganna hafði fyrir sitt leyti lofað að mæla með þessu við stjórn Alþýðusambands Íslands, og með tilliti til þess tilkynnti svo Alþýðusamband Íslands með bréfi, dags. 16. júlí, samtökum atvinnurekenda, að Alþýðusambandið væri reiðubúið til þess að taka upp viðræður um sameiginlega rannsókn, sem gæti stuðlað að því að auðvelda kjarasamninga — aftur þetta orðalag — að uppfylltum ýmsum skilyrðum. Næsta dag tilkynnti Vinnumálasamband samvinnufélaganna, að það væri reiðubúið til þátttöku, og tilnefndi sinn fulltrúa til þessa starfs þann dag, 17. júlí. Vinnuveitendasamband Íslands á hinn bóginn mun ekki hafa tilnefnt sinn fulltrúa til þessa starfs fyrr en 30. júlí, og 31. júlí koma svo fulltrúar þessara samtaka saman í fyrsta sinn. Þá kom í ljós, að Alþýðusamband Íslands hafði ekki valið af sinni hálfu þá menn, sem að þessu skyldu starfa, heldur mættu fulltrúar stjórnar Alþýðusambandsins til viðræðna um þetta á þessum fundi, og það dróst í nokkra daga, að þeir tilnefndu sína fulltrúa, m. a. sökum þess, að einn af þeim mönnum, sem þeir óskuðu eftir að hafa í þessu starfi, var utanbæjarmaður, sem ekki gat brugðið skyndilega við og komið til Reykjavíkur fyrirvaralaust.

Þannig stóð á því, að störf þessarar nefndar hófust ekki fyrr en um miðjan ágúst, og raunar ekki af fullum krafti fyrr en nokkurt undirbúningsstarf til viðbótar hafði verið unnið.

Nú er eðlilegt, að menn spyrji sjálfa sig um það, hvort ríkisstj. hafi verið ljóst, að nefndin skildi ekki verkefni sitt á sama hátt og það var skilgreint í hinum upprunalegu tilmælum ríkisstj., nefnilega að athugun færi fram á því, hversu mikil kauphækkun mætti verða, til þess að hún kæmi að gagni fyrir launþega, eins og það var þá orðað. Var ríkisstj. ljóst, að það var alls ekki fallizt á að gera þetta, heldur hitt, sem ég er búinn að segja frá, nefnilega að athuga ýmis atriði, sem talið var að kæmu að gagni við gerð samninga? Og nú skulum við athuga, hvort ríkisstj. hefur verið þetta ljóst eða ekki.

Hinn 16. ágúst, rétt um það leyti sem nefndin var að hefja sín störf, óskaði hún eftir fundi með hæstv. forsrh. til þess að gera honum grein fyrir því, hvernig hún hygðist haga störfum sínum, og einnig til þess að fá staðfestingu á því, að ríkissjóður mundi taka á sig kostnað af þeim störfum, sem nefndin hugðist taka fyrir. Í bókun nefndarinnar frá þessum fundi með forsrh. segir frá því, að „Björn Jónsson kvaðst vilja taka það fram til þess að forðast misskilning, að nefndin ætlaði sér alls ekki að gera útreikninga á því, hver kauphækkun mætti verða, heldur væri það skilningur hennar, að hún ætti að vinna að sameiginlegri hagfræðilegri athugun, sem að gagni mætti koma til þess að létta fyrir kjarasamningum," ótímabundið í bili. Forsrh. kvað það þá enn fremur skilning sinn á hlutverki n., „að hún aflaði sér sem fyllstra og víðtækastra upplýsinga um það, sem máli skipti og að gagni mætti koma til þess að auðvelda næstu kjarasamninga," segir forsrh. að vísu, en hann kvað „engan misskilning vera um það að ræða, er laut að verkefni nefndarinnar". Í ræðu sinni í fyrradag, sem ég gat um áðan og ráðlagði hv. 10. þm. Reykv. að kynna sér, gat forsrh. þess, að sér væri kunnugt um, að n. hefði þegar aflað ýmislegra gagna, sem mundu koma samnings-

aðilum að gagni. En þó verður að draga það í efa, að hve miklu gagni þau koma þeim, eftir að búið er að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir.

Að gefnu tilefni frá hv. 10. þm. Reykv. sá ég mér ekki annað fært en leiðrétta hér þann misskilning, sem ég nú hef verið að leiðrétta.

Ég fylgdist af nokkurri athygli með ræðu hv. 10. þm. Reykv. Því miður var ég truflaður tvívegis, svo að ég gat ekki fylgzt með henni frá upphafi til enda, en í þessari ræðu sinni ræddi hv. þm. nokkuð um vexti til útgerðarinnar og taldi, að þeir væru ekki það stórmál, sem við framsóknarmenn höfum viljað gera þá að, og tók sem dæmi máli sínu til stuðnings, að í rekstri bátaútvegsins mundu vextir ekki vera nema innan við 1% af framleiðsluverðmætinu. Þetta væru vextir til rekstrar. Og það mun enginn vefengja hjá hv. þm., að vextir til rekstrar hjá bátaútveginum séu ekki háir, vegna þess að bátaútvegurinn fær engin lán, hann á engar vörubirgðir. Það mun tíðkast, að hver bátur fái smávægilegt lán, kannske 100—150 þús., í nóvembermánuði eða svo, og síðan borgi hann það upp á næstu vertíð. Þessir vextir eru því ekki háir. Ef hv. þm. hefði viljað gefa sannari mynd af vaxtabyrði sjávarútvegsins, hefði hann átt að líta á vexti þeirra greina, sem eiga birgðir langtímum saman. Hann hefði átt að líta á vexti hraðfrystihúsanna, vexti söltunarstöðvanna og skreiðarverkunarstöðvanna. Hv. ræðumaður gat þess að vísu, að stofnfjárvextir bátanna væru ekki meðtaldir í þessu 1%, heldur mundu þeir vera kannske 2—3%. Ég vil nú ráðleggja hv. þm. að kanna þetta töluvert betur. Það kann að vera, að það séu til einhverjir gamlir bátar, sem ekki hafi stofnkostnaðarvexti nema **2—3% af framleiðsluverðmæti** sínu, en á hinn bóginn munu líka vera til nýir bátar, sem hafa allt upp í 15% af framleiðsluverðmæti sínu í vaxtagjöld, og ég mundi ráðleggja hv. þm. að kynna sér þetta betur, og þá mundi ég spá því og hef nokkuð fyrir mér í því, að niðurstaðan mundi verða 6%, en **ekki 2—3%.**

Hv. frsm. meiri hl. sagði í ræðu sinni, að framsóknarmenn héldu því fram, og ég skrifaði orðrétt eftir honum, „að lækkun vaxta mundi leysa allan vanda". Nú vil ég biðja hv. þm. um að finna þessum orðum sínum stað, að framsóknarmenn haldi þessu fram, eða taka ella ráðum *minum um það að fara varlegar með* tilvitnanir í aðra. Sannleikurinn er sá, að framsóknarmenn hafa aldrei haldið því fram, að lækkun vaxta leysi allan vandann, heldur hafa þeir haldið því fram, að lækkun þeirra gæti orðið liður í því að leysa nokkurn vanda. Við höfum yfirleitt ekki lagt það í vana okkar, framsóknarmenn, að gera tillögur, sem eigi að leysa allan vanda. Ég minnist þess hins vegar fyrir 4 árum, að þá voru menn hér á hv. Alþingi, sem voru að tala um að horfast í augu við allan vandann í einu.

Síðan ræddi hv. frsm. meiri hl. nokkuð um það, að lækkun vaxta mundi ekki hafa lækkunaráhrif á verðlagið, eins og við framsóknarmenn höfum haldið fram, heldur öfugt. Og þetta sagði hann, að við mundum vita sjálfir, og studdi þetta með tilvitnunum í ræður manna, sem höfðu látið í ljós þá skoðun, að óhófleg útlán styddu að verðbólgu og verðhækkun. Og hann lét bara þegjandi liggja að því, að lækkaðir vextir mundu þýða aukin eða óhófleg útlán. Þetta kann að vera rétt í hinni hagfræðilegu „teoríu" á frjálsum peningamarkaði. En á hinum knappa peningamarkaði okkar verðbólgulands er þessi „teoría" ekki rétt, og ég mun koma nánar að því síðar í ræðu minni.

Viðreisnin er nú komin á það stig, að hæstv. ríkisstj., sem kennir sig við hana, leggur nú fram frv. til þvingunarlaga á hv. Alþingi, sem banna frjálsa samninga milli samtaka launþega og atvinnurekenda. Af sumum ræðumönnum hefur þetta raunar verið kallað lög um stöðvun kaupgjalds og verðlags. En ég vil vekja athygli á því, að þau ákvæði, sem fjalla um verðlag í þessu frv., eru svo götótt, að þar er gert ráð fyrir ýmsum verðhækkunum. Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja það. Það nægir í því sambandi að minna á, að hæstv. sjútvmrh. gerði ráð fyrir því í ræðu sinni í útvarpsumr. í gærkvöld, að vísitalan mundi enn eiga eftir að hækka á næstunni þrátt fyrir þessi lög. Eins og rakið hefur verið af öðrum hv. þm. stjórnarandstöðunnar, eru þessi lög, eins og þau birtast í þessu frv., algerlega fordæmalaus og eiga ekkert sammerkt með því, sem gert var, hvorki 1956, 1950 né 1942. En þetta hefur verið rætt svo mikið, að ég skal ekki tefja tímann á því að fara að ræða það ýtarlegar.

Að mínum dómi mótast afstaðan til þessa frv. af því, hvernig menn vilja svara þeirri spurningu, hvort þeir vilji hafa áframhaldandi frjálsa kjarasamninga milli samtaka atvinnurekenda og launþega eða hvort menn vilja taka upp aðra hætti. Mér er eins ljóst og sjálfsagt hverjum öðrum, að það ástand, sem við höfum búið við um tveggja áratuga skeið a. m. k. í þeim málefnum, sem samtök vinnuveitenda og launþega fjalla um, er gallað. Það hefur svo oft verið rakið, hversu mikla erfiðleika við höfum átt við að stríða í kjaramálum og vinnumálum á undanförnu löngu tímabili af þeim ástæðum, að þetta fyrirkomulag okkar hefur reynzt gallað. En ég vil halda því fram, að grundvallarreglan sé rétt og þeir erfiðleikar, sem verið hafa hjá okkur á undanförnum tveimur áratugum í framkvæmd hennar, eigi rót sína að rekja til fyrirkomulagsgalla, *sem réttlæti það á engan hátt*, að frá grundvallarreglunni sé vikið, heldur beri að leitast við að leiðrétta þessa fyrirkomulagsgalla. Við vitum það, og það hefur komið fram hér í umr., að skipulag A.S.Í. er alls ekki það hentugasta, sem það gæti verið. Heildarsamtökin hafa ekki samningsrétt fyrir hönd einstakra félaga o. s. frv. Afleiðingin er svo mismunandi samningstímar, þannig að einn samningur gengur úr gildi í dag og kannske búið að koma honum saman aftur eftir nokkra daga, og nokkrum dögum síðar gengur úr gildi samningur fyrir aðra launþega, jafnvel á sama vinnustað o. s. frv. Einnig eru á hverjum vinnustað, eins og nú er háttað, meðlimir margra félaga, og þetta er auðvitað allt gallað. Mér dettur ekki í hug að neita því, að þetta er gallað. En ég vil jafnframt

vekja athygli á því, að það hefur verið alveg ljóst nú um skeið, að það er vilji fyrir því, bæði í launþegasamtökunum og líka í atvinnurekendasamtökunum, að gera þær lagfæringar á skipulagi þessara samtaka, sem nauðsynlegar eru til þess að sníða verstu vankantana af því fyrirkomulagi, sem við höfum búið við um skeið. Þessi vilji er fyrir hendi, þó að dregizt hafi úr hömlu að gera þetta, og ég vil vekja athygli á því alveg sérstaklega, — ég sé nú, að hv. 4. þm. Norðurl. e. er hér ekki, en hann hefði gjarnan mátt heyra það, sem ég ætla nú að segja, því að ég vildi gjarnan vekja alveg sérstaka athygli á því, að sá dráttur, sem orðið hefur á þessum lagfæringum á skipulagi og fyrirkomulagi, er hættulegastur A.S.Í. sjálfu. Það hefur stefnt sjálfu sér í mesta hættu með því að láta þetta dragast úr hömlu. Á það kannske nokkurn þátt í því, að lagt hefur verið í að leggja svona frv. fram.

En allir þessir erfiðleikar, sem eiga rót sína að rekja til skipulagsmála þessara samtaka, standa til bóta. Það réttlætir ekki með neinu móti, að þeirri grundvallarreglu, sem hér hefur ríkt, síðan verkalýðsfélög fóru að verða hér til, nefnilega frjáls samningsréttur þeirra við samtök atvinnuveitenda, sé kastað fyrir borð og teknar upp þær reglur um ákvörðun kaups og kjara, sem gilt hafa í ríkjum Stalins sáluga og Hitlers.

Nú kann mönnum að finnast og einhver mundi sjálfsagt segja, að það sé nokkuð djúpt tekið í árinni að gera því skóna, að þessi grundvallarregla um frjálsa samninga sé úr sögunni, þótt lögfest sé frv. af þessu tagi um tveggja mánaða skeið. En ég er þeirrar skoðunar og það er bjargföst sannfæring mín, að verði þetta frv. lögfest núna, þá verður ekki hægt að afnema slík lög um næstu áramót, hversu gjarnan sem ríkisstj. kynni að vilja það. Það er ekki hægt vegna þess, að þessi löggjöf mundi ýta vandamálunum á undan sér, þau mundu hópast upp og þau mundu verða stærri í janúarmánuði en þau eru núna, enda er það mála sannast, að hæstv. forsrh., sem er grandvar maður og gætinn, vildi ekki lýsa því yfir, að þessi lög yrðu úr gildi felld um áramót, án þess að önnur ný kæmu í staðinn. Hann taldi óráðlegt að gefa slíka yfirlýsingu. Og ég skil hann mætavel. Ég veit upp á hár, að ef þetta frv. verður lögfest, þá verða mikil vandkvæði á því að ætla að gera þessa hluti frjálsa aftur eftir tvo mánuði, enda er raunar greinilegt á fleiru en yfirlýsingu hæstv. forsrh., að hæstv. ríkisstj. hefur það fyllilega í huga að framlengja þessi lög eða setja önnur lög af þessu tagi. Þetta kemur fram í sjálfri grg. frv. að nokkru leyti, þar sem sagt er, að sá frestur, sem þessi lög gefi, sé tilvalinn fyrir launþegasamtökin til þess að átta sig á afleiðingum þeirrar kröfugerðar, sem nú er uppi. Varla verður hægt að gera ráð fyrir því, að afleiðingar þeirrar kröfugerðar yrðu nokkuð aðrar í desember en í nóvember eða í janúarbyrjun. Nei, verði þetta frv. samþ. og takist framkvæmd þess með þeim hætti, sem hæstv. ríkisstj. væntanlega gerir ráð fyrir, þá er ég sannfærður um, að það verður ekki hin gamla grundvallarregla okkar Íslendinga, sem ræður úrslitum í kjaramálum hér á næstunni, nefnilega hinir frjálsu samningar, heldur verða það reglur af svipuðu tagi og þeir látnu höfðingjar, sem ég nefndi áðan, notuðu í sínum ríkjum.

Þegar það liggur fyrir, eins og ég hef nú gert grein fyrir, að eðlilegt er, að afstaða manna til þessa frv. mótist af grundvallarspurningum af þessu tagi, þá er það dálítið einkennilegur málflutningur, sem kom fram hjá einum hæstv. ráðh., sem hér er ekki viðstaddur núna, í umr. í Nd., þar sem hann lýsti því yfir, að andstaða framsóknarmanna gegn því frv., sem hér liggur fyrir, jafngilti því, að framsóknarmenn styddu að framgangi 43% launahækkana, því að þær kröfur, sem uppi væru, væru um 43% hækkun. Nú er það að vísu ný kenning, að ekki sé nema tvennt til í kjaradeilu, annaðhvort að ganga að fyllstu kröfum annars aðilans eða samþykkja lög, sem banna samningsréttinn. Það er skemmst að minnast, t. d. frá árinu 1961, þegar kjarasamningar voru gerðir skömmu fyrir gengislækkunina, eins og menn muna, þá um sumarið, þá voru uppi kröfur frá verkalýðsfélögunum á Norðurlandi, sem höfðu forgöngu af hálfu verkalýðsfélaganna í þessum efnum, um um það bil 35% kauphækkanir. Þá var samið um 10% kauphækkun og nokkur fríðindi, sem menn geta metið mismunandi hátt, en ég geri ráð fyrir, að sanngjarnt teljist að meta þá kjarabót, sem þar varð, um 12—13%. Þetta er bara dæmi um, að það er auðvitað út í hött að fullyrða, að annaðhvort styðji menn fyllstu kröfur, sem fram hafi komið, 100%, eða þá menn verði að standa að því að samþykkja lög, sem banni alla samninga. Það hefur komið fram við þessar umr., að þessar 43% kröfur, sem verið er að tala um, mundu ná til launþega í sjávarútvegi, sem fái nú greitt kaup um 1800 millj. kr., og hækkunin mundi þess vegna þýða fyrir sjávarútveginn 700 millj. kr. í árlegar kaupgreiðslur. Þetta dæmi er út í hött. Það hefði verið alveg jafnrétt að segja, að hækkunin næmi 1400 millj. eða 2100 millj., vegna þess að hér er dæmið reiknað þannig, að hækkunin færi hringinn á eftir til allra, sem alls ekki eru með kröfur uppi nú, og ef hægt væri að gera ráð fyrir því, væri eins hægt að gera ráð fyrir, að hækkanirnar færu t. d. tvo hringi eða þrjá. Slíkt dæmi er út í hött. Ef menn vilja reikna þetta dæmi, þá verður að reikna með þeim einum, sem þær kröfur ná til, sem uppi eru. Og þá kemur annað út fyrir sjávarútveginn, vegna þess að í dæmi ráðh., sem ég var hér að vitna til, vega sjómennirnir langþyngst. Það er ekki vitað, að uppi séu kröfur frá sjómönnunum, og hvað sem sá hæstv. ráðh., sem flutti þetta mál, sem ég er nú að vísa til, álítur um það, þá er ég viss um hitt, að hæstv. dómsmrh. er ekki þeirrar skoðunar, að röðin sé komin að síldarsjómönnum, þó að verkamenn fengju einhverja lagfæringu. Og af hverju fullyrði ég nú, að ég sé svo viss um þetta? Ég er viss um þetta vegna þess, að fyrir nokkru flutti hæstv. dómsmrh. ræðu í félagi sjálfstæðismanna hér í Reykjavík, þar sem hann gerði grein fyrir þeim vandamálum, sem ríkisstj. taldi sig nú eiga við að etja. Og þessi vandamál áttu, að sögn hæstv. dómsmrh., rót sína að rekja til óróans á vinnumarkaðinum. Og í ræðu hæstv. dómsmrh. er

pistill, sem er birtur undir undirfyrirsögninni „Orsakir óróans“, og hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðustu tveimur árum hafa þeir atburðir gerzt, sem ýtt hafa undir ójafnvægi í íslenzku efnahagslífi. 1962 var meiri síldveiði en nokkru sinni áður í sögunni. Þjóðin öll hagnaðist á því, en einkanlega var það þó tiltölulega lítilll hluti þeirra, sem sjávarútveg stunda, sem hlaut mjög ríflegar tekjur. Tekjur þessara manna voru miklar“, — og hæstv. dómsmrh. bætir við drengilega, eins og hans var von og vísa: „Ég tel þær að vísu ekki eftir, þeir voru vel að þeim komnir, og þeim, sem öðru halda fram, má nú svara því, að þeir gætu sjálfir snúið sér að þessum störfum og fengið þá þær tekjur, sem við þau er hægt að fá. En við verðum samt að gera okkur rétta grein fyrir eðli hlutanna,“ sagði hæstv. dómsmrh. Og hann hélt áfram: „Þegar þessi starfshópur fékk miklar tekjur og miklu meira en nokkurn tíma áður, þá tóku aðrir að bera sig saman við þá. Þar að auki gátu þessir menn lagt fram meira fé til þess að bæta hag sinn, ekki sízt til húsbygginga, sem leiddi til þess, að þær urðu miklu meiri en vinnuafl var til að sinna. Af því leiddi svo yfirborganir, sem aftur sköpuðu enn meiri óróa á vinnumarkaði.“

Þetta sagði hæstv. dómsmrh. Hann telur hinar háu tekjur síldveiðisjómanna vera a. m. k. þátt í orsökum óróans, og ég geri þess vegna ráð fyrir því, að hann sé alveg ósammála starfsbróður sínum um það, að þó að verkamenn fengju einhverja leiðréttingu, þá væri það óhjákvæmilegt, að sjómenn fengju hana líka. Sannleikurinn er sá, að ef þetta dæmi, sem ég var að tala um, væri reiknað rétt og athugað, hvað launagreiðslur eru háar til þeirra starfsmannahópa, sem nú hafa kröfur uppi, og hvað þær mundu þýða fyrir útflutningsatvinnuvegina, þá er ekki um að ræða kaupgreiðslur, sem eru 1800 millj. eða 1600 millj., eins og ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að annar ráðh. nefndi í útvarpsumr. í gærkvöld, heldur innan við þriðjung af þessum upphæðum.

Því hefur verið haldið fram, að framsóknarmenn hafi engar tillögur gert til lagfæringar og leiðréttingar á þeim vandamálum, sem útflutningsframleiðslan virðist eiga við að stríða. Sannleikurinn er þó sá, að forstöðumenn hraðfrystihúsa á vegum beggja þeirra samtaka, sem slík frystihús hafa með sér hér í landi, komu saman til fundar fyrir skömmu hvorir í sínu lagi og samþykktu þar tillögur, sem voru nærri alveg samhljóða frá báðum þessum fundum. Og hverjar voru svo þessar till.? Í fyrsta lagi um lækkun vaxta. Hafa menn heyrt þá till. áður? Og ef menn hafa heyrt hana áður, frá hverjum hefur hún komið? Þetta er ein af till. framsóknarmanna til leiðréttingar á vandamálum útvegsins. Lækkun eða jafnvel afnám útflutningsgjalda var önnur till. þessara samtaka beggja. Hafa menn heyrt þá till. áður, og þá frá hverjum? Svo koma menn og halda því fram í þessum umr., að framsóknarmenn hafi ekki borið fram neinar till., þegar þó, eftir að framsóknarmenn hafa borið þær till. fram margsinnis, kemur í ljós, að þeir menn, sem gerst ættu að vita, í hvaða ráðstöfunum lækning er fólgin, stinga upp á einmitt því hinu sama.

En þessum tveimur till., sem ég hér nefndi, og raunar fleiri raunhæfum till., — og raunar viðurkenndi hæstv. viðskmrh. það í fyrsta sinn nú í umr. í Nd., að vaxtalækkun væri þó raunhæf till., þó að hann teldi á henni ýmis tormerki, — þessum raunhæfu till. framsóknarmanna er gersamlega vísað á bug og því er haldið fram, að þeir hafi engar till. lagt fram í málinu. Ég skal fúslega endurtaka það, sem ég sagði áðan, að við framsóknarmenn höfum aldrei lagt fram till., sem við teljum vera lausn á öllum vandanum. Það höfum við ekki gert. En við höfum lagt fram till., sem við teljum, að liggi inn á þá braut að færa okkur drjúgan spöl nær lausn á vandanum.

En ríkisstj. segir: Það kemur ekki nema tvennt til greina: kaupbinding hinna lægst launuðu eða að öðrum kosti blasir gengislækkunin við. Með þessum fullyrðingum hæstv. ríkisstj. og talsmanna hennar hefur enginn rökstuðningur af neinu tagi fylgt, — enginn. Engir útreikningar af neinu tagi hafa verið lagðir fyrir hv. Alþingi til þess að leiða rök að því, að þetta sé svona. Ég vil vekja athygli manna á því, að útflutningsframleiðslan á sjálfsagt í erfiðleikum, ég vefengi það ekki. En erfiðleikar útflutningsframleiðslunnar út af fyrir sig eru engin sönnun fyrir því, að gengislækkun sé nauðsynleg. Þeir eru engin rök fyrir gengislækkun. Sannleikurinn er náttúrlega sá, eins og allir sjá í hendi sér, ef málið er athugað, að miklu fleira kemur til. Svo misskipt gæti þjóðartekjunum verið, að útflutningsframleiðslan bæri skarðan hlut, þó að þjóðarheildin fengi nóg. Og er raunar ekki ýmislegt í okkar efnahagslífi, sem bendir til þess, að svo sé? Það þykir nauðsynlegt nú að binda kaupið í útflutningsframleiðslunni við 28 kr. verkamannakaup á tímann. En það er staðreynd, sem enginn mælir gegn, að í fjölmörgum öðrum atvinnugreinum hefur að undanförnu verið greitt 40—50 kr. kaupgjald um tímann fyrir sams konar vinnu.

Ég hef skilið þetta frv., sem hér liggur fyrir, þannig, og ég vildi biðja hæstv. fjmrh. að leiðrétta það, ef það er ekki rétt skilið, að það heimili þær yfirborganir, sem hafa tíðkazt, því að það stendur í 1. gr., að það má ekki „hækka endurgjald fyrir unnin störf frá því, sem um var samið eða greitt, þá er frv. þetta var lagt fram.“ Og hæstv. fjmrh. staðfestir, að þetta sé rétti skilningurinn. En þessi staðreynd, að sumar atvinnugreinar geta borgað um 40—50 kr. á tímann fyrir verkamannavinnu, þegar talið er, að útflutningsframleiðslan geti ómögulega borgað meira en 28, bendir nokkuð til þess, að það kunni að vera þannig misskipt milli atvinnugreina í þjóðfélaginu, að erfiðleikar útflutningsframleiðslunnar þurfi ekki nauðsynlega að þýða það, að gengislækkun blasi beint við, þó að kaup yrði ekki stöðvað með lögum. Ég hafði hugsað mér að gera þetta atriði og allmörg atriði fleiri að umræðuefni í þessum umr., en af hagkvæmnisástæðum fyrir hv. þdm. er ég reiðubúinn til þess að geyma mál mitt til 3. umr., ef hæstv. forseti telur það henta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:9 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 14. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Í gærkvöld og í dag hafa farið fram viðræður milli ýmissa forustumanna launþegasamtaka og ríkisstj. Hafa þeir tjáð ríkisstj., að þeir muni beita sér fyrir því, að verkföllum þeim, sem nú standa yfir, og þeim, sem boðuð hafa verið, verði frestað og að ekki verði stofnað til nýrra verkfalla, a. m. k. ekki fram til 10. des. n. k., enda verði frv. um launamál o. fl. ekki afgreitt, meðan svo stendur. Þar sem það var megintilgangur þessa frv. að fá ráðrúm til undirbúnings efnahagsaðgerða og til viðræðna um kjaramálin, telur ríkisstj. að svo vöxnu máli ekki rétt að ljúka nú endanlegri afgreiðslu frv. og leggur til, að atkvgr. við þessa síðustu umr. málsins á Alþingi verði frestað.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég tel ekki efni til né heppilegt, að frekari umr. fari nú fram um þetta mál. Ástæður til þess eru þær, að viðræður hafa farið fram milli fulltrúa ríkisstj. annars vegar og forustumanna úr verkalýðssamtökunum hins vegar, og hafa þær borið þann árangur í fyrsta lagi, að miðstjórn A.S.Í. og landsnefnd verkalýðsfélaganna hafa samþykkt að mæla með því við þau verkalýðsfélög, sem boðað hafa eða hafið vinnustöðvanir, að þau fresti þeim til 10. des. n. k. Í öðru lagi, að afgreiðslu þessa frv. verði frestað í jafnlangan tíma. Í þriðja lagi, að samningaviðræður um kjaramálin verði teknar upp nú þegar.

Þar sem það hefur alltaf verið meginstefna verkalýðshreyfingarinnar, að samningaleiðin yrði farin, og svo er komið eins og ég áður sagði, telur þingflokkur Alþb. farsælast, að frekari deilur um frv. hér á hv. Alþingi verði látnar niður falla, meðan framangreindur gagnkvæmur frestur varir.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umr., hafa framsóknarmenn beitt sér eindregið gegn frv. um launamál o. fl. Við höfum viljað fara samningaleiðina og lagt áherzlu á, að sú leið yrði valin. Við framsóknarmenn viljum því lýsa ánægju okkar yfir því, að nú virðist horfa svo, að samningaleiðin verði farin. Með tilliti til þessa getum við fallizt á, að þessari umr. sé lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á 70. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna [190. mál] (stjfrv., A. 384).

Á 71. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 72. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er fjallað um nýskipan íslenzkra rannsókna í þágu atvinnuveganna. Frv., sem í öllum aðalatriðum var samhljóða þessu frv., var lagt fyrir Alþingi 1962, en hlaut ekki afgreiðslu, enda er um viðamikið mál að ræða, sem segja má að ekki sé óeðlilegt, að hið háa Alþingi vilji athuga vandlega. Hinu fyrra frv. fylgdi mjög ýtarleg grg., sem ég hef ekki séð ástæðu til að láta endurprenta með þessu frv., enda er greiður aðgangur að henni í þingtíðindum. Ég leyfi mér því að vísa til hennar varðandi undirbúning málsins.

Í framsöguræðu fyrir fyrra frv. ræddi ég ýtarlega um vaxandi þýðingu vísinda og rannsóknarstarfa í nútímaþjóðfélagi og undirstrikaði nauðsyn þess að efla vísindarannsóknir á Íslandi. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær röksemdir nú, en læt við það sitja að leggja áherzlu á, að ég tel þær enn þá í fullu gildi og í raun og veru eiga við í enn ríkara mæli nú en þá. Nú mun ég hins vegar gera grein fyrir því, í hverju þær breytingar eru fólgnar, sem gerðar hafa verið á hinu fyrra frv., en áður langar mig þó til að fara fáeinum orðum um þær meginbreytingar, sem verða mundu á skipulagi íslenzkra rannsókna í þágu atvinnuveganna, ef þetta frv. yrði að lögum.

Gildandi lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna voru sett árið 1940. Eru það lögin um náttúrurannsóknir og lögin um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Samkv. þessum lögum eru rannsóknir í þágu atvinnuveganna í höndum rannsóknaráðs ríkisins og atvinnudeildar háskólans ásamt tilraunaráðum jarðræktar og búfjárræktar. Af öðrum aðilum, sem sinna að einhverju leyti rannsóknum vegna atvinnuveganna, má nefna rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, sem starfar að rannsóknum á sviði fiskiðnaðar, jarðhitadeild raforkumálastjóra, sem annast rannsóknir í sambandi við nýtingu jarðhita, og verkfæranefnd ríkisins, sem gerir tilraunir með landbúnaðarvélar. Undirstöðurannsóknir hafa fyrst og fremst verið í höndum Háskóla Íslands, og náttúrugripasafnsins. Háskólinn rekur tilraunastöð í meinafræði að Keldum og eðlisfræðistofnun. Auk þess er unnið nokkuð að undirstöðurannsóknum í fiskideild og landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans og lítils háttar hjá öðrum aðilum í sambandi við önnur meginverkefni.

Megingallinn á núverandi skipulagi rannsóknarmálanna er sá, að rannsóknarstarfsemin er á ýmsum sviðum óeðlilega dreifð. Þannig fá nú

a. m. k. 8 aðilar fjárveitingar úr ríkissjóði til rannsókna á sviði landbúnaðar, án þess að trygging sé fyrir hagkvæmri samræmingu á nýtingu fjárins. Þá má og á það benda, að meginhlutinn af starfsemi sumra rannsóknarstofnana fer í þjónustu, sem fólgin er í rannsóknum á sýnishornum, eða aðra aðstoð við atvinnuvegina. Er talið, að um 80% af starfsemi iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans sé fólgin í því að láta í té slíka þjónustu. Á ýmsum mikilvægum sviðum atvinnulífsins á sér lítil eða engin rannsóknarstarfsemi stað. Sem dæmi um það má nefna, að hér skortir alveg skipulegar rannsóknir í því skyni að lækka byggingarkostnað, sem hér er tiltölulega hærri en í nálægum löndum. Það, sem fyrst og fremst hefur háð íslenzkri rannsóknarstarfsemi, er annars vegar fjármagnsskortur, en hins vegar skortur á samstarfi og samræmingu við rannsóknirnar.

Í þessu frv. er fyrst og fremst fjallað um skipulagsmál rannsóknanna og leitazt við að styðja rannsóknarstarfsemina með bættu skipulagi og bættri starfsaðstöðu, en jafnframt er gert ráð fyrir nýjum tekjustofnum til aukningar á rannsóknum í þágu iðnaðar og byggingariðnaðar. Er gert ráð fyrir því í 45. gr. frv., að innheimt séu hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum gjöld, sem nemi 2 af þúsundi af útborguðu kaupi hvers slíks fyrirtækis til verkafólks og fagmanna, en undanþegin gjaldinu skulu þó vera hraðfrystihús, síldar- og fiskimjölsverksmiðjur, hvalstöðvar og annar iðnaður úr sjófangi, sláturhús, kjötiðnaður, mjólkurbú og annar slíkur iðnaður, sem vinnur að landbúnaðarafurðum, svo og sements- og áburðarframleiðsla. Er gert ráð fyrir, að tekjur af þessu gjaldi verði talsvert á 2. millj. kr. á ári. Þá er í 53. gr. gert ráð fyrir ½% aðflutningsgjaldi af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni og ½% framleiðslugjaldi af sementi, sem framleitt er hér á landi, og á þetta gjald að renna til rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Hefur verið áætlað, að tekjur af þessu gjaldi mundu einnig nema nokkuð á 2. millj. kr. á ári.

Ef þetta frv. verður að lögum, gerist hvort tveggja, að skipulag rannsóknarmálanna kemst í fastara og skynsamlegra horf en nú á sér stað, auk þess sem samþykkt þess mundi þýða talsvert á 3. millj. kr. nýjar fjárveitingar á ári til rannsókna í þágu iðnaðar og byggingariðnaðar. Fjárveitingar til annarra rannsóknarstarfa þyrftu einnig að aukast, en um það verður að fjalla í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En eftir því sem skipulag rannsóknarmálanna batnar og verður hagkvæmara, ættu líkur að vaxa fyrir því, að Alþingi telji eðlilegt og nauðsynlegt að auka fjárveitingar til rannsóknarmála.

Höfuðbreytingin á skipulagi rannsóknarmálanna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er fólgin í því, að komið er á fót fimm sjálfstæðum rannsóknastofnunum, sem hver um sig á að heyra undir ráðuneyti þess atvinnuvegar, sem rannsóknastofnunin á að þjóna. En rannsóknastofnanirnar eru hafrannsóknastofnun, rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, rannsóknastofnun landbúnaðarins, rannsóknastofnun iðnaðarins og rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Yfirstjórn hverrar stofnunar á að vera í höndum hlutaðeigandi ráðherra og þriggja manna stjórnar, en dagleg stjórn í höndum forstjóra. Einnig er hægt að skipa svonefndar ráðgjafarnefndir við rannsóknastofnanirnar, ef félög eða samtök innan hlutaðeigandi atvinnuvega óska þess. Er þetta gert til að auka tengsl rannsóknastofnananna og þess atvinnuvegar, sem þeim er ætlað að þjóna.

Í stjórn hafrannsóknastofnunarinnar eiga að vera forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar eða sjútvmrh. Í stjórn rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eiga sæti forstjóri þeirrar stofnunar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd eða ráðh. Í stjórn rannsóknastofnunar landbúnaðarins eiga sæti forstjórinn, búnaðarmálastjóri og maður tilnefndur af tilraunaráði. Í stjórn rannsóknastofnunar iðnaðarins eiga sæti forstjóri stofnunarinnar, einn maður tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd eða ráðh. Og í stjórn rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu eiga sæti forstjórinn, einn maður tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur annaðhvort af ráðgjafarnefnd eða ráðh. Er þannig um hliðstæða skipun á stjórnum allra rannsóknastofnananna að ræða.

Skipan og hlutverki rannsóknaráðs ríkisins er breytt verulega frá því, sem nú á sér stað. Nú fer rannsóknaráð og framkvæmdastjóri þess með yfirstjórn allra deilda atvinnudeildar háskólans. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að rannsóknaráð ríkisins sé ráðgjafarstofnun, sem vinni að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru ekki í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann. Rannsóknaráðið á að vera ríkisstj. til ráðuneytis um rannsóknarmál, og skal það gera hlutaðeigandi ráðuneyti viðvart um rannsóknarverkefni, er það telur, að sinna ætti. Rannsóknaráðið á að hafa samráð við rannsóknastofnanir og er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlög úr ríkissjóði til rannsókna, skylt að láta rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samráð við það, þegar þess er óskað og því verður við komið. Höfuðverkefni rannsóknaráðs ríkisins eiga að vera: Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Athugun á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina. Að gera till. um framlög ríkisins til rannsóknarmála og fylgjast með ráðstöfunum opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem þetta frv. tekur til. Öflun fjármagns til starfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna. Öflun skýrslna um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé, og kynning á niðurstöðum þeirra. Söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnsla þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningarstarfsemi og upplýsinga-

þjónustu. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir.

Í rannsóknaráði eiga samkv. frv. að eiga sæti 17 menn: 5 alþm., fulltrúar Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands, Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Efnahagsstofnunarinnar, raforkuráðs og raforkumálastjóra, háskólans og rannsóknastofnananna, sem koma á á fót samkv. frv. Rannsóknaráð á að vera ólaunað, en kjósa úr hópi sínum 5 manna framkvæmdanefnd. En rannsóknaráð ríkisins skal og hafa sérstakan framkvæmdastjóra. Gert er ráð fyrir því, að rannsóknaráð heyri undir menntmrh., þar eð þær stofnanir, sem stunda undirstöðurannsóknir, og þá fyrst og fremst háskólinn og náttúrugripasafnið, heyra undir það ráðuneyti. Og eðlilegt þykir, að ábyrgð á samræmingu rannsóknarstarfseminnar sé í höndum þess ráðuneytis, sem vísindamál almennt heyra undir.

Þetta eru meginbreytingarnar, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér á skipulagi íslenzkra rannsóknarmála. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á þessu frv. miðað við frv., sem lagt var fram 1962, eru fyrst og fremst fólgnar í breytingu á skipan stjórnar rannsóknastofnunar iðnaðarins, en í ljós kom við meðferð málsins í hv. menntmn. þessarar d., að forvígismenn íslenzkra iðnrekenda voru óánægðir með þá skipan, sem þar var ráðgerð á stjórn rannsóknastofnunar iðnaðarins. Í frv. frá 1962 var gert ráð fyrir, að stjórnarnefndarmenn væru 5, forstjórinn sjálfkjörinn, Félag ísl. iðnrekenda og S.Í.S. áttu að tilnefna einn stjórnarmann hvert um sig, og síðan átti ráðh. að skipa 2 menn í stjórnina án tilnefningar. Nú er gert ráð fyrir, að stjórn rannsóknastofnunar iðnaðarins sé skipuð 3 mönnum eins og stjórnir hinna rannsóknastofnananna, forstjóranum, einum manni tilnefndum af Félagi íslenzkra iðnrekenda og hinum þriðja tilnefndum af ráðgjafarnefnd eða ráðh. Ekki þykir ástæða til að gera ráð fyrir, að S.Í.S. tilnefni einn stjórnarnefndarmann eins og Félag ísl. iðnrekenda, þar eð mjög lítill hluti íslenzks iðnaðar er rekinn á vegum S.Í.S. og kaupfélaganna. Samkv. l. um iðnlánasjóð er 0.4% gjald innheimt af öllum iðnaði í landinu. Er það lagt á sama gjaldstofn og aðstöðugjald samkv. l. um tekjustofna sveitarfélaga. Undanþeginn þessu gjaldi er þó allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú. Athugun á iðnlánasjóðsgjaldi á árinu 1963 hefur leitt í ljós, að af öllu álögðu iðnlánasjóðsgjaldi á því ári greiddu S.Í.S. og kaupfélögin aðeins 3.69%. Langmestur hluti iðnaðarsjóðsgjaldsins kemur því frá meðlimum Félags ísl. iðnrekenda, og þykir því eðlilegt, að sá aðili tilnefni fulltrúa iðnaðarins í stjórn rannsóknastofnunar hans.

Þá hefur og verið gerð sú breyting á skipan stjórnar rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, að þriðji maður í stjórn hennar skal samkv. þessu frv. tilnefndur af ráðgjafarnefnd eða ráðh., en ekki af ráðh., eins og eldra frv. gerði ráð fyrir.

Í 57. gr. eldra frv. var gert ráð fyrir, að unnt væri að veita sérfræðingum verðlaun fyrir sérstök störf eða afrek. Sú grein er felld niður í þessu frv., þar sem ýmsir annmarkar hafa við nánari athugun verið taldir vera á framkvæmd slíkrar verðlaunaveitingar. Að öðru leyti er þetta frv. eins og eldra frv. Það hefur verið mjög rækilega undirbúið. Það var upphaflega samið af þingkjörinni nefnd, atvinnumálanefnd ríkisins, sem jafnframt hafði samið mjög ýtarlega grg. með frv. Það frv. var til rækilegrar athugunar hjá ríkisstj. og ýmsum öðrum aðilum. Í ágústmánuði 1961 var að minni tilhlutan haldin ráðstefna í Háskóla Íslands um framtíðarskipan raunvísindarannsókna á Íslandi, og tók sú ráðstefna frv. atvinnumálanefndar til mjög rækilegrar meðferðar. Samin var ýtarleg skýrsla um störf þessarar vísindaráðstefnu, og var hún á sínum tíma send öllum alþm. Í frv., sem lagt var fyrir Alþ. 1962, var tekið tillit til ýmissa sjónarmiða, sem fram komu á þessari ráðstefnu. Áður en málið var lagt fram 1962, var það enn fremur rætt mjög ýtarlega við forstöðumenn þeirra rannsóknastofnana, sem nú starfa í landinu, og fulltrúa frá atvinnuvegunum. Ég held því, að óhætt sé að fullyrða, að þetta frv. hafi fengið svo rækilegan undirbúning sem frekast eru tök á og málið hafi verið rætt ýtarlega við alla þá aðila, sem það snertir. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá skoðun, sem ég hef að vísu áður komið á framfæri, að mér sýnist mikil nauðsyn á því að efla mjög frá því, sem verið hefur, ýmiss konar vísindalegar rannsóknir í landinu, tilraunir og margvíslegt leiðbeiningarstarf, sem gæti orðið byggt á niðurstöðum þessara rannsókna og tilrauna. Ég hygg, að það væri mjög mikil nauðsyn á því að athuga þau mál öll í heild sinni með það fyrir augum að efla þessa starfsemi stórkostlega frá því, sem verið hefur.

Í þessu frv. er aðallega gert ráð fyrir skipulagsbreytingum á rannsóknarmálum. Ég hef ekki haft aðstöðu til að skoða þessi efni á þá lund, að ég treysti mér til að láta í ljós álit mitt á þeim skipulagsbreytingum, sem hér eru ráðgerðar, enda veit ég, að það verður skoðað gaumgæfilega í nefnd. En ég kvaddi mér hljóðs til að láta í ljós þá skoðun við þetta tækifæri, að það þarf að stórefla vísindalega starfsemi, tilraunastarfsemi og leiðbeiningastarfsemi í landinu frá því, sem hún hefur verið áður. Og ég hefði talið vel fara á því, að einmitt í löggjöf eins og þeirri, sem hér er efnt til, þ. e. a. s. nýrri löggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, hefði verið ákveðin, beinlínis í löggjöfinni sjálfri, aukin starfsemi af þessu tagi og verulega aukið fjármagn til þessara mála. En það er ekki hægt að segja, að það sé gert í þessu frv., eins og raunar kom fram hjá hæstv. ráðh. Þó að það eigi að auka dálítið með nýjum álögum framlag til tveggja deilda eða svo samkv. ákvæðum frv., þá er þó í meginatriðum gert ráð fyrir því, að fjárframlög til þessara mála verði ákveðin síðar í fjárlögum og með sérstökum fjárveitingum, en ekki ákveðin framlögin nema að mjög litlu leyti í þessu frv.

Ég hefði talið, að það væri mjög þýðingarmikið að ákvarða það jafnvel í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, að stórauka framlögin í þessu skyni, og það er þetta, sem ég vildi láta koma fram við þessa umr.

Ég óska eftir því, að hæstv. ráðh. taki það til íhugunar og svo hv. nefnd, sem málið fær til meðferðar, hvort ekki væri hægt beinlínis núna í sambandi við afgreiðslu þessa máls að koma fram nýjum ákvörðunum um aukin fjárframlög í þessu skyni umfram það, sem gert er ráð fyrir í frv., en þar er, eins og hæstv. ráðh. benti á, ákvæði um að leggja á nokkra nýja skatta, sem eiga að renna til rannsóknastofnunar iðnaðarins og rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins. Þar er um tiltölulega mjög lágar fjárhæðir að ræða, á 2. millj. á ári til hvorrar deildar, ef ég skil frv. rétt og það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh.

Ég get svo ekki stillt mig um að láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli telja nauðsynlegt að fara að efna til nýrra skattaálaga til þess að styðja þessar deildir á þennan hátt umfram það, sem verið hefur, og þar sem ekki er um meiri fjárframlög að ræða.

Sannast að segja finnst mér það vera nokkuð fyrirhafnarsamt og skothent að efna til þess að setja upp nýtt innheimtukerfi, eins og gert er ráð fyrir í 53. gr., t. d. nýjan aðflutningstoll á timbur, sement og steypustyrktarjárn og einnig framleiðslugjald af sementi, að efna til þess að innheimta nýja tolla fyrir ekki meiri fjárhæðir en þarna er gert ráð fyrir að gangi til rannsóknanna.

Í raun og veru er það sama að segja um það að fara að setja upp nýtt álögukerfi á iðnfyrirtæki til þess að ná saman rúml. milljón á ári til að styðja rannsóknastofnun iðnaðarins umfram það, sem verið hefur. En þar er gert ráð fyrir að innheimta sérstakan skatt, 2‰, á allt útborgað kaup iðnaðarfyrirtækja í landinu. Þetta verður geysimikið innheimtukerfi, sem efnt er til með þessu móti, nýr skattur, en á ekki að gefa í aðra hönd nema eitthvað á 2. millj. Mér finnst þetta einkennilegt. Þegar þess er gætt, að gjaldheimta ríkisins er yfir 3000 millj. og nýlega hafa álögur verið hækkaðar um a. m. k. 250 millj., finnst mér einkennilegt að vera að bæta nýjum álagaliðum á af þessu tagi. Væri eðlilegt, að þetta væri greitt af ríkinu til þess að gera skattheimtuna í landinu ekki enn flóknari en hún er, því að sannarlega er hún nógu flókin fyrir.

En hvað sem þessu líður, þá var aðalerindi mitt í sambandi við 1. umr. þessa máls að benda á nauðsyn á því að auka vísindalega rannsóknarstarfsemi, tilraunir og leiðbeiningar og að benda á, hvort ekki væri hægt einmitt í sambandi við þetta mál að ákveða aukið fjármagn í þessu skyni.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða almennt um þetta mál, því að það hef ég gert áður hér. Ég átti sæti í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta mál, og ég býst við, að við séum allir þm. sammála um nauðsynina á því að efla rannsóknirnar í þágu atvinnuveganna. Það, sem hins vegar hefur staðið togstreita um allan tímann í sambandi við þetta mál, er, hvernig stjórnirnar skuli skipaðar, hvar þungamiðja valdsins yfir þeim skuli liggja og hve mikil yfirbyggingin yfir hverja rannsóknastofnun skuli vera. Og ég vildi sérstaklega mælast til þess, að hv. menntmn., sem fær þetta til athugunar, athugaði þessa hluti mjög gaumgæfilega.

Upphaflega var það svo, að meiri hl. í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta frv., var á því, að það skyldi vera sérstök stjórnarnefnd auk hinnar svokölluðu ráðgjafarnefndar við hverja rannsóknastofnun og að þessi stjórnarnefnd skyldi raunverulega vera skipuð að meiri hl. af fulltrúum þeirra samtaka, sem voru þó nokkurn veginn samtök atvinnurekenda, eða þar sem þau voru í meiri hl., og enn fremur, að þessi stjórnarnefnd skyldi ráða forstjóra viðkomandi rannsóknastofnunar. Þetta var það „prinsip", sem gætti mjög hjá meiri hl. nefndarinnar. Ég hins vegar lagði til sem minni hl. nefndarinnar, að þetta skyldi vera einfaldara í sniðum, þannig að ríkisstj. eða hver ráðh., sem um þessi svið hefði að fjalla, iðnmrh., sjútvmrh., landbrh. o. s. frv., skipaði framkvæmdastjóra, en hins vegar væri stjórnarnefndin ekki til, heldur væri ráðgjafarnefnd, sem samsett væri af fulltrúum allfjölmennra samtaka og væri fyrst og fremst, eins og orðið segir, ráðgefandi.

Hæstv. ríkisstj., þegar hún tók þetta til meðferðar, þá gerði hún það, sem ég álít mjög rétt, og því er enn haldið í þessu frv. mér til mikillar ánægju, að það er ríkisstj., það er viðkomandi ráðh., sem skipar forstjóra hverrar stofnunar, þannig að ríkisvaldið hefur það beina vald yfir hinum ýmsu rannsóknastofnunum með því að skipa framkvæmdastjóra þeirra, og það álít ég rétt og það álít ég mjög gott, að það skuli ekki hafa verið látið undan með það.

Hins vegar hvað snertir sjálfa stjórnarnefndina, sem að vísu er ekki eins þýðingarmikil, þegar það er ekki lengur hún, sem velur forstjóra, þá er hún samt nokkuð þýðingarmikil, og í þessu frv. var ýmiss konar samkomulag gert um ýmsar nefndarskipanir í því efni, áður en frv. var af hæstv. ríkisstj. lagt fyrir síðasta Alþ. En ég sé, að nú á enn að breyta þar til um tvær af stofnununum, rannsóknastofnun iðnaðarins og rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Og báðar þær brtt. eru í þá átt að gefa raunverulega einka-atvinnurekendum og samtökum þeirra meiri hl. í stjórn þessara stjórnarnefnda. Í rannsóknastofnun iðnaðarins er því breytt. Áður útnefndi ráðh. 2 af 5, og forstjórinn var sjálfkjörinn, þannig að raunverulega var ríkisstj. sú, sem útnefndi meiri hl., en Félag ísl. iðnrekenda og S.Í.S. útnefndu minni hl., 2 af 5. Nú verður þetta þannig, að þarna á að setja þrjá menn, og nú verður meiri hl. raunverulega útnefndur af samtökum, sem verða meira eða minna samtök iðnrekenda, annars vegar einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda beint og hinn tilnefndur af ráðgjafarnefnd samkv. 42. gr., og þar verða í raun og veru eins konar atvinnurekendasamtök í meiri hluta, þannig að atvinnurekendasamtökin hafa þá alveg meiri hluta í þessari stjórn. Ég skal að vísu viðurkenna, að þetta er ekki eins skaðlegt

og það hefði verið, svo framarlega sem því gamla ákvæði meiri hl. í undirbúningsnefndinni hefði verið haldið, að þeir veldu forstjórann. En þó álít ég þetta frekar til hins verra, þessa breytingu.

Á sömu leið er þetta með rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Þar á líka að tilnefna einn mann af ráðgjafarnefndinni, og þar sem annar af þremur er tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna, ef ég man rétt, þá þýðir það líka, að þau sambönd, sem raunverulega verða meira eða minna atvinnurekendasamtök, hafa þarna meiri hluta. Ég vildi aðeins minna á þetta, vegna þess að ég álít satt að segja, að þessar stjórnarnefndir séu óþarfar þarna. Ég held, að það sé þarna orðinn óþarfa milliliður. Ég gat skilið þetta, meðan það var tilgangur hjá þeim, sem vildu að atvinnurekendurnir raunverulega gætu ráðið þessum stofnunum, að þeir vildu fá þessa stjórnarnefnd, til þess að hún kysi framkvæmdastjóra, en ekki ríkisstjórnin. Þá var þetta skiljanlegt. En með þessu móti, eins og nú er komið, þegar viðkomandi ráðh. skipa forstjórana í þetta, þá er þessi stjórnarnefnd orðin óþörf. Það er óþarfi að hafa við svona rannsóknastofnun tvenns konar nefndir, annars vegar ráðgjafarnefnd, sem er tiltölulega fjölmenn, og hins vegar þarna sérstaka stjórnarnefnd. Og ég álít, að hv. menntmn. ætti að taka til mjög ýtarlegrar athugunar, hvort þessi breyting hafi verið rétt. Í stjfrv., sem lagt var fram í fyrra, var sem fylgiskjal prentað bæði það, sem meiri hl. nefndarinnar, og það, sem minni hl. nefndarinnar hafði lagt til um þetta, þannig að hv. menntmn. hefur aðgang að því.

Svo er að síðustu eitt, sem alltaf hefur verið erfitt með í sambandi við þessi lög, og það eru fjárframlögin. En samt vil ég minna á það, og það væri rétt af hv. menntmn. að athuga það mál, því að þetta verður svo lítið allt saman hjá okkur, nema við fáum slíkt í gegn, að atvinnumálanefndin var sammála um eina ákveðna till., sem send var til ríkisstj., um fjáröflun, og þó að hún væri ekki samin um leið og frv. var samið, þá væri rétt fyrir menntmn. að athuga það alvarlega, hvort ekki væri hugsanlegt að ná einhverju samkomulagi um slíkt, því að það er allt annað fyrir Alþ. að afgreiða þetta frv. með því að tryggja um leið verulega stór framlög, sem þar var gengið út frá að væru, heldur en afgreiða það bara svona. Við vitum, að sumar þjóðir verja allt upp í 2% af sínum þjóðartekjum í þessa rannsóknarstarfsemi, og gildi svona rannsóknarstarfsemi vex með hverju árinu, sem núna líður, þannig að ég vil alvarlega skjóta því til hv. n. að athuga þetta mjög gaumgæfilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Náttúrurannsóknir.

Á 77. fundi í Nd., 14. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands [213. mál] (stjfrv., A. 458).

Á 79. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir skömmu lagði ríkisstj. fyrir þessa hv. d. frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og er það frv. nú til meðferðar í hv. menntmn. þessarar d. Í því frv. felast till. um gagngera endurskipulagningu á íslenzkum rannsóknum í þágu sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og byggingariðnaðar, og er því frv. ætlað að koma í staðinn fyrir gildandi lög um náttúrurannsóknir, nr. 68 frá 1940. En þau lög, sem frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er ætlað að koma í stað fyrir, fjalla um meira en hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þau fjalla einnig um almennar náttúrurannsóknir, og þess vegna er nauðsynlegt að gera jafnframt till. um nýskipan á þeim málum, sem lúta að almennum náttúrurannsóknum.

Fyrsta heildarlöggjöfin, sem sett var um allar náttúrurannsóknir hér á landi, var sett árið 1940, og fjalla þau lög bæði um hinar almennu rannsóknir, undirstöðurannsóknirnar, og hagnýtu rannsóknirnar. Meginhluti l. fjallar um hagnýtu rannsóknirnar, þ. e. a. s. um atvinnudeild háskólans og skipulag hennar og hlutverk. En framan við þennan meginkafla l. frá 1940 var skeytt tveimur smáköflum, I. og II. kafla, sem fjalla um hinar almennu rannsóknir og rannsóknaráð ríkisins. Þegar þessi lög voru sett, l. frá 1940, sem enn gilda, var engin stofnun til í landinu, sem gat annazt og haft umsjón með hinum almennu rannsóknum. Þess vegna var ekki nema eðlilegt, að rannsóknaráði ríkisins væri í þeirri löggjöf falið að gegna því hlutverki, sem slík stofnun hefði átt að hafa með höndum, ef hún hefði verið til. En Náttúrugripasafn Íslands var þá enn eign Hins íslenzka náttúrufræðifélags.

Í ársbyrjun 1947 var náttúrugripasafnið hins vegar gert að ríkisstofnun, og jafnframt voru þá ráðnir að safninu fastir starfsmenn. Með þessari ráðstöfun var í raun og veru sett á laggirnar opinber stofnun, sem að sjálfsögðu bar, eins og ríkissöfnum í öðrum löndum, að annast og hafa forustu um hinar almennu rannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landafræði. Í framhaldi af þessari ráðstöfun, þegar ríkið tók við náttúrugripasafninu af Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi 1947, hefði auðvitað átt að endurskoða l. frá 1940 og breyta þeim til samræmis við hinar breyttu aðstæður. En þetta var þó ekki gert þá og hefur dregizt allt til þess, að hafin var allsherjarendurskoðun á skipulagi íslenzkra rannsóknarmála, bæði hinna hagnýtu rannsókna í þágu atvinnuveganna og hinna almennu rannsókna.

1951 setti Alþingi lög um Náttúrugripasafn Íslands. Þegar þau lög voru undirbúin, varð

ljóst, að erfitt mundi reynast að ákveða á viðunandi hátt, hvert ætti að vera hlutverk náttúrugripasafnsins, þar sem sumt af sjálfsögðum hlutverkum slíks safns var þá falið rannsóknaráði ríkisins í l. frá 1940, sem ég hef þegar gert að umtalsefni. Þá kom til tals 1950—1951 að endurskoða l. um náttúrurannsóknir frá 1940 og skapa með því gleggri verkaskiptingu milli rannsóknaráðs ríkisins og náttúrugripasafnsins. Úr þessu varð þó ekki, og var látið við það sitja að setja Náttúrugripasafni Íslands lög, sem eingöngu tóku til starfsemi náttúrugripasafnsins, eins og það var þá, og án þess að breyta í nokkru ákvæðum laganna frá 1940. Sú endurskoðun, sem þá hefði að sjálfsögðu verið tímabær, var látin undir höfuð leggjast, þangað til, eins og ég sagði áðan, hafin var allsherjarendurskoðun fyrir nokkrum árum á skipulagi íslenzkra rannsóknarmála yfirleitt. Sú rannsókn var hafin samkv. þál., sem Alþingi samþykkti á sínum tíma, og hafði atvinnumálanefnd ríkisins þá rannsókn með höndum.

Frv. um nýskipan rannsóknarmála í þágu atvinnuveganna var upphaflega samið af atvinnumálanefnd ríkisins, en síðan athugað mjög ýtarlega í menntmrn. og á sérstakri ráðstefnu um vísindamál, sem haldin var í Háskóla Íslands að frumkvæði menntmrn. Þetta frv. var einnig samið fyrir tilstilli atvinnumálanefndar ríkisins og hefur fengið sams konar meðferð og hitt frv., þ. e. a. s. verið rætt á ráðstefnu um vísindamál í háskólanum og við hlutaðeigandi embættismenn, fyrst og fremst við forstöðumenn Náttúrugripasafns Íslands og einnig við Háskóla Íslands. Er enginn ágreiningur á milli þeirra aðila, sem um þetta frv. hafa fjallað, að þau ákvæði, sem í því felast, mundu öll vera til bóta, og er frv. að fullu samræmt við hitt frv. um skipulag hagnýtra rannsókna í þágu atvinnuveganna. Helztu breytingarnar, sem í þessu frv. felast frá gildandi skipan, eru þessar:

Í fyrsta lagi er nafni Náttúrugripasafns Íslands breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands, þar sem fyrra nafnið hefur valdið töluverðum misskilningi. Margir hafa haldið, að verkefni þessarar stofnunar væri fyrst og fremst að safna eða jafnvel eingöngu að safna náttúrugripum til sýnis fyrir almenning. Þess vegna hefur verið lagt til, að nafninu væri breytt og áherzla lögð á það meginverkefni stofnunarinnar að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins. Þá er það önnur aðalbreytingin, að inn í þetta frv. eru felld ýmis ákvæði úr gildandi l. nr. 68 frá 1940, um náttúrurannsóknir, sem áður voru í verkahring rannsóknaráðs ríkisins, en eru ekki talin í verkahring þess samkv. frv. um skipulag hagnýtra rannsókna í þágu atvinnuveganna, og er samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um þá verkaskiptingu, sem þessi tvö frv. gera ráð fyrir í þessum efnum. Með þessu frv. yrðu því almenn ákvæði um náttúrurannsóknir innlendra og erlendra manna tengd Náttúrufræðistofnun Íslands og þeirri stofnun falið eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga. Þessi samræming á verkefnum náttúrugripasafns og rannsóknaráðs hefur áður verið talin nauðsynleg, þótt ekki hafi orðið úr henni fyrr, enda hefur náttúrugripasafnið og vísindamenn þess í raun og veru að meira eða minna leyti, líklega að mestu leyti, annazt þessi verkefni undanfarin ár samkv. ósk rannsóknaráðs, sem að lögum til á að fara með þessi verkefni.

Í l. frá 1951 um náttúrugripasafnið er það talið fremst í aðalhlutverkum safnsins að safna náttúrugripum og varðveita þá. Í þessu frv. er þessu hins vegar breytt og fyrst talið það mikilvæga verkefni stofnunarinnar að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru landsins.

Með þessu móti vona ég, að ég hafi gert fullnægjandi grein fyrir því, hvernig þetta frv. er til orðið, hver er tilgangur þess og hvaða breytingar mundi leiða af samþykkt þess. Ég tel eðlilegt, að meðferð þessa frv. fylgi meðferð hins frv., sem er stærra og umfangsmeira, um hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og í samræmi við það legg ég til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Þinglýsingar.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um þinglýsingar [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur áður verið til meðferðar á hv. Alþ., a. m. k. tvisvar, en hefur ekki orðið útrætt. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Það er flókið og tæknilegt og mjög erfitt um það að dæma fyrir aðra en þá, sem við þessi störf fást eða hafa af öðrum sökum á því sérþekkingu.

Frv. er samið af Ármanni Snævarr núv. háskólarektor og Ólafi A. Pálssyni borgarfógeta, en prófessor Ármann hefur um margra ára bil kynnt sér þessi efni sem fræðimaður, en Ólafur Pálsson hefur allra manna mest af hérlendum mönnum starfað að þinglýsingum og þekkir þær því bæði af raun og eins fræðilega, þar sem hann hefur aflað sér á þeim fræðilegrar þekkingar til viðbótar sinni miklu reynslu.

Málið hefur verið til umsagnar hjá Dómarafélaginu, þ. e. a. s. sýslumönnum, bæjarfógetum og borgarfógeta, og dagaði málið uppi á síðasta þingi vegna þess, að þessir aðilar, sem fjalla um framkvæmd þinglýsinga, töldu þá ekki tímabært að láta það hljóta afgreiðslu. Ég ræddi í fyrra við fulltrúa þeirra og gaf þeim kost á því að gera aths. við frv., óskaði eftir því, að fulltrúar

þeirra ættu um það fundi og gæfu sér nægan tíma til að vinna með höfundum frv. að leiðréttingum eða aths., sem þeir hefðu fram að bera. Úr því hefur ekkert orðið, að þeir bæru fram einstakar brtt., hvorki þá né heldur nú í sumar, þótt eftir því væri leitað.

Ég hygg, að ég fari ekki rangt með, að heildarálit þessara manna, sem framkvæmd þinglýsingar hafa nú á hendi, sé það, að þeir hafi ekki athugasemdir við einstök ákvæði frv. að gera, en telji hins vegar, að það muni leggja allverulega miklu meiri vinnu á embættismennina en þeir þurfa nú að leysa af hendi, og þeir hafa af því tilefni gert um það fyrirvara, að rn. þurfi að vera við því búið að láta þeim í té meiri starfskrafta, þegar til framkvæmda kemur, heldur en nú vinna að þessum málum. Úr þessu fær enginn nema reynslan skorið. Um hitt held ég að sé ekki að efast, að okkar núverandi þinglýsingarlöggjöf sé að ýmsu leyti ófullkomin og úrelt og því sé þar þörf á endurskoðun, og með þessu frv. er mjög stuðzt við þá reynslu, sem fengizt hefur í okkar nágrannalöndum, sem okkur eru skyldust að löggjöf. Ég tel þess vegna, að nú sé tímabært að fá þetta frv. lögfest.

Dómararnir hafa haft mjög ríflegan tíma til að bera fram sínar aths., og eins og ég segi, þá hafa þær engar orðið í einstökum atriðum, og þó að það muni kosta einhverja töluvert meiri vinnu að framkvæma nútímaskipan á þessum málum, þá hygg ég, að það sé ekki hægt að láta það standa í vegi fyrir, að þessi mál séu með skaplegum hætti hjá okkur og svipuðum og í öðrum sams konar þjóðfélögum tíðkast nú á dögum. Ég mundi því vilja leggja áherzlu á, að þetta frv. yrði nú afgreitt og þau fylgifrv. sjálfs meginfrv., sem einnig eru á dagskránni. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða um þau sérstaklega hvert út af fyrir sig. Þau eru bein afleiðing af sjálfu meginfrv. Þrátt fyrir mín orð hér og þá áherzlu, sem ég legg á, að frv. hljóti nú afgreiðslu, þá er auðvitað sjálfsagt, að það fari til n. og verði athugað þar eftir föngum, þó að ég geri mér ljóst, eins og ég segi, að það er í raun og veru ekki nema á sérfræðinga færi, hvort sem þeir hafa aflað sér reynslunnar úr hinu lifanda lífi eða með fræðilegum iðkunum, að dæma um einstök atriði málsins. En ég legg sem sagt til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

6. Ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

7. Nauðasamningar.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Landskipti.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1941, um landskipti [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

9. Kyrrsetning og lögbann.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 22. marz 1949, um kyrrsetningu og lögbann [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Lögræði.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 95 5. júní 1947, um lögræði [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Aðför.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

13. Lögtak og fjárnám.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Landamerki o. fl. (stjfrv.).

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl. [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

15. Bæjanöfn o. fl.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl. [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld [77. mál] (stjfrv., A. 84).

Á 17. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Sú breyting, sem farið er fram á að gera á l. um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld í þessu frv., er einvörðungu sú, að þar er lagt til, að matsgjaldið verði hækkað upp í 6 kr. á tunnu. Þetta nafn á l. og þar af leiðandi á þessu frv. er að sumu leyti kannske villandi, vegna þess að matjessíld og skozkverkuð síld er ekki lengur framleidd í þessu landi, a. m. k. ekki sem neinu nemur. En í þeim lögum eru einnig ákvæði um svokallað frjálst mat á síld, þ. e. a. s. þegar síldarsaltendur sjálfir óska eftir því, að mat verði framkvæmt á framleiðslu þeirra, eða síldarútvegsnefnd telur, að þetta mat sé nauðsynlegt, þó að ekki sé um matjessíld eða skozkverkaða síld að ræða. Þetta mat hefur verið framkvæmt að undanförnu á ca. 200 þús. tunnum af síld og allvíða á landinu, eftir því sem lengra hefur liðið, eða eftir því sem síldarverkunarstöðvum hefur fjölgað. Það er nú tekið matsgjald af þessari þannig metnu síld, sem nemur 50 aurum á tunnu. En það hrekkur ekki til nema fyrir broti af tilkostnaði við matið. T. d. er matskostnaðurinn áætlaður í ár tæp 1½ millj. kr. Upp í það gengur svo tímakaup, sem matsmönnunum er reiknað, og svo skattgjaldið eða matsgjaldið á hverja tunnu. Ef gjaldið verður hækkað eins og hér er lagt til, fæst væntanlega á þann hátt ca. 1.2 millj. upp í kostnaðinn, og afgangurinn er svo gert ráð fyrir að komi með tímakaupi matsmanna. Auk almennrar hækkunar, sem orðið hefur í landinu, kemur hér einnig til greina mjög kostnaðarsamur liður, sem er fjölgun söltunarstöðvanna, sem hefur í för með sér mjög aukinn ferðakostnað. Þá er sú regla höfð um mat á útflutningsvörum sjávarútvegsins, að undirmatið er í flestum eða öllum tilfellum kostað af útflytjendum, en yfirmatið aftur kostað af ríkinu. Fjmrn. hefur haft orð á því, að það væri nauðsynlegt, til þess að það fengi sinn útlagða kostnað við undirmatið greiddan, að þetta gjald yrði hækkað, svo að jöfnuður fengist þarna á, og vegna þessara tilmæla fjmrn. er þetta frv. fram borið.

Aðrir útflytjendur, eins og útflytjendur freðfisks, skreiðar og saltfisks, greiða allan kostnað af undirmatinu á þeim vörutegundum, og þykir þess vegna hlýða, að einnig hér sé fylgt sömu reglu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Jafnvægi í byggð landsins.

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins [23. mál] (þmfrv., A. 23).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv., sem fyrir liggur á þskj. 23, um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, er flutt af 6 þm. Framsfl. í þessari hv. d. Frv. fylgir grg., og ég leyfi mér að vísa til hennar. Nú við framsögu ætla ég svo að leyfa mér að ræða nánar nokkur atriði, sem vikið er að í grg., og önnur til viðbótar.

Elztu heimildir um fólksfjölda hér á landi og skiptingu hans eftir landshlutum eru frá ofanverðri 11. öld. Þá fór fram, sem kunnugt er, talning þeirra bænda, er þingfararkaup áttu að greiða. Þeir voru þá að sögn Íslendingabókar tólf hundruð stór í Norðlendingafjórðungi, tíu hundruð stór í Sunnlendingafjórðungi, níu hundruð stór í Vestfirðingafjórðungi og sjö hundruð stór í Austfirðingafjórðungi, alls samkv. þessu eftir nútímareikningi 4560 í landinu. Ótalið var þá allt annað landsfólk, þ. á m. bændur þeir, sem ekki voru svo efnum búnir, að þeim bæri að greiða þingfararkaupið. Á þessari tölu þingfararkaupsbænda hafa fræðimenn síðari tíma byggt áætlanir um íbúatölu landsins. Þær áætlanir eru nokkuð ótraustar. Hins vegar sýna tölur þingfararkaupsbænda sjálfsagt nokkuð glögglega hlutföllin milli íbúafjölda landsfjórð-

unganna í þann tíð. Hlutfallstölurnar voru 12, 10, 9 og 7. Landið var albyggt og fjölmenni fór eftir landskostum eða landsstærð. Rúmlega 6 öldum síðar, 1702—1703, á miðjum einokunartímanum, voru landsmenn allir taldir í fyrsta sinn og reyndust þá 50 þús. rúmlega. Vesturland var þá fjölmennast, Suðurland næst, þar sjást trúlega áhrif hinna stórauknu fiskveiða eftir 1300. Þorp og bæir fyrirfinnast þá enn ekki. Fjölmennust sveitarfélög voru þá Eyjafjallasveit með 1069 íbúa og Neshreppur á Snæfellsnesi hinn forni með 1027 íbúa. Á biskupsstólunum tveimur, Hólum og Skálholti, voru þá 70—80 manns á hvorum. Þeir voru þá sem fyrr höfuðstaðir íslenzkrar þjóðmenningar, en Bessastaðir danskra stjórnarvalda.

Árið 1845, þegar hið endurreista Alþingi kom saman í Reykjavík í fyrsta sinn, var hún orðin höfuðstaður landsins, og þar voru þá um 900 manns, að ég ætla. Jón Sigurðsson var því þá hlynntur, sem kunnugt er, að þinginu yrði valið aðsetur þar, en ekki á Þingvöllum við Öxará. Aðalrök hans voru þau, að Ísland, sem var að berjast fyrir sjálfstæði sínu, þyrfti að eignast höfuðstað í bæ eða borg og efla hann sem miðstöð þjóðlífs og framfara, og að öruggusta ráðið til þess væri, að löggjafarþing sæti þar og fleiri þjóðstofnanir. Það sá hann eflaust rétt. Vöxtur Reykjavíkur er verk þjóðfélagsins fyrst og fremst eða byggist á aðgerðum þess. Hitt er ekki víst, að Jón Sigurðsson hafi séð fyrir, að sá vöxtur yrði svo mikill sem raun er á og annarra byggðarlaga svo lítill, að það gæti skapað nýjan vanda, enda ekki hans eða stjórnmálamanna á þeirri tíð að ráða fram úr viðfangsefnum næstu aldar.

Það er ekki ætlun mín að rekja hér þá þróun í skiptingu fólksfjölda á milli landshlutanna, sem átti sér stað á síðari hluta aldarinnar sem leið og á fyrstu tugum þessarar aldar. Við verðum að líta svo á, að sú þróun hafi verið að verulegu leyti eðlileg og heppileg vegna breyttra þjóðfélags- og þjóðlífshátta og breyttra möguleika. Myndun bæja og þorpa við sjávarsíðuna hefur aukið velmegun þjóðarinnar og skapað grundvöll framfara á ýmsum sviðum, og höfuðborgin, sem hér hefur vaxið og dafnað við sundin blá á 19. öld og allt fram á okkar daga, hefur vissulega innt af hendi mikilsvert hlutverk í framfarasókn þjóðarinnar. En það, sem ég vil nú við flutning þessa máls enn á ný vekja athygli á og undirstrika, er, að fólksflutningarnir milli landshluta eru nú — og það fyrir alllöngu — komnir á það stig, að varúðar er þörf og skipulegra aðgerða af hálfu þjóðfélagsins. Eins og fulltrúar þjóðarinnar gerðu á sínum tíma fyrir 120 árum ráðstafanir til að efla hér höfuðborg, eins þyrftu þeir nú að gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að hér haldist landsbyggð og vaxi, sem er í raun og veru eitt og hið sama, þegar að er gáð.

Við, sem að þessu frv. stöndum, höldum því ekki fram, að Íslendingar eigi að byggja upp heiðarbýlin, sem víða voru reist eða endurbyggð í góðærinu um miðbik 19. aldar. Við álítum ekki heldur nauðsynlegt að keppa að því nú um sinn að byggja upp allar þær jarðir víðs vegar í sveitum, sem farið hafa í eyði undanfarna áratugi. Eins og nú hagar til, getur líka verið heppilegt sums staðar að breyta nokkuð fyrirkomulagi byggðarinnar og miða það meir en verið hefur við samgönguleiðir. En þegar svo gengur til ár eftir ár og um áratugi, að björguleg byggðarlög og heilir landshlutar halda ekki sínum hlut, að þar verður ekki eðlileg uppbygging til framfara og ekki eðlileg fólksfjölgun miðað við vöxt þjóðarinnar í heild, þá teljum við hættu á ferðum fyrir framtíð þessara byggðarlaga og þessara landshluta. Og hér er ekki aðeins um það að ræða, sem lengi hefur verið augljóst, að fólk flyzt úr sveitum, heldur einnig það, að bæir og þorp í hlutaðeigandi landshlutum megna ekki að auka fólksfjölda sinn að sama skapi, halda jafnvel ekki eðlilegri fólksfjölgun sjálfra sín. Og við lítum svo á, að sú hætta, sem hér er á ferðum, varði ekki aðeins þá landshluta, sem halda ekki í horfi, heldur alla landsmenn og þjóðfélagið í heild. Þessi þróun ætti að vera öllum áhyggjuefni, sem gefa henni gaum og reyna að gera sér grein fyrir, hvert stefnir.

Ég vil nefna það, sem augljósast er, að Reykjavíkurborg vex ört, að þangað streymir fólk úr öðrum landshlutum. Það er ekkert keppikefli fyrir þjóðfélagið nú, að höfuðborgin sé sem fjölmennust, heldur að hún sé fögur borg og vel upp byggð, að fólki líði þar vel, að af henni megi læra og hún sé landinu til sóma út á við. Það er ekkert keppikefli fyrir Reykvíkinga, heldur þvert á móti, að vöxtur borgarinnar sé svo hraður, að aldrei sé ráðrúm til að ljúka nauðsynlegum verkefnum, og þá má ekki gleyma því, að stór borg krefst miklu kostnaðarsamari mannvirkja, t. d. í sambandi við umferð, en bær eða þorp. En borg án lands og landsbyggðar er illa á vegi stödd. Staða borgar í stóru, auðu landi mikilla möguleika verður ekki öfundsverð á komandi tímum.

Varðandi þá þróun, sem ég nú hef rætt, skal ég finna orðum mínum stað í nokkrum tölum, sem ég ætla, að þykja megi athyglisverðar. Sumar þessara talna eru í grg. þeirri, sem við flm. látum fylgja frv. á þskj. 23, en ég skal nú einnig nefna aðrar tölur, sem ég vona að reynist a. m. k. sumum og sennilega mörgum hv. þm. nákomið umhugsunarefni. Ég ætla ekki að fara langt aftur í tímann að þessu sinni, því að það skiptir minna máli.

Á 22 ára tímabili, á árunum 1940—1962, hækkaði íbúatala landsins um rúmlega 51%. Hún var árið 1940 121474, en árið 1962 183478. Ef fólksfjölgunin hefði verið hin sama í öllum byggðarlögum, t. d. í öllum sýslum eða kaupstöðum, átti hún að sjálfsögðu alls staðar að vera jöfn heildarfólksfjölguninni í landinu, þ. e. a. s. 51%. Nú er þess auðvitað ekki að vænta, að svo sé. Spurningin er þá sú, hvort víða vanti svo mikið á þessa fólksfjölgun, að umtalsvert sé og réttlætanlegt að tala um, að þar sé hætta á ferðum. Dæmin, sem ég leyfi mér að taka, eru 12 og eitt þeirra úr kaupstað út af fyrir sig. Í öllum þessum dæmum er það reiknað út, a. m. k. lauslega, hver íbúafjöldinn átti að vera, ef fjölgunin síðan á árinu 1940 hefði verið eðli-

leg, þ. e. a. s. 51%, og síðan tilgreindur fólksfjöldinn eins og hann raunverulega var samkv. manntali 1962 í hverju byggðarlagi.

Íbúatala Dalasýslu átti að vera 2128, var 1164. Íbúatala Barðastrandarsýslu átti að vera 4525, var 2528. Íbúatala Ísafjarðarsýslna beggja átti að vera 7612, var 3778. Íbúatala í Strandasýslu átti að vera 3150, var 1539. Íbúatala í Húnavatnssýslum átti að vera 5543, var 3813. Íbúatala í Skagafjarðarsýslu og á Sauðárkróki átti að vera 5951, var 3920. Íbúatala í Siglufjarðarkaupstað átti að vera 4355, var 2625. Íbúatala í Þingeyjarsýslum báðum átti að vera 7518, þegar Húsavík er ekki meðtalin, var 4738. Íbúatala í Norður-Múlasýslu átti að vera 4032, var 2457. Íbúatala í Suður-Múlasýslu átti að vera 6488, var 4567. Íbúatala í Vestur-Skaftafellssýslu átti að vera 2384, en var 1358. Íbúatala í Rangárvallasýslu átti að vera 4971, en var 2987.

Nú kann einhver að segja, að þessar tölur sýni ekki rétta mynd af röskun jafnvægis milli hinna stóru landshluta í heild, og ber að viðurkenna það. Flesta kaupstaðina vantar. En samanburðardæmi landshlutanna hefur einnig verið reiknað, og skal ég nú gera grein fyrir því. Það er sams konar dæmi, sem þar er reiknað, sú íbúatala, sem hefði átt að vera í hverjum landshluta árið 1962, ef íbúum þar hefði fjölgað um 51% síðan 1940, og svo sú íbúatala, sem þar var 1962 samkv. manntali.

Íbúatala á Vesturlandi sunnan Gilsfjarðar átti að vera 15003, en var 12340. Íbúatala á Suðurlandi austan Fjalls átti að vera 20530, en var 16300. Íbúatala á Norðurlandi átti að vera 41383, en var 30834. Íbúatala á Austurlandi átti að vera 15286, en var 10664. Íbúatala á Vestfjörðum átti að vera 19559, en var 10530. En í einum landshluta, Kjalarnesþingi, þar sem fjölgunin hefur orðið, átti íbúatalan að vera 71665, en var 102810. Á sama tíma og meðalfjölgunin er 51%, er fjölgunin í Kjalarnesþingi 117%. Hér er talið Kjalarnesþing allt vegna landfræðilegs samræmis, en af íbúum þess voru nálega 93 þús. á svæði því, sem hagfræðingar eru farnir að kalla Stór-Reykjavík. Keflavík og þorpin á Suðurnesjum eru þar auðvitað ekki meðtalin.

Það er auðvelt að halda áfram að reikna þetta dæmi áfram á sama hátt, ef gert er ráð fyrir sömu þróun, t. d. að 22 árum liðnum eða að 44 árum liðnum, en þá ætti íbúafjöldi landsins alls að vera kominn nokkuð yfir 400 þús. Sá útreikningur er þó ekki einhlítur og samrýmist ekki. Ef Stór-Reykjavík, sem ég nefndi áðan, vex hlutfallslega eins og hún hefur gert undanfarin 22 ár, munu aðrir landshlutar, einhverjir eða allir, á komandi árum verða að sjá á bak hlutfallslega fleira fólki en undanfarið. Það mun því eftirleiðis reyna enn meira á viðnámsþrótt þeirra en gert hefur til þessa.

Hér er að verki blint lögmál, sem Reykvíkingar sem slíkir eiga vitanlega enga sök á og getur orðið viðsjárvert fyrir þá eins og aðra, þótt á annan hátt sé. Margir Reykvíkingar gera sér ekki síður en aðrir landsmenn grein fyrir þessu og hafa sýnt það á ýmsan hátt. En Stór-Reykjavík þarf vissulega ekki að kvíða mannfæð, þótt aðrir landshlutar héldu sínu. Með sinni eigin eðlilegu fólksfjölgun, án innflutnings, ætti hún að hafa, að ég ætla, 144 þús. íbúa árið 1984, þótt um engan innflutning væri að ræða.

Við, sem stöndum að þessu frv., lítum svo á og flokkur okkar hér á Alþingi, að þjóðfélaginu beri að láta þessa þróun til sín taka á sérstakan hátt og láta ekki blind lögmál ráða öllu. Ég hika ekki við að segja það sem mína skoðun, að hér sé um að ræða stærsta innanlandsvandamál þjóðarinnar um þessar mundir og sennilega fyrst um sinn. Vandamálið er að koma í veg fyrir stöðnun, hnignun eða eyðingu landsbyggðar, ekki aðeins á tiltölulega litlum, afskekktum svæðum, heldur í stórum landshlutum. Ég minnist þess, að sjálfur höfuðstaður Norðurlands, næststærsti bær landsins, hélt ekki einu sinni hlutfallslega við fólksfjölda sínum á síðasta áratug þrátt fyrir innflutning þangað úr nærliggjandi byggðarlögum. Hvað þá um aðra, er svo fór um hið græna tré? Og við getum litið t. d. á þróun íbúatölunnar á Ísafirði, Siglufirði eða Seyðisfirði. Þar er ekki um sveitir að ræða, heldur kaupstaði.

Ég mun koma að því nánar síðar, í hverju mikilvægi þessa máls er einkum fólgið. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, flm. þessa máls, að hér er ekki um auðvelt viðfangsefni að ræða, jafnvel þótt allir væru um það á einu máli hér á Alþingi. Við gerum okkur ljóst, að með lögfestingu þess frv., sem hér liggur fyrir og lá að miklu leyti einnig fyrir síðasta þingi, væri aðeins stigið spor í rétta átt og að ekki þýðir að ætla sér að spá um árangur. En með lögfestingu þess kæmi fram ákveðin stefna, ákveðin viðleitni, sem víða mundi styrkja veikar vonir. Við trúum því, að öll meginbyggð þessa lands eigi framtíð, ef rétt er að farið, og ég kem einnig nánar að því síðar, hvers vegna við höfum þá trú.

Það er kjarni þessa frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 23, að Alþingi komi upp sérstakri landsbyggðarstofnun, sem í frv. er nefnd jafnvægisnefnd, eins konar sjálfstæðu ráðuneyti, sem sinni því viðfangsefni einu að stuðla að eflingu landsbyggðar, jafnvægi í byggð landsins, og þessari stofnun verði tryggt fjármagn, ekki mjög mikið að okkar dómi að svo stöddu, en þannig frá gengið, að eldur dýrtíðar og verðbólgu grandi því ekki. Þess vegna er það ekki miðað við tiltekna upphæð í hverfulum krónum, heldur ákveðinn hundraðshluta af ríkistekjunum á hverjum tíma. Þetta mundi verða 33 millj. kr. á fyrsta ári, miðað við fjárlög þessa árs, en trúlega heldur hærra, þar sem ríkistekjur fara fram úr áætlun.

Í 1. gr. frv. er tilgangur l. skilgreindur: „Að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi."

Í 10. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Úr jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr.. þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar áður full-

nýttir. Skal áður leita álits sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf lántakandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp íbúðum.“

Sjóðnum er á öðrum stað heimilað að afla sér lánsfjár vegna íbúða. Því fer þó fjarri, að hér sé ætlunin að setja á stofn nýjan banka, enda allvel fyrir þeim séð nú þegar, a. m. k. hér í höfuðstöðvunum, og er gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn annist daglega afgreiðslu og reikningshald. Það höfum við flm. þó í huga, að stundum þykir langt að sækja um langan veg hingað utan af landsbyggðinni og að hver er sínum hnútum kunnugastur. Við teljum ekki ólíklegt, að svo kunni að reynast, að jafnvægisfjármagn þyki bezt komið í vörzlu bæjar- og sýslufélaga eða landshluta, sem þá jafnframt ykju það eftir föngum af eigin rammleik og ráðstöfuðu því í samráði við jafnvægisstofnun ríkisins og með hliðsjón af áætlunum hennar. Að þessu lúta ákvæði 13. gr. um að leggja fram fé til sérstakra jafnvægissjóða á afmörkuðum starfssvæðum.

Ákvæði til bráðabirgða, sem nú er í þessu frv., var ekki í frv. okkar í fyrra. Það er nýmæli. Þetta bráðabirgðaákvæði er þess efnis, að jafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku þessara laga í samráði við landnám ríkisins gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuveganna eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Enn fremur að leita skuli, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er n. samkv. þessu ákvæði heimilað að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1966, og er gert ráð fyrir, að framlögin séu veitt sveitareða sýslufélögum með fyrirmælum, sem n. setur um notkun þeirra.

Sum byggðarlög eru nú um þessar mundir þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minnast á nýlegar fundarsamþykktir um þetta efni, sem birtar hafa verið opinberlega í blöðum og sumar í útvarpi, t. d. frá aðalfundi Stéttarsambands bænda, kjördæmaþingum framsóknarmanna í ýmsum landshlutum og fjórðungsþingi Vestfirðinga. Á fundi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði var og um þetta efni rætt í sumar að viðstöddum ýmsum forustumönnum búnaðarmála. Samdráttur byggðar í Flatey á Skjálfanda hefur verið í sérstakri athugun á vegum stjórnarvalda, og fleiri dæmi mætti nefna, er sýna aðkallandi nauðsyn þessa máls. Þótt hér virðist einkum um að ræða byggðarlög, sem styðjast við landbúnað eingöngu eða mestmegnis, er það þó ekki alltaf svo, og gera verður ráð fyrir, að allir aðalatvinnuvegir landsins komi til greina, er leita skal úrræða til eflingar þessum byggðarlögum. Því þykir rétt, að leitað sé álits landssambanda aðalatvinnuveganna, eftir því sem þurfa þykir, áður en úrræði eru ákveðin.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því í þessu sambandi, að í fámennum byggðarlögum, þar sem um verulega, beina fólksfækkun er að ræða, fer oftast svo, að aðstæður þeirra, sem eftir eru, versna því meir, því fleiri sem hverfa á brott. Þess vegna getur að því komið, að slíkt byggðarlag, þar sem hefur verið stöðugur brottflutningur fólks og fækkun heimila, þótt ekki sé í stórum stíl ár hvert, fari skyndilega allt eða mestallt í eyði, af því að fólk er þá orðið of fátt til að geta haldizt þar við. Viðnámið brestur. Þetta getur t. d. átt við um sveitir, sem ber skylda til að sjá um fjallskil stórra afrétta og þar að auki á jörðum, sem í eyði fara, getur líka átt við um sjávarþorp, þar sem sjósókn byggist á samhjálp, o. s. frv. Þessu atriði má ekki gleyma, þegar rætt er um það efni, sem bráðabirgðaákvæðið fjallar um.

Frv. er í 15 greinum, sem skiptast í tvo kafla auk bráðabirgðaákvæðisins. Fyrri kaflinn er um tilgang l. og störf jafnvægisnefndar, síðari kaflinn um jafnvægissjóð. Ég mun í þessari framsöguræðu ekki gera nánari grein fyrir einstökum ákvæðum þess, enda var málið til meðferðar á síðasta Alþingi. Til greina kom að kveða nánar á um ýmsa hluti í framkvæmd mála. Við flm. teljum það þó varla tímabært, en álítum, að starfshættir verði að mótast af reynslu, þegar um slíkt nýmæli er að ræða, en gera ráð fyrir því, að Alþ. velji hér til starfa, þar sem vissulega mun reyna á drengskap og réttsýni, menn, sem til þess er treystandi og hafa fyrir því þann áhuga, sem er skilyrði þess, að árangurs megi vænta.

Eins og ég hef áður vikið að, var frv. að miklu leyti shlj. þessu frv. flutt hér í hv. d. á síðasta þingi af sömu flm. að undanteknum hv. 3. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, sem þá átti ekki sæti í d., en er nú einn flm. Það hlaut þá afgreiðslu, sem var á misskilningi byggð, svo að ekki sé meira sagt. Meiri hl. d. samþykkti þá rökst. dagskrá, sem borin var fram af meiri hl. n. og fól í sér frávísun málsins. Nú þarf það ekki að þykja tíðindum sæta, þó að máli sé vísað frá með rökst. dagskrá, ef frambærileg rök eru fyrir hendi. En rök meiri hl. á síðasta þingi fyrir frávísun þessa máls voru þau, að í frv. væru ekki nein nýmæli umfram það, sem þegar fælist í lögum um svonefndan atvinnubótasjóð frá 1962, og að það væri, eins og þetta var orðað, með öllu óþarft. Ég harma það enn, að mætir menn, sem að þessari dagskrártill. stóðu, skyldu gera slíkt léttúðarhjal að þskj. og greiða því atkv. Atvinnubótasjóður fær frá ríkinu 10 millj. í minnkandi krónum, og starfsemi hans, þótt gagnleg sé á sínu sviði, það sem hún nær, á lítið skylt við raunverulegar frambúðarráðstafanir til að rétta hlut landsbyggðarinnar og stuðla að jafnvægi milli landshluta. Rétt um það leyti, sem umr. stóð yfir um þetta mál á síðasta þingi, eða litlu síðar fór fram úthlutun ársins 1963 úr atvinnubótasjóðnum. Sjóðsstjórnin, sem er skipuð mætum mönnum, gafst upp við að út-

hluta því fé, sem hún hafði handa á milli, sem von var, og fékk einhvers konar stjórnarleyfi til að nota fyrir fram helminginn af tekjum sjóðsins fyrir árið 1964. Það er þá víst ekki lengur óþarfi að breyta þeim lögum, ef einar 5 millj. eða svo eru til úthlutunar á næsta ári.

Ég hef haft í höndum úthlutunarlista atvinnubótasjóðs s. l. vor, enda er hann ekki neitt leyndarmál. 4 millj. var úthlutað í Kjalarnesþing, 1 millj. í Reykjavík. Hverjum dettur í hug, að það sé gert til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins? Það væri eins og hvert annað spott að halda því fram. Ég er ekki að finna að þessum lánum til Reykjavíkur eða bæja og þorpa við Faxaflóa. Þau hafa átt fullan rétt á sér og komið að ágætu gagni fyrir þjóðarbúið. En þau eru allt annars eðlis en það, sem í þessu frv. felst. Atvinnubótasjóður er stofnun, sem ver meiri hluta af fé sínu til að veita lán út á síðari veðrétt til kaupa á fiskiskipum, og er vissulega brýn þörf slíkra lána. Við Fiskveiðasjóð Íslands starfaði einu sinni sérstök deild, sem veitti svona lán, svokölluð styrktarlánadeild, en hún hætti störfum. Atvinnubótasjóður er tekinn við hlutverki hennar, og það er vel, að svo sé. Í þessu frv. dettur okkur ekki heldur í hug að hrófla við atvinnubótasjóði á neinn hátt. En ég hygg, að margur muni veita því athygli á landsbyggðinni, ef hann verður notaður í annað sinn sem átylla til að eyðileggja það mál, sem hér liggur fyrir, en till. til umbóta á þessu frv. tökum við að sjálfsögðu með þökkum, ef fram koma, og erum reiðubúnir til viðtals og samráðs við þá nefnd, sem fær það til meðferðar.

Ég sagði áðan, að við, sem að þessu frv. stöndum, hefðum trú á framtíð landsbyggðar um allt Ísland, ef Alþ. og fleiri aðilar tækju upp í tíma skipuleg vinnubrögð því til styrktar, að svo megi verða. Því fer svo víðs fjarri, að gæði lands og sjávar séu saman komin öll í einni byggð eða einum landshluta eða við strendur hans. Hvar er sjávaraflinn lagður á land? Hann er lagður á land í 60—70 veiðistöðvum fyrir norðan, sunnan, austan og vestan. Hvar er sú gnótt ræktanlegs lands, þetta dásamlega landrými, sem útlendir landbúnaðarsérfræðingar fjölyrða um, þegar þeir dveljast hér? Það er í hverri sveit svo að segja um endilangt Ísland. Hvar er jarðhitinn? Hann er meiri og minni í flestum eða öllum sýslum í þremur landsfjórðungum, og vonir standa til, að hann sé einnig í þeim fjórða. Og hvar eru fallvötnin? Þau eru víða, en þau eru mest og öflugust í landshlutum, sem nú eiga við fólksfækkun að stríða.

Íslendingar eru raunverulega rík þjóð og eiga að geta haldið áfram að vera það. Hin mikla auðlegð okkar Íslendinga er þó ekki fyrst og fremst fólgin í því, sem venjulegt er að meta til peningaverðs. Við Íslendingar, sem erum ekki nema rúmlega 180 þús. talsins, eigum þetta fagra, heilnæma og ágæta land, Ísland, sjóinn við strendur þess og himininn yfir því, ef svo mætti að orði komast, eigum það allt og ráðum yfir því, og sá eignarréttur er löglega viðurkenndur af öðrum þjóðum. Við megum ekki gleyma þessu, og við verðum að gera okkur grein fyrir, hversu óendanlega mikils virði þetta er fyrir okkur, sem nú lifum, og afkomendur okkar í aldir fram. Hér þarf ekki að kvarta um skort á lífsrúmi. Hér er gnótt lands til ræktunar auk sjávar og vatna. Hér er orka í fallvötnum nóg og heitu vatni, eins og ég sagði áðan. Þessi náttúruauður jafngildir kolanámum og olíulindum handan við höf. Hér eru verðmæt jarðefni, hér eru heilsubrunnar. Dóná er ekki blá, þótt skáldin lýsi henni svo, en íslenzk fjöll eru blá. En hvernig má það ske, að við svo fá og smá skulum eiga slíkt land? Hvernig má það ske? Svarið er vitanlega þetta: Íslendingar eiga landið, af því að þeir hafa byggt það. Við eigum það allt, af því að fólkið, sem hér var á undan okkur, sem nú lifum, byggði það allt. Við byggjum það enn þá, en þó varla nægilega til þess, að það sé öruggt til að helga okkur það til frambúðar.

Hvernig væri ástatt nú um þetta eyland, ef Íslendingar hefðu verið fluttir suður á Jótlandsheiðar eftir móðuharðindin? Það er hægt að láta sér detta ýmislegt í hug. Það hefði t. d. getað breytt gangi tveggja heimsstyrjalda. En það væri áreiðanlega ekki óbyggt. Það yrði ekki heldur lengi óbyggt nú, ef þjóðin tæki upp á því að axla sín skinn og flytja í húsmennsku yfir á meginlöndin. Ég held, að svipað yrði upp á teningnum, ef allir Norðlendingar, Austfirðingar eða Vestfirðingar flyttu skyndilega suður að Faxaflóa, þá mundu áreiðanlega einhverjir úti í heimi fá áhuga á þessum landshlutum. Dettur nokkrum í hug, að aðrar þjóðir mundu viðurkenna landhelgi Íslands, ef enginn Íslendingur færi á sjó? Ég held ekki. Við færum ekki einu sinni fram á það sjálfir þá, að hún væri viðurkennd. Og er þá ekki líka hætt við, að áhugi okkar sjálfra eða annarrar kynslóðar fari að minnka fyrir því að vilja eiga landshluta, sem við værum sjálf hætt að byggja? Það er víst, að ef sá dagur kemur, að t. d. 9/10 hlutar Íslendinga verða samansafnaðir hér við suðausturhorn Faxaflóa, þá verður Ísland ekki lengur fyrir Íslendinga. Þetta eru ekki hugarórar í þeim heimi, sem fram undan er, og ekki er einu sinni víst, að Íslendingar mundu kæra sig um það sjálfir, þegar svo væri komið. Landsbyggðin er okkar landvörn og án hennar verður hér ekki til lengdar frjáls þjóð.

Hér á Alþingi var nýlega útbýtt merkilegri ritgerð um húsnæðismál eftir útlendan sérfræðing á því sviði. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þm. hafi kynnt sér þessa ritgerð. Þar er m. a. upplýst og vakin athygli á því, að á Íslandi sé um þessar mundir næstum þrisvar sinnum meiri fólksfjölgun en að meðaltali í öðrum Vestur-Evrópulöndum. Ég hef þótzt sjá í skýrslum, að t. d. í Noregi sé hún helmingi minni en hér, eða ca. 1%. Íslenzku þjóðinni fjölgar sem sagt mjög ört í seinni tíð eða nánar tiltekið síðustu tvo áratugina. Þessi þjóð, sem stóð í stað um aldir, vex nú mjög hratt og ætti þegar af þeirri ástæðu að hafa meiri möguleika til að byggja landið. Til þess ætti ekki að skorta fólk. Ég vil skjóta því hér inn, sem nánar er rætt í grg., að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fækkun í einhverjum landshluta getur m. a. verið í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún,

sem fyrir eru, og jafnvægisstofnun ber að sjálfsögðu að hafa það í huga í starfi sínu. Jafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema litið sé á það frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þó jafnframt reynt að sjá svo um, að björgulegum byggðum verði forðað frá yfirvofandi hættu, þótt fámennar séu eða hafi dregizt aftur úr um stund.

Menn tala mikið um framleiðni um þessar mundir. Hún er að verða eins konar lausnarorð, þegar vandamál ber á góma, og væntanlega með réttu. Þetta má hins vegar ekki leiða af sér þann hugsunarhátt, að vanræktar verði þær atvinnugreinar eða þau atvinnusvið, þar sem hægt kann að vera að sýna fram á í bili, að framleiðni sé minni en annars staðar, því að hún getur verið undir ýmsu komin, m. a. verðlagsráðstöfunum þjóðfélagsins, beinum og óbeinum. En eitt af því, sem eflaust skiptir miklu, er rétta skal hlut landsbyggðarinnar, þar sem hún á í vök að verjast, er að hjálpa til að auka þar framleiðnina. Þarf varla að búast við, að þeir, sem eiga stöðugt í vök að verjast, geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að auka framleiðni sína, og í ýmsum tilfellum hlýtur framleiðniaukning að byggjast á sameiginlegum framkvæmdum, sem þjóðfélaginu ber að sjá um, en hefur ekki enn séð um.

En þrátt fyrir allt, þrátt fyrir það, þó að segja megi sjálfsagt um ýmis byggðarlög, að framleiðni sé þar minni en skyldi, er það þó tölulega sannað fyrir löngu, að mörg fámenn byggðarlög, líklega einkum við sjávarsíðuna, en einnig sums staðar í sveitum, framleiða svo mikið magn gjaldeyrisverðmæta eða gjaldeyrissparandi verðmæta í hlutfalli við fólksfjölda, að athygli vekur. Þetta stafar m. a. af því, að svo að segja hver manneskja á hvaða aldri sem er, sem vettlingi getur valdið, leggur þar framleiðslunni lið beinlínis, vinnur sjálf framleiðslustörf. Þessi byggðarlög koma áreiðanlega með sinn skerf í þjóðarbúið og meira en það. Með þetta í huga vil ég endurtaka það, að í grg. frv. stendur, að óhætt muni að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins. En það vitum við, að ýmislegt af því, sem fræðimenn telja til þjóðarframleiðslu, er þess eðlis, að margir mundu eiga örðugt að átta sig á, að það skuli til hennar talið.

Peningastofnanir og ríkisvald úthluta hér fjármagni, innlendu og aðfengnu, eftir margs konar formúlum eða reglum, ef svo mætti segja. Lán og framlög skiptast í tegundir, eins og lífverurnar í náttúrufræðibókum. Það eru veitt sérstök lán til að byggja hús hvar sem er á landinu, lán til að smíða skip, lán til að kaupa vélar, lán til að rækta jörð, lán til að afla sér skólamenntunar, lán, sem eingöngu eru ætluð einni atvinnugrein, lán til að greiða stofnkostnað o. s. frv. Með þessu frv., ef að lögum verður, er verið að festa í framkvæmd nýjan, sjálfstæðan tilgang lánveitinga og framlaga. Það mætti kalla þetta að veita landinu lán til að tryggja sér mannabyggð, þar sem það leggur sjálft fram lífsskilyrðin án sérstaks tillits til þess, hvort til þess að tryggja þessa byggð þarf að hlaða vegg, brjóta land eða leggja kjöl. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því líka, að fólksflutningarnir, sem átt hafa sér stað í landinu, standa ekki að öllu leyti eða e. t. v. ekki nema að sumu leyti í beinu sambandi við skort á framkvæmdum, atvinnulíf eða fjárhagsmál, en eflaust þó að mjög verulegu leyti. Ég tek t. d. strjálbýla sveit og að takast mætti að þétta það mikið byggðina með býlafjölgun, að öruggt sé, að sú sveit fái rafmagnið fljótlega. Slíkt getur ráðið úrslitum án efa. Ég tek t. d., að komið væri upp í sjávarþorpi atvinnugrein, sem getur miðað starfsemi sína við þann árstíma, þegar minnst er að gera við sjóinn. Þá mundu áreiðanlega færri fara að heiman. En úthlutun fjármagns í þessu skyni ber ekki árangur, nema þeirri starfsemi fylgi heill hugur og umhyggja.

Ég hygg, að jafnvægis- eða landsbyggðarstofnun eins og sú, sem við viljum koma á fót, geti líka gert fleira en setja saman áætlanir og ráðstafa fjármunum. Reynslan mundi að líkindum sýna, að þar ætti einnig að hafa með höndum fyrirgreiðslu og fræðslustarfsemi eða sem kalla mætti útbreiðslustarfsemi í þágu landsbyggðar, og slík starfsemi gæti borið árangur. Stórborgir hafa sitt seiðmagn um alla jörð og sína kosti, en alls staðar ala börn þeirra þá von í brjósti, að þeim takist að komast út fyrir borgarmúrana með hækkandi sól ár hvert, einnig hér. Lífið utan stórborganna hefur sínar björtu hliðar í sveit og við sæ. Fólk gleymir því stundum, a. m. k. í bili, eða þekkir ekki sem skyldi, og úr því mætti bæta. Um það efni ætla ég þó ekki að ræða nánar að þessu sinni.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. Ég ætla, að málið hafi verið í þeirri nefnd í fyrra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 2. marz, utan dagskrár, mælti

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hinn 16. okt. 1963 var útbýtt í þessari hv. d. frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins á þskj. 23, 23. mál Nd., flm., 6 að tölu, þm. þessarar hv. d. Hinn 21. okt. var þetta mál til umr. og því var þá vísað til hv. fjhn. þessarar d. Síðan eru liðnir 132 dagar, sem málið hefur verið til meðferðar í n., og vil ég biðja hæstv. forseta að hlutast til um, að n. skili áliti.

Forseti (SB): Forseti mun koma ósk hv. 3. þm. Norðurl. e. á framfæri við hv. fjhn.

Á 74., 75. og 76. fundi í Nd., 6., 7. og 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 23, n. 381 og 407).

Frsm. meiri hl. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess og skilar tveimur nál. Meiri hl. hefur skilað nál. á þskj. 407, en niðurstaða þess og till. n. er sú, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, eins og þar er tiltekið. Ég vil nú í stuttu máli gera grein fyrir þessu áliti meiri hl. og fara nokkrum orðum almennt um þetta mál.

Það er svo með þetta frv. um jafnvægi í byggð landsins, ásamt ýmsum öðrum áþekkum málum eða frv. og till., sem hv. flm. og flokksmenn þeirra hafa flutt nú á þessu og undanförnum þingum, að ég held, að mætti kalla þau einhvers konar iðrunar- og yfirbótaverk. Nú sé það að vísu fjarri mér að ræða um þetta mál af nokkru alvöruleysi, það á það alls ekki skilið, því að hér er um alvörumál að ræða, sem krefst alvarlegrar íhugunar. En það eru aðeins viðbrögð þeirra hv. flm. og flokksmanna þeirra, sem má segja að séu hin skoplega hlið þessa máls. Þróunin í byggð landsins hefur nú um áratugaskeið verið vandamál, sem menn hafa orðið að horfast í augu við, og það hefur verið gripið til ýmiss konar ráða til þess að freista þess að hafa áhrif á þá þróun í þá átt að draga úr hinum öru fólksflutningum úr dreifbýlinu í þéttbýlið. Oft og tíðum hefðu menn kosið, að það fjármagn, sem til þess fór, hefði verið ríflegra, en það hefur að sjálfsögðu ávallt miðazt við það, sem talið var fært hverju sinni innan ramma fjárlaga. Árið 1962 var þessum málum í fyrsta sinn skipað með lögum og fjárframlög tryggð fram í tímann um 10 ára skeið samkv. lögum. Einnig þá hefðu ýmsir kosið, að ríflegra hefði verið tiltekið, og það er von manna, að unnt verði að auka það framlag, sem lögin frá 1962 gerðu ráð fyrir, enda hefur það komið til síðan, að verðlag allt hefur hækkað, síðan framlagið var ákveðið. En hitt var í sjálfu sér veigamikið, að hér var í fyrsta skipti tekið á málinu af nokkurri festu og reynt að búa grundvöll til frambúðarskipunar. En hv. framsóknarmenn brugðu nú við, þegar þeir voru ekki lengur í stjórnaraðstöðu, báru ekki lengur ábyrgð á ríkisstj., og höfðu flutt frv., sem voru lík þessu frv., áður en þetta frv. kom fram, og sýnir það raunar vel, að það var nokkuð rétt í því, sem hv. 3. þm. Reykv. lýsti hér á Alþingi um daginn í umr. um annað mál um hin gerólíku viðbrögð þeirra til mála eftir því, hvort flokkur þeirra er í ríkisstj. eða utan ríkisstj. En ég ætla nú ekki að fara að ræða um það nánar hér. En með þessu frv. viðurkenna flm. þess raunverulega, að þeir hafi, á meðan þeir hefðu haft tök á, algerlega vanrækt að framkvæma það, sem þeir nú telja nauðsynlegt, því að öll rök þeirra fyrir nauðsyn þessarar lagasetningar áttu ekki síður við, þegar flokkur þeirra var í ríkisstj. og réð mestu um fjármálastjórn í landinu. Í þessu ljósi verður að skoða þetta frv. þeirra hv. flm. þess. En við skulum líta aðeins örstutt á vandamálið sjálft.

Ef litið er á þróun byggðarinnar í landinu, það sem af er þessari öld, munum við finna greinilegar hliðstæður eða svipaða þróun mjög víða erlendis, a. m. k. alls staðar í hinum atvinnulega þróuðu löndum. Sá er þó meginmunur á, þegar sá samanburður er gerður, að t. d. í löndum Evrópu hefur hin mikla röskun í byggð landanna verið að gerast á miklu lengri tíma en hér hjá okkur. Það hefur verið að gerast nánast undanfarnar tvær aldir, eða frá því að iðnbyltingin hófst. Hér hjá okkur hefur breytingin gerzt á mjög skömmum tíma eða segja má á þessari öld, eða rúmlega hálfri öld, og að vissu leyti skapar það þeim mun erfiðari vandamál. Sú röskun, sem orðið hefur á byggð landanna, er að meginstefnu til fólgin í fólksflutningum úr sveitunum og strjálbýlinu yfirleitt til borganna, þéttbýlisins, þar sem uppvaxandi iðnaður hefur sífellt kallað á fleiri hendur til starfa. Þau vandamál og sú félagslega hætta, sem því eru samfara, að slíkir stórfelldir fólksflutningar eigi sér stað, sem og mikil samansöfnun fólks í þéttbýli, hefur löngum verið mönnum ærið umhugsunarefni. Hins vegar var það almennt viðurkennt, að þessi þróun var forsendan fyrir þeim stórkostlegu efnahagslegu framförum, sem orðið hafa í heiminum á þessu tímabili.

Eins og ég gat um áðan, var breytingin hér á landi ekki síður byltingarkennd en í nágrannalöndunum, nema frekar væri. Fyrst í stað lá fólksstraumurinn úr sveitinni að sjónum, þegar uppbygging sjávarútvegsins hófst fyrir alvöru á öndverðri þessari öld. En þessir fólksflutningar áttu sér ekki stað jafnt í öllum hlutum landsins. Smám saman óx aðdráttaraflið þar, sem reynslan sýndi, að aflavonin var mest. Þangað safnaðist fiskiskipaflotinn, og þar skapaðist þéttbýlið, sem byggði afkomu sína á útgerð og fiskvinnslu. Þessu fylgdi svo einnig uppbygging margs konar iðnaðar og þjónustustarfsemi, sem jafnan fylgir slíkri þróun atvinnuveganna og þéttbýlinu. En einnig hér á landi er það ljóst, að þessi þróun atvinnuveganna, sem varð m. a. fyrir tilflutning fólksins, var forsendan fyrir þeirri öru efnahagsþróun, sem orðið hefur undanfarna áratugi og hefur leitt til þess, að þjóðin öll og einnig og ekki síður sá hluti hennar, sem í dreifbýlinu býr, hefur komizt frá fátækt til meiri almennrar velmegunar en nokkru sinni fyrr, og verður því raunar ekki líkt við neitt, sem áður hefur þekkzt í því efni. En þrátt fyrir þetta fer ekki hjá því, að mönnum hefur verið það áhyggjuefni, hvernig byggðin hefur þróazt. Þó að mikil ný verðmæti hafi skapazt vegna þróunar atvinnuveganna og þéttbýlisins, hafa einnig mikil verðmæti glatazt eða að engu orðið vegna hinna miklu fólksflutninga. Einnig hefur það orðið mönnum áhyggjuefni, að segja má, að dregið hafi til landauðnar í sumum sveitum og í heilum landshlutum hefur orðið að horfa upp á það, að íbúum hefur annaðhvort fjölgað mjög lítið eða beinlínis fækkað á síðustu áratugum. Í grg. með því frv., sem hér liggur fyrir, er sýnt með tölum og hundraðshlutum, hvernig íbúatalan hefur breytzt frá árinu 1940 til ársins 1962, sem er síðasta árið, sem manntalsskýrslur eru til um. Er landinu skipt í þessu yfirliti í grg. í sex hluta. Vissulega sýna þessar tölur miklar breytingar. En það er nú svo með tölur, að með þeim má ýmislegt sýna og vandfarið með þær, svo

að þær gefi rétta og óyggjandi mynd af því, sem þær eiga að sýna. Með tölum þessum er í fyrsta lagi gefið í skyn, að sú þróun, sem þær sýna, hafi byrjað 1940. Þetta er ekki sagt berum orðum, en með því að stilla tölunum upp eins og gert er eða minnast ekkert á það, sem var fyrir þann tíma, er þetta að vissu leyti gefið í skyn. Með því að sleppa öllu, sem gerzt hefur á tímabilinu 1940—1962, er einnig gefið í skyn, að þróunin haldi enn áfram á sama hátt. Þetta er ekki heldur sagt berum orðum með þessum tölum, en framsetningin öll gefur það í skyn. En hvað sjáum við, ef við gáum svolítið nánar á bak við þessar tölur og dálítið lengra aftur í tímann en þær sýna? Á tveggja áratuga tímabili fyrir árið 1940 fór íbúum fækkandi í fjórum af þeim sex landshlutum, sem í skýrslunni eru. Fjölgun varð aðeins á Norðurlandi og í Kjalarnesþingi. En mest var fækkun íbúanna á Vestfjörðum, að vísu ekki nema rúmlega 3%. Hins vegar sýnir seinna tímabilið samkv. yfirlitinu í grg. með frv., að fjölgun hefur orðið í öllum landshlutum nema á Vestfjörðum, en þar hefur íbúum fækkað á 22 ára tímabili um nær 19%. En einnig hér er fróðlegt að athuga þróunina nánar. Á Vestfjörðum var fólksfækkunin mest á tímabilinu fram til 1955, en þá nam hún nærri 18% af þessum 19, sem er á öllu tímabilinu, 22 árum. Næstu árin þar á eftir fer íbúum að vísu fækkandi, en meira hægfara, og eftir 1958 hefur sú litla breyting, sem orðið hefur, verið heldur upp á við. Þessar tölur virðast benda til þess, að sú þróun, sem verið hefur nú um áratuga skeið í þessum landshluta, sé að snúast við. Í öðrum landshlutum er þó enn greinilegra, að þróunin hefur tekið breytingum á seinustu árum. Á Vesturlandi var að heita mátti óbreytt íbúatala á áratugnum 1940—1950, en næstu 12 árin verður fólksfjölgun, sem nemur nær 23% í þeim landshluta og fer heldur vaxandi hlutfallslega, eftir því sem líður á tímabilið. Á Norðurlandi, sem var, eins og áður segir, eini landshlutinn utan Kjalarnesþings, sem sýndi fólksfjölgun á áratugunum tveimur fyrir 1940, hefur þróunin gengið í svipaða átt, þótt heldur hægara sé, og a. m. k. greinilega snúið við eftir 1955, en næstu 5 ár þar á undan hafði fólki farið fækkandi á Norðurlandi. Á Austurlandi mátti heita kyrrstaða á tímabilinu frá 1945—1955, og hafði þá orðið fækkun frá árinu 1940. En einnig hér tekur fólkinu að fjölga eftir 1955. Loks er svo Suðurland, austanfjalls, en þar var að heita mátti óbreytt íbúatala á áratugnum 1940—1950. Eftir það hefur verið stöðug aukning fólksfjölda í þessum landshluta.

Ég hef með þessum tölum viljað vekja athygli á því, að þróun íbúatölunnar í hinum ýmsu landshlutum er með nokkuð öðrum hætti en maður fær hugmynd um með því að sjá aðeins þær tölur, sem nefndar eru í skýrslunni í grg. með frv. Í öllum tilfellum, en þó misjafnlega mikið, kemur í ljós, að á síðustu árum hefur orðið sú breyting á stefnu þróunarinnar, að í stað þess, að áður lá hún niður á við, liggur hún nú upp á við og það er þó allténd í rétta átt með tilliti til meira jafnvægis í byggðinni. Með þessu vil ég þó á engan hátt segja, að þar með sé þetta vandamál leyst eða ekki lengur fyrir hendi. Svo er ekki. Hins vegar gefur þetta tilefni til að ítreka það, sem ég drap á áður, að hafi þróun síðustu ára gert þetta frv. nauðsynlegt, þá voru öll rök fyrir því miklum mun sterkari á þeim árum, þegar þróunin í byggðinni var til vaxandi misvægis, en þá voru einmitt, eins og ég gat um áðan, aðstandendur þessa frv. mestu ráðandi um fjármálastjórnina í landinu. Þá var og ekki til nein lagasetning um þessi mál, en núv. ríkisstj. hefur einmitt beitt sér fyrir lagasetningu, þar sem séð er fyrir nokkru fjármagni fram í tímann í því skyni að stuðla að auknu jafnvægi í byggðinni.

Nú má ekki heldur líta á þau lög, sem nú gilda um atvinnubótasjóð, né heldur þetta frv., sem einangrað fyrirbrigði og telja, að með setningu laganna eða samþykkt þessa frv. væri séð fyrir öllum þörfum að því er snerti jafnvægi í byggð landsins. Það er margt fleira, sem gera þarf og gert hefur verið og gert er, sem hefur ekki síður mikla þýðingu í þá átt að auka jafnvægi í byggðinni, og þannig á þetta líka að vera. Við skulum aðeins líta á fá atriði, sem sýna þetta. Á þessu þingi hafa verið sett ný vegalög t. d., hin merkasta lagasetning. Samkv. þeim eru fyrirhugaðar miklum mun meiri framkvæmdir í vegamálum en nokkru sinni fyrr og séð fyrir stórauknum tekjum til þeirra framkvæmda. Fyrir hinar dreifðari byggðir hefur þessi lagasetning stórkostlega þýðingu. Á s. l. ári fékk ríkisstj. stórt erlent framkvæmdalán, sem varið hefur verið til margvíslegra framkvæmda beint og óbeint á sviði atvinnulífsins. Má þar til nefna raforkuframkvæmdir og undirbúning raforkuframkvæmda, sem hafa munu mikla þýðingu fyrir landsbyggðina, einnig hafnarframkvæmdir, þar sem meginhluti eða verulegur hluti fjármagnsins hefur runnið til framkvæmda á svæðinu utan Kjalarnesþings. Má segja, að meira en ⅔ hlutar þess fjármagns, sem af framkvæmdaláninu fékkst, hafi runnið til framkvæmda, sem beint eða beint munu stuðla að meira jafnvægi í byggðinni. Síðasta dæmið um þetta er svo frv., sem liggur hér fyrir þinginu nú um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem getur komið til með að hafa mikla þýðingu fyrir byggðina á Norðurlandi austan til, bæði vegna þeirrar verksmiðju, sem þar rís upp, og eins vegna þess iðnaðar, sem hugsanlegur er í sambandi við það, og ýmiss konar atvinnustarfsemi, sem væntanlega gæti fylgt því.

Hér voru aðeins nefnd þessi þrjú atriði, en ef athugað væri, hvað ýmsir fjárfestingarsjóðir hafa lagt af mörkum í þessu sama skyni, mundi koma í ljós, að þar er um mjög verulegar upphæðir að ræða.

Í umr. um hið margumtalaða jafnvægi í byggð landsins á undanförnum árum hefur ekki verið hægt að segja, að mikið hafi verið um það, að fram hafi komið fastmótaðar hugmyndir um lausn þeirra vandamála, sem því eru tengd, enda kannske varla von til þess, að það hafi getað orðið. Þetta hefur verið að mótast í hugum manna langan tíma. Verkefnin eru líka ekki alltaf þau sömu. Þau blasa við misjafnlega, eftir

því sem tímarnir breytast. Nú nýlega gerðist það svo, að um þetta birtist grein í tímariti Seðlabankans eftir Valdimar Kristinsson viðskiptafræðing. Þar er á glöggan hátt fjallað um, á hvern hátt mætti hafa áhrif á dreifingu byggðarinnar og þróun byggðarinnar með myndun svokallaðra þróunarsvæða. Þá má einnig minna á það, að nú á sér stað sérstök athugun á þessum málum að því er Vestfirði snertir, svo sem fram kom nýlega í umr. um það efni hér á hv. Alþ. Er einmitt ekki óliklegt, að slíkar athuganir gætu leitt til raunhæfrar niðurstöðu um þær leiðir, sem vænlegastar væru til lausnar þessu vandamáli, og eigi ekki alls staðar hið sama við og því sé nauðsynlegt að gera slíkar athuganir sem þarna er um að ræða.

Eins og fram kemur í áliti meiri hl. fjhn., telur hann, að eins og nú horfir sé ekki þörf nýrrar lagasetningar um þessi efni, þar sem lögin um atvinnubótasjóð hafi þann tilgang fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og þess vegna, eins og ég gat um áðan í upphafi máls míns, leggur meiri hl. til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, eins og segir í **nál.**

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til 2. umr., var lagt fram í upphafi þessa þings í októbermánuði í haust. 1. umr. um það fór fram hér í þd. 21. okt. og þann dag var því vísað til fjhn. Síðan er nú langur tími liðinn, hátt á sjötta mánuð, og um það bil 5 mánuðir liðu frá því að frv. var vísað til n. og þangað til nál. var skilað. Má því ætla, að málið hafi fengið rækilega athugun hjá okkur nm. í fjhn.

Því miður tókst ekki á þessum fimm mánuðum að ná samkomulagi í n. um till. í málinu. Afleiðingin af því er sú, að hér liggja fyrir tvö nál. Annað nál. er á þskj. 381 frá minni hl. n., mér og hv. 11. þm. Reykv. Við mælum þar með því, að frv. verði samþ. Hinir þrír nm., fulltrúar stjórnarflokkanna, leggja til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá, sem þeir nefna svo, og er hún birt í nál. þeirra á þskj. 407. Hefur frsm. meiri hl., hv. 6 landsk. þm. (DÓ), þegar gert grein fyrir þeirri till.

Við 1. umr. um frv. hér í d., 21. okt. í haust, flutti 1. flm. þess, hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG), mjög yfirgripsmikla og glögga ræðu um málið. Hann sýndi þar með ljósum rökum þörf þjóðarinnar fyrir þær ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem frv. fjallar um. Ég get því verið fáorðari en ella um málið almennt, vil þó með nokkrum orðum rifja upp fyrir mönnum aðalatriði frv.

Frv. er í tveimur köflum. Sá fyrri er um tilgang l. og störf jafnvægisnefndar. Til þess er ætlazt, að Alþ. kjósi að loknum alþingiskosningum hverju sinni fimm aðalmenn og fimm til vara í jafnvægisnefnd. Það sé verkefni n. að annast framkvæmdir samkv. l., en í 1. gr. frv. segir, að tilgangur l. sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

II. kafli frv. er um jafnvægissjóð, sem á að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang l. Sjóðurinn á að fá 1½% af tekjum ríkissjóðs samkv. ríkisreikningi ár hvert til starfsemi sinnar. Sjóðurinn á fyrst og fremst að veita lán til framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en þó er einnig heimilt að veita beina styrki úr sjóðnum, ef sérstaklega stendur á. Samkv. 14. gr. frv. er til þess ætlazt, að jafnvægisnefnd fái einnig heimild, ef sérstaklega stendur á, til að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang l., enda séu a. m. k. 4 nm. því samþykkir og að þeirra dómi og hluteigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

Eins og áður segir og fram kemur í nál. á þskj. 381, er það till. okkar í minni hl. fjhn., að frv. þetta verði samþ. Við lítum svo á, að nauðsynlegt sé að hefja nú þegar þær framkvæmdir, sem frv. gerir ráð fyrir, og að það fjármagn, sem til þeirra verður varið, muni skila sér aftur með vöxtum og vaxtavöxtum í vaxandi framleiðslu- og þjóðartekjum til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Hér er þó ekki eingöngu um efnahagsmál að ræða, síður en svo. Þær ráðstafanir, sem stefnt er að með flutningi frv., eru einnig lífsnauðsynlegar til viðhalds sjálfstæði og menningu þjóðarinnar.

Ekki er það skoðun þeirra manna, sem beita sér fyrir jafnvægi í byggð landsins, að búseta þurfi að haldast á hverju einstöku býli, sem byggt hefur verið að undanförnu, og að því beri að vinna. Aðalmarkmiðið er að koma í veg fyrir, að góðar sveitir og sjávarþorp, þar sem álitleg framleiðsluskilyrði eru, leggist í auðn. Það er mjög óheillavænlegt, ef slíkar byggðir eyðast að fólki, og mikil nauðsyn, að án tafar séu gerðar ráðstafanir til að hindra slíkt. Það er ekki aðeins hagsmunamál þeirra, sem nú búa á þeim svæðum, sem hættan á burtflutningi fólks vofir yfir, heldur er það þýðingarmikið fyrir alla þjóðina og ætti því að vera áhugamál allra landsmanna. Útvega þarf fjármagn til að efla atvinnulíf í þeim landshlutum, þar sem góð atvinnuskilyrði og afkomuskilyrði eru fyrir hendi, en hætta er á fólksfækkun. Það þarf að auka ræktun landsins, framleiðslu í sveitunum, en jafnframt að efla atvinnulífið í sjávarþorpum og kauptúnum á þessum svæðum og koma upp þéttbýlisstöðvum, sem gætu orðið miðstöðvar iðnaðar, viðskipta og menningarlífs fyrir nálægar byggðir. Þetta er sú stefna, sem mörkuð er í frv., sem hér liggur fyrir. Það er sú stefna, að gæði landsins og fiskimiðin umhverfis landið verði notuð, hvar sem þau eru, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og að öll byggileg landssvæði skuli setin. Því aðeins getur þjóðin vænzt þess, að hún fái að eiga þetta góða land í framtíðinni, að hún noti gæði þess og haldi við búsetu á öllum byggilegum svæðum þess, en ekki

aðeins á litlum hluta landsins. Vitanlega þarf fleira að gera til að stuðla að byggðajafnvægi í landinu en að efla atvinnulífið, eins og stefnt er að með flutningi frv., sem hér er til umr. Það er vel ljóst. Lífsþægindin og lífskjörin þurfa að verða sem jöfnust um land allt. Þess vegna þarf t. d. að ljúka rafvæðingu landsbyggðarinnar á allra næstu árum, einnig að bæta vegakerfið, sjá fyrir sem beztri heilbrigðisþjónustu hvar sem er á landinu og gera möguleika unga fólksins til menntunar sem bezta og jafnasta um land allt. Sé þetta ekki gert, heldur fólkið áfram að flytjast á milli landshluta í leit að betra og þægilegra lífi. Þannig þarf að gera margt fleira en það, sem um ræðir í þessu frv., til að halda landinu í byggð. En það dregur ekkert úr gildi eða þörf þeirra framkvæmda, sem stefnt er að með frv., sem hér liggur fyrir.

Í nál. hv. meiri hl. fjhn. er fyrst nokkuð rætt um orsakir fólksflutninganna milli landshluta. Síðan segir í álitinu, að mönnum hafi verið þessir miklu fólksflutningar áhyggjuefni, þar sem dregið hafi til landauðnar í sumum sveitum og heilir landshlutar hafi orðið að horfa upp á það, að íbúum þar hefur annaðhvort fjölgað mjög lítið eða beinlínis fækkað á síðustu tveimur áratugum, þegar fólksflutningarnir hafa verið hvað örastir. Af þessum ummælum í nál. hefði mátt ætla, að meiri hl. vildi ljá því lið, að gerðar væru ráðstafanir til að stöðva eða draga úr þessum miklu fólksflutningum og létta þannig áhyggjum af mönnum. En því miður er framhaldið hjá þeim á annan veg. Síðar í nál. meiri hl. er getið um lögin um atvinnubótasjóð, er sett voru 1962. Og í framhaldi af því segir svo í nál., með leyfi hæstv. forseta: „Að meginstefnu til er ekki hægt að segja, að neinn teljandi munur sé á þessum lögum og því frv., sem hér liggur fyrir.“

Hér er ekki rétt frá skýrt í áliti meiri hl. En þessi ranga fullyrðing er síðan notuð til stuðnings þeirri frávísunartill., sem meiri hl. leggur fram í nál. sínu. Það er ekki rétt, sem segir í áliti og till. meiri hl., að tilgangur l. um atvinnubótasjóð sé fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þetta sést við athugun á því, hvernig fjárveitingum úr atvinnubótasjóði er hagað. Samkv. l. leggur ríkissjóður atvinnubótasjóði til 10 millj. kr. ár hvert. En í fyrravor þótti nauðsynlegt að hafa nokkru meira fé til úthlutunar úr sjóðnum í það sinn. Ég býst við, að hv. þdm. geti gizkað á, af hverju það stafaði. Þá var gripið til þess ráðs að úthluta rúmlega 5 millj. kr. umfram fjárveitinguna á árinu 1963 og um talað, að sú upphæð yrði dregin frá fjárveitingunni til sjóðsins árið 1964. Ég hef fengið upplýsingar um skiptingu á þessu fé, sem úthlutað var árið 1963 úr atvinnubótasjóði. Heildarupphæð þess var 15 millj. 395 þús. kr. Meira en helmingurinn af því, eða 8 millj. 190 þús. kr., fór sem lán til báta- og skipakaupa. Af því lánsfé fór meira en helmingurinn, eða 5 millj. og 50 þús., til Reykjavíkur, Reykjaneskjördæmis, Akraness og Vestmannaeyja, en samtals 3 millj. 140 þús. til útgerðarstaða annars staðar á landinu. Ég hef hér einnig yfirlit, sem sýnir, hvernig fjárveitingarnar úr atvinnubótasjóði árið 1963 skiptust á milli kjördæma landsins. Sú skýrsla lítur þannig út:

Í Vestfjarðakjördæmi fóru 3 millj. 305 þús.

Í Reykjaneskjördæmi 2 millj. 990 þús.

Í Norðurlandskjördæmi eystra 2 millj. 755 þús.

Í Vesturlandskjördæmi 1 millj. 685 þús.

Í Norðurlandskjördæmi vestra 1 millj. 415 þús.

Í Austurlandskjördæmi 1 millj. 360 þús.

Í Reykjavíkurkjördæmi 985 þús.

Í Suðurlandskjördæmi 900 þús., aðallega til Vestmannaeyja.

Alls eru þetta, eins og ég sagði áðan, 15 millj. 395 þús. kr. Kjördæmunum er hér raðað þannig, að það er sett efst á listann, sem fékk mest úr atvinnubótasjóði, en neðst það kjördæmi, sem minnst fékk. Reykjaneskjördæmi er hér í næstefsta sæti með nærri 3 millj. kr. Það fær meira í sinn hlut en Norðurl. e. og það fær meira en Norðurl. v. og Austurlandskjördæmi bæði til samans. Þó er það svo, að fólksstraumurinn hefur legið til Reykjaneskjördæmis og Reykjavíkur á liðnum árum úr öllum öðrum kjördæmum.

Af því, sem hér hefur verið nefnt, má glöggt sjá, að það er ekki fyrst og fremst verkefni atvinnubótasjóðs að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þó að meiri hl. fjhn. haldi því fram, að svo sé.

Það, sem ég hef hér sagt, ber alls ekki að skoða sem ádeilu á stjórn atvinnubótasjóðs eða löggjöfina um þann sjóð. Starfsemi atvinnubótasjóðs á rétt á sér og heldur áfram, þó að frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. En ég hef hér sýnt fram á, að atvinnubótasjóður leysir alls ekki þá brýnu þörf, sem er fyrir ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og því er nauðsynlegt að setja ný lög um þær framkvæmdir og veita fé til þeirra, eins og lagt er til í þessu frv. Og þó að þetta frv. verði samþ., er eftir sem áður þörf á að auka fjárráð atvinnubótasjóðs, því að hann er nú lítils megnugur til að sinna þeim verkefnum, sem hann hefur með höndum, vegna þess, hve fjárveitingar til hans eru takmarkaðar. Eins og áður er nefnt, fór meiri hl. af fé sjóðsins árið sem leið í lánveitingar til báta- og skipakaupa. Hámark einstakra lána til skipakaupa var 200 þús. kr. Það segir lítið til kaupa á skipi, sem kostar allt upp í 10 millj. En í þessari ógurlegu dýrtíð, sem búið er að skapa hér á landi, hafa menn vissulega þörf fyrir stuðning til skipakaupa og annarra framkvæmda vegna framleiðslustarfseminnar, og sá stuðningur þyrfti að vera miklu meiri en atvinnubótasjóður er nú fær um að veita.

Ég hef áður getið þess, að árið 1963 var eytt fyrir fram meira en helmingnum af fjárveitingum ríkisins til atvinnubótasjóðs árið 1964. Þegar búið er að borga þessa skuld frá fyrra ári, hefur atvinnubótasjóður aðeins eftir 4 millj. 605 þús. kr. af fjárveitingunni til ráðstöfunar á árinu, sem nú er að líða. Ekki verða

stórvirki unnin fyrir þá fjárhæð nú á tímum, og ekki er ástæða til að öfunda stjórn atvinnubótasjóðs af því viðfangsefni að skipta því fé á milli landsmanna.

Áður en l. um atvinnubótasjóð voru sett, hafði verið veitt fé á fjárl. í nokkur ár til atvinnu- og framleiðsluaukningar. Ég held, að ég muni rétt, að þetta hafi hafizt árið 1955 og verið síðan gert. Hæst var þessi fjárveiting árið 1957, 15 millj. kr. Það var 1.8—1.9% af ríkistekjunum á því ári. Framlagið til atvinnubótasjóðs á þessu ári, 10 millj. kr., verður fráleitt meira en 3—4‰ af tekjum ríkissjóðs í ár. Í frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að framlagið til jafnvægissjóðs verði 1½% af árlegum tekjum ríkissjóðs. Þannig mundi samanlagt framlag ríkissjóðs á þessu ári til jafnvægissjóðs og atvinnubótasjóðs ekki verða tiltölulega meira en ríkið lagði fram til atvinnu- og framleiðsluaukningar 1957, miðað við heildartekjur ríkissjóðs. Af þessu sést, að allt tal hv. 6. landsk. þm. í framsöguræðunni hér áðan um það, að framsóknarmenn höguðu sér allt öðruvísi í þessum málum, þegar þeir væru í stjórnarandstöðu, en þegar þeir ættu þátt í ríkisstj., er alveg út í hött, hefur ekki við neitt að styðjast. Þó að frv. okkar væri samþykkt og fé veitt samkv. því og þó að þar væri bætt við framlaginu til atvinnubótasjóðs, yrði fjárveitingin ekki hlutfallslega meiri miðað við ríkistekjurnar nú en hún var 1957, á tímum vinstri stjórnarinnar, svo að það er fullt samræmi í þessum till. okkar.

Af því, sem ég hef hér sagt, má sjá, að fjárkröfum á ríkissjóð er mjög stillt í hóf í þessu frv. En þó að ekki sé lengra gengið, er enginn vafi á því, að samþykkt þessa frv. mundi gera stórmikið gagn og bæta verulega úr brýnni þörf fyrir framkvæmdir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins á næstu árum. Ég hafði gert mér nokkrar vonir um, að viðbrögð meiri hl. fjhn. í þessu máli yrðu önnur og betri en nál. á þskj. 407 sýnir. Þær vonir byggði ég einkum á því, að í blöðum stjórnarflokkanna hafa stundum að undanförnu birzt ritstjórnargreinar og pistlar um þessi efni, þar sem virtist koma fram skilningur á því, að þörf væri fyrir ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þetta hefur t. d. mátt sjá í Morgunblaðinu í vetur. Og laugardaginn 4. þ. m. birtist ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu, sem var eftirtektarverð. Þar segir í upphafi, að á síðari árum hafi oft verið talað um jafnvægi í byggð landsins, en í því felist sú ósk íslenzku þjóðarinnar að byggja landið allt og tryggja öllum sem jafnasta aðstöðu í lífsbaráttunni, hvort sem er á Vestfjörðum, Austurlandi eða í Reykjavík. Síðan segir í blaðinu í þessari ritstjórnargrein, að hér sé stefnt að skynsamlegri og hagkvæmri dreifingu byggðarinnar í von um, að í framtíðinni þurfi ekki 90% þjóðarinnar að þjappa sér saman í Reykjavík og nágrenni. Í framhaldi af þessu segir síðan, að ýmislegt hafi verið gert í þessu skyni, en svo er bætt við þessum orðum: „Sýnilega verður þó að gera mun betur, ef duga skal“. Og enn segir í ritstjórnargrein Alþýðublaðsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Flestar aðrar þjóðir eiga við sama vandamál að stríða. Það stafar ekki eingöngu af rýrum landkostum á útnesjum, heldur á sér félagslegar rætur í nútímalífi. Þess vegna hefur verið gripið til mjög róttækra ráðstafana í löndum eins og Bretlandi og Frakklandi. Ef fyrirtæki vill reisa verksmiðju eða stækka gamla verksmiðju í London, verður að fá til þess leyfi yfirvalda. Mjög oft er synjað um slíkt leyfi, en sagt: Þessa verksmiðju má reisa á Norður-Englandi, þar sem atvinnulífið og byggðin þarf hennar meira en London. Ef það er gert, greiðir ríkisvaldið kostnað við slíka staðsetningu umfram byggingu í London. Sömu sögu er að segja í París. Þar er alvarlegum höftum beitt til að dreifa nýjum atvinnufyrirtækjum um landið og hindra aukinn vöxt stórborga. Þar sem ríkisafskipti eru pólitísk deilumál, er rétt að minna á, að þessum höftum er miskunnarlaust beitt í Bretlandi og Frakklandi af mjög hægri sinnuðum ríkisstj.“ — og í framhaldi af þessu talað um brezka íhaldsflokkinn.

Og niðurlagið í þessari ritstjórnargrein er þannig: „Af þessu má marka, að ekki dugir að láta pólitiskar kreddur standa í vegi fyrir því, að ríkisvaldinu sé beitt eins mikið og til þarf, þegar um lausn alvarlegra vandamála er að ræða. Hér á landi verður að líta á dreifingu byggðarinnar sem vandamál, er krefst mun róttækari aðgerða en hingað til hafa verið reyndar. Verður að velja fyrst ákveðna staði, sem hafa góð skilyrði, og skapa þar öfluga þéttbýliskjarna, sem gætu skapað festu í heila fjórðunga, og byggja þá skipulega upp.“

Þannig endar þessi ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu 4. apríl. Ég verð að segja það, að hér er skynsamlega skrifað um þetta stóra mál. En það vil ég að lokum segja, að ef þeir menn, sem þannig skrifa um nauðsyn þess að vinna að jafnvægi í byggð landsins, greiða atkv. með frávísunartill. meiri hl. fjhn. í þessu máli, þá er mikið ósamræmi, mjög mikið ósamræmi í orðum þeirra og athöfnum.

Það er till. okkar, minni hl. fjhn., herra forseti, að frv. þetta verði samþykkt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það mun margur hv. þm. furða sig stórlega á frávísunartillögu þeirri, sem hv. meiri hl. fjhn. hefur borið fram í því máli, sem hér er til umr., en að till. mun ég aðeins víkja síðar, en vil leyfa mér áður að drepa lítils háttar á málið í heild og m. a. sögu þess og meðferð á Alþingi og í ríkisstjórnum, síðan hið opinbera viðurkenndi í verki með fjárframlögum, að óhjákvæmilegt væri að eiga nokkurn beinan þátt í að stuðla að því, sem kallað er jafnvægi í byggð landsins.

Það er öllum vitanlegt, að undirstaðan að eflingu þéttbýlisins og þá fyrst og fremst hér við Faxaflóa stafar frá fólks- og fjármagnsflutningum úr hinum dreifðu byggðum. Þessi blóðtaka sveita og sjávarþorpa til þéttbýlisins var þó fyrstu áratugi þessarar aldar tæplega svo ör, að telja mætti til þjóðfélagsvandamála. En á árum síðari heimsstyrjaldarinnar varð á þessu mjög alvarleg breyting, svo að segja má, að stappaði nærri þjóðfélagsbyltingu á þessu sviði.

Fólksflutningarnir og fjárflóttinn úr byggðum landsins á þessum árum og þá mest til Reykjavíkur og nágrennis olli sköpum fyrir dreifbýlið, og að stríðsárunum loknum hélt skriðan áfram með fullum þunga, þótt þá hefði sennilega verið tækifæri til að draga úr henni, ef sú ríkisstj., sem tók að sér að dreifa hinum svokallaða stríðsgróða, hefði haft vilja og skilning á að hlynna þá meir en raun bar vitni að framförum og atvinnuuppbyggingu í sveitum landsins og sjávarþorpum. Það var hins vegar ekki gert. Öfugþróunin í þessum efnum hélt áfram. Mörg þorpin héngu sem kallað er á horriminni og virtust tæplega eiga viðreisnarvon, og sama var að segja um sveitabyggðir, sem víðs vegar um landið tæmdust óðfluga. Landsbyggðin grisjaðist iskyggilega og sumar byggðir lögðust nær eða alveg í eyði.

Eftir að nýsköpunarstjórnin lét af völdum og áhrifa frá dreifbýlinu fór meir og meir að gæta í stjórn landsins, var í auknum mæli farið að sinna meir en áður brýnustu nauðsynjamálum dreifbýlisins, og koma þar í fyrstu röð þær framkvæmdir, sem voru undirstöðuatriði fyrir landsbyggðina, að fá hafnir, vegi, brýr, síma o. fl., o. fl. En auðvitað var þetta ekki nóg, dreifbýlisfólkið þurfti að fá aðstoð til að byggja upp atvinnutæki sín, ekki síst í sjávarþorpunum. Til þess og til nauðsynlegustu aðgerða í ýmsum sveitum landsins þurfti hið opinbera að leggja fram fé, mest með hagkvæmum lánskjörum og einnig sem beinan styrk, þar sem og þegar mikla nauðsyn bar til.

Fyrir því átti Framsfl. frumkvæðið að því, að tekin var upp í fjárl. 1955 nokkur fjárhæð til þess, eins og það var orðað, „að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu.“ Vafalaust má telja, að þessi byrjunarfjárveiting hafi í upphafi verið of lítil, en hún nam þó meira en 1% af fjárlagaupphæð þess árs. Telja má, að þessi fjárveiting hafi markað merkileg tímamót í viðhorfi hins opinbera til dreifbýlisins, ekki eingöngu fyrir þá fjárhagslegu þýðingu, sem þetta fjármagn hafði fyrir aðþrengdar og getulitlar byggðir, að byggja upp nauðsynleg atvinnutæki, heldur ekki síður fyrir það, að með þessu viðurkenndi hið opinbera skyldu sína að eiga raunhæfan þátt í að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, reyna að fyrirbyggja, að lífvænlegar byggðir legðust frekar en orðið var í eyði, og gera fólkinu, sem eftir var þar, mögulegt að lifa og starfa áfram í sínum heimabyggðum.

Fjárveiting þessi 1955 var ekki veitt í neinu ölmususkyni, heldur túlkaði hún þjóðhagslegt viðhorf og nauðsyn, að þjóðin hefði ekki efni á öðru en að halda byggðinni við, bæði til þess að hægt væri að nýta hinar miklu auðlindir landsins til sjávar og sveita og enn fremur, auk margs annars, að þjóðin mætti ekki vera án margvíslegra uppeldislegra og menningarlegra skilyrða, sem dreifbýlið hafði upp á að bjóða, m. a. til hagsbóta þéttbýlinu.

Hér var ekki heldur um að ræða að gera tilraun til að greiða þá skuld, sem þéttbýlið er í við dreifbýlið að hafa alið upp hundruð og þúsundir af ungu, mannvænlegu fólki, sem svo jafnharðan fluttist í þéttbýlið, þegar það var þess umkomið að fara að vinna sinni heimabyggð, og ekki var heldur um að ræða að bæta dreifbýlinu þau hundruð milljóna, sem fólkið hafði flutt með sér til þéttbýlisins. Það lá ekki heldur til grundvallar þessum afskiptum hins opinbera að stuðla með fjárframlögum og vinna að jafnvægi í byggð landsins, að bæta þá öfugþróun, að einstaklingar og fyrirtæki töldu og telja sig enn ekki hafa aðstöðu til að starfrækja atvinnurekstur, svo sem heildsölur, skipafélög o. fl., o. fl., annars staðar en í Reykjavík, en afleiðing þess er og hefur auðvitað verið sú, að fé dreifbýlismanna hefur einnig eftir margvíslegum slíkum leiðum sogazt til Reykjavíkur og þéttbýlisins þar í kring. Að ég svo ekki tali um það viðhorf ríkisvaldsins fyrr og síðar að staðsetja svo að segja allt ríkisbáknið ásamt yfirstjórn allra peningamála landsins hér í Reykjavík.

Skuld þjóðfélagsins og þéttbýlisins við dreifbýlið í þessum efnum er eftir sem áður ógreidd, þótt nú væri lögð fram lágmarksfjárhæð til að reyna að afstýra því, að landsbyggðin legðist í meiri auðn en orðið er. Slíkt væri aðeins sams konar búhyggindi og bóndans, sem gerir svo vel við mjólkurkýr sínar, að þær þrífist og skili sem beztri nyt.

Dreifbýlið hefur löngum verið ein af farsælustu mjólkurkúm þjóðfélagsins, ef rétt er á litið, og sömuleiðis þéttbýlisins, sem í eðli sínu er gott og nauðsynlegt í nútímaþjóðfélagi. Þess hefur aðeins ekki verið gætt að stuðla fremur en annars staðar að heilbrigðu og heppilegu jafnvægi milli þéttbýlis og dreifbýlis, þannig að það fái að njóta sín, heldur hefur þéttbýlið, eins og kunnugt er, hrúgazt saman á einu horni landsins, hér við Faxaflóa og í Reykjavík, með þeim afleiðingum, sem allir þekkja. Og svo er svart í álinn í þessum efnum, að núverandi ráðamenn þjóðarinnar kveinka sér jafnvel undan því og vilja drepa á dreif þeirri tiltölulega litlu kröfu úr tveimur verst settu landsfjórðungunum að fá menntaskóla staðsettan í byggðum þeirra.

Fjárveitingin, sem var tekin upp 1955 til jafnvægis í byggð landsins, stóð svo í stað að mestu hvað fjárhæð snertir þar til 1957, en þá hækkaði hún upp í 15 millj., eins og áður hefur verið getið af hv. frsm. minni hl. n. Og þessi fjárhæð mun hafa numið um 2% af fjárlagaupphæð þess árs, eins og frá fjárl. var gengið. 1958 var upphæðin nokkru lægri, 1%, en það kom ekki svo mjög að sök, vegna þess að þáv. ríkisstj. veitti dreifbýlinu margs konar aðstoð á því ári og þeim árum eftir ýmsum öðrum leiðum til stuðnings atvinnurekstri og atvinnuuppbyggingu. 1959 færði jafnaðarmannastjórnin með samþykki Sjálfstfl. upphæðina niður í 10 millj., og við þá upphæð hefur setið síðan, og á ég þar auðvitað við þá fjárhæð, sem nú er veitt eftir þeim lögum, sem gilda um atvinnubótasjóð.

Við þessa upphæð hefur orðið að sitja, eins og ég sagði, frá 1959, þrátt fyrir þá miklu verðrýrnun, sem átt hefur sér stað í gildi krónunnar. Fyrir 10 millj. nú mun ekki vera hægt einu sinni að fá vænan nýtízku fiskibát, tæplega

500—600 mála síldarverksmiðju og e. t. v. 9 eða 10 venjulegar íbúðir fyrir meðalfjölskyldu.

Fjárstuðningur hins opinbera á árunum 1955—1958 gerði ótrúlega mikið gagn. Bæði var, eins og kunnugt er, krónugildið á þeim árum stórkostlega meira en nú og enn fremur kom það til, að fjárhagsaðstoðin var aðeins veitt til byggðarlaga utan Faxaflóasvæðisins og Vestmannaeyja, enda var það ætlað frá upphafi til stuðnings dreifbýlinu.

Nú er svo komið, eftir að verðgildi krónunnar hefur svo mjög lækkað og jafnframt þéttbýlinu veittur aðgangur að fénu til jafns við dreifbýlið, að segja má, að þessi fjárveiting, 10 millj. kr., til jafnvægis í byggð landsins sé orðin meiri og minni hégómi og sýndarmennska, a. m. k. á borð við það, sem áður var. Má m. a. sjá það á því, að fjárveitingin nemur nú nálægt 0.3% af fjárl. þessa árs, ef tekið er tillit til þess, sem bætt var við fjárl., eftir að þau voru formlega afgreidd hér á Alþingi.

Framsfl. hefur sífellt síðan 1958 barizt fyrir því og komið fram með tillögur um að hækka fjárframlögin til atvinnuaukningar og jafnvægis í byggð landsins, en slíkar till. hefur stjórnarliðið sífellt drepið. Sú breyting var gerð á þessum málum, að með l. um hinn svokallaða atvinnubótasjóð, sem stofnaður var 1962 og yfirtók meðferð þess fjár, sem áður hafði verið veitt eftir öðrum reglum, þegar þau lög voru sett, reyndi Framsfl. að fá árlega framlagið til atvinnubótasjóðs hækkað, en það tókst ekki þá eða síðar. Löggjöfin um atvinnubótasjóð er mjög losaraleg og stjórn sjóðsins í raun og veru ekki ætlað annað verkefni en að skipta þessum krónum milli þéttbýlis- og dreifbýlisaðila.

Svona er þá í dag komið með þetta merkilega viðreisnarmál dreifbýlisins, sem hafði í framkvæmd ásamt framgangi ýmissa annarra hagsmunamála dreifbýlisins á árunum 1955—1958 ótrúlega mikla þýðingu, ekki eingöngu vegna fjárstuðningsins, heldur jafnframt vegna þess, að aðstoðin og þar með hið breytta viðhorf hins opinbera í málum hinna dreifðu byggða vakti nokkra von og traust fólksins, að reynt yrði framvegis að hjálpa því til að byggja upp lífvænlega aðstöðu og skapa jafnvægi í byggð landsins og að því yrði gert kleift að lifa og starfa í sínum heimabyggðum. Og um stund dró nokkuð úr fólks- og fjárflóttanum. En Adam var ekki lengi í Paradís, og landsbyggðarfólkið ekki lengi í sinni bjartsýnistrú. Á öllum sviðum er nú að því þrengt, og fólksflóttinn er mun meiri nú en hann var orðinn, áður en núverandi hæstv. ríkisstj. tók völdin, en samt halda stjórnarflokkarnir, sérstaklega Sjálfstfl., áfram fagurgala sínum um nauðsyn þess að varðveita og auka jafnvægi í byggð landsins. Hið sorglega er, að flokkurinn hefur á engan hátt, eftir að hann tók völdin, reynt að standa við í teljandi atriðum neitt af því, sem sýnt getur, að hann meini nokkuð með því, sem ráðamenn hans hafa skrifað og skrafað um þessa hluti. Og því meir sem dregið hefur úr raunverulegri aðstoð þess opinbera, því meiri greinar og fleiri hefur Sjálfstfl. látið birta í dálkum Morgunblaðsins um nauðsyn þess að styðja dreifbýlið til jafnvægis við þéttbýlið. Og nú er svo komið, að jafnvel Alþýðublaðið er farið að skrifa um málið í svipuðum dúr. Verður því miður, þar til annað reynist, að óttast, að þar sé meir um að ræða samkeppni við Morgunblaðið í ritleikni um málið, en ekki sinnaskipti um viðhorf til sveitanna og annars dreifbýlis.

Það ber nú vel í veiði fyrir stjórnarliðið. Nú getur það með atkvgr. um þetta mál, þ. e. að samþ. frv. okkar framsóknarmanna, sýnt í verki, að því sé nokkur alvara að vilja efla möguleika til að stuðla raunverulega að jafnvægi í byggð landsins. Mætti þá segja, að betra væri seint en aldrei. Mundi stuðningur dreifbýlismannanna innan stjórnarliðsins meira en nægja til framgangs frv. og þeim skyldast að veita dreifbýlinu slíkan stuðning. Þótt slíkt ætti ekki að þurfa að binda þessa menn, þá ber að játa, að nál. og hin furðulega svokallaða rökst. dagskrá frá hv. meiri hl. fjhn. bendi ekki til þess, að stjórnarherrarnir vilji leyfa liði sínu nokkra umbót í þessu máli.

Nál. er furðuleg samsuða, en þar er þó viðurkennt, að hér sé um þjóðfélagslegt vandamál að ræða. Á síðustu tveimur áratugum, segir í nál., hafi fólks- og fjárflóttinn verið svo mikill, að sum byggðarlög hafi lagzt í eyði og heilir landshlutar orðið að horfa upp á það, að íbúatalan hafi á þessu tímabili staðið í stað eða beinlínis lækkað. Nefndarhlutanum virðist þetta þó ekki svo mjög athugavert, þegar allt kemur til alls, eða áhyggjuefni, og segir, að aldrei hafi dreifbýlisfólkinu liðið eins vel og núna. Á þessi staðhæfing auðvitað að vera ein af stoðum þeim, sem reynt er að renna undir þá till., að frv. framsóknarmanna sé óþarft, vegna þess að dreifbýlisfólkið sé með burtflutningi til þéttbýlisins aðeins að flýja hagsældina í heimabyggðum sínum. Sami hv. nefndarhluti virðist vera þeirrar skoðunar, að þetta frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins sé óþarft sökum þess, að núverandi stjórnarflokkar hafi 1962 sett lög um svokallaðan atvinnubótasjóð, sem fullnægi tilgangi þessa máls. Þó er sagt í nál., að hægt sé að auka fjárframlögin, þegar talið verður fært og nauðsynlegt. Ber sennilega að skilja það svo, að fjárhagur ríkisins leyfi ekki að hafa fjárframlagið til aðstoðar jafnvægi í byggð landsins hærra en nú er, eða nálega 0.3% af fjárlögum ársins, og það ber að skilja, að það sé enda ekki svo nauðsynlegt með tilliti til ástandsins í þessu máli, þótt áður sé búið að lýsa því yfir, að heilar byggðir hafi allt að því lagzt í eyði og jafnvel heilir landsfjórðungar hafi að fólksfjölda til staðið í stað eða jafnvel tapað nokkru af sinni fyrri íbúatölu s. l. 10—20 ár. Og það er ekki heldur látið neitt í það skína, að breyta beri úthlutunarreglunum um fé atvinnubótasjóðs þannig, að dreifbýlið sitji eitt að því, eins og upphaflega var og til var ætlazt, og talið er, að ekki komi til mála að hækka umrædda fjárhagsaðstoð meir en til samræmis við aukningu verðbólgunnar frá nálægt miðju ári 1962. Að auka fjárframlagið, miðað við upphaf óðaverðbólgunnar, virðist nm. alls ekki eðlilegt eða koma til greina. Jafnvel þótt svo væri, að einstaka ráðamönnum af stjórnarliðinu kynni að detta í hug, að slíkt væri at-

hugandi, er það síður en svo, að nokkur ábending komi frá meiri hl. hv. fjhn. um, að slíkt eigi að koma til greina, heldur aðeins ef fært þykir og nauðsynlegt sé, þá sé það álitamál, hvort ekki ætti þá að hækka fjárveitinguna, miðað við þá verðbólgu, sem átt hefur sér stað síðan á miðju ári 1962. Á slíkum og þvílíkum forsendum, ef forsendur mega kallast, leggur svo hv. meiri hl. fjhn. til, að málið sé afgr. með dagskrá, sem hann kallar rökstudda og hljóðar á það að vísa málinu til ríkisstj., — ríkisstj., sem reynsla síðustu ára hefur sýnt, að ekkert vill gera fyrir málið, — ríkisstj., sem gert hefur hinn fjárhagslega stuðning hins opinbera við dreifbýlið sáragagnslítinn frá því, sem áður var. Það er í föðurhús að vísa, eða hitt þó heldur, að láta málið ganga þessa leiðina.

Hin rökst. dagskrá er, ef samþ. verður, auðvitað fínn dauðdagi fyrir málið og miklu fínni en að leiða það hreint og beint á höggstokkinn nú hér á hv. Alþ. Og þá er enn hægt að skrifa og skrafa um málið. Með því getur t. d. hæstv. ríkisstj. og málgögn hennar skrafað og skrifað um það, að hún sé einlægt að hugleiða, hvort ríkissjóður geti aukið fjármagnið til jafnvægis í byggð landsins, hvort það sé nauðsynlegt, hvort rétt sé að afnema þá reglu, að þéttbýlið sitji við sama borð og dreifbýlið í þessu efni um úthlutunarféð, og enn fremur, ef talið er fært og nauðsynlegt að auka fjárframlagið, þá að íhuga, hvort ekki eigi að hækka það til samræmis við þá krónurýrnun, sem átt hefur sér stað, eftir að mesta óðaverðbólgan var um garð gengin og yfir skollin, og vafalaust styðst þá hæstv. ríkisstj. við þann litla vísi að tillögu, sem hv. meiri hl. fjhn. ber fram um það atriði.

Herra forseti. Um leið og ég lýk máli mínu, vil ég óska þess, að atkvgr. um hina rökst. dagskrá fari fram með nafnakalli.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfáar aths. í sambandi við þau ummæli, sem hafa fallið hér fyrir nokkru, og þær ræður, sem hér hafa verið fluttar.

Það er alveg rétt, sem frsm. meiri hl. n. sagði í upphafi, að það hefur verið mjög margt talað um jafnvægismál og fáum slagorðum verið haldið hærra á lofti, sérstaklega af þeim framsóknarmönnum, heldur en þessu slagorði um jafnvægi í byggð landsins. Gallinn er bara sá, að samfara þessu tali hafa ekki fylgt raunhæfar till. eða gagnlegar til úrbóta á þessu mikla vandamáli á Íslandi. Frsm. n. sagði réttilega, að í umr. um jafnvægismál hafi ekki komið fram fastmótaðar hugmyndir um úrlausnir í vandamálinu um jafnvægi í byggð landsins. Og það er von, að þeir segi, hv. framsóknarmenn, að jafnvel Alþýðublaðið sé farið að skrifa.

Þetta vandamál er ekki íslenzkt. Það hefur verið til umræðu bæði í París og London og víða leyst með ýmsum hætti. Ég ætla aðeins að nefna tvær leiðir, sem hafa verið farnar til þess að leysa þetta vandamál, sérstaklega á Norðurlöndum, sem okkur eru nú skyldust. Í fyrsta lagi er það að vinna skipulega að uppbyggingu byggðarinnar í landinu með heildarskipulagningu, fyrirframgerðri og vísindalegri, sem miðar að því að nýta þær orkulindir, sem eru til ráðstöfunar í hverju byggðarlagi, að efla ákveðna byggðakjarna í landshlutum og stuðla þannig að uppbyggingu landsins með þeim hætti, að kjör fólksins geti orðið ámóta í hverjum landsfjórðungi. Það vill svo til, að fyrir Alþ. liggur einmitt till. um slíkt heildarskipulag. Hún var lögð fram snemma á þessu þingi á þskj. 161 og hefur verið lögð fram áður. Hún gerði ráð fyrir heildarskipulagi Suðurlandsundirlendis, en í grg. var rækilega undirstrikað, að það væri aðeins upphaf að heildarskipulagningu allra héraða um allt land, til þess að fá reynslu við setningu löggjafar um slíka heildarskipulagningu, sem gerð hefur verið í þeim nágrannalöndum, sem mesta rækt hafa sýnt þessu vandamáli, en leysa það með nýtízku hætti, þannig að til árangurs gæti orðið. Norðmenn hafa náð langt á þessu sviði, og í löndum Efnahagsbandalagsins í Evrópu er skipulega unnið að því núna að gera áætlanir um uppbyggingu þeirra landssvæða, sem dregizt hafa aftur úr á sviði efnahagsmála. Á Norður-Ítalíu, þar sem atvinnuleysi var og sárafátækt, sérstaklega í landbúnaðarhéruðunum, þar sem landbúnaðurinn var ófullkominn og rekinn með frumstæðum hætti, hefur átt sér stað stórkostleg framför einmitt með nýtingu þeirra tækja, sem nútíma vísindi og hagstjórn hafa á að skipa. Ég veit ekki til þess, að einn einasti þm. Framsfl. hafi léð þessari till., þessari fyrstu till. á Alþingi Íslendinga um raunhæf úrræði í þessu vandamáli, fylgi sitt með orðum hér á þingi.

Önnur leið til þess að leysa þetta vandamál, t. d. á Norðurlöndum, í Noregi, þar sem svipað háttar til og á Íslandi, er sú að gera fólkinu í dreifbýlinu betur fært en áður að mynda samtök um að leysa þetta vandamál heima fyrir. Þetta hefur verið gert í Noregi og í Svíþjóð með því að stækka hreppana, með því að vinna skipulega að stækkun sveitarfélaganna, með miklum árangri, má ég telja, af því að þannig skapast ytri skilyrði til öflugri samtaka til ráðningar starfskrafta en ella hefði getað orðið til þess að leysa þessi vandamál byggðarlaganna.

Ég vildi minna hv. framsóknarmenn, sem hér hafa talað, á þessar tvær till., sem liggja fyrir hv. Alþingi. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi tvö mál, heildarskipulagning með vísindalegum hætti um land allt og stækkun sveitarfélaganna, séu úrræði, sem vissulega muni verða að meira gagni, ef framkvæmd yrðu, en langt mál um jafnvægi í byggð landsins, um jafnvægisleysi í byggð landsins, sem stappar nærri að verða slagorð. En að vísu mundi það missast við það, að þá hefðu menn misst sitt nöldrunarefni, ef skipulega yrði farið að sinna þessu verkefni, eins og vissulega væri þörf á.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 16. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Við þessa umr. um frv. á þskj. 23, um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. liggja fyrir tvö nál. frá hv. fjhn., frá meiri og minni hl. n. Undir álit meiri hl. skrifa þeir hv. 6. landsk. þm., Davíð Ólafsson, sem er formaður og frsm. n., hv. 1. landsk. þm., Sigurður Ingimundarson, og hv. 3. þm. Reykv., Matthías Á. Mathiesen. Það má taka það fram, að þessir þrír hv. nm. eru allir beint eða óbeint þm. þess svæðis, sem skipulagsmenn hér syðra kalla Stór-Reykjavík, en mikil áform um framtíðarskipulag þessa svæðis hafa nýlega birzt í dagblöðum Reykjavíkur. Undir álit minni hl. skrifa þeir hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúli Guðmundsson, og hv. 11. þm. Reykv., Einar Ágústsson. Minni hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., og vil ég fyrir hönd okkar flm. þakka honum fyrir þá afstöðu. En hv. meiri hl. leggur til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, sem prentuð er á þskj. 407 ásamt nál. frá þessum nefndarhluta, en nál. minni hl. er prentað á þskj. 381. Það er að sjálfsögðu þakkarvert, að menn afgreiði mál, því að betur fer á því, að mál sé afgreitt úr nefnd, en ekki afgreitt. Hins vegar mun ég leyfa mér hér á eftir að gera nokkuð að umræðuefni sérstaklega það nál., þar sem lagt er til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá.

Þetta mál er búið að vera nokkuð lengi í athugun. Frv. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, á þskj. 23, er, eins og númer málsins ber með sér, eitt af fyrstu málum þessa þings. Því var útbýtt í hv. d. hinn 16. okt. s. l. og vísað til hv. fjhn. 21. okt. En þegar komið var fram yfir áramót og nokkuð var liðið á þetta ár og þingið hafði þegar setið í nokkra mánuði, gerði ég það að umræðuefni hér í hv. d. utan dagskrár, að enn væri ekki búið að afgreiða þetta stórmál úr n., og mæltist til þess við hæstv. forseta, að hann hlutaðist til um, að n. afgreiddi málið. Nokkru síðar var það svo tekið fyrir af formanni n. á nefndarfundi og n. afgreiddi málið, og varð þá niðurstaðan, að hún reyndist vera klofin í málinu. Nál. minni hl. var dags. 16. marz, en nál. meiri hl. var ekki útbýtt fyrr en eftir páska, að ég ætla 1. apríl, en dags. 20. marz. Þessi tími leið sem sé, tíminn frá 21. okt. 1963 til 20. marz 1964, þangað til hv. meiri hl. var reiðubúinn að afgreiða málið.

Það væri ástæða til þess að ræða nokkuð um þennan mikla drátt á afgreiðslu slíks stórmáls, sem hér er um að ræða og fjallar um slíkt viðfangsefni í þjóðlífi okkar Íslendinga sem þetta mál fjallar um. En ég ætla ekki að fara langt út í það. Og ég ætla ekki heldur að þessu sinni að ræða mjög mikið almennt um hið svokallaða jafnvægismál. Það hefur verið gert við önnur tækifæri. Ég ætla ekki heldur að gera mikið að því að ræða almennt um efni þessa frv. að öðru leyti en því, sem nál. hv. meiri hl. gefur tilefni til, enda ræddi hv. frsm. minni hl., hv. 1. þm. Norðurl. e., mjög ýtarlega um þetta efni á fundi, þar sem 2. umr. var hafin um þetta mál, og annar flm. málsins, hv. 2. þm. Austf., ræddi einnig allýtarlega um þetta mál þá. En ég vil aðeins, áður en ég kem að þessu nál. meiri hl., minnast örfáum orðum á þá framsöguræðu, sem hv. frsm. meiri hl. flutti hér í byrjun umr.

Hann gerði í þeirri ræðu aths., sem mér kom nokkuð á óvart, varðandi þær upplýsingar, sem gefnar eru í grg. frv. um þróun byggðar og mannfjölda í einstökum landshlutum. Hann vakti athygli á því, sem rétt er, að þar væri borinn saman fólksfjöldinn annars vegar 1940 og hins vegar 1962. Og hann var, að mér virtist, að gera einhvers konar tilraun til að koma því að, að það væri einkennilegt og að mér skildist einhvers konar flokkspólitísk hlutdrægni í því að velja þessi ár til samanburðar. Þetta kom mér ákaflega á óvart, að heyra þennan hv. þm. mæla slíkum orðum, því að mér virðast þessar hagfræðilegu upplýsingar, sem þarna hafa verið birtar, ekki gefa neitt tilefni til slíks. Það er auðvitað hægt að bera saman hvaða ár sem er, og ég veit ekki, hvernig hv. þm. fer að fá það út úr þessum upplýsingum, að hér sé einhvers konar flokkspólitísk hlutdrægni á ferðinni. Ég skil það ekki. Hvers vegna ættum við þá, sem erum allir framsóknarmenn, sem stöndum að þessu frv., að velja árið 1940, þegar við stóðum að ríkisstj. og áttum fulltrúa í ríkisstj.? Hvers vegna ættum við þá ekki fremur að velja eitthvert ár, áður en Framsfl. var stofnaður? Ég skil ekki samhengið í þessum orðum hv. þm., og ég held, að á bak við þau sé einhvers konar óraunhæfur beygur, sem hefur leynzt innra með honum um það, að í þessu máli hljóti að vera eitthvað af því tagi, sem hann vildi vera láta. Nei, það er svo sannarlega ekki um neitt slíkt að ræða. Hér er tekið annars vegar síðasta ár hins fjórða tugar aldarinnar, ár í byrjun heimsstyrjaldarinnar, þegar miklar breytingar voru að hefjast í þjóðfélaginu, og hins vegar síðasta árið, sem skýrslur eru til um eða voru til um, þegar þessu frv. var útbýtt, því að það var á árinu 1963. Síðan hafa komið skýrslur um árið 1963, þannig að ef frv. væri flutt nú, mundum við að sjálfsögðu hafa tekið tölur þess árs. Mér þykir leitt, að menn eins og hv. þm., sem yfirleitt þurfa að fjalla málefnalega um margs konar viðfangsefni, skuli koma fram með útúrdúra eins og þennan.

Ég verð að segja það, að mér þótti ræða hv. þm., hv. frsm. meiri hl., þar sem hann var að lýsa ástandinu í þróun landsbyggðarinnar, ekki bera þess vott satt að segja, að honum fyndist eins mikið til um þá þróun, sem hér er um að ræða, og mér og ýmsum öðrum finnst. Ummæli hans minntu mikið á þetta svokallaða „og þó viðhorf“, sem við heyrum stundum hjá þeim, sem ræða um opinber mál. Hann ræddi um það, að miklir fólksflutningar hefðu orðið og væri það varhugavert, og þó hefði það haft sína kosti og að þetta væri áberandi hér á Íslandi og þó væri það líka áberandi í öðrum löndum. Og allt er þetta svo sem satt.

Já, hv. d. var búin að bíða nokkuð lengi eftir því, að meiri hl. hv. fjhn. gæti gert upp hug sinn í þessu máli. Það út af fyrir sig gerir kannske ekki svo mikið til. Það er eins og segir einhvers staðar í ljóði:

Sá reyndi fyrst daginn,
sem rökkursins beið,
á reiðskapnum kennist,
hvar heldri menn fara.

Og það er þessi reiðskapur hv. meiri hl., dagskráin, sem hér er til sýnis, dagskráin, sem hann ber fram og leggur til að verði samþ., og nál., sem henni fylgir, sem ég hef hug á að fara hér um nokkrum orðum.

Meiri hl. í hv. fjhn. á síðasta Alþ. gerði einnig till. um afgreiðslu sams konar frv. og lagði til, eins og meiri hl. gerir nú um þetta frv., að það frv. yrði afgr. með rökst. dagskrá. Mér varð það fyrst fyrir, þegar ég sá álit meiri hl. nú, að bera saman dagskrárnar og orðalag þeirra, bera saman orðalag dagskrárinnar frá 1963 og orðalag dagskrárinnar núna. Og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að leyfa mér að lesa upp þessi tvö plögg. Hin rökst. dagskrá hv. meiri hl. í fyrra hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem frv." — þ. e. a. s. þetta frv., sem einnig var flutt í fyrra — „felur ekki í sér nein nýmæli, sem máli skipta, umfram það, sem þegar hefur verið lögfest í lögum um atvinnubótasjóð frá síðasta þingi, en tilgangur þeirrar löggjafar er fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu, og einnig þegar séð fyrir þeirri áætlanagerð, sem frv. ráðgerir og úthlutun fjármagns skuli byggjast á, sbr. fyrirhugaða framkvæmdaáætlun ríkisstj., telur d. samþykkt frv. með öllu óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta var hin rökst. dagskrá meiri hl í fyrra. Hin rökst. dagskrá, sem frá meiri hl. kemur nú, er nokkru styttri. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem þegar hafa verið sett lög um atvinnubótasjóð, en þetta frv. fer að meginstefnu til í sömu átt og þau lög, og tilgangur þeirrar löggjafar er fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, telur d. ekki þörf nýrrar lagasetningar í þessu efni og samþykkt frv. því óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þarna hefur ýmsu verið vikið við á þann hátt, að ekki skiptir miklu máli. En eitt er það, sem hefur verið fellt niður úr dagskránni í ár, sem þeir meirihlutamenn lögðu til að Alþingi samþykkti í fyrra, en þeir leggja ekki til að Alþingi samþykki núna, og það er þetta, að frv. feli ekki í sér nein nýmæli. Þeir ráðlögðu Alþingi í fyrra að samþykkja það, að frv. fæli ekki í sér nein nýmæli, sem máli skipta. En nú ráðleggja þeir Alþingi ekki lengur að samþykkja það. Og þetta er þá það, sem áunnizt hefur á þessum mánuðum hjá hv. meiri hl., í nóvember og desember og janúar og febrúar og marz, að komast að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki rétt að ráðleggja þm. að gera samþykkt um það, að ekki væru nýmæli í þessu frv. Það er kannske vegna þess, að það eru ýmsir nýir menn nú í þinginu, sem ekki voru þar í fyrra. Ég veit það ekki. Og getur líka verið af því, að þessi meiri hl. er ekki alveg skipaður sömu mönnum og hann var í fyrra. Þeir hafa komið auga á, að þetta væri ekki rétt, t. d. gagnvart sínum eigin flokksmönnum, sem hefðu kannske ekki kynnt sér frv., að ráðleggja þeim að samþykkja það með atkv. sínu, að í því fælust ekki nýmæli. — En þegar farið er að lesa sjálft nál., sem hv. þm. er ekki ætlað að samþykkja með atkv. sínu, heldur er aðeins sett fram til skýringar, til þess að prentast í þingtíðindum og birtast almenningi í útvarpi, að vísu á þeirra ábyrgð, sem undir það skrifa, þá stendur ýmislegt um þetta mál, sem minnir á það, sem sagt var í fyrra. Þar segir t. d., að að meginstefnu til sé ekki hægt að segja, að neinn teljandi munur sé á þessum lögum, þ. e. a. s. lögum um atvinnubótasjóð, og því frv., sem hér liggur fyrir. Og er það að vísu ekki sama orðalagið, en þó nokkuð í sömu átt. Með þessu á að segja það sama og sagt er í fyrra í dagskránni, að hér sé ekki um nein raunveruleg nýmæli að ræða í þessu frv. Þeirra skoðun virðist sem sé vera sú, eða sú skoðun, sem þeir vilja telja menn á að hafa, að ekki sé þörf á frekari lagasetningu um þetta mál, lögin um atvinnubótasjóð nægi og hér sé ekki í þessu frv. um nýmæli að ræða, löggjöfin um atvinnubótasjóð sé harla góð, því að í dagskránni segir, eins og ég las áðan, nú eins og í fyrra: „telur d. ekki þörf nýrrar lagasetningar í þessu efni og samþykkt frv. því óþarfa." Það á að vera óþarft að samþykkja þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er engin ástæða til þess, að svona boðskapur sé borinn á borð í þskj., án þess að það sé nokkuð krufið til mergjar, hvað hæft sé í því, sem þarna er sagt, og hv. frsm. minni hl. gerði það raunar allýtarlega, þegar 2. umr. hófst fyrir nokkru í hv. d. Og ég vil benda á það í fyrsta lagi, að sumir hv. stjórnarþm. hér á Alþ. virðast ekki vera þessarar skoðunar, að ekki sé þörf á nýjum ráðstöfunum í þessum efnum. Það er a. m. k. kunnugt um einn hv. þm. í hópi stjórnarstuðningsmanna, sem er ekki þessarar skoðunar. Sá þm. er hv. 4. þm. Vestf., Þorvaldur G. Kristjánsson. Hann hefur flutt í sameinuðu þingi till. til þál., sem varðar það efni, sem fjallað er um í sambandi við þetta frv., og þegar sú till. var lögð fram í Sþ., flutti hv. þm. um það allýtarlega ræðu. Í þessari ræðu sinni sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Svo mjög sem þessi mál" — þ. e. a. s. jafnvægismálin — „hafa verið á dagskrá hin síðari ár, verður ekki annað sagt en nokkuð hafi skort á raunhæfar aðgerðir til úrbóta. Mér virðist, að þetta sé vegna þess," sagði hv. þm., „að menn horfast ekki nægilega í augu við þá staðreynd, að til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þurfa þeir landshlutar, sem höllustum fæti standa, ekki einungis að njóta þeirra framfara og framkvæmda, sem stuðlað var að um allt land með venjulegum hætti, heldur þurfa þeir sérstakra aðgerða við, sem sérstakt fjármagn þarf til. Þess hefur ekki verið nægilega gætt í framkvæmd," sagði hv. 4. þm. Vestf. í þessari ræðu. Og hann nefndi einmitt í þessari ræðu starfsemi atvinnubótasjóðs sem dæmi um ófullnægjandi aðgerðir í þessu máli og færði fyrir því rök. Það er sem sé kunnara en frá þurfi að segja, að starfsemi atvinnubótasjóðs, sem annars er hin þarfasta stofnun og ekki er meiningin að hrófla nokkuð við með þessu frv., er þannig, að það verður ekki sagt, að hann vinni að því verkefni einu að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu um úthlutun á lánum úr atvinnubóta-

sjóði vorið 1963. Hann hafði mjög naum fjárráð þá. Honum eru ekki ætlaðar nema 10 millj. í tekjur á ári, og við þessa fyrstu úthlutun sína samkv. þessum nýju lögum reyndist hann í raun og veru gjaldþrota, þannig að stjórn sjóðsins komst að þeirri niðurstöðu, að sú úthlutun, sem hún vildi framkvæma, væri ekki framkvæmanleg með því fé, sem hann þá hafði undir höndum. Þá var farið inn á þá leið að fá heimild frá ríkisstj., sem ég veit nú raunar ekki, hvaða lagagildi hefur, til þess að nota fyrir fram nokkuð af tekjum ársins 1964. Það var gert, og þannig reyndist framkvæmanlegt að veita þau lán, sem sjóðsstjórnin taldi nauðsynlegt að veita, til þess að úthlutunin yfirleitt gæti farið fram. En ef sjóðurinn fær það ekki bætt upp, og ekki hefur það verið gert í fjárl. fyrir þetta ár, hefur hann á árinu 1964 enn minna fé til umráða en hann hafði á árinu 1963. En vonandi komast menn að raun um það, áður en þessu þingi lýkur, að úr því þurfi að bæta. Atvinnubótasjóður hafði sem sé ekki úr mjög miklu fé að spila á sínu fyrsta starfsári samkv. hinum nýju, margumræddu lögum, sem samkv. umsögn meiri hl. eiga að vera það — við skulum segja: fullkomin, að frekari löggjöf sé óþörf. En þrátt fyrir það úthlutaði hann á þessu vori einum 8 lánum til fyrirtækja í Reykjavík. Og hann úthlutaði nokkrum lánum í viðbót til fyrirtækja á þeim svæðum, þar sem skipulagsmennirnir hér kalla nú Stór-Reykjavík. Ég ætla, að upphæðin, sem fór í Reykjavík, hafi numið nálægt 1 millj. kr., en hitt hef ég ekki lagt saman. Auðvitað er ég ekki að finna að þessari úthlutun. Ég er ekki að finna að því, þótt fyrirtæki í Reykjavík eða jafnvel í Stór-Reykjavík hafi fengið lán úr atvinnubótasjóði. Það er ekki nema eðlilegt. En það er fráleitt, þegar þannig er ástatt, þegar starfsreglur sjóðsins eru þannig, að tala um, að þetta sé sú jafnvægisstofnun, sem koma skal, sú sem á að tryggja byggð um land allt og koma í veg fyrir óeðlilega fólksflutninga. Það er fráleitt. Nei, atvinnubótasjóðurinn er að verulegu leyti aðeins framhald af stofnun, sem starfaði fyrir nokkrum árum við Fiskveiðasjóð Íslands, svokallaðri styrktarlánadeild. Þessi stofnun, styrktarlánadeild Fiskveiðasjóðs Íslands, veitti þá svokölluð styrktarlán til kaupa á fiskiskipum til viðbótar 1. veðréttar lánum, sem fiskveiðasjóður veitti. Þessi deild er nú hætt starfsemi sinni, en atvinnubótasjóðurinn hefur tekið hana upp. Hann veitir út á síðari veðrétt allmikið af lánum, að vísu ekki háar upphæðir, til flestra fiskiskipa, sem landsmenn kaupa, hvar sem þeir eru á landinu, og til þessa fer mjög verulegur hluti af fé sjóðsins. Þetta er mjög svo eðlileg starfsemi og ekki athugaverð á neinn hátt eða aðfinnsluverð, heldur þvert á móti. En það á ekki að nota þessa stofnun eða lögin um hana sem átyllu til þess að koma í veg fyrir, að samþykkt sé sú löggjöf, sem þörf er á til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Slíkan málflutning leyfi ég mér að átelja, alveg eins og ég leyfði mér að átelja hann í fyrra. Og það er leitt, að þeir mætu menn, sem ég met mikils, sem þarna eru í meiri hl. fjhn. hv., skuli taka upp slíkan málflutning nú í annað sinn. Við því er vitanlega ekkert að segja, þó að nefndir eða nefndarhlutar leggi til, að mál sé afgreitt með rökst. dagskrá. Það er mjög algengt í þingi, að það sé gert, og við því er ekkert að segja annað en að aðrir menn geta verið því ósammála. En dagskráin verður að vera rökstudd, ef hún á að heita rökstudd dagskrá. Hún verður að vera studd með réttum og sönnum rökum. Vera má, að hin raunverulega ástæða til þess, að hv. þm. telja sig ekki geta mælt með þessu frv., sé sú, að þeir telji ríkissjóði ekki fært að stofna til þeirra útgjalda á þessu ári eða næsta ári, sem af þessu mundu hljótast. Það út af fyrir sig er sjónarmið, sem hægt væri að hlusta á, þó að mér finnist það varla raunverulegt, eins og sakir standa. Fræðilega séð er það frambærilegt sjónarmið. En það er ekki það, sem þeir segja, hv. þm., heldur hafa þeir leyft sér að halda hinu fram.

Nú má vera, að hv. þm. þyki, að hér sé nokkuð mikið mælt, og ég vil þá líka leyfa mér að styðja þessi ummæli mín með rökum. Og þess vegna ætla ég að leyfa mér að rifja upp fyrir hv. meiri hl. og fyrir hv. þm., þ. á m. þeim, sem e. t. v. — e. t. v. segi ég — hafa ekki kynnt sér þetta mál ýtarlega, — rifja upp þau nýmæli, sem í þessu frv. felast, í tilefni af því, að svona ummæli hafa verið viðhöfð. Ég vil þá í fyrsta lagi minna á 1. gr. frv. Í 1. gr. frv. felst skilgreining á því, hvað það sé, sem teljist samkv. þessu frv., ef að lögum verður, stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Og sú skilgreining felst í því, að í gr. er sagt, að tilgangur l. sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlunargerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi. Það er ætlazt til þess, að þær aðgerðir, sem framkvæmdar verða samkv. þessum lögum, miði í þá átt að stuðla að því, að ekki fækki tiltölulega fólki í einstökum landshlutum, og jafnframt að stuðla að því, að þessir landshlutar haldi sinni eðlilegu fólksfjölgun, eftir því sem við verður komið að sjálfsögðu. Hér er sem sé um tvennt að ræða. Hv. frsm. meiri hl., þegar hann ræddi um þróun þá, sem orðið hefur undanfarna áratugi, ræddi hann í raun og veru eingöngu um það, virtist mér, hvar fólki hefði beinlínis fækkað, hvar íbúatalan væri lægri nú en hún hefði áður verið. En það er ekki nóg að líta á þetta. Árleg fjölgun þjóðarinnar hefur nú síðustu tvo áratugina verið nálægt 2% á ári. Þetta er sem sé meðalfjölgunin í landinu, og sá landshluti, sem ekki hefur þessa meðalfjölgun, heldur ekki sinni eðlilegu fólksfjölgun miðað við landið í heild. Og það gefur auga leið, að jafnvel þó að í einhverju byggðarlagi hafi fjölgað um eina eða tvær manneskjur eða kannske 10—20 á 20—30 árum, þá skiptir það ekki svo miklu máli, ef samhliða hefur fjölgað stórlega í landinu, því að þá hefur hlutfallið breytzt milli þess landshluta, sem þar er um að ræða, og landsins í heild. Þessi landshluti er orðinn veikari en áður var miðað við þjóðarheildina.

Hv. þm. var að minnast á það í ræðu sinni,

að þessi 20 ára þróun eða 22 ára þróun, sem skýrt er frá í grg. frv., ætti ekki við nú síðustu árin. Hann virtist með þessu vilja gefa í skyn, að í raun og veru væri búið að stöðva þessa þróun, sem hefði kannske verið í byrjun hins fimmta áratugar. En ef hv. þm. kynnti sér þetta mikla plagg, sem ég nefndi hér áðan, sem er grg. skipulagsmannanna í Stór-Reykjavík um fyrirhugaða byggð þar og skipulag í framtíðinni, þá mundi hann komast að raun um það, að þeir segja í áliti sínu, að þeir geri ráð fyrir, þó að þeir segi það kannske ekki beinlínis þannig, en tölurnar, sem þeir nefna, segja það, að ⅔ af fólksfjölguninni í landinu verði á þessu svæði. Og þó álíta þeir í raun og veru, að fjölgunin verði meiri, því að þeir segjast gera ráð fyrir nokkru meiri fjölgun í till. sínum um byggð og skipulag að öðru leyti, enda er það svo, að einnig nú síðustu árin heldur þessi þróun áfram, þó að hún sé e. t. v. ekki jafnhröð og hún var um tíma. Ég gerði það mér til fróðleiks, rétt eftir að ég hafði hlýtt á ræðu hv. þm., að ég bar saman manntalið frá hagstofunni frá 1. des. 1962 og bráðabirgðamanntalið, sem nú er nýkomið frá þessari sömu hagstofu um mannfjöldann 1. des. 1963, og þar kemur fram það, sem mig grunaði. Í flestum sýslum landsins, þar sem kauptún og sum ærið stór eru þó innifalin, stendur mannfjöldinn í stað milli þessara ára, víða fækkar beinlínis tölulega, og á sumum stöðum er örlítil fjölgun, en fjarri því að vera hin eðlilega fólksfjölgun, fjarri því, að þessar sýslur með kauptúnum sínum haldi sinni eðlilegu fólksfjölgun, enda getur það auðvitað ekki farið saman, að mikill meiri hluti fólksfjölgunarinnar staðnæmist á því svæði, sem nú hefur þó ekki nema rúman helming þjóðarinnar, og að hinir einstöku landshlutar haldi sinni eðlilegu fólksfjölgun. — Þetta vildi ég minnast á í sambandi við ummæli, sem hv. frsm. lét falla um þetta atriði málsins. Ég er þá kominn að því — (**Forseti:** Má ég spyrja hv. ræðumann, hvort hann vilji ljúka ræðu sinni á skömmum tíma eða fresta?) Það er alveg á valdi hæstv. forseta. (**Forseti:** Ef hann getur lokið henni á 2—3 mínútum, þá er það velkomið, að öðru leyti verður að fresta.) Það get ég, því miður, ekki. (**Forseti:** Þá er rétt, að við frestum ræðunni.) Já, það er sjálfsagt að verða við því.

Umr. frestað, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

18. Vaxtahækkun o. fl.

Á 8. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um vaxtahækkun o. fl. [25. mál] (þmfrv., A. 25).

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og grg. frv. ber með sér, fjallar þetta mál um tvö atriði eða tvo þætti efnahagsmála: annars vegar um að færa vextina í það horf, sem þeir voru 1960, áður en vaxtahækkunin mikla var gerð, og á hinn bóginn um að hætta að binda hluta af sparifjáraukningunni í Seðlabankanum. Ég ætla að fara nokkrum orðum um hvorn þessara þátta út af fyrir sig.

Þegar vextirnir voru hækkaðir svo mjög 1960, þá var sagt, að vextirnir ættu ekki að verða þannig um aldur og ævi, heldur ættu þeir að verða svona háir, þangað til þær efnahagsmálaráðstafanir, sem þá var efnt til, hefðu náð tilgangi sínum, þá mundu vextirnir verða lækkaðir á ný. Þetta var boðskapurinn, sem fluttur var þá varðandi vaxtapólitíkina. Það yrði að hækka vextina stórkostlega, á meðan verið væri að koma vissum ráðstöfunum í kring og á meðan þær væru að ná tilgangi sínum, en þegar tilganginum væri náð, væri hægt að taka upp vexti á ný, sem líkari væru því, sem þekktist hjá öðrum þjóðum. Vextir voru að vísu lækkaðir nokkuð um áramótin 1960—1961, því að það mun hafa komið í ljós, að það var engum smáræðis erfiðleikum bundið að halda uppi þeirri vaxtapólitík, sem ákveðin hafði verið. Þá var því slakað nokkuð til, en síðan ekki söguna meir. Síðan hafa vextir ekki verið lækkaðir, og er það einhver gleggsti vitnisburður, sem til er um það, að ráðstafanir þær, sem efnt var til 1960, hafi ekki náð tilgangi sínum, því að ef þær hefðu náð tilgangi sínum, þá efumst við ekkert um, að samkv. því, sem þeir, sem fyrir þeim stóðu, höfðu lýst yfir, hefðu þeir verið farnir að lækka vextina.

Komum við þá að því að athuga, hvað það var, sem þessir háu vextir áttu að gera, hverju átti að ná með þeim. Það var fyrst og fremst, eftir því sem yfir var lýst, jafnvægi í efnahagsmálum almennt og í lánamálum sérstaklega, þannig að það átti að gera það svo aðgengilegt að leggja inn peninga og svo óaðgengilegt að taka þá að láni, að jafnvægi skapaðist á milli framboðs og eftirspurnar á lánsfé, þannig að það ástand skapaðist í landinu, að allir þeir, sem vildu taka lán með hinum háu vöxtum, gætu fengið það.

Þetta var tilgangurinn með pólitík hinna háu vaxta, sér í lagi að skapa jafnvægi í lánamálum, einnig að stuðla að jafnvægi almennt í efnahagskerfinu. Nú vitum við, að því fer svo alls fjarri, að hinir háu vextir hafi náð þessum tilgangi sínum, að sennilega hefur sjaldan eða máske aldrei verið jafnmikið jafnvægisleysi í lánamálum á Íslandi og einmitt nú, eftir að þessir háu vextir og önnur pólitík, sem þeim fylgdi, hefur verið framkvæmd á fimmta ár. Og það eru engar öfgar, þótt það sé sagt, að Íslendingar búi við harðhentari skömmtun á lánsfé en oftast áður. Því fer alls fjarri, að jafnvægi hafi náðst í þessum efnum, og er þetta öllum landsmönnum fullkomlega vel kunnugt.

Á hinn bóginn beittum við framsóknarmenn okkur eindregið á móti þessari miklu vaxtahækkun og á móti því að taka upp pólitík hinna háu vaxta og færðum fyrir því margar ástæður, og það eru sömu ástæðurnar og ég leyfi mér nú

að færa fyrir þessari till. okkar um að lækka vextina á nýjan leik.

Í fyrsta lagi er það, að svo stórkostleg vaxtahækkun eins og átti sér stað hlaut að hafa gífurleg áhrif á dýrtíðina í landinu og ýta mjög undir dýrtíðarvöxtinn og ásamt fleiru geta orðið þess valdandi, að ekki réðist við neitt í dýrtíðarmálunum, í verðlagsmálunum. Enda hefur sú orðið raunin á, sem kunnugt er, að í þeim efnum hefur ekki ráðizt við neitt undanfarin ár, unz nú er orðið hið versta öngþveiti í þeim efnum, að sínu leyti eins og í lánamálunum.

Enn fremur bentum við á, og ég vil benda á það núna í sambandi við þetta frv., sem hér er lagt fram, að það er óhugsandi, að íslenzk útflutningsframleiðsla, sem keppir við framleiðslu annarra þjóða erlendis, en útflutningsframleiðsla er geysilega stór þáttur í okkar þjóðarbúskap, geti án þess að verða fyrir stórfelldu tjóni búið við jafnháa vexti og hér hafa verið, og þá miklu hærri vexti en keppinautarnir eiga við að búa hjá sér, því að vextir eru stórkostlegur liður í rekstri útflutningsfyrirtækjanna, eins og kunnugt er. Enda hefur það komið greinilega fram, bæði fyrr og síðar, hjá samtökum útflytjenda á Íslandi, að þeir eru okkur sammála um þetta. Þeir telja ekki stætt á því að hafa jafnháa vexti og hér hafa verið innleiddir og menn hafa búið við nú um hríð, og hafa þeir látlaust barizt fyrir lækkun vaxtanna á nýjan leik, á sama hátt og við, sem beittum okkur á móti þessari vaxtahækkun á sinni tíð.

Hvernig er hægt að gera ráð fyrir því, að íslenzk framleiðsla hafi svo stórkostlega yfirburði yfir framleiðslu annarra landa, að hún geti búið við svo miklu hærri vexti sem nú hefur verið gert öll þessi ár?

Auk þess eru fleiri atriði, sem koma í ljós, fleiri vandkvæði í sambandi við útflutningsframleiðsluna og hina háu vexti. M. a. má nefna, að vegna þess, hve dýrt það er að eiga útflutningsvörurnar, neyðast útflytjendurnir oft og tíðum bókstaflega til þess að selja afurðirnar úr landinu fyrr en þeir ella teldu heppilegt verðsins vegna og sæta verri kostum við útflutninginn en hægt væri að fá með öðru móti. Hér kemur það líka til greina, hversu skorin hafa verið niður lán út á útflutningsafurðirnar. Þetta hvort tveggja, hinir geysilega háu vextir, sem hér hefur verið haldið uppi, og niðurskurðurinn á þeim lánum, sem lánuð hafa verið út á útflutningsafurðirnar, hefur orðið til þess að knýja útflytjendur oft og tíðum til þess að sæta óeðlilega lágu verði við sölu afurðanna úr landi, bókstaflega neytt þá til að selja, jafnvel þó að ýmislegt hafi bent til þess, að heppilegra væri fyrir þá að geta dokað við. Mér er kunnugt um þetta. Þetta er ekki sagt út í bláinn. Þessi er reynsla útflytjendanna og hefur verið á undanförnum árum, og þessi ágalli fylgir hinum háu vöxtum og hinum niðurskornu afurðalánum.

Þá er eitt í sambandi við hina háu vexti, sem teknir hafa verið upp. Þeir verða þess valdandi, að kaupið verður að vera hærra en ella. Það er bókstaflega óhugsandi annað en kaupið verði að vera hærra. Við skulum taka dæmi af verkamanni, sem þarf að eignast íbúð. Hún getur aldrei kostað minna en 550 þús. til 600 þús. kr., eins og nú er komið málum, og mikinn hluta fjárhæðarinnar verður unga fólkið t. d. alveg tvímælalaust að taka að láni. Það verða því þúsundir og aftur þúsundir eða tugir þúsunda, sem heimili þessa manns þarf að greiða í vexti af fjármagninu, og kaupið verður og hlýtur að laga sig eftir kostnaðinum við að lifa, þegar til lengdar lætur, því að það er óhugsandi að halda kaupinu þannig niðri, að menn geti ekki haft út úr því, þegar til lengdar lætur, kostnaðinn við að lifa sparlega og búa í sómasamlegri íbúð. Það er alveg sama, hvernig farið verður að, það verður ekki hægt að halda kaupinu þannig niðri, að slíkt hljóti ekki að takast, og kaupið verður að miðast við verðlagið, sem orðið er á húseignum og húsnæði. Það þýðir ekkert að ætla sér endalaust að miða það við liðna tíð. Það verður að miða það við hina háu vexti.

Þess vegna er það, að hinir háu vextir hljóta að gera það að verkum, að kaupgjaldið í landinu verður að vera hærra, mun hærra en menn ella gætu komizt af með, og það kemur auðvitað aftur niður í því, að framleiðslan verður að greiða hærra kaup, bæði útflutningsframleiðslan og önnur framleiðsla í landinu.

Nú veit ég, að ýmsum er gjarnt til í þessu sambandi að koma með tölur og segja, að þetta séu ýkjur, vaxtaliðurinn sé ekki svona stór liður í þjóðarbúskapnum, og er þá reiknað út í bönkunum, hve mikið sé lagt inn í bankana og hve mikið lánað út úr þeim, og svo vextirnir af þessum fjárhæðum, þetta sé það eina, sem máli skipti í þessu sambandi, og hægt sé að reikna alveg áhrif vaxta á þjóðarbúskapinn á þennan hátt.

En það er auðvitað hreinasta fjarstæða að blekkja sig með svona dæmum eins og þessum. Það sjáum við á dæminu, sem ég tók um ungan verkamann og þá kynslóð, sem núna er að alast upp. Sú kynslóð verður að fá sitt kaup og sínar tekjur í samræmi við hina háu vexti, og þá fylgja allir hinir með, og þeir fá auðvitað líka sitt kaup og sínar tekjur settar í samræmi við hina háu vexti. Allir hinir, sem eru búnir að ganga frá sínu og búa um sig, fylgja með. Þess vegna eru þessar tölur um vexti, sem t. d. hæstv. ráðherrar hafa stundum komið með hér til þess að sýna fram á, að vaxtaliðurinn sé miklu minni liður í þjóðarbúskapnum og hafi miklu minni þýðingu en við viljum vera láta, þær eru alveg út í bláinn og gefa enga mynd af þeim áhrifum, sem vextirnir hafa í efnahagslífinu eða framleiðslulífinu.

Stærsti þátturinn í þessu máli er sá, sem ég nú var að rekja um áhrif vaxtanna á útflutningsframleiðsluna, áhrif vaxtanna á kostnaðinn við að lifa, ekki sízt húsnæðismálin, og áhrif vaxtanna þar af leiðandi á kaupgjaldið og framleiðslukostnaðinn í landinu. Allt er þetta margfalt, margfalt meira en það sýnist vera eftir þessum furðulegu dæmum, sem stundum hafa verið lögð hér fram um það, hvaða áhrif vaxtagreiðslur hafa í þjóðarbúskapnum.

Ég vík í þessu sambandi einnig að landbúnaðinum og vöxtunum. Ég held, að það séu allir

orðnir sammála um það núna a. m. k., að það muni verða erfitt fyrir landbúnaðinn að fá afurðaverðið leiðrétt á þá lund, að hinir nýju, háu vextir komi inn í verð landbúnaðarafurðanna. Það sýnir reynslan, að það verður mjög erfitt að koma vöxtunum til fulls inn í landbúnaðarverðið. Samt komast þeir þangað að einhverju leyti og hafa vitanlega hækkandi áhrif á landbúnaðarverðið, og þar með á framleiðslukostnaðinn í landinu. En að því leyti, sem þeir ekki komast inn í landbúnaðarverðið, verða þeir að búsifjum fyrir landbúnaðinn og fyrir bændurna og gera erfiðara en ella að komast af í búskapnum. Og þessir háu vextir eru að verða hreinn myllusteinn um háls landbúnaðinum.

Ég þori ekki að fullyrða, hvert hlutfallið er á milli vaxta hér, sem landbúnaðurinn býr við, og í öðrum löndum. En mér er óhætt að fullyrða, að það eru mjög óhagstæðir vextir, sem íslenzkur landbúnaður býr við, samanborið við það, sem á sér stað í flestum öðrum löndum, sem við viljum bera okkur saman við.

En harðast af öllu koma þó auðvitað vextirnir niður á ungu kynslóðinni í landinu og þeim, sem eru að byggja upp, — hinir háu vextir. Það er fyrst og fremst unga kynslóðin, sem er að koma sér fyrir og leggja í mikinn kostnað við myndun heimila, bæði við sjóinn og í sveitinni, sem greiðir hina háu vexti. Háir vextir eru þess vegna að mjög miklu leyti skattur á unga fólkið í landinu. Það sjáum við bezt, þegar við íhugum, hverjir það eru, sem fyrst og fremst, eins og ég sagði áðan, þurfa á lánsfénu að halda. Hverjir þurfa fyrst og fremst á lánsfénu að halda til þess að koma sér upp íbúðum, til þess að eignast hlut í atvinnutækjum, til að koma upp búi og bátum og öðru slíku? Það eru ekki þeir, sem eru rótgrónir og búnir að koma sér fyrir, eins og við segjum. Það eru ekki þeir, sem stærstu lánin taka og þyngstu vaxtabyrðina bera, heldur er það unga fólkið.

Þess vegna er pólitík hinna háu vaxta ákaflega hættuleg hverju þjóðfélagi, því að hún lokar mörgum leiðum fyrir unga fólkinu, sem þyrftu þó sannarlega að vera opnar, t. d. lokar mjög þeim leiðum, sem unga fólkið þarf að hafa til þess að komast inn í sjálfa framleiðsluna. Og það er einmitt ekki sízt af þessum ástæðum, sem ég nú síðast var að minnast á, sem Framsfl. t. d. hefur ætíð verið mótfallinn því að reka pólitík hinna háu vaxta og alla tíð barizt fyrir því, að vextir af ýmsum stofnlánum væru beinlínis niðurgreiddir eða hafðir lægri en vaxtafóturinn sjálfur í landinu beint gefur tilefni til, þ. e. a. s. niðurgreiddir af almannafé. Og mætti nefna marga lagabálka, sem þannig hafa verið byggðir upp, byggðir á því að setja vextina lægri á stofnlánin en innlánsvextirnir í landinu gátu beinlínis gefið tilefni til og leggja fjármagn af almannafé til þess að borga þannig vextina niður.

Þetta hefur verið gert beinlínis af okkar hendi, og hefur hugsunin á bak við þetta verið sú að reyna með þessu að stuðla að því, að sem allra flest af unga fólkinu gæti komið fótum undir sig efnalega, eignazt íbúðir, stofnað bú í sveitinni, eignazt vélbáta eða aðra aðstöðu í sambandi við sjálfa framleiðsluna við sjávarsíðuna, því að við höfum aldrei verið fylgjandi þeirri stefnu að láta þarna allt vega sig eftir fjármálaleiðinni, ef svo mætti segja, og afskiptalaust, eiga þá þar með á hættu, að unga fólkið gæti ekki komið undir sig fótum í þessum greinum. en allt yrði byggt upp á vegum þeirra fjársterkustu í landinu.

En með pólitík hinna háu vaxta og með lánasamdrætti á ýmsa lund, þá stefnir núna því miður óðfluga í þá átt, að unga fólkinu verður erfiðara og erfiðara að koma fyrir sig fótum til þess að verða efnalega sjálfstætt. En framkvæmdir verða þar af leiðandi meira og meira á vegum þeirra, sem hafa meira eigin fjármagn með höndum.

Nú hefur því verið haldið fram, að vextirnir séu gróði fyrir þá, sem fjármagnið eiga. En það er þó því aðeins fyrir sjálfa sparifjáreigendurna, að það takist að halda verðbólgunni í skefjum, að vaxtahækkunin verði ekki til þess að ýta undir dýrtíðaraukninguna og það éti sig allt saman upp. En þeir eru gróði fyrir þá fjármagnseigendur, sem geta komið fé sínu í fast og þannig komizt fram hjá verðbólguhættunni. Fyrir þá fjármagnseigendur eru hinir háu vextir alveg tvímælalaust gróði, vegna þess að hinir háu vextir hækka húsaleiguna í landinu, þeir hækka það, sem gjalda þarf fyrir alls konar afnot af eignum, sem hinir fjársterkari geta eignazt, og hinir háu vextir verða sem sagt á allar lundir ágóði fyrir hina fjársterkari, sem hafa úrræði til þess að komast fram hjá verðbólguhættunum.

En aftur á móti eru hinir háu vextir alls ekki einhlítur gróðavegur fyrir innstæðueigendurna í landinu, fyrir þá, sem notfæra sér það úrræði að geyma fjármagn sitt á innstæðureikningum. Því fer alls fjarri vegna þess, hversu hinir háu vextir ýta undir dýrtíðarflóðið í margvíslegum myndum og gera erfiðara að ráða við verðlagsþróunina, en það verður til þess, að sparifjárinnstæðurnar rýrna stórkostlega í verði. Þannig hefur t. d. því miður tapazt til baka sá ávinningur, sem annars mun hafa verið gert ráð fyrir, að innstæðueigendurnir gætu haft af háu vöxtunum nú um sinn.

Ég hef nú fært fram nokkur af þeim rökum, sem á sínum tíma voru flutt fram gegn vaxtahækkuninni og um leið eru rök okkar fyrir því, að við teljum skynsamlegt og réttmætt að færa vextina niður í það, sem þeir voru. Það er meginstefnan. Það mætti svo endurskoða í einstökum atriðum, hvort það væri nákvæmlega það, sem ætti að stefna að t. d. varðandi stofnlánin. Það mætti hugsa sér að jafna vextina á hinum ýmsu stofnlánum talsvert frá því, sem þeir voru fyrir 1960. En til þess að móta okkar stefnu í þessu höfum við orðað þetta á einfaldan hátt í frv. Við berjumst fyrir því að færa vextina aftur í það horf, sem þeir voru, áður en vaxtahækkunin mikla var framkvæmd, vextina á afurðalánunum til framleiðslunnar, einnig útlánavextina almennu og svo fasteignavextina eða stofnlánavextina í hinum ýmsu stofnlánadeildum, sem taldar eru upp í 3. gr. frv. Þetta er sú stefna, sem við viljum móta með frv. Það má sem sagt vel vera, að það ætti

að samræma meira vextina í stofnlánadeildunum en þeir voru, þó að við höfum ekki farið út í það í frv., eins og það liggur fyrir.

Ef að þessu ráði yrði nú horfið, sem við leggjum til, mundum við telja, að það hefði marga kosti, og skal ég aðeins drepa á þá án þess að endurtaka allt of mikið af því, sem ég hef sagt. Í fyrsta lagi mundi það að okkar dómi hjálpa íslenzkum framleiðsluatvinnuvegum til að borga óhjákvæmilegt kaup, og útflutningsatvinnuvegunum mundi það hjálpa mjög verulega til að komast út úr þeirri úlfakreppu, sem þeir á margan hátt eru í núna og mjög vel er kunnugt um. Það mundi muna mjög um vaxtalækkun þá, sem við leggjum til, til þess að gera framleiðsluatvinnuvegunum fært að borga það kaup, sem þeir óhjákvæmilega þurfa að greiða, því að allir vitum við, að fram undan er almenn kauphækkun og hlýtur að vera, því að almenna kaupið, eins og það er núna, getur alls ekki staðizt miðað við framfærslukostnaðinn og þann nýja stofnkostnað, sem orðinn er, t. d. á húsnæði. Ég hef áður hér í þinginu í sambandi við fjárl. bent á, til þess að sýna líka, hversu mikinn vanda við er að fást, að það er ekkert ákaflega mikið afgangs af kaupi verkamanns fyrir 8 stunda vinnu hvern virkan dag, frá því að borga bara vextina eina af meðalíbúð. Af þessu sjáum við, að kaupið hlýtur að hækka. Afurðaverð til bænda hlýtur líka að hækka, og það mundi hjálpa framleiðsluatvinnuvegunum verulega að fá þá vaxtalækkun á móti. Fleira yrði auðvitað að koma til greina í því sambandi, sem ég fer ekki út í hér, vegna þess að það snertir ekki þetta mál. Lægri stofnfjárvextir í landbúnaðinum mundu líka hjálpa til að leysa nokkuð úr þeim stórkostlega vanda, sem bændur eru komnir í vegna dýrtíðarflóðsins og vegna hins nýja stofnkostnaðar, sem þrengir nú svo alvarlega að, að í nýja landbúnaðarverðinu t. d., sem ákveðið var núna s. l. haust, er ekki einu sinni gert ráð fyrir afskrift nema af tæplega einni heimilisdráttarvél, en engum öðrum vélakosti. Á því sjáum við, hvernig ástatt er í þeirri grein. En lægri vextir mundu hjálpa þarna til talsvert verulega.

Þá mundu lægri vextir almennt og á íbúðarlánum einnig styðja unga fólkið mjög varðandi þá baráttu, sem það sífellt stendur í til þess að koma sér þaki yfir höfuðið. Og sannast að segja er það okkar skoðun, að ef horfið yrði að almennri vaxtalækkun, eins og við stingum upp á, þá mundi það hjálpa til þess að mynda þá skoðun í landinu, að um stefnubreytingu væri að ræða, og hjálpa til þess að minnka þann ótta, sem nú býr í mönnum um, að sífellt eigi að halda áfram að magna dýrtíðina eða það eigi enn að fylgja þeirri leið að leysa vandann með því að hækka verðlagið í landinu, þ. e. a. s. að hækka verðlagið, en gera lánsféð dýrt og halda sem mest niðri kaupi og afurðaverði til bænda, en þetta hefur verið aðalstefnan.

Ég held, að það mundi mega gera ráð fyrir því, að menn almennt mundu fara að vona, að um stefnubreytingu væri að ræða, ef horfið yrði að því að lækka vextina.

Það hefur undanfarin ár, þegar þetta hefur borið á góma, verið sagt, að það væri mikið tjón fyrir sparifjáreigendur af því að lækka vextina og þeir hafi haft hag af pólitík hinna háu vaxta og þeirri þróun, sem hefur orðið. En ég held því fram, að innstæðueigendur hafi skaðazt mjög á framkvæmd þeirrar efnahagsmálastefnu, sem vaxtahækkunin var aðeins einn liður í, og á þeirri gífurlegu dýrtíðarspennu, sem orðið hefur, og því fari alls fjarri, að háir vextir séu einhlítur ávinningur fyrir sparifjáreigendur. Enda er reynslan ólygnust um það. Á hinn bóginn eru háir vextir nokkurn veginn einhlítur ávinningur fyrir þá, sem eiga fjármagn og geta komið því í fast og þannig bæði hagnazt á háum vöxtum og eins á þeirri dýrtíð, sem af þeim og fleiri ráðstöfunum stafar. Ég held, að það væri þess vegna mjög mikill ávinningur að því fyrir innstæðueigendur, að skipt væri um og settir yrðu lægri vextir, ef það væri einn liður í því að auka líkurnar fyrir stöðugu verðlagi. Alveg vafalaust hefur stöðugt verðlag og stöðugt gengi meiri þýðingu fyrir innstæðueigendurna en sjálfir innlánsvextirnir. Það sýnir reynslan.

Á hinn bóginn stingum við ekki upp á því, að það sé farið mjög lágt með vextina. Við stingum upp á því, að það verði farið niður í það, sem var áður. Það voru ekki mjög lágir vextir, enda er ekki viðeigandi, að í okkar landi séu hafðir mjög lágir vextir, samanborið við það, sem annars staðar er, og við stingum því upp á því, að það sé hafður sami vaxtafótur og gilti, áður en hækkunin mikla kom til framkvæmda.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um hinn þátt frv. Það ákvæði er þannig orðað, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhæðir þær, sem bundnar eru á reikningum banka og annarra innlánsstofnana hjá Seðlabankanum samkv. ákvæðum 11. gr. l. nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands, má ekki hækka frá því, sem þær eru við gildistöku þessara laga.“

Við leggjum sem sagt til, að frystingunni á hluta af sparifjáraukningunni verði hætt. Við höfum ekkert ákvæði í þessu frv. um það, hvað skuli gera við það mikla fjármagn, sem búið er að draga inn í bankakerfið og frysta þar, eins og við höfum orðað það, á 7. hundrað millj., látum það í þessu frv. liggja á milli hluta, og getur það verið til athugunar út af fyrir sig, en viljum beina baráttu okkar að því fyrst og fremst, að þessari frystingu, sem við köllum, á aukningu á sparifé verði hætt.

Það fyrsta, sem við viljum draga athygli manna að í því sambandi, er þetta, að það er ekki verðbólgumyndandi að lána út sparifjáraukninguna. Það er ekki verðbólgumyndandi að lána út sparifjáraukninguna. Og það hygg ég að sé algerlega viðurkennt af öllum.

Það næsta, sem við leggjum áherzlu á, er þetta, að eins og ástatt er í landinu núna, sé lífsnauðsyn fyrir þjóðina að nota sparifjáraukninguna til þess að greiða fyrir uppbyggingu í landinu með margvíslegu móti og til þess að lána bæði sem rekstrarlán og stofnlán og greiða á allan hátt fyrir atvinnurekstrinum í landinu.

Það hefur undanfarið verið bundið talsvert fé, eins og við vitum, inni á reikningum í Seðlabankanum og hefur átt að vera til þess að skapa jafnvægi í þjóðarbúskpnum. En reynslan hefur sýnt, að þörfin hér fyrir fjármagn er svo brýn, að jafnhliða því, sem þannig hefur verið frystur inni eða tekinn og bundinn hluti af sparifjáraukningunni, hafa verið tekin lán erlendis í stórum stíl. Þörfin fyrir fjármagnið hefur reynzt svo rík, að það hafa verið tekin lán erlendis í stórum stíl, jafnhliða því sem bundinn hefur verið hluti af sparifjáraukningunni. Og þetta erlenda fé hefur auðvitað verið sett í umferð. Þannig mun það nema á 6. hundrað millj., sem innflytjendur í landinu hafa tekið að láni erlendis til að hafa sem rekstrarfé fyrir sig. Það er nýtt veltufé, nýtt rekstrarfé, sem tekið hefur verið inn í landið. Enn fremur hafa verið tekin erlend lán, allstór erlend lán, sem einnig hafa verið sett í umferð í landinu.

Þetta sýnir okkur greinilega og það þarf ekki að deila um, að þörf okkar fyrir fé, bæði í rekstrarlán og til þess að standa undir margs konar lánastarfsemi, er svo brýn, að jafnvel á þessum árum, þegar þessi pólitík hefur verið rekin, að frysta þannig hluta af sparifjáraukningunni, hefur fjármagn, sem svarar því og meiru til, verið tekið að láni erlendis og komið í staðinn sem rekstrarfé atvinnugreinanna í landinu og sem stofnfé. Enda er þetta einmitt það, sem við höfum haldið fram og við höfum bent á m. a. á móti þessari stefnu. Við höfum bent á, að þörf okkar atvinnuvega og þörf þjóðarinnar fyrir rekstrarfé og framlög í alls konar nýjar framkvæmdir er svo stórkostleg, að þessi frystingarstefna er ekki framkvæmanleg í raun og veru, eins og reynslan sýnir alveg glöggt.

Að okkar dómi liggur þetta því þannig fyrir, að ef reynt yrði að halda áfram með þessa pólitík, að frysta þannig inni spariféð, þá mundi niðurstaðan verða sú, að það yrði að taka þeim mun meira af erlendum lánum eða þá að stöðva svo hatramlega nauðsynlega uppbyggingu í landinu, að engum yrði stætt á því.

Fram hjá þessu er alveg ómögulegt að komast. Þess vegna álítum við, að það sé ekkert vit í því að halda þessari frystingu áfram. Við teljum, að það eigi á hinn bóginn að gera ýmsar skynsamlegar ráðstafanir til þess að nota viturlega sparifjáraukninguna, sem verður til útlána, þannig að hún komi að sem allra beztu gagni, og þá fyrst og fremst til þess að auka framleiðni eða framleiðslu í landinu, því að við teljum, að aðalleiðin út úr þeim vanda, sem við erum komnir í, sé sú að auka framleiðsluna og sérstaklega framleiðnina í öllum greinum, með nýrri tækni og nýjum vinnuaðferðum og nýjungum í sem allra flestum greinum, og okkar skoðun er sú, að til þess að þetta geti orðið, þurfum við á öllu okkar fjármagni að halda, til þess að greiða fyrir þessu og öðru líku, að það sé miklu viturlegra að nota fé til þess en halda áfram þessari frystingarpólitík, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir. Og við munum nú á þessu þingi, þó að það sé ekki í þessu frv., leggja fram ýmsar tillögur um þessi efni og svo frv., sem ganga í þá átt að beina veltufénu, þ. e. a. s. því fjármagni, sem myndast í landinu í bankakerfinu, beina veltufénu í heppilega farvegi að þessu leyti. Við sjáum ekki, að það sé fremur hægt með öðru en því að stuðla að því, að það, sem mest ríður á að gera í landinu, sitji fyrir. Hvar halda menn, að það endi, ef t. d. reynt verður að leysa þann vanda, sem við nú stöndum frammi fyrir, með því t. d. að auka sparifjárfrystinguna, — auka sparifjárfrystinguna og herða lánsfjárkreppuna, binda þannig það fé, sem helzt mundi vera hægt að nota með skipulegum hætti til þess að greiða fyrir skynsamlegri uppbyggingu í landinu?

Ef það yrði reynt að leysa þennan vanda, sem við erum í, með því að herða að á þessa lund, mundi náttúrlega meira og meira af sparifénu þvingast út úr bönkunum og verða notað utan við bankana eða bankakerfið. En halda menn, að sú þróun mundi verða heppilegust til að tryggja, að það sitji fyrir í framkvæmdum, sem skynsamlegast er að gera frá sjónarmiði heildarinnar? Ef þessi aðferð verður viðhöfð, þá verður það hreinlega til þess, að það situr á hakanum, sem sízt skyldi. Og það fjármagn, sem þyrfti að nota til þess að styðja það, sem mestu máli skiptir, yrði lokað inni, en á hinn bóginn gengi það eitt fram, sem þeir vildu gera, sem með einhverju móti hefðu nægilegt fé undir höndum sjálfir utan við bankakerfið. Og hvaða trygging er fyrir því, að þá yrðu þær framkvæmdir ofan á, sem mestu máli skipta fyrir heildina til þess að auka framleiðslu sem mest í landinu og framleiðni? Auðvitað engin. Það yrði hreinn kaos áfram. Og hvað yrði úr þeim framkvæmdaáætlunum, sem verið er að hampa, ef sú leið yrði farin að draga úr umferð það fé, sem helzt væri hægt að hafa skynsamleg áhrif á, hvernig notað yrði, til þess svo að algert handahóf ætti sér stað um það, hvaða framkvæmdir það yrðu, sem raunverulega kæmu til greina?

Ég held, það sé nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir því, að ef vel á að fara, þá verður að taka upp þá stefnu að hafa hiklaust áhrif á, að það sitji fyrir fjármagninu, sem mestu máli skiptir, og það sé ekki hægt að gera með öðru móti betur en því að verja skynsamlega ríkisfjármagninu, sem tekið er með sköttum og tollum af þjóðinni, og nota það í því skyni og einnig sparifjáraukninguna, sem kemur inn í bankakerfið. Hitt beri alveg dauðann í sér, að ætla sér að draga þetta fjármagn úr umferð og láta svo hendingu ráða, hvernig fer. Slík stefna mundi áreiðanlega ekki verða til þess að auka þjóðartekjur Íslendinga, eins og þarf að gera, ef vel á að fara, miðað við það, hvernig búið er að skekkja allt okkar efnahagskerfi.

Ég hef stundum, þegar við höfum rætt um þessi mál á undanförnum árum, minnzt á afurðalán í þessu sambandi. Ég skal ekki fara mjög langt út í það núna, en ég vil benda mönnum á það, að jafnhliða því, sem dreginn hefur verið inn hluti af sparifjáraukningunni og það hefur átt að vera gert til þess að minnka hættuna á ofþenslu, eins og það er kallað, þá hefur einnig verið dregið stórkostlega úr afurðalánunum, þannig að t. d. sjávarútvegurinn, sem áður fékk út úr seðlabankakerfinu 67% út á sínar

afurðir með mjög lágum vöxtum, mun fá núna 53—55% út á fisk og út á margar sjávarafurðir mun minna, og að landbúnaðinum hefur verið kreppt svo stórkostlega í þessu, að hann fékk 67% út úr seðlabankakerfinu út á sínar afurðir, en fær núna á haustdögum, að því er ég hygg, eitthvað 53—55%, — fékk og fær fyrir fram lán út á afurðir til rekstrarvörukaupa framan af árinu, sem nú hafa verið dregin stórkostlega saman. Þannig hefur til viðbótar við sparifjárbindinguna verið þrengt stórlega að atvinnuvegunum skipulega, bæði með vaxtahækkun og með því að stórminnka afurðalánin.

Það hefur verið sagt, að þetta væri gert til þess að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum, allar þessar ráðstafanir. Menn yrðu að þola þetta til að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En hvernig hefur svo farið? Hvaða jafnvægi hefur náðst í þjóðarbúskapnum með þessum aðförum? Auðvitað hefur ekkert jafnvægi náðst. Þessar ráðstafanir hafa engan veginn náð tilgangi sínum, það þarf ekkert að deila um það. Þetta hefur allt saman farið út um þúfur. Allar þær búsifjar, sem hafa verið lagðar á framleiðsluna og aðra í þessu sambandi, hafa ekki náð tilgangi sínum. Á nú að halda þessu áfram? Ég segi, að það eigi ekki að halda þessu áfram, heldur eigi að reyna aðrar leiðir, nýjar leiðir. Og ég álít, að þær leiðir, sem við stingum upp á í þessu sambandi, séu mjög líklegar til þess, að við getum komizt út úr þessum vanda smátt og smátt, og sérstaklega mundu þær leiða til miklu meiri framleiðniaukningar en þær aðferðir, sem nú hafa verið við hafðar og kannske á að reyna áfram, en ég vona í lengstu lög að verði ekki.

En þá segja menn kannske: Hann vill bara slá allar slár frá öllum flóðgáttum og hleypa verðbólgunni lausri, eða a. m. k. hefur það verið sagt undanfarin ár. Ég veit ekki, hvort það verður sagt núna, að þessar uppástungur um að hafa lægri vexti og lána sparifjáraukninguna séu hættulegar og þær yrðu til þess að hleypa verðbólgunni lausri. En í því sambandi vil ég benda á eina þýðingarmikla staðreynd, sem mér finnst að menn ættu að hugsa um, og það er okkar reynsla í þessu efni. Á árunum frá 1951, við skulum taka það tímabil, frá 1951, því að það var gengislækkun 1950 og afleiðingar hennar nokkuð komnar fram 1951, árið eftir, hins vegar skulum við svo taka árin frá 1960 eða öllu heldur frá 1961 og til þessa dags, og bera svo saman. Á fyrra tímabilinu voru lánuð út úr seðlabankakerfinu 67% út á afurðir sjávarútvegsins og 67% a. m. k. síðari hluta tímabilsins út á afurðir landbúnaðarins með lágum vöxtum, og þá voru vextirnir miklu lægri en þeir eru nú. Hvernig varð það svo með verðbólguna á þessum árum, samanborið við það, sem hefur verið núna á undanförnum árum? Það ætti að vera ólíku saman að jafna, miðað við þessar kenningar, sem við höfum heyrt, því að okkur hefur verið sagt, að þetta væri allt gert til þess að draga úr ofþenslunni og til þess að fyrirbyggja verðbólgu, því hafi þurft að lækka svona afurðalánin og ekki mátt lána út alla sparifjáraukninguna o. s. frv., o. s. frv. Það hefur alltaf verið sagt, að þetta væri gert til þess að draga úr verðbólgunni og ofþenslunni, og það hafi verið farið skakkt að á þessum árum, 1951—1959. Menn hafi af og til verið að reyna að laga ástandið, en alltaf flaskað á því að gera ekki þessar ráðstafanir um leið, að hækka vextina og beita lánasamdrættinum. En hvað sýnir svo reynslan? Reynslan sýnir, að dýrtíðaraukning er mun meiri á seinna tímabilinu en á fyrra tímabilinu, svo að eitthvað hlýtur að vera bogið við þetta. Það virðist ekki vera einhlítt að leggja á sig þessar þjáningar, sem menn hafa orðið að gera í sambandi við hina háu vexti og lánasamdráttinn.

Ég ætla að enda á því að benda á þetta, að einmitt þessi reynsla styður okkar skoðun, að þessar aðferðir eru síður en svo einhlítar. Ég held, að það riði allra mest á því að finna þær starfsaðferðir eða það kerfi, sem eykur mest framleiðsluna og ýtir undir hana, því að þegar allt kemur til alls, þá er það náttúrlega það, sem allt veltur fyrst og fremst á, að framleiðslan eða framleiðnin geti verið sem allra mest og atvinnuvegirnir geti raunverulega borið uppi þann kostnað, sem óhjákvæmilegt er að leggja á þá í kaupgjaldi og öðru. Og ég held, að þessi aðferð, að kýta þetta svona saman, hafi síður en svo orðið til að auka framleiðnina eða framleiðsluna, því sé skynsamlegra að skipta um stefnu í þá átt, sem við leggjum til í þessu frv.

Þetta frv. fjallar aðeins um tvo þætti, að vísu veigamikla þætti þessara mála, og ber því ekki að líta á það sem útfærða efnahagslega stefnu. En það eru óneitanlega veigamiklir þættir að okkar dómi, sem frv. fjallar um.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. d. að lokinni umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. og meiri hl. fjhn., á þskj. 481 og 600, var útbýtt 20. apríl og 8. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Seðlabanki Íslands (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands [26. mál] (þmfrv., A. 26).

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh., eins og t. d. hæstv. dómsmrh., viðskmrh. og fjmrh., hafa verið að halda ræður að

undanförnu, þar sem þeir hafa gert efnahagsmálin að nokkru umtalsefni. Það, sem hefur vakið sérstaka athygli í sambandi við þessar ræður, er, að það kveður við talsvert annan tón um þessi mál nú í ræðum þeirra en á s. l. vori, fyrir kosningarnar þá. Þegar þessir hæstv. ráðh. voru að flytja ræður sínar á seinasta vori fyrir kosningarnar, þá var því lýst með mörgum fögrum orðum, hve vel viðreisnin hefði heppnazt, hve efnahagsástandið væri í góðu lagi og mikil velgengni ríkti hjá atvinnuvegunum og hjá almenningi og það mundi verða greið gata fram undan, aðeins ef viðreisnarstefnunni væri fylgt áfram. Nú kveður við allt annan tón hjá þessum hæstv. ráðh. Nú er það viðurkennt, að það sé ríkjandi ringulreið og öngþveiti í efnahagsmálum. Það er talað um, að launamálin séu í ólestri, og það er talað um, að útflutningsatvinnuvegirnir séu á heljarþröm, þrátt fyrir það þó að þeir hafi aldrei búið við betra árferði en á undanförnum missirum. Ástandið er sem sagt allt annað að dómi þeirra nú en það var á s. l. vori.

Þetta upplýsir það mjög vel, að hæstv. ráðh. og stjórnarflokkarnir hafa unnið meiri hl. sinn í seinustu kosningum á algerlega fölskum forsendum. Þeir hafa unnið kosningarnar með því að lýsa ástandinu raunverulega allt öðru en það var, miklu betra og fegurra en það var, því að þær lýsingar, sem eru gefnar af ástandinu í dag, eru vissulega miklu nær lagi. Þetta sýnir, að þennan veika meiri hl., sem hæstv. ríkisstj. hefur nú að baki sér á Alþingi, hefur hún fengið með algerlega fölskum forsendum. Ég sé ekki ástæðu til að ræða nánar um þetta atriði að sinni, en tel hins vegar rétt að vekja athygli á því.

En hitt finnst mér nokkur ástæða til að ræða, hvers vegna svo er komið í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og hæstv. ráðh. hafa verið að lýsa að undanförnu. Hvers vegna er öngþveiti í efnahagsmálum? Hvers vegna er ólestur í launamálum? Hvers vegna eru útflutningsatvinnuvegir á heljarþröm? Hvað er það, sem veldur þessu? Jú, hæstv. ráðh. hafa svör á reiðum höndum um, hvað það sé, sem þessu valdi. Þeir segja, að þetta stafi af því, að launastéttirnar og bændastéttin hafi verið of óbilgjarnar, þær hafi gert of miklar kröfur, þær hafi knúið fram of miklar kröfur, og þess vegna sé komið sem komið er.

Að mínum dómi eru þessar fullyrðingar algerlega rangar. Það eru aðrar ástæður eða orsakir, sem valda því, að svo er komið í efnahagsmálum þjóðarinnar eins og nú ber raun vitni um.

Ég vildi segja, að það væru sérstaklega þrjár orsakir, sem valda mestu um það, að nú sé komið eins og raun ber vitni um í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ég vil nefna í fyrsta lagi vaxtaokrið, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp. Það var eitt af fyrstu verkum hennar að stórhækka vextina, svo að íslenzkir atvinnuvegir og einstaklingar, sem standa í framkvæmdum, hafa orðið að búa við miklu óhagstæðari vaxtakjör en þekkjast yfirleitt annars staðar í nágrannalöndum okkar. Ég vil aðeins nefna það sem dæmi, að íslenzkir bændur verða að búa við það að greiða allt frá 6½% til 9½% vexti af þeim stofnlánum, sem þeir þurfa til framkvæmda sinna. Hins vegar er þannig ástatt t. d. í Vestur-Þýzkalandi, að þar þurfa bændur ekki að greiða nema 3% vexti af svipuðum lánum og jafnvel enga vexti í mörgum tilfellum, vegna þess að hið opinbera borgar vextina niður. Hver getur álitið, að það sé óeðlilegt, þó að íslenzkir bændur t. d. heimti hærra verð fyrir afurðir sínar en þýzkir bændur, þar sem þeir verða að greiða þrisvar sinnum hærri vexti og jafnvel margfalt hærri vexti fyrir þau lán, sem þeir þurfa að nota, miðað við það, sem þýzkir bændur þurfa að greiða? Hið sama gildir að sjálfsögðu um marga aðra þætti íslenzkrar framleiðslu. Þetta gildir að sjálfsögðu líka um framkvæmdir, sem ýmsir efnaminni einstaklingar ráðast í, eins og t. d. íbúðarbyggingar. Hinir háu vextir, sem ríkisstj. hefur tekið upp, eiga sinn mikla þátt í því dýrtíðarástandi, sem hér hefur skapazt og hefur átt þátt í því að knýja bændur og aðrar launastéttir til þess sem beina nauðvörn að heimta bætt kjör og hækkuð laun.

Og þó er þetta sannarlega ekki aðalástæðan til þess, að launastéttirnar og bændastéttin hafa orðið að fara út á þessa braut. Aðrar ástæður eða orsakir valda hér enn meiru. Sú orsök, sem ég vil nefna næst, er hin mikla skattpíning, sem núv. ríkisstj. hefur tekið upp, hinir stórhækkuðu tollar, sem núv. ríkisstj. hefur lagt á. Það var nýlega upplýst hér á Alþingi, að síðan 1958 hefur skatta- og tollabyrðin, sem lögð er á landsmenn, hækkað um hvorki meira né minna en 1700 millj. kr. Og það er engan veginn látið við það eitt standa að leggja á tolla til að mæta hinum stórauknu útgjöldum ríkisins. Það eru lagðir á þungir skattar, til þess að ríkið hafi miklar umframtekjur. Á seinasta ári voru tollstigarnir hafðir svo háir, að tekjur ríkissjóðs urðu yfir 300 millj. kr. meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Umframtekjurnar umfram það, sem Alþingi taldi vera nauðsynlegt, urðu hvorki meira né minna en 300 millj. kr. Nú hefur það verið reiknað út af hagfræðingum ríkisstj., að 1% almenn kauphækkun í landinu svari til þess að nema 30 millj. kr. Þessar 300 millj. kr., sem ríkisstj. innheimti á seinasta ári umfram það, sem Alþingi taldi nauðsynlegt, svara hvorki meira né minna en til 10% almennar kauphækkunar í landinu. Hver getur ætlazt til annars, þegar slíkar álögur eru lagðar á landsmenn gersamlega að óþörfu umfram það, sem þingið álítur vera nauðsynlegt, en að launastéttirnar og bændastéttin reyni að mæta þessum auknu byrðum með því að gera kröfur um bætt kjör og hækkað kaup? Á þessu ári eru allar horfur á því, að umframtekjur ríkisins umfram það, sem Alþingi hefur talið nauðsynlegt í fjárlögum, verði miklu meiri en á seinasta ári. Og það er líka víst, að þrátt fyrir það, þótt útgjöld ríkisins vaxi á næsta ári, þá verða samt mjög miklar umframtekjur hjá ríkissjóði á komandi ári, ef tollstigarnir verða ekki lækkaðir. Og hvernig á almenningur að mæta þessari miklu skattpíningu öðruvísi en að heimta hækkað kaup, hækkuð laun og bætt kjör? Beinlínis með þessum aðgerðum ríkisstj. eða þessari skattpíningu ríkisstj. eru launþegarnir neyddir til þess að heimta bætt kjör.

En þó eru þessar tvær ástæður, sem ég er nú

búinn að nefna, ekki aðalástæða þess, að launþegar hafa orðið að krefjast bættra kjara. Aðalorsökin er tvímælalaust þær miklu gengisfellingar, sem hafa átt sér stað í tíð núv. ríkisstj. Þegar núv. ríkisstj. kom til valda veturinn 1960, þá var verðið á dollarnum, þegar búið var að leggja yfirfærslugjaldið á, 25 kr. Með þeim gengisfellingum, sem síðar hafa átt sér stað, er verðið á dollarnum komið upp í 43 krónur. M. ö. o.: verð hans hefur nærri því tvöfaldazt. Það geta allir gert sér í hugarlund, hve stórfelld áhrif þessi skerðing á gjaldmiðlinum hefur haft á það að auka dýrtíðina í landinu. Það getur hver og einn gert sér það í hugarlund, að þegar erlendu vörurnar eru þannig nærri því tvöfaldaðar í verði, þá er óhjákvæmilegt fyrir launþega og bændur að mæta þessu með því að krefjast kjarabóta og hækkaðra launa.

Það eru sem sagt þessar þrjár orsakir, þessar þrjár aðgerðir hæstv. ríkisstj., vaxtaokrið, skattpíningin og gengisfellingarnar, sem hafa valdið öllu um það, að launþegar hafa orðið að krefjast hækkaðra launa og bændur hafa einnig orðið að gera slíkt hið sama. Það eru ekki launastéttirnar, það eru ekki bændurnir, sem eiga þátt í því, að þannig er komið í efnahagsmálunum, eins og hæstv. ríkisstj. er nú að lýsa, heldur þessar aðgerðir hæstv. ríkisstj.

Af öllum aðgerðum hæstv. ríkisstj., sem hún hefur unnið á sínum valdaferli, tel ég gengisfellinguna 1961 vera langversta. Það er sannanlegt og var sannað þá strax, að atvinnuvegirnir gátu mjög vel risið undir þeim hóflegu kauphækkunum, sem samið var um sumarið 1961. Þau rök hafa verið svo oft rakin hér í hv. d., að ég sé ekki ástæðu til þess að rifja þau upp einu sinni enn. Og þessir kaupsamningar, sem voru gerðir sumarið 1961, báru af öðrum kaupsamningum að því leyti, að þeir voru gerðir til 2 ára. Ef þeir hefðu fengið að standa, hefði haldizt vinnufriður í 2 ár. Þá hefði verið tryggður stöðugur gjaldmiðill í 2 ár, þá hefði verið tryggð góð afkoma atvinnuveganna í a. m. k. 2 ár og batnandi hagur hjá almenningi í a. m. k. 2 ár. En þessir kaupsamningar fengu ekki að standa vegna aðgerða hæstv. ríkisstj., vegna þess að hún greip þá til þess hefndarúrræðis, sem gengislækkunin sumarið 1961 var. Hún kollvarpaði því samkomulagi, sem var komið á milli atvinnurekenda og launastéttanna. Hún varð þess valdandi, að dýrtíðarskriðan, sem var raunverulega búið að stöðva, fór af stað á ný með þeim afleiðingum, að hún hefur stöðugt verið að vaxa og vaxa síðan. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengið við neitt ráðið og verður nú að játa, að komið sé í hið mesta óefni. Ég held, að það sé erfitt að benda á í stjórnmálasögu Íslands öllu verra verk, sem hafi verið unnið í efnahagsmálum þjóðarinnar, heldur en einmitt gengisfellinguna 1961.

Sú gengislækkun var framkvæmd með þeim hætti, að gengisskráningarvaldið, sem áður hafði verið í höndum Alþingis, var af því tekið og það lagt í hendur Seðlabankans að nafni til, en raunverulega í hendur ríkisstj., vegna þess að það er ríkisstj., sem ræður svo að segja öllu eða getur ráðið öllu um störf Seðlabankans. Eitt hið illa, sem tvímælalaust hefur leitt af þessari gengisfellingu og þessari breytingu á gengisskráningarlögunum, er það, að trú manna á gengi krónunnar hefur mjög glatazt við það, að þetta var gert. Menn drógu þá ályktun af þessum aðgerðum, að hæstv. ríkisstj. væri búin að ná gengisskráningarvaldinu í sínar hendur í þeim tilgangi að mæta svo að segja hverri nýrri kauphækkun með gengislækkun og taka þannig aftur það, sem launþegarnir höfðu áunnið sér með hækkunum, enda er sannleikurinn sá, að síðan þessi gengislækkun var gerð og síðan þessi stefna var mörkuð af hæstv. ríkisstj., hefur verið sífelldur ótti við, að nýtt gengisfall mundi skella á þá og þegar. Það er tvímælalaust, að þessi ótti við nýtt gengisfall, sem hefur ríkt hér á landi seinustu mánuðina og missirin, á mjög mikinn þátt í þeirri þenslu, sem hæstv. ríkisstj. er að tala um og telur að gera þurfi sérstakar ráðstafanir vegna, áður en langt um líður. Menn treysta ekki lengur á verðgildi peninganna, og menn vilja þess vegna koma þeim í einhverjar framkvæmdir eða einhverja fasta hluti, áður en ríkisstj. reynir að beita gengislækkunarvopninu að nýju. Með þessari lagabreytingu og þeirri aðferð, sem ríkisstj. beitti sumarið 1961, hefur hún vakið stórfelldan gengislækkunarótta og menn þess vegna verið svo að segja á stöðugum flótta með peningana og verið að reyna að koma þeim í eitthvað annað en eiga þá, t. d. jafnvel í bíla, eins og ljóst hefur orðið á þessu ári.

Ég held, að eitt hið nauðsynlegasta, sem þurfi að gera til að fá bót á þeim vanda, sem nú er glímt við í efnahagsmálunum, sé að vinna að því að vekja aftur aukið traust til gjaldmiðilsins. Að sjálfsögðu þarf ýmsar ráðstafanir að gera í þeim efnum, en ég hygg, að sú ráðstöfun sé ekki veigaminnst, að sú breyting verði gerð á skráningu gjaldmiðilsins, að menn óttist gengislækkanir minna en nú á sér stað. Ég hygg, að meðan gengisskráningarvaldið er í höndum Seðlabankans og ríkisstj. og þessir aðilar geta breytt genginu svo að segja hvenær sem þeim þóknast, þá verði ríkjandi meiri ótti við nýtt gengisfall heldur en ella. Ég hygg, að það skapi meira öryggi í þessum efnum og meiri tiltrú almennings til krónunnar, ef gengisskráningarvaldið verður aftur lagt í hendur Alþingis, eins og áður var, því að það er öllum ljóst, að það er miklu torveldara fyrir valdhafana að knýja fram gengisbreytingar, þegar þeir þurfa áður að ræða málið hér á Alþingi, en þegar þeir geta aðeins gert það með því að gefa seðlabankastjórunum fyrirskipun um að beita gengisskráningarvaldinu. Í samræmi við þetta höfum við flm. lagt þetta frv. fram, en aðalefni þess er það, að gengisskráningarvaldið verði aftur fært í fyrra horf, þ. e. að ekki sé hægt að breyta skráningu krónunnar nema að fengnu samþykki Alþingis, en það verði fellt niður, sem var tekið upp með brbl. sumarið 1961, að Seðlabankinn og ríkisstj. geti gert þetta upp á sitt eindæmi og án þess að spyrja Alþingi nokkuð ráða um það, hvað skuli gert í þessum efnum. Ég er sannfærður um, að ef þessi breyting yrði gerð, þá mundi hún hjálpa til þess að endurvekja það traust til krónunnar, sem okkur er nauðsynlegt að vekja að nýju. Þó að ég viðurkenni að sjálfsögðu, að

ýmsar fleiri ráðstafanir þurfi að gera og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst þá að breyta alveg um stjórnarstefnu, þá álít ég, að þetta sé eitt af þeim ráðum, sem beita þurfi til þess að skapa aukið traust til íslenzkrar krónu, það traust, sem fæst við það, að mönnum er ljóst, að ekki er eins auðvelt að hrófla við gengi hennar og það er nú, meðan Seðlabankinn og ríkisstj. geta breytt gengi hennar svo að segja daglega, ef þeim þóknast að gera það.

Í þeim ræðum hæstv. ráðh., sem ég minntist á í upphafi máls míns, hefur það komið fram, að þeir eru ekki eins miklir gengislækkunarmenn í dag og þeir hafa verið áður, hvað lengi sem það stendur. Og þeir tala nú um það, sem þeir hafa ekki talað um áður, að nauðsynlegt kunni að vera að gera ráðstafanir til þess að tryggja gengi íslenzkrar krónu og þó sérstaklega til þess að auka tiltrú almennings til krónunnar. Ég vil vænta þess vegna þessarar stefnubreytingar hjá hæstv. ráðh., — hvað djúpt sem hún kann að rista og hvað lengi sem hún kann að standa, — að þá verði hún til þess, að þeir líti öðrum augum á þetta frv. en þeir gerðu á seinasta þingi og það geti náðst samkomulag á milli hæstv. ríkisstj. og stjórnarandstæðinga um að gera þessa breytingu.

Hæstv. ríkisstj. talar mikið um það nú, að hún vilji hafa góða samvinnu við andstæðinga sína um þær aðgerðir, sem nauðsynlegt kunni að þurfa að gera í efnahagsmálum. Ég vona, að þau ummæli séu á fullkomnum heilindum byggð, og í trausti þess vil ég vænta, að það verði m. a. til þess í þessu máli, að þeir taki í framrétta hönd stjórnarandstæðinga til samkomulags og hjálpi til þess, að þetta frv. nái fram að ganga.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að þessu sinni að fara um þetta mál fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málið látið ganga til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. og meiri hl. fjhn., á þskj. 399 og 558, var útbýtt 20. marz og 5. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Áfengisvarnasjóður.

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um áfengisvarnasjóð [32. mál] (þmfrv., A. 32).

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum urðu talsverðar umr. hér í d. um annað frv., sem snertir þau mál nokkuð. sem þetta frv. fjallar um. Í þeim umr. var það m. a. rifjað upp, að á s. l. vori höfðu gerzt svo alvarlegir atburðir í sambandi við áfengisnautn unglinga í Þjórsárdal, að ríkisstj. hefði talið ástæðu til að skipa sérstaka nefnd til að íhuga það mál og skila um það sérstöku áliti. Í áliti þessarar nefndar kemur fram, að hún telur það heppilegt, að ýmis bönn séu aukin, en þó fyrst og fremst, að meiri áherzla verði lögð á það að auka bindindisstarf og ýmislegt uppeldisstarf, sem væri líklegt til þess að vinna gegn áfengisnautn unglinga. Ég held, að af báðum þessum leiðum, sem að sjálfsögðu koma að meira eða minna leyti til greina, sé sú leiðin, sem leggur áherzlu á bindindisfræðsluna og uppeldisstarfið, enn þýðingarmeiri og vænlegri til árangurs. Það gildir hins vegar um hana, að hún verður ekki farin, svo að gagni sé, nema það sé séð fyrir fjármagni til þess að tryggja þær framkvæmdir, sem eru nauðsynlegar í því sambandi.

Þegar samið var frv. að þeim áfengislögum, sem nú eru í gildi, var gert ráð fyrir allvíðtækum áfengisvörnum, og er sérstakur kafli í þeim lögum um áfengisvarnir, en við meðferð málsins hér á Alþingi var fellt niður það ákvæði í áfengisvarnakaflanum, sem ég tel að hafi verið veigamest, en það var ákvæði um það, að séð yrði fyrir fjármagni til þeirra áfengisvarna, sem lögin gera ráð fyrir.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir um áfengisvarnasjóð, er lagt til, eins og gert var upphaflega í áfengislagafrv., að viss hluti af tekjum áfengisverzlunar ríkisins verði lagður í sérstakan sjóð, er notaður sé til áfengisvarna eða til að styrkja áfengisvarnir. Þó er gert ráð fyrir því í þessu frv., að hlutverk sjóðsins verði víðtækara en gert var ráð fyrir í frv. um áfengislögin á sínum tíma. Þar var aðeins gert ráð fyrir því, að sjóðurinn styrkti áfengisvarnir og bindindisstarf, en hér er einnig lagt til, að sjóðurinn styrki aðra uppeldisstarfsemi, sem sé líkleg til þess að vinna gegn áfengisnautn, eða æskulýðsstarfsemi, sem sé líkleg til þess að koma að sama gagni og bein bindindisstarfsemi.

Ég held, að eins og málum er nú komið, sé nauðsynlegt að hafa slíka starfsemi víðtækari en upphaflega var gert ráð fyrir í áfengislagafrv., þannig að það sé ekki aðeins nauðsynlegt að styrkja hina beinu bindindisstarfsemi, heldur líka hina óbeinu bindindisstarfsemi, þ. e. ýmsa æskulýðsstarfsemi, sem er líkleg til þess að vinna gegn áfengisnautn unglinga.

Ég minntist á það í sambandi við það frv., sem var hér til umr. fyrir nokkrum dögum og fjallaði um breytingar á áfengislögunum, að e. t. v. væri rétt að leysa þetta mál þannig að taka þetta ákvæði að nýju, eins og upphaflega var ráð fyrir gert, upp í áfengislögin, og þess vegna vildi ég beina þeim tilmælum til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til athugunar, að hún athugi þá leið, en telji hún hana ekki heppilega, þá verði þetta frv. látið ganga fram. En hins vegar nær það alveg sama marki, ef sú leið verður farin að taka þau ákvæði, sem frv. fjallar um, beint upp í sjálf áfengislögin.

Vegna þeirra umr., sem fóru fram um áðurnefnt frv., sé ég ekki ástæðu til þess að segja hér öllu meira að sinni, en leyfi mér að leggja

til, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til allshn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Áætlunarráð ríkisins.

Á 6. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um áætlunarráð ríkisins [34. mál] (þmfrv., A. 34).

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þegar ég flutti þetta frv. hér fyrir ári, nokkurn veginn í sömu mynd og nú, urðu um það mjög miklar umr. Það var hæstv. viðskmrh., sem þá hóf raunverulega umr. með mjög skörulegri ræðu, eins og hans var von og vísa, þar sem hann harmaði mjög mitt hlutskipti að vera nú að flytja þetta frv. og vera að berjast fyrir þessu, þar sem nú væri sjálf ríkisstj. að framkvæma þessa hluti. Það væri hvorki meira né minna en sú hugsjón, sem Alþfl. hefði barizt fyrir frá upphafi vega um áætlunarbúskap. Hún væri nú að komast í framkvæmd og ég hefði misst af þessu öllu saman og væri að fást við að flytja einhver frv. í þessa átt, þegar sjálf hugsjónin væri að komast í framkvæmd. Mig vantar hæstv. viðskmrh. hér núna. Hann gerðist meira að segja svo rómantískur í þesum ræðum, að hann talaði um, að ég hefði villzt frá einum hinna vinnandi vega í vonlaus klif um hrapandi fell, og má ég nú spyrja hann núna: Hver er það, sem stendur núna og hrapar í fellunum? Hverjir eru það núna, sem eru staddir í þeim vonlausu klifum? Ég held, þegar við byrjum að ræða þetta frv., að þá verðum við að byrja að ræða það ástand, sem ríkir eftir þetta eina ár, eftir að þjóðhagsáætlunin er búin að vera í gildi um nokkurn tíma og eftir að sú hugsjón Alþfl., sem átti að vera framkvæmd samkv. ræðu hæstv. viðskmrh. fyrir ári, verður búin að fá að sýna sig í veruleikanum. Hvernig er þetta ástand í dag? Og hvernig skyldi hæstv. ráðh. takast núna, einu ári eftir hugsjónaræðurnar fyrir ári, að verja það ástand, sem þeir nú eru búnir að leiða yfir þjóðina? Ég ætla þess vegna ofur lítið að reyna að taka út þjóðarbúið í þessu og athuga sérstaklega þá hluti, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að laga.

Þar kemur fyrst og fremst verzlunarjöfnuðurinn. Hvernig stendur hann í dag, þetta, sem ríkisstj. þótti vera alveg höfuðatriði að laga í þessum efnum? Verzlunarjöfnuðurinn er í dag neikvæður um 700 millj. kr. Hann er svo neikvæður, að jafnvel Vísir er farinn að heimta, að nú verði gripið í taumana, nú sé ekki hægt að þola lengur frelsið. Jafnvel þeir blindu eru því farnir að sjá.

Við skulum taka annað atriði. Það átti að stjórna öllum þjóðhagsmálum með afskiptum bankanna og sérstaklega Seðlabankans, stjórna útlánunum, og það var gengið út frá, að allt mundi vera í lagi með innlánin, og ríkisstj. hefur hvað eftir annað hælt sér af því, hvernig með þau stæði. Ég skal gefa núna ofur lítið yfirlit yfir, hvernig þetta stendur 9 fyrstu mánuði þessa árs, þ. e. a. s. fram til septemberloka. Sparifjáraukningin hefur í ár verið um 440 millj. kr., en aukningin var á sama tíma í fyrra 462 millj. Veltuinnlánin eru í ár 129 millj., en voru á sama tíma í fyrra 271 millj. M. ö. o.: innlánin í bankana hafa stórlækkað. Hvernig er með útlánin á þessum sama tíma, líka miðað við 9 fyrstu mánuði þessa árs? Aukningin í útlánum er 1001 milljón 9 fyrstu mánuði þessa árs og var á sama tíma í fyrra 647 millj. Hefur þannig útlánaaukningin orðið um 350 millj. kr., miðað við það, sem var í fyrra. En ef við berum saman, hvernig stendur með hlutfallið milli innlána og útlána í ár, eru tölurnar þessar: Í ár hafa innlánin aukizt um 570 millj., en útlánin um 1001 millj. Á sama tíma í fyrra, 1962, höfðu innlánin aukizt um 730 millj., en útlánin um 640. M. ö. o.: það hefur allt saman farið úr böndunum. Og ef við færum að, — ég skal ekki fara að gera það hér, — en ef við færum að sundurgreina, til hverra þessi útlánaaukning fyrst og fremst hefði runnið, er greinilegt, að það er fyrst og fremst verzlunarauðvaldið í landinu, þ. e. verzlunin í landinu, sem hefur fengið þessi auknu útlán, þótt hins vegar hafi ekki verið komizt hjá því núna í síldarvertíðinni vegna endurlánanna að auka líka nokkuð það, sem fer til sjávarútvegsins. En það, sem er þó sérstaklega greinilegt, þegar farið er að athuga verzlunarskuldirnar, þá kemur í ljós, í hverra þágu raunverulega landinu hefur verið stjórnað þennan tíma. Verzlunarskuldirnar erlendis hafa aukizt í kringum 600 millj. kr. eða eru núna 600 millj. kr. Þær voru í ágústlok 553 millj. Þannig hefur allt, sem ríkisstj. sérstaklega upphaflega þóttist ætla að vinna með sinni verzlunarpólitík, allt saman þetta hefur farið úr böndunum, þ. e. verzlunarjöfnuðurinn, útlána- og innlánastarfsemin og verzlunarskuldirnar. Hvernig hefur gengið á sama tíma með fjárfestinguna? Það þarf ekki nema minna á, hvernig verið hefur með bílana. 3500—4000 bílar komnir inn bara það sem af er í ár. Bílaumboðshallirnar hérna í Reykjavík við Suðurlandsbrautina, sem upp hafa risið, sýna því greinilega, hvernig fjárfestingin í landinu fyrst og fremst hefur verið framkvæmd af verzlunarauðvaldinu og miðazt við þess hagsmuni.

Og hvernig stendur svo í því almenna atvinnulífi? Ástandið er þar algert öngþveiti, sem sjálf ríkisstj. nú ræður ekki nokkurn skapaðan hlut við. Það er öngþveiti í öllu athafnalífinu vegna brasks og uppboðs. T. d. sá iðnaður, sem við fyrst og fremst byggjum á, fiskiðnaðurinn. hvernig er ástandið þar? Að mjög miklu leyti er það þannig, að hraðfrystihúsin eru drifin áfram að mjög miklu leyti af börnum og gamalmennum. Það er ákaflega erfitt með vinnuaflið

í þeim. Og sumar niðursuðuverksmiðjur nýbyggðar standa hér tómar, vegna þess að það fæst ekki vinnuafl til þeirra. Á sama tíma sjáum við, af því að það var verið að tala um, að það ætti að afnema öll höft og allan svartamarkað, — á sama tíma sjáum við það, að svartamarkaðurinn í sambandi við t. d. lóðaúthlutun í Reykjavík hefur aldrei verið annar eins og hann er núna. Og þó að billeyfin þættu jafnvel slæm í gamla daga hvað svartamarkaðinn snertir, þá græðir hver sá maður, sem fær úthlutað lóð í Reykjavík núna, á hverri íbúð, sem hægt er að byggja á þeirri lóð, frá 100 upp í 300 þús. kr. M. ö. o.: það er algert stjórnleysi í atvinnulífinu, þar sem virðist bókstaflega hafa verið miðað að því, að allir ættu að græða á öllum, sem þýðir raunverulega, þegar öllu er á botninn hvolft, að allir eigi að reyna að keppast um að græða á þeim, sem lægst eru launaðir, og fyrst og fremst á verkamönnunum.

Þannig er í mjög stuttu máli ástandið í efnahagslífi Íslands í dag, svo að það er ekkert undarlegt, þó að ráðh. séu ekki viðstaddir, þegar á að fara að ræða þetta. Það væri ekkert skemmtilegt fyrir þá, eftir alla rómantíkina í fyrra hjá hæstv. viðskmrh., að fá nokkrar myndir af því, hvernig ástandið sé nú hjá þeim sjálfum. Hver minnist í dag á þjóðhagsáætlunina? Hver man eftir þessu plaggi, sem var verið að hampa hér framan í þm. allan síðari hluta síðasta þings? Hver man eftir þessu plaggi, sem sent var út rétt fyrir kosningarnar? Ég er hræddur um, að það sé orðin nokkuð ljót Gylfaginning, sem þar hefur verið skráð, enda er nú svo komið, að þeir af hæstv. ráðh., sem hafa kannske eitthvað minnst verið inni í efnahagsmálum, en eru þó sæmilega raunsæir, eru nú farnir að segja eins og hæstv. dómsmrh.: Við verðum nú að hætta þessum ljóta gengisfellingarleik. — M. ö. o.: þeir, sem ekki hafa bókstaflega stjórnað þessum leik, segja, að nú verði að hætta þessu. Það er að vísu mjög gaman að heyra slíkt frá formanni Sjálfstfl., helzta auðmannaflokksins í landinu. En muna má hann það samt, að allur gróði svo að segja auðvaldsins á Íslandi hefur stafað af gengislækkunum, af verðbólgu og gengislækkunum undanfarna áratugi, svo að það færi betur, að það væri þá ekki bara verið að tjalda til einnar nætur með að stöðva gengislækkunarleikinn, og ef nafni minn Sigurðsson hefði enn þá verið hérna á þinginu, býst ég við, að honum hefði ekkert litizt á þennan boðskap frá hæstv. dómsmrh. Og svo er annað, sem verður að athuga um leið, þegar hæstv. dómsmrh. gefur svona yfirlýsingu. Þessi gengislækkun hefur verið það patent, sem allar þær ríkisstj. á Íslandi, sem undanfarna áratugi hafa farið eftir þeim amerísku efnahagsforskriftum, hafa beitt. Þetta var eina patentið, sem amerísku efnahagssérfræðingarnir eða þeir efnahagssérfræðingar íslenzkir, sem sendir voru frá Bandaríkjunum, ráðlögðu Alþingi 1950, þegar gengislækkunarleikurinn byrjaði. Þá stóð í 2. gr. í þeim lögum, eins og þau voru lögð fyrir þingið þá og eins og Sjálfstfl. og Framsfl. voru með þeim framan af í umræðunum, að í hvert skipti, sem kaup yrði hækkað, skyldi Seðlabankinn — eða þá var það Landsbankinn — taka gengisskráninguna til meðferðar. M. ö. o.: það var meiningin af hálfu þeirra amerísku sérfræðinga, sem hafa viljað ráða Íslandi og enn hafa allt of mikil áhrif hér, að það skyldi beitt þessum ljóta gengislækkunarleik til þess að ræna þannig verkamenn jafnóðum kaupinu, þegar þeir hefðu að einhverju leyti bætt það. Nú er hins vegar komið svo langt í þessum leik, að meira að segja lærifeðrunum í New York ofbýður, og þegar 2 af ráðh. hæstv. ríkisstj. fara til Bandaríkjanna nýlega til þess að spyrja, hvort halda megi leiknum áfram, fá þeir það svar, að það geti ekki gengið, nú verði að hætta þessum leik. M. ö. o.: lærifeðrunum í New York ofbýður nú ævintýrið hjá skólapiltunum og lærisveinunum þeirra hérna heima.

Og ég er vissulega sammála þeim um það, að tími er til kominn, að þessum leik sé hætt. Þessi vitlausa og ósvífna tilraunastarfsemi, sem gerð hefur verið í íslenzku þjóðfélagi nú í 15 ár, á því sannarlega að fara að hætta, og það er orðið nokkuð dýrt, að menn hafa farið inn á það að leika sér þannig með atvinnulífið og með gæfu þjóðarinnar. En þá gildir um leið, að ríkisstj. fari ekki að fara inn á neinar aðrar brautir, sem menn hafa stundum reynt, þegar slíkt hefur mistekizt, og skal ég koma nánar að því síðar.

En það, sem ég vildi nú koma að, er þetta: Hvernig stendur á því, hverjar eru efnahagslegu orsakirnar til þess, að þetta kerfi hefur brugðizt? Ég vil svara því örstutt. Ísland þolir ekki frjálsa verzlun. Það er alger sjálfsblekking að halda, að eins lítið þjóðfélag og okkar, ef við ætlum að reyna að hafa þar sæmilegt viðurværi fyrir almenning, þoli þessa svokölluðu frjálsu verzlun, og allra sízt þjóðfélag, sem er upp byggt eins og okkar á fiskveiðum, sem sveiflast ár frá ári og þarf þess vegna alltaf að taka tillit til í sambandi við allan verzlunarjöfnuð. Það er óhugsandi. Efnahagslífi okkar er þannig háttað, að við þolum ekki frjálsa verzlun. Og þetta finnst manni nokkurn veginn, að við hefðum átt að læra á undanförnum 30 árum. Við verðum að hafa stjórn á verzlun okkar.

Þá vil ég í öðru lagi koma að því: Hvernig stendur á, hverjar eru pólitísku orsakirnar til þess, að þetta fríverzlunarkerfi hér á Íslandi hefur brugðizt? Ég vil svara því með því í fyrsta lagi og gera betur grein fyrir því, að íslenzkt þjóðfélag þolir ekki það efnahagslega alræði verzlunarauðvaldsins, sem í þessu fríverzlunarkerfi felst. Hvorki atvinnurekendur í sjávarútvegi né iðnaði né verkafólkið í landinu getur lifað við þetta fríverzlunarkerfi. Og við skulum athuga nánar alveg raunsætt, hvernig þetta er. Fyrir hverja er hið svo kallaða verzlunarfrelsi? Verzlunarfrelsið er einvörðungu fyrir innflytjendurna, það þýðir: fyrst og fremst fyrir heildsalana. Þetta verzlunarfrelsi er vissulega ákaflega fögur kenning, en það hefur ekki verið framkvæmt að öðru leyti en því, sem hentar hagsmunum innflytjendanna, og það er nauðsynlegt að hafa það fyrir augum, þegar menn eru að sundurgreina þjóðfélagið, eins og er hjá okkur. Þessu verzlunarfrelsi hefur verið beitt í

andstöðu og á móti hagsmunum t. d. sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins og jafnvel að ýmsu leyti iðnrekendanna að öðru leyti. Í fyrsta lagi: Allan þennan tíma hefur gjaldeyrir sjávarútvegsins, gjaldeyririnn, sem sjávarútvegurinn framleiðir, verið einokaður handa verzlunarauðvaldinu. Þetta er því ekki frjáls verzlun í venjulegum skilningi. Það þótti sjálfsagt, á meðan fullt eftirlit var haft með öllum gjaldeyri og yfirstjórn var á honum, þá var eðlilegt að þjóðnýta gjaldeyrinn og sjálfsagður hlutur. Þá var innflutningurinn að meira eða minna leyti þjóðnýttur líka, þá var höfð yfirstjórn á honum. Og öðruvísi er ekki hægt að stjórna Íslandi, svo að nokkurt vit sé í. Að vísu er hægt að stjórna því svo illa, þó að slík yfirstjórn sé, að ekkert vit sé í því heldur. En slíkt eftirlit og slík yfirstjórn ríkis á innflutningi og útflutningi er forsenda fyrir því, að hægt sé að stjórna þessum efnahagsmálum okkar af skynsemi. Þrátt fyrir allt, sem prédikað hefur verið um frjálsu verzlunina, hefur mönnum því aldrei dottið í hug og varla verið farið fram á það, að sjávarútvegurinn ætti að vera frjáls til þess að flytja vöru sína til hvaða landa sem hann vill. Sjávarútvegurinn hefur á þessum undanförnu árum ekki heldur haft þetta frelsi, ekki almennt séð og algert. Hann hefur verið beygður undir verzlunarauðvaldið. Og það er nauðsynlegt, að menn þori að gera þessa skilgreiningu á íslenzku atvinnulífi og íslenzkri atvinnurekendastétt, vegna þess að þessar mótsetningar, sem þarna eru á milli, hafa afgerandi áhrif um, hvernig Íslandi er stjórnað. Það er vitað, að þegar núv. hæstv. ríkisstj. byrjaði starfsemi sína, var meiningin að beygja sjávarútveginn og útflutning hans alveg gersamlega undir alræði verzlunarauðvaldsins, svo gersamlega, að meira að segja ofstækisfyllstu boðendur verzlunarfrelsisins boðuðu þá, að það ætti helzt að slíta öllum samböndum við þau ríki, sem við þyrftum að hafa jafnvirðiskaup við. Og það var reynt á fyrsta árinu, 1960, — og með hvaða afleiðingum? Með þeim afleiðingum, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var næstum því farin á hausinn. Af hverju? Af því að þessir menn höfðu ekki athugað það, að viðskiptin við jafnvirðislöndin, þar sem við fengum borgað út í hönd, höfðu gert okkur mögulegt að festa fé, svo að hundruðum millj. kr. skiptir, í Bandaríkjunum, til þess að brjótast þar áfram til að selja vörur okkar þar. Og raunverulega höfðu þessi öruggu viðskipti við jafnvirðiskaupalöndin fínanserað útflutning okkar til Bandaríkjanna og byggt upp fjárfestingu okkar þar, þannig að um leið og við ætluðum að fara að brjóta niður viðskipti við þessi lönd, vorum við að kippa grundvellinum undan baráttumöguleikum okkar í Bandaríkjunum á að ryðja okkar fiski þar til rúms. Því varð líka byltingin í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og því varð Jón Gunnarsson að hætta. Og sjávarútvegurinn sýndi fram á það, staðreyndirnar voru of harðar fyrir ofstækismennina, ofstækisboðendur verzlunarfrelsisins, og það varð að láta þar undan, og þarna hefði verið breytt til. M. ö. o.: hver sú stjórn, sem ætlar sér að reyna að framkvæma þetta verzlunarfrelsi fyrir verzlunarauðvaldið, rekur sig á, að það er ekki hægt, af þeirri einföldu ástæðu, að sjávarútvegurinn, hans útflutningur er grundvöllurinn, er undirstaðan undir öllu okkar atvinnulífi, og ef menn ætla að brjóta þennan grundvöll, brjóta menn sjálfa sig niður um leið. Verzlunarauðvaldið lifir ekki á öðru en því að fá að hagnýta þennan gjaldeyri, vegna þess að Ísland getur einhvers staðar haft markaði fyrir sinn fisk.

M. ö. o.: verzlunarfrelsi verzlunarauðvaldsins hefur verið og er fjötur á sjávarútveginn, sem hefur orðið að vísu nokkuð að slaka á frá því, hvernig átti að framkvæma hann í upphafi, en er enn þá nýr fjötur þannig, að það hefði verið hægt að salta miklu meiri síld, og það er enn þá hægt að selja allt það, sem hægt er að salta núna í haust af síld, þó að ekki sé búið að því, og vinna meira úr fiski okkar en gert er, ef sjávarútvegurinn hefði verið frjáls með að fá að selja þetta til hvaða lands í veröldinni sem hann vildi, og síðan væri séð um, að hægt væri að kaupa frá þessum löndum, og innflutningnum stjórnað í því skyni, sem er það eina, sem vit er í, því að afkoma þjóðarinnar fer fyrst og fremst eftir því, hve mikið hún getur framleitt, hve vel hún getur unnið úr því, og það þýðir, hve víða hún getur selt, en fer ekki fyrst og fremst eftir hinu, hvort silkisokkarnir séu betri frá þessu landinu en öðru. Þess vegna hefur þetta kerfi, sem nú hefur verið prófað og nú er gjaldþrota og nú er brotnað saman, verið efnahagslegt alræði verzlunarauðvaldsins, þar sem raunverulega hefur orðið að taka nokkurt tillit til sjávarútvegsins, af því að það hefur rekið sig svo harkalega á, en engu að síður er þetta kerfi enn í dag fjötur á framþróuninni á Íslandi og framförunum í íslenzku atvinnulífi. Þess vegna er ástandið þannig nú, pólitískt séð, að þetta efnahagslega einræði verzlunarauðvaldsins yfir gjaldeyri sjávarútvegsins og lánstrausti þjóðarinnar hefur leitt okkur út í ógöngur, og þess vegna er það þetta kerfi, sem er að brotna nú fyrir augunum á okkur.

Ef efnahagssérfræðingar ríkisstj. væru staddir hérna hjá okkur, mundu þeir kannske spyrja: Hvað þurfti til þess, að þetta kerfi stæðist? Og ég þykist svo sem vita, að þeir hafi hvíslað því að ríkisstj., hvað þyrfti til þess, og það er alveg rétt að segja það, því að það er aldrei rétt að fordæma eitt kerfi til fullnustu, nema gerð sé grein fyrir, af hverju það hefur misheppnazt. Það eru tveir möguleikar til að láta svona kerfi standast, eins og þetta efnahagslega alræði verzlunarauðvaldsins. Og ég skal dvelja stutt við að segja frá, hverjar þær aðferðir eru. En ég vil um leið taka það fram, að ég býst ekki við, að þjóðin mundi sætta sig við þær aðferðir. Fyrri aðferðin til þess að láta svona kerfi standast er sú að láta ríkið skipuleggja almennt atvinnuleysi og neyð í landinu. Þá er hægt að halda þessu kerfi uppi, þá brotnar það ekki saman. Atvinnuleysi og neyð er mjög sterkt og áhrifaríkt ráð til þess að draga úr kaupmætti almennings. Og það var þetta ráð, sem ríkisstj. Framsóknar og Sjálfstfl. notaði 1950. Frá 1950 og fram til 1955 og sérstaklega 3 fyrri árin af þessu tímabili var þessu ráði beitt með allgóðum

árangri. Það var skipulagt atvinnuleysi og neyð um allt land. Það var landlægt atvinnuleysi á þessum árum, og meira að segja í Reykjavík var þetta atvinnuleysi líka 1951—1952. Og meðan svona atvinnuleysi og neyð er skipulagt, er ekki verið að bjóða í menn í eftirvinnu. Þá er ekki verið að gefa mönnum tækifæri til að vinna eftirvinnu og næturvinnu. Á þessum árum var t. d. bannað að byggja hús á Íslandi nema með sérstöku leyfi nefndar í Reykjavík. Ríkið skipulagði samkv. amerískum ráðum atvinnuleysið og neyðina, og þetta ráð, sem dugði svo lengi sem það hélt, þangað til fólkið reis upp á móti því, — þetta ráð er náttúrlega til enn þá, en ég býst ekki við, að það sé nokkur íslenzkur stjórnmálamaður, sem mundi leggja til að beita þessu ráði.

Þá er annað ráð, sem er líka til. Það er að reyna að halda uppi efnahagslegu alræði verzlunarauðvaldsins með harðstjórnarlögum, í staðinn fyrir neyðina og atvinnuleysið sé látin koma harðstjórn. Þetta hefur líka verið reynt. Það var reynt með gerðardómslögum 1942 af ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., og þetta var líka reynt af einni týpiskri stjórn verzlunarauðvaldsins í landinu, sem stundum var kölluð Cóca-cóla-stjórnin, — og vissir valdamenn í Framsfl. og Sjálfstfl.. áttu líka hauka í horni í þeirri stjórn, — þegar hún ætlaði sér í sept. 1944 að skera niður allt kaupgjald í landinu um 10%. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. dettur í hug að fara að beita svona aðferðum núna. Ég vildi a. m. k., ef það hefur hvarflað að einhverjum hæstv. ráðh., minna þá á sporin. Þau ættu að hræða, og það væri vissulega mjög slæmt, ef út í það væri farið nú að reyna að endurtaka einhverja af þeim tilraunum, sem hastarlegast hafa mislukkazt í íslenzkum stjórnmálum á undanförnum áratugum. Aldrei hefur nein tilraun farið eins út um þúfur og gerðardómslögin 1942, og var þó reitt hátt til höggs, og sjaldan nokkur stjórn yfirgefið skipið aumlegar en utanþingsstjórnin gerði í sept. 1944, þegar hún ætlaði að fara að fara í sömu áttina. Það er vonlaust að reyna eitthvað slíkt nú. Aldrei nokkurn tíma hefur það verið vonlausara.

Ég held, að það, sem við Íslendingar þurfum að gera nú, sé að horfast mjög raunsætt í augu við erfiðleikana og hætta þeim ljóta leik að gera okkar litla þjóðfélag að tilraunadýri fyrir úreltar og steindauðar kenningar, sem aðeins geta orðið þjóðfélagi okkar fjötur um fót. Þau verkföll, sem yfir vofa beinlínis frá hálfu stjórnarstuðnings-verkalýðsfélaganna sjálfra, ættu að færa hæstv. ríkisstj. heim sanninn um, að það þýðir ekki að halda áfram í þessa átt. Það er ekki hægt að stjórna þjóðfélagi okkar í þágu verzlunarauðvaldsins, svo framarlega sem þjóðfélagið á að taka framförum. Verzlunarauðvaldið er úreltasti, elzti og lélegasti þátturinn í auðmagninu. Sá hluti, sem í einu auðvaldsþjóðfélagi vísar til framfara, er iðnaðurinn og hjá okkur alveg sérstaklega sjávarútvegurinn. Og efling fyrst og fremst sjávarútvegsins og iðnaðarins, sem á honum byggist, hlýtur að vera höfuðskilyrðið fyrir allri þróun og öllum framförum í íslenzku atvinnulífi, og því aðeins, að verzlunarauðvaldinu sé haldið þannig niðri, að það fái ekki að ráða og helzt engu að ráða um sjálfa þróunina í landinu, því aðeins er hægt að halda áfram sleitulausum framförum á Íslandi og halda sæmilegum friði þar. Þetta er það, sem sérstaklega flokkur auðmannastéttarinnar á Íslandi, Sjálfstfl., þyrfti að gera sér algerlega ljóst. Ég veit, að hann hefur mikið reynt til þess að bræða saman hagsmuni allra þessara mismunandi hluta auðmannastéttarinnar innanlands, en það þýðir ekki til lengdar. Það þýðir ekki að ætla til lengdar að láta verzlunarauðvaldið, þótt það ráði Morgunblaðinu, vera það auðvald, sem ræður stefnunni í íslenzku atvinnulífi. Það er alveg óhjákvæmilegt, ef auðmannastéttin ætlar ekki bókstaflega að setja sjálfa sig úr leik hérna, að þarna verði breyting á.

Því miður hefur það verið svo, að sjávarútvegurinn og hans menn hafa tiltölulega lítið látið til sín taka í þessum efnum. Það hefur raunverulega verið þannig, að venjulega hafa einhverjir aðrir orðið að taka tillit til þeirra, þegar allt hefur verið komið í strand vegna ævintýra verzlunarauðvaldsins. Og það undarlega við sögu Íslands á undanförnum 20 árum er það, að hvað eftir annað hefur það verið verkalýðshreyfingin, sem hefur orðið að rétta hlut sjávarútvegsins og sjá til þess, að sjávarútvegurinn gæti fengið þá eðlilegu eflingu, sem hann þurfti, meira að segja út frá sjónarmiði íslenzks auðvaldsskipulags, bara vegna þess að yfirráð og þröngsýni heildsalanna hafa verið svo mikil í Sjálfstfl., að þau hafa borið hag sjávarútvegsins fyrir borð. Og það er sá hlutur, sem enn hefur gerzt, þó að þessir menn hafi ekki getað ráðið hins vegar við það, hvernig aflabrögðin urðu hjá okkur á þessum undanförnum tveimur árum, vegna þeirra tæknilegu breytinga og þeirra breytinga, sem af landhelginni stafa, sem þar hafa orðið á.

Það þýðir ekki, — og hvað eftir annað eru menn búnir að reka sig á það í íslenzku þjóðfélagi, — það þýðir ekki fyrir íslenzka auðmannastétt að ætla að stjórna þessu þjóðfélagi einvörðungu í sína þágu og sízt af öllu með því að láta verzlunarauðvaldið ráða ferðinni og fá ljónspartinn af öllum gróðanum. Þetta þyrftu þeir flokkar, sem nú ráða, hreinskilnislega að horfast í augu við að viðurkenna. Vissulega geta verkamenn og bændur ekki heldur stjórnað landinu enn sem komið er, — ekki enn, það kemur að því. Það sáum við í vinstri stjórninni, að það er ekki forsenda fyrir því enn sem komið er. Hvað er þá hægt að gera? Hvernig er hægt að stjórna okkar íslenzka þjóðfélagi, eins og aðstæðurnar eru í því, þannig að við verðum okkur ekki til skammar frammi fyrir öllum heiminum fyrir það stjórnleysi, sem ríkir hjá okkur, eins og núna, og væri stórhættulegt, að farið væri að brjótast út úr með því að fara að grípa til einhverra vitlausra ráðstafana? Ég held, að menn þurfi að horfast í augu við þetta, alveg hreint kalt og rólega. Það er venjulega skilyrði til þess, að menn þori að gera eitthvað í pólitík, sem eitthvert vit er í, að þeir dæmi ekki

hringavitlaust um þær aðstæður, sem eru í þjóðfélaginu, og ég vil gera grein fyrir því frá mínu sjónarmiði. Ég vil segja það, að hvaða menn og hvaða flokkar sem á hverjum tíma, eins og íslenzka þjóðfélaginu er hagað í dag, fara með völd, fara með ríkisstj., þá eru það þrennir aðilar í þjóðfélaginu, sem þeir fyrst og fremst verða að miða sína pólitík við, svo framarlega sem þeir ætla að stjórna landinu af einhverju viti og svo framarlega sem það eiga að verða heilbrigðar og stöðugar framfarir í okkar þjóðfélagi. Það þýðir ekki að kjafta um eitthvert jafnvægi, eins og hæstv. ríkisstj. er búin að gera í tvö ár, og skapa mesta öngþveiti, sem nokkurn tíma hefur verið hérna. Menn eiga að geta lært af slíkum staðreyndum.

Ef menn ætla að hafa góða lífsafkomu, heilbrigðar, stöðugar framfarir í okkar atvinnulífi og okkar lífskjörum og sjálfstætt Ísland, eru það þrjár stéttir, þrír aðilar, sem verður að taka tillit til, hvað svo sem þeir flokkar heita eða þeir menn, sem í ríkisstj. eru. Það er í fyrsta lagi verkalýðurinn og aðrar launþegastéttir, það er fyrst og fremst sá verkalýður, sem í framleiðslunni vinnur. Án þess verkalýðs væri framleiðslan ekki rekin. Ég hef áður sagt það hér á Alþingi, og það hefur sýnt sig vera rétt, og ég vil minna á það enn, að það er ekki aðeins illt verk og ranglátt að reyna að stjórna Íslandi með það fyrir augum að reyna að kúga verkalýðinn og hafa af honum hans kaup. Það er líka vonlaust verk til lengdar, alveg sérstaklega vonlaust verk við þær aðstæður, sem nú ríkja í þjóðfélaginu. Þeim ljóta leik að vera að gera tilraunir með slíkt og ekki sízt gengislækkunartilraunir þarf að hætta. Það eru í öðru lagi atvinnurekendurnir í sjávarútvegi og iðnaði, ekki sízt fiskiðnaði. Það er gefið, að eins og íslenzkt þjóðfélag er í dag, er nauðsynlegt að taka tillit til hagsmuna þessara aðila, og það er nauðsynlegt að hafa yfirumsjón á öllum innflutningnum til landsins með tilliti til þess að geta eflt íslenzkan sjávarútveg og íslenzkan iðnað, vegna þess, eins og ég tók fram áðan, að sjávarútvegurinn er undirstaðan, er grundvöllurinn að öllum lífskjörunum í landinu. Og þetta tillit verður ekki tekið, á meðan dansað er eftir pípu verzlunarauðvaldsins í þessum efnum. Og sjávarútvegurinn og iðnaðurinn, sérstaklega fiskiðnaðurinn, verða ekki efldir eins og hægt er, nema um það séu gerðar áætlanir og þær áætlanir framkvæmdar, þannig að lánsfjármálum í landinu og viðskiptamálum landsins sé stjórnað með framkvæmd þeirra áætlana fyrir augum. Og það eru í þriðja lagi bændurnir í landinu, þeir 6 þús. bændur, sem eru í senn — ég vil ekki beint segja atvinnurekendastétt, af því að meginið af þeim er einyrkjar, en í senn sú stétt, sem er sjálfstæð einyrkjastétt og vinnandi stétt, sú sem sér um allan landbúnað og á þar gífurlega möguleika viðvíkjandi atvinnuvegi, sem reka þarf með meiri stórhug en gert hefur verið fram að þessu. Það er til þessara þriggja stétta fyrst og fremst, sem þeir menn og þeir flokkar, hverjir sem það eru, sem ráða á hverjum tíma, eins og ástandið er nú í íslenzku þjóðfélagi, þurfa að taka tillit. Og það er við þessa þrjá aðila, sem ég miða, þegar ég í þessu frv., eins og ég hef breytt því nú í 1. gr., legg til, að áætlunarráðið sé nú skipað 9 mönnum, þar sem allir þessir aðilar eigi fulltrúa líka, fyrir utan þá pólitísku flokka.

Annars, af því að ég hef flutt þetta frv. áður og ekki breytt því svo sérstaklega mikið nú, skal ég skal fara út í frv. sjálft á þessu stigi, en aðeins segja þetta: Fulltrúar þeir, sem kalla sig fulltrúa fyrir einkaframtakið hér á Alþ., eru máske stundum hræddir, þegar þeir heyra talað um áætlunarbúskap. Og vissulega er það svo, að þá er áætlunarbúskapur bezt framkvæmdur, þegar hann er framkvæmdur á grundvelli sósialisma. Um það er ekki að ræða í augnablikinu á Íslandi, því að það er ekki meiri hluti hjá þjóðinni fyrir þeirri framkvæmd að framkvæma hann á grundvelli sósialisma. En hitt vil ég segja við ekki sízt fulltrúa Sjálfstfl. og Alþfl., sem nú eru í ríkisstj.: Þeir þurfa að reyna að læra ofur lítið af nágrannalöndum þeirra, þar sem auðvaldsskipulag er, og vera ekki eins hræddir við allt, sem heitir nýjar aðferðir, eins þrælíhaldsamir og þeir eru, að vera að gera enn þá á Íslandi 1962—1963 tilraunir með að framkvæma Manchester-stefnuna frá 1850. Það er svo voðalegt, að það skuli vera hvað eftir annað hægt að fara svona og svona með þjóðina bara vegna þess, að það komi nýir sérfræðingar. Aumingja Benjamín fékk að ganga sér til húðar eftir 1950. Svo eru teknir nýir sérfræðingar og sendir hingað 1959 og jafnvel fyrr, voru látnir jafnvel afvegaleiða vinstri stjórnina líka í efnahagsmálum og viðreisnarstjórnin erfði þá svo, og nú eru þeir búnir að gera allt vitlaust. Ég vil segja það við Sjálfstfl. og Alþfl. sérstaklega, að það er alveg hörmulegt að horfa upp á það, að útlendir menn skuli ekki þurfa annað en senda nokkra skólapilta til þeirra, og svo trúa þeir kenningum þeirra eins og nýju neti og gera allt þjóðfélagið hringavitlaust með því að reyna að framkvæma þær.

Þær þjóðir, sem eitthvað hafa reynt að læra í þessum efnum, — við skulum taka t. d. Frakkland, og ef einhver vill ekki trúa mér eins og nýju neti, liggur þarna á borðunum hjá ykkur frá OECD hefti frá 4. júní 1960, þar sem er m. a. á bls. 10 frásögn af því, hvernig Frakkland hefur með áætlunarráði verið að vinna sig upp á undanförnum áratugum. Þeir byrjuðu á þessum áætlunarráðum, þegar kommúnistar voru þar í stjórn eftir stríðið, og hafa aldrei fellt það niður síðan. Og hvað hefur gerzt í Frakklandi á þessu skeiði? Ég veit ekki, hvort það eru e. t. v. einhverjir, sem halda, að de Gaulle sé einhver töframaður, sem sé að gerbreyta Frakklandi og afstöðu þess í heiminum. Nei, það, sem hefur breytzt, er það, að með því að notfæra sér að þó nokkuð miklu leyti heildarstjórn á þjóðarbúskap eða áætlunarráð, hefur Frakkland orðið efnahagslega sterkt og voldugt land, að sama skapi sem Bandaríkin hafa verið að minnka hvað álit snertir í efnahagsmálum. Við sjáum það bezt á gullforðanum. Gullforði Frakklands, — ég vitna nú eftir minni, svo að það er kannske ekki alveg rétt hjá mér, — gullforði Vestur-Evrópu a. m. k. hefur um það bil þrefaldazt, mig minnir, að hann

hafi hækkað á rúmum síðasta áratug úr eitthvað 700 millj. dollara upp í 2500. En af því að ég hef ekki tölunar alveg hjá mér, skal ég ekki segja það, en mig minnir nokkurn veginn, að hann hafi þrefaldazt. Á sama tíma hefur gullforði Bandaríkjanna minnkað úr yfir 2000 milljörðum niður í ég held 1500—1600 milljarða. M. ö. o.: efnahagslegt vald Frakka hefur vaxið fyrst og fremst vegna þess, að þeir hafa beitt vissu ráði, áætlunarráði, vissri heildarstjórn á þjóðarbúskap sínum. Það er það, sem er undirstaðan undir efnahagslegu valdi Frakklands, og án þess valds hefði de Gaulle ekki getað gert það, sem hann hefur gert, eða talað eins og hann hefur talað. En Bandaríkin, sem hafa haldið áfram að reka sinn gamla friverzlunarbúskap að nokkru leyti, hjá þeim hefur gengið hægt. Þau hafa samt haft alveg nægilegt atvinnuleysi til þess að reyna að viðhalda þessu. Það eru um 5 millj. verkamanna atvinnulausir þar, þannig að kerfið er framkvæmt á réttan máta hjá þeim. En enn þá er afturhaldið og þröngsýnin svo mikil í Bandaríkjunum, að hvenær sem minnzt er á eitthvað, sem heitir áætlun og áætlunarráð, halda menn, að það sé verið að koma á sósíalisma í Bandaríkjunum. Og ég vil leyfa mér að vona, að menn smitist ekki af þess háttar vitleysum hér heima. Noregur hefur alveg frá því eftir stríðið framkvæmt slíkt áætlunarráð. Hverju einasta fjárlagafrv. norska Stórþingsins fylgir bók, sem ýmsir okkar hér á þinginu hafa fengið öll þessi ár, alveg nákvæm áætlun um þróunina í norsku atvinnulífi, ekki bara ríkisins, heldur líka einstaklinga.

Það er stóra meinið, að við Íslendingar skulum ekki hafa haldið því áfram, sem við tókum upp eftir stríðið, að reka slíkan áætlunarbúskap. Í svona litlu þjóðfélagi eins og okkar er þetta, án tillits til alls annars, alveg óhjákvæmilegt. Við getum ekki haldið Íslandi sjálfstæðu án þess að gera þetta. Þið verðið að gá að því, hvað þjóðfélag okkar er lítið, og í þessum frumskógi villidýranna, þessum frumskógi auðvaldsins, sem við erum staddir í, verðum við að geta varið okkur. Við verðum að gá að því, að bara verkamennirnir hér á Íslandi eru ekki nema um 40 þús., það er eins og er í ASEA, stærsta rafmagnsveri Svíþjóðar. Allur þjóðarbúskapurinn hjá okkur er þannig ekki nema eins og skikkanlega stórt fyrirtæki í öðrum löndum, og svo eigum við að slást á heimsmörkuðunum við risavaxna hringa eins og Unilever eða Findus eða aðra slíka. Það er óhugsandi að gera þetta nema við stöndum sameinaðir, — alveg óhugsandi. Annars værum við trampaðir niður. Enda er það líka rétt hjá þeim hagfræðingum, sem ráðin hafa lagt á um stefnu ríkisstj., að miða að því að innlima þá Ísland, ef það eigi að halda þessari stefnu áfram, sem hrepp í eitthvert annað land nógu stórt, t. d. Efnahagsbandalagið. Það er sú rökrétta afleiðing af þeirra kenningum að drepa efnahagslegt sjálfstæði Íslands. Innlimunarstefna þeirra er beint áframhald af þessari stefnu, sem nú hefur verið tekin upp. En hins vegar til allrar hamingju er sjálfstæðisviljinn það mikill, líka í stjórnarflokkunum, að menn stinga við fótum, þegar þeir sjá, að þetta er áframhaldið. Þess vegna er það, að ef við eigum að geta haldið efnahagslegum framförum áfram, ef við eigum að geta bætt lífskjör okkar, ef við eigum að geta haldið Íslandi efnahagslega sjálfstæðu, ef við eigum að geta haldið meira að segja atvinnurekendum á Íslandi efnahagslega sjálfstæðum, og þeir eru þeir fyrstu, sem yrðu troðnir niður, svo framarlega sem útlendu hringarnir réðust hér inn, verðum við að taka upp þetta fyrirkomulag, heildarstjórn á þjóðarbúskapnum. Og í svona litlu landi eins og okkar er auðvelt að framkvæma þetta með því að viðhalda öllu því fyrirkomulagi innanlands, sem hér er núna á okkar atvinnurekstri, einkaatvinnurekstri, félagsatvinnurekstri, samvinnuatvinnurekstri, ríkisatvinnurekstri og bæjaratvinnurekstri. Það sýnir sig líka, að það hafa alltaf verið utanaðkomandi áhrif, sem hafa eyðilagt þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að koma á slíkum áætlunarbúskap á Íslandi, þegar þá ekki þröngsýni hjá vissum öflum innanlands hefur verið svo mikil, að þau hafa komið í veg fyrir slíkan áætlunarbúskap, eins og var á tímum vinstri stjórnarinnar, þegar Framsókn kom í veg fyrir slíkt.

Því er slegið föstu í 7. gr. þessa frv., að það fyrsta, sem Alþ. setji slíku áætlunarráði sem starfssvið á næstu fimm árum, sé það, sem ég mundi vilja kalla eins konar iðnbyltingu í íslenzkri matvælaframleiðslu. Það er mikið talað um það núna, hvort við munum ekki endilega þurfa að fá t. d. alúmíníumhringinn frönsk-svissneska hér inn í landið og hleypa þannig útlendu auðvaldi hérna inn. Á sama tíma er ástandið þannig, að við höfum möguleika til þess að koma upp stórfelldum iðnaði til niðursuðu og niðurlagningar og þannig fullvinnslu á okkar sjávarafurðum. Okkur er þetta lífsnauðsyn. Það er til skammar fyrir okkur, eins og þetta hefur gengið undanfarið, að við skulum flytja þessa fínu vöru, sem okkar vara er, fiskurinn og síldin, út sem hráefni meira eða minna, og það er engum efa bundið, að það er þjóðhagslega séð það langsamlega bezta, sem við getum einbeitt okkur að, vegna þess að afköst okkar í þessum efnum eru þau mestu, sem ég þekki í veröldinni hjá nokkrum verkamanni, í hverju sem er, nema ef væri þá einstaka sjálfvirkar verksmiðjur. Þegar einn sjómaður á íslenzku skipi framleiðir frá 70 upp í 120 tonn af fiski á ári, á meðan sjómaður t. d. í Bandaríkjunum, eins og var seinast, eða Noregi, eins og var 1947, sem kemst næst, er með frá 25 og niður í 10 tonn, þá sjáum við, hve risavaxin afköstin eru einmitt í þessari atvinnugrein, og þessa atvinnugrein verðum við þess vegna að efla og einbeita okkur að henni. Og við erum ekki nema rétt byrjaðir á þessu enn þá. Þess vegna er það iðnbyltingin í þessari matvælaframleiðslu, sem er það langsamlega þýðingarmesta fyrir okkur að framkvæma á fyrsta 5 ára tímabilinu. En alveg eins og við höfum ekki komið hraðfrystiiðnaði okkar, freðfiskútflutningi okkar svona hátt eins og við höfum gert nema vegna þess, að við höfum getað tryggt markað fyrir svo að segja ⅔ af honum, — lengi vel höfum við verið uppi í 75 þús. tonnum, — þá höfum við getað tryggt

fyrir 50 þús. tonn markaði í þeim löndum, þar sem áætlunarbúskapur er, og getað þess vegna barizt á kapítalistísku mörkuðunum með hitt og þolað þau skakkaföll og fjárfest, — eins verðum við að taka okkar niðursuðu- og niðurlagningariðnað. Við verðum að reyna að tryggja okkur, svo að segja baktryggja okkur með stórum fyrirframsamningum til þess að byggja undirstöðuna að fjölda verksmiðja, sem við komum upp á þessu sviði, til þess að vera öruggir um, að þær séu ekki lagðar í rústir af neinum kreppum eða markaðsvandræðum, og geta svo með allmiklum afgangi barizt á þeim kapítalistísku mörkuðum. Þetta er aðferðin, sem við þurfum að hafa til þess að skapa fullvinnslu í okkar íslenzka sjávarútvegi, á sama hátt og við höfum þegar stigið okkar stóra spor í okkar freðfiskútflutningi. En ástandið er þannig í dag, að ég veit ekki betur en hérna í Reykjavík standi tómar niðursuðuverksmiðjur. Í sumum þeirra er ekki unnið vegna þess, að það er ekkert verkafólk að fá þangað, og kannske enga markaði heldur, vegna þess, hvernig verzlunarhættirnir eru, og í öðru lagi ekki unnið vegna þess, að þótt markaðirnir séu til, er ekkert fjármagn til til þess að kaupa fiskinn fyrir. Svona er núverandi stjórnleysi fjötur á þróun íslenzks niðursuðu- og niðurlagningariðnaðar.

Ég held þess vegna, að það sé ekki neitt spursmál um, að við þurfum að kalla útlent auðvald hér inn í landið. Við höfum nægan auð, næga möguleika til þess að stórauka framleiðslu okkar úr íslenzkum hráefnum. Við skulum ekki byrja neina innlimun Íslands í erlend stórveldi með því að kalla á hringana á meginlandi Evrópu. Og við höfum ekkert upp úr því heldur. Ef við förum inn á slíkar brautir, þýðir það fyrr eða síðar innlimun Íslands í eitthvert af þessum stóru svæðum. Þetta frv. til laga um áætlunarráð miðar hins vegar að því að tryggja efnahagslegt sjálfstæði Íslands, tryggja sameiningu þjóðarinnar um framkvæmdina á þeim verkefnum, sem eðlilegust eru og liggja bezt við til þess að bæta lífskjörin á Íslandi og til þess að efla það eðlilega atvinnulíf Íslands. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. d. taki þessu frv. nú vel. Skiljanlegt er, að í fyrra hafi hæstv. viðskmrh. verið með rómantískar hugleiðingar um, hve dásamleg þjóðhagsáætlunin væri og hve girnileg hugsjón Alþfl. yrði í framkvæmd. En ekki bara þjóðhagsáætlunin er nú gleymd, heldur líka öll stefnan svo hrunin, að ég býst ekki við, að nokkur ráðh. hæstv. ríkisstj. taki núna upp vörn fyrir þá stefnu lengur. Ég vil þess vegna leyfa mér að lokinni þessari umr. að óska þess, að þetta frv. verði sent til 2. umr. og eigi greiðan gang í gegnum þingið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur farið að þessu sinni nefndarlaust til 2. umr., og það þýðir, að það kemur til kasta hv. þm. nú að taka afstöðu til þess. Þetta frv. eða frv. svipað þessu hefur nokkrum sinnum áður verið rætt hér á Alþ., venjulegast stöðvazt í n., en nú fer þannig, að það verður óhjákvæmilegt, að menn taki afstöðu til þess, hvort menn ætla að samþykkja það, breyta því eða fella. Og ég álít það mjög gott, því að það er alveg nauðsynlegt, að það komi hreint fram, hvernig menn standa gagnvart slíkum frv. sem þessu. Hér er satt að segja bæði í deildum og ekki sízt í Sþ. fullt af till., sem allar saman miða að því að setja niður n. til þess að fara að athuga hin og þessi sérstöku svið. Það eru till. um að fara að athuga, hvað marga tæknimenntaða menn við þurfum. Það eru till. um að fara að athuga, og var jafnvel samþykkt nú áðan á fundi í Sþ., hvaða iðnað við þurfum að setja niður í ákveðnum þorpum á landinu, og annað slíkt. Og það eru öðru hverju till. um að útbúa alls konar áætlanir um ýmis sérstök svið þjóðarbúskapar. Það eru til jafnvel 10 ára áætlanir um túnrækt og 10 ára áætlanir um alls konar framkvæmdir á vissum sviðum, jafnvel um vegagerð og annað slíkt. En það, sem vantar algerlega og gerir óhugsandi að láta þessar áætlanir raunverulega standast, er áætlun um þjóðarbúskapinn í heild, þannig að þarna sé eitthvert samræmi á milli. Það er svo mikið kák, sem verið er að gera á mörgum þessum sviðum, á meðan verið er að setja niður einhverja óskanefnd frá þinginu, sem á að útbúa einhvern óskalista um einhvern óskaiðnað í einhverjum þorpum, en svo á bara þessi nefnd að starfa í 2—3 ár, leggja þetta svo fyrir ríkisstj. og ekkert meira. En það, sem þarf í þessum efnum, er nefnd, sem hefur ákveðið vald, sem tekur tillit til allra sviða þjóðfélagsins, leggur síðan álit sitt fyrir ríkisstj. og ríkisstj. fyrir Alþ., og síðan séu það lög, að Seðlabankinn og fjárfestingarstofnanirnar vinni að því að framkvæma þá áætlun, sem gerð hefur verið.

Það er ákaflega nauðsynlegt, að einstakir þm. og einstakir flokkar taki endanlega sína afstöðu í þessu máli. Þetta er prinsip-mál, sem er ekki hægt að komast fram hjá í stjórnmálum Íslands. Stjórnmál Íslands eru fyrst og fremst efnahagsmál. Stjórnin á Íslandi er fyrst og fremst stjórn á efnahag landsins. Þegar hæstv. ríkisstj. byrjaði sína göngu, lýsti hún því yfir, að hún ætlaði að láta afskiptalaust, hvernig verkamenn og atvinnurekendur semdu. Hún þverbraut þessa reglu sína frá upphafi og hefur haldið áfram að brjóta hana síðan og hefur viðurkennt í reyndinni, að þetta sé gersamlega óhugsandi. Það er þannig viðurkennt af núv. ríkisstj., að þær hugmyndir, sem hún var með í upphafi, að láta afskiptalaust, hvað gerðist í efnahagsmálunum, hvernig gengi með samninga milli atvinnurekenda og verkamanna, hvort allt atvinnulíf í landinu stöðvaðist og það væri engin atvinna rekin, það hefur sýnt sig, að hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að framfylgja svona stefnu, enda eru þetta 100 ára gamlar teoríur, sem heil öld er búin að fordæma í praksís, þannig að þarna er um það að ræða, hvort menn vilja taka afleiðingunum, draga réttar ályktanir út frá staðreyndunum, sem við þeim blasa, og taka upp þá stjórn á atvinnulífinu í þjóðfélag-

inu, að ríkið verði að skipta sér af þessu, en ekki með einhverju smákáki að vera að setja smánefndir til að athuga með smáiðnað og slíkt, heldur sístarfandi n., sem athugar málin í heild.

Hér er allur þorri þm. fulltrúar fyrir þau kjördæmi, sem eru utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Þeir hafa áhyggjur út af því, hvernig það gangi með fólksflóttann frá þessum kjördæmum, vegna þess að það er staðreynd, að öll byggð landsins er að dragast til Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Ég skal nú minna á þessa þróun, hvernig hún hefur verið frá því 1901, svo að það standi alveg ljóslifandi fyrir mönnum, hvernig hún hefur gengið til.

Árið 1901, með leyfi hæstv. forseta, þá var á Suðvesturlandi, það þýðir í Gullbringu- og Kjósar- allt að Dalasýslu, ég tek Vesturlandið með, 21 795 menn, 21 þús. menn rúmlega. Þar eru núna 115 150. Á Vestfjörðum voru 1901 12 481 maður. Þar eru núna, 1962, 10 530. Það er um 2000 færra en það var aldamótaárið. Á Norðurlandi voru árið 1901 20 249 menn, þar eru núna, 1962, 30 834, m. ö. o.: það hefur orðið fjölgun um 50%. Það er á Norðurlandi, þar sem þó er um að ræða allþéttbýlt svæði við Akureyri og Eyjafjörð. Á Austurlandi voru árið 1901 10 634 menn, þar eru núna, 1962, 10 664 menn. Það er 30 mönnum fleira en var um aldamótin, eftir 60 ár. Á Suðurlandi voru árið 1901 13 311 menn, þar eru núna 16 300. En alls hefur í landinu breytingin orðið sú, að 1901 var íbúatala landsins 78 470, en var núna 1962 183 478. Og það, sem sýnir enn þá betur, hvað þetta hefur þjappazt saman, er, að af þessum fjölda eru í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, sem stundum er farið að kalla Stór-Reykjavík, 89 631 manns, eða ef Seltjarnarnes og Garðahreppur væri talið þarna með, þá er nákvæmlega helmingur íbúanna, rúm 90 þúsund, á þessu litla svæði, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi og Garðahreppi. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu með þessum stöðum, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík, eru 102 800 manns.

Hvernig stendur á þessari gerbyltingu, sem orðið hefur í landinu? Við verðum að gá að því, að frá upphafi landsbyggðar, þ. e. í 1000 ár, helzt þetta hlutfall á milli landsfjórðunga tiltölulega óbreytt. Það er tiltölulega lítil breyting frá því, að við höfum fyrsta manntal á Íslandi, frá því um 1100 og til 1901. Eingöngu frá 1901 fer þetta að gerbreytast. Er þetta eitthvert alveg sérstakt íslenzkt vandamál, sem eingöngu kemur upp hérna, og eitthvert óyndi, sem hefur gripið menn úti í þeim dreifðu byggðum landsins, sem veldur því, að menn sækja núna allt í einu hingað suður? Nei, það er ekki það. Það er ákveðið þjóðfélagslegt fyrirbrigði, sem þarna hefur gerzt. Auðvaldsskipulagið hefur nefnilega komið upp á Íslandi. Auðvaldsskipulagið hefur skapazt. Það þýðir, að fjármagnið í þjóðfélaginu er orðið það, sem fyrst og fremst ræður því, hvar atvinnutækin eru sett niður, því að miðstöðin fyrir fjármagnið í landinu hefur verið fyrst og fremst Reykjavík. Þar hefur myndazt vísirinn að borgarastétt í upphafi. Við gullkistu Faxaflóans finnur þessi borgarastétt, að aðalmöguleikarnir eru fyrir hana til þess að græða. Sá gróði, sem myndast, verður fyrst og fremst hér. Þeir menn, sem ákveða, í hvað sé lagt af fyrirtækjum, eru hér, og þeir leggja þetta í fyrirtæki hér í kringum sig. Það þýðir m. ö. o.: út frá einkasjónarmiði fjármagnsráðendanna eða auðmannanna, ef við viljum segja svo, auðfyrirtækjanna, þá er ákveðið, hvernig og hvar fyrirtækin skuli byggð og hvaða fyrirtæki. Það þýðir m. ö. o.. að það þjappast saman atvinnulífið á þessu litla svæði út frá sjónarmiði þeirra, sem ráða fjármagninu. Það er blint lögmál peninganna, sem veldur því, að atvinnutækin eru reist þarna, og þar sem atvinnutækin eru reist, þangað flytur fólkið. Þessi þróun hélt áfram, t. d. var hún alveg augljós hvað snerti togarana. Þegar Ísland átti 30—40 togara, voru þeir svo að segja allir í Reykjavík og Hafnarfirði. Það voru, ef ég man rétt, 1—2 á Patreksfirði. Það var ekki fyrr en eftir 1944, þ. e. í tíð nýsköpunarstjórnarinnar, að gerð var tilraun til þess að koma upp stórútgerð, togaraútgerð, annars staðar á Íslandi en á þessum stöðum. Þess vegna er greinilegt, að það, sem veldur þessum fólksflótta og þessari gerbreytingu og gerbyltingu á búsetunni í landinu, er sjálft auðvaldsskipulagið á Íslandi, það er sjálft það blinda lögmál peninganna, sem þarna er að verki. Hvernig getum við breytt þessu? Getum við breytt þessu með því að setja niður eina litla nefnd til þess að athuga um iðnaðinn fyrir nokkur kauptún? Getum við breytt þessu með því, að það sé samþykkt þáltill. hérna, eins og nýlega var verið að ræða, og það sé falið að tala við nokkrar sýslunefndir úti á landi og það sé falið að tala við stjórn atvinnubótasjóðs og svo gleymist kannske að senda bréf til hans, það sé talað við Framkvæmdabankann, gleymist nú kannske að senda bréf til hans, og þannig sé þessu breytt? Nei, það er óhugsandi, og við skulum horfast í augu við það. Það þýðir ekkert fyrir þá menn, sem vilja telja sig fulltrúa dreifbýlisins og vilja reyna að viðhalda því, eins og íslenzku þjóðlífi er nauðsynlegt, að gera það með öðrum ráðum en þeim að taka að sér að stjórna straum fjármagnsins í þjóðfélaginu, ráða, hvert fjármagninu er beint, taka þessi yfirráð af einstaklingunum. Þeir mega eiga þetta eftir sem áður, það er ekki verið að taka neitt eignarnámi hjá þeim, en það er þjóðfélagið sem slíkt, sem verður að ráða því, hvar þetta skuli sett niður, hvar fyrirtækin skuli reist. Að vísu verður náttúrlega þjóðfélagsheildin að taka tillit til, hvað praktískt er í þessum efnum. En sannleikurinn er sá, að það er ekki praktískt fyrir þjóðarheildina, að þetta gangi eins og það hefur gengið.

Ég spurði, hvort þetta væri sérstakt íslenzkt fyrirbrigði. Það er það ekki. Þetta er almennt fyrirbrigði í hverju einasta landi, þar sem auðvaldsskipulagið hefur rutt sér til rúms, og þar er blint lögmál peninganna, þar sem það hefur fengið að ráða. Ég skal taka dæmi, sem ég hef oft úr lítið sett mig inn í viðvíkjandi Tékkóslóvakíu. Þegar auðvaldsskipulagið kom upp í Tékkóslóvakíu, gerðist sú þróun þar, að af þeim tveim ríkjum eða löndum, sem hún samanstendur af núna, gamla Bæheimi og Slóvakíu, varð sá gamli Bæheimur miðstöðin fyrir iðnaðinn. Allur iðnaður dróst þangað. Mennirnir, sem réðu fjármagninu,

voru búsettir þar, og smám saman fór það svo, að fólkinu í Slóvakíu fækkaði. Slóvakía var eins konar dreifbýli, eins og við mundum kalla það. Bæheimur varð meira og meira iðnaðarland. Eftir að áætlunarbúskapur var tekinn upp og sósíalismi komst á í Tékkóslóvakíu, var ákveðið að breyta þessu. Það eru stórkostleg vatnsföll t. d. í Slóvakíu, ákaflega ódýrt rafmagn, sem þar er hægt að fá, og alveg jafngott að reka þar ýmiss konar iðnað og í Bæheimi, svo framarlega sem verið er að taka tillit til þess, að það sé heppilegt að byggja allt landið. Þess vegna hefur orðið gerbreyting í Tékkóslóvakíu, þannig að Slóvakía er nú aftur að byggjast upp, vegna þess að það hafa verið reist mjög stór raforkuver, mjög stórar verksmiðjur í sambandi við þau og þjóðfélagsheildin sjálf stjórnar því, hvernig þróunin skuli vera í þessum efnum. Lönd eins og England hafa staðið frammi fyrir þessu sama. Þar hefur það verið þannig, að svæði, sem við mundum kannske kalla dreifbýlissvæði, hafa verið svo að segja að missa allt fólk burt, eymdarsvæði, þar sem fólkið hefur skort atvinnu, þar sem það hefur verið að veslast upp, en hefur hins vegar hangið áfram við íbúðir, sem það átti, og annað slíkt. Og það er sama fyrirbrigðið sem við þekkjum hérna heima núna líka og verkar eins og ánauð, bændaánauðin í gamla daga. Hvað gerir brezka stjórnin? Hún gerir sérstakar ráðstafanir við þessu. Meira að segja, við skulum bara taka dæmi af Bandaríkjunum, því landi, sem einna minnst hefur viljað skipta sér af þessum hlutum, við skulum taka dæmi af tíma Roosevelts, þegar alveg sérstaklega stórkostlegar ráðstafanir eru gerðar í þessu efni. Eitt af þeim fyrirtækjum, sem frægast var í Bandaríkjunum á þeim tíma, Tennessee Valley, og það sérstaka áætlunarráð, sem sett var viðvíkjandi Tennessee-dalnum, það stóra raforkuver og þau miklu iðjuver voru byggð upp til þess að ráða og ákveða, hvernig búsetan í landinu skyldi vera, og láta ekki bara blint brask auðmannastéttarinnar og sérstaklega auðmannanna í Wall Street ráða því, hvernig Bandaríkin byggðust.

Þetta fyrirbrigði, sem við stöndum frammi fyrir á Íslandi, er þess vegna ekkert sérstakt íslenzkt fyrirbrigði, heldur almennt fyrirbrigði, sem alls staðar fylgir í kjölfar auðvaldsskipulagsins, hvar sem það kemur upp. Og við þessu er aðeins eitt ráð til. Það er, að þjóðfélagsheildin taki það sjálf í sínar hendur að ákveða, hvert fólksstraumurinn skuli liggja, ekki með neinum ánauðarlögum eða neinu slíku, heldur með því að taka að sér að stjórna, hvert fjármagnið fer, hvar fjármagnið skuli fyrst og fremst sett í fyrirtækin. Og þetta er orðin okkur alveg lífsnauðsyn. Satt að segja er okkur þetta ekki aðeins lífsnauðsyn vegna þess, að við viljum ráða búsetunni á landinu, vegna þess að við viljum ekki láta svo og svo stóra hluta af föðurlandi okkar fara í eyði. Þetta er okkur líka nauðsyn til þess að geta haft dálítið skipulag á atvinnurekstri okkar. Við tölum um að koma upp t. d. iðngreinum hér og þar, og það getur verið og er alveg tvímælalaust nauðsynlegt. En við þurfum um leið að hugsa um það, að ef við erum t. d. að setja slíkar iðngreinar fyrir innanlandsmarkað, er markaðurinn á Íslandi ekkert sérstaklega mikill, og það er ákaflega ópraktískt af okkur að setja niður t. d. á kannske 5—10 stöðum á landinu verksmiðjur, sem allar saman framleiða það sama, ef ein þeirra gæti afkastað því öllu saman. Ég skal taka dæmi.

Það var nýlega verið að reisa á Akranesi verksmiðju til þess að framleiða íslenzka nælonsokka. Nú skulum við hugsa okkur og við skulum vona, að það fyrirtæki gangi vel. Ég efast ekki um, að það muni vera ákaflega mikið sjálfvirkt, það muni vera hægt að mjög miklu leyti að framleiða í því, — ég tala ekki um a. m. k. 8 tíma vinnu, a. m. k. tveggja vakta vinnu, — kannske meginið af þeim silkisokkum, sem okkar íslenzka kvenfólk þarf á að halda. Nú skulum við segja, að þetta fyrirtæki gangi vel og það vilji t. d. ýmsir aðrir fara að setja upp svona fyrirtæki og það væri alveg frjálst að kaupa inn vélar og allt til þess, það væru sett ein 4—5 fyrirtæki á stofn í þessari grein. Hver mundi afleiðingin verða, ef eitt fyrirtæki gæti fullnægt markaðinum? Jú, afleiðingin mundi venjulega verða sú, að ekkert af þessum fyrirtækjum bæri sig og sokkarnir, sem framleiddir eru í hverju þeirra, yrðu miklu, miklu dýrari en þeir þyrftu að verða. M. ö. o.: við stæðum frammi fyrir afleiðingunum af því skipulagsleysi, sem mundi gera vöruna miklu dýrari og gersamlega ósamkeppnisfæra. Það þýðir m. ö. o., að þegar við erum að hugsa um að koma upp verulegum íslenzkum iðnaði hjá okkur, þurfum við um leið að taka tillit til þess, hvað er hagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði. E. t. v. hefði verið miklu heppilegra fyrir okkur að setja svona verksmiðju ekki upp á Akranesi, þar sem okkur vantar venjulega vinnufólk, starfsfólk við fiskinn, heldur kannske — við skulum segja — norður á Skagaströnd, Blönduósi, einhvers staðar, þar sem er frekar lítil vinna. Og hvað snertir flutningskostnaðinn til þeirra staða á landinu, þar sem þessi vara selst mest, eins og í Reykjavík, Reykjanesi eða þar, munar það náttúrlega ekki nokkrum skapaðum hlut, þegar um svona vöru er að ræða. Það munar miklu t. d. með sement, þegar verksmiðja er sett niður á Akranesi, sem framleiðir sement. Ég býst við, að flutningskostnaðurinn frá Akranesi á því sementi, sem notað er í Reykjavík, bara munurinn á því, mundi borga slíka verksmiðju á 2—3 áratugum. Það er þá ópraktískt að setja hana þar. Þegar við því hugsum um þann iðnað, sem við viljum reisa, þurfum við að hafa fyrirhyggju um, hvað sé praktískt í þessum efnum. Það þýðir, að þjóðfélagsheildin þarf að hafa völd yfir þessu. Ég efast ekki um, að ef það er t. d. allt of mikið í einni grein á Íslandi, muni menn annaðhvort koma og fara að biðja um einhverja sérstaka vernd frá Alþingi, tollvernd, eða t. d. um það, að ekki sé veitt innflutningsleyfi fyrir einhverju slíku. Menn koma alltaf fyrr eða seinna og biðja um einhverja vernd í slíku. Það hefur líka verið þannig á sumum sviðum, að við höfum sett niður allt of margar verksmiðjur í sömu greininni. Ég skal taka dæmi af smjörlíkisverksmiðjunum hérna í Reykjavík. Ég held, að það hafi verið settar niður fjórar smjörlíkisverksmiðjur hérna í Reykja-

vík, þegar ein smjörlíkisverksmiðja gat framleitt allt saman. Það þýddi, að smjörlíkið varð miklu, miklu dýrara en það þurfti að vera. Hver hefur orðið afleiðingin á því sviði? Eigendur smjörlíkisverksmiðjanna sáu, að þetta var ákaflega ópraktiskt, að hafa fjórar smjörlíkisverksmiðjur, en vildu hins vegar allir vera eigendur eftir sem áður. Og hvað komu þeir sér saman um? Jú, þeir komu sér saman um, að í einni verksmiðjunni skyldi allt smjörlíkið vera framleitt, sama smjörlíkið, en pakkað inn í fjórar mismunandi pakkningar, vegna þess að það er náttúrlega miklu, miklu ódýrara, þegar smjörlíki er sent út, ef það eru send 5—10 kg til eins smákaupmanns, að það sé sent í einu, hvort sem það heitir Ásgarður, Blái borðinn eða eitthvað annað, þótt það sé allt saman sama smjörlíkið, en í mismunandi umbúðum. Þannig taka kapítalistarnir sig til á vissum sviðum og taka að skipuleggja, en þá venjulega með því að halda öllum þeim kostnaði, sem þarna er, við og láta síðan ríkið borga alla þá styrki, sem það á að borga með smjörlíkisgerðunum. M. ö. o.: fyrr eða seinna kemur alltaf til kasta ríkisins í þessum efnum. Annaðhvort er það látið borga, látið setja tollvernd eða látið setja upp innflutningshöft eða annað slíkt til þess að vernda þennan iðnað. Það þýðir m. ö. o., að það er alveg óhjákvæmilegur hlutur í svona litlu þjóðfélagi eins og okkar, að reynt sé frá upphafi að skipuleggja þetta. Menn hefðu kannske um tíma sagt á vissu skeiði í þróun þjóðfélags okkar: Það er nú um að gera að lofa einstaklingsframtakinu að njóta sín sem bezt. Það er atvinnuleysi, og það er um að gera að fá að setja upp sem flestar verksmiðjur, það veitir atvinnu. — Sá tími er til allrar hamingju a. m. k. ekki lengur nú, a. m. k. hjá öllum þorra landsbúa. Ég tek sem dæmi, að við höfum núna 14 súkkulaði- og sælgætisverksmiðjur í landinu. Ég efast ekki um, að t. d. ein þeirra gæti framleitt allt það súkkulaði og sælgæti, sem menn þurfa. Ég hef séð sjálfur í verksmiðju hér í Reykjavík t. d. vélar, sem framleiða karamellur, sem eigendurnir sögðu okkur um leið, þegar þm. einu sinni skoðuðu þetta, að gætu framleitt á mjög skömmum tíma allar þær karamellur, sem Íslendingar þyrftu. Ég efast hins vegar ekki um, að það muni vera til mörg sett af karamelluvélum og öðru slíku í sælgætisverksmiðjunum á Íslandi. M. ö. o.: skipulagsleysið í iðnaði okkar er þannig, að við verjum að óþörfu húsnæði, mannkrafti, vélakosti og öllu slíku í framleiðslu, sem er hreinasta vitleysa að verja mannkrafti og húsnæði og vélum í. Við gætum komizt af með kannske 1—2 verksmiðjur í grein, þar sem við höfum kannske 10—20 nú.

Nú hefur verið hafður sá háttur á á undanförnum árum, að þegar kaupið hefur verið hækkað, t. d. í þessum iðnaði, hafa þessir iðnrekendur farið fram á að fá að hækka vöruna hjá sér. Og menn hafa barizt fyrir því, meira að segja í verðlagsnefndum, að þetta fengist. Þetta er hrein vitleysa. Þetta á ekki að gerast. Þegar iðnrekendur semja við verkafólk sitt um að hækka kaup, eiga þeir þar með að bera það sjálfir og þeir þeirra, sem standa ekki undir því, eiga að fá að fara á hausinn. Það þýðir, að það fækkar þá í þessari iðngrein, það verða 1—2 verksmiðjur eftir, og þær geta framkvæmt sinn rekstur ódýrara en áður var. Ég býst við, að viða yrði það þannig hér á Íslandi, að það yrði kannske ein verksmiðja, sem yrði í einstaklingsrekstri, og ein verksmiðja, sem væri í samvinnurekstri, og ég held, að það væri ekki nema gott, að þær tvær fengju að keppa sín á milli, en hefðu um leið þann fullkomnasta útbúnað hver um sig til þess að geta staðið í þeirri samkeppni, en væru ekki allar saman með lélegan útbúnað og ópraktiskan rekstur og stæðu svo saman um það í verðlagsnefndunum að heimta af almenningi að fá að hækka verðið á sinni vöru eins og núna er, gera samsæri gagnvart almenningi um að hækka í sífellu verðlagið á vörunum og taka aldrei að sér að skipuleggja reksturinn betur og sýna, hvaða vit er í því að kunna að stjórna sínum atvinnurekstri. Það er þess vegna lífsnauðsyn fyrir íslenzkt atvinnulíf, ef ekki á annars vegar að halda áfram þessi ægilegi fólksflótti, sem nú, frá því að kapítalisminn byrjaði hér á Íslandi um aldamótin, hefur einkennt Ísland, það, að meginhluti allrar byggðar dregst saman á þetta litla svæði, sem einu sinni var einn eða tveir hreppar, og hins vegar, ef á að vera hægt að koma almennilegu skipulagi á íslenzkan iðnað. Ég á ekki aðeins við það, sem hægt er að kalla íslenzkan iðnað í þrengri merkingu, þar sem framleitt er fyrir innanlandsmarkað. Ég á líka við þann iðnað, sem framleiðir fyrir erlendan markað. Ég hef áður komið að því hér og skal ekki endurtaka það nú, að bara t. d. á því litla svæði eins og frá Sandgerði til Reykjavíkur eru 17 hraðfrystihús. Okkur væri þörf á, að þar væri stærri rekstur og praktiskari rekstur. Ég held þess vegna, að rökin, sem liggja fyrir því, að þarna þurfi að breyta um stefnu og taka upp heildarstjórn á þjóðarbúskap okkar og fyrst og fremst heildarstjórn á fjárfestingunni, séu það sterk rök, að móti þeim verði ekki staðið nema með því að berja höfðinu við steininn og rota sig með því að lokum.

Þá skal ég nú taka fyrir afstöðu hinna einstöku stjórnmálaflokka gagnvart þessu atriði á undanförnum árum. Ég skal fyrst taka Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur verið sá flokkur, sem af öllum stjórnmálaflokkum hefur staðið mest á móti þessu atriði. Hann lýsti sig á þeim árum, sem t. d. sá gamli Alþfl. fyrir 1930 hóf baráttuna fyrir þessu, algerlega andvígan þessu og algerlega andvígan öllum þeim afskiptum, sem gengu eitthvað í þessa átt, og þegar stjórn Frams.- og Alþfl. var mynduð hér á Íslandi 1934, sem sérstaklega átti einmitt að vinna að þessum hlutum, neitaði Sjálfstfl. að taka þátt í þeirri nefnd, skipulagsnefnd atvinnumála, sem þá var sett, einmitt vegna andstöðu sinnar gegn þessu. Ég man einnig eftir því 1947, þegar stjórn undir forsæti Stefáns Jóh. Stefánssonar tók við og lýsti því yfir með l. um fjárhagsráð, að hún ætlaði sér að koma á áætlunarbúskap á Íslandi, þá lýsti einmitt núv. hæstv. forsrh. yfir þvert ofan í orð forsrh., Stefáns Jóh. Stefánssonar, að það mundi nú kannske ekki verða eins mikið úr framkvæmdunum og stæði í inngangsgreininni í l. um fjárhagsráð. Og það sýndi sig líka, að í reyndinni var það allt saman

eyðilagt, sem forsrh. þá hafði lýst yfir að væri tilgangur Alþfl. með þeirri löggjöf. Sjálfstfl. gaf síðan, þegar hann myndaði núv. ríkisstj., yfirlýsingu um, að það væri stefna hans að láta á sviði efnahagslífsins þá aðila, sem þar væru aðalöflin, verkamenn annars vegar og atvinnurekendur hins vegar, eigast við og Sjálfstfl. hefur þverbrotið þetta prinsip, þverbrotið þessa yfirlýsingu allan tímann síðan.

Ég held þess vegna, að ef Sjálfstfl. vill nokkuð átta sig á þeim staðreyndum, sem hann sjálfur hefur staðið að núna í 3 ár, sé kominn tími fyrir þann flokk endanlega að yfirgefa allar yfirlýsingar um, að efnahagslífið geti gengið í þjóðfélaginu, án þess að á því sé heildarstjórn, fyrst og fremst á fjárfestingu þess. Afskiptaleysið af efnahagslífinu er óframkvæmanlegur hlutur á Íslandi. Það er óðs manns æði af nokkurri ríkisstj. að láta sér detta slíkt í hug, og hver ríkisstj., sem gefur yfirlýsingar um það, eins og núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert, mun fara á rassinn með það og hefur þegar gert það. Þeir hafa flutt hvert frv. á fætur öðru einmitt um efnahagsmál, um styrki, um uppbætur, um afskipti, um ákvörðun um deilur á milli atvinnurekenda og verkamanna, um hvernig megi semja, banna að semja og ákveða allt mögulegt annað slíkt. Þessi stefna Sjálfstfl. hefur því beðið algert skipbrot, er algerlega gjaldþrota, og það þarf Sjálfstfl. að þora að horfast í augu við sem stærsti flokkur þjóðarinnar, að það er alveg óþolandi skortur á raunsæi að sjá ekki, að svona getur þetta ekki gengið áfram. Á einu sviði segist þessi flokkur nú hafa farið dálítið inn á þetta, og við munum eftir, að það var fyrir síðustu kosningar gefin út bók um þjóðhagsáætlun. Þar með var með vörunum verið að tæpa á því af hálfu Sjálfstfl., að hann gæti hugsað sér eitthvað í þessa áttina. En um hvað var sú þjóðhagsáætlun? Sú þjóðhagsáætlun var fyrst og fremst um þann þátt, sem ríkið á í framkvæmdum á Íslandi, um, hvernig þeim þætti skyldi hagað, en ekkert um, hvað gera skyldi viðvíkjandi þeirri fjárfestingu, sem einkaatvinnurekendurnir og aðrir hafa með að gera. Hvað gerist svo núna á fyrsta þingi eftir þessar kosningar, eftir að þjóðhagsáætlunin hefur verið gefin út og verið send út um allt land og notuð sem mikið plagg í kosningunum? Þá gerist það, að samþykkt er ein ósköp lítil grein, sem smokkað er inn í önnur lög um, að allt, sem snertir framkvæmdir ríkisins, allt, sem sé á fjárl. um framkvæmdir ríkisins, það megi draga úr því, það megi fella það niður og það megi breyta því rétt eins og ríkisstj. þóknast. M. ö. o.: því litla, sem þjóðhagsáætlunin var um í upphafi, sem gefin var út fyrir kosningar, er hægt að breyta núna á eftir. Og af hverju neyðist þingmeirihl. hérna til þess að gefa svona yfirlýsingu þvert ofan í sína þjóðhagsáætlun og gera svona ráðstafanir? Jú, vegna þess að hann tekur eftir því, að sá þáttur þjóðarbúskaparins, sem einstaklingarnir, einkaatvinnurekendurnir hafa með að gera, verður utan við alla áætlunina, og hann reyndist svo fyrirferðarmikill að áliti hæstv. ríkisstj., að það var nauðsynlegt, að ríkið færi að skera niður af sínum þætti þess vegna.

M. ö. o.: vegna þess að það hafði ekki verið hugsað um að skipuleggja þann þátt þjóðarbúskaparins, sem einkaatvinnurekendurnir hafa með að gera, varð að fara að kollvarpa á eftir þeirri áætlun, sem gerð hafði verið um þann hluta, sem ríkisbúskapurinn var. Þetta sýndi, að það er óhugsandi að ætla að starfa að þjóðarbúskap á Íslandi öðruvísi en að gera áætlun um leið um ríkisbúskapinn og um þann hluta þjóðarbúskaparins, sem hinir einstöku atvinnurekendur hafa með að gera. Heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, heildaráætlun um þjóðarbúskapinn og sérstaklega fjárfestinguna er í þessu efni alveg óhjákvæmileg.

Ég held þess vegna, að Sjálfstfl. hafi rekið sig svo á í þessum málum, að hann ætti nú að fara að sjá, að þarna verður að breyta til. Hann hefur í ýmsum yfirlýsingum farið inn á þetta, viðurkennt þetta í orði, en á ákaflega bágt með að losa sig við sínar aldargömlu kenningar, sem kenndar voru á sínum tíma, fyrir 100 árum, við Manchester, að losa sig við þær í framkvæmd.

Þá er það í öðru lagi Framsfl. Um hann gegnir dálítið öðru máli í þessum efnum. Hann hefur ekki frá upphafi verið algerður andstæðingur þessara áætlana í orði. Hins vegar er nokkuð annað upp á teningnum, þegar farið er að athuga framkvæmdir hans. Og það liggur fyrir frá hálfu framsóknarmanna nú till. hér í þinginu, mjög eftirtektarverð till., sem hv. 6. þm. Sunnl. og fleiri framsóknarmenn fluttu hérna, um að auka í þjóðhagsáætluninni hagvaxtarprósentuna, og um þá till. urðu allmiklar umr. hér. M. a. fór hæstv. menntmrh. mjög ýtarlega inn á þá till. og hélt mjög merkilega ræðu í því sambandi, en síðan hefur það mál ekki verið tekið á dagskrá, þannig að þær umr. gætu haldið áfram. En í sambandi við þær umr. hélt frsm., hv. 6. þm. Sunnl., ræðu, þar sem hann rakti nokkuð afstöðu Framsóknar í þessum efnum. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. afsökunar, en forseti er knúinn til þess að slíta nú fundi og vildi því beina þeim tilmælum til hv. þm., að hann geri nú hlé á ræðu sinni, ef hann má.) Ég skal gera það. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði þar komið ræðu minni að athuga nokkuð um afstöðu Framsfl. til áætlunarbúskapar og heildarskipulagningar á atvinnulífinu. Það er máske alveg sérstök ástæða til þess að taka það nokkuð fyrir nú, vegna þess að miðstjórnarfundur Framsóknar hefur nú nýlega gert mjög mikla samþykkt í þessu efni, og það er ákaflega fróðlegt að fá hér yfirlýsingar um það, hvort eigi að taka þá samþykkt alvarlega eða ekki. Og það verður þess vegna í þessu sambandi að rifja nokkuð upp fyrir mönnum, ekki síst með tilliti til þess, sem ýmsir af forustumönnum Framsóknar, bæði hv. 1. þm. Austf. og hv. 6. þm. Sunnl., hafa sagt, að vísu í Sþ., um afstöðu Framsóknar í þessum efnum, því að það er náttúrlega alveg sérstaklega afgerandi að vita það og ekki síst fyrir Alþb. og Alþfl., hver hin raunverulega afstaða Framsfl. er í þessum efnum.

Lengst af hefur ekki verið mikið hik á því,

hvaða afstöðu Sjálfstfl. hefur tekið, eins og ég ræddi síðast. Hann hefur verið nokkuð einarður gegn þessu yfirleitt, þó að það sé nokkur breyting máske að verða þar á nú, en aftur á móti hefur afstaða Framsóknar verið vægast sagt mjög óákveðin, a. m. k. allmikill munur á orði og verki, og ég skal þá leyfa mér að byrja með því að athuga fyrst höfuðsamvinnuna milli Alþfl. og Framsóknar í þessum efnum.

Það var 1934, sem þessir flokkar mynduðu ríkisstj., og Alþfl. hafði við þær kosningar, sem lögðu grundvöllinn að þeirri ríkisstj., lagt fram sem aðalmál sitt kröfuna um íslenzka 4 ára áætlun, sem varð raunverulega aðalkosningaplagg þeirra kosninga og átti að verða grundvöllurinn að allri framkvæmdinni, að svo miklu leyti sem Alþfl. gæti við það ráðið á næsta tímabili að hrinda í framkvæmd atvinnurekstri og framleiðslu eftir nákvæmri áætlun, sem gerð væri til 4 ára, sem þá átti að útrýma atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar. Framsfl. fékk þá í fyrsta skipti alvarlegt tækifæri til þess að sýna heilindi sín í þessum efnum. Það, sem gerðist, eftir að vinstri stjórnin þá var mynduð, stjórn Alþfl. og Framsóknar, stjórn hinna vinnandi stétta, eins og hún var almennt kölluð, var, að sett var nefnd, skipulagsnefnd atvinnumála, sem átti að vinna að þessum efnum. Sú nefnd vann mjög mikið og gott starf að einu leyti. Hún tók fyrir einhverja beztu þjóðhagslega rannsókn, sem tekin hefur verið fyrir í íslenzku þjóðlífi, eða a. m. k. hvað snerti efnahagslíf landsins, og birti í þeirri bók, sem kölluð hefur verið Rauðka, skýrsla frá skipulagsnefnd atvinnumála. Þessi nefnd útbjó líka allmargar till. og heil frv., en það, sem sýndi sig í afstöðu Framsóknar þau 3—4 ár, sem þessi samvinna stóð, var, að Framsókn var að vísu með því, að þessi nefnd fengi að lifa, Sjálfstfl. tók þá ekki þátt í henni, en Framsfl. var á móti því að framkvæma nokkurn skapaðan hlut af því, sem þessi n. gerði, og þetta var á einhverju erfiðasta tímabili, sem yfir Ísland hefur gengið, og þegar þörfin á skipulögðum atvinnurekstri og heildaráætlun um þjóðarbúskapinn var nauðsynlegri en nokkru sinni fyrr. Framsfl. lofaði mönnum svo að segja að vinna í n., en hann drap allt, sem n. lagði til. M. ö. o.: hafi Framsfl. að einhverju leyti verið með þeirri hugsun, sem þarna var lögð til grundvallar, gerði hann allt til þess að drepa þá hugsjón í framkvæmd. Og það er engum efa bundið, að það, hvernig Framsfl. lék Alþfl. í þeirri stjórnarsamvinnu, varð Alþfl. til pólitiskra óheilla. Hann hefur raunverulega aldrei borið sitt barr síðan. Hann treysti auðsjáanlega á það að fá að reka allróttæka pólitik einmitt í þeim efnum að koma á heildaráætlunum í þjóðarbúskapnum. Það fékk hann ekki. Hann varð að standa uppi með nál. eitt og engar aðgerðir. Og þetta olli m. a. alveg sérstaklega því, að Alþfl. síðan tapaði í næstu kosningum. Sem sé vegna þess, að þarna treysti verkalýðsflokkur á samvinnu Framsóknar um heildaráætlun í þjóðarbúskapnum og Framsókn drap þetta niður, hefur meira eða minna slíkt samstarf við Framsókn verið ómögulegt síðan. Samt sem áður var vitnað, bæði af hv. 6. þm. Sunnl. í ræðu, sem hann hélt hér í Sþ., og af hv. 1. þm. Austf. í fyrirspurnatíma hér nýlega, í þetta samstarf um Rauðku sem eina sönnun fyrir því, að Framsfl. væri fylgjandi heildaráætlun í þjóðarbúskapnum.

Þá gerðist næsti hlutur. Það var, þegar fjárhagsráð var sett á laggirnar 1947. Í því fjárhagsráði var kveðið mjög skarplega að orði í lögunum sjálfum, vegna þess að þau lög voru að mestu leyti sniðin eftir l. um nýbyggingarráð hvað snerti fyrstu greinarnar, og þótti þá svo sjálfsagt vegna þess, hve vel hafði tekizt um ýmsa hluti á nýsköpunartímunum, að taka nokkuð af slíkum áætlunarbúskaparhugmyndum upp í lagafrv. um fjárhagsráð. Því var þá lýst yfir af hálfu formanns Alþfl., þáv. forsrh., Stefáns Jóh. Stefánssonar, að það væri meining Alþfl., að nú yrði framkvæmd heildaráætlun á þjóðarbúskapnum, og fjárhagsráð átti að vera tæki til þess. Hvernig varð svo fjárhagsráð í reyndinni? Fjárhagsráð útbjó aldrei neina heildaráætlun. Fjárhagsráð varð í heildinni einhver sú versta og óvinsælasta haftastofnun, sem á fót hefur verið sett á Íslandi, og ekki sízt fyrir áhrif Framsfl., þó að ég búist kannske við, að bæði Framsfl. og Sjálfstfl. eigi þar mjög mikla sök í. En heildaráætlunin um þjóðlífið og annað slíkt var aldrei nokkurn tíma gerð af þeirri stofnun, þannig að þegar til fjárhagsráðs kom og þess tímabils, sýndi það sig, að að svo miklu leyti sem Framsfl. hefur haft einhverjar hugmyndir um að framkvæma heildaráætlun um þjóðarbúskap, þá hefur hann snúið því yfir í algera andstæðu þess í framkvæmd og skapað, eins og ég sagði áðan, einhverja harðvítugustu haftastofnun, sem til hefur verið á Íslandi, stofnun, sem meira að segja var látin ganga svo langt að takmarka íbúðabyggingar á Íslandi, þannig að menn mættu ekki byggja hús yfir sig nema fá leyfi hjá nefnd hér í Reykjavík, og er það í fyrsta og eina skipti í sögu Íslands, sem slíkt hefur verið gert.

Þá hafa þeir fulltrúar Framsfl., sem ég minntist á áðan, minnzt á Framkvæmdabankann sem eitt af því, sem hafi verið að nokkru leyti í anda Framsfl. um framkvæmd á heildaráætlun um þjóðarbúskap. Ég þarf ekki að minnast á störf Framkvæmdabankans í því efni. Hann hefur aldrei búið til neina heildaráætlun og aldrei látið vinna að neinni heildaráætlun, og það, sem hann hefur slett sér fram í atvinnulífið, hefur ekki verið sérstaklega heillavænlegt, hvorki andabú né glerhallir, þannig að ég bjóst nú satt að segja við, að Framsfl. og jafnvel formanni hans mundi þykja vænst að minnast sem minnst á hugsjónina um heildaráætlunina um þjóðarbúskap hvað Framkvæmdabankann snertir.

Síðan kom vinstri stjórnin. Þegar vinstri stjórnin var sett á laggirnar, var það samþykkt í stjórnarsamningnum, að gera skyldi heildaráætlun um þjóðarbúskapinn. Það var samþykkt og það var ákveðið. Og eins og ég gat hér um nýlega og skal ekki fara að endurtaka, var gerð tilraun til þess í sambandi við endurskipulagningu bankanna að framkvæma þennan hlut og framkvæma hann á mjög skynsamlegan hátt með því, að áætlunarráðið væri um leið yfirstjórn Seðlabankans, og þar með hefði verið útrýmt þeim andstæðum, sem að miklu leyti háðu nýbyggingarráði á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, þegar

nýbyggingarráð og nýsköpunarstjórnin urðu að eiga í sífelldu höggi við afturhaldið í Landsbankanum um að fá fram þá hluti, sem voru nauðsynlegir, þannig að það varð að berjast innan ríkisvaldsins á milli þeirrar nefndar, sem átti sérstaklega að sjá um skipulagningu um uppbygginguna, og þess afturhaldssama skrifstofuvalds, sem drottnaði þá í Landsbankanum, sem þá um leið var seðlabanki og setti sífellt hindranir í veginn fyrir allar þær framkvæmdir, sem þá átti að gera, þannig að það varð lengi og harðvituglega að berjast til þess að fá í gegn, eins og kunnugt er, stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þess vegna fór það svo, að þegar vinstri stjórnin var sett á laggirnar, var strax gerð tilraun til þess, einmitt við umskipulagningu bankamálanna, að knýja það fram, að þarna yrði loforð í stjórnarsamningnum um heildaráætlun í þjóðarbúskap sett í framkvæmd.

Eins og ég gat um hér áður í þessum ræðustól, kom Framsfl. í veg fyrir þetta. Alþfl. og Alþb. voru sammála og þeirra menn í þeirri nefnd sammála um frv., sem sent var til ríkisstj. En eftir því sem þáv. hæstv. fjmrh., núv. hv. 1. þm. Austf., upplýsti hér nýlega, mun hann einu sinni varla nokkurn tíma hafa lesið þetta, hvað þá meir. Það var líka gefið, að það voru tveir aðrir menn, sem þá réðu og þá dikteruðu, hvað gera skyldi. Það voru Vilhjálmur Þór og Jónas Haralz og sérstaklega í bankamálunum Vilhjálmur Þór, og veit ég ekki, hvort Framsfl. reiknar það sér til gæfu að hafa frekar farið að þeim till., sem hann gerði í þeim málum, og skapað það hálfgerða einræðisskipulag, sem þá var komið á í bankamálunum, heldur en ef hann hefði farið að till. Alþb. og Alþfl. Það var einmitt eitt af því, sem varð vinstri stjórninni til ógæfu, að hún skyldi aldrei móta almennilega efnahagspólitík og aldrei skapa sér heildaryfirlit yfir þjóðarbúskapinn og reyna að gera eitthvað til þess að stjórna þjóðarbúskapnum sem heild, enda var það líka greinilegt á öllum sviðum, þar sem eitthvað var farið inn á þá hluti, sem tengdir voru við áætlunarbúskap, eins og t. d. till. um ríkisrekstur á olíusölunni, að þá var eins og komið væri við hjartað í Framsókn, og mátti ekki minnast á neitt slíkt. M. ö. o.: í vinstri stjórninni hafði Framsfl. tækifæri til þess að framkvæma heildaráætlun í þjóðarbúskap, og hann hafði bundizt heitum um það í stjórnarsamningnum að gera þetta. Hann sveikst um að gera þetta og neitaði þessu allan tímann.

Hvað hefur svo gerzt nú? Nú eru liðin 8 ár síðan. Nú er Framsfl. í stjórnarandstöðu og er búinn að vera það í ein 3—4 ár. Og nú kemur stjórnarfundur Framsóknar saman, krefst þingrofs og kosninga og gefur út heilmikla stjórnmálaályktun um stórfelldar framkvæmdir í landinu. Og hvað segir í þeirri stjórnmálaályktun, með leyfi hæstv. forseta? Þar segir m. a.:

„Efnahagskerfið þarf að endurskoða frá rótum og skapa skilyrði fyrir skipulegum hagvexti í stað þess skipulagsleysis, sem nú ríkir".

Síðan eru taldir upp ótal liðir hér í, og einn af þeim liðum, nr. 2, er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tekin verði upp ný og vísindaleg vinnubrögð við skipulagningu efnahagsþróunarinnar, m. a. með fullkominni áætlanagerð, sem miði að því að tryggja öran og skipulegan hagvöxt. Áætlanirnar skulu vera tvenns konar: Þjóðhagsáætlanir til langs tíma, sem leggja drögin að markmiðum og heildarstefnu, — slíkar áætlanir skal endurskoða á 5 ára fresti, — þjóðhagsáætlanir og framkvæmdaáætlanir til 5 ára í senn, sem staðfestar séu af Alþingi".

Síðan segir í 6. liðnum:

„Fundurinn leggur áherzlu á, að hætta verður handahófinu í fjárfestingarmálum. Ríkisvaldinu ber að tryggja það með beinum, tímabundnum takmörkunum á þeim fjárfestingum, sem helzt geta beðið, að nauðsynlegar framkvæmdir í þágu alþjóðar geti setið í fyrirrúmi".

Það er yfirleitt mjög mikið af viti í þessari samþykkt, enda í algerri mótsetningu við allan praxis Framsfl. á síðustu áratugum. Það er mjög mikið t. d. af því þarna einmitt, sem er í þessu frv. til l. um áætlunarráð ríkisins, sem hér liggur fyrir, heildaráætlanir til samsvarandi tíma og annað slíkt. Og nú vil ég spyrja, og við þessar umr. hafa hv. framsóknarmenn tækifæri til þess að svara því og færa þar sannanir á sitt mál, þannig að trúa megi: Meinar Framsfl. það, sem hann segir í þessum efnum? Og hvaða sannanir vill hann færa fyrir því, að þetta sé tilgangur hans? Er hann algerlega horfinn frá þeirri stefnu, sem hann hefur fylgt fram að þessu í praxís? Má nú loksins í fyrsta skipti byrja að trúa honum? Á það nú að verða eitthvað meira en bara yfirlýsing, á það nú að verða framkvæmd?

Þetta eru spurningar, sem eðlilega hljóta að vekja mjög mikinn áhuga hjá öllum vinstri mönnum í landinu, hvort nokkuð sé að marka það, sem nú hefur verið samþykkt, hvort það sé eitt kosningaplaggið enn þá, til þess að veifa framan í menn fyrir kosningar. Ég vil t. d. minna á, að það var margt skynsamlegt í kosningaáætlun Hræðslubandalagsins 1956. Það er mjög margt skynsamlegt þar, og mætti kannske lesa hana upp til þess að minna á, hvað það var, sem Framsfl. þá þóttist vinna að. En hvernig fór um framkvæmdirnar?

Það er vitað mál, að ef menn ætla eitthvað að ráða við það stjórnleysi, sem einkennir auðvaldsskipulagið, sem einkennir kapítalismann, verða menn að fara inn á það að taka heildarstjórn á þjóðarbúskapnum. Hvort sem menn gera það á þann máta að ganga svo róttækt til verks að afnema kapítalismann sjálfan og fara að koma á sósíalisma eða hvort menn reyna innan þess kapítalíska skipulags að koma við eins mikilli heildarstjórn og hægt er, og það er hægt að mjög miklu leyti í svona litlu landi eins og okkar, þá er það alveg óhjákvæmilegt og það er ekki hægt að stjórna nútímaþjóðfélagi af neinu viti nema grípa til þessara aðferða. Þess vegna vil ég vonast til þess, að það fáist í þessari umr. skýrar yfirlýsingar og sannanir, sem taka megi gildar fyrir því, að hér sé um algera stefnubreytingu að ræða hjá Framsókn og það sé ekki bara ein hræsnin enn þá, ein yfirlýsingin enn þá fyrir hugsanlegar kosningar, til þess að reyna að tjalda vinstri stefnu fyrir kosningar og framkvæma þá hægri stefnu eftir kosningar.

Ég tók að vísu eftir því í sambandi við það, þegar farið var inn á hin einstöku atriði um, hvað vinna skyldi, við skulum segja VII. kaflann um landbúnaðinn, VIII. kaflann um sjávarútveginn, að það var eitt atriði, sem var algerlega sleppt úr og hefur þó ekki haft neina smáræðis þýðingu á Íslandi. Það var verzlunin. Og ef framsóknarmenn tækju til máls við þessa umr., vildi ég mjög gjarnan fá yfirlýsingar frá þeim um, hvað þeir hugsi sér í sambandi við verzlunina. Það er alveg rétt, að það er nauðsyn á skipulagningu í sambandi við landbúnaðinn og eflingu og skipulagningu í sambandi við sjávarútveg. En það, sem er búið að vera meinið í íslenzku þjóðskipulagi og var sannað strax með gömlu Rauðku frá 1934, var styrkleikur verzlunarauðvaldsins á Íslandi og hve hlutfallslega allt of mikið af fjármagni þjóðarinnar væri fest í verzluninni. Ég býst við, að ýmsir þeir hv. þm., sem hafa á annað borð kynnt sér þessi mál, muni enn þá, hvernig tölurnar voru þá. Allt íslenzkt fjármagn í fiskiskipaflotanum var 22 millj. Allt íslenzkt fjármagn í verzluninni var 100 millj. Það var fimmfalt auðmagn í verzluninni miðað við það, sem var í sjávarútveginum.

Það hefur að vísu tekizt, án þess að Framsfl. hafi komið þar sérstaklega mikið nærri, að breyta þessum hlutföllum. Það hefur tekizt með áhrifum Sósfl. og Alþb., þegar þeir tveir flokkar hafa verið í ríkisstj., nýsköpunarstjórninni og vinstri stjórninni, að knýja fram þá stórfelldu aukningu á sjávarútveginum, sem framkvæmd hefur verið á Íslandi og einkennir allt tímabilið eftir stríðið, nema það tímabil, þegar Framsfl. og Sjálfstfl. sátu í ríkisstj. saman 1950—1956.

Því var slegið föstu 1934—1936, að höfuðbreytingin, sem gera þyrfti á íslenzku þjóðskipulagi, væri, að fjármagnið yrði að flytjast úr verzluninni og í framleiðsluna, og við þetta hefur verið barizt, hvenær sem verkalýðurinn hefur getað látið til sín taka um áhrif á Íslandi um ríkisstj. Engu að síður er það enn sem komið er þannig, — það eru ekki til eins góðar skýrslur og voru 1936, þrátt fyrir allt, — að fjármagnið í verzluninni er miklu meira en í sjávarútveginum og óskipulegra, og það verzlunarauðvald, sem þar drottnar, er enn þá frekara en það hefur verið nokkru sinni fyrr, eins og sést bezt á því, að ráðstafanir voru gerðar nú fyrir síðustu kosningar að veita þessu verzlunarauðvaldi stórkostleg lán erlendis, leyfa því að taka lán erlendis, leyfa því að vera frekara gagnvart ríkisbönkunum og leyfa því að eyða þess vegna meiru af lánsmöguleikum þjóðarinnar og fjármagni hennar en góðu hófi gegndi og setja raunverulega allt atvinnulíf hennar meira eða minna úr skorðum með því móti. M. ö. o.: það er jafnbrýnt í dag og var fyrir 25—30 árum að draga fjármagnið út úr verzluninni og minnka gróðamöguleikana í verzluninni, til þess að fjármagnið leiti ekki þangað, því að það eru ekki aðrir möguleikar til að stjórna þróun fjármagnsins fyrir utan bein ríkisafskipti og þjóðnýtingu í kapítalísku skipulagi en að draga úr gróðanum á einhverju sviði.

Það er gefið, að svo framarlega sem það fer að *verða lítt gróðavænlegt að stunda verzlun á* Íslandi, hætta menn að fást við það, og það er það, sem þarf. En hvernig hefur þetta verið í praxis undanfarið? Það hefur verið þannig, að þegar Sjálfstfl. og Framsfl. hafa myndað stjórn saman, hefur það verið einmitt stjórn verzlunarauðvaldsins á Íslandi, ekki aðeins á móti verkalýðnum, heldur sérstaklega á móti sjávarútvegi og jafnvel bændum, eins og hörmungatímabilið 1950—1956 að miklu leyti sýndi, þegar atvinnuleysi og vandræði voru um allt land og það var eitt aðalkeppikefli bænda og sona þeirra að mega komast í vinnu á Keflavíkurflugvöll, sem var úthlutað með sérstökum leyfum af erindrekum Frams.- og Sjálfstfl.

Ef nú ætti að reyna að taka upp heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, verður eitt höfuðinnihald hennar að vera það að draga úr verzluninni, og það verður ekki gert á vissum sviðum nema með þjóðnýtingu. Tökum olíuna. Mér þætti gott að heyra það í þessum umr., ef framsóknarmenn tala hér, hvort þeir séu reiðubúnir að ganga inn á þjóðnýtingu á dreifingarkerfinu á olíunni, í staðinn fyrir að viðhalda í fyrsta lagi stjórnleysi kapítalismans á þessu sviði með því að hafa þrefalt dreifingarkerfi í landinu, en koma svo á í öðru lagi einokunarkerfi ekta einokunarauðvalds með því að láta þessa þrjá aðila koma sér saman um verðlagið á olíunni í landinu. Það hefur verið lengi eitthvert svið, sem sjálfsagðast var að þjóðnýta, en einmitt þessir tveir fésýsluflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa sérstaklega haldið vörð um. Og Framsfl. neitaði í vinstri stjórninni að vera með slíkri þjóðnýtingu. Mér þætti vænt um að heyra, hvort hann vill vera með henni núna. Ég hélt satt að segja, *að hann mundi vera búinn að fá nóga skömm af* afskiptum sínum af olíunni, þannig að hann ætti að vera til í það að fallast nú á að láta þjóðnýta olíudreifinguna. Sama gildir á fjölmörgum sviðum verzlunarinnar og fjármálastarfseminnar. Þarna þarf að verða alger breyting á, og það væri ákaflega gott að geta einmitt rætt þá hluti og heyrt afstöðu Framsóknar í þessu sambandi.

Ég tók einmitt þessi mál, hvaða afstöðu flokkarnir hefðu tekið um þetta, til þess að hægt væri að ganga úr nokkrum skugga um það, hvaða stefna það væri, sem sérstaklega Framsfl. vildi nú fylgja í þessum efnum.

Þá er það viðvíkjandi Alþfl. Alþfl. hefur alltaf verið yfirlýstur með heildaráætlun um þjóðarbúskapinn, og hann hefur venjulega í fjhn., þegar þetta frv. mitt hefur farið þangað, staðið með því. Hins vegar man ég eftir því, að hæstv. núv. viðskmrh. gaf þá yfirlýsingu fyrir 1—2 árum, einmitt þegar þetta frv. var til umr., að ég væri nú nokkuð seinn með þetta allt saman og skildi nokkuð lítið í þessu öllu saman, því að nú væri einmitt hæstv. ríkisstj. sjálf að framkvæma þetta, sem ég hef nú verið að berjast fyrir og Alþb. og Sósfl. áður í áratugi. Og hæstv. viðskmrh., því miður er hann ekki hér inni núna, hann hélt um það mjög fagra ræðu, hvað þetta hefði verið óttalega leiðinlegt með mig, ég hefði verið að klöngrast þarna í ógöngunum og tala um þessa hluti, og á meðan hefðu þessir duglegu, framsýnu, stórhuga menn í ríkisstj. verið að framkvæma þetta, *og það eru ein 2 ár síðan. Og nú þætti mér vænt* um, ef hæstv. viðskmrh. væri einhvers staðar

nærri, að heyra, hvernig hann lítur á þetta nú. Þetta var sem sagt fyrir kosningar, og þá var þjóðhagsáætlun ríkisstj. á döfinni. Ef ég man rétt, var að vísu ekki búið að útbýta henni prentaðri á meðal okkar þá, en hún var í undirbúningi, og hún átti að verða voðalega fallegt plagg fyrir kosningar. Svo loksins kom hún, og um hvað var hún þá? Var hún heildaráætlun um þjóðarbúskap? Nei, hún var engin heildaráætlun um þjóðarbúskap. Í hugum þeirra manna, sem þá þjóðhagsáætlun hafa gert, var sem sé skipt í tvennt. Annars vegar var ríkisbúskapurinn, hins vegar var búskapur einkafyrirtækjanna og einstaklinganna. Ríkisbúskapurinn er að vísu allstór á Íslandi, hann er um 30%, ef maður telur bæjar- og samvinnubúskapinn þar með, þ. e. þann búskap, sem raunverulega er rekinn af almenningi. En þó var nú þetta í áætluninni fyrst og fremst takmarkað við það, sem ríkið sjálft hefði, en minna það, sem bæir og samvinnuhreyfingin hefði, þannig að þetta var raunverulega ekki nema smámynd af þjóðhagsáætlun. Ef hæstv. viðskmrh. hefði kynnt sér vel t. d. þjóðhagsáætlun Norðmanna, sem nú í 20 ár hefur fylgt þeirra fjárlfrv. sem stórt og merkilegt plagg, sem við höfum líka ýmsir fengið hér alltaf, hefði hann séð muninn þar á, því að þar var rætt um alla þróun þjóðarbúskaparins í Noregi.

Hæstv. viðskmrh. hefur ekki fengizt til umr. um þetta mál, síðan þessi þjóðhagsáætlun kom út. En hvað hefur gerzt í þessu máli síðan? Jú, þessi þjóðhagsáætlun kom þarna, henni var hampað mikið fyrir kosningar, og svo komu kosningarnar og svo er nokkuð liðið síðan, og hvað gerðist á þessu þingi? Jú, það gerðist á þessu þingi, að það voru sett lög, þar sem einni lítilli mgr. var bætt inn í um, að ríkisstj. væri heimilt að draga úr framkvæmdum, sem ákveðnar hefðu verið með fjárl., og jafnvel að hvetja einstaklinga til þess að draga úr framkvæmdum. Hvað þýddi þetta raunverulega? Það þýddi í fyrsta lagi, að þjóðhagsáætlunin, áætlunin um ríkisbúskapinn, var eyðilögð í framkvæmd. Það átti sem sé að gera gerbreytingar á henni. Það þýddi í öðru lagi, að hæstv. ríkisstj. áleit þörf á því, að ríkið færi að skipta sér af búskap einstaklinganna með því móti að fara að draga úr framkvæmdum þeirra. Hvað þýðir þetta þá raunverulega? Þetta þýðir það, að hæstv. ríkisstj. sér, að það er nauðsynlegt að skipta sér af þessum hlutum, það er nauðsynlegt að skapa sér einhverja heildarmynd um þessa hluti, það er nauðsynlegt, að ríkið hafi afskipti af efnahagslífinu og allri þess þróun. Það er hægt að hafa slík afskipti á neikvæðan hátt með því að vera að skera niður og skera niður. Það er óviturlegasti mátinn, sem slík afskipti eru framkvæmd á. Það er hægt að hafa viturleg afskipti af þessu. Það er með því að hugsa um þessa hluti fyrir fram, reyna að skipuleggja þá og skapa sér einhverja hugmynd um, hvernig þetta verði bezt fyrir almenning í landinu. En þá verður það að ná jafnt yfir einkabúskapinn sem ríkisbúskapinn og samvinnubúskapinn.

Ég skal taka dæmi: Það hefur sýnt sig nú á þessu síðasta ári, að það er að skapast atvinnuleysi í landinu. Það er komið tilfinnanlegt atvinnuleysi í Norðurlandi vestra, og það liggur við atvinnuleysi víðar þrátt fyrir þær einmuna vertíðir, sem við höfum haft á vissum svæðum landsins. Hvað var nú eðlilegt að gera, ef það hefði verið hugsað um einhverja þjóðhagsáætlun í þessum efnum? Það var eðlilegt að ráðstafa staðsetningu atvinnutækja frá því sjónarmiði, hvar þörf væri á þeim. Nýlega var t. d. verið að koma upp sokkaverksmiðju, nælonsokkaverksmiðju, held ég, á Akranesi. Á Akranesi hefur yfirleitt verið allmikil vinna og frekar hörgull á að fá þar fólk. Nælonsokkar eru það dýr vara, að flutningskostnaður hefur þar hverfandi lítið að segja. Líklega er aðeins þörf fyrir eina nælonsokkaverksmiðju á Íslandi, þannig að það mundi ekki vera praktiskt, að farið væri að setja upp fleiri. Ein nælonsokkaverksmiðja getur líklega, annaðhvort með einum eða tveim mönnum, afkastað öllum þeim nælonsokkum, sem Ísland þarf. Það hefði verið skynsamlegt að setja slíka verksmiðju niður — við skulum segja á Blönduósi, Skagaströnd eða einhverjum af þeim stöðum, þar sem nú er atvinnuleysi, fólkið verður að flýja burt, kannske hvar sem vera skal.

M. ö. o.: það er hægt að hugsa um það fyrir fram, þegar verið er að setja niður svo og svo mikið af iðngreinum, hvar sé praktískast að gera þetta, bæði út frá því, hvaða flutningskostnað þessar afurðir þola. og út frá því, hvar heppilegast er að hagnýta vinnuafl og annað slíkt. Þetta er ekki hægt nema menn hafi heildaryfirlit yfir allt saman, sem á að gera, einkabúskapinn, ríkisbúskapinn, samvinnubúskapinn og annað slíkt, og ríkið hafi aðstöðu til þess að geta fyrir fram ráðlagt þeim aðilum og haft áhrif í gegnum fjármálakerfið, gegnum bankana og annað slíkt að tryggja það að koma þessu upp, þannig að þjóðhagslega séð sé þetta sem bezt. Það er talað hér öll ósköp um hættu á flótta frá dreifbýlinu. En það er einmitt ekki hægt, eins og ég ræddi í fyrri hluta ræðu minnar, að stjórna þessum hlutum öðruvísi en með svona heildaráætlun. Þetta er hlutur, sem Alþfl. ætti að athuga. Ég held, að hæstv. viðskmrh., ef hann hefur gefið sér tíma til þess að hugsa um þetta mál frá því fyrir 1—2 árum, hljóti að hafa komizt að þeirri niðurstöðu, og hann ætti raunar fyrir löngu að hafa verið kominn að henni sem hagfræðingur, að þjóðhagsáætlun, sem er bundin við ríkisbúskapinn einan, er svo að segja gagnslaus, hún er raunverulega aðeins nokkuð, sem menn hvort sem er eiga að gera sér hugmyndir um í sambandi við fjárl., hún er bara framkvæmd á þeirri hugsun, sem á að liggja til grundvallar fyrir fjárl. En það er ekkert raunverulegt gagn að henni, fyrr en hún er hluti í heildaráætlun um allan þjóðarbúskapinn. Og það sýnir sig núna, að einkaauðvaldið á Íslandi mun ekki sjá um að útrýma atvinnuleysinu á þeim stöðum, þar sem það er að myndast. Það gerði það ekki á tímabilinu 1950—1956, þegar Sjálfstfl. og Framsfl. stjórnuðu. Þá var atvinnuleysi og víða neyð úti um allt land. Þá var líka verið með lofgerðir um einkabúskapinn. Marshall-stefnan átti svo sem að skapa það. Framkvæmdabankinn átti svo sem að sjá um það. En við sáum bara, hvað kom út úr því. Við munum eftir hungurgöngunum hingað til Reykjavíkur þá. Við munum eftir ástandinu

á Bíldudal. Við eigum á hættu, að sama ástandið skapist aftur, að vísu verði kannske Suðvesturland undantekning, eins og það var líka þá, nema rétt á árunum 1951—1952, þannig að það er ekki ráð nema í tíma sé tekið um þessa hluti, og Alþfl., ef hann hefur gengið með einhverjar tálvonir í sambandi við þá þjóðhagsáætlun, sem skellt var út fyrir síðustu kosningar, ætti að vera búinn að átta sig nú. Þess vegna vildi ég rekja þessa afstöðu hinna pólitísku flokka til þessa máls á undanförnum áratugum, til þess að sýna fram á, að sá þeirra, sem hefur verið næstur því að fylgja sliku, eins og Alþfl., þarf að gera alvöru úr því núna. Hann þarf að gera alvöru úr því, ef hann ætlar ekki að láta fara illa fyrir sér.

Framsfl., sem stundum í orði hefur verið hlynntur því að koma upp nefndum um þetta og jafnvel lagt það stundum til sjálfur, en alltaf svikizt í framkvæmd um að vinna að þessu og það herfilegast, þegar hann hafði bezt tækifæri til þess í vinstri stjórninni, þarf að segja til um, hvort hann meinar það, sem hann segir nú, eða ekki, og af hverju hann er þá horfinn að þeim brigðum við þessa stefnu, sem hann áður fylgdi. Og Sjálfstfl. þarf að átta sig á því, að það er ekki til neins lengur að vera að prédika þessa svokölluðu frjálsu samkeppni, hún er dauð, hún hefur raunverulega ekki verið lifandi á þessari öld, og sjálf bæjarstjórn Reykjavíkur fær meira að segja sannanirnar á borðið fyrir sig í tilboðinu frá olíufélögunum.

Og ég get sagt ykkur aðra sögu í viðbót, sem gerðist hérna nýlega, þegar verið var að gefa frjálsa álagningu á nokkrum vörum í Reykjavík. Það kom kona hér í búð og spurði einmitt um eina af þeim vörum, sem frjáls álagning hafði verið gefin á, hvað hún kostaði. Jú, það var sama verð. Hún var alveg hissa, hvernig stæði á þessu, hvort það væri ekki orðin frjáls álagning á því, hvort það væri ekki hækkað. Nei, var svarið, þeir eru ekki búnir að ákveða hækkunina. Hverjir þeir? Er þetta ekki frjálst? Hefur verðlagsnefndin nokkuð með það að gera? Nei, en kaupmannasamtökin eru ekki búin að því. M. ö. o.: álagningin er ákveðin, en í stað þess að vera ákveðin á Skólavörðustígnum, er hún bara ákveðin af samtökum kaupmannanna.

Það er ekki til neins að vera með þessa blekkingu við okkur. Við vitum alveg hreint, hvað er að gerast þarna. Þessi frjálsa samkeppni er ekki til. Og þegar að þessari frjálsu samkeppni kemur, jú, hún getur einstaka sinnum orðið að gagni í smásöludreifingu, sérstaklega ef kaupfélög geta verið sæmilega sterk að fást við kaupmenn og ef þau þá ekki fara þá leið að mynda t. d. kompaní um olíu með kaupmönnunum og mynda svo einokunarhringa á þann máta, — en þegar að framleiðslunni kemur, er þarna venjulega alger einokun, og það, sem á sér svo stað hjá okkur þar að auki, er, að við höfum stjórnleysi í framleiðslunni og einokun ofan á stjórnleysið. Við þurfum ekki að líta nema á súkkulaðigerðirnar eða eitthvað annað slíkt hérna á Íslandi eða smjörlíkisgerðirnar, halda allri yfirbyggingunni, öllum kostnaðinum, láta fólkið borga, en fara kannske, eins og í smjörlíkisgerðunum, að framleiða allt saman í einni, eitt og sama smjörlíki undir fjórum mismunandi merkjum. M. ö. o.: það dugir ekki fyrir stjórnmálaflokkana á Íslandi að berja hausnum lengur við múrinn um það að ætla að fara að framkvæma hér stefnu, sem er dauð fyrir 50 árum. Það heimtar hvert einasta nútímaþjóðfélag, að tekin sé upp meira eða minna heildaráætlun í þjóðarbúskapnum, og þau ríki, sem ekki gera það, við skulum segja eins og Bandaríkin, standa frammi fyrir því að eiga í hreinustu vandræðum með efnahagslíf sitt, standa frammi fyrir því, að 5—6 millj. manna séu atvinnulausar þar, að þorrinn af ungu fólki, sem útskrifast úr skólunum, fái hvergi vinnu út af stjórnleysinu í framleiðslunni. Ef menn ætla að ráða við kapítalismann að einhverju leyti, gera hann skárri en hann mundi vera, ef hann væri svo að segja óstjórnaður, engin væri stjórn á honum, verða menn að taka upp þessa aðferð. Ég legg áherzlu á þetta vegna þess, að ég er búinn að flytja þetta frv. það oft hér, að það hefði sannarlega átt einhvern tíma að geta komizt þannig til 2. umr., að það hefði sýnt sig, hvaða afstöðu menn þyrðu að taka til þess. Ég skal ekki fara út í þetta frv. ýtarlega, en ég skal aðeins minna á nokkur atriði í því út frá því, sem hér hefur verið rætt og allir þm. virðast vera sammála um að sé nauðsynlegt að framkvæma.

Lokasetningin í 3. gr. þessa frv. hljóðar svo: „Áætlunarráð skal og gera áætlanir um, hvar tækin skulu staðsett, og till. um byggingar, byggð og þróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi". Þetta var í l. um nýbyggingarráð í gamla daga, og í nýbyggingarráði voru þá útbúin heil plön um, hvernig byggja skyldi upp landsfjórðungana, hvernig byggja skyldi upp stóra bæi, einn á Snæfellsnesinu, einn stóran á Vestfjörðunum og aðra slíka, þ. e. hugsjónir, sem aldrei komust til framkvæmda, vegna þess að það var allt saman drepið, þegar ameríska auðvaldið fór að skipta sér af þjóðarbúskap okkar og þróun hans. Í sambandi við spurninguna um dreifbýlið og að tryggja líf þess er það óhjákvæmilegt, að þetta vald sé í höndum þess, sem drottnar yfir bankastarfseminni í landinu. Það er til lítils, eins og við höfum rætt hér um áður, að skipa eina smánefnd, láta hana hafa eitthvert samband við atvinnubótasjóðsstjórnina eða eitthvað þess háttar og reyna að fá einhverja smástyrki í þessu efni. Það er sjálf þróunin, sem þarf að breyta, og það er þróunin, sem þarf að stjórna. Það þarf að taka völdin af þessu peningavaldi, sem dregur allt þangað, sem það er fyrir, og ráðstafa því út frá hagsmunum þjóðfélagsins í heild, hvar þetta skuli vera.

Í 7. gr. er mælt fyrir um, hver skuli vera höfuðstefnan. Á fyrri hluta 10 ára tímabils, fyrri 5 ára áætlunin skuli vera fyrst og fremst miðuð við fullvinnslu sjávarafurðanna, það sem ég vil kalla iðnbyltingu í matvælaframleiðslunni á Íslandi. Það skuli þannig vera höfuðatriðið í þessu og á þeim tíma skuli hins vegar undirbúa, að hve miklu leyti við treystum okkur til þess að koma með iðnað í verulega stórum stíl, annan en þann, sem byggist á okkar eigin hráefnum. Ég vil því leggja höfuðáherzluna á, að úrvinnslan úr okkar eigin hráefnum á að vera höfuðatriði fyrir okkur. Þar vil ég taka jafnt úr sjávarútveginum sem

landbúnaðinum, og ég álít vera mögulegt að skapa þar gerbyltingu í þessum efnum. Hvað snertir hins vegar, ef við viljum fara að vinna úr innfluttum hráefnum, — út af því, hvað stóriðjan er mikið á dagskrá nú, — vil ég taka það fram, að ég álít alveg rangt af okkur að stíla sérstaklega upp á eins og t. d. alúmíníumverksmiðju, sem mundi þýða erlendan hring algerlega drottnandi í þessu. Ég þori ekkert að fullyrða í þessum efnum, hvað praktískast muni vera, en að mörgu leyti sýnist mér, að ef það er nauðsyn á því, t. d. eftir 5—10—15 ár, að fara að vinna úr útlendu hráefni á Íslandi, mundi það jafnvel fyrst og fremst vera olía, sem okkur væri heppilegast að vinna úr. Olían er það hráefni, sem er langþægilegast að flytja fyrir okkur, og olían er það hráefni nú, sem veldur mestri byltingu í öllum efnaiðnaði, þ. e. öllum kemískum iðnaði, þannig að það er jafnhægt að vinna úr henni sem hráefni þá hluti, sem væru notaðir t. d. í staðinn fyrir stál og annað slíkt, í byggingarefni og í það, sem notað er í staðinn fyrir vefnaðarvörur, þ. e. nælon, plast, allt mögulegt þess háttar. Olía virðist vera með þessari nýju vísindagrein, petrologi, eins og hún er kölluð, alveg undratæki til slíkrar hagnýtingar, enda sagði einn af höfuðvísindamönnunum í þeirri grein nýlega, þegar talað var um, hve mikil olía er notuð til brennslu, að það væri einhver sú ægilegasta sóun, sem ætti sér stað með verðmæti, og nefndi í því dæmi: Jú, vissulega væri líka hægt að framleiða hita t. d. með því að brenna peningaseðlum. — Ég skýt þessu nú aðeins fram sem dæmi, að áður en íslenzk stjórnarvöld ákveða að fara að láta vinna úr erlendu hráefni hér á Íslandi, eiga þau að hafa látið farið fram nákvæmar rannsóknir á öllu, sem til mála kemur, og það af íslenzkum aðilum. Það á ekki að hlaupa til, ef einhver og einhver braskari úti í veröldinni, stórt alúmíníumauðfélag eða einhver annar kemur og segir við okkur Íslendinga: Ég vil gjarnan fá hérna fossana ykkar til þess að hagnýta þá. — Það á ekki að hlaupa til undireins og gína við þessu. Það á að rannsaka, hvað komi til mála, og meta síðan, hvað sé bezt, og vinna úr því.

Í 8. gr. þessa frv. er síðan ákveðið, að þegar áætlunarráð hafi lokið samningu áætlana, sem það vinnur að, skuli þær lagðar fyrir ríkisstj. til staðfestingar, ríkisstj. skuli kunngera Alþingi hina staðfestu áætlun, að jafnaði með því að láta eins árs áætlanir fylgja fjárl. sem fskj., en áætlanir til lengri tíma skulu lagðar fram með sérstakri þáltill. til samþykktar. Og síðan er síðasti hluti 8. gr. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar áætlanir hafa hlotið endanlega samþykkt, er það síðan verkefni ríkisstj., hinna einstöku ráðuneyta, Seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins undir yfirstjórn ríkisstj. að sjá um framkvæmd á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum og utanríkisviðskiptum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðuð."

Það er, þegar búið er að gera þessar áætlanir, ríkisstj. búin að samþykkja þær, Alþingi búið að staðfesta þær, þá skuli unnið í samræmi við þessar áætlanir að öllum efnahagsmálunum á Íslandi. Og þetta er, eins og ég vona að menn skilji, höfuðatriði í þessu sambandi. Með þessu er komið á heildaráætlun í þjóðarbúskapnum, sem síðan er framkvæmd sem eitt höfuðverkefni ríkisstj. Það sýnir sig, eins og margoft hefur verið tekið fram, að stjórnin á efnahagslífinu á Íslandi er höfuðverkefni hverrar ríkisstj. Ef ríkisstj. lætur þetta afskiptalaust eða heldur, að hún komist upp með það, mun hún hrökkva við alltaf öðru hverju og verða að fara að skipta sér af þessu, og þau afskipti verða meira eða minna vitleysa. Það er gripið inn í seint og síðar meir, kannske með hálfgerðum ofbeldislögum, kannske af því, að atvinnurekendur og verkamenn hafa gert samninga sín á milli, sem ríkisstj. líkar ekki, eða þess háttar og allt þjóðfélagið meira eða minna brjálað. Ég skal taka sem dæmi: 1962 gera atvinnurekendur og verkamenn samning um kauphækkun, í júnílok 1962, ef ég man rétt. Í ágústbyrjun gefur ríkisstj. út brbl. til þess að lækka gengi krónunnar um 13%. Á þessu sama ári og um þetta sama leyti bötnuðu öll viðskiptakjör Íslands, þannig að útfluttar vörur hækkuðu og innfluttar vörur lækkuðu í kringum 12%. Menn geta flett upp í skýrslum Framkvæmdabankans til þess að sjá það. Á sama tíma sem viðskiptakjörin batna um 12%, og ef menn hefðu farið eftir þeim gömlu reglum um skráningu krónunnar, krónan hefur oft hækkað, þá er krónan lækkuð með afskiptum ríkisstj., af því að hún er að sletta sér fram í efnahagslífið án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um, hvað hún er að gera, án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um þróun efnahagslífsins, grípur inn í í hreinni vitleysu og á algerlega rangan hátt og lætur embættismennina, þ. e. stjórn Seðlabankans, brjóta raunverulega allar sínar embættisskyldur með því að framkvæma þessa lækkun, þannig að það hefði raunverulega átt að taka þá alla saman til rannsóknar og kæra þá, vegna þess að þeir gerðu þveröfugt við það, sem bankastjórar hefðu yfirleitt átt að gera, og sízt af öllu bankastjórar seðlabanka. Og það er sannað með þeirra eigin skýrslum núna, hve gersamlega þetta var andstætt öllum lögum og öllum viðskiptaháttum, allri borgaralegri hagfræði líka að framkvæma svona hlut, það er einskær hefndarráðstöfun út í bláinn. Þess vegna er það ekki seinna vænna, að menn átti sig á því, að það er ekki hægt að stjórna nútímaþjóðfélagi með þessum aðferðum, sem þarna eru reyndar.

Þetta fer allt úr böndunum, svo framarlega sem þetta er gert. Menn skapa ofþenslu í atvinnulífinu núna rétt fyrir kosningar með því að fara að hleypa inn útlendu fjármagni gegnum lán, sem kaupmenn og aðrir taka, meira að segja gegnum ensk lán, sem ríkisstj. tekur, og svo rétt eftir kosningarnar standa menn uppi eins og þvara gagnvart því, að það skuli vera atvinnuleysi í meira en hálfum landsfjórðungi. Svona þjóðarbúi eins og Íslendinga er ekki hægt að stjórna af neinu viti, nema með því að hafa heildarsýn yfir það. Það er vitanlegt, að ein ríkisstj. hefur það mörgu að sinna, að hún getur ekki sjálf staðið í slíku. Það hefur jafnvel yfir-

leitt verið gallinn á öllum okkar ríkisstj. á síðasta aldarfjórðungi, að þær hafa viljað skipta sér af allt of miklu. En það að skapa sérstaka stofnun, sem einvörðungu hugsar um þetta og hefur í sinni þjónustu beztu sérfræðinga og aðra til þess að vinna í þessu, það er það, sem alltaf hefur verið gert á þessari öld, þegar menn hafa staðið frammi fyrir verulegum vandræðum í efnahagsmálum. Það er það, sem meira að segja Roosevelt gerði í Bandaríkjunum, þegar hann bjargaði Bandaríkjunum út úr kreppunni 1930. Hann gerði það 1932 og hlaut náttúrlega hatur auðvaldsins í Bandaríkjunum fyrir og var talinn kommúnisti, bara vegna þess að hann tók upp viss, stórfelld ríkisafskipti samkv. áætlun af vissum þáttum í amerískum þjóðarbúskap. Þess vegna er tími til kominn, að stjórnmálaflokkar á Íslandi átti sig á þessum hlutum og fallist á það að fara að breyta þarna um.

Ég man ekki, hve oft ég er búinn að flytja þetta frv., það er a. m. k. 10—11 sinnum, og það hefur kannske einu sinni áður komizt til 2. umr., ég man ekki, hvort hún hefur klárazt. En nú vildi ég mega vonast til þess, að hv. þm. tækju kjark í sig og ræddu þessi mál og sýndu í atkvgr. um þetta mál afstöðu sína til þess. Ég efast ekki um, að það megi margt að frv. sem slíku finna og það megi endurbæta það á margan hátt. Það hafa menn möguleika til. Menn hafa möguleika til þess að gera sínar brtt. og allt mögulegt annað slíkt við það. En heildarstefnan, sem þetta frv. byggist á, er sú stefna, sem ekki er hægt að komast fram hjá, svo framarlega sem menn ætla að stjórna þjóðarbúskap af nokkru viti, ef menn ætla ekki að láta allt fara úr böndunum hjá sér. Og það er það, sem ég vildi mega vona að væri farið að renna upp fyrir mönnum, þeim, sem hafa ekki verið hlynntir slíku, og ekki sízt út frá þeirri yfirlýsingu, sem Framsfl. nú hefur gefið, að þarna ætti að verða stefnubreyting.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst þetta mál, sem hér er til umr., vera það athyglisvert, að það sé rétt, að fleiri segi þar nokkuð um en hv. flm. Auk þess hefur hv. flm. gerzt hér í ræðustólnum sagnfræðingur með slíkum hætti, að mér finnst rétt að gera nokkrar aths. við það.

Það má segja, að í þeim málum, sem hér ræðir um, séu nú uppi þrjár meginstefnur í heiminum. Ein stefnan er sú, sem má sérstaklega kenna við Bandaríkin, þar sem þessir hlutir eru látnir vera nokkurn veginn skipulagslausir. Það er svo annað kerfið, sem haft er í sósíalistísku löndunum, þar sem fylgt er mjög ströngum áætlunarbúskap, og svo í þriðja lagi það kerfi, sem Norðurlönd hafa sérstaklega fylgt, þar sem reynt er að fara bil beggja í þessum efnum, þar sem stuðzt er að vissu leyti við áætlunarkerfi, en þó án þess að það þrengi óeðlilega að hinu frjálsa framtaki einstaklinga og félagssamtaka. Og ég held, að það leiki ekki neitt á tveimur tungum, að það kerfi, sem hefur gefizt bezt í þessum efnum og farsælast hefur reynzt, sé það, sem Norðurlönd hafa búið við.

Eins og réttilega kom fram hjá hv. flm., hefur það skipulagsleysi, sem hefur ríkt í þessum efnum í Bandaríkjunum, hvergi nærri gefizt vel, þó að þar hafi orðið mikill árangur á ýmsum sviðum, en þar hafa alls konar misfellur átt sér stað, sem kemur m. a. fram í því, að mitt í öllum þeim allsnægtum, sem þar eru, eru þar í landinu stórar atvinnuleysiseyjar, ef svo mætti að orði komast, sem stafa af því, að þar hefur ekki verið haft nægilegt skipulag á fjárfestingu og framkvæmdum í landinu. Ef við aftur á móti gefum svo gaum að hinu stranga áætlunarkerfi sósíalistísku landanna, sjáum við fljótt mjög ljóslega, að þar hafa oft og tíðum stórkostleg mistök átt sér stað, vegna þess að skipulagið hefur verið of strangt, áætlanir stundum reynzt alrangar. Ég minnist þess t. d. í þessu sambandi, sem ég heyrði um nýlega í einu landi austantjalds, þar sem ég ferðaðist um, Austur-Þýzkalandi, þar var sú áætlun gerð fyrir nokkrum árum, að þeir réðust í það samkv. sínu áætlunarkerfi að byggja mikla flugvélaverksmiðju, flugvélaiðnaðurinn átti að verða mikill iðnaður í landi þeirra, og þeir lögðu í þetta stórkostlega fjármuni, en niðurstaðan varð sú, að þeir töldu þetta hins vegar ekki heppilegt og hafa alveg hætt þessum iðnaði, og er þarna að sjálfsögðu sóað stórkostlegum fjármunum. Annað dæmi, sem er kannske enn þá kunnara í þessum efnum, er það, hvernig rússneska ríkisstj. réðst í það fyrir nokkrum árum að taka land til ræktunar, sem talið var vafasamt að væri hæft til ræktunar, og lagði stórkostlega fjármuni í þessar framkvæmdir, en lét aftur á móti aðrar aðgerðir á landbúnaðarsviðinu eiga sig. Nú hefur niðurstaðan orðið sú eða er að verða sú, að þeir eru að hætta við ræktun þessa lands að mestu eða öllu leyti, en snúa sér hins vegar í staðinn að öðrum framkvæmdum á sviði landbúnaðarins, sem voru áður látnar mæta afgangi, og hefur þetta orðið til stórfelldrar truflunar á þeirra atvinnulífi, sem á sinn þátt í því m. a., að þeir hafa orðið á þessu ári að flytja inn stórkostlega mikið af landbúnaðarvörum, sem þeir höfðu ekki áður þurft og þeir hefðu sennilega ekki þurft að gera, ef áætlunarkerfið hefði ekki verið svona strangt hjá þeim og þeir ráðizt í rangar aðgerðir á sínum tíma.

Þessi dæmi, sem ég hef nú nefnt, sýna það, að kerfi skipulagsleysisins, sem búið hefur verið við í Bandaríkjunum, er óheppilegt. Á sama hátt hefur kerfi hinna ströngu áætlunarframkvæmda, eins og í sósíalistísku löndunum, líka reynzt óheppilegt, en það kerfi hefur tvímælalaust reynzt bezt, sem hefur reynt að þræða þarna mitt á milli, styðjast á vissan hátt við áætlunarbúskap, en skerða þó ekki óeðlilega framtak einstaklinga og félagssamtaka, eins og gert hefur verið á Norðurlöndum. Það hefur án efa gefizt langbezt, og það er það kerfi, sem við eigum tvímælalaust að fylgja hér á landi.

Hvað afstöðu flokkanna hér á landi snertir, hygg ég, að það megi lýsa henni í stórum dráttum á þann veg, að Sjálfstfl. hallast fyrst og fremst að hinu ameríska kerfi, Alþb., sem svo kallar sig, vill fylgja hinu stranga áætlunarkerfi sósíalistísku landanna, en aftur á móti hygg ég, að það megi frekar segja um Framsfl. og Alþfl., að þeir vilji fylgja svipuðum háttum í þessum

efnum og átt hafa sér stað á Norðurlöndum, og að því eigum við tvímælalaust að snúa okkur.

Ég skal svo láta þennan inngang nægja sem almennt yfirlit í þessum efnum, en snúa mér að sagnfræði hv. flm. Og hann fór langt aftur í tímann í þeim efnum eða a. m. k. ein 20—30 ár, og ég skal þá gjarnan gera það einnig.

Ég held, að ef við lítum yfir þetta tímabil, sem hann minntist á, eða allt frá 1930, séu það 4 ár, sem skera sig úr, þar sem sérstaklega hefur verið reynt að fylgja því, sem hefur mátt kalla áætlunarbúskap, án þess þó að honum væri beinlínis komið fram formlega. En þessi ár eru árin 1934—1938, þegar stjórn Alþfl. og Framsfl. sat að völdum. Þá var með margvíslegum hætti reynt að halda uppi skipulegum framkvæmdum og fjárfestingaraðgerðum, sem báru mjög verulegan árangur, þrátt fyrir það þó að þá væru að ýmsu leyti erfiðari aðstæður en nokkru sinni fyrr og síðar, vegna þess að þá var enn þá barizt við afleiðingar heimskreppunnar. Á þessum árum t. d. var að mjög verulegu leyti byggður upp síldariðnaðurinn, sem síðan hefur verið mikil undirstaða í þjóðarbúskapnum. Á sama hátt var á þessum árum byggður upp hraðfrystihúsaiðnaðurinn, sem einnig hefur síðan verið stór þáttur í íslenzkum þjóðarbúskap. Og þetta hvort tveggja var gert með mjög skipulegum aðgerðum af hálfu ríkisstj. og banka og annarra aðila á þessum tíma„ enda starfaði þá sérstök nefnd, sem bar nafnið Rauðka, til þess að vinna að skipulagningu þessara mála. Það var einnig á þessum árum, sem unnið var að rannsóknum á byggingu sementsverksmiðju og áburðarverksmiðju, og þær rannsóknir urðu síðan grundvöllur þess, að ráðizt var í þessar framkvæmdir. Ég skal ekki rekja þetta nánar að þessu sinni, en ég held, að það sé óhætt að segja, að hvað snertir það, sem kalla má áætlunarbúskap, séu það þessi 4 ár á undanförnu 20—30 ára tímabili, sem einkenna sig mest að því leyti, að þá hafi verið reynt að stjórna á þann hátt að hafa sem bezta skipulagningu á fjárfestingunni. Það má líka jafnframt rifja það upp í þessu sambandi, að á þessum árum var byggt tiltölulega meira af verkamannabústöðum og á vegum samvinnubyggingarfélaganna en nokkru sinni fyrr og þannig reynt að leysa húsnæðismálin á skipulagðan hátt. Ég hygg, að ef samstarf þessara flokka hefði haldizt, mundi þessi þróun einnig hafa haldizt.

En í tilefni af því, sem hv. flm. var hér að rifja upp um afstöðu annarra flokka og áhrif þeirra á þróun í þessum efnum, finnst mér ekki úr vegi í þessu sambandi að rifja það upp, hver var meginástæðan til þess, að þetta samstarf hélt ekki áfram. Meginástæðan var sú, að á þessum árum kom hinn svokallaði Kommúnistaflokkur til sögunnar. Hann veikti Alþfl. svo mikið, að það var ekki hægt að halda þessu samstarfi áfram. Hins vegar voru starfshættir Kommúnistaflokksins á þeim árum þannig, að samstarf við hann var þá útilokað. En tvímælalaust var það klofningsstarf Kommúnistaflokksins á þessum árum, sem eyðilagði þá samvinnu, sem hér hafði átt sér stað og vildi þróunina í mjög heilbrigða átt í þessum efnum, og það má þess vegna fyrst og fremst skrifast á reikning þeirra, að ekki varð áframhald á því starfi, sem unnið var á árunum 1934—1938 og þá var lagður grundvöllur að og áreiðanlega hefði reynzt heppilegur þjóðinni og hollur, ef hann hefði getað haldizt áfram.

Næst finnst mér svo rétt að víkja að því, að hinn óvenjulega mikli gróði, sem þjóðinni hlotnaðist á stríðsárunum, lagði grundvöll að því, að hér yrði hægt að byggja upp efnahagslíf á skipulagslegan hátt og nokkuð öruggum grundvelli. Í samræmi við það fluttu framsóknarmenn á þingi haustið 1942 till. þá, sem ég leyfi mér nú að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Hún hét: „Till. til þál. um undirbúning verklegra framkvæmda eftir styrjöldina og endurskoðun á skipulagi stóratvinnurekstrar í landinu“ — og till. hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna mþn. til að gera áætlanir og till. um framkvæmdir í landinu, þegar stríðinu lýkur og herinn hverfur á brott. Í till. verði að því stefnt, að þær framkvæmdir, sem veita skulu atvinnu fyrst í stað, verði jafnframt undirstaða að aukningu atvinnurekstrar og framleiðslu í landinu. N. skal enn fremur gera till. um fyrirkomulag á stóratvinnurekstri í landinu og afskipti ríkisvaldsins af þeim málum. Lögð verði áherzla á, að skipulag atvinnurekstrarins tryggi sem bezt, að stórfyrirtækin séu rekin með almenningshag fyrir augum og þeir, sem að honum vinna, beri úr býtum endurgjald fyrir störf sín í samræmi við afkomu atvinnurekstrarins. N. er heimilt að taka sér til aðstoðar sérfróða menn í einstökum verkefnum, sem henni eru falin til meðferðar í till. þessari. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.“

Þessi till. ber það mjög glöggt með sér, að það, sem vakti fyrir framsóknarmönnum á þessum tíma, haustið 1942, var að taka upp eins konar áætlunarbúskap, a. m. k. hvað alla fjárfestingu snerti í landinu á næstu árum í því augnamiði, að stríðsgróðinn hagnýttist þjóðinni sem bezt. Þessi till. framsóknarmanna fékk góðar undirtektir á Alþingi og var samþykkt þar samhljóða, og í framhaldi af henni var sett á laggirnar sérstök mþn., eins og till. gerði ráð fyrir, sem hóf skipulegan undirbúning að því verkefni, sem henni var falið að vinna að, og þegar komið var fram á árið 1944, var þegar orðinn verulegur árangur af starfi n., þar eð hún var búin að afla margvíslegra upplýsinga, þó að hún hins vegar ætti eftir að ganga frá skipulögðum áætlunum í þessum efnum. En haustið 1944 er störfum n. skyndilega hætt. Og hvers vegna var störfum n. hætt þá? Þeim var hætt vegna þess, að þá kom til valda ný ríkisstj. í landinu, hin svokallaða nýsköpunarstjórn. Og þar átti ekki Alþb., heldur fyrirrennari þess, Sósfl., ekki óverulega þátttöku, og það var ekki sízt að ráðum hans, sem þessi nefnd var lögð niður. Í staðinn var sett á laggirnar ný nefnd, sem átti að vísu að gera enn þá meira og var kölluð nýbyggingarráð, og þetta nýbyggingarráð átti að semja 5 ára áætlun um nýsköpun atvinnulífsins í landinu. Í þessu ráði átti sæti sá hv. þm., sem talaði hér næst á undan mér. Hann átti sæti í þessu ráði hátt á þriðja ár. Hvað var það, sem þetta ráð gerði? Samdi

það kannske ekki þessa 5 ára áætlun? Það hefði maður mátt halda af þeirri ræðu, sem hv. flm. hélt hér áðan. Nei, frá nýbyggingarráði kom engin áætlun, ekki nein 5 ára áætlun og ekki neins konar áætlun. En það gerðist hins vegar á þessum tíma, sem þetta ráð sat að völdum og þessi ríkisstj. sat að völdum, að það hefur aldrei ríkt meira skipulagsleysi í efnahagsmálum þjóðarinnar og fjárfestingarmálum þjóðarinnar en einmitt þá. Eftir þetta tveggja ára tímabil, sem þessi stjórn sat að völdum, sem þóttist sérstaklega ætla að vinna eftir skipulögðum áætlunum að sínum framkvæmdum, var ástandið þannig, að það var búið að eyða öllum hinum mikla stríðsgróða, sem áður hafði safnazt, án þess að nokkur raunveruleg og skipulagsleg uppbygging hefði átt sér stað, ef undan á að skilja kaup þeirra togara, sem þá var samið um. Það var ekki ráðizt í neinar stórar raforkuframkvæmdir á þessum árum eða stríðsgróðinn notaður til þess. Það var ekki ráðizt í að byggja neinar stórar verksmiðjur eins og sementsverksmiðjuna eða áburðarverksmiðjuna á þessum árum. Þá var mjög takmarkað unnið að ræktun í sveitum landsins og uppbyggingu þar. Og það var sáralítið unnið að skipulagðri lausn á íbúðabyggingamálum í kaupstöðunum, því að ég get ekki kallað það lausn, sem átti sér stað á þessum tíma, að hermannabraggarnir voru gerðir að eins konar verkamannabústöðum.

Þetta var nú árangurinn af þessari áætlun, sem átti að koma hjá nýsköpunarstjórninni og hefði mátt ætla að hefði verið einhver önnur en þetta af þeim orðum, sem hv. 3. þm. Reykv. lét falla hér áðan. Nei, sannleikurinn er sá, að ef nokkurn tíma hafa átt sér stað svik í sambandi við þessi áætlunarmál og áætlunarbúskap, var það einmitt á þessum árum og þessu tímabili, þegar Sósfl. réð hvað mestu og hv. flm., 3. þm. Reykv., var einn aðalmaðurinn, sem átti að sjá um framkvæmdirnar í þessum efnum. Ég held, að þegar þetta er athugað, farist þessum hv. þm. alveg sérstaklega illa að vera að skjóta geiri að Framsfl. fyrir það, hvernig hann hefur haldið á, hver afstaða hans hefur verið til þessara mála og hvaða verk liggja eftir hann á þessu sviði. Það liggur sem sagt hér fyrir alveg skjalfest og greinilega í þingtíðindunum, að Framsfl. átti frumkvæði að því strax á árinu 1942, að reynt er að nota stríðsgróðann til skipulagslegrar uppbyggingar og eðlilegrar fjárfestingar í landinu, en þetta verk var einmitt eyðilagt af nýsköpunarstjórninni, sem Sósfl. var einn aðalflokkurinn í og þar sem hv. 3. þm. Reykv. réð hvað mestu.

Síðan þetta gerðist, er það rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að það hefur ekki tekizt að koma á því, sem hægt er að kalla áætlunarbúskap eða skipulagðri fjárfestingu, og hv. 3. þm. Reykvíkinga veit ofur vel, hvaða ástæða liggur þar mest til grundvallar. Það er vegna þess, að allan þann tíma síðan, að undanskildum vinstristjórnarárunum, sem ég mun koma sérstaklega að, hefur Sjálfstfl. átt aðild að ríkisstj., og Sjálfstfl. er mótfallinn því, að slíkur háttur verði á hafður, og hefur að sjálfsögðu beitt áhrifum sínum til þess og virðist halda áfram að gera það. Skiptir engu máli, hvaða flokkar það eru, sem eiga sæti í stjórn með honum, í sambandi við það.

En hver er meginástæðan til þess, að Sjálfstfl. hefur haft aðstöðu til þess að sitja í stjórn allan þennan tíma? Meginástæðan, sem hefur átt sinn þátt í því, að hér hafa verið aðrir stjórnarhættir en annars staðar á Norðurlöndum, er tvímælalaust fyrst og fremst sú, hve kommúnistaflokkurinn hefur verið sterkur, og það klofningsstarf, sem hann hefur unnið í þjóðfélaginu, hefur gefið Sjálfstfl. þá sterku valdaaðstöðu, sem hann hefur haft á þessum tíma, og beint í framhaldi af því skal ég minnast á það, sem hv. þm. sagði um vinstri stjórnina.

Hvers vegna var það, sem vinstri stjórnin framkvæmdi ekki fyrirheit sitt um áætlunarbúskap og ýmis önnur loforð, sem hún gaf? Það var vegna þess, hve stuttur valdaferill vinstri stjórnarinnar var, og það var vegna þeirrar óeiningar, sem ríkti innbyrðis hjá þeim flokkum, sem að vinstri stjórninni stóðu. Það byrjaði nefnilega með því, fljótlega eftir að vinstri stjórnin kom til valda, að áhrifamiklir menn í stjórnarflokkunum og áhrifamesti maðurinn í Alþb. byrjaði á því að vinna á móti ríkisstj. Það gerðist t. d. hér á Alþingi vorið 1958, þegar verið var að afgreiða efnahagslög, að valdamesti leiðtogi Alþb. gekk í lið með stjórnarandstöðunni og greiddi atkv. gegn till. vinstri stjórnarinnar. Ég hygg, að hv. 3. þm. Reykv. minnist þess, hver þessi valdamikli maður Alþb. var, sem greiddi þá atkv. á móti flokksbræðrum sínum og með Sjálfstfl. gegn vinstri stj. Og nokkrum vikum seinna gerðist svo það, að þessi sami hv. þm., sem hefur hvað eftir annað játað það opinberlega og hælt sér af, gekk til liðs við Bjarna Benediktsson í verkföllum, sem höfðu fyrst og fremst þann tilgang að steypa vinstri stjórninni, eins og líka reyndin varð. Og það er ósköp skiljanlegt, að stjórn, sem þannig þarf að berjast við ágreining í sínum eigin röðum, er meira og minna sundurþykk, getur lítið framkvæmt af þeim málum, sem hún hefur tekizt á hendur að framkvæma. Tími þeirra manna, sem veita slíkri stjórn forstöðu, fer fyrst og fremst í það að reyna að halda stjórninni saman og lifa frá degi til dags, eins og reyndin varð um vinstri stjórnina, vegna þess, hvernig ástatt var innan Alþb. Þetta er meginástæðan til þess, að vinstri stjórninni tókst ekki að vinna að þessu máli fremur en ýmsum ágætum málum, sem hún hafði ásett sér að vinna að. Það var þessi ágreiningur, sem átti alveg sérstaklega rætur að rekja til hv. 3. þm. Reykv., eins og ég hef nú minnzt á. Þetta er meginskýringin á því, vegna hvers ekki var hægt að leysa þetta verkefni á vinstristjórnarárunum frekar en ýmis önnur, sem nauðsynlegt hefði verið að vinna að.

Ég held, að ég láti þessi atriði nægja til að svara því, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., flm. þessa frv., og snerti fortíðina í þessum efnum. Ég held nefnilega, að niðurstaðan verði sú, þegar maður rifjar þessa sögu upp, að þá sé það hvorki Framsfl. né Alþfl., sem eigi mesta sök á því, að ekki hefur verið hægt að halda uppi skipulögðum áætlunarbúskap eða vinna samkv. heilbrigðum áætlunarbúskap hér á undanförnum

árum. Það eru fyrst og fremst Alþb. og Sósfl., sem hafa átt þátt í því með ýmsum hætti. Það var þessi aðili, sem raunverulega eyðilagði það samstarf milli Alþfl. og Framsfl., sem var hér á árunum 1934—38 og hefði haldið áfram, ef Kommúnistaflokkurinn hefði ekki komið til sögunnar. Það var þetta klofningsstarf Alþb., sem að vísu kallaði sig þá Sósfl., sem gerði Alþfl. svo veikan, að hann var ekki fær um að vera aðili að þessu samstarfi. Og það var nýsköpunarstjórnin sæla, sem kom í veg fyrir það, að framkvæmd yrði sú till. Framsfl. að nota stríðsgróðann til heilbrigðrar og eðlilegrar uppbyggingar. Og það voru óróaöflin í Alþb. á sínum tíma, sem áttu meginþátt í því að gera vinstri stjórnina óstarfhæfa, eins og ég nú hef lýst. Þar að auki er það líka vitanlegt, að ef Alþb. fengi aðstöðu til þess að fylgja fram þeirri stefnu, sem það leggur megináherzlu á í þessum efnum, er erfitt að vinna með því, vegna þess að það leggur vitanlega mesta áherzlu á að fylgja sams konar áætlunarbúskap í þessum efnum og fylgt er í sósíalistísku ríkjunum og hefur langt frá því gefizt vel, eins og ég hef rakið hér áður. Og frá þeirri stefnu verður það að sjálfsögðu að víkja, ef það á einhvern tíma að verða starfhæfur aðili í þessum efnum. En það er vitanlegt mál, a. m. k. eins og stakir standa enn, að það eru mjög sterk öfl í Alþb., sem sjá enga fyrirmynd og vilja engum öðrum fyrirmyndum fylgja en þeim, sem blasa við augum fyrir austan tjald og eiga ekki við þar nema að mjög takmörkuðu leyti og eiga þó enn þá síður við hér.

Ég held, að ég láti þetta nægja að sinni til að svara þeim atriðum, sem komu fram hjá hv. flm., hv. 3. þm. Reykv., en mér fannst málið vera það merkilegt, að það væri rétt að segja um það nokkur orð, og jafnframt yrði ekki komizt hjá því að leiðrétta ýmsar skekkjur, sem hefðu komið fram í þeirri sagnfræði, sem hann hélt hér fram.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., 17. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. gerði mér þá miklu ánægju að ræða hér alvarlega um þetta mál og kom í því sambandi inn á ýmsar hugleiðingar og fór að vísu líka nokkuð út í sögu síðustu áratuga, sem gefur mér tilefni til að ræða ofur lítið við hann um þau mál og um leið að kryfja nokkuð til mergjar eftir þessa ræðu, hver muni vera afstaða Framsfl. til heildaráætlunar í þjóðarbúskapnum.

Það er þá fyrst þar til að taka, að hv. 5. þm. Reykv. taldi, að það mundi vera um þrenns konar aðstöðu að ræða: hjá nágrönnum okkar hér í austri, vestri og suðri svo að segja. Bandaríkin mundu hafa lítið með heildaráætlun að gera og það væri mikil ringulreið hjá þeim í þeirra þjóðarbúskap, skandinavísku löndin aðhylltust heildaráætlanabúskap á grundvelli kapítalismans, og svo væru í þriðja lagi sósíalistísku löndin, sem grundvölluðu áætlanabúskap sinn á sósíalistísku þjóðfélagi.

Hvað snertir þetta frv., sem hér er um að ræða, getur hv. 5. þm. Reykv. verið alveg óhræddur að fylgja því frá því sjónarmiði, að hér er ekki um það að ræða að koma á sósíalisma á Íslandi og skapa hér sósíalistískt þjóðfélag, ef hann væri mjög hræddur við það. Hér er um að ræða till. um að koma á heildaráætlanagerð um íslenzkan þjóðarbúskap. Það blandast víst engum okkar hugur um það, að hér á Íslandi er ríkjandi kapítalismi, að vísu með dálítið sérstökum hætti, sérstaklega vegna þess, hve mikill er þáttur ríkisins, hins opinbera og samvinnuhreyfingarinnar, en engu að síður kapítalismi, þannig að það, sem hér er um að ræða, er till. um að framkvæma með sérstöku tilliti til Íslands sams konar fyrirkomulag og ríkir á Norðurlöndum eða eins og t. d. Frakkland að ýmsu leyti hefur tekið upp. Það er vitanlegt, að flest kapítalistísku löndin í Evrópu hafa stuðzt meira eða minna við heildaráætlanir í sínum þjóðarbúskap á undanförnum áratugum. Það var eitt af því, sem styrjöldin m. a. kenndi mönnum og kreppan þar á undan. Hér er þess vegna ekki um neitt annað að ræða en koma slíkri heildaráætlun á, og Framsfl. getur þess vegna óhræddur greitt atkv. með þessu frv. eða gert ýmsar brtt. við það, því að það er ekki eitt einasta atriði þarna, sem ákveður, að sósíalisma skuli komið á, það er ekki eitt einasta atriði, sem ákveður t. d. þjóðnýtingu þarna, hvað þá meira, þannig að það er þá af einhverri sérstakri myrkfælni, ef Framsfl. af misskilningi hefur verið á móti þessu máli s. l. 20 ár og ef það skyldi hafa verið það, sem hefur gert hann svona hræddan við að standa nokkurn tíma við loforð sín um að framkvæma heildaráætlun í íslenzkum þjóðarbúskap. Þess vegna skulum við slá því föstu alveg hreint í eitt skipti fyrir öll, að svo framarlega sem Framsfl. meinar eitthvað með því, að hann sé með því að gera heildaráætlanir um þjóðarbúskap, svipað og t. d. Noregur eða önnur slík lönd hafa gert eða Frakkland hefur gert að vissu leyti og á einn aðalþáttinn í þess mikla efnahagslega uppgangi nú eftir stríðið, á þessum síðustu árum, þá er honum óhætt að vera með þessu.

Svo skulum við athuga ofur lítið þann tíma, sem hann gerði sérstaklega að sínu umtalsefni, vegna þess að það er ákaflega sláandi einmitt um afstöðu Framsfl. og hversu mikið muni mega treysta þeim ákvörðunum, sem hann hefur nú tekið á sínum miðstjórnarfundi um að beita sér fyrir heildaráætlun í íslenzkum þjóðarbúskap. Hv. 5. þm. Reykv. taldi, að það væri aðeins eitt einasta tímabil á Íslandi, sem hægt væri að tala um sem nokkra raunverulega framkvæmd á heildaráætlun í þjóðarbúskap, og það væri, eins og hann orðaði það, hið glæsilega tímabil 1934—38. Það verður nú kannske að fyrirgefa hv. 5. þm. Reykv. margt, vegna þess að hann var mjög ungur maður þá, og ég veit ekki, hvort hann hefur fylgzt svo mikið með, hann hefur kannske bara lesið Tímann, hann mun ekki hafa skrifað hann á þeim árum, heldur kannske aðeins bara lesið hann, og það sem verra er, hann hefur líklega glapizt á að trúa honum, þannig að áður en hann hættir sér út í sagnfræði næst, ætti hann að stúdera ofur lítið fleira.

Hv. 5. þm. Reykv. hefur, eftir að hann varð ritstjóri Tímans, oft orðið það á að ræða nokkuð

mikið um, hve dásamlegur Alþfl. hafi verið á þeim árum, þegar Héðinn Valdimarsson og Jón Baldvinsson hafi verið þar í broddi fylkingar, það hefði nú verið eitthvað annað en Alþfl. sé núna. Og ég tala nú ekki um, hve ólíkt það hafi verið betra en ótætis Alþb. Nú vill svo til, að Framsfl. fékk einu sinni tækifæri til þess að starfa með Alþfl., þegar Jón Baldvinsson og Héðinn Valdimarsson voru þar í forustu, formaður og varaformaður. Og það liggur þess vegna alveg hreint fyrir, hvernig Framsfl. hagar sér gagnvart flokki eins og þeim, sem Jón Baldvinsson og Héðinn Valdimarsson stýrðu. Og hvernig gekk það nú allt saman þá? Jú, það gekk þannig til, að þessir menn fengu að kenna í allríkum mæli á því ofríki Framsfl., sem hefur einkennt hann, við hvern sem hann hefur haft stjórnarsamvinnu. Vegna þess ofríkis, sem Alþfl. þá var sýnt af hálfu Framsóknar, og vegna þess, hvernig Alþfl. var þá neitað um að framkvæma hugsjónamál sín, gekk Alþfl. erfiðlega í þessu samstarfi. Alþfl. kom út úr því samstarfi, sem hófst árið 1934, mun veikari en hann var, þegar hann fór inn í það. Af hverju var hann veikari? Hann var veikari vegna þess, að hann hafði ekki fengið að framkvæma þá róttæku pólitík, sem hann hafði lagt til grundvallar 1934 í kosningunum, 4 ára áætlunina, ekki fengið að vinna að því að framkvæma þá hluti. Það eina, sem hann fékk að gera, var að láta semja eina mjög góða bók, þ. e. Rauðku, láta starfa í þeirri nefnd, sem þar var, og koma þar fram með ýmsar góðar hugmyndir. Hvað var það, sem hindraði þetta allt saman? Það var afturhaldið í Framsfl. Það var það,. að Framsfl. ýmist skildi ekki eða vildi ekki skilja eða vildi ekki fallast á neitt af því, sem þarna var um að ræða. Héðinn Valdimarsson hefur sjálfur skrifað bók um alla þessa viðureign, sem heitir „Skuldaskil Jónasar Jónssonar við sósíalismann". Í þeirri bók á bls. 65 stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Tímabil málefnasamningsins var þá til enda runnið (þ. e. a. s. 1936). Alþfl. hafði staðið við samninginn að sínu leyti, en Framsókn hafði brugðizt um efndir á ýmsum liðum hans, svo sem eftirlit með stórrekstrinum, stofnun verzlunarskrifstofu, og hafði samþykkt lög um þjóðjarðirnar með íhaldinu á móti Alþfl. En þessi svik við hinn opinbera málefnasamning flokkanna áttu rætur sínar að rekja til Jónasar Jónssonar, sem var formaður flokksins".

Ég hef þetta með, til þess að hv. 5. þm. Reykv. hafi einhvern að skella skuldinni á, þegar hann ætlar að bjarga sér út úr sínum villum í sagnfræði. Það, sem gerðist á þessum tíma, var, að Framsfl. frá upphafi beitti sér á móti þeim málum, sem Alþfl. voru kærust, og Alþfl. fékk ekki tækifæri til þess að framkvæma þau. Hann fékk tækifæri til þess að vinna í nefnd, og ýmsir voru settir þar í nefnd, en ekki til þess að framkvæma neitt af því, sem í n. var ákveðið.

Við skulum nú taka ofur lítið fyrir og athuga, hverjar afleiðingarnar af þessu urðu og hvernig ástandið varð upp úr þessu. Eitt af því, sem var höfuðmálefni Alþfl. og höfuðáhugamál, var að bæta úr atvinnuleysinu, að vinna bug á atvinnuleysinu samkv. heildaráætlun um þjóðarbúskapinn, sem skyldi framkvæma m. a. með því að koma upp miklu af nýjum atvinnutækjum. Hvernig var nú tekið í þetta? Flotinn hélzt nokkurn veginn hinn sami allan þennan tíma og fór þó frekar aftur. 1930 höfðu togararnir verið 42, næstum 14 þús. smál., 1938, eftir allt þetta tímabil, eru þeir komnir niður í 36, 12 400 smál. Þeim hafði fækkað, það bættist enginn nýr togari í hópinn. Sömu sögu er að segja af smálestatölu bátaflotans, bæði gufuskipin og mótorskipin, þar fór fækkandi hvað snerti smálestatöluna og heildartöluna líka. Og Framsfl. var svo harðvítugur á þessum tíma, að þegar það kom fyrir t. d., að útgerðarmaður flutti inn skip, var hann jafnvel sektaður fyrir, af því að hann hafði ekki fengið leyfi. Þetta var áhuginn fyrir því að auka útveginn á þessum tíma. Kannske kannast hv. þm. líka við það, að það hafi verið meira að segja erfitt að fá að reisa hraðfrystihús á þessum tíma. M. ö. o.: það var þetta ekta afturhald Framsóknar um, að það skyldi þurfa leyfi til allra hluta, og í staðinn fyrir að ýta undir það, að stórir hlutir væru gerðir, var þvert á móti sett bann við því að framkvæma slíkt. Atvinnuleysi í Reykjavík t. d., kjördæmi okkar beggja, hafði verið 1932, svo að við tökum nóvember allan tímann, 732 menn atvinnulausir, 1934 719, 1935 510, 1936 609, 1937 619, 1938 804. Atvinnuleysið í Reykjavík hafði ekki batnað á þessum tíma heldur. Alþfl. stóð þannig að vígi að eiga að heyja hér sína kosningabaráttu t. d. 1937 án þess að hafa getað sýnt þann árangur af sínu samstarfi við Framsókn, að heildaráætlun hans hefði komizt í framkvæmd og atvinnuleysið hefði minnkað og atvinnutækjunum fjölgað. M. ö. o.: Alþfl. var með afturhaldspólitík Framsóknar raunverulega knúinn til að bregðast því, sem var höfuðatriðið, og því, sem hann byggði fyrst og fremst á í allri sinni pólitík, og það var að reyna að stórminnka atvinnuleysið og helzt afnema það einmitt í sambandi við stórhuga fjögurra ára áætlun. Hvað var það, sem olli þessu? Það, sem olli því, var það, að Framsfl. og forusta hans hafði allan þennan tíma ekki annað í huga en að beygja Alþfl. Og það hefur verið einkennandi fyrir Framsókn, þegar hún hefur verið í samvinnu við verkalýðsflokkana, að hún hefur allan þennan tíma fyrst og fremst heimtað það af þessum flokkum, að þeir beygðu sig undir það að þola atvinnuleysi eins og Alþfl. þá, þola kauplækkanir án þess að mögla. Og svo framarlega sem það voru einhverjir til, sem mögluðu, — ef það voru einhverjir, sem risu þarna upp á móti, eru þeir menn að svíkja, svíkja það, sem Framsókn hefur kallað vinstri stefnu. M. ö. o.: það voru menn, sem stóðu með vinstri stefnu, en á móti því, að Framsókn fengi að beita valdi sínu til þess að viðhalda ýmist atvinnuleysinu eða til þess að lækka kaupið.

Þegar svona var nú búið að á höfuðsviðinu, hvað snerti atvinnuframkvæmdirnar, getur maður nærri, hvernig hlaut að fara fyrir Alþfl., þegar hann átti að standa síðan í baráttu í sambandi við kosningar. Ég skal koma að því nánar síðar, en það er rétt, til þess að vera fyllilega sanngjarn í öllum þessum efnum, að leggja áherzlu á það, að á sérstaklga tveimur sviðum

tókst Alþfl. þrátt fyrir þetta að vinna gott starf. Annað var á sviði skipulagsnefndar atvinnumála. Þar var formaður fyrst Héðinn Valdimarsson til 1935 og síðan Emil Jónsson, núv. hæstv. félmrh. Þessi skipulagsstjórn atvinnumála gaf út fyrri partinn af sínu áliti, rauðu bókina, sem kölluð hefur verið Rauðka, þ. e. nr. 1. Seinni parturinn fékk aldrei að koma út. Í þessari Rauðku er komið með mjög mikið af hugmyndum og mörgum mjög góðum hugmyndum. En það, sem yfirleitt einkennir þær hugmyndir, þegar verið er að reyna að útfæra þær nánar, er, að þær eru máske af verulegum ástæðum hugsaðar of smátt. Það er talað þar um áburðarverksmiðju, sem hafði verið ákaflega mikið umræðuefni kringum 1920, þegar rætt var um virkjun Þjórsár af hálfu Titans, og það var þá talað um áburðarverksmiðju, sem eigi að framleiða 500 tonn af köfnunarefni. Fyrst hv. 5. þm. Reykv. kom sérstaklega inn á áburðarverksmiðju, má ég kannske minna hann á, að þegar Vilhjálmur Þór sem utanrrh. kom með till. um áburðarverksmiðju fyrir þing 1942—43, var hún komin upp í 1200 tonn köfnunarefnis, sem áburðarverksmiðjan átti að framleiða, og þá átti að reisa hana á Akureyri og nota Laxárvirkjunina. Hins vegar, þegar þessi áburðarverksmiðja var tekin til meðferðar, fyrst í nýbyggingarráði og síðar hér á Alþingi 1947, tókst að koma henni upp í það, sem þá var ákveðið, 5—10 þús. tonna köfnunarefnisframleiðslu. Sementsverksmiðjan, sem líka var tekin þar mjög greinilega, birtar góðar teikningar og allt slíkt, í gömlu Rauðku, var þá miðuð við 30 þús. tonn, og var það þó allmiklu meir stórhuga en áburðarverksmiðjan. En sem sé, ég hef oft slegið því föstu áður og vil gera það enn, það var mikill fengur að skipulagsnefnd atvinnumála, Alþfl. hafði þar hreinan meiri hl., fékk að vinna sitt starf, og það er meira en fékkst gert á tímum vinstri stjórnarinnar, þegar það fékkst ekki einu sinni sett slík nefnd til þess að vinna eitthvert samsvarandi starf, þannig að á því sviði hefur Framsfl. farið aftur frá því 1934.

Þá er líka rétt að vekja athygli á því, og það var rétt, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á, að það var nokkuð gert til þess að efla freðfiskiðnaðinn á þessum tíma. Fiskimálanefnd, sem líka var undir forustu Alþfl. þá, vann gott starf. Og í því sambandi, að hv. 5. þm. Reykv. var að minnast á þetta, vildi hann gera lítið úr því starfi, sem hefði verið unnið eftir stríð, t. d. á nýsköpunartímanum, þá skal ég lofa honum að heyra, hvað útflutningur Íslands á freðfiski var á tímum Framsóknar- og Alþfl.-stjórnarinnar og næst þar á eftir, þegar hraðfrystihúsin þá voru byggð, komust í notkun. Útflutningur Íslands á freðfiski 1936 var 1020 tonn. 1937 var hann 1700 tonn, 1938 1600 tonn. 1939 var hann 2200 tonn. 1940 fer hann upp í 6000 tonn. Sem sé, 1—2 þús. tonn er framleiðslan og útflutningurinn af freðfiski á þessum árum, eftir það, sem hv. 5. þm. Reykv. kallaði glæsilegt uppbyggingartímabil, sem skar sig svo úr, miðað við nýsköpunartímabilið eftir stríð. Hvernig var svo freðfiskframleiðslan 1945? Hún var 29 þús. tonn, 1946 23 þús. tonn, 1947 27 þús. tonn, 1948 28 þús. tonn, 1949 29 eða tæp 30 þús. tonn. Hann getur haft þetta til samanburðar, til þess að sjá þarna staðreyndirnar um það, sem hann var að ræða um í ræðu sinni. Engu að síður vann fiskimálanefnd margt gott starf, en ef hann er farinn að sjá þetta svona í hillingum framtíðarinnar, að freðfiskútflutningur, sem þá var 1—2 þús. tonn, er farinn að verða öll ósköp og heil atvinnubylting, en freðfiskútflutningur, sem er 23—30 þús. tonn, aftur á móti raunverulega ekki neitt, þá eru nú Tímagleraugun farin að verka nokkuð illa á menn.

Þá kom hv. 5. þm. Reykv. inn á það, að þetta, hvernig farið hefði með vinstri stjórn Alþfl. og Framsóknar, hefði allt saman verið að kenna klofningsstarfsemi kommúnista. Lifandi skelfing er nú gott að hafa alltaf einhvern til þess að kenna um allt illt. Jú, það hefði verið klofningsstarfsemi kommúnista, sem hefði eyðilagt þá ágætu vinstri stjórn, það hefði svo sem ekki verið innan frá í Framsfl., formaður Framsóknar og valdamenn þar kannske, einhver tengsl á milli SÍS og Kveldúlfs í Landsbankanum og annað slíkt. Nei, nei, nei, það átti ekki að vera neitt af slíku, það var klofningsstarfsemi kommúnista.

Hvernig kom hún nú í ljós? Það voru kosningar 1937. Þegar farið var út í þær kosningar, stóð enn þá stjórn Alþfl. og Framsóknar. Hvernig kom Kommúnistaflokkur Íslands fram í þeim kosningum? Hann skoraði í þeim kosningum á sína kjósendur að kjósa í vissum kjördæmum landsins framsóknarmenn og Alþfl.-menn, til þess að hjálpa þeim þannig á móti Sjálfstfl. og Bændaflokknum. Í 8 kjördæmum landsins bauð Kommúnistaflokkurinn ekki fram, en skoraði á fylgjendur sína að kjósa þar Framsfl. Í fjórum öðrum kjördæmum landsins bauð flokkurinn ekki heldur fram, en skoraði þar á kjósendur sína að kjósa frambjóðendur Alþfl. Í 12 kjördæmum skoraði hann þannig á menn að kjósa frambjóðendur Framsfl. og Alþfl. Þetta var ekki í neinu samráði við foringja Framsfl. eða Alþfl. Þeir vildu hvorugur neina samvinnu. En þetta var aftur á móti talað út úr hjarta þeirra vinstri manna, sem fylgdu Framsókn og Alþfl. þá. Hvað gerðist svo eftir þessar kosningar? Jú, það gerðist það eftir þessar kosningar, að vinstri flokkarnir, eins og þá var kallað, voru hér á Alþ. þá með 30 þm., en Sjálfstfl. og Bændaflokkurinn með 19. Hvernig hafði þetta verið fyrir kosningarnar, meðan stjórn Alþfl. og Framsóknar sat að völdum? Þá voru 49 þm. á Alþingi. Af þeim höfðu hlotið í kosningunum 1934 Framsókn 15, Alþfl. 10 og 1 var utan flokka, núv. herra forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, sem raunverulega fyrir kosningarnar 1937, ef ég man rétt, bættist í hópinn með Alþfl. Þeir höfðu 25 eða raunverulega 26 þm. þennan tíma, 1934—1937. Þá hafði Bændaflokkurinn 3 og Sjálfstfl. 20, eða 23 þm. voru í stjórnarandstöðunni. Og sterkari var nú ekki þessi vinstri stjórn þá, Alþfl. og Framsóknar 1934—1937, sem sé 25 eða 26 á móti 23. Hvernig er það þá eftir kosningarnar, þegar klofningsstarfsemi kommúnista var búin að vinna sitt verk? Hvernig var það þá? Hvernig var styrkleikinn þá? Þá var Framsókn með 19 þm. og sumir þeirra áreiðanlega kallaðir þá, ef ég man rétt, af Morgunblaðinu þm. kommúnista. Þá

var Framsókn með 19 þm. Hún var sem sé mun sterkari en hún var áður, þannig að hennar mikla hugsjónamál um útrýmingu atvinnuleysis og heildaráætlun í þjóðarbúskapnum og ég veit ekki hvað og hvað, svo að ég tali nú ekki um vinstri stefnu almennt, átti aldeilis að geta komizt til framkvæmda þá. Alþfl. var aftur veikari, hann hafði 8 þm., en í staðinn voru þá kommúnistar komnir hér inn á þing með 3 þm. M. ö. o.: sú gamla stjórnarsamsteypa Framsfl. og Alþfl. hafði 27 þm., og þar að auki voru 3 þm. kommúnista. En stjórnarandstaðan, sem áður hafði 23, hafði 19, hún var 4 þm. veikari fyrir klofningsstarfsemi kommúnista.

Hvað gerðist svo? Framsfl. hafði sem sé alla möguleika til þess að halda virkilega áfram hinni róttæku vinstri pólitík og sýna, hve mikið honum var í mun að vinna að vinstri stefnu. Hvað gerir hann þá? Er hv. 5. þm. Reykv. búinn að gleyma því, hvernig sú ríkisstj. sprakk? Þarf ég að rifja það enn einu sinni upp fyrir honum? Kosningar höfðu farið fram 20. júní 1937. 17. marz hér á Alþingi rak Framsfl. Alþfl. út úr ríkisstj. með því að leggja fram frv. að gerðardómslögum og tilkynna honum, að þetta ætlaði hann að samþykkja, hvað sem Alþfl. segði. Sem sé, það var ekki verið að spyrja um neina samvinnu, það var bara verið að segja, eftir að hafa svikið hann meira eða minna um svo og svo mikið af því, sem hafði átt að gera eftir stjórnarsamningnum: Ætlarðu að beygja þig fyrir þessum gerðardómslögum í garð sjómanna eða ekki? — Það er sami Framsfl. sem talar núna mest um, hvað það sé indælt að vinna með mönnum eins og Jóni Baldvinssyni, og tekur hann sem fyrirmyndina. Jón Baldvinsson lá á banasænginni einmitt um þetta leyti, þegar þetta var lagt fram. Og hann dó sömu nóttina sem Alþfl. neyddist fyrir ofríki Framsóknar til þess að taka sinn mann, Harald Guðmundsson, út úr ríkisstj. Þannig fer Framsfl. að, þegar hann er í samvinnu við Alþfl. undir forustu Jóns Baldvinssonar og Héðins Valdimarssonar. M. ö. o.: Framsfl. rekur Alþfl. út úr ríkisstj., ætlar að svínbeygja hann, og þegar hann lætur ekki svínbeygja sig, er stjórnarsamvinnunni slitið. Sem sé, Framsfl. hefur ekki sizt fyrir tilstilli kommúnista komið sterkari inn á Alþingi 1937 en hann var áður, hann notar sitt aukna vald til þess að ætla að brjóta Alþfl. á bak aftur. (**Forsrh.**: Var það ekki ráð kommúnista líka?) Nei, við stóðum með Alþfl. alveg hreint þá. Við Haraldur Guðmundsson töluðum hér þá nótt. Það muna kannske fleiri eftir þeirri nótt, hún var nokkuð dramatísk, og ég man enn, þegar sjómennirnir komu hérna upp, — háskólinn var þá hérna niðri, — og höfðu haldið fund hérna úti í Listamannaskálanum og rúðurnar brotnuðu hérna og það var sett upp útvarp hér og útvarpað því, sem þá var talað, fram til kl. 4 um nóttina.

Hver var nú ályktunin, sem forustumenn Alþfl. drógu af þessari framkomu Framsóknar og höfðu raunar dregið áður? Héðinn Valdimarsson og þeir fleiri Alþfl.-menn höfðu sagt 1934 í bréfi til Jónasar frá Hriflu, — og Héðinn tekur það upp í bókina, sem ég vitnaði í áðan, „Skuldaskil Jónasar Jónssonar við sósialismann“ — á bls. 62 segir hann, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi:

„Hvorki Framsókn sem heild né Jónasi hafði tekizt að marka sérstaka stefnu þess flokks. Baráttan um embætti og völd hafði verið rauði þráðurinn í baráttu hans og Framsóknar, en stefnuna vantað til þess að neyta valdanna“.

Það var raunverulega alltaf það sama, sem gerðist upp aftur og aftur. Málin, sem talað er um, samþykktirnar, sem gerðar eru, samningarnir, sem undirskrifaðir eru, hugsjónirnar, sem flaggað er með, allt er þetta aukaatriði. En embættin og völdin, hvað svo sem gert er með þeim, það er aðalatriðið. Og ef menn eru ekki hlýðnir við slíka stefnu og þá, sem Framsókn finnst rétt í hvert skipti, á að sparka þeim. Framsfl. hefur á einn máta uppskorið ávextina af þessari pólitík. Alþfl.-menn voru að vísu ákaflega lengi hlýðnir honum og í þeirri afstöðu til hans að vilja helzt ekki við hann brjóta, en þó fór það svo fyrir Alþfl. og meira að segja hægri mönnunum, meira að segja þeim, sem eftir voru, eftir að Alþfl. hafði klofnað þrisvar sinnum. En enn hefur Framsfl. ekki lært af því, að svona eigi hann ekki að fara með þá menn, sem eru hans samstarfsmenn eða eru hans bandamenn. Enn hefur hann ekki lært að taka neitt tillit til þeirra og fara að einhverju leyti eftir þeim stefnumálum, sem um hefur verið samið.

Svo kemur hitt. Af hverju rak Framsfl. Alþfl. út úr stjórninni? Haraldur fékk lausnina, ef ég man rétt, 20. marz 1938. Af hverju rak hann hann út úr henni? Af því að Framsfl. ætlaði að mynda stjórn með Sjálfstfl. Hann var ákveðinn í því, og menn vita svo sem ósköp vel, hvaða bönd voru að tengjast þá hérna hinum megin við Austurvöll. Það voru skuldaböndin á milli SÍS og Kveldúlfs í Landsbankanum, og við skulum ekki fara lengra út í það mál, það er alkunnugt. Og síðan, eftir að búið er að reka Alþfl. út úr vinstri stjórninni, myndar Framsfl. þjóðstjórnina með Sjálfstfl. M. ö. o.: það lá greinilega fyrir, hvað það var, sem stefnt hafði verið að með því að koma Alþfl. burt. Ég held þess vegna, að Framsfl. væri réttast að reyna nú, ef hann nokkurn tíma í sinni sögu reynist fær um það að læra ofur lítið, að læra eitthvað pínulitið af sínu framferði. Og framferðið var þetta í það skipti, sem hann hafði möguleika til þess að reka vinstri stjórn með Alþfl. einum, og þeir voru í stærri meiri hl. 1937 á þingi en þeir voru áður, að þá fer hann svona að, talar svo um sjálfan sig sem vinstri flokk og jafnvel eina sanna vinstri flokkinn í landinu.

Svo kom hv. 5. þm. Reykv. með það, að sett hefði verið á laggirnar ein ljómandi nefnd 1942. Já, það er alveg hárrétt hjá honum, og meira að segja samþykktin, sem var gerð um þessa nefnd, var ósköp falleg, og hann las hana upp hér áðan, — ósköp falleg. Hún var næstum því eins fallega og ákvörðunin 1934, enda sniðin eftir henni úr stefnuskrá Alþfl., þessi 1942. Það var ekki neitt frumlegt hjá Framsókn að finna það út þá, og það er ekki heldur í seinasta skipti, sem hún hefur samþykkt slíkt. Hún gerði það aftur 1955, alveg jafnsteindauða nefnd. 1942 var samþykkt svona nefnd, og ef ég man rétt, var Hermann

Jónasson formaður hennar, og þá vakti sem sé fyrir Framsókn, segir hv. þm., að gera þessi ósköp. Jæja, trúi því hver sem vill, að það hafi vakað fyrir henni, en í öllu falli var orðanna hljóðan alveg ljómandi falleg. Og þessi nefnd gerði nákvæmlega ekki neitt. Hún var jafndauð, þegar henni var vikið frá 1944, eins og áður, kom saman á nokkra fundi, skrafaði um nokkrar till. og svoleiðis nokkuð, en gerði aldrei neitt.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að þetta dásemdarverk hefði verið eyðilagt 1944, þessi n. hefði bara verið eyðilögð. Ætli það væri ekki rétt af honum að fara að aðgæta n., sem var sett á stofn 1955 hérna á Alþ. með Hermann Jónasson sem formann, sem lét Vilhjálm Þór taka við formennskunni 1956, þegar vinstri stjórnin var mynduð, og sjá, hvað henni líður. Ég er í henni. Ætli hún hafi ekki unnið eitthvað álíkt? Ég þekki það. Nei, ég veit ósköp vel, hvernig þessar nefndir eru, sem Framsfl. beitir sér fyrir að setja og stjórnar, og er þar ólíku saman að jafna eða með þá skipulagsnefnd atvinnumála, sem skipuð var 1934.

Ég get nokkurn veginn sagt, hvað vakti fyrir Framsókn 1942. Framsókn er satt að segja alltaf til í að skipa nefndir, og hún hefur lagt það til hérna á þinginu núna. Hún er til í að vera með í nefndum, og hún er líka til í að semja mjög fagrar ályktanir, hún hefur jafnvel gert það núna nýlega á miðstjórnarfundi. En framkvæmdir, það eru drottinssvik við vinstri stefnu Framsóknar, ef á að knýja fram framkvæmdir þessum efnum. Það reyndi á Framsfl. þá, hvort hann væri til í að framkvæma eitthvað af þessu, það var 1944. Þá lá það fyrir, að fjórir flokkar settust hér saman að samningsborði um það að mynda ríkisstj. um að koma á eins konar heildaráætlun um þjóðarbúskapinn á Íslandi og hagnýta þær inneignir, sem Ísland átti, til þess að byggja upp atvinnulífið. Þá var virkilega verið að tala um að framkvæma stórkostlega áætlun. Þessi 12 manna nefnd byrjaði að starfa um miðjan september 1944, ef ég man rétt, kannske í byrjun september. Hver var afstaða Framsóknar í þessari nefnd, og hvernig lauk störfum Framsóknar í þessari nefnd? Störfum Framsóknar lauk 3. okt. 1944 með því, að Framsfl. sagði sig úr nefndinni. Og af hverju sagði hann sig úr nefndinni, og hvað gerði hann, um leið og hann sagði sig úr n.? Hann sagði sig úr nefndinni vegna þess, að hann hafði ekki fengið fram kröfu um kauplækkun hjá verkamönnum, sem hann hafði sett fram. Og næsta, sem hann gerði, þegar hann var búinn að segja sig úr þessari nefnd, var, að hann skrifaði Sjálfstfl. bréf, og ef hv. 5. þm. Reykv. vill fletta upp í Tímanum 4. nóv. 1944, getur hann lesið grein Eysteins Jónssonar, hv. 1. þm. Austf., um það tilboð Framsfl. og ég held meira að segja bréfið sjálft líka, og að það kom ekki fyrr, stafar af því, að það var prentaraverkfall, þegar þetta gerðist. M. ö. o.: Framsfl. býður Sjálfstfl. stjórnarsamstarf 3. okt. 1944. Um hvað? Í því bréfi, sem Framsfl. skrifar Sjálfstfl., er ekki minnzt einu orði á heildaráætlun í þjóðarbúskap eða hagnýtingu eignanna, ekki einu orði. Það var enginn áhugi fyrir neinum af þeim málum, og allt, sem Framsfl. var að gera í þessari fínu nefnd, sem var sett 1942, falleg hugmynd um, að það ætti að byggja upp eftir stríð, allt saman gleymt og rokið út í veður og vind. Hvert var þá innihaldið í því tilboði, sem Framsfl. gerði Sjálfstfl. 3. okt. 1944? Innihaldið var að knýja fram kauplækkun, knýja fram kauplækkun, ekkert annað. Það var áhugamálið. Og Framsfl. reiknaði með því sem sjálfsögðum hlut, að auðvitað hlyti Sjálfstfl. að vera til í kauplækkun. Það væri nú ljóti flokkurinn, ef hann væri ekki til í kauplækkun með Framsókn.

Honum brást nú þetta, Framsfl., hann reiknaði skakkt, og Sjálfstfl. var ekki til í þessa kauplækkun. Ég skal seinna koma að því. Það er stundum skrýtið með flokka, hvort þeir eru í ríkisstj. eða vonast eftir að komast í ríkisstj. T. d. Framsfl. er mjög góður flokkur, þegar hann er utan ríkisstj., og mikið með kauphækkunum. En hann á það til að heimta að sama skapi kauplækkun, þegar hann er kominn í ríkisstj. eða þegar hann þykist viss um að komast í ríkisstj. Sagan nefnilega endurtekur sig stundum, eins og einn formaður Framsfl. einu sinni komst að orði. M. ö. o.: það, sem Framsfl. ætlaði sér að skapa 1944, var stjórn með Sjálfstfl., á móti Sósfl. og Alþfl., til þess að knýja fram kauplækkun og án allrar heildaráætlunar. Sem sé, Framsfl. vildi ekki vera með í þessari fjögurra flokka stjórn, sem verið var að hugsa um, af því að hann var á móti áætlunarbúskap og hann var á móti kauphækkunum hjá verkamönnum, vildi fá kauplækkanir.

Þá komum við að því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði viðvíkjandi nýsköpunarstjórninni og nýbyggingarráði, og þá tók hann nú heldur en ekki á stóra sínum. Í fyrsta lagi sagði hann, að það hefði engin áætlun einu sinni verið gerð, það var nú ekki einu sinni svo, að það væru engar framkvæmdir, þá var engin áætlun, ekki einu sinni sett neitt á pappírinn. Jæja, ég verð að byrja á því að leiðrétta sagnaritun Tímans hvað það snertir. Það voru gerðar áætlanir og þær áætlanir beindust fyrst og fremst að því að leggja grundvöllinn að því, sem er og verður enn um langt skeið höfuðatvinnuvegur Íslands, þ. e. sjávarútvegurinn. Það er að vísu atvinnugrein, sem Framsfl. var aldrei um í gamla daga, þó að hann hafi neyðzt smám saman til að opna augun fyrir því, að framtíð Íslands væri fyrst og fremst á sjónum sem stendur. Það var tvennt, sem nýbyggingarráð einbeitti sér að á þessu sviði: annars vegar að útbúa áætlunina um aukningu togaraflotans og aukningu vélbátaflotans og hins vegar um aukningu farskipaflotans. Já, áætlanirnar voru gerðar, og ein af þessum áætlunum er meira að segja birt í þingtíðindunum. Þær voru náttúrlega sendar ríkisstj. og liggja vafalaust í hennar plöggum, en ég tók mig til í sambandi við álit, sem ég samdi sem minni hl. fjhn. 1946 út af fjárhagsráði, og birti sem fskj. álit og alla áætlun nýbyggingarráðs um aukningu togara- og vélbátaflotans, og það eru 50 síður í alþingistíðindabroti í Alþingistíðindunum 1946, A-heftinu. Á bls. 1223 byrjar nál. mitt og er með fskj. upp undir 50 síður. Nýbyggingarráð og nýsköpunarstjórnin höfðu vissulega stuttan tíma til starfa, stóðu ekki nema tvö ár, helmingi skemmri tíma en hin glæsilega vinstri stjórn,

sem Framsókn stjórnaði 1934 og þar á eftir. Engu að síður tókst ekki aðeins að ljúka við allmiklar áætlanir, heldur líka við framkvæmdir. Það var líka búin til áætlun um flutningaskipaflotann, og hún var framkvæmd. Hún var framkvæmd 100%. Það var áætlun um togarana hins vegar ekki, vegna þess að það komu aðrir þar inn í, Framsfl. komst inn í ríkisstj. nokkru seinna. Svo skulum við athuga framkvæmdirnar. Í okt. 1944 tók ríkisstj. við. Um mitt ár 1946 var búið að gera ráðstafanir til þess að framkvæma þorrann af áætlununum þrátt fyrir það, þótt það yrði allan tímann að berjast við landsbankavaldið, sem þá var undir forustu Framsóknar. Það var gerð ráðstöfun þá til þess að kaupa 32 nýja togara til landsins, nýja, stærri og betri togara en höfðu verið hér til áður. Það var gerð ráðstöfun til þess að byggja hér innanlands og koma hér af stað mikilli bátasmíði og kaupa erlendis frá a. m. k. 140 báta. Aukningin í fiskiskipastóli Íslands á þessum tíma, sú, sem var ákveðin og gerð fyrir tilstilli nýbyggingarráðs og nýsköpunarstjórnar, var, að það var bætt við í fiskiskipaflotann 24 þús. smál. Allur flotinn var 1945 24 þús. smál., m. ö. o., hann var tvöfaldaður, fiskiskipaflotinn íslenzki. Togararnir voru t. d. 1945 28 með 9 þús. tonn. Þeir voru 1950, þegar allt var komið, 48 með 27 þús. brúttósmálestir. Og fleiri tölur gæti ég þulið yfir hv. 5. þm. Reykv., ef hann þarf að reka sig rækilegar á staðreyndirnar en hann hefur gert nú þegar.

Með þessari stórkostlegu aukningu flotans var lagður grundvöllur að því að afnema atvinnuleysi á Íslandi og lagður grundvöllur að þeirri breyttu hagsæld Íslands eftir stríð, sem síðan hefur meira eða minna staðið. Flutningaskipaflotinn íslenzki var 1945 6500 tonn. Það voru gerðar ráðstafanir til að kaupa og borga á þessum tímum nýsköpunarinnar 13 ný skip, sem voru 23 þús. tonn. Það var 100% framkvæmdaáætlun nýbyggingarráðs. Það var fimmföldun á flutningaskipastóli Íslands, og um þetta segir hv. 5. þm. Reykv. með sinni Tímasagnfræði: Þetta nýbyggingarráð og nýsköpunarstjórn leystist upp, án þess að nokkur raunveruleg uppbygging hefði átt sér stað. Fyrr má nú vera Framsóknarblindan en sjá ekki neitt af því, sem gerðist á þessum árum. Tímabilið 1934—1938 var glæsilegt tímabil, þá fækkaði fiskiskipunum. Tímabilið 1945—1950 aftur á móti var aldeilis voðalegt tímabil, þá tvöfaldaðist og allt að fimmfaldaðist flotinn eftir því, hvort það voru fiskiskip eða flutningaskip. Ég verð því að segja það, að það er dálítið erfitt að ætla að skrifa sagnfræði fyrir hv. 5. þm. Reykv., ef hann ætlar að byggja það einvörðungu á þeim vitleysum, sem skrifaðar hafa verið í Tímann öll þessi ár. Þegar menn fara að læra sagnfræði, verða menn að reyna að byggja á staðreyndum, og þá verða menn að athuga, hvað gerzt hefur á þessum tíma, en ekki, hvað hefur verið skrifað um það í Tímann. Tíminn og tíminn, eftir því, hvort það er með litlum eða stórum staf, er ekki nákvæmlega það sama.

Við gætum rakið þetta áfram, ef hv. 5. þm. Reykv. er ekki búinn að fá nóg. Afköst síldarverksmiðjanna á þessum tíma voru aukin úr 44 þús. málum á sólarhring upp í 77 þús. mál, það var um 100% aukning á fáeinum árum. Það voru gerðar ráðstafanir til þess að setja þá lög um tunnuverksmiðjur og undirbúa byggingu þeirra og koma því í framkvæmd. Það var ráðizt í hraðfrystihús. M. a. byggði ríkið þá fiskiðjuver ríkisins. Og það var haldið áfram með undirbúning að ýmsum góðum málum, sem ýmist höfðu verið samþykkt áður eða hafði verið rætt um áður og var síðan gengið betur frá, en margt það, sem nýbyggingarráð var að vinna, tókst ekki að framkvæma, því miður.

En svo var nú eins og hv. 5. þm. Reykv. áttaði sig allt í einu á því, að það væri nú ekki öruggt, að þetta væri allt saman rétt hjá honum, hvað snerti atvinnumálin. Það væri e. t. v. ekki allt vitni um, að nýsköpunarstjórnin hefði staðið sig mjög illa og gamla vinstri stjórnin 1934—1937 hefði staðið sig mjög vel. Þá rámaði hann allt í einu í húsbyggingarnar. Þar hljóta þeir að hafa farið illa að ráði sínu. Og hann skellir því fram og segir: Það var sáralítið unnið að húsbyggingum. — Líklega hefur það vakað fyrir hv. 5. þm. Reykv., að það voru gerðir góðir hlutir í samstarfi Framsfl. og Alþfl. í sambandi við löggjöf um húsnæðismál. Verkamannabústaðirnir 1929 og fleira slíkt var samþykkt þá. En hvernig var hins vegar ástandið viðvíkjandi húsbyggingum? Við skulum taka okkar eigin kjördæmi, Reykjavík. 1936 eru byggðar 279 íbúðir, 1937 eru byggðar 233 íbúðir, 1938 eru byggðar 218 íbúðir, þetta glæsilega tímabil, þegar svo óskaplega mikið var unnið að húsbyggingum, og ætla ég þó alls ekki að gera lítið úr því, sem þá var gert. 1944 voru það 339 íbúðir, sem voru fullgerðar í Reykjavík, 1945 voru það 541, 1946 voru það 634, og það er eina árið þá á 10—20 ára tímabili, sem nægilegt var byggt í Reykjavík, miðað við það, sem álitið var, að það þyrfti almennt að byggja um 600 íbúðir á ári. Svo rétt á eftir hins vegar kom Framsókn til skjalanna. Sósfl. fór úr ríkisstj., en Framsókn kom inn og sýndi nú aldeilis, hvernig eigi að fara að því að byggja íbúðir í Reykjavík. 1950 voru það 410, og á því ári kom Framsókn inn. Þá sýndi hún dugnað sinn. 1951 voru það 284 íbúðir, 1952 voru það 329, þá var hrapað niður í það, sem var 15 árum áður. Þá var Framsóknarhöndin komin þarna inn í eða hrammurinn. Er nú ekki nær, jafnvel fyrir hv. 5. þm. Reykv., að reyna að læra ofur lítið af þessum tölum en að endurtaka einu sinni enn þá máske það, sem kann að hafa staðið einhvern tíma í Tímanum?

Dómur hv. 5. þm. Reykv. um þetta tímabil, 1944—1946, var sem sé, að það hefði allt saman leystst upp, að lokum hefði engin raunveruleg uppbygging átt sér stað, eins og hann sagði orðrétt. Það er þessi blindni, sem Framsfl. þarf að læknast af. Áður en Framsfl. ætlar sér að vinna heiðarlega með verkalýðsflokkunum í bæjunum, þarf hann að vera búinn að koma auga á það og læra það, að við byggjum tilveru okkar sem stendur á fiskveiðunum. Og það dugir ekki sá fjandskapur við sjávarútveginn, sem einkenndi Framsókn allan þennan tíma. Tímabilið 1944 og þar á eftir var stórfelldasta uppbyggingartímabil í sögu Íslands, og það er bezt fyrir Framsfl. að reyna að læra af því. Og ég veit, að forustu-

menn Framsóknar hætta sér ekki út í umr. um þetta tímabil, vegna þess að undir niðri finna þeir til þess, hve þeir fóru asnalega að því að skerast úr leik, þegar þjóðin stóð sameinuð um að framkvæma þá stóru hluti, sem hún var að gera.

Ég veit um hv. 1. þm. Austf., að honum er ekkert vel við það að láta fara að minna á, hvaða orð það voru, sem hann notaði einmitt í ræðu hér á Alþ., þegar búið var að kaupa 32 nýsköpunartogara. Hann kallaði það „þetta gums", sem ríkisstj. vissi ekkert, hvað hún ætti að gera við. Honum fannst það bara eins og gums, 32 togarar, og hann skildi ekkert, hvað átti að gera við það. Það opnuðust satt að segja ekki augun í honum fyrr en í kosningunum. Þá tók hann allt í einu eftir því, að það gat verið hentugt í kosningum að segja við Austfirðinga: Þið skuluð fá togara, — og þetta mundi verða vinsælt. Hann sem sagt áttaði sig aldrei á, að togarar eru til fiskveiða, en til kosningaveiða, til atkvæðaveiða, jú, þá skildi hann það allt í einu. Ef það var hægt að fiska atkvæði á Austfjörðum, sem honum tókst ekki, þá voru togarar góðra gjalda verðir, þá voru þeir ekki lengur gums. En ef þeir áttu bara að vera til fiskveiða fyrir þjóðarbúið almennt, nei, þá var það gums, sem ríkisstj. vissi ekkert, hvað hún ætti við að gera.

Ég veit ekki, hvort ég á að halda áfram með þetta og rekja alla þessa harmasögu Framsóknar. Að vísu gæti það verið gott fyrir hana, ef hún gæti eitthvað lært af því. Og kannske það sé rétt, að ég rétt minni á það, af því að hv. 5. þm. Reykv. hefur stundum notað tölur, sem eru prentaðar í fskj. með þessu frv. mínu, og Framsókn þykir mjög gott að nota þær tölur nú. 1945 var kaupmáttur tímakaupsins, þ. e. lægsta Dagsbrúnarkaups, 100. Eftir að Framsókn komst í ríkisstj. og fór að stjórna, fór hann 1951, held ég að það hafi verið, þá fór hann 1951 niður í 84,7, þá var Framsókn komin til, 16% kauplækkun, miðað við kaupmátt tímakaupsins. M. ö. o.: kaupmáttur tímakaupsins hefur ekki aftur nema rétt mánaðarbil eða svo komizt upp í eða upp yfir það, sem var 1945, á þessu voðalega tímabili, sem hv. 5. þm. Reykv. var nú að lýsa.

Ætli við látum þetta þá ekki nægja viðvíkjandi þeirri tilraun að fá Framsfl. til þess að átta sig á, af hverju hann missti með sinni blindni 1944 og ef hann gæti eitthvað lært, áður en hann kemst næst í ríkisstj.

Og þá skulum við svo taka næst það, sem hv. 5. þm. Reykv. ræddi mjög verulega um, og það var þetta ótætis klofningsstarf kommúnista, sem gerði Framsókn og Alþfl. sterkari 1937 eftir kosningar en þeir höfðu verið fyrir þær, og það hefði nú komið til í sambandi við vinstri stjórnina. Og hann fór þar inn á ýmis mál. Hver var raunverulega undirrótin að því, að okkar vinstri stjórn mistókst, að hún sprakk að lokum? Ef við ættum að reyna að vera alveg hlutlausir í þeim dómi, held ég, að maður mundi segja, að mistök hennar hafi stafað af því, að hún hafði enga markaða efnahagspólitík. Það er hægt að kenna öllu mögulegu um, og það er enginn flokkanna náttúrlega saklaus af því, en ég held, að það sé kannske hennar „tragedía", hennar sorgarleikur. 1957 gerðum við tilraun til þess að fá vinstri stjórnina til þess að marka ákveðna efnahagspólitík, tilraun, sem er í samræmi við samsvarandi tilraunir, sem gerðar voru á Norðurlöndum og hv. 5. þm. Reykv. talaði mjög lofsamlega um og sagði nú úr sínum ræðustól, — það er vonandi, að hann hafi meint það, — að Framsfl. og Alþfl. væru sammála um þess háttar áætlunargerð, sem framkvæmd væri á Norðurlöndum. Ég ætla mér að taka það fyrir, en ég fæ hér tilmæli frá hæstv. forseta um, að samkv. sérstökum tilmælum verði umr. frestað kl. 3. Og af því að ég er rétt að byrja á vinstri stjórninni, er bezt, að maður taki hana heldur sem heild næst, og verð ég þá við þeim tilmælum að gera hlé á ræðu minni.

Umr. frestað.

Á 71. og 72. fundi í Nd., 19. og 20. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

22. Áburðarverksmiðja.

Á 5. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [43. mál] þmfrv., A. 43).

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið flutt nokkrum sinnum áður hér á Alþingi. Meðferð þessa máls hefur verið sú, að hingað til hefur sú hv. d., sem þetta hefur verið flutt í, Nd., aldrei fellt þetta frv. Þetta frv. hefur aldrei fengið að koma til 2. umr., — aldrei. Og þegar flutt hafa verið stjórnarfrv. um breyt. á l. um áburðarverksmiðju, þá hafa slík stjórnarfrv. öll stöðvazt eftir 1. umr. og aldrei komið til 2. umr., vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki þorað að láta þau stjórnarfrv. koma til 2. umr., af því að þá gæfist tækifæri til þess að greiða atkv. um efnisatriðin í þessu frv. líka. M. ö. o.: í 10 ár er Alþingi búið að standa þannig frammi fyrir þessu frv., að það hefur aldrei þorað að taka ákvörðun í því, og er þó hér um það að ræða, hvort eigi að leyfa nokkrum mönnum að stela úr eign ríkisins 140 millj. kr. eða verðmæti, sem því samsvarar. Hæstv. landbrh. hefur tvívegis eða þrívegis lagt fram frv. um breyt. á l. um áburðarverksmiðjuna. Hann hefur gefizt upp við að reyna að fá þessi frv. fram við 2. umr., aldrei látið þau koma úr nefnd, þó að þau væru stjórnarfrv., vegna þess að hann hefur ekki treyst sér til þess að leggja þau og þar með greinarnar í þessu frv. undir dóm hv. Nd., af því að hann hefur óttazt, að það yrði fellt.

Það er í 4 ár búið að brjóta lögin um áburðarverksmiðjuna viðvíkjandi afskriftum. Það hefur verið afskrifað miklu meira en heimilt er eftir l. Það hefur verið haldið hærra verði á áburðinum en leyfilegt er eftir l., og menn hafa aldrei þorað að fara í að reyna að breyta l., vegna þess að

menn hafa ekki þorað að láta ákvæðin í þessu frv., sem hér liggur fyrir, koma til atkv. Og nú vil ég segja það, að svona getur þetta ekki gengið lengur. Ef þm. halda áfram að vera samsekir um að þora ekki að láta þetta frv. koma til 2. umr. og greiða atkv. um það, þá eru þeir sjálfir að gerast samsekir um að reyna að stela þessu fyrirtæki úr höndum ríkisins og í hendur nokkurra privatmanna.

Það er kannske ekki rétt að vera að prédika sérstaklega mikið, að menn eigi að taka tillit til laga, þegar öðru eins afskræmi er útbýtt í þinginu og því frv. um launamál, sem var útbýtt hérna áðan, sem brýtur í bága bæði við stjórnarskrá og gildandi lög og er mótsögn í sjálfu sér. En ég vil þó minna á, að vissir þm. hér eru öðru hverju að tala um eignarrétt og að hann eigi að hafa eitthvert gildi og að hv. þm. eru kosnir á þing m. a. til þess að sjá um hagsmuni þess opinbera, og það kemur til með að reyna á þá, hvernig þeir varðveita þá einmitt í sambandi við þetta frv. hér um áburðarverksmiðju.

Þetta frv. gengur út á það að taka af allan vafa um það, að áburðarverksmiðjan, sem stofnuð var með lögum 1949, 23. maí, er eign ríkisins, eins og stendur í 3. gr. um hana, og ekki neinna annarra, að hún er eign ríkisins. Og þetta atriði verður að fara að verða klárt. Það eru nú komin 14 ár, síðan l. um áburðarverksmiðjuna voru samþykkt. Í 14 ár eru vissir menn búnir að halda því fram, að þessi lög tákni allt annað en þau tákna raunverulega eftir orðanna hljóðan, og vissir menn eru að telja sig eiga ákveðið fyrirtæki ríkisins. Ef Alþingi lætur þetta afskiptalaust öllu lengur, — ég er ekki lögfræðingur, ég skal ekki segja um það fyrir víst, — en þá gæti ég trúað, að sumir af þessum mönnum færu að reyna að telja sig hafa einhverja hefð á þessu, eða kannske lögfræðingarnir okkar gætu upplýst okkur um það, hvað lengi frá því að einhverju er stolið og ekki er krafizt, að því sé skilað til baka, hvað lengi það þarf að vera í eign þjófsins, til þess að það sé orðið eign hans? Ég veit það ekki, lögfræðingarnir okkar geta kannske svarað því.

Hér er um það að ræða, að í lögum um áburðarverksmiðju, sem samþ. voru á Alþingi 1949, stendur í 3. gr.: „Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi". M. ö. o.: áburðarverksmiðjan er sjálfseignarstofnun á sama hátt og fjölmargar ríkisstofnanir í okkar þjóðfélagi. Þegar þetta frv. var samþykkt í Nd., voru aðeins 12 greinar í því. Þegar það var samþykkt við 1. og 2. umr. í Ed, voru aðeins 12 greinar í því, og nefndirnar, fjhn. Nd. og fjhn. Ed., samþykktu þetta frv. og mæltu með því þannig, að það væri ekki snefill af efa um, að það væri ríkisfyrirtæki. Við síðustu umr. í Ed. á síðustu dögum þingsins, sem var síðasta þing þess kjörtímabils, var bætt við 13. gr., þar sem heimilað er að reka verksmiðjuna sem hlutafélag, svo framarlega sem það fáist 10 millj. kr. hlutafé, þannig að ríkissjóður leggi fram 6 millj. og einstaklingar 4 millj., og þá stendur: „Og skal verksmiðjan þá rekin sem hlutafélag".

Þannig var þetta samþ., og það kom strax greinilega í ljós, hverja afstöðu forsrh. þeirrar ríkisstj., sem samþykkti þetta, hafði til þessa. Forsrh. var Stefán Jóh. Stefánsson, þá formaður Alþfl., núv. sendiherra í Kaupmannahöfn, sem lýsti því alveg ótvírætt yfir sem fulltrúi Alþfl. í fjhn., þegar þetta mál var næst tekið til umr., að það væri alveg tvímælalaust, að þessi verksmiðja væri eign ríkisins og hún væri aðeins rekin sem hlutafélag, — forsrh. þeirrar stjórnar, sem sá um samþykkt þessara laga. Hvað var það, sem var að gerast, þegar þessari 13. gr. var laumað inn á síðasta augnabliki og samþ. af nokkrum þm. Sjálfstfl. og Framsfl.? Ég efast um, að þegar þeir samþykktu þetta, þá hafi nokkrir af þessum þm. meint annað en þetta skyldi vera rekið sem hlutafélag. En svo gerðist dálítil breyting á okkar þjóðlífi rétt á eftir. Á árinu 1950 var mynduð ríkisstj. íhalds og Framsóknar, og þessi ríkisstj. fór allsnemma að færast í aukana hvað það snerti að vilja fara að skipta öllu til helminga, sem hægt væri að græða á í okkar þjóðfélagi. Það kom t. d. í ljós eitthvað 1 eða 2 árum seinna, að það var gróðafyrirtæki að reka verktakafélög á Keflavíkurflugvelli, og þá kom undireins að því, að ríkið varð meira að segja að fara að skipta sér af verktakafélögunum á Keflavíkurflugvelli, koma upp sérstöku fyrirtæki, sem kallað var Aðalverktakar, þar sem höfð voru í frammi hrein helmingaskipti um gróða, þannig að það kom upp sú hugmynd hjá þessum tveim flokkum, sem þá réðu ríkisstj., að það skyldu vera helmingaskipti um allt það, sem eitthvað mætti græða á, og fyrr en varir var þessi hugmynd komin upp í sambandi við þetta hlutafélag, sem mynda skyldi til rekstrar áburðarverksmiðjunnar.

Ég býst við, að það hafi gengið þannig til, að Samband ísl. samvinnufélaga o. fl. hafi lagt fram upphæð í þetta, og þá hefur sú hugmynd komið upp hjá ýmsum forkólfum Sjálfstfl. hér í Reykjavík, að ekki væri gott, að Sambandið væri eitt um þetta, það skyldi vera helmingaskiptafélag um þessar 4 millj. Og ég held, að ég megi fullyrða, að því hafi verið skipt nokkurn veginn jafnt, þannig að flokkarnir réðu hvor um sig og þeirra menn yfir 2 og 2 millj. í þessu. En þegar menn nú voru búnir að leggja fram alls 4 millj., sumpart fylgjendur Sjálfstfl., sumpart fylgjendur Framsfl., til þess að eiga þetta hlutafé í rekstrarhlutafélaginu, þá fór skörin að færast upp í bekkinn. Það er alkunna, að menn langar þá til þess að græða meira og meira, þegar menn eru komnir einhvers staðar með hnífinn í feitt. Og hvað gerist næst? Þá gerist það hér á Alþingi, að þáv. formaður Framsfl., þáv. hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, lýsir yfir, að þessi verksmiðja sé eign þessa hlutafélags, Áburðarverksmiðjunnar h/f. Ég tók eftir þessari yfirlýsingu og kvaddi mér um leið hljóðs til þess að mótmæla þessu, þessi verksmiðja væri ekki eign þessa hlutafélags, þetta hlutafélag væri aðeins rekstrarfélag. Nokkru seinna tók þáv. hæstv. fjmrh., núv. formaður Framsfl., undir þetta og ég mótmælti því aftur. Og síðan lagði ég fram á þingi það frv., sem nú liggur fyrir, nokkurn veginn í þessari sömu mynd, sem það nú er, til þess að taka af allan vafa um það, að

þessi áburðarverksmiðja er eign ríkisins og einskis annars, og átaldi um leið þær yfirlýsingar ráðh., sem fram höfðu komið, og benti á, að þær gætu orðið ríkinu dýrar, svo framarlega sem þær yrðu af einkahluthöfunum seinna meir í málaferlum út af þessu notaðar til þess að styðja kröfu þeirra til þess, að þeir ættu þessa verksmiðju. Hvort þessir hæstv. ráðh. mundu komast undir lögin um ráðherraábyrgð, sem samþykkt voru, það skal ég ekki segja, en efast mikið um, ef svo færi, að ríkið tapaði slíku máli, að þeir væru þá borgunarmenn fyrir þeim skaða, sem þá væri búið að valda ríkinu.

Þetta átti á þessum árum helmingaskiptanna vafalaust að vera ein aðferð Sjálfstfl. og Framsfl. til þess að skipta á milli sín flestu því, sem gróði gæti verið að í okkar þjóðfélagi. Og þrátt fyrir það, þó að nú séu bráðum liðin 10 ár, síðan þetta gerðist, þá hefur ekki fengizt leiðrétting á þessu hér á Alþingi. Og ég verð að segja, að það er ekki vansalaust fyrir Alþingi að láta þetta ganga svona til. Ég veit, að við nýafstaðnar kosningar hafa þm. um allt land fengið að heyra það, að það er líka skoðun fjöldans, kjósendanna í þeirra flokkum, að þetta ríkisfyrirtæki sé eign ríkisins og einskis annars og það megi ekki lengur við svo búið standa, að það séu tekin af öll tvímæli um það.

Áburðarverksmiðjan er nú líklega um 350 millj. kr. virði. Það þýðir, að ef seinna meir yrði litið svo á vegna yfirlýsinga þeirra ráðh., sem ég nefndi, og vegna sinnuleysis Alþingis, að þessi verksmiðja yrði að skoðast eign þessa rekstrarhlutafélags í mótsetningu við 3. gr. l., og þegar búið væri að afskrifa verksmiðjuna, þannig að hún væri orðin hrein eign, þá mundu sem sagt þessar 4 millj. kr., sem lagðar voru fram í hlutabréfum á sínum tíma, vera 140 millj. kr. virði. Það væri einhver bezta helmingaskipta-„forretning", sem þeir hefðu nokkurn tíma gert saman, Sjálfstfl. og Framsfl., ef þannig færi, og ég hef satt að segja orðið var við það, þegar þetta mál hefur stundum verið rætt í fjhn. þessarar hv. d., að ekki heldur fulltrúum Sjálfstfl. hefur raunverulega litizt á að reyna að framkvæma svona — hvað á ég að segja, svona bisness, það er víst orðið viðkunnanlegra heldur en nota dönskuslettu, — þannig að enn sem komið er er það þó þannig, að einhver samvizka er til í þessum efnum hjá hv. þm. En ég vil segja það, að það dugir ekki að svæfa hana á þann hátt, sem gert hefur verið á undanförnum árum. Það verður að fara að afgreiða þetta mál á einn eða annan veg. Svona getur þetta ekki gengið endalaust.

Ég vil, af því að ég nefndi hér úrskurði eða orð ráðh., sem um þetta hefðu talað ógætilega hér fyrir 9—10 árum, taka þó það fram, að það liggja líka fyrir yfirlýsingar í Alþingi um hið gagnstæða. Þegar kosið var í stjórn áburðarverksmiðjunnar, þegar Jörundur Brynjólfsson enn þá var forseti þessarar hv. d., þá var gerð aths. út af því, hvort Vilhjálmur Þór, sem þá var landsbankastjóri, mætti sitja í þessari stjórn áburðarverksmiðjunnar, sökum þess að hann var landsbankastjóri og landsbankastjórum var bannað með lögum að eiga sæti í stjórn atvinnufyrirtækja. Þá kvað forseti neðri deildar upp þann úrskurð, að með því að áburðarverksmiðjan væri ríkisfyrirtæki, þá mætti þessi bankastjóri eiga sæti þar, og hann var þá og hefur verið síðan kosinn af Alþingi af hálfu Framsfl. í stjórn áburðarverksmiðjunnar á grundvelli þess úrskurðar, að hann mætti eiga þar sæti sem fulltrúi Alþingis, vegna þess að þetta væri ríkisfyrirtæki. Það hefur líka komið greinilega fram, að því fer mjög fjarri, að allir flokkar þingsins auk Sósfl. eða auk Alþb. nú væru samþykkir þessu. Alþfl. hefur t. d. allur alltaf staðið með þessu frv. og tekið afstöðu með því. Og núv. herra forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, meðan hann átti sæti hér á þingi og sæti í fjhn., þá gaf hann alveg skýrar yfirlýsingar um það sitt álit, að þetta fyrirtæki væri ríkiseign, hrein ríkiseign og ekkert annað. Og ég efast ekki um, að hann hefur ekki breytt um skoðun á því síðan. Það var í samræmi við það álit, sem forsrh. þeirrar stjórnar, sem sat að völdum, þegar þessi lög upphaflega voru samþ., Stefán Jóh. Stefánsson, hafði, eins og ég gat um áðan, á þessum málum, þannig að hér er um það að ræða, að það liggja líka fyrir mjög skýrar yfirlýsingar manna, sem ættu vel að vita um, að það sé alger rangtúlkun á þessum lögum að reyna að hagnýta sér 13. gr. og ákvæðið um, að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag, til þess að reyna að yfirfæra verksmiðjuna úr eigu ríkisins og í eigu einkahlutafélags.

Eins og menn vita, eru mörg þess dæmi, t. d. með eitt af stórfyrirtækjum hér í Reykjavík, að þar er eignin sjálf sérstakt hlutafélag og annað er rekstrarfélag. Tíðkaðist það sérstaklega mikið á þeim tímum, þegar það var talið hagkvæmt samkv. sköttum að hafa það þannig, þannig að orðatiltækið, að eitthvað ákveðið skuli rekið sem hlutafélag, merkir aðeins og algerlega skýrt, að það skuli aðeins rekstur þess vera sem rekstur hlutafélags, en engu breytt til um eignina. Ég álít þess vegna svo komið, að virðing þingsins sé í veði, að menn þori að taka ákvörðun um þetta mál. Og ég vil benda hv. þm. á, að ef þetta á svona til að ganga, þá fer að verða hægur vandi að reka mjög gróðavænleg fyrirtæki með alls konar samþykktum, álíka óljósum og þessari 13. gr. Hvað segðu menn t. d. um það, ef væri bætt aftan við l. um Landsbanka Íslands nýrri gr., þar sem stæði, að ríkisstj. væri heimilað, þrátt fyrir öll önnur ákvæði í l., að láta fram fara söfnun hlutafjár og ef hægt væri að fá 4 millj. kr. sem hlutafé, þá skuli mynda hlutafélag, sem skuli hafa að hlutafjárupphæð 10 millj. kr. og ríkið skuli leggja fram 6 millj., og þá skuli Landsbankinn rekinn sem hlutafélag? Ég býst við, að það yrðu einhverjir hérna í Reykjavík t. d., ef þeir fyndust ekki annars staðar á landinu, til að leggja fram þessar 4 millj., og ríkið er vafalaust ekki í vandræðum með að fá einar 6 millj. frá Landsbankanum, enda gengið út frá því, að þessar 4 millj. kæmu þaðan líka. Þegar það væri búið og fara ætti að reka Landsbankann sem hlutafélag samkv. þessari grein, þá lýsti svo einn ráðh. yfir hér á Alþingi, að auðvitað væri Landsbankinn eign þessa hlutafélags. Landsbankinn er varla minna virði en einar 500—600 millj. kr. Ég býst við, að hann sé heldur dýrmætari en áburðarverksmiðjan. Ganga hv. þm. inn á það, að það væri

hægt að stela Landsbankanum með þessu móti? Álíta þeir, að það væri mögulegt? Það er nákvæmlega það sama, sem verið er að gera viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni, nákvæmlega það sama. Ég verð að segja það, að ef þetta patent 13. gr. á virkilega að lukkast, þá er búið að finna þarna þjófalykil að öllum eigum ríkisins. Ég held þess vegna, að það sé tími til kominn, að það sé sagt af eða á um þessa hluti, menn segi til um það, hvort þeir ætli að farga þessu fyrirtæki á þennan hátt úr eigu ríkisins eða ekki. Og það verður vafalaust handagangur í öskjunni, ef hægt verður að hafa svona aðferðir til þess.

Þetta frv. er að öllu leyti nema einu alveg shlj. því, sem hefur verið flutt áður. Í 3. gr. þess er hins vegar ofur lítil breyting. Þar er ákveðið, að þegar að því kemur að bæta hluthöfum rekstrarfélagsins upp þeirra hlutabréf, innleysa þau á nafnverði, þá sé heimild til þess að greiða hærra verð en nafnverðið. Nú vil ég taka það fram, að um leið og þessi lög eru samþykkt, þá er 13. gr. fallin niður, og það eru þess vegna þessir hluthafar, sem verða að sækja á til ríkisins, og ríkið hefur ákveðna afstöðu gagnvart þeim, því að þeir hafa engan grundvöll lengur til þess að standa á, og það er aðeins spursmál um sanngirni, hvað þeim er greitt. Hins vegar álít ég sjálfsagt, að þeim sé sýnd full sanngirni. Þess vegna er lagt þarna til, að það sé sérstök þingnefnd, skipuð einum manni frá hverjum þingflokki, sem geti verið ríkisstj. til aðstoðar og geti leyft henni að greiða hærra verð en nafnverð fyrir hlutabréfin, ef það er samþ. í þessari þingnefnd mótatkvæðalaust. Og eins og ég hef áður tekið fram, þegar um þetta hefur verið rætt, t. d. í fjhn. d., þá álít ég, að það eigi að sýna einkahluthöfunum fulla sanngirni í slíku efni.

En það er bætt einu atriði inn í, að þessi þingnefnd geti rannsakað allt, sem varðar tæknilegt gildi og efnahagslegan rekstur verksmiðjunnar, jafnvel frá upphafi, ef þurfa þykir. Það er ekki nema eðlilegt, eins og nú er komið og þegar þetta rekstrarhlutafélag hefur haft verksmiðjuna svona lengi til umráða, að allur hennar rekstur sé athugaður og það gaumgæfilega. Það hafa komið fram ýmsar aths. og ýmiss konar gagnrýni viðvíkjandi því, hvernig til verksmiðjunnar hafi verið stofnað tæknilega séð og hvernig rekstur hennar hafi gengið. Eins og ég benti á áðan, hefur rekstur hennar verið með lögbrotum á s. l. 3 árum, þannig að stjórnin hefur ekki farið að lögum og reikningar hennar hafa verið ólöglegir. Það er þess vegna eðlilegt, að sú þingnefnd, sem um þetta mál fjallar, geti rannsakað það, sem henni þykir þurfa að rannsaka um öll afskipti þessarar stjórnar í rekstrarhlutafélaginu, jafnvel frá upphafi, ef þurfa þykir. Það verður að ganga alveg úr skugga um það, hvernig verksmiðjan er að öllu leyti útbúin til þess að þjóna því verkefni, sem henni var ætlað.

Ég vil svo, til þess að tryggja það, ef verða mætti, að ekki verði lengur lagzt á þetta mál og hv. d. taki afstöðu um þetta, þá vil ég leyfa mér að leggja til, að þetta mál fari nú til 2. umr. nefndarlaust. Það er búið nú líklega 8, 9 eða 10 sinnum að fá athugun í nefnd, og ég fullyrði, að það hafi alltaf verið meiri hl. fjhn. með þessu frv., en hann hafi aðeins aldrei fengizt til þess að skila áliti sem meiri hl. vegna flokkspólitískra aðstæðna. Ég álít þess vegna rétt, að fjhn.-menn, sem hafa svo oft fengið tækifæri til þess að athuga þetta frv., séu losaðir við alla ábyrgð í slíku efni og að þetta frv. fái að koma beint til 2. umr. og hv. þm. sjálfir að taka afstöðu til þess.

Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. sé að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 18. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Hefting sandfoks.

Á 14. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heftingu sandfoks og græðslu lands [61. mál] (þmfrv., A. 66).

Á 17. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það til l. um heftingu sandfoks og græðslu lands, sem hér liggur fyrir til umr., höfum við hv. 3. þm. Norðurl. e. enn leyft okkur að flytja, en síðast bárum við það fram á næstsíðasta þingi, þinginu 1961—1962. Er þetta frv. nær shlj. því, sem þá var. Frv. var þá allýtarlega rætt við 1. umr. Síðan fékk landbn. þessarar hv. d. það til athugunar. Kom fram nál. frá minni hl. n., og mælti sá hluti með frv., en meiri hl. landbn. skilaði ekki nál. Til 2. umr. kom málið ekki.

Þetta mál er nú ærið mjög rætt í þessari hv. d., og ég tel ekki ástæðu til þess að hafa í þetta sinn sérlega langa framsöguræðu og mun því stilla máli mínu í hóf.

Svo sem kunnugt er, er frv. samið af svokallaðri sandgræðslunefnd, sem Hermann Jónasson, þáv. landbrh., skipaði á árinu 1957. Í febrúarlok 1958 skilaði svo sandgræðslunefnd frv. til nýrra sandgræðslulaga ásamt mjög rækilegri grg. Síðan hefur málið ekki náð fram að ganga og staðið að mestu leyti fast. Þess ber að geta, að snemma árs 1960 hafði sandgræðslunefndin, eftir að hafa haft sitt eigið frv. og grg. til nokkurrar athugunar, gert nokkra breyt. á sínu fyrra frv., og í þetta sinn er frv. flutt í þeirri mynd að kalla,

sem sandgræðslunefnd gekk frá því hið síðara sinn. Frv. hefur frá upphafi verið flutt hér á Alþ. af einstökum þm., og nú mun það vera í 5. sinn, sem það kemur hér fram og liggur fyrir.

Það fer ekki á milli mála, að frv. er vel og ýtarlega unnið af hálfu þeirra, sem það hafa undirbúið, enda hefur það aldrei verið vefengt. Um það hafa fjallað þeir menn, sem öðrum voru fremri um ræktunar- og landgræðslumál yfirleitt. Og rök þau, sem liggja að því, að slíkt frv. er samið og lagt fram og stutt að þeirri stefnu um leið, sem í frv. getur, að með nýrri löggjöf og nýjum stórátökum þurfi að hefja sókn til eflingar og stækkunar gróðurríki landsins, — rök þau eru öllum auðsæ og þess vegna að mestu óþarft um þau að ræða.

Sandgræðsla Íslands hefur á liðnum áratugum unnið hið mesta þjóðnytjastarf. Það hefur verið komið í veg fyrir gróðureyðingu af völdum sandfoks á stórum svæðum þessa lands og þá ekki sízt í mínu héraði, Rangárvallasýslu, og einnig í Þingeyjarsýslu og víðar hefur verið vel að unnið. Innan sandgræðslugirðinga er mikið land. Það eru mörg hundruð km² lands innan sandgræðslugirðinga á vegum Sandgræðslu Íslands, og mikið af þessu landi er nokkuð vel grætt og annað mjög vel á veg komið, þannig að örfoka land eða sandlendi hefur verið tekið til nauðsynlegrar meðferðar og þar með búið að bjarga miklu af gróðurlendi í byggð. Eftir því sem lauslega hefur verið athugað af sérfróðum mönnum, mun vera utan sandgræðslugirðinga eigi minna en 4000 km² sanda og mela, sem eru lægri en 400 m yfir sjávarmáli, og þetta land talið nokkuð auðvelt til græðslu, þannig að a. m. k. að gagni geti komið sem beitiland og til ræktunar að einhverju leyti, ef með þyrfti og þannig á stæði. En hér er aðeins um lítinn hluta af auðnum landsins að ræða, sem vinna verður að nýtingu á, svo sem kostur er.

Eins og ég sagði, hefur sandgræðslan, og okkur er það öllum jafnvel kunnugt, unnið mikið og þarft verk. En ekki má hinu gleyma, að bændur landsins hafa eigi síður unnið að sínu leyti að landgræðslumálunum. Þeir hafa í mínum og flestra annarra augum unnið hið mesta þrekvirki. Og það er eigi síður rétt að láta þá stétt manna í þessu landi fá þau vopn í hendur, sem mega duga þeim til þess að vinna í gróðurríki okkar lands og uppi á auðnum enn stærri sigra í þágu uppgræðslunnar og ræktunarmálanna yfirleitt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að öll starfsemi Sandgræðslu Íslands færist mjög í aukana og lagt verði inn á nýjar brautir í mörgu efni. Skipulega verði að því unnið og auknum fjármunum, sem verulegu nemi, til þess varið að efla og auka gróður í úthögum og á afréttum. Aukin tækni, meiri þekking ásamt vaxandi hópi ungra og vaskra sérfræðinga í landbúnaðarmálum gefur hinar beztu vonir á þessum sviðum, og þegar má segja, að fengizt hafi dýrmæt reynsla í þessum efnum og gefi okkar vonum hinn bezta byr í seglin.

Í frv. er auðvitað fyrst og fremst ætlazt til þess, að sjálf sandgræðslan haldi áfram líkt og áður, en þó í auknum mæli. Þá er og stefnt að því, að hreppsfélög og félög einstakra bænda geti hafizt handa um sandgræðslumál í samráði við þessa stofnun, Sandgræðslu Íslands, án þess að afsala sér landi í hendur hennar, eins og gilt hefur almennt, þegar land einstaklinga hefur verið tekið til meðferðar af Sandgræðslunnar hálfu.

Þá eru ákvæði, þar sem Sandgræðslunni eru falin hin allra veigamestu verkefni, og eru það nýmæli. Þessi verkefni eru fólgin í því að græða upp og auka gróður á víðlendum beitilöndum og með nýjum aðferðum. Það er gert ráð fyrir því, að slíkar aðferðir, ef til kemur, verði byggðar á samstarfi við þá félagsaðila, sem mest fara með mál bænda á þessu sviði, eins og t. d. sýslufélög, hreppsfélög og fjallskilafélög.

Í 20. gr. þessa frv. er svo ákveðið um, að Sandgræðsla Íslands skuli í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknadeild búnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans gera 10 ára áætlun um framkvæmdir um eflingu gróðurs á afréttum og úthögum. Þetta er veigamikið ákvæði og stefnir til þess, að sett verði framkvæmdaáætlun í þessu efni og þau svæði þá tekin, sem bezt liggja við og hægast og ódýrast er að koma til nokkurs gróðurs. Og um slíkt efni geta í raun og veru ekki aðrir fjallað en sérfræðingar í jarðvegsefnum og sandgræðslumálum yfirleitt.

Þá eru í þessu frv. veigamikil ákvæði um stöðugt eftirlit og athuganir á afréttum uppi í því skyni að koma í veg fyrir gróðurfarsspillingu og uppblástur sakir ofbeitar.

Þá má þess geta, að það er eitt nýmæli hjá sandgræðslunefndinni, að Sandgræðslu Íslands er heimilað að gripa inn í, þar sem stofnað hefur verið til mannvirkjagerðar í nokkuð stórum stíl, og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir verulegt eða varanlegt tjón af röskun á jarðvegi og öðru slíku, sem gæti horft til gróðurspjalla.

Ég hef leyft mér hér í sem stytztu máli að geta höfuðákvæða þessa frv., sem liggur fyrir til umr., og er þá eftir að geta þess, sem að vísu er í mínum augum og sjálfsagt flestra annarra stærsta atriðið, og það er öflun fjár til þess að framkvæma þau verkefni, sem Sandgræðslu Íslands eru fengin í hendur með þessu frv., ef að lögum verður. Og þess er þá skemmst að minnast, að sandgræðslunefndin hið síðara sinni komst að þeirri niðurstöðu, að eðlilegast væri eftir atvikum að afla fjár með því að leggja sérstakan aukaskatt á áfengi, þannig að 5 kr. gjald skuli lagt á allar vínvörur til drykkjar, sem seldar eru um hendur Áfengisverzlunar ríkisins. Ég hygg, að miðað við sölu á þessum drykkjum árið 1962 megi telja, að tekjur af þessu 5 kr. gjaldi hefðu numið allt að 5 millj. kr. eða rúmlega þeirri fjárhæð, sem veitt er eða ætluð er á fjárlögum fyrir árið 1964 til sandgræðslumála alls.

Það er ekki óeðlilegt, að Sandgræðslunni væri fenginn í hendur tekjustofn eins og þessi, þegar t. d. er virt, að Skógrækt ríkisins hefur fengið sérstakan tekjustofn af sölu tóbaksvara, og má segja, að það sé nokkuð hliðstætt. Og um þennan tekjustofn er það enn fremur að segja og ber að undirstrika, að hér er ekki beinlínis farið inn á tekjuliði ríkissjóðs, sem annars væri, ef lagt væri til, að tekjur í þessu efni væru fengnar gegnum fjárlög. Og það er alveg rétt og hefur oft

komið fram í ræðum áður um þetta mál og ekki sízt hjá hæstv. landbrh., sem kemur úr héraði, þar sem þessi mál, sandgræðslumálin og uppgræðslumál yfirleitt, eru brennandi spursmál, að þetta væri leið, sem væri mjög vel til athugunar að fara. Og það kemur fram í áliti sandgræðslunefndar frá 1960 um þessa tekjuöflunarleið, að hæstv. landbrh. hafi verið hvað hlynntastur henni af þeim leiðum, sem verið hafa til athugunar.

Við flm. þessa frv. gerðum okkur vonir um í lengstu lög, að hæstv. landbrh. flytti sjálfur þetta mál, þegar hann hafði fengið fyrir mörgum árum nauðsynlegar skýrslur og grg. frá sandgræðslunefnd í hendur, og hefði slíkt að sjálfsögðu bezt hæft. En þær vonir brugðust. Hefur væntanlega og eftir því sem heyra hefur mátt á hæstv. landbrh. engin samstaða innan ríkisstj. fengizt enn þá um flutning málsins, a. m. k. ekki í þessu horfi, sem við nú leggjum það fyrir. En fyrir þá sök, hversu málið er gagnmerkt í sjálfu sér og brýn nauðsyn að koma því fram til úrslita að áliti flestra þeirra, sem um slík og þvílík mál fjalla, þá höfum við flm. talið okkur bæði rétt og skylt að flytja það enn á ný í þeirri trú, að samstaða náist um framgang þess í meginatriðum.

Ég þykist nú eiga von á því, að hæstv. landbrh., sem er mikill áhugamaður um sandgræðslumál eins og mörg önnur landbúnaðarmálefni og honum er skylt, muni taka hér til máls á eftir mér, enda færi það mjög að venjum, því að við höfum áður töluvert rabbað saman hér í deildinni um þetta mál. En ég vildi mega eiga von á því, að hæstv. landbrh. tæki nú öllu jákvæðara í þetta stórmál en áður, og hann þarf ekki að halda það, þó að hann hafi stundum haldið því fram í umr. um það, að það væri fyrir fordildar sakir, að við flm. þessa frv. erum með það á prjónunum. Það er síður en svo. Og við erum ekki einir um það af þdm. að hafa áhuga á þessu máli og framgangi þess. Þetta mál er hvorki einkamál okkar flm. né ríkisstj. heldur. Þetta er mál alþjóðar. Og það ætla ég að vona, að hæstv. landbrh. fallist á það í þetta sinn, er hann kemur hér í ræðustólinn og lýsir viðhorfi sínu til málsins. Og það mundi enga gleðja fremur en okkur flm., ef hæstv. landbrh., sem hefur tögl og hagldir hér í þessari deild eins og í Alþingi, kæmi nú til móts við okkur eða við fyndum sameiginlegan flöt til þess að koma málinu fram.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja orð mín að þessu sinni fremur, en vildi óska þess, að þessu máli yrði, eins og ég sagði áður, jákvætt tekið, og að lokum vil ég óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr., þegar þessari umr. er lokið, og enn fremur til hv. landbn. deildarinnar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Rétt er það, að þetta frv. er ekki nýtt hér í hv. d. Það er í fimmta skipti, sem frv. um sandgræðslu er flutt, og það er í þriðja sinn, sem þetta frv. er flutt. Þetta frv. er nefnilega ekki sama frv. og það, sem sandgræðslunefnd samdi, sem þáv. landbrh., Hermann Jónasson, skipaði. Þetta er frv., sem samið var af nefnd, sem ég skipaði 1960, og er í mörgu ólíkt því fyrra frv., þótt bæði frv. eigi það sameiginlegt að vilja stefna að aukinni sandgræðslu.

Í frv. þeirrar nefndar, sem Hermann Jónasson skipaði, var tekjuöflunin á annan veg en lagt er til í þessu frv. Í því frv. var lagt til, að búpeningur yrði skattlagður og teknanna aflað þannig. Það átti að borga visst gjald af hverri sauðkind, hverjum nautgrip og hverju hrossi. Þetta var ekki vinsælt, og mótmæltu bændur því, að þeir yrðu skattlagðir á þennan veg, og er það frv. úr sögunni þess vegna fyrir 3 árum. En þá má spyrja: Hvernig stendur á því, að þetta frv. hefur ekki heldur náð fram að ganga, þótt það sé endurbætt og við það aukið frá hinu fyrra frv.? Það er margt nýtilegt í þessu frv., sem gæti vissulega orðið uppgræðslu og sandgræðslu til framdráttar. Eigi að síður hefur ekki fengizt samstaða um það innan þingsins að gera þetta frv. að lögum, enda þótt það sé ljóst og áreiðanlega vitað, að allir hv. alþm. skilja það, að aukning sandgræðslu er nauðsynleg og æskilegt að auka fjárráð þessara stofnana. Þetta lá fyrir, áður en hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Norðurl. e. fluttu frv. Það lá fyrir, að hv. Alþingi hefur hafnað þessu frv. í því formi, sem það er, þrátt fyrir vilja Alþingis um það að auka sandgræðsluna og efla, og þess vegna skil ég ekki, af hverju þessir hv. þm. flytja þetta frv. óbreytt, af hverju er ekki leitað að nýjum leiðum.

Hv. 4. þm. Sunnl. talaði hér um áðan, að það ætti að leita að samstöðu um málið. Ekki ræddi hann við mig um þetta mál, áður en það var flutt, um samstöðu. Og ég vil upplýsa hv. þm. og hv. flm. um það, að einmitt vegna þess að þessu frv. hefur verið hafnað þrátt fyrir ágætan vilja allra þm. um að bæta úr í þessu máli, auka fjárráð þessarar stofnunar, þrátt fyrir ágætan skilning allra þm. á því að stöðva sandfokið og auka uppgræðsluna, þá hefur þessu frv. verið hafnað. Þess vegna er það, sem ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að leita að nýjum leiðum og úrræðum, sem mættu verða til þess að sameina menn og ná góðum árangri í þessu velferðarmáli þjóðarinnar. Þess vegna er það, að nú er verið að endurskoða þetta frv. Meðal þeirra, sem að því vinna, eru Pálmi Einarsson og sérfræðingur í atvinnudeildinni, Ingvi Þorsteinsson. Þeir eru að vinna að þessu máli nú og reyna að koma því í það form, sem hv. Alþingi gæti sameinazt um. Og það er enginn vafi á því, að þótt fyrra frv. hefði orðið að gagni að mörgu leyti, ef það hefði verið samþykkt og tekjuöflunin dálítið einkennileg, þá hefði það þó getað gert gagn. Þetta frv., sem hér um ræðir, er þó enn betra en það fyrra og a. m. k. losar bændur við þennan fyrirhugaða skatt, og það sýnist vera, að það væri engin fjarstæða, að eitthvað af álagningu, sem er á áfengi, væri látið í þetta fara. En það er ekki sagt, að það sé endilega nauðsynlegt, að það sé þannig, því að óbeinlínis er það fé vitanlega tekið úr ríkissjóði, sem þannig væri tekið af áfenginu. En það vitanlega má fara margar leiðir í því að afla tekna fyrir sandgræðsluna, og það er áreiðanlega nauðsynlegt og eðlilegt, þegar farið er að hugsa vel um þessi mál, að breyta í ýmsu frá þessu frv. Það er t. d. nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir því, betur en er gert

í þessu frv., hvernig haga skal vinnubrögðum þannig við uppgræðsluna, til þess að gæti komið að sem mestum og beztum notum, t. d. að gera áætlun fyrir ákveðinn tíma, 5 eða 10 ár o. s. frv., og gera sér fyllilega grein fyrir því, að það er ekki aðeins þörf á því að græða upp það, sem nú er örfoka auðnir, heldur líka koma í veg fyrir, að það blási upp, sem enn er gróið land. Og það þarf að athuga það einnig, hversu mikið beitarþolið er, og jafnvel þarf að gera ráðstafanir til þess með lögum, að landinu sé ekki íþyngt um of, þannig að til ofbeitar komi og uppblásturs af þeim ástæðum.

Það er enginn vafi á því, að vilji Alþingis til þess að auka sandgræðsluna og skilningur á mikilvægi sandgræðslunnar er fyrir hendi, og það sýnir sig, að ríkisstj. hefur haft skilning á þessu, þótt ekki hafi verið samin ný löggjöf um það, því að frá því, sem var á fjárl. 1958, hafa fjárráð sandgræðslunnar verið aukin um 160%. Á fjárl. 1958 eru fjárveitingar til sandgræðslunnar 1 millj. 930 þús. Á fjárl. 1963 eru fjárveitingar 4 millj. 330 þús. Og auk þess er tekjuafgangur af Gunnarsholtsbúinu, sem hefur farið til sandgræðslunnar, og auk þess er framlag héraðanna, sem þau leggja á móti, þegar borið er á með flugvélum, en það er helmingur, þannig að það eru rúml. 5 millj. kr., sem sandgræðslan hefur á þessu ári til umráða á móti 1 millj. 930 þús. 1958. Fjárráð sandgræðslunnar hafa þannig verið aukin um rúml. 3 millj. kr. á þessu tímabili, og ég er sannfærður um það, að þegar hv. 4. þm. Sunnl. gerir sér grein fyrir þessu, þá er hann út af fyrir sig ánægður með það, enda kom honum það ekki til hugar í sinni ræðu áðan að deila á ríkisstj. fyrir áhugaleysi og skilningsleysi á þessum málum.

Það, sem okkur hefur ekki komið saman um að öllu leyti, er aðferðin við það, hvernig eigi að lögfesta þessi mál, til þess að geti komið að sem mestu gagni, og ég vil endurtaka, að það er ekki leiðin að endurflytja þing eftir þing sama frv., sem búið er að hafna. Ef við erum að vinna fyrir gott málefni, verðum við að leita að nýjum leiðum til þess að koma málunum fram, samkomulagsleiðum. Og ég er alveg sannfærður um það, að þá ríkisstj. og það Alþingi, sem hefur aukið framlög til sandgræðslunnar um 160% síðan 1958, — það Alþingi og þá ríkisstj. vantar ekki vilja til þess að koma skynsamlegri löggjöf á í þessu efni. Þess vegna þarf að leiða saman hina beztu krafta til þess að finna hin beztu úrræði, og eins og ég sagði áðan, þegar farið er að skyggnast vel inn í þessi mál, er margt, sem kemur til greina í sambandi við það. Það er gróðurverndin ekki síður en sandgræðslan og uppgræðslan.

Í sjálfu sér er ekki ástæða til að vera að fjölyrða meira um þetta. Ég vildi aðeins koma þessu hér að, til þess að hv. alþm. viti, að það er verið að vinna að þessum málum og löggjöf um þessi efni. Það er ekkert aðalatriði, hvort hún kemur árinu fyrr eða seinna. Það er miklu meira atriði, að hún sé sniðin eftir nauðsyninni og eftir því viðhorfi, sem hinir færustu menn fá á þessum málum, eftir því sem þeir vinna meira að þeim, þannig að sem mests árangurs megi vænta. Og ég hefði nú sagt, að það væri mjög slæmt, ef það hefði dregizt að lögfesta þessi frv., ef ríkisstj. hefði haldið að sér höndum og ekkert gert í þessum málum á meðan. En hv. 4. þm. Sunnl. mun ekki ásaka ríkisstj. fyrir það að hafa verið aðgerðalaus, þar sem framlagið til sandgræðslunnar hefur verið aukið um 160% á þessu tímabili. Og ég vil minna menn á það, að 1958 höfðu framsóknarmenn tækifæri til þess að samþykkja frv. um sandgræðslu, — það frv., sem þá var lagt fram og sandgræðslunefnd hafði samið samkv. óskum þáv. landbrh., sem var framsóknarmaður.

Það er ánægjulegt að vita það, að uppgræðslan núna seinni árin hefur gengið mjög vel og hagræðing og bætt vinnubrögð gefa betri árangur en áður. Það eru 3—4 ár síðan byrjað var að dreifa áburði úr flugvél. Það var í smáum stíl fyrsta árið. Þetta hefur alltaf verið að aukast, og umsóknir hafa komið úr flestum héruðum landsins um það að fá áburðarvélina, og hreppárnir hafa boðizt til að leggja helming fram á móti. Og svo var komið sumarið 1961, að ein vél annaði þessu tæplega, því að ef áburðardreifingin átti að koma að gagni það sumarið, sem áburðinum var dreift, mátti það ekki vera seinna en í ágúst, helzt fyrri hluta ágústmánaðar. Til þess að hægt væri að fullnægja óskum allra í þessu efni, var keypt önnur áburðardreifingarvél á s. l. vori. Starfsemi þessi hefur þess vegna aukizt stöðugt, og mér kæmi ekki á óvart, þótt þörf væri fyrir þriðju áburðarvélina, áður en langt um líður.

Það er öllum ljóst, að landið verður að hætta að blása upp. Við höfum ekki efni á því að láta gróðurinn fara til sjávar, eins og gert hefur á undanförnum áratugum og öldum, og sem betur fer erum við komnir vel áleiðis í því að hefta eyðingaröflin að þessu leyti. En það eru þó sýnilega stórverkefni fram undan á einstökum stöðum. Það er t. d. í Haukadal í Biskupstungum, þar þarf að girða stóra girðingu. Þar hefur landið verið að blása og bar mest á því sumarið 1962 og s. l. sumar, og er nú þegar byrjað á þeirri girðingu. Og það má reikna með, að það kosti hátt upp í 1 millj. aðeins að ganga frá þeirri girðingu og sá í uppblásturssvæðin þar, þannig að verkefnin eru ákaflega mikil víðs vegar um landið, ekki aðeins í sambandi við sandgræðslu, heldur og ekki síður í sambandi við gróðurvernd.

Ég læt svo máli mínu lokið að þessu sinni, en tel sjálfsagt, að haldið verði áfram að vinna að þessum málum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. fyrri flm. þessa frv., hv. 4. þm. Sunnl., hefur þegar gert ýtarlega grein fyrir efni frv., eins og það liggur fyrir hér á þskj. 66 og hefur áður legið fyrir þessari hv. d. Og ég hef ekki miklu við það að bæta. Hins vegar vildi ég gjarnan nota tækifærið til þess að ræða lítils háttar almennt um það stórmál, sem hér er á ferðum, þ. e. a. s. gróðureyðinguna í landinu og ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hana og græða auðnir þessa lands, að því leyti sem það er talið fært með þeirri þekkingu og þeim aðferðum, sem menn nú ráða yfir.

Það, sem ég segi, verður þó að sjálfsögðu lítið annað en upprifjun á því, sem komið er fram í umr. um þetta mál áður, þegar það hefur verið flutt hér á hinu háa Alþingi. En þetta mál er þó þess eðlis og svo mikilsvert, að ástæða er til að rifja upp, þegar svona frv. er á ferðinni, ýmsar staðreyndir, sem nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir. Ræða hæstv. landbrh. hér áðan gefur ekki mikið tilefni til umr. Þó kom fram í henni nokkur misskilningur, sem ég vildi gjarnan leiðrétta, og dálítið einkennilegur hugsanagangur. Hæstv. ráðh., sem annars tók þessu máli vel nú, lét orð falla á þá leið, að hann furðaði sig nokkuð á því, að við flyttum þetta frv. nú óbreytt eða lítið breytt frá því, sem það hefði verið, þegar það var síðast flutt fyrir 2 árum, því að þá hefði Alþingi hafnað frv., og það var einkennilegt, fannst honum, að flytja mál aftur, sem Alþingi hefði hafnað.

Það er nú í fyrsta lagi um þetta að segja, að ef hæstv. ráðh. athugar nánar sinn gang og lítur í þingtíðindin frá undanförnum árum, mun hann sjá við nánari athugun, að Alþingi hefur ekki hafnað þessu frv. og ekki heldur öðrum þeim frv., sem flutt hafa verið á Alþingi um þetta efni síðan 1957. Þegar við fluttum frv. síðast, við hv. 4. þm. Sunnl., þá var því vísað til n., hv. landbn., í þessari hv. d. Minni hl. n. skilaði áliti og mælti með frv., en meiri hl. skilaði ekki áliti. Þetta hygg ég, að ég fari rétt með, en hæstv. ráðh. getur kynnt sér þetta nánar í skjölum þingsins. Alþingi eða hv. Nd. greiddi því ekki atkv. um þetta mál og hafnaði því ekki, hvorki samþykkti það né hafnaði því. Eins var það þau tvö skipti, sem málið hafði þá áður verið flutt. Þegar við þessir sömu flm. fluttum það á Alþingi 1950—1960, að ég ætla, og þegar Steingrímur Steinþórsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, flutti málið á þinginu 1958—1959, þá hafnaði þingið ekki frv., heldur hlaut það þau örlög margra þingmála að verða ekki útrætt. Við höfum því ekki flutt hér mál, sem Alþingi hefur áður hafnað, og enda þótt við hefðum gert það, væri ekkert einkennilegt við það, því að það mun hæstv. ráðh. líka komast að raun um, ef hann kynnir sér þingsöguna bæði fyrr og síðar, að það er ákaflega algengt, að þm. hafa flutt mál, sem þingið hefur hafnað. Alla tíð frá því að þessi stofnun var endurreist, hefur það gengið svo, að það eru mörg mál, sem ekki hafa gengið fram á Alþingi í fyrsta sinn, mörg mikilsverð mál, sem hafa orðið til góðs fyrir þetta þjóðfélag, en flm. málanna hafa ekki gefizt upp við að flytja þau, þó að Alþingi hafnaði þeim, heldur hafa þeir haldið áfram að flytja þau og vinna þeim fylgi, þangað til Alþingi hefur samþykkt þessi mál. Og eitt af þeim málum má segja, að sé sjálfstæðismál Íslendinga. Það er því næsta einkennilegt að viðhafa þessi ummæli, og hafa þau sjálfsagt verið höfð að lítt athuguðu máli. Hitt er svo alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, að það gæti verið ástæða til þess að athuga málið betur, og það er svo um flest mál eða öll, að hversu vel sem þau eru undirbúin, getur lengi verið ástæða til að athuga í þeim einhver atriði betur. Og sízt munum við hafa á móti því, að mætir menn eins og Pálmi Einarsson landnámsstjóri eða starfsmaður atvinnudeildarinnar, sem hæstv. ráðh. nefndi hér og mun vera Ingvi Þorsteinsson, leggi fram sitt lið og sína þekkingu til þess að gera þetta mál sem bezt úr garði. Og ég geri satt að segja ráð fyrir því, að þessir menn eða a. m. k. Pálmi Einarsson landnámsstjóri, sem lengi er búinn að vera starfsmaður í landbúnaðarmálum, hefði fyrr verið reiðubúinn til þess að leggja á ráð og leggja fram sína þekkingu í þessu máli, ef til hans hefði verið leitað af hlutaðeigandi stjórnarvöldum, þegar þetta frv. kom hér fram á Alþingi.

Hæstv. ráðh. gat þess, að í sambandi við afgreiðslu þessa frv. þyrfti m. a. að gera sér grein fyrir vinnubrögðum þeim, sem viðhöfð yrðu til þess að framkvæma frv. Getur vel verið, að það sé rétt, að það þurfi að gera sér betur grein fyrir þeim vinnubrögðum, en venjulega er það framkvæmdaratriði að verulegu leyti, hvernig vinnubrögðunum skuli hagað. Hæstv. ráðh. sagði líka, að það væri nauðsynlegt að gera áætlun um framkvæmd þessara mála. En við nánari athugun mun hann sjá, að einmitt í þessu frv., í 20. gr., er kveðið svo að orði, að Sandgræðsla Íslands skuli í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknardeild búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans gera 10 ára áætlun um framkvæmdir samkv. 19. gr. frv., sem er uppgræðsla sú, sem er aðalnýmælið í frv., þannig að þeir, sem undirbjuggu málið, hafa fyllilega gert sér grein fyrir því og sett það í frv. beinlínis, að gera skyldi áætlun um þessi mál. Það þurfti því ekki að kveðja til neina aðra menn til að gera till. um það, að áætlun skuli gerð, hún er í frv.

En það mátti samt yfirleitt segja, að hæstv. ráðh. tæki þessu máli vinsamlega, og vil ég vænta þess, að það sé fyrirboði þess, að frv. nái nú fram að ganga. En það er hæstv. ráðh. náttúrlega ljóst, eins og okkur flm., að þetta mál mun ekki ná fram að ganga, ef hann, ráðh., eða hæstv. ríkisstj. leggst gegn því. Ríkisstj. hefur möguleika til þess að hindra framgang mála vegna aðstöðu sinnar og meiri hl., og nú er búið að hindra framgang þessa máls á Alþingi nokkrum sinnum. Ég vona, að nú verði þar annar háttur á hafður, og við flm. erum að sjálfsögðu, eins og hv. 1. flm. málsins tók fram, reiðubúnir til viðræðu og samstarfs um endurbætur á þessu frv. Hins vegar er það svo, að við flutning málsins bæði nú og fyrr höfum við farið eftir till. þeirra manna, sem á sínum tíma var af þáv. landbrh. falið að undirbúa þetta mál. Við höfum í rauninni ekki gert þessar till. sjálfir, þetta eru till. okkur fróðari manna um þessi mál, en við höfum á þær fallizt og viljað vinna að því, að málið næði fram að ganga.

Upphaf þessa máls, sem hér liggur fyrir, er það, eins og hv. 1. flm. málsins raunar minntist á í framsöguræðu sinni, að á árinu 1957 skipaði þáv. hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, 5 manna nefnd til að endurskoða sandgræðslulögin frá 1941 og gera frv. til nýrra sandgræðslulaga. Í þessari nefnd, sem ráðh. skipaði til að athuga þetta mál, voru Björn Kristjánsson fyrrv. alþm. á Kópaskeri, sem var formaður n., Steingrímur Steinþórsson, þáv. búnaðarmálastjóri, Páll Sveinsson sandgræðslustjóri, Árni G. Eylands, þá starfsmaður í landbrn., og Arnór Sigurjónsson ritstjóri Árbókar landbúnaðarins. Ég þarf ekki annað en

lesa þessi nöfn, til þess að hv. þm. megi sjá, að athugun þessa máls var fengin í hendur mönnum, sem skilyrði höfðu til þess að vinna gagnlegt starf. Það var líka svo, að þessi nefnd sýndi mikinn áhuga í starfi sínu og vann verk sitt af dugnaði. N. ferðaðist um þau héruð, þar sem sandgræðslustarfsemin hefur aðallega látið til sín taka. M. a. skoðaði hún a. m. k. allar helztu sandgræðslugirðingarnar, og hún stóð fyrir því að gefa út á 50 ára afmæli sandgræðslustarfseminnar myndarlegt afmælisrit. Í þessari bók, sem ég hef hér í höndum og hv. þm. allir hafa haft í höndum, er yfirlit yfir þessa starfsemi frá öndverðu og merkilegar ritgerðir yngri og eldri um þessi mál, svo og athuganir eða yfirlit um athuganir á þeim verkefnum, sem fyrir liggja. N. samdi svo frv., sem hún afhenti hlutaðeigandi stjórnarvöldum, og þetta frv. var til meðferðar bæði í landbrn. og á búnaðarþingi á árinu 1958. Það er alveg rétt, sem hæstv. landbrh. tók fram, að í því voru ákvæði varðandi tekjuöflun, — ég held, að það hafi ekki verið mikið annað, — sem ollu nokkrum ágreiningi á búnaðarþingi, og í grg. frv., eins og við fluttum það á Alþingi, 1960—1961 ætla ég að það hafi verið, gerðum við grein fyrir áliti búnaðarþings á þessum málum og þeim till. og samþykktum, sem þar voru uppi. Þar var m. a. gert ráð fyrir sérstöku gjaldi á búpening, sem sandgræðslunefndin hafði lagt til og taldi, að mundi ekki illa til þess fallið að vekja almennan áhuga bænda á þessari starfsemi. Ég skal ekki dæma um það álit, en ýmsum þótti óþarft að leggja á þetta gjald. Einnig voru þar líka till., ef ég man rétt, um tekjuöflun með gjaldi á innfluttum fóðurbæti, eins og málið kom frá n. Á næsta þingi á eftir, að mig minnir 1958—1959, flutti einn nm., Steingrímur Steinþórsson, frv. á Alþingi, og það var í fyrsta sinn, sem það var flutt. Það voru þá orðin stjórnarskipti, og sú stjórn, sem við tók, lagði ekki þetta mál fram. En Steingrímur Steinþórsson flutti það þá á Alþingi.

Síðar, eftir að sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr, kom til valda, tókum við hv. 4. þm. Sunnl. málið upp, og þetta er í þriðja sinn, að mig minnir, sem við flytjum það hér í deildinni, þó nokkuð breytt að því er tekjuöflunina varðar, eins og hæstv. ráðh. vék líka að. Þegar við fluttum málið í fyrsta sinn, tilkynnti hæstv. landbrh., sem þá var hinn sami og nú, að hann mundi eða hefði þegar, ég man ekki, hvort heldur var, kvatt sandgræðslunefndina gömlu til starfa á ný. Ég held, að það sé misminni hjá honum, að hann hafi skipað nýja nefnd. Ég held, að hann hafi kvatt gömlu sandgræðslunefndina til starfa á ný. Og hún kom saman um það leyti og gerði þá till. um breyt. á frv., og þær voru aðallega í því fólgnar að breyta til um aðaltekjuöflunina, þannig að í stað þess, sem n. hafði áður lagt til, að aflað yrði fjár með aukaálagningu á tóbak, þá var nú lagt til, að aflað yrði fjár með aukaálagningu á áfengi. Ári eftir að n. hafði skilað þessum nýju till. eða rúmlega ári eftir það, fluttum við frv. í annað sinn og tókum þá upp tekjuöflunaraðferðir hinar nýju, gerðum till. um, að aukaálagning á áfengi kæmi í staðinn fyrir aukaálagningu á tóbak. Ég geri ráð fyrir því, að þarna sé um svipaðar fjárhæðir að ræða, þó er ég ekki fyllilega dómbær á það, þannig að af hálfu sandgræðslustarfseminnar eða landgræðslustarfseminnar, eins og hún ætti réttilega að heita, skipti það ekki mjög miklu máli, á hvorn hátt fjárins er aflað fremur, með aukaálagningu á áfengi eða aukaálagningu á tóbak. En eins og hv. þm. geta séð í 31. gr. frv., er ekki gert ráð fyrir því, að áfengisverzlunin greiði þetta gjald af tekjum sínum, heldur að gjaldið sé lagt á sérstaklega, sem aukaálagning umfram álagningu áfengisverzlunarinnar, sem hún á að innheimta fyrir sandgræðslustarfsemina og standa skil á til sandgræðslunnar.

Að öðru leyti en því, sem tekjuöflunina varðar, er þetta frv. lítið breytt að efni til frá því, sem það var þegar á árinu 1957. En búið er að fella niður búfjárgjaldið, sem upphaflega var gert ráð fyrir,— nefndin gerði sjálf till. um það, að ég ætla, — og sömuleiðis gjald af innfluttum fóðurbæti, sem nú er ekki lengur um að ræða, enda má segja, að á móti þeirri tekjuöflun komi það, sem hæstv. ráðh. gat um, að nokkuð hefur verið hækkað framlag á fjárlögum til sandgræðslunnar. Það er rétt, sem hann sagði, að núna síðustu árin hefur framlag til sandgræðslunnar verið töluvert mikið hækkað, þó hvergi nærri eins mikið og fjárlögin í heild hafa hækkað, að ég ætla. Og á þessum tíma hefur vitanlega líka aukizt kostnaður við þessa starfsemi, þar sem allt er nú dýrara en áður var.

Eins og hv. fyrri flm. frv. kom að í framsöguræðu sinni, höfum við hv. 4. þm. Sunnl. talið okkur hafa nokkuð ríka skyldu til þess að leggja þessu máli lið. Við vorum báðir áður og erum raunar enn fulltrúar fyrir héruð, sem mjög hafa orðið fyrir barðinu á eyðingaröflum náttúrunnar, og þar sem það hefur einnig sýnt sig glöggt, hverju koma má til vegar með þeim aðgerðum, sem nú er hægt að beita.

Ég minnist þess alltaf, þegar ég fyrir um 10—12 árum var staddur norður í Kelduhverfi einn sólbjartan sumardag og fegurð náttúrunnar var mikil, eins og hún verður þá á þeim slóðum og árstíma. Þá skyndilega rétt eftir hádegið dimmdi í lofti. Hann gekk upp á sunnan. Þarna neðan af láglendinu var að sjá eins og færi jóreykur af óvígum her sunnan yfir fjöllin. Sandurinn eða rykið kom þarna eins og ský niður í byggðina undan sunnanvindinum, og sólskinið hvarf, og þessi rykmökkur steyptist niður yfir láglendið. Einmitt á þessum árum voru að eyðast gróðurlönd við vaxin í uppsveit Öxarfjarðar, og var ekki annað sýnt en að sandurinn mundi brjóta undir sig alla sveitina niður að jökulvötnunum, sem þar falla fram. Þá var það, sem það tókst með góðra manna aðstoð hér á Alþingi og í stjórnarráði og á vegum Sandgræðslunnar að hefta framgang sandsins í Öxarfirði. Þar var komið upp einni stærstu sandgræðslugirðingu landsins, um 6 þús. hektara að stærð, og sáð í þann hlutann, sem næstur var sveitinni. Nú er þarna gróið land, þar sem sandurinn færðist áður fram, hávaxinn melgróður og víðir og túngrös og voðanum bægt frá, þó að ekki sé búið að græða upp nema lítinn hluta af allri sandgræðslugirðingunni. Í þessu héraði eru margar aðrar sandgræðslugirðingar eldri, aðallega báðum megin meðfram

Jökulsá, þar sem jökulhlaupin fyrr á tímum fóru yfir láglendið í Kelduhverfi og Öxarfirði. Þar er svonefnd Ásgirðing, sem í afmælisriti Sandgræðslunnar er einnig talin um 6 þús. hektarar, þar er Vatnsbæjagirðing og Arnarnesgirðing og tvær girðingar á Austursandi. Þetta eru eldri girðingar, og alls staðar sést mikilsverður árangur. En mestallt þetta land væri sennilega hægt að græða upp.

Í Rangárvallasýslu, í héraði hv. 1. flm. og hæstv. landbrh., eru kannske enn stærri sandsvæði og miklar sandgræðslugirðingar. Girðingin í Landeyjum mun t. d. vera um 12 þús. hektarar, ef ég man rétt, og Gunnarsholtsgirðingarnar líklega um 11 þús. ha.

Önnur héruð landsins, þar sem eyðingin er mest, eru t. d. Vestur-Skaftafellssýsla og Suður-Þingeyjarsýsla, og í báðum þessum sýslum hefur mikið verið girt og orðið mikill árangur. Allir kannast við starfsemina í Gunnarsholti, sem er höfuðstaður sandgræðslunnar.

Þessi starfsemi að hefta framgang sandfoksins er orðin meira en 50 ára gömul. Fyrstu sandgræðslulögin eru frá 1907. En einmitt um það leyti, sem sandgræðslunefndin tók til starfa fyrir 6—7 árum, voru menn farnir að koma auga á nýjan möguleika og nýjar aðferðir. Menn voru búnir að koma auga á möguleika til þess að gera meira en hefta sandfokið, möguleika til þess að sækja á í staðinn fyrir að verjast, að græða upp sanda og mela, þar sem landið er ekki mjög hátt a. m. k. og þar sem einhver gróðurvottur er. Og það er einmitt tilgangurinn, höfuðtilgangurinn með þeirri aukafjáröflun, sem þetta frv. frá öndverðu hefur gert ráð fyrir, hvort sem gjaldið ætti að leggjast á tóbak eða brennivín, aðaltilgangurinn að fá fé til þess að hefja þessa sókn. Og okkur finnst, flm., að hvert árið, sem líður án þess að reynt sé að afla þessa fjár og hefjast handa, svo að um muni, hafi að þessu leyti til einskis liðið. Þess vegna er ástæða til að harma það, að Alþingi skuli ekki fyrr hafa afgreitt þetta mál á þann hátt að skapa sandgræðslustarfseminni möguleika til þess að hefja þetta átak.

Í afmælisriti Sandgræðslunnar, sem ég nefndi áðan, eru merkilegar skýrslur, sem við flm. höfum nú víst vakið athygli á hér áður og hv. þm. flestir hafa sennilega einhvern tíma kynnt sér, en e. t. v. liðið úr minni síðan, — merkilegar skýrslur um starfsemi Sandgræðslunnar fram að þeim tíma og möguleika til þess að græða upp landið. Samkv. þeim skýrslum voru sandgræðslugirðingarnar árið 1957 um 50 að tölu, samtals um 1000 km², og nokkrar af þeim stærstu nefndi ég hér áðan. En í þessu riti er einnig yfirlit um athuganir, sem sandgræðslunefndin lét gera á þeim svæðum, sem mögulegt væri að græða upp að meira eða minna leyti með hinum nýju aðferðum. Þar segir, í þessari bók, á bls. 329, að sandar og melar auðveldir til græðslu lægri en 400 m yfir sjávarmál séu samtals 3787 km². Og ég ætla, að Páll Sveinsson sandgræðslustjóri taki það fram í ritgerð, sem hann skrifar í bókina um þetta efni, að á öllum þessum svæðum sé um einhvern gróður að ræða. Það, sem þá er gert ráð fyrir að þurfi að gera, er að bera á landið, og tilraunir þykja hafa sýnt, þegar borið er á land, sem ekki er hærra en þetta og einhver jarðvegur er í, eins og gerist á söndum og melum, þá grói landið upp svo mjög, að þar geti a. m. k. orðið um gott beitiland að ræða. Hér er í öðru lagi talað um aðrar auðnir landsins, sem séu lægri en 400 metra yfir sjávarmál, og þar er um álíka stórt landssvæði að ræða, sem ekki er eins auðgrætt og það, sem fyrr var nefnt. Það eru sérstaklega þessir auðgræddu sandar og melar undir 400 m, sem augu manna hafa beinzt að í sambandi við þetta frv., og þessi svæði eru á ýmsum stöðum á landinu, í ýmsum landshlutum. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og austur undir Ölfusá er t. d. talið, að séu um 1000 km² af slíku landi, svo að nokkuð sé nefnt, í Suður-Þingeyjarsýslu um 405 km², í Norður-Þingeyjarsýslu 606 km², fyrir utan sandgræðslugirðingarnar, sem ég hef áður nefnt, í Vestur-Skaftafellssýslu 530 km², í Rangárvallasýslu 435 km², í Árnessýslu austan Ölfusár, Sogs og Öxarár, þ. e. a. s. utan landnáms Ingólfs, 238 km². En alls eru þessi svæði í 16 sýslum talin, þessi sem auðgræddust eiga að vera. Ég rifja þetta upp hér í sambandi við þetta mál til þess að stuðla að því, að hv. þm. íhugi enn einu sinni þessa hluti, sem hér er um að ræða, og mikilvægi þessa máls.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég vil eins og hv. fyrri flm. málsins mega vænta þess, að nú sé stundin komin. Þetta mál hefur, — það er kannske ekki óviðeigandi að segja, af því að hér er um sanda að ræða, — hrakizt í eyðimörkinni um nokkurra ára skeið. Við vonum, flm., að nú sé sú stund komin, að okkur takist hér í hv. d. og hv. Alþingi að setja ný lög um sandgræðslu eða landgræðslu, sem fullnægi þeim tilgangi, sem fyrir 6—7 árum vakti fyrir þeim ágætu mönnum, sem sandgræðslunefndina skipuðu og í öndverðu sömdu þetta frv.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. — Ég er eftir atvikum ánægður með afstöðu hæstv. landbrh. gagnvart þessu máli. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi koma að og hæstv. ráðh. minntist á.

Endurskoðun á sandgræðslufrv. er áformuð, segir hæstv. ráðh. Ég gat ekki heyrt í hans ræðu, um hvað þessi endurskoðun ætti aðallega að fjalla, en hann nefndi til 2 menn af þeim, sem fara eiga yfir þessi mál, og báðir þeir menn eru manna líklegastir til þess að fara sæmilegum höndum um mál eins og þetta, það er ég viss um. En hitt er allt annað mál, að ég geri ekki ráð fyrir því, að þessir ágætu menn finni nýja fleti í þessu efni í neinum aðalatriðum. Ég hygg, að megi segja það, að þeir ágætu menn, sem unnu þetta mál í upphafi, hafi kannað það svo í grunn í meginatriðum, að þar um verður út af fyrir sig ekki svo mjög bætt. Endurskoðun hlýtur því meira að falla í þann farveg að athuga betur um aðferðir til að vinna sandgræðslumálið fram og þær aðferðir, sem vísindamenn helzt geta aðhyllzt, eftir því sem reynsla og þekking hefur vaxið í þessum málum. Þess vegna hef ég ekki mikla trú á því, að endurskoðun út af fyrir sig geti mjög miklu breytt um það frv., sem hér liggur fyrir, og allra sízt þannig, að þessi endurskoðun mætti ekki fara fram nú þegar og framvegis um

mörg næstu ár, þrátt fyrir það, þó að þetta frv. yrði gert að lögum.

Það er nú svo með þetta frv. eins og önnur, sem fjalla um mál, sem eru í mjög örri þróun, að þau hljóta að sjálfsögðu að verða um margt úrelt á langri leið, og það má enda viðhafa sömu orð um alla löggjöf, að hún hlýtur að taka breytingum meira og minna með tímanum, þannig að maður þarf ekkert að vera hissa á því, þó að eitt og eitt ákvæði í þessu frv., sem hér liggur fyrir og er orðið nærfellt 6—7 ára gamalt, þurfi að taka einhverri breytingu út af fyrir sig. En ég hygg það og stend fast á því, að meginatriði þessa frv. hljóti að standa um skeið óhögguð þrátt fyrir þá endurskoðun, sem áformuð er. Eða er kannske meiningin, að þessir endurskoðunarmenn frv. eigi að fjalla um tekjuöflunarleiðir og reyna að finna einhverja nýja fleti í því efni? Ég hef enga trú á því, að þeim takist það betur en ýmsum öðrum, sem þar um hafa fjallað, og vafasamt er það, að þeir geti komið fram með neina þá tekjuöflunarleið í frv., sem hæstv. ríkisstj. felli sig við. Það er fyrst og fremst ríkisstj., skilst mér, sem þarf að fella sig við tekjuöflunarleið, svo að hún megi verða lögfest.

Ég vil því vænta þess, að þrátt fyrir þessa endurskoðun, sem ég geri ekki ráð fyrir að leiði neitt nýtt í aðalatriðum í dagsins ljós, megi þetta frv. ná fram að ganga á þessu þingi, þannig að að því loknu megi gilda ný sandgræðslulöggjöf í þessu landi, sem byggð er á aukinni þekkingu og fenginni reynslu í þessum efnum. Og ég er ekki í vafa um það, að slík löggjöf nær fram að ganga, ef ríkisstj. kærir sig um og nær samstöðu um innbyrðis, og ég vil vænta þess og legg meginkapp á það, að hæstv. landbrh. komi því til leiðar í ríkisstj., að það verði samstaða um frv., eins og það liggur hérna fyrir í meginatriðum, og það megi ná fram að ganga á þessu þingi. Og ég þykist vera viss um það, að hæstv. landbrh., jafnvel og hann tók í þetta mál nú og óvenjulega vel, — því að stundum hefur nú um þetta mál hér á fyrri árum öðruvísi þotið í þeim skjá, — megi svo að vinna innan síns flokks, að frv. nái fram að ganga, og þá fær hann þakkir alþjóðar fyrir bragðið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var nú ekki ástæða beinlínis til þess að standa hér upp til þess að svara hv. flm., ekki beinlínis ástæða til þess, en ég get nú ekki að því gert samt að segja nokkur orð í sambandi við það, sem þeir hafa látið hér frá sér fara.

Hv. síðasti ræðumaður sagðist vonast til þess, að ég gerði það, sem í mínu valdi stæði, til þess að vinna að þessu máli, og hann taldi sig hafa sérstaka ástæðu til að ætla það, vegna þess að ég hefði tekið óvenjulega vel í þetta mál núna. Ég held, að honum hafi orðið mismæli, að hann hafi ætlað að segja, að hann hefði sérstaka ástæðu til þess að halda, að ég héldi áfram að vinna vel að þessum málum, vegna þess, hversu fjárframlög til sandgræðslunnar hafi verið aukin mikið síðustu árin. Hann sagði það ekki, en meinti það, og vitna ég þar í fyrri ræðu hans, sem mátti alveg skilja á þá leið, að hann væri eftir atvikum ánægður með það, sem gert hefði verið. Og það er vitanlega aðalatriðið, hvað er gert og hvað er framkvæmt, og ég hefði haldið, að hv. 4. þm. Sunnl. hefði átt að vita það fyrr og vera sannfærður um það fyrr, að það væri unnið að þessum málum.

En það mun rétt vera, að ég hafi einhvern tíma hér í hv. Alþ. lýst skoðun minni á þessum vinnubrögðum, þegar stjórnarandstaðan tekur frv. til flutnings, sem stjórnskipuð nefnd hefur flutt, — tekur það til flutnings, meðan það er hjá ríkisstj. í athugun, og segir svo í framsöguræðu og í umr. um málið, að það sé æskilegt að fá samstöðu og það sé líklegt, að það megi takast. Það er þetta, sem er óvanalegt, en ekki það út af fyrir sig, að mál séu endurflutt. Það eru þessi vinnubrögð. Út af fyrir sig, ef ekki hefði mátt ýmislegt að þessu frv. finna, átti það vitanlega ekki að verða til þess, að það næði ekki fram að ganga, þó að stjórnarandstaðan hagaði sér á þennan veg, heldur er ástæðan sú, að ýmsir hafa talið, að ef farið yrði að setja nýja löggjöf um sandgræðsluna, þá þyrfti enn betur til hennar að vanda en er samkv. þessu frv. og fyrra frv.

Hv. 4. þm. Sunnl. fullyrti hér áðan, að endurskoðun mundi verða gagnslaus, það mundi standa það, sem í þessu frv. væri, þrátt fyrir endurskoðunina. Ég get upplýst hv. þingmann, í hverju endurskoðunin m. a. ætti að felast. Endurskoðunin á vitanlega að byggjast á því m. a. að gera ráðstafanir til þess að bæta haglendi í heimahögum og á afréttum alveg sérstaklega, gera gróðurathuganir á vegum atvinnudeildar háskólans í auknum mæli, og þá á að leiða rök að því, á hvern hátt það megi takast, til þess að sem beztur árangur náist. Og í þriðja lagi er það vitanlega gróðurverndin, sem ætti að hafa stóran þátt í þessu frv. og byggjast á þessum visindalegu athugunum, sem verða látnar fara fram í auknum mæli. Það er áreiðanlegt, að það er hér mikið óunnið, t. d. að rannsaka hlutfallslega samsetningu gróðursins í mismunandi gróðurlendi, að athuga þurrefnisframleiðslu óræktaðra og ræktaðra beitilanda, að athuga áhrif friðunar á mismunandi gróðurlendi, að athuga beitarþol hinna mismunandi gróðurlenda, að athuga áhrif áburðar á afkastagetu beitilandsins, að rannsaka hæfni ýmissa plantna, innlendra og erlendra, við uppgræðslu landa, að athuga, hversu nota megi uppgrædd lönd án hættu á nýjum landsskemmdum, að athuga mismun á gróðurskilyrðum í hinum ýmsu landshlutum.

Mér þykir það leiðinlegt, að hv. 4. þm. Sunnl. skuli ekki hafa áttað sig á því, að það er ákaflega margt, sem vantar í þetta frv., sem við erum að ræða um. Það er mjög leiðinlegt, vegna þess að það er svo margt, sem við getum lesið um þetta í skýrslum og gögnum, sem hafa komið út um þessi mál, og þetta frv., sem við erum hér að ræða um, þótt ýmislegt gott sé í því, þá er það alls ekki tæmandi. Það er ekki tæmandi, og við eigum að vanda til þessarar löggjafar, úr því að hún verður sett. Lög um sandgræðslu verða vitanlega sett, það liggur í hlutarins eðli, og þau verða miðuð við þá þekkingu, sem við höfum yfir að ráða nú, miðuð við það, að við tökum þekkinguna og vísindin í okkar þjónustu. Við miðum við það, að við notum það fjármagn, sem við

höfum yfir að ráða hverju sinni, þannig, að það komi að sem mestum notum, og ég efast ekkert um það, að hv. flm. þessa frv. átta sig á því, þegar þeir fara að hugsa um þessi mál, að þetta frv. er ekki tæmandi, og það verður þannig, að því meira sem við hugsum um þessi mál, verður okkur ljósara, hversu mikið er hér óunnið og hversu mikið við getum breytt vinnubrögðunum og náð betri árangri en áður með því að taka vísindin, þekkinguna og tæknina í okkar þjónustu.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að það hefði verið fyrir 7 eða 8 árum, sem menn uppgötvuðu, að það mætti ekki aðeins verjast uppblæstri og eyðingu, heldur mætti hefja sókn og hefja uppgræðslu, og þess vegna hefðu menn uppgötvað það fyrir 7 eða 8 árum, að það þyrfti meira fé en var á fjárlögum, á meðan flokksmenn þessara tveggja hv. flm. frv. voru við völd. Þetta sandgræðslufrv. var tilbúið í febrúarmánuði 1958. Þinginu lauk ekki það ár fyrr en í maílok eða í byrjun júní. Ég vildi nú spyrja hv. 3. þm. Norðurl. e. að því, hvernig stendur á því, að frv. var ekki flutt á þessu þingi, úr því að hann og hans flokksbræður höfðu þá uppgötvað það, að það þurfti meira fé en var á fjárlögum. Það hefði gjarnan mátt byrja á því 1958 að auka fjárframlög til sandgræðslunnar. Þá voru á fjárlögum 1 millj. 930 þús. kr., en eru nú, eins og áður hefur verið að vikið, 4 millj. 330 þús., og auk þess hefur sandgræðslan haft til umráða framlög frá héruðunum og tekjuafgang Gunnarsholtsbúsins, þannig að það eru rúmlega 5 millj. kr., sem sandgræðslan hefur haft til umráða á þessu ári. Þetta þarf að verða meira, til þess að meira sé unnt að vinna að þessum málum, og að því ber að miða. En ég hygg, að þeir, sem stóðu fastir 1958 og juku ekki framlög til sandgræðslunnar þá meira en raun ber vitni, álasi ekki núv. ríkisstj. fyrir aðgerðaleysi, enda hafa þessir tveir hv. flm. ekki gert það. Og ég verð nú að segja það, um leið og þeir tala um það, að ég hafi verið hógvær í umr. um þetta mál að þessu sinni, þá get ég í rauninni sagt það sama um þá. En um leið og við erum sammála um, að það þurfi að fá ný lög um sandgræðsluna, að það þurfi aukið fé, þá skulum við einnig vera sammála um það, að þetta er ekki leiðin til þess að koma málinu fram, að flytja æ ofan í æ sama frv., sem vitað er að er ekki í þeim búningi, að það hljóti fylgi ríkisstj., fylgi meiri hluta þings, enda þótt meiri hluti þings og allir alþm. séu mjög velviljaðir þessum málum og vilji aukið fjárframlag til þessara mála.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. gat um allar þær mörgu rannsóknir, jarðvegsrannsóknir og grasarannsóknir og aðrar slíkar, sem þyrftu að fara fram, og ég get vel fallizt á, að það sé meira en rétt hjá honum, að þær þurfi að eiga sér stað. En ef öllum þessum rannsóknum á að ljúka, áður en litið er við því að ganga frá nýjum sandgræðslulögum, þá hygg ég, að þau megi bíða nokkurn tíma. En svo vill vel til, að í því frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt gert ráð fyrir því, að slíkar rannsóknir verði studdar og studdar að verulegu marki, og heyra þær undir rannsóknir þær, sem hæstv. ráðh. taldi hér upp réttilega.

Í 23. gr. frv. segir, með leyfi forseta: „Sandgræðslan, hlutaðeigandi sandgræðsluvörður“ o. s. frv. „skulu fylgjast sem bezt með notkun afrétta í héraði hverju um land allt með það fyrir augum sérstaklega, að hverju fer um gróður og beitarþol“. Þarna eiga sem sagt að fara fram á vegum Sandgræðslu Íslands beitarþolsrannsóknir, sem auðvitað er höfuðnauðsyn. Í VII. kafla frv., 29. gr., segir: „Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyrir undir tilraunaráð jarðræktar, eins og önnur mál, er jarðrækt varða“. Og í 30. gr. segir: „Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti“ — í bækistöðvum sandgræðslunnar — „og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður“. Þannig hefur þetta frv. einmitt að geyma fyrirmæli og þau nauðsynleg, til þess að slíkar rannsóknir, sem hæstv. ráðherra nefndi, megi fram fara og efla megi þær rannsóknir svo sem auðið er hverju sinni. Þetta er ákaflega stórt atriði, og þeir, sem sömdu það, hafa réttilega haft auga á þessu veigamikla verkefni.

Mér er vel kunnugt um tilraunir þær, sem dr. Sturla Friðriksson og hans menn fara með nú síðustu árin, og hversu glæsilegar niðurstöður eru þegar fengnar af þessum tilraunum. Allt slíkt er í anda þessa frv. Og það er vel um það, að hæstv. ráðh. eigi sinn þátt í því að stuðla að þessum rannsóknum, En hitt er allt annað mál, að sú töf, sem orðið hefur á þessu frv. um 5—6 ára skeið, hefur orðið til þess, að sandgræðslan og allar þessar merkilegu rannsóknir á vegum jarðræktar hafa fengið mörgum millj. kr. minna til sín en annars hefði orðið, ef við hefðum á hv. Alþ. borið gæfu til þess að samþykkja frv. til nýrra sandgræðslulaga nokkrum árum fyrr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Vegalög (frv. HÁ o. fl.).

Á 16. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947 [64. mál] (þmfrv., A. 69).

Á 18. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er ásamt mér borið fram af hv. 1. og 5. þm. Austf., og má segja, að það sé nær shlj. frv. um sama efni, sem við bárum fram á síðasta Alþingi, um breyt. á vegalögunum frá 1947. Það frv. náði þá ekki fram að ganga, og bar stjórnarliðið því við, að á því þingi væri von á vegalaga-

frv. frá hæstv. ríkisstj., byggðu á heildarendurskoðun vegalaganna. Það fór þó svo, að það frv. kom ekki fram og hefur ekki heldur enn borið fyrir augu þm. á hv. Alþingi. Hér er þó um að ræða mál, sem enga bið þolir að fái jákvæða afgreiðslu, og allra sízt má dreifbýli Austfirðingafjórðungs við því, að lengur dragist að sinna þessu máli, þ. e. að tekinn sé í þjóðvegatölu nokkur hluti af þeim nauðsynlegu samgönguleiðum, sem nú eru þar taldar til sýslu- og hreppavega. Eru till. okkar í því efni fluttar samkv. ítrekuðum tilmælum þeirra sveitarfélaga eystra, sem hlut eiga að máli.

Ég held, að það megi fullyrða, að frá upphafi hafi ráðamenn þjóðarinnar gert sér grein fyrir því, að sveitarfélögunum almennt væri algerlega um megn að byggja upp og halda við því vegakerfi, sem nú hvílir á þeim, og að gert hafi verið ráð fyrir, að það opinbera tæki smátt og smátt að mestu við þeim byrðum. Þessi skoðun mín styðst við þá staðreynd, að á undanförnum áratugum, gjarnan oftar en einu sinni á hverju reglulegu kjörtímabili, hafa verið gerðar breytingar á vegalögunum, sem allar hafa gengið í þá átt að auka þjóðvegakerfi landsins til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög. Síðasta breyting vegalaganna í þessa átt mun hafa átt sér stað 1955. Á Alþingi veturinn 1958—1959 komu fram nær því frá öllum þm. þáv. sveitakjördæma till. um að taka enn hluta af sýslu- og hreppavegunum í þjóðvegatölu, en sú breyting náði ekki fram að ganga. Þá og síðan hafa slíkar óskir aldrei verið teknar til greina af ráðandi ríkisstj. og stuðningsliði hennar.

Ég minnist þess, að meðal þeirra þm., sem 1958 báru fram till. um vegalagabreytingar, till. um það, sem í daglegu tali meðal þm. er kallað að opna vegalögin og fá þar með verulegar breytingar samþykktar á Alþingi, voru meðal annarra ýmsir fulltrúar Sjálfstfl. í þáverandi sveitakjördæmum, og má þar til nefna núv. hæstv. landbrh. og núv. hæstv. forseta þessarar þd. Og vitanlega mætti nefna til fleiri þm. Sjálfstfl., sem báru fram slíkar till., enda voru þær allmjög almennar á því þingi. Síðan hefur verið óheillaþögn um þetta mál í herbúðum Sjálfstfl. En þar sem nú eru liðin 8 ár frá síðustu svokallaðri opnun vegalaganna, mætti vænta þess, að sá Þyrinirósarsvefn, sem hvílt hefur yfir Sjálfstfl. í þessu máli, vari nú ekki lengur og flokkurinn veiti nú þessu máli raunhæfan stuðning á yfirstandandi Alþingi. Kveð ég þar ekki sízt til núv. hæstv. forseta Nd., sem á liðnum árum, meðan hann sat á þingi, bæði flutti og fylgdi ýmsum gagnlegum og nytsamlegum till., sem stefndu til hagsbóta fyrir dreifbýlið. m. a. í vegamálum. Því verður því ekki að óreyndu trúað, að hann ásamt öðrum þeim þm. Sjálfstfl., sem vilja láta sig einhverju skipta hagsmunamál hins svokallaða dreifbýlis, láti það lengur viðgangast, að þeirra flokkur verði til þess að svæfa enn þetta mál, það mál, sem telja má eina af meginstoðum þess, eins og nú er komið þjóðfélagsháttum, að sveitabyggðir landsins leggist ekki frekar í auðn en orðið er. Hér er ekki um flokksmál að ræða, heldur sameiginlegt hugðarefni og hagsmunamál allra þeirra, sem vilja halda við byggðinni úti um landið, við sjó og í sveit.

Það hafa ýmis atvik ráðið því á hverjum tíma, hverjir hafa borið fram fyrstu till. um þessi mál á þeim Alþingum, þegar slík mál hafa verið tekin fyrir. 1958 mun það t. d. hafa verið framsóknarþm., sem bar málið fram í Nd., en í Ed. mun það hafa verið núv. hæstv. forseti þessarar deildar. Nú erum það við 3 af þm. Austurlandskjördæmis, sem berum málið fram á þessu þingi, og raunar í annað sinn, þar sem við bárum það einnig fram á síðasta þingi. Og það þarf raunar engan að undra, að það skuli vera þm. úr Austfirðingafjórðungi, sem gera till. um lagfæringu í þessu efni, því að það er, að ég hygg, óvefengjanleg staðreynd, að af öllum, sem eiga við erfiðleika að stríða í vegamálum, mun enginn landshluti nú um skeið vera eins illa á vegi staddur í þessum efnum og Austfirðingafjórðungur, og ber þar margt til, fyrst og fremst það, að sá fjórðungur er mjög viðáttumikill og sundurskorinn af fjallgörðum og stærri og smærri vatnsföllum, og þess vegna er vegaþörfin þar alveg sérstaklega mikil. Þá má líka geta þess, að sívaxandi dýrtíð við allar vegagerðir veldur sveitarfélögunum í þessum efnum óviðráðanlegum erfiðleikum, svo að það er vart um það að ræða, að nokkrir bílfærir vegir eftir nútímakröfum geti verið byggðir, svo að nokkru nemi, af sveitarfélögum. Og enn bætist við, sem er í raun og veru alls staðar sameiginlegt, að með breyttum atvinnuháttum kemur það til, að segja má, að ekkert býli sé talið byggilegt, nema það njóti góðs upphlaðins vegar, sem þolir þungaumferð bíla. Og þar af leiðandi eru hinir gömlu vegir, þótt uppbyggðir séu, hvað þá ruðningsvegirnir, algerlega ófullnægjandi og leysa ekki þá þörf, sem leysa þarf. M. a. slíkir vegir, t. d. þeir ruddu, þola varla snjóföl að hausti eða vetrarlagi, svo að þeir lokist ekki, og þótt upphlaðnir kallist, eru þeir fæstir byggðir fyrir þá þungaumferð, sem nú er talin nauðsynleg.

1958 voru sýslu- og hreppavegir í Austfirðingafjórðungi taldir nálægt 485 km af rúmlega 2100 km vegakerfi í fjórðungnum, eða sýslu- og hreppavegir meira en ⅙ hluti alls vegakerfisins, og eru þá ekki meðtaldir þeir vegir, sem kallaðir eru fjallvegir og eru sízt minni í Austfirðingafjórðungi en í öðrum landshlutum. Samkv. skýrslu frá 1958 var lýsing á þessum vegum eystra, sýslu- og hreppavegum, þannig, gerð af vegamálastjóra: Þá var talið, að um 100 km af þessum hreppa- og sýsluvegum væri órudd og óbílfær leið. Um 282 km voru taldir rudd leið, en um 100 km upphlaðinn vegur. Þessir 100 km eru að verulegu leyti það gamalgerðir, að þeir eru ekki ætlaðir til þess að bera þá þungaumferð bíla, sem nú er þörf á. Það getur því hver maður skilið, hve mikill vandi er á höndum eystra í þessum málum, sem krefjast þegar úrlausnar. Og þetta frv. er borið fram sem spor í þá átt.

Við þm. Austf. verðum því að vænta, eins og ég hef áður vikið að, góðra undirtekta í þessu máli hér á hv. Alþingi. Við mundum að sjálfsögðu fagna því, ef af því verður á þessu þingi, að hæstv. ríkisstj. kemur fram með og lætur af-

greiða frv. um vegamál, sem leysir betur þetta mál fyrir Austfirðingafjórðung en hér er gert ráð fyrir. Og ef þetta frv. mætti verða til þess að ýta við hæstv. ríkisstj. í þessu máli, þá er tilgangi okkar að nokkru náð og frv. hefur þá ekki verið að óþörfu eða árangurslaust lagt fyrir Alþingi.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði *málinu vísað til* 2. umr. og hv. samgmn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í grg. fyrir þessu frv. segir: „Vegalagafrv. þetta er endurflutt nær óbreytt frá síðasta þingi, en þá náði það ekki fram að ganga, sökum þess að ríkisstj. lét í veðri vaka, að hún mundi þá leggja fyrir Alþingi vegalagafrv. byggt á heildarendurskoðun vegalaganna, en reyndin var sú, að það frv. kom aldrei fram".

Í þessu felst það, að flm. segja, að vegna þess að ríkisstj. hafi látið í veðri vaka, að hún mundi flytja frv. um heildarendurskoðun vegalaganna, hafi frv. þetta ekki verið samþykkt. Það er leiðinlegt að vera að prenta slíkt í þskj., sem er algerlega rangt, og ég skora á hv. 1. flm. að vitna til þess, hvenær ég boðaði það á síðasta Alþingi, að frv. um heildarendurskoðun vegal. yrði flutt. Hitt var svo vitað mál, að endurskoðun vegalaganna stóð yfir, en það var ljóst, að frv. yrði ekki flutt fyrr en þeirri endurskoðun væri endanlega lokið, fyrr en vegalaganefnd hefði sagt lokaorðið. Og ég vil minna hv. þm. á það, sem fer svona smekklega með staðreyndir, að á þeim 8 árum, sem liðin eru síðan vegalög voru síðast opnuð, munu hafa verið flutt frv. til breyt. á vegalögunum, að ég ætla, á hverju þingi. Og þegar þessi hv. þm. er að tala um, að það þurfi að ýta við ríkisstj., að Sjálfstfl. hafi sofið Þyrnirósarsvefni í þessu máli, þá verður mörgum minnisstætt, hvenær það var, sem framsóknarþm. á Austurlandi vöknuðu af svefninum og uppgötvuðu það, að Austurland var sem sagt vegalaust. Hvað eru mörg ár síðan? Tvö, þrjú? Það eru nákvæmlega 3 ár, síðan 1. flm. þessa frv. og flokksbræður hans á Austurlandi uppgötvuðu það, að vegamálin á Austurlandi voru í megnustu óreiðu. En það var 1934, sem hv. 1. þm. Austf. var kosinn til þess að vera þm. í Suður-Múlasýslu, sem er stærsti hluti þessa landsfjórðungs, og hv. 1. flm. þessa frv., hvað ætli hann sé búinn að vera lengi á þingi? — í kringum 2 áratugi. Það hefði verið þarft fyrir Austurland, ef þessir menn hefðu gert sér grein fyrir því, að það þurfti að endurbæta vegina á Austurlandi, á meðan þeir höfðu lyklavöldin að ríkiskassanum og öll ráð á Alþingi. Og hvernig stendur á því, að vegalögin voru ekki opnuð 1956, 1957, 1958? Hvernig stendur á því? Var það af því, að hv. 1. flm. þessa frv. svaf enn Þyrnirósarsvefninum? Það hlýtur að vera.

Það fer illa í munni manna, sem eiga sér fortíð eins og ljóst liggur fyrir, að vera nú að deila á stjórnarflokkana og ríkisstj. fyrir það að hafa ekki enn komið með vegalögin, þegar það er vitað, að ríkisstj. gerði ráðstafanir til þess, að það færi fram allsherjarendurskoðun á þessum málum til þess að gera nú einu sinni stórt átak til að koma vegamálunum í gott horf.

Það er óþarfi fyrir hv. 1. flm. þessa frv. að vera að eyða löngum tíma í það að tala hér yfir hv. þm. um þörfina á því að fá betri vegi, að það þurfi að fá meira fjármagn til veganna, að það sé þörf á því að hafa akfæran veg heim á hvern bæ. Ég ætla, að allir hv. dm. viti þetta, og alveg óþarfi að vera að fara í kennslustund til hv. þm. um það. Það er alveg ljóst, og það er enginn vafi á því, að vegalaganefnd hefur gert sér þetta ljóst og byggt sitt vegalagafrv. einmitt upp á því sjónarmiði, að það sé þörf á að hæta úr í þessum málum. Og vegalaganefnd hefur unnið mikið og gott starf, en lokatill. hennar eru að mótast og frv. um ný vegalög verður ekki flutt fyrr en þær lokatill. liggja fyrir, og ég geri mér vonir um, að þess verði ekki langt að bíða. Þetta frv. ýtir ekki við ríkisstj. um flutning á því heildarfrv. Það frv. verður flutt, þegar lokatill. n. liggja fyrir, sem vænta má, áður en langur tími líður.

Það er í rauninni óþarfi að ræða þetta mál meira. Ég vildi aðeins láta það koma fram, að ríkisstj. hefur látið vinna að þessum málum og ríkisstj. og stjórnarflokkarnir gera sér grein fyrir þeirri brýnu nauðsyn, sem á því er að auka framlög til vegamálanna. Framlög til vegamálanna hafa verið aukin nú seinni árin meira en sem nemur auknum tilkostnaði vegna kauphækkana og annars kostnaðar. En ég er samt sem áður þeirrar skoðunar, að það, sem hefur verið varið til þessara mála, sé enn of lítið og það þurfi að gera nýjar ráðstafanir, sem veita auknu framlagi til þessara mála, því að það er víðar en aðeins á Austurlandi, sem vegirnir mega batna frá því, sem nú er. Og það má vel vera, að það sé eðlilegt að flytja frv. um það að taka sýsluvegi í þjóðvegatölu. Það er eðlilegt, að sýsluvegir séu teknir í þjóðvegatölu, en það kemur því aðeins að gagni, að framlögin séu aukin, að það sé eitthvert fjármagn til þess að leggja í þessa lengdu þjóðvegi.

Ég hef svo ekki, herra forseti, meira um þetta að segja. Ég ætla, að þetta sé nægileg skýring. En það var sérstaklega það, að hv. 1. flm. gaf í skyn, að það væri sök ríkisstj., að frv. hans og félaga hans var ekki samþ. á síðasta þingi, af því að hún hafði þá boðað nýtt vegalagafrv. Það var aldrei fullyrt, að það kæmi fram, vegna þess að það var ekki tilbúið. Það eru 8 ár liðin síðan vegalögin voru síðast opnuð, og hv. flm. þessa frv. mun hafa, að ég ætla, þótt ég geti ekki fullyrt það, á hverju þingi í þessi 8 ár flutt brtt. um vegalögin, án þess að þær næðu fram að ganga, og ekki einu sinni meðan hann studdi ríkisstj. Eða var það svo, að það féll úr að flytja till. þau árin? Það gæti nú verið.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég held, að það ætli að fara svo, að hæstv. ráðh. vakni af Þyrnirósarsvefninum. Ég sleppi því að víkja að öllum gorgeirnum, sem var í ræðu hans, slíkt er ekki til að hafa orð á, því að það er alvanalegt. Hann finnur að orðalagi í grg. frv., þar sem vitnað er til þess, að það hafi verið látið í veðri vaka, að ríkisstj. kæmi fram

með endurskoðað vegalagafrv. á síðasta þingi. Ég sagði aldrei, að hæstv. samgm.- og landbrh. hafi ætlað að bera það fram, heldur ríkisstj. Allur þingheimur veit, að hér er rétt frá skýrt, að þetta stóð til á s. l. vetri.

Hæstv. ráðherra brá ekki venju sinni, en fór að kenna öðrum um það, sem aflaga hefur farið í hans tíð, þóttist furða sig á, hve vegir eystra væru í slæmu ástandi, eftir að ríkisstjórnir, sem ég hafi stutt, hafi setið lengi að völdum. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra hafi ætíð stutt sömu ríkisstjórnir og ég nema á tímum vinstri stjórnarinnar 1956—1958. Ég tók það fram, að áður en hann tók við völdum samgmrh., hefði verið venjan að opna, sem kallað er, vegalögin einu sinni á hverju venjulegu kjörtímabili. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi komið svo oft til Austurlands, að hann ætti þó að vita um vegaerfiðleika og viðáttu þess fjórðungs. Og það er ekki sambærilegt við flatneskjuna, þar sem hann hefur ríkt og ríkir. Það er margfalt meira verkefni þess vegna að búa þar vel að í þessum málum. Og svo segir hæstv. ráðh., að þetta sé í annað skipti, sem við höfum flutt brtt. við vegalögin. Annaðhvort eru þetta óvöndugheit eða minnisleysi, og er hvorugt gott, því að ég hygg, að hann geti lesið það í þingtíðindum, að ég og aðrir austfirzkir þm. hafi einlægt verið á verði, þegar tiltækt hefur verið að fá vegalögin opnuð, og einatt hafi eitthvað verið þar sem annars staðar bætt inn í og létt þar með af sveitunum í þessu efni.

Annars er ekki eltandi ólar við þessa ræðu hæstv. ráðh. En hann var þó svo ljúfur og tillitssamur, að í lokin gat hann þess, að það þyrfti að fá meira fé til þessara mála. Það er gott, að hann er nú að gera sér grein fyrir því. Það hefur ekki séð á í sambandi við afgreiðslu fjárlaga á undanförnum árum, eftir að þessi hæstv. ráðh. tók við þessum málum. Þetta er öllum kunnugt og ekki eingöngu, að það hefur sama og ekkert fengizt þar um þokað fyrr en lítils háttar á síðasta vori, kannske vegna þess, að þá átti að kjósa til Alþingis, og því síður, að það hafi verið tekið tillit til þeirrar óhemjudýrtíðar, sem ríkir á þessu verklega sviði eins og annars staðar.

Staðreyndirnar eru þær, að 1958 voru bornar fram vegalagabreytingar, og ég geri ráð fyrir því og hef ástæðu til að ætla, að ef þáv. ríkisstj. hefði setið að völdum út það þing, þótt ekki hefði verið meira, þá hefðu fengizt einhverjar leiðréttingar þessara mála. En það réð úrslitum, að seinni hluta þingsins taka við þeir stjórnarflokkar, sem ráða síðan. Í sex ár hefur engu fengizt um þokað í þessum efnum.

Það er, eins og ég vék að, gott og blessað, ef ríkisstj. vaknar svo nú, að hún setji fram frv., sem er til meiri umbóta en þetta frv. er og varðar Austfirðingafjórðung eins og aðra. Við skulum bíða og vona, og við skulum ætla, að hæstv. ráðh., sem talar svo digurt nú í þessum málum, — hann talar digurt að því leyti, að hann býr sakir til á hendur öðrum og segir: Þið voruð ekki betri en þetta, þið voruð vondir, — ef hann telur það — sem ósatt er — þá ætti hann þó að hafa hugsun á því að reynast betri. Þetta götustrákaorðbragð hans er aldrei viðkunnanlegt eða þolandi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ástæðulítið að vera að þjarka við hv. þm. um þetta, því að mér fannst hann nú satt að segja vera í hálfgerðum vandræðum áðan, þegar hann var að gera mér upp orðin og segja, að ég hefði sagt, að hann hefði aðeins tvisvar sinnum flutt brtt. við vegalögin. Ég hélt a. m. k., að hann hefði gert það allan þann tíma síðan þessi ríkisstjórn var mynduð, í 4 ár a. m. k., þó hann hafi látið það undir höfuð leggjast, meðan hann studdi ríkisstj. En sleppum nú því.

Hv. þm. flytur hér frv. um breytingar á vegalögunum, þar sem hann æskir þess, að sýsluvegir verði teknir í þjóðvegatölu, og hann náttúrlega gerir engar till. um fjárútvegun, það er ekki hans mál. Það er ríkisstj., sem á að útvega það, og hann segir nú stundum, að það hafi tekizt ágætlega, þegar flokksbróðir hans, hv. 1. þm. Austf., var með ríkiskassann, og hann leyfir sér að snúa algerlega við staðreyndum og telur, að það hafi verið illa staðið í stykkinu með fjárútvegun til vegamála, síðan ég varð samgmrh., það hafi verið miklu betra áður. En hvernig var nú með fjárframlög til vega 1958, þegar flokksbræður hans fóru með þessi mál? Þá var veitt til viðhalds vega 33 millj. kr., en 63 millj. á yfirstandandi fjárlögum. Og hvernig var með nýbyggingar vega? Ég man, að það hefur hækkað um 72%. En hvað hefur svo kostnaðurinn hækkað mikið á þessu tímabili? Samkvæmt útreikningum vegamálastjóra hefur vegagerðarkostnaður hækkað um 45% frá 1958. Og svo segir þessi hv. þm., að núv. ríkisstj. hafi búið verr að vegamálunum en meðan framsóknarmenn fóru með þessi mál. Og var ekki flest af því, sem hv. þm. sagði, eitthvað í þessum dúr? Hugsum okkur, að hann væri á fjöldafundi að tala fyrir skynsömu fólki. Ég veit, að hv. þm. vita fyrir fram um þetta og hafa gert sér grein fyrir því fyrir fram. En ef hann væri að tala á fjöldafundi, sem væri ekki nógu kunnugur málunum, hvaða álit haldið þið að áheyrendur mundu fá á ræðumanninum, sem léki sér að því að snúa öllu við? Ég ætla ekki að svara því. Ég veit, að þið hafið alveg gert ykkur ljóst, hvaða álit sá maður hefur.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér fannst, eins og sjálfsagt fleirum, að hæstv. vegamrh. tæki þessu frv. alveg óvenjulega illa. En nú er hv. þm. kunnugt um, að síðan 1955 a. m. k. hafa verið flutt vegalagafrv. á hverju einasta þingi og meira að segja tvö frv. á hverju þingi. Og ég hef aldrei heyrt því tekið illa, þó að menn flyttu till. um nýja þjóðvegi. Ég átta mig ekki vel á þessu. Ég hef á þremur þingum verið fyrsti flm. að frv. um nýja þjóðvegi í Ed., og þeim var aldrei tekið svona. Meðal flm. að þessum frv. voru ýmsir úr stjórnarliðinu. Ég get t. d. minnt á 1960, en þá er þessi hæstv. ríkisstj. við völd, þá eru meðflm. í Ed. Kjartan J. Jóhannsson, og ekki leit hann svo á, að það væri neitt vítavert að flytja till. um nýja þjóðvegi. Í neðri deild það sama ár var líka flutt frv., þar er flm. m. a. Jónas G. Rafnar. Árið eftir eru svo enn flutt

frv., sitt í hvorri deild, um nýja þjóðvegi. Og loks á síðasta þingi er það líka gert. Það hefur aldrei þótt neitt athugavert við það, þó að menn vildu fá nýja vegi í þjóðvegatölu. Þetta er samkvæmt eindregnum óskum heiman úr héruðunum, og er eðlilegt, að slíkt sé borið fram á Alþ. Fari maður lengra aftur í tímann, t. d. ári eftir að vegalagabreytingin var gerð 1955, þá er strax á þinginu 1956 flutt vegalagafrv. um nýja þjóðvegi, og það voru hinir merkustu menn, sem fluttu það. Það voru t. d. Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson og Sigurður Bjarnason. Þetta er undireins á þinginu næst eftir vegalagabreytinguna. Næsta ár þar á eftir, 1957, er flutt frv. Þar eru enn flm. Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson og Sigurður Bjarnason. Hvað ætli hafi verið við þetta að athuga? Ég átta mig þess vegna ekki á þessum undirtektum hjá hæstv. vegamrh.

Þá virðist hann hafa eitthvað sérstaklega við það að athuga, að hv. 1. flm. þessa frv. geri ekki um leið till. um fjárveitingar. Ég held, að það ætti öllum þm. að vera ljóst, að fjárveitingarnar tilheyra fjárlögum, en ekki vegalögum. Þær geta ekki verið í sama frv. og till. um nýja þjóðvegi og hafa aldrei verið. Ég held, að þm. hafi alveg kinnroðalaust flutt öll sín frv. nú í 8 ár án þess að láta till. um fjárveitingar fylgja, þar sem þær tilheyra fjárlögunum, en ekki vegalögum.

Þá skildi ég hæstv. ráðherra svo, að hæstv. ríkisstj. hefði aldrei lofað nýju vegalagafrv. á síðasta þingi. Ég man ekki eftir því, hvort hann hefur lofað því eða ekki, en ég held það fari ekkert á milli mála, að hæstv. ríkisstj. hafi gert ráð fyrir því á þinginu í fyrra að flytja þá nýtt vegalagafrv., ég held ég muni það alveg rétt, það yrði það frv., sem undirbúið var af stjórnskipaðri nefnd. Ég minnist þess, að í sambandi við frv. um lánsfé, sem við fluttum nokkrir þm. í Ed. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán til vegabóta á Vestfjörðum og á Austurlandi, bar þetta mál á góma, þ. e. a. s. hvort nýtt vegalagafrv. kæmi á því þingi. Þessu frv. okkar var vísað frá þá af stjórnarliðinu. Ég hef hér fyrir framan mig nál. frá meiri hl. samgmn. Ed., þ. e. a. s. stuðningsmönnum ríkisstj., um það mál, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ástæðan fyrir þeirri afgreiðslu var sú (þ. e. a. s. að vísa málinu til ríkisstj.), eins og kom fram í nál. þá (þ. e. árið áður), að verið var að endurskoða vegalög af milliþn. samkvæmt þál. frá 1961, og var þá og er enn búizt við, að frv. til nýrra vegalaga komi fyrir Alþ. í vetur.“ Þetta segja stuðningsmenn ríkisstj. í samgmn. Ed. í fyrra. Ég held, að þeir hafi ekki haft neitt rangt fyrir sér, það var gert ráð fyrir þessu.

Þá sagði hæstv. vegamrh., að vegamálanefndin væri ekki búin að ljúka störfum. Ég hélt, að hún væri löngu búin að því. Ég veit ekki betur en þessi vegamálanefnd hafi skilað till. sínum til ríkisstj. 9. okt. í fyrra, daginn fyrir að þing hófst þá. Ég held, að þetta sé nokkurn veginn rétt munað hjá mér. Þess vegna var búizt við frv. í allan fyrravetur. En af hverju frv. kom ekki, vil ég ekkert fullyrða um. Mig grunar, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki verið ánægð með frv. og hafi viljað breyta því. Hvort frv. er í höndum n. enn, veit ég ekki. Ég veit ekki heldur, hvernig er hægt að segja n. að gera till. í máli, sem hún er búin að gera till. um, þ. e. að koma með aðrar. Mér er það ekki ljóst. Ég held, að sú nefnd eigi þá ekki að taka við till. aftur, heldur þurfi að skipa aðra n. eða einhverjir aðrir aðilar að koma til. Ég er ekkert að finna að því, þótt hæstv. ríkisstj. hafi ekki fallizt á allar till. n., það er algengt og ekkert við því að segja. Ég veit ekki, hvernig í ósköpunum sú nefnd á að fara að koma með nýjar till., þegar hún er búin að skila öðrum.

Ég held í fáum orðum sagt, að það sé ómögulegt með nokkurri sanngirni að finna að því, að flutt er frv. um breytingar á vegalögum. Mér finnst það sjálfsagt mál, ekki síst þegar 8 ár eru nú liðin frá síðustu breytingum. Þess vegna áttaði ég mig illa á þessum undirtektum hæstv. ráðh. En ég vil nú spyrja hæstv. ráðh.: Býst hann ekki við, að á þessu þingi muni ríkisstj. leggja fram frv. til nýrra vegalaga? Það væri gott að heyra það, ef hann getur svarað því. Ég er ekki að segja, að hann geti það fyrirvaralaust. Ég er ekki að gera neinar kröfur til þess, ef hann á erfitt með það. En ef hann gæti það, þá væri gott að vita það. Ég hafði t. d. hugsað mér að flytja brtt. við þetta frv., sem hér er til umr., um allmarga nýja þjóðvegi á Vestfjörðum, eins og ég hef gert undanfarin ár. En það getur vel verið rétt að bíða, ef nýtt vegalagafrv. er að koma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er reginmisskilningur, sem hv. 3. þm. Vestf. hélt fram, að ég hafi tekið þessu frv. illa. Það er reginmisskilningur, að ég hafi haldið því fram, að það sé óeðlilegt, á meðan frv. til nýrra vegalaga frá ríkisstj. er ekki komið, þótt menn flytji slíkar brtt., vegna þess að það hefur verið gert á hverju þingi. En ég tók illa málflutningnum, sem var hjá hv. 1. flm., öfugmælunum og fullyrðingunum, sem studdust ekki við staðreyndir. Það var það, sem gaf mér tilefni til þess að standa upp, en ekki það, þótt hann flytti frv. eins og þetta. Og þarf ég ekki meira að segja um það.

Hv. 3. þm. Vestf. var að spyrja að því, hvort ég gerði ráð fyrir, að yrði flutt frv. til nýrra vegalaga á þessu þingi. Ég geri ráð fyrir því, þegar lokatill. vegalaganefndar liggja fyrir, og ég vænti þess, að þess verði ekki langt að bíða.

Hv. þm. sagði, að vegalaganefndin hefði skilað frv. í fyrrahaust. Það er rétt, hún skilaði þá frumtill., sem hafa verið endurskoðaðar síðan hjá vegalaganefndinni, og eins og ég segi, það má gera ráð fyrir, að lokatill. n. verði fljótlega tilbúnar, og þá verður frv. flutt, og það verður flutt, frv., þótt ríkisstj. sé kannske ekki alveg að öllu leyti alveg sammála vegalaganefndinni, og hv. þm. þá gefið tækifæri til að fjalla um málið. Það er alls ekki víst, að ríkisstj. og vegalaganefndin séu í öllum atriðum sammála, þótt það hljóti að vera í meginatriðum. Hv. þm. fá þá tækifæri til þess að gera brtt. við frv. vegalaganefndar. En ég fullyrði það, að vegalaganefnd er búin að leggja mikið starf fram, mikla vinnu í þetta mál og hefur unnið vel að því, og

ég er sannfærður um það, að verði frv. lögfest með þeirri stefnu, sem þar er mörkuð, þá verður það til góðs fyrir okkar samgöngumál, og það er það, sem við þurfum að sameinast um að koma fram.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það tekur því ekki að vera að karpa meira við hæstv. ráðh. í þessu efni. Hann er nú orðinn hér í stólnum mjúkmálli en hann var upphaflega, og er gott til þess að vita, og er orðinn nær því, sem sagt var í gamla daga, að sumir prestar væru, þeir gætu talað mjúklega í stólnum, en það, sem mestu máli skiptir, að prédika á gangstéttunum eða á götunni, þ. e. að framkvæma og vinna í samræmi við prédikunina, það vantar, sbr. verk hans í þessum málum.

Hæstv. ráðh. hældi mjög frammistöðu sinni og ríkisstj. í sambandi við vegamálin að undanförnu. Hvað hefur þá hæstv. ráðh. fest á pappírinn til nýbyggingar vega á því frv. til fjárl., sem nú liggur fyrir? Er það ekki, hæstv. ráðh., sama talan og var í fyrra? Eru það ekki rúmar 20 millj.? Og hvað segir svo reynslan? Hæstv. ráðh. var að tala um, að svona og svona mikið hefði verið lagt til vega og svona mikið framkvæmt. Hvernig er það fé fengið? Það er fyrst og fremst ekki fengið með fjárframlögum samkv. fjárlögum, þó að sú upphæð hafi hækkað frá 1958. Það er góðu heilli, að hæstv. ríkisstj. tók lán í fyrra, einhverja milljónatugi sennilega, til bygginga ýmissa nauðsynlegra vega. Hvað er það svo mikið, sem sveitirnar hafa orðið að leggja á sig til þess að reyna að ná einhverjum áfanga í vegamálum heima fyrir? Ætli það nálgist ekki fram undir eins árs fjárveitingu samkv. fjárlagafrv., sem sveitirnar hafa orðið að taka að láni? Það nær því ef til vill ekki alveg, en ætli það séu ekki 20 milljónir, sem sveitarfélögin hafa orðið, ekki sízt á þessu ári og á síðastliðnum árum, að taka að láni á sinn reikning og borga vexti af til þess að ná einhverjum nauðsynlegasta lágmarksáfanga í þessum efnum? Ég sé ekki, að hæstv. ráðh. hafi af miklu að státa í frammistöðu sinni í þessum efnum.

Hvað er svo með vegaviðhaldið? Hæstv. ráðh. var að tala um, að öll framlög, bæði nýbyggingafé og viðhaldsfé. hefðu stórkostlega vaxið í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Það getur hún að miklu leyti átt við sjálfa sig í sambandi við þá dýrtíð, sem ríkisstj. hefur hellt yfir þjóðina. En ef við athugum viðhaldsféð, þá mun það hafa verið milli 30 og 40 millj., skulum við segja, fyrir árið 1958, — hv. þm. afsakar, ef ég fer skakkt með tölur, — en nú eru ráðgerðar 70 millj. Þetta er vissulega mikil hækkun. En hvar sést staður eftir þetta fé? S. l. ár var fjárveiting til viðhaldsins milli 60 og 70 millj., núna ráðgerðar 70 millj. Þetta er mikið fé, en það hrekkur ekki til, og víða er það orðið svo, þó að það sé kannske ekki á Suðurlandsundirlendi, — það er víða orðið svo með þessa vegi, að það er ekki hægt að hefla vegina lengur. Það er búið að skafa niður allan ofaníburð, sem hefur verið lagður í vegina, þannig að það er komið nærri því niður í mold, svo að ég hefði haldið, að jafnhliða því, að það er þakkarvert að hækka viðhaldsféð, þá vildi ég leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á það, að kannske væri það eins fjárhagslega hyggilegt að auka stórkostlega frá því, sem nú er, nýbyggingafé, svo að það væri hægt að byggja meiri framtíðarvegi og hraða þeim málum meir en verið hefur á undanförnum árum.

Hæstv. ráðh. fór nú, eins og ég sagði áðan, að prédika falleg orð hér í ræðustól, fór að hafa áhyggjur af mínum málflutningi og þar fram eftir götunum. Hugsa sér, sagði hann, ef þetta hefði bara verið opinber fundur. Það gerði ekkert, þó að svona færi fram í þingsölunum, það væri annað mál. En þessi prédikari, hæstv. ráðh., hefði gjarnan mátt hefja mál sitt með betur grundaðri ræðu en hann gerði. Það var ekki neitt í minni framsöguræðu, sem gaf tilefni til að ýfast við, heldur réð gamla venja hæstv. ráðh. að ýfast við öllu, sem stjórnarandstöðumenn flytja fram, og hann kann sjaldnast að gera greinarmun á því, sem gott er eða vafasamara í þeirra málflutningi.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri. En ég er trúaður á, að það rætist, þó að hæstv. ráðh. sárnaði, að ég nefndi Þyrnirósarsvefn, þá fari hann nú af honum og slíkt verði til frambúðar og honum auðnist að bera fram nýtilegt vegamálafrv. á þessu þingi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa afskipti af þeirri deilu, sem er á milli hæstv. ráðh. og flm. frv., en vil aðeins láta í ljós þá skoðun mína, að núv. ríkisstj. hafi gert stóra hluti í vegamálum, bæði með því, sem hv. síðasti ræðumaður viðurkenndi, stórframkvæmdum, er gerðar hafa verið fyrir lánsfé, og eins með mikilli aukningu á framlögum. Þó hygg ég, að það muni, þegar fram líða stundir, verða talið merkast, ef henni tekst, eins og ég geri mér vonir um, að láta ljúka endurskoðun vegalaga og fá samþykkt ný lög um vegamál.

Hitt þarf engum að koma á óvart, þótt ný vegalög séu ekki hrist fram úr erminni, því að ég hygg, að t. d. í Noregi hafi tekið mörg ár að undirbúa slíkt frv., mun fleiri ár en hafa farið í það hér nú.

Út af andstæðum, sem kunna að virðast vera í því, að vegalaganefnd hafi lagt fram frv. s. l. haust, en sé samt enn að starfi, þá gerðist þetta: Hæstv. ráðh. sendi n. lista yfir nokkur atriði frv., sem hann óskaði eftir að væru tekin til frekari athugunar, og hefur sú athugun staðið yfir.

Aðalástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, var þó sú skoðun, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að það kynni að vera hyggilegt fyrir okkur að draga úr vegaviðhaldi til þess að fá örlítið meiri nýbyggingu vega, eða eitthvað í þá átt, að þetta mundi vera athugandi. Ég held, að þessi hugsun sé byggð á miklum misskilningi. Ég hygg, að sérfróðir menn, þeir sem ég hef rætt við um vegamál, séu miklu frekar þeirrar skoðunar, að á undanförnum áratugum hafi Alþingi freistazt um of til þess að skammta naumlega viðhaldsfé veganna til þess að geta komið fram nýjum spottum og þetta kunni að koma fram núna, þegar umferðin eykst snögglega. Viðhald á höfuðvegum hefði mátt vera

meira en það hefur verið. Þó að ýmsum finnist stundum eins og ofaníburðurinn fjúki, jafnóðum og hann er látinn niður, þá hef ég það fyrir satt, að á þessu ári og undanförnum 2—3 árum hafi verið látnar á vegi í landinu rúmlega milljón smálestir af ofaníburði. Reikningsfróður maður komst að þeirri niðurstöðu nýlega, að þetta væri eins og 20 bændahallir fullar af ofaníburði.

Við verðum að gera okkur grein fyrir, hvers konar vegi við höfum, hvers konar veðurfar og loftslag við búum við. Meðan við getum ekki gert alla vegi úr varanlegu efni, verðum við að sætta okkur við, að töluvert af vegaefninu fjúki burt. En ég hygg, að það sé rétt stefna að auka viðhaldið, auka það jafnvel enn meira en hingað til hefur verið gert.

Spyrjið einhverja af bílaeigendum landsins, hvað þeir vildu gefa fyrir það, að grjóthnullungarnir væru farnir og í staðinn fyrir þá væri kominn niðurmulinn ofaníburður! Það kostar að vísu 40—50 kr. á tonnið að mylja ofaníburðinn, sem viða er notaður, þannig að úr honum verði fyrsta flokks efni. Þetta er aðeins eitt verkefni við vegaviðhald, sem mundi gerbreyta á skömmum tíma þeim vegum, sem við höfum, og sýnir, að það væri mjög óhyggilegt að draga úr viðhaldinu til að geta aukið við vegakerfið.

Vegakerfi okkar er ærið langt. Ég hygg, að ef íslenzku vegirnir, þjóðvegir, sýsluvegir og hreppavegir, væru settir hver við endann á öðrum, mundu þeir ná frá Tokió til London, sem er ærin vegalengd fyrir 180 þús. sálir að hafa komið upp og standa undir. Þó bíða mörg verkefni. En það verður að vera skynsamlegt jafnvægi milli nýbygginga og viðhalds þeirra vega, sem fyrir eru.

Ég vil að lokum segja um það frv., sem hér er fram komið, að við skulum íhuga, hverju við erum nær, þó að þetta frv. væri samþykkt. Ég hef, eins og flestir þm., staðið að því að flytja svipaðar till. fyrir nokkrum árum. En sannleikurinn er sá, að þó að við setjum nokkur hundruð km í viðbót í þjóðvegatölu á þennan hátt, erum við ákaflega litlu nær, því að nú þegar eru í þjóðvegatölu svo margir vegir, að ég býst við, að það mundi taka 10—20 ár að gera þá alla umferðarhæfa, þó að við fengjumst við lítið annað. Hér er sem sagt aðeins um eina frekar yfirborðskennda hlið á vegamálunum að ræða, og hygg ég, að við þurfum, þegar til vegalaganna kemur, að hugsa miklu lengra og gera stórfelldari breytingar, sem verða til þess, að við getum veitt til vegakerfisins mun meira fjármagn, keypt mun meira af vinnuvélum, til þess að geta fengið sem mest fyrir fjármagnið og komið þannig af stað verulegum framkvæmdum, bæði til þess að viðhalda og endurbyggja gamla vegi, þar sem umferðin er nú að fletja þá út eða sökkva þeim niður í mýrar, og svo til þess að byggja nýja vegi og setja varanlegt slitlag, þar sem umferð er orðin svo mikil, að þess er brýn þörf. Ég hygg, að við verðum að játa, þó að Alþingi hafi ár eftir ár, þangað til nú síðustu 8 árin, bætt nýjum vegum í þjóðvegatölu, þá hljómi það að vísu vel fyrir háttvirta og elskulega kjósendur, en sé ekki að sama skapi jafnraunhæf umbót á vegamálum þeirra heima fyrir og ætla mætti.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að fara að blanda mér inn í þessar umr., en nokkur atriði hafa komið hér fram, sem ég tel ástæðu til að víkja að.

Í fyrsta lagi vil ég víkja að því, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vesturl., sagði. Hann talaði um yfirborðskennd till., eins og þessi till. væri. Við erum orðnir vanir því hér, stjórnarandstæðingar, þegar við berum fram mál, að þau séu annaðhvort kölluð yfirborðskennd eða óraunhæf að dómi hv. stjórnarsinna. Við kippum okkur ekkert upp við það, þó að þeir slái sliku fram. En ég verð að segja þessum hv. þm. það og öðrum, að við höfum byggt okkar þjóðvegakerfi upp á því að lengja þjóðvegina með samþykktum hér á hv. Alþingi. Og þetta er framhald af þeirri aðferð, sem við höfum haft til þess að koma vegum í þjóðvegatölu á Íslandi, og það hefur verið til þessa talin bót að því.

Í sambandi við þær yfirborðskenndu yfirlýsingar, sem hv. 5. þm. Vesturl. talaði um, vil ég nú minna hann á það og hv. aðra þm. og hæstv. ráðh., að þegar við komum hér til þings árið 1962, þá skýrði blað þessa hv. þm., Alþýðublaðið, og svo Vísir, blað hæstv. fjmrh., frá því, að eitt af þeim málum, sem hv. þm. skyldu fjalla um á þessum vetri, það væri nýtt frv. að vegalögum, merkilegur lagabálkur, vel undirbúinn og vel unninn, sem nú skyldi verða afgreitt á næsta þingi. Svo þegar líða tók á veturinn sendi hv. 5. þm. Vesturl. bréf til kjósenda vestur á landi, og m. a. barst mér það bréf í hendur, þar sem hann sagði frá því, að hv. Sjálfstfl. væri svo leiðinlegur, að það væri ekki nokkur leið að koma áfram raunhæfum og góðum umbótum á vegamálum vegna afturhaldssemi þeirra sjálfstæðismanna. Ég man, að hæstv. ráðh., Ingólfur Jónsson, var ekki ánægður með það, þegar ég skýrði frá þessu hér á hv. Alþingi. Og í tilefni af þessu vorum við, ég og fleiri, sem vildum fá að sjá þetta frv., sem þeir hefðu samið, svo að við gætum séð, hvað hæft væri í þessari frásögn í bréfinu um afstöðu hæstv. ráðh., en hann leyndi því. Nú er hann hins vegar að hugsa um að leyfa þm. að sjá þetta frv., sem þessi merkilega nefnd hefur unnið að. Það gleður okkur stórkostlega, og vonandi hefur vel tekizt með samningu þess.

Á það vil ég minna í leiðinni, að upphaf þessa máls hér á hv. Alþingi var frv., sem við framsóknarmenn fluttum hér í hv. d. um það að taka allan benzínskattinn og þungaskattinn og fleiri gjöld af bifreiðum og leggja til nýbygginga þjóðvega. Þetta mál lá í nefnd og fékkst ekki sent til umsagnar, fyrr en þeir stjórnarliðar voru búnir að semja þáltill., sem var lögð fram á Alþingi þennan sama vetur og send inn í fjvn., og fjvn. stóð svo einróma að því að semja till., sem var undirstaðan undir starfi þessarar mþn. Það eina, sem ekki var samkomulag um, var það, að við stjórnarandstæðingar vildum láta kjósa n. hér á hv. Alþingi, við töldum þetta ekki vera sérmál stjórnarflokkanna. En það mátti ekki ske, þeir urðu að fá að ráða því einir, hverjir í n. sátu. Og þó að svo hafi til tekizt, eru þar margir hinir ágætustu og færustu menn, eins og vegamálastjóri, og þess vegna treysti ég því, að að þessu verki verði mikið gagn.

Hv. 5. þm. Vesturl. var mjög ánægður með aukningu á framlögum til vegamála í tíð núv. ríkisstj. Gott er það, þegar menn eru ánægðir. En nægjusemi er það nokkur að vera ánægður með afrek hæstv. ríkisstj. í þessum málum. Ég vil minna hv. þm. á það, að á þessu tímabili, frá því að núv. stjórnarflokkar komu til valda í landinu, hafa tekjur ríkissjóðs af umferðinni aukizt um nokkur hundruð millj. kr. Það er ekki fyrr en eftir 1958, að ríkissjóður sjálfur fer að hafa verulegar tekjur af umferðinni. Fram til þess tíma hafði hann oftast lagt henni til af öðrum tekjum sínum. En á árinu 1962 munu nettótekjur ríkissjóðs af umferðinni í landinu hafa verið 200—300 millj. kr. Á sama tíma sem fjárveiting til nýbyggingar þjóðvega hefur vaxið úr tæpum 16 millj. í tæpar 25 millj. kr., hafa fjárlög hækkað nærri um 200%. Og er þá að undra, þótt hv. þm. komi hér og lýsi því yfir, að mikið hafi verið að gert í framlagi til vega, enda vitum við það bezt, þm. Vesturl., hvernig við höfum orðið að koma áfram vegagerðinni heima í okkar kjördæmi. Það hefur verið gert með þeim hætti, að sveitirnar hafa orðið að standa undir stórfelldum vegalánum, til þess að það væri hægt að koma áfram þeim nauðsynlegu verkefnum, sem þar hefur verið við að fást. Og nú eru vegalán hjá okkur orðin meira en eins árs fjárveiting. Það er í raun og veru komið út í hreint óefni hjá okkur með þessi vegalán, og við höfum gert þetta í þeirri góðu trú, að á yrði stórfelld breyting um framlögin. Það er ekki fjárveitingunum að þakka, þó að nokkuð hafi áunnizt í vegagerð þar vestur frá, svo og í öðrum kjördæmum landsins, heldur hinu, hvað fólkið í heimabyggðunum hefur lagt á sig til þess að greiða vexti af vegafénu. Og það er þetta, sem einmitt þarf að breytast og það ekki sízt þegar önnur eins aukning verður á bifreiðainnflutningnum og átt hefur sér stað síðustu árin.

Út af því, sem hv. þm. sagði um að draga úr vegaviðhaldinu, þar þyrfti að verða enn meiri aukning, sagði hann, já, öllu meiri en hefur orðið núna á síðustu árum. En hver er staðreyndin í þessum málum? Það kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að viðhaldið er við þannig, að það er búið að hefla allt úr vegunum. Það er ekki orðið hægt að hefla þá lengur, vegna þess að ofaníburðinn vantar. Og við vissum það bezt, þegar við vorum í framboðsferðunum í vor, síðast í maí, að þá vorum við í vandræðum með að komast á venjulegum bílum eftir aðalleiðinni vestur á Snæfellsnes. Þegar við fórum af fundinum frá Kolbeinsstöðum vestur á Hellissand, þá vorum við í vandræðum með að komast áfram á venjulegum bílum, vegna þess að það vantaði ofaníburð í aðalveginn vestur á Snæfellsnes. Og svo segir hv. þm., að það þurfi að gera enn þá betur en gert hefur verið. Og þetta enn þá betur er það, að það hefur verið hækkað um nokkrar millj. kr. í vegaviðhaldið, samhliða því sem fjárlögin hafa verið þrefölduð og umferðin margfölduð.

Nei, það þýðir ekki í þessu máli að halda því fram, að það eigi að draga úr vegaviðhaldinu, á sama ári og eru fluttir inn í landið 3000—4000 bílar. Hvernig dettur mönnum það í hug? Og bílarnir stækka ár frá ári. Það þarf stórkostlegt átak í vegamálum, hvort sem það er í nýbyggingu eða vegaviðhald, og það er alveg sama, þótt hæstv. ríkisstj. haldi því fram hér á hv. Alþingi, að hún hafi staðið sig vel í þessum málum, þá hefur hún ekki gert það, það sýna staðreyndirnar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. brosti nú að sjálfum sér, að hann skyldi láta það eftir sér að segja þetta, sem hann sagði. Mig undrar það nú ekki, þótt honum finnist það broslegt, um leið og hann hefur ósjálfrátt látið hugann reika til þeirra ára, sem flokksbræður hans fóru með þessi mál.

Hv. þingmenn, hv. 1. flm. frv. og hv. 3. þm. Vestf., tala um, að það séu mikil lán, sem hafi verið tekin í héruðunum til þess að koma vegunum áfram. Þetta er alveg rétt. Og sveitarfélögin borga vexti af þessum lánum og standa straum af þeim, þangað til fé er veitt á fjárlögum. Þetta hefur nú viðgengizt, að ég ætla, um áratugi, en nokkuð aukizt á seinni árum, og það vitnar um þörfina fyrir aukið fjármagn til veganna, og eru allir sammála um það. En það eru ekki allir hv. þm. sammála um, hvort það eigi að snúa staðreyndunum við. Það er ekki hægt að hlusta þegjandi á það, þegar hv. framsóknarmenn halda því fram hér í þingsölunum, að það sé tiltölulega minna, sem hefur verið veitt til vegamálanna nú hin síðari árin, heldur en meðan þeir fóru með þessi mál. Það er ekki hægt. Og þær tölur, sem ég nefndi áðan, voru einungis fjárlagatölur. Það voru fjárlagatölur, að til viðhaldsins var veitt 1958 33 millj., en í reyndinni var það 67 millj. á þessu ári: á fjárlögum 63 millj. plús 4 millj., sem hefur orðið að veita m. a. vegna þess, hversu snemma tók að snjóa í haust, og varð að taka vitanlega af vegafénu, eins og vant er, til þess, og eins vegna þess að klaki fór seint úr vegunum á s. l. vori og viðhaldið varð þess vegna enn þá meira en venjulega. Svo liggur það fyrir, að vegamálastjóri hefur reiknað út aukninguna á kostnaðinum síðan 1958, og það eru 45%, þegar vegaviðhaldið hefur verið aukið á milli 90 og 100% og til nýbyggingar vega 72%. Þetta ætti ekki að þurfa að deila um. Lánsfé er svo þar fyrir utan og vegaframkvæmdirnar þess vegna orðnar mjög miklar á s. l. ári, eins og vegamálastjóri hefur lýst í útvarpinu nú ekki fyrir löngu. Auk þess hefur verið unnið að miklum vegabótum: að Reykjanesbrautinni, að Ennisvegi, að Strákavegi og Múlavegi. Það hefur verið unnið að sumu leyti fyrir lánsfé. En allt þetta miðar að því að bæta samgöngurnar, og eftir að Reykjanesbrautin hefur verið steypt, þarf hún a. m. k. ekki viðhaldsfé eins og nú frá öðrum vegum. Og ég ætla, að við séum í hv. Alþingi sammála um, að það beri að stefna að því að gera hina fjölförnustu vegi úr varanlegu efni.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að það væri í rauninni hv. framsóknarmönnum að þakka, að hafizt var handa um endurskoðun vegalaganna, og vitnaði í mál, sem þeir höfðu flutt hér í hv. Alþingi. Ég verð að gefa upplýsingar um það, að hv. landsk. þm. Bjartmar Guðmundsson flutti till. um allsherjarendurskoðun vegalaganna, og það var sú till., sem var samþykkt og upphafið að

því, að vegalaganefndin varð til. Ég kemst ekki hjá að leiðrétta misskilning hv. 3. þm. Vesturl. í því efni, og ég efast ekki um, að þetta er vegna þess, að hann hefur ekki munað betur, en ekki af því, að hann hafi vísvitandi viljað fara rangt með.

Meira er nú ekki þörf á að taka hér fram í þessu sambandi. Ég held, að það hafi ekkert nýtt komið fram, sem ástæða er til að leiðrétta hér frekar en orðið er. Það er ekki til þess að eyða orðum að því, þegar hv. framsóknarmenn eru að tala um það, að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir séu of nægjusamir, þegar þeir eru að tala um, að það hafi nokkuð áunnizt í samgöngumálum og vegamálum síðustu árin. Það er staðreynd, að það hefur mikið áunnizt í þessum málum. Það er staðreynd, að framkvæmdir í vegamálum núna seinni árin eru meiri en þær hafa verið áður. Það er staðreynd, að fjárveitingar til þessara mála eru meiri, tiltölulega meiri, þótt miðað sé við kostnaðaraukningu, sem orðið hefur. En það er einnig staðreynd, að það þarf að gera meira en orðið er, og það verður gert með því að fá aukið fjármagn. Það verður gert með nýjum vegalögum, sem gera jafnframt ráð fyrir fjáröflun.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mér þykir góðs viti, að stjórn og stjórnarandstaða skuli þegar vera farin að deila um, hvorir eigi heiðurinn af því að hafa komið vegalaganefnd á laggirnar, enda þótt framleiðsla hennar hafi enn ekki birzt þinginu. Ég vona, að þetta sé vísir þess, að takast muni gott samkomulag um lausn á þessum málum, þegar þar að kemur.

Hv. 3. þm. Vesturl. ræddi um vegaviðhaldið af hressilegum þjósti. Þó gat ég ekki betur heyrt en við værum í þessu máli nákvæmlega sammála um, að það þyrfti að gera meira fyrir vegaviðhaldið en hefur verið gert, og þó eru fjárlagatölur um viðhaldið raunverulega komnar yfir 60 millj., en voru nærri 30 millj. fyrir fáum árum.

Ég er sammála honum um, að það eru vandkvæði á að láta héruðin bera lán til vegagerðar, þegar unnið er meira en veitt er á fjárlögum. Einhverja lausn verður að finna á þeim vanda. Hefur mjög mikið verið af þessu gert í okkar kjördæmi, og ég hygg, að menn úr öllum flokkum séu sammála um, að a. m. k. í stórum hluta þess kjördæmis sé nú um að ræða framkvæmdir, sem má raunar kalla vegabyltingu.

Ég vildi að lokum aðeins segja örfá orð um það, að hv. 3. þm. Vesturl. fullyrti, að ríkið hefði 2—3 hundruð millj. kr. tekjur af umferðinni. Þetta fer eftir því, hvað menn eiga við, þegar þeir tala um tekjur af umferðinni. Ef við athugum umferðina sjálfa, hefur ríkið tekjur af henni með benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjöldum. Það er af umferðinni sjálfri. Svo er annar liður: tekjur ríkisins af innflutningi bifreiða og bifreiðavarahluta. Ég mundi ekki telja rétt að tala um það sem tekjur af umferðinni. Ég er sammála því, að ríkið á að leggja til vegakerfis og gatnagerðar allar tekjur af umferðinni í þessum skilningi, tekjur af benzínsköttum, þungaskatti og gúmmígjaldi. Ástandið í þessum málum er þannig, að samkvæmt þeim fjárlögum, sem hér liggja fyrir, ætlar ríkið að leggja um 40 millj. kr. meira til vegagerðar ríkisins heldur en það fær í tekjur af þessum liðum. Hins vegar má deila um, hvort vegakerfið á heimtingu á að fá allar tolltekjurnar. Ég hygg, að menn muni komast að raun um við nánari athugun, að það sé hæpið, að hægt sé að skipta öllu okkar viðskiptalífi í deildir, þannig að hvert verksvið í þjóðfélaginu eigi að hafa allar tolltekjur, sem falla til af innflutningi, sem því kemur við. Einhvern veginn verður það stóra ríkisbákn, sem við allir berum uppi, að hafa tekjur, og þetta er einn af hinum stóru sameiginlegu tekjustofnum. Hvort sem tekið yrði beint af tollum af bifreiðum eða úr ríkissjóðnum sjálfum, þá hygg ég, að hann þurfi að greiða eitthvað með þeim tekjum, sem fást af benzíni, þungaskatti og gúmmígjaldi, til þess að við fáum þær stórbreytingar á framkvæmd vegagerðar, sem okkur alla dreymir um.

Ég vil svo minna á, að í fyrri ræðu minni var ég ekki að ráðast á stjórnarandstöðuna, er ég talaði um, að breyting á vegum í þjóðvegatölu ein væri ekki verulega raunhæf umbót. Ég játaði í sama orðinu, að ég hefði sjálfur á sínum tíma staðið að flutningi slíkrar till. Hér er aðeins um almenna hugsun að ræða, sem var engan veginn árás á stjórnarandstöðu frekar en stjórnarþingmenn núverandi, því að allir hafa staðið að slíkum frv., og þau hafa vissulega verið liður í kerfi, sem hér hefur ríkt og hefur gefið mikinn árangur. Það, sem ég vildi benda á, var, að það þarf miklu meiri breytingar á vegalögum en koma fram í þessu eina frv. til að ná þeim árangri, sem við nú viljum ná.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef nú aðeins örstuttan athugasemdartíma og vil nota hann fyrst og fremst til þess að láta því ekki ómótmælt, sem hv. 5. þm. Vesturl. vildi að ég hefði sagt, að það ætti að minnka vegaviðhaldsféð. Þetta hef ég aldrei sagt og geri því ráð fyrir, að hv. þm. hafi misheyrt, en ekki að hann hafi búið þessi orð til eftir mér til þess að geta staðið hér upp til að halda þá ræðu, sem hann hélt. Ég sagði hins vegar, að það væri þakkarvert það fé, sem veitt hefur verið til vegaviðhalds, en að það væri allsendis ónóg, meðfram fyrir það, að meira fé þyrfti til að byggja upp vegina heldur en nú er veitt til þeirra hluta, enda mundi þá vegaviðhaldsféð koma að meira liði og hrökkva betur, ef meira nýbyggingarfé fengist.

Hv. þm. fór svo að tala um, að þetta frv. væri óraunhæft, vegna þess að ekki væri gengið út frá því, að meira fé væri veitt til vegagerða, þótt við þjóðvegina sé bætt. Slíkt leiðir auðvitað af sjálfu sér, og þarf ekki að eyða orðum að því, að eftir því sem fleiri vegir eru teknir í þjóðvegatölu, því meira fé þarf til uppbyggingar og viðhalds þeim og því meira viðhaldsfé sem þjóðvegirnir hafa á því sviði verið meir vanræktir á undanförnum árum, eins og líka raun ber vitni um. Þetta var því ekki réttmæt athugasemd í sambandi við það frv., sem hér er til umræðu.

Hv. þm. var að mínum dómi dálítið ósmekklegur, — þótt slíkt sé ef til vill ekki svo mjög furðulegt, að slíkt hljóð komi úr því horni, þ. e. frá þeim flokki, sem hann tilheyrir, — þegar

hann fór að meta eða mæla ofaníburð í þjóðvegi á þann veg, að s. l. ár hefði verið sem svarar til þriggja rúmmála hinnar svokölluðu Bændahallar. Það mætti ef til vill í tilefni af þessum orðum halda, að hv. þm. og hans flokksmönnum mundi vel líka, að til viðbótar við ofaníburð í þjóðvegina væri Bændahöllinni bætt sem mulningi.

Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að vera að hampa *einhverjum prósentureikningi* um auknar fjárveitingar til nýbyggingar þjóðvega, þegar slíkar tölur hans stangast á við staðreyndir fjárlaganna um þau mál, og því verra fyrir hann, þegar þessum prósentureikningi hans ber ekki saman frá einni ræðu til annarrar. Vera *má*, að hæstv. ráðh. bæti við vegaféð fjárhæðum, sem hann hefur veitt heimild til að sveitarfélögin tækju að láni til vegaframkvæmda, og enn fremur hafi ráðh. bætt því fé við, sem ríkisstj. kann að hafa lagt fram í bili til einstakra vegaframkvæmda utan við allar lagaheimildir. Hvernig sem þessu er varið, þá er það staðreynd, að ekki er hægt að koma saman við fjárveitingar fjárlaganna til vegaframkvæmda þeim tölum, sem hæstv. ráðh. nefnir nú.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal *nú ekki þreyta hér umr., en* það eru nokkur atriði, sem komu fram hjá hæstv. ráðh., sem ég vil víkja að.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri tiltölulega meira til vegaframkvæmda á fjárlögum hjá hæstv. ríkisstj. núna heldur en áður hefði verið. Við hvað *miðar* hæstv. ráðh.? Miðar hann við fjárlögin í heild? Hefur vegaframlagið hækkað eins mikið og fjárlögin í heild? Ég segi, að það hafi ekki gert það. Ég vil líka minna þennan hæstv. ráðh. á það, að þegar núv. ríkisstj. kom til valda, þá hækkaði hún benzínskattinn um 34 aura og tók til sín benzínskatt, sem áður hafði farið í útflutningssjóð. Er þetta það, sem hann miðar við, þegar hann segir, að vegagerðin hafi nýjar og auknar tekjur af umferðinni? Ég vil líka minna á það, að innflutningur á bifreiðum og umferð í landinu þar af leiðandi hefur verið miklu meiri en nokkru sinni fyrr, en fjárveitingar hafa ekki vaxið í samræmi við það. Þess vegna er það ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að fjárveitingar til vegagerðar séu tiltölulega jafnháar nú og áður var, nema síður sé.

Út af vegaviðhaldinu, sem þeir hæstv. ráðh. og hv. 5. þm. Vesturl. hafa rætt um, vil ég segja það, að samkv. ríkisreikningi fyrir 1958 var varið í vegaviðhald 41 millj. 750 þús. kr., en samkv. fjárlagafrv. því, sem nú liggur hér fyrir, á að verja 70 millj. kr. Þetta er hækkunin, frá 42 millj. tæpum upp í 70, á sama tíma sem fjárlögin hafa nærri því þrefaldazt. Þetta er ekki að halda við í vegaviðhaldinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að mér hefði yfirsézt í sambandi við till. hv. landsk. þm. Bjartmars Guðmundssonar. Mér yfirsást ekki, því að ég tók þetta fram. Ég sagði einmitt frá því, að þetta gerðist á því þingi, sem við framsóknarmenn lögðum fram frv. til breyt. á meðferð á benzínskatti og þungaskatti af bifreiðum, að þetta gengi til nýbygginga á vegum og brúm. Það frv. var saltað í nefnd og ekki leitað umsagnar vegamálastjóra, fyrr en till. Bjartmars og þeirra félaga var komin fram. Hún var sett inn í fjvn., og *þegar fjvn. hafði afgreitt* hana til vegamálastjóra, þá rausnaðist hv. samgmn. til þess að senda okkar frv. samhliða. Og upp úr okkar frv. og þeirri till. samdi vegamálastjóri till., sem var endursend fjvn. og þar samþykkt í einu hljóði, og það eina, sem við vorum ekki sammála um í fjvn., var það, að við vildum láta Alþingi kjósa nefndina, en hæstv. ráðh. vildi fá að skipa hana. Þetta er staðreynd í málinu. Þetta man ég vel, og þarf enginn að minna mig á og þarf ekkert að deila um upphafið, því að það var svo sem ég hef greint.

Út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að ég hefði talað um tekjur af umferðinni, í því sambandi hef ég fylgt þeirri reglu, sem fyrrv. vegamálastjóri, Geir heitinn Zoëga, hafði, þegar hann skrifaði grein um vegi á Íslandi og framlög til þeirra og tekjur af þeim í Fjármálatíðindin 1956, og ég hef fengið upp hjá Hagstofu Íslands árlega slíkt yfirlit, og það hefur alltaf verið gert á einn og sama veg. Á þann hátt miða ég við, þegar ég tala um tekjur af umferðinni í landinu. Og þær tekjur, sem ríkissjóður hefur af bifreiðum, hvort sem það er í benzínskatti, þungaskatti, leyfisgjöldum, gúmmígjöldum eða öðru, þær fást vegna þess, að við höfum lagt hér vegi, eins og Geir vegamálastjóri sagði, svo að ríkissjóður hefur stórfelldar tekjur af því að hafa lagt fé til vegamála á Íslandi. Þetta er staðreynd, og einmitt vegna þess að ríkissjóður hefur haft svo stórfelldar tekjur síðustu árin, átti meiru að verja til þessara vegamála en gert hefur verið. Það er líka staðreynd, sem ekki þýðir á móti að mæla. Þess vegna endurtek ég það, að hæstv. ríkisstj. hefur verið smástig í þessu máli. En vonandi eigum við eftir að reyna betra, þegar þetta nýja frv. kemur fram, og fagna ég því sannarlega, að svo verður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Nd., 21. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til samgmn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. við það barst á þskj. 93.

---

25. Strandferðaskip fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn.

Á 17. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn [67. mál] (þmfrv., A. 72).

Á 20. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 72 er flutt af mér og samþm. mínum, hv. 4. þm. Sunnl., Birni Fr. Björnssyni, en við vorum báðir meðflm. að shlj. frv. á síðasta þingi, en 1. flm. þess frv. var þáv. hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson. Frv. náði ekki fram að ganga, svo að við höfum leyft okkur að leggja þetta frv. hér í þessari hv. d. fram nú á þessu þingi í þeirri von, að það fái hér góðar undirtektir.

Greinar frv. eru 5 og þarfnast þær hver um sig ekki sérstakra skýringa, svo einfaldar eru þær og auðskildar efnislega. En með frv., ef að lögum verður, er ríkisstj. heimilað að láta byggja skip til þess að annast daglegar ferðir á siglingaleiðinni milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, og ætla ég að fara fáeinum orðum um málið í heild.

Vestmannaeyjakaupstaður er, svo sem kunnugt er, einn af stærri kaupstöðum hér á landi, íbúar hátt á 5. þúsund, en þar að auki starfar þar á vetrarvertíð aðkomufólk, svo að skiptir þúsundum. Ég þarf ekki og ég ætla ekki heldur að rekja hina miklu þýðingu þessarar miklu verstöðvar fyrir framleiðslu- og atvinnulíf þjóðarinnar. svo kunnugt er það öllum landsmönnum og þá auðvitað ekki síst hv. alþm.

Íbúar Vestmannaeyja hafa lengi mátt búa við erfiðar og dýrar og allt of fáar áætlunarferðir milli lands og Eyja. Fyrsta átakið af hálfu þess opinbera, sem verulega hefur miðað að því að bæta úr þessu samgönguleysi Eyjabúa, var, þegar skipið Herjólfur var smíðað til að annast siglingar á leiðinni Reykjavík—Vestmannaeyjar með ferðum til Hornafjarðar. Herjólfur hefur undanfarin sumur haft áætlunarferðir til Þorlákshafnar, en stundum hafa slíkar áætlunarferðir þangað ekki verið farnar, þegar veður hefur hamlað, og á vetrum hafa þessar ferðir lagzt niður, þar sem lendingarskilyrði fyrir skip eins og Herjólf hafa ekki verið til staðar í Þorlákshöfn. Nú er unnið að hafnargerð í Þorlákshöfn, og verður væntanlega lokið þeim áfanga, sem ráðgert er að koma í framkvæmd nú, eftir svo sem eitt eða í hæsta lagi tvö ár. Þá á ekkert að vera lengur því til fyrirstöðu, að allstór hafskip geti athafnað sig í þeirri höfn, þegar sjór er fær á þeirri siglingaleið, sem hér er um að ræða, og opnast þá tiltölulega stutt leið fyrir daglegar samgöngur milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og til Reykjavíkur um Þrengslaveginn. Má gera ráð fyrir, að ferð milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur þyrfti ekki að taka nema svo sem 4½ klukkustund, í stað þess að sjóleiðin milli Eyja og Reykjavíkur tekur nú ekki skemmri tíma en í kringum 10 klst. Oft tekur sú leið líka miklu lengri tíma og er fólki erfið og óþægileg, þegar veður er óhagstætt, sem því miður er oft, og sjór úfinn. Með hafnargerðinni í Þorlákshöfn hillir undir það langþráða mark, að leiðin milli lands og Eyja styttist stórkostlega og geti orðið fær flesta daga. En þá þarf að vera til staðar þægilegur farkostur, sem getur gegnt því mikilvæga hlutverki að flytja fólk, vörur og farartæki, eins og t. d. bifreiðar, á milli þessara staða. Við flm. teljum, og um það hugsa ég að sé ekki ágreiningur, að þetta sé sú eina leið til þess að gera samgöngur Vestmanneyinga sem þægilegastar og öruggastar, auk þess sem flugvélar verða einnig auðvitað alltaf notaðar, þegar veður leyfir.

Mér hafa sagt kunnugir menn, að síðan bifreiðaeign fór að verða allalmenn í Vestmannaeyjum, sé eins og fólk uni enn verr en áður einangrun byggðarlagsins. Menn vilja geta komizt með farartæki sín styztu leið til lands, þegar þeim hentar, og ferðazt svo óháðir um landið á sínum eigin farartækjum.

Í Vestmannaeyjum er og hefur lengi verið mun almennari velmegun en víðast annars staðar á landinu. Er það auðvitað sprottið af hinum góðu og nálægu fiskimiðum og dugnaði fólksins, sem þar býr. En þrátt fyrir hina almennu velmegun er talsvert orðið um það nú, sem ekki var áður fyrr eða a. m. k. miklu minna, að fólk flytur frá Eyjum, og er mér sagt, að einangrun staðarins og hinar tiltölulega löngu sjóferðir, sem menn verða að fara, þegar þeir vilja komast til Eyjanna eða frá þeim, muni mestu valda um það, hversu margir flytja í burtu þaðan. En hvað sem um þetta er, um það skal ég ekki dæma, þá er það ekki nema eðlileg þjónusta þjóðfélagsins við íbúa þessa fjölmenna staðar, sem hefur mesta framleiðslu miðað við mannfjölda allra byggðarlaga landsins, að sjá um að tengja staðinn sem bezt við samgöngukerfi landsins, svo að íbúarnir þar, sem vissulega leggja ekki minna til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar en aðrir, nema fremur sé, — leggja sennilega til meira en flestir aðrir vegna hinnar miklu framleiðslu, sem þar er, — að þeir geti notið þeirra þæginda og öryggis, sem góðar og tíðar samgöngur veita.

Eitt af því, sem Eyjabúar njóta ekki til jafns við aðra þéttbýla staði, er það, að þeir verða oft að vera án mjólkur, eða a. m. k. verða þeir alloft að notast við mjólk, sem er orðin nokkuð gömul. Nú á tímum eru gerðar miklar og vaxandi kröfur um holla fæðu, en nýmjólk er talin nauðsynlegur liður í daglegri fæðu hvers manns. Mjólkina er hins vegar ekki hægt að geyma lengi í sínu upprunalega ástandi. Daglegar samgöngur skemmstu leið við mjólkurframleiðslusvæðin sunnanlands eru þess vegna einnig mikil nauðsyn. Sama er og að segja um ýmsar afurðir aðrar, sem þeir ættu með daglegum samgöngum að geta fengið nýjar, svo sem t. d. sláturfjárafurðir á haustin í sláturtíðinni, ef skip hentuglega útbúið til flutninga á viðkvæmum matvælum væri daglega í förum frá suðurströndinni.

Vegakerfi landsins er samfélagsleg þjónusta af hálfu hins opinbera, sem allir landsmenn standa undir kostnaði af og eiga allir að hafa sama rétt til að njóta. Góðar samgöngur eru vissulega fyrsti og þýðingarmesti þáttur í því að viðhalda jafnvæginu í byggð landsins og jafna aðstöðu manna, eftir því sem hægt er, til þæginda og öryggis. Auðvitað eru samgöngur í lofti og á sjó alveg sama eðlis og eru þannig greinar af sama stofni, þjónustunni við íbúa landsins til að geta komizt um landið sitt eftir vild.

Við flm. þessa frv. álítum, að íbúar Vestmannaeyja geti ekki talizt njóta sömu aðstöðu og aðrir menn, sem búsettir eru hér á Suðurlandi, a. m. k. ekki fyrr en þeir fá hentugt skip, sem eingöngu hefur því hlutverki að gegna að halda uppi ferðum milli Vestmannaeyja og Suðurlandsundir-

lendisins. Okkur finnst, að íbúar Eyjanna eigi þjóðfélagslegan rétt til þess, að þörf þeirra í þessu efni verði tekin til greina, og af þeim ástæðum er frv. þetta fram borið. Viljum við mega vænta þess, að hið háa Alþingi liti einnig þannig á þetta mál.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þetta verði látið ganga til 2. umr. að þessari umr. lokinni og hv. samgmn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir til umr., er vissulega hreyft einu af mestu áhugamálum okkar Vestmanneyinga. En ég tel, að mál þetta sé þess eðlis, að það þurfi mun meiri athugunar við en fram kemur í frv. sjálfu eða grg. þess. En þetta gefur mér þó tilefni til almennra umr. um samgöngumál okkar, eins og þau hafa verið og eru nú í dag.

Að sjálfsögðu eru samgöngumál hvers byggðarlags og hljóta að vera þess eðlis, að þau séu eitt af mestu áhugamálum þess fólks, sem þar býr, og má segja, að framgangur hvers byggðarlags velti oftast mest á því, hvernig samgöngum er þar háttað, hvort fólkið, sem þar býr, telur þær viðunandi eða ekki. Árið 1962 var tala farþega til og frá Eyjum milli 22 og 23 þús. Skiptist það nokkuð jafnt milli farþega, sem hafa ferðazt þarna á milli með flugvélum og skipum, þó heldur meira með flugvélum en sjóleiðina.

Fram að síðari heimsstyrjöld voru Vestmanneyingar, miðað við þær aðstæður, sem þá voru, nokkuð vel settir, og má segja, að þeir hafi þá til þess að gera haft mun örari samgöngur við Reykjavík en síðar varð. Kom það til af því, að öll skip, bæði erlend og íslenzk, sem sigldu milli Reykjavíkur og útlanda, höfðu fasta áætlunarviðkomu í Eyjum. Var þar um að ræða fyrst og fremst Eimskipafélag Íslands, sem lét þá öll sín skip koma við í Vestmannaeyjum, þegar þau sigldu frá Reykjavík til útlanda eða komu frá útlöndum á leið til Reykjavíkur. Einnig hélt þá Sameinaða gufuskipafélagið í Kaupmannahöfn uppi föstum ferðum, bæði milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur og Leith og Reykjavíkur, lét þetta félag öll sín skip koma við, bæði á uppleið og útleið, í Vestmannaeyjum. Var þar um fastar vikulegar ferðir að ræða. Bergenska gufuskipafélagið hafði þá einnig eitt skip í förum milli Íslands og Noregs, og hafði það einnig fasta viðkomu í Vestmannaeyjum, bæði á uppleið og útleið, og var hálfsmánaðarlega í förum á milli landanna. Það má því teljast, að á þessum tíma hafi samgöngur milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur verið, eftir því sem aðstæður voru þá, vel við unandi hvað fjölda þeirra snerti. Hins vegar háði það nokkuð farþegum, að hafnarskilyrði voru þá enn í Eyjum mjög erfið og gat oft verið miklum erfiðleikum bundið að komast um borð í skipin eða frá borði aftur.

Eftir að styrjöldinni lauk, gerbreyttist þetta alveg, þannig að allar þessar föstu áætlunarferðir, sem fyrir stríð voru, féllu niður. Eimskipafélag Íslands hætti að láta sín skip koma við í föstum áætlunarferðum, ferðir Bergenska gufuskipafélagsins féllu niður og ferðir Sameinaða gufuskipafélagsins í Kaupmannahöfn féllu einnig að miklu leyti niður og hættu alveg viðkomu í Eyjum. Vestmanneyingar voru á þeim tíma mjög illa settir með ferðir frá og til Eyja, og byggðust þær þá að langmestu leyti á ferðum báta, fyrst milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja og síðan milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. Mátti segja, að það hafi verið heppni yfir þeim öllum, að aldrei hlauzt slys af, eins og oft var til þeirra stofnað við mjög erfiðar aðstæður.

Fyrsta verulega samgöngubótin, sem Vestmanneyingar fengu, — ég vil leiðrétta það hjá flm., það var ekki Herjólfur, — það var bygging flugvallarins 1945. Það má segja, að þá hafi verulega breytt til batnaðar, og þegar á fyrsta ári munu hafa verið fluttir um 10 þús. farþegar á milli Eyja og Reykjavíkur þessa leiðina. Tilkoma Herjólfs síðar var að sjálfsögðu mjög mikil samgöngubót, og hefur það aukið farþegatölu til og frá Vestmannaeyjum mjög mikið.

Þegar Herjólfur var byggður eða áður en hann var byggður, var komin mjög mikil hreyfing á það heima í héraði, að Vestmanneyingar byggðu sjálfir skip, leituðu til ríkis um stofnframlag og rekstur, eftir því sem þá gerðist til samgöngumála, en ættu skipið sjálfir og hefðu yfir því alveg ótakmörkuð umráð. Úr þessu varð þó ekki, þar sem málið var tekið á dagskrá hér á hv. Alþingi og fékk þá afgreiðslu, eins og kunnugt er, að Skipaútgerð ríkisins var heimilað og falið að byggja skip til Vestmannaeyjaferða og Hornafjarðarferða. Þeir, sem þessum málum voru kunnugastir þá heima í héraði og einnig hér í Reykjavík, töldu, að með Herjólfi væri fengin nokkur frambúðarlausn um flutning farþega á milli þessara staða. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að svo er ekki. Það, sem ekki var tekið með í reikninginn og menn gerðu sér ekki ljóst, þegar stærð Herjólfs var ákveðin og farþegarými í honum einnig ákveðið, er það, að við tilkomu fastra og öruggra ferða milli þessara staða hefur komið miklu meiri hreyfing á fólkið en áður var og menn höfðu gert sér grein fyrir. Fyrsta árið, sem Herjólfur gekk milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, varð aukning á farþegaflutningi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alveg það, sem Herjólfur flutti, eða um 10 þús. farþegar. Það hefur þegar sýnt sig, að skipið er því miður, þó að það í alla staði sé traust og gott, þá er það ekki okkur fullnægjandi. Ég hef því í því sambandi farið fram á það við samgmrn. og einnig Skipaútgerð ríkisins, að Herjólfur yrði látinn hætta hinum föstu Hornafjarðarferðum, en gengi eingöngu í fastri áætlun milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Ég tel, að full rök liggi að því, að við þessum tilmælum verði orðið, svo framarlega sem þess er nokkur kostur. Það kemur í ljós, að á árinu 1962 flutti skipið rúmlega 8500 farþega til og frá Eyjum, þar af um 7 þús. milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Nú er það svo, að þó að farþegaklefar Herjólfs séu fullir í hverri einustu ferð, þá getur hann ekki flutt meira en 5000 farþega á ári eða tæplega það, miðað við 100—125 ferðir, ef farþegar eiga að hafa svefnklefa, en ferðir Herjólfs eru, eins og kunnugt er, næturferðir báðar leiðir. Það sýnir sig því, að þessa leið hafa farið milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja rúmlega 2000 farþegar á því, sem kalla verður dekkpláss, eða við langt frá því

fullnægjandi aðstæður. Það er að vísu hægt að sitja í borðsal skipsins, og það er hægt að fá legurúm í öðrum sal, sem þar er og upphaflega var ætlaður borðsalur. En ef tekið er tillit til þess, að þarna er um 10—11 tíma ferð að ræða fyrir Reykjanes, sem getur verið að vetrarlagi einhver erfiðasta sigling hér við strendur landsins, er langt frá því, að það sé frambærilegt og fólki sé bjóðandi að fara þessa leið án þess að hafa rúm í farþegaklefa. En þetta hefur svona gengið fyrir sig, og tel ég, að það sé alveg óviðunandi og úr þessu verði að bæta eins og hægt er, en það verður gert með því móti einu, eins og aðstaðan er nú, að láta skipið hætta ferðum til Hornafjarðar.

Nú er mér það að sjálfsögðu alveg ljóst, að þeir, sem búa á Hornafirði, eiga nákvæmlega sama rétt til ferða til sín eins og við úti í Vestmannaeyjum. En ég hef þegar farið fram á það við rn. og við Skipaútgerð ríkisins, að það yrði athugað nú fyrir áramótin, hvort ekki er hægt að koma áætlunum annarra skipa þannig fyrir, að þau geti leyst Herjólf undan þessum ferðum. Eftir því sem ég hef getað kynnt mér þetta mál, hygg ég, að með góðum vilja sé hægt að verða við þessum óskum okkar, a. m. k. vona ég það.

Eins og ég sagði í upphafi, er þetta og hefur verið eitt af mestu áhugamálum Vestmanneyinga, að fá sínar samgöngur enn bættar frá því, sem nú er. En ég tel, að málið sé þess eðlis, að það þurfi nánari athugunar við. Ég skal viðurkenna og tel mér það skylt, að samgöngumál okkar hafa fyrir atbeina Alþingis verið mjög bætt á síðustu árum, bæði með byggingu flugbrautar 1945, með byggingu Herjólfs og með byggingu þeirrar þverbrautar, sem nú er verið að byggja þar og við vonum að tekin verði í notkun þegar á næsta sumri. En eins og flm. sagði, krefst nútíminn þess, og fólk, sem býr við aðstæður eins og Vestmanneyingar, hlýtur að krefjast þess, að þar sé um öruggar og daglegar samgöngur að ræða.

Flutningur fólks úr Eyjum hefur, sem betur fer, ekki verið eins mikill og fram kom hjá hv. flm. og ég reyndar hef heyrt áður og séð ritað um í blöðunum. Frá Vestmannaeyjum fluttu árið 1962 143 menn, en nýir innflytjendur til Eyja voru 136, þannig að þar er ekki nema um 7 manna mismun að ræða. En það er rétt, að því öruggari og betri sem samgöngur eru, því meiri líkur eru fyrir því, að fólkið uni þar betur og að fleiri vilji þar búa og flytja þangað inn heldur en nú hefur verið. Mér sýnist, að þetta ár, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, muni tala þeirra, sem flutt hafa úr bænum, vera allmiklu lægri og tala þeirra, sem flutt hafa inn í bæinn, einnig verið svipuð og þeirra, sem út hafa flutt. Eftir hreyfingu fólks almennt í landinu held ég, að þetta sé ekkert óeðlilegt, og sem betur fer er enn þá engin hætta á ferðum. En allt er það til öryggis fyrir þá, sem þarna búa, að samgöngur séu sem beztar og greiðastar, og ég tel, að Vestmanneyingar geti ekki við annað unað en að svo verði innan skamms, að þar verði um daglegar ferðir að ræða og þá styztu sjóleið, sem hægt er að fá hingað upp til fastalandsins, eins og við orðum það.

Flugbrautin, sem í byggingu er og vonandi verður tekin í notkun á næsta ári, er vissulega stórt skref í þessa átt. En fullt öryggi getur flug aldrei á stað eins og Vestmannaeyjum veitt, og hlýtur því að koma að því, að fastar daglegar ferðir sjóleiðis verði einnig að vera fyrir hendi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að við Alþb.-menn styðjum það frv., sem hér er flutt af tveimur hv. framsóknarmönnum um smíði á nýju strandferðaskipi fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn.

Eins og hér hefur fram komið, var á síðasta þingi flutt hér shlj. frv. þessu, og 1. flm. þess var þá Karl Guðjónsson, þáv. 6. þm. Sunnl. Okkur er það ljóst, að það er orðin knýjandi nauðsyn á því, að ráðizt verði í þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., því að það ástand, sem Vestmanneyingar og aðrir þeir, sem á samgöngum þurfa að halda þangað út, eiga við að búa, er löngu orðið ófullnægjandi. Ég verð því að segja, að mér þykir það mjög miður að heyra, að hv. 3. þm. Sunnl., sem hér var að ljúka við ræðu sína og er sjálfur heimamaður í Vestmannaeyjum, skuli hika við það að lýsa yfir fullu fylgi sínu við það frv., sem hér liggur fyrir, og skuli enn bera því við, að hann telji, að þetta mál þurfi að athugast nánar, það þurfi meiri athugunar við en enn hafi farið fram o. s. frv. Ég ætla þó, að till. um þetta efni eigi engum manni frá Vestmannaeyjum að koma að óvörum. Ég hygg, að þeir hafi fyllilega gert sér ljóst og fundið á undanförnum árum, hvað var að gerast í þessum málum, og þeir hafi sannarlega hugleitt það, hver voru helztu úrræðin. Auk þess hefur svo þetta mál, eins og hér hefur fram komið, legið fyrir Alþingi fyrr en nú, og hvað er það í þessu máli, sem ekki hefur gefizt tími til þess að athuga? Hvað er það í þessu máli, sem gerir menn enn þá óákveðna um afstöðu til þess? Það er skoðun okkar Alþb.-manna, sem um þetta mál höfum rætt nokkrum sinnum hér áður, að það sé búið að eyða of löngum tíma í það að taka ákvörðun í þessu máli, því að það er gersamlega ljóst, hvað til stendur. Hafnargerðin í Þorlákshöfn er þegar komin á þann rekspöl, að allar líkur eru til þess, að það skip, sem hér er verið að gera ráð fyrir að útvega Vestmanneyingum, komi seinna en aðstæður þar fyllilega leyfa, til þess að afgreiðsla skipsins geti verið með eðlilegum hætti. Auk þess hefði svo sem ekki, jafnvel þó að skipið hefði orðið aðeins á undan hafnargerðinni, ekki mikið sakað, því að fleiri leiðir voru til með samgöngur á milli en leiðin upp í Þorlákshöfn.

Ég vil nú vænta þess, að hv. 3. þm. Sunnl., sem ég efast ekkert um að gerir sér fulla grein fyrir þörf þessa máls, noti þá aðstöðu, sem hann hefur í sínum flokki, til þess einmitt að beita sér fyrir því, að málið verði leyst á þeim grundvelli, sem hér er lagt til, sem er eina rétta leiðin í samgöngumálum á sjó á milli Vestmannaeyja og lands. Hitt þykir mér svo öllu lakara að heyra frá þessum hv. þm., þegar þetta nauðsynjamál er rætt, að helzta leið hans út úr vandanum nú virðist vera sú að ganga á kröpp kjör þeirra á Hornafirði og taka af þeim þær litlu samgöngur,

sem þeir hafa nú með Herjólfi, en þeir áttu á sínum tíma sameiginlegt mál með Vestmanneyingum, þegar Herjólfur var keyptur, og skipið var keypt handa báðum þessum aðilum. Enginn vafi er á því, að það, að málefni fleiri en Vestmanneyinga einna voru leyst á sínum tíma, þegar ráðizt var í kaupin á Herjólfi, hafði sitt að segja um að flýta ákvörðun málsins þá. Hornfirðingar eru illa settir í samgöngumálum og mega sízt við því, að þeirra hlutur sé skertur í þessum efnum. Og það er líka mikill misskilningur að halda, að það sé einhver lausn á vandamálum þeirra Vestmanneyinga að taka þessar fáu ferðir skipsins af þeim Hornfirðingum og beina skipinu eingöngu í ferðir á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Slíkt yrði aðeins mjög lítilvæg bót fyrir þá Vestmanneyinga, en leysti þeirra vanda í litlu. Hitt er það, sem máli skiptir, að taka ákvörðun um það, að byggja skuli skip af nauðsynlegri stærð í ferðirnar milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, sem sé þannig útbúið, að það þjóni því verkefni, sem þarna þarf óhjákvæmilega að leysa, bæði varðandi fólksflutninga og flutninga á farartækjum og varningi.

Ég efast ekkert um, að það, sem hér kom fram hjá hv. 3. þm. Sunnl. um samgöngusögu þeirra Vestmanneyinga, hefur verið rétt rakið. Svipaða sögu gæti ég sagt einnig um samgöngumál okkar á Austurlandi og þeirra Hornfirðinga o. fl. En slíkt kemur lítið við því málefni, sem hér er um að ræða. Aðalatriði málsins er að fá stjórnarvöld landsins til þess að taka ákvörðun um það að efna til framkvæmda. Það er aðalatriðið. Það eru ekki uppi neinar deilur um það, hvað skuli gera, heldur um það, hvenær skuli gera það, sem öllum er ljóst að þarf að gera.

Ég lýk svo þessum orðum mínum með því að lýsa því yfir, að við Alþb.-menn styðjum þetta frv. allir sem einn, og ég vil leyfa mér að skora alveg sérstaklega á 3. þm. Sunnl., sem ég veit að getur ráðið úrslitum um það, hvað gert verður í þessu máli, að endurskoða afstöðu sína, sem hér kom fram, og taka nú ákveðna afstöðu til þess að mæla með framgangi frv. í þeim búningi, sem það er.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Austf., að ég ætlaðist til þess, að aðstaða Hornfirðinga yrði nokkuð skert við samgöngur, þó að Herjólfur yrði látinn hætta þeim ferðum, sem hann undanfarið hefur annazt þangað. Ég tók það alveg skýrt fram, að ég hefði farið fram á við samgmrn. og Skipaútgerð ríkisins, hvort ekki væri hægt með breyttum áætlunum annarra skipa að haga því svo til, að Hornfirðingar misstu þar einskis í. Ég, eins og ég tók fram, geri mér alveg ljóst, að þeir eiga sama rétt til að fá sínar samgöngur bættar og haldið við eins og Vestmanneyingar, þannig að hafi þessi hv. þm. skilið mig þannig, að ég ætlaði að fara að ganga eitthvað á þeirra rétt, þá er það hjá honum misskilningur.

Ég sagði í upphafi minnar ræðu, að ég teldi, að mál þetta þyrfti frekari athugunar við. Það er ekki vegna þess, að mér sé ekki ljóst og kannske manna ljósast, hversu brýn nauðsyn það er fyrir Vestmanneyinga að fá enn bættar sínar samgöngur, að ég gerði þessa aths. Upphaflega, eins og ég tók fram, var það meining Vestmanneyinga að eiga sjálfir það skip, sem þarna gengi í föstum ferðum á milli, hafa yfir því alveg óskoraðan og ótakmarkaðan rétt. Ég tel, að einnig þetta spursmál þurfi nú að athuga. Ég tel, að það þurfi að koma fram, áður en endanlega verður gengið frá þessu máli, hvort Vestmanneyingar sjálfir vilja leggja fjármagn í skipið til þess að fá á því alveg ótakmarkaðan rétt. Ég hygg, að við teljum okkur aldrei alveg örugga með þetta, nema þannig verði frá því gengið í upphafi, að við eigum þann rétt, sem við teljum okkur nauðsynlegan í því sambandi. Eignarrétturinn skiptir því fyrir okkur miklu máli.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er eingöngu miðað við siglingar milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar í framtíðinni. Ég tel, að þegar frá þeim skipakaupum verður gengið, verði skipið að öllum búnaði einnig að vera þess umkomið og ráð fyrir því gert, að það geti siglt þá sjóleið, sem Herjólfur hefur hingað til siglt, milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Það er vitað, að sú leið er einhver sú erfiðasta hér við ströndina, siglingin gegnum Reykjanesröst, og skipið frá upphafi verður að vera þannig búið, bæði að sjóhæfni og öllum búnaði, að það sé þess umkomið að geta siglt þessa leið, því að ég geri mér alveg ljóst, að þótt Þorlákshöfn verði fullgerð í þeirri mynd, sem nú liggur fyrir, þá getur farið svo, að dögum saman verði kannske ekki hægt að láta skipið, sem hér um ræðir, fá þar afgreiðslu. Eins og víst flestir vita, hagar svo til þar, að aðalbryggjan, sem nú er og einnig verður vafalaust mikið notuð í framtíðinni, er um leið sjóvarnargarður fyrir opnu úthafi, og það getur aldrei orðið þar öruggt lægi fyrir skip af þessari stærð, eins og við gerum ráð fyrir, og þess vegna verður strax í upphafi að taka tillit til þess, að skipið sigli einnig þá leið, sem ég hef hér áður minnzt á.

Ég tel mig ekki þurfa að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að það frv., sem hér er, er eitt af okkar mest brennandi áhugamálum heima í byggðarlagi, og munum við, bæði ég og aðrir þar heima, að sjálfsögðu fylgja því máli eftir að þeim leiðum, sem við teljum að okkur séu beztar og öruggastar um að fá samgöngumál okkar bætt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það kom fram hér, sem mig grunaði, að raunverulega var það ekkert, sem frambærilegt gat talizt, sem hv. 3. þm. Sunnl. setti rannverulega fyrir sig hér í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, sem virkilega þyrfti að taka til athugunar varðandi framkvæmdir í þessu máli. Hann nefndi hér tvö atriði, sem hann vildi færa fram sem rök fyrir því, að málið þyrfti frekari athugunar við. Og hver voru þau? Í fyrsta lagi, að það hefur áður komið fram áhugi hjá mönnum í Vestmannaeyjum fyrir því að eiga jafnvel sjálfir það skip, sem hér er í förum. Það þarf því að athuga það nánar, hvort sá vilji er fyrir hendi, segir hv. þm. Á ég að trúa því, að Vestmanneyingar líti þannig á það mál, sem hér liggur fyrir, að þeir séu ekki búnir að gera þetta mál

upp við sig, að þeir hafi ekki enn þá áttað sig á því, hvort þeir óska eftir að eiga skipið sjálfir og reka það sjálfir eða ekki, og þeir vilji láta standa á úrlausn í málinu á því, að þeir séu enn ekki búnir að gera upp hug sinn í þessum efnum? Nei, þetta er auðvitað hreinn fyrirsláttur. Það er alveg rétt, að þegar Herjólfur var keyptur á sínum tíma, þá eins og fyrri daginn greip það um sig hjá nokkrum mönnum, að af því að ríkisstj. var ekki alveg rétt á litinn, sem ákvað þá framkvæmd, væri kannske rétt að hafa örlítið annan framgangsmáta á málinu. En í rauninni var aldrei nein krafa um það heima fyrir að eiga þetta skip. Og ég veit það mætavel, að í dag eru málin líka þannig, að Vestmanneyingum er það miklu meira í þessu máli að fá samgöngumálin leyst heldur en að deila um það, hver eigi að vera eigandi að því skipi, sem leysir verkefnið. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er líka gert ráð fyrir því, að ríkisstj. geti falið þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem hér eiga hlut að máli, að hafa rekstur skipsins með höndum. En hér er hins vegar lagt til, að ríkið leggi fram allt fé, sem þarf til byggingarinnar, og byggi skipið *og eigi skipið. Nei, það er alveg ábyggilegt*, að ef Vestmanneyingar væru virkilega á þeirri skoðun, sem hv. þm. lét hér liggja orð að, en vildi þó ekkert segja um ákveðið, þá hlytu þeir að vera búnir að taka sína ákvörðun og koma henni á framfæri og hefðu enda nægilegan tíma til þess, á meðan málið liggur hér fyrir Alþingi, því að um þetta hljóta þeir að hafa hugsað, svo að ekki þyrfti að tefja fyrir framgangi þessa máls vegna þess, að þetta standi eitthvað í mönnum, hver eigi að vera eigandinn að skipinu. Þetta er að mínum dómi hreinn fyrirsláttur.

Þá vék hv. 3. þm. Sunnl. að því, að í frv. væri gert ráð fyrir því að byggja skip, sem væri fyrir leiðina á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. En í frv. er gert ráð fyrir því, að byggt verði 500—1000 rúmlesta skip. Ekki dettur mér í hug að halda, að hv. 3. þm. Sunnl. búist við því, að það verði byggt skip allt upp undir 1000 rúmlestir, sem verði þannig, að það verði ekki fært um að fara hér milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur til jafns við skip, sem eru helmingi minni. Það er síður en svo, að sjóferðin á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar sé einhver innanskerjasigling. Þetta er hreint ekki góð sjóleið, og ég veit, að það dettur engum manni í hug að smíða það skip af þessari stærð á þessa leið, sem ekki ætti að vera fært um það að sigla einnig á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Og fyrr má nú vera vantraustið á þeirri ríkisstj., sem við völd er, að ekki sé hægt að fela henni slíka heimild sem í þessum lögum er, þannig að hægt sé þá um leið að treysta því, að hún láti ekki búa til slíkan fljótapramma á þessa leið, að honum sé ekki treystandi á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Slíkt vantraust hef ég ekki á núv. ríkisstj., og ég vænti, að hv. þm. hafi það ekki heldur, að það sé ekki hægt að trúa henni fyrir slíku.

Nei, þessi tvö atriði eru bæði þess eðlis, að þau eiga ekki að vefjast fyrir mönnum, þegar slíkt nauðsynjamál liggur fyrir eins og þetta, og ég efast ekkert um, að þetta sér hv. 3. þm. Sunnl. vel, vitandi manna bezt, eins og hann hefur sagt hér, einmitt um þörfina, sem er á í þessum efnum.

Hv. þm. sagði, að hann hefði tekið skýrt fram í þeim orðum, sem hann lét hér falla, að hann ætlaðist ekki til, að samgöngumál þeirra Hornfirðinga yrðu skert með því að taka Herjólf úr þessum ferðum, vegna þess að hann ætlaðist til þess, að ferðum annarra skipa yrði þann veg háttað, að Hornfirðingar gætu búið við svipaðar samgöngur eftir sem áður. En hv. þm. veit það mætavel, að skipakostur sá, sem ríkið ræður yfir í þessum efnum, er takmarkaður. Hann er fullnýttur. Hornfirðingar og aðrir þeir, sem nú stefna kröfum sínum til ríkisins, biðja í sífellu um bættar samgöngur. Það verður ekki breytt mikið til um ferðir þessara skipa, án þess að það komi niður á einhverjum, og um leið og Herjólfur yrði tekinn út úr þessum ferðum, sem hann er í, án þess þó að leysa vandamál Vestmanneyinga að nokkru ráði, eru auðvitað allar líkur til þess, að slíkt mundi bitna á Hornfirðingum sjálfum, hvað svo sem þeir menn segja, sem till. gera um það að ætla að taka Herjólf út úr þessum ferðum.

Ég skal svo ekki þræta um þetta frekar, en vil endurtaka áskorun mína til hv. 3. þm. Sunnl., sem ég veit að getur ráðið úrslitum í þessu máli og á að þekkja svo vel til um þann vanda, sem hér er lagt til að reyna að leysa, að ég skora á hann að hafa áhrif á það, að nú verði ákvörðun tekin hér á Alþingi einmitt um það, sem lagt er til í þessu frumvarpi.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Austf., því að hann sagði, að eftir að Herjólfur hefði komið, hefðu Vestmanneyingar farið að hugsa um eða látið þá ósk í ljós, að þeir vildu vera þar eigendur. Þetta mál bar þannig að, að það var haldinn almennur borgarafundur heima í Vestmannaeyjum um samgöngumálið og þar var tekin sú ákvörðun, að Vestmanneyingar réðust í það að eignast skip til þessarar ferðar. Málið hafði verið mjög vel athugað, bæði fjárhagshliðin og rekstrarhliðin. Það höfðu verið sendir menn út til Noregs, látnir þar skoða skip, sem þá var til sölu og okkur var boðið, og einnig hafa samband þar við skipasmíðastöðvar um byggingu skips fyrir okkur. Þetta þróaðist hins vegar þannig, að málið var tekið hér á dagskrá í Alþingi og þar ákveðið, að þetta skyldi vera skip til Vestmannaeyja- og Hornafjarðarferða, og féll þá að sjálfsögðu þá í bili niður sú hugmynd okkar um að vera einir eigendur að skipinu. — Ég vildi láta þetta koma hér fram að gefnu tilefni, því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði um upphaf málsins.

Að ég hafi vantraust á núv. ríkisstj. til þess að koma þessu máli fram, er einnig misskilningur. En hann verður að gæta þess, að ríkisstj. sjálf skipuleggur ekki slíkt skip. Hún felur sínum sérfræðingum að gera það, og ef þeim er falið að byggja skip eingöngu til ferða milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, þá er ekki víst, að það yrði tekið tillit til allra þeirra aðstæðna, sem þurfa að vera hjá skipi, sem á að ferðast sjóleið-

ina frá Reykjavík til Vestmannaeyja að næturlagi. Við ferðir milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja yrði um dagferð að ræða, 3—4 tíma, og aðbúnaður farþega þá að sjálfsögðu áætlaður allt annar en ef um næturferðir, 11—12 tíma ferðir, er að ræða. Það var þetta, sem ég meinti, þegar ég sagði, að málið þyrfti að athugast betur að þessu leyti.

Ég tel alls ekki, að það þurfi neitt að tefja framgang málsins, þó að ég hafi bent á, að það bæri þegar í upphafi að athuga og vega og meta allar aðstæður og gera sér grein fyrir því verkefni, sem skipinu væri ætlað. Það er síður en svo, að það væri sagt hérna nokkuð til þess að tefja málið, því að ég endurtek, að þetta er eitt af mestu áhugamálum okkar, sem búum úti í Eyjum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur allar umr., en kvaddi mér hljóðs út af því, að ferðir Herjólfs til Hornafjarðar hafa borizt í tal. Ég vil taka undir það, sem hér kom fram áðan hjá hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni. Mér er sérstaklega vel kunnugt um þetta, vegna þess að ég hef fjallað um þessi mál og átti sæti í ríkisstj., þegar ákveðið var að smíða Herjólf. Ég vil taka undir og staðfesta, að þegar það skip var smíðað, var beinlínis gengið frá því og samkomulag um það við alla aðila, sem ég hygg að hafi reyndar líka verið viðurkennt af hv. 3. þm. Sunnl., sem ræddi þetta mál, að Herjólfur væri fyrir Vestmannaeyjar og tæki einnig þessar Hornafjarðarferðir. Það má ekki bregða því samkomulagi, sem þá var gert um þetta mál, eins og hér kom líka fram áðan, og vil ég taka sterklega undir það. Sú er reynsla okkar núna af strandferðunum, eftir að skornar hafa verið mikið niður fjárveitingar til þeirra, að þær hafa engan skipakost til og engin tök á að bæta upp þessar ferðir Herjólfs austur, ef þær verða teknar af.

Ég vil mjög kröftuglega undirstrika, að það getur ekki komið til greina að gera slíkt og bregðast þannig því samkomulagi, sem gert var. Og þó að það kynni að vera látið í veðri vaka, að það ætti að gera eitthvað í staðinn, þá er enginn kostur á því, eins og nú standa sakir.

Fyrst ég er kominn hér, vil ég einnig lýsa samþykki mínu við þetta frv., því að vitaskuld er þetta eitt þýðingarmesta samgöngumál Vestmannaeyja, að fá reglulegar tíðar ferðir til og gott samband við Þorlákshöfn, auk þess sem fyrir er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Bygging leiguhúsnæðis.

Á 17. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingu leiguhúsnæðis [71. mál] (þmfrv., A. 78).

Á 21. og 22. fundi í Nd., 28. nóv. og 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 5. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. og hv. 5. landsk. þm. að flytja hér frv. á þskj. 78. Samkv. þessu frv. er hæstv. ríkisstj. heimilað að láta byggja á árinu 1964 500 íbúðir til þess að láta leigja út og byggja þær í hinum ýmsu kaupstöðum og kauptúnum þessa lands eftir því, hvað bæjarstjórnir og húsnæðismálastjórn telja mesta þörf þar á.

Það er svo komið hjá okkur nú, að það er orðinn verulegur skortur á íbúðum í allmörgum kaupstöðum landsins og ekki hvað sízt í Reykjavík. Þetta er ekki vegna þess, að Íslendingar vinni ekki mikið við það að reyna að koma upp nýjum íbúðum. Sannleikurinn er, að fólk vinnur baki brotnu að því að reyna að eignast þak yfir höfuðið. Þorri ungra hjóna að heita má vinnur nú bæði utan heimilis til þess að reyna að koma sér upp íbúð og vinnutíminn og erfiðleikarnir við að framkvæma þetta eru orðnir alveg gífurlegir. Aðstoð hins opinbera er líka orðin ákaflega ófullnægjandi í þessu efni. Það má heita t. d., að þau lán, sem húsnæðismálastjórnin lætur, geri ekki meir en nægja fyrir þeirri hækkun, sem orðið hefur á þessum síðustu árum. Það er þess vegna ljóst, að þrátt fyrir alla þessa miklu vinnu, sem þeir menn leggja á sig, sem eru að reyna að koma sér upp íbúðum, þá er skorturinn tilfinnanlegur. Það sést bezt, ef við athugum, hve mikið hefur verið byggt af íbúðum. Ég tek sérstaklega dæmi hér af Reykjavík, af því að það liggur bezt fyrir í hagskýrslunum, hvernig það er þar, viðvíkjandi þeim bæ einum. Þar er ástandið þannig, að fyrir 17 árum álitu þeir menn, sem voru settir til þess af bæjarstjórn Reykjavíkur að rannsaka, hve mikið þyrfti að byggja, þar komust þeir að þeirri niðurstöðu, að hér í Reykjavík þyrfti að byggja 600 íbúðir á ári. Það var árið 1945 eða 1946, sem sú rannsóknarnefnd bæjarstjórnar Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu. 600 íbúðir þurfti að byggja á ári í Reykjavík til þess að byggja yfir þá, sem væru í heilsuspillandi híbýlum, þá, sem myndu nýja heimili, og í staðinn fyrir þau hús, sem gengju úr sér.

Það var tekið allmyndarlega á á þeim árum, þá í stríðslokin hér. Enda var þá líka mjög róttæk löggjöf um húsnæðismálin og mikil aðstoð veitt, ekki sízt til þess að bæta úr hvað heilsuspillandi íbúðir snerti. Þó var aðeins eitt árið þá farið fram úr þessu. Það var árið 1946. Þá voru byggðar hér í Reykjavík 634 íbúðir. Ég skal til samanburðar minna á, að á árunum fyrir stríð var þetta yfirleitt niður í milli 200 og 300 íbúðir. Síðan, eftir 1947, fór hraðminnkandi, hvað byggt

var af íbúðum. Hér í Reykjavík var það t. d. 1947 468, 1948 var það 491, 1949 566, 1950 410, og þá stórversnaði, þá tók við ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., helmingaskiptastjórnin svokallaða, og innleiddi þau lög í fyrsta skipti á Íslandi, að það væri bannað að byggja íbúðir nema með sérstöku leyfi sérstakrar nefndar hér í Reykjavík, enda hrundi þá niður íbúðabyggingatalan. Þá fór það í Reykjavík niður í 282 íbúðir, sem byggt var á því herrans ári 1951 og niður í 161 íbúð það, sem byggt var úti á landi. Það hefur aldrei verið verri aðbúnaðurinn að mönnum til þess að geta komið þaki yfir höfuðið heldur en á þessu ári, 1951, og skorti þó ekki vinnuafl þá, því að þá var atvinnuleysi um land allt og í Reykjavík líka. Það var mikil barátta til þess að reyna að knýja fram frelsi í þeim efnum, að menn fengju að byggja, og hún bar nokkurn árangur, byggingar fóru smávaxandi. 1955 var það komið upp í 564 íbúðir hér í Reykjavík.

Það er álit þeirra, sem rannsakað hafa þessi mál, m. a. hér í Reykjavík, að það þyrfti að byggja um 700 íbúðir á ári, frá 1955. Og það var svo, að 1956 voru byggðar 705 íbúðir og 1957 935 íbúðir hér í Reykjavík. Það var á tímum vinstri stjórnarinnar, og það er hæsta talan, sem við höfum komizt upp í. Síðan fór það minnkandi. 1958 voru byggðar 865 íbúðir, 1959 740, 1960 642 og 1961 541. Það fór versnandi með viðreisninni. Ofur lítið skánaði það 1962, þá voru 598 íbúðir, sem voru byggðar á því herrans ári 1962 hér í Reykjavík. Og þegar menn nú bera þetta saman, sjá menn, hvernig stendur á því, að svona er komið. Það þurfti raunverulega að byggja 700 íbúðir á þessum seinasta áratug að meðaltali á ári hér í Reykjavík. Það eru aðeins tvö ár, sem það hefur verið gert eða komizt í að vera hærra. 1961 er ekki byggt meira en 1945, 16 árum áður. M. ö. o.: það hefur verið byggt alveg ófullnægjandi af íbúðum. Nú skal ég að vísu geta þess um leið, að að herbergjafjölda er það mikið, sem hefur verið byggt, og að fermetrafjölda er það líka mikið, sem hefur verið byggt. En það hefur, eins og með svo margt í okkar þjóðfélagi, verið farið of óhóflega að í hlutunum. Við höfum ekki kunnað fótum okkar forráð, Íslendingar, og m. a. hefðu þurft að vera þarna miklu meiri afskipti þess opinbera, ekki aðeins til þess að styðja þá, sem væru að byggja, heldur líka til þess að ráða nokkru um, hvernig byggt væri. Það er vitanlegt, að það hefur verið byggt hlutfallslega allt of mikið af 4, 5, 6 herbergja íbúðum og jafnvel þaðan af stærri, en allt of lítið af 2—3 herbergja íbúðum.

Því er það svo, að nú er mikill skortur eigin íbúða hjá fólki, og þó hafa eigin íbúðir aukizt tiltölulega mjög mikið. Það má heita, að þar hafi orðið alger bylting frá því, sem var fyrir stríð. Þá voru leiguíbúðirnar, t. d. hér í Reykjavík, í miklum meiri hl. Núna er það krafa, t. d. ánægjuleg krafa, sem sérstaklega unga fólkið gerir, að það skuli eiga sína eigin íbúð. En það eru bara ekki allir, sem hafa tök á því, sérstaklega ekki með þeim kjörum, sem nú eru veitt. Þess vegna er það svo, að samhliða því sem um byggingarnar og sérstaklega byggingar eigin íbúða hefur farið svo sem ég hef skýrt frá, hefur skorturinn á leiguíbúðum orðið alveg tilfinnanlegur. Sannleikurinn er, að skorturinn á leiguíbúðum er orðinn alveg óþolandi, þó sérstaklega hér í Reykjavík. Ég vil taka það fram, að hvað snertir landsbyggðina að öðru leyti, þá háttar þarna nokkuð öðruvísi. Það er í þeim efnum eins og svo mörgum öðrum, að þetta er eins og tvö þjóðfélög, þ. e. Reykjavík og nágrenni hennar annars vegar og landið að öðru leyti hins vegar. Hér búum við raunverulega í ekta kapítalistísku þjóðfélagi með öllu þess braski, hér í Reykjavík og nágrenninu. Úti á landi er svo að segja, ef ég mætti kalla það svo, það er eins konar sjálfsbjargarþjóðfélag. Það er þjóðfélag, þar sem fólkið fyrst og fremst er að reyna að bjarga sér sjálft. Og til allrar hamingju er komið svo í mörgum af þeim smábæjum, sem voru ljótir kotbæir, þegar ég var ungur, þar er nú komið svo, að þar eru orðnar mjög myndarlegar eigin íbúðir í steinhúsum, sem menn eiga. Mér dettur í hug t. d., hvernig staður eins og Blönduós hefur alveg umhverfzt til hins betra í þessum efnum. Og yfirleitt er það svo úti á landi, að víðast hvar hefur fólk þar af miklum dugnaði byggt sér sjálft þannig, að leiguíbúðir eru yfirleitt undantekningar. Hér aftur á móti í þessari stórborg, sem Reykjavík er að verða, er skorturinn á leiguíbúðum nú orðinn alvarlegt þjóðfélagsvandamál, sem verður að ráða fram úr eins og hverju öðru þjóðfélagsvandamáli. Hér er það svo, að fjöldi fólks hefur alls ekki efni á því, enda aðstaðan öðruvísi til þess að byggja að öllu leyti og fátækt það mikil hjá mörgum og aðrar aðstæður, að það getur yfirleitt ekki hugsað til þess að eignast íbúðir. Gamalt fólk er hér tiltölulega fleira en víða annars staðar á landinu, og það fólk þarf oft og tíðum alveg sérstaklega á því að halda að geta fengið leigt. Það er að öllu leyti ópraktískt af því að ætla að fara á gamals aldri að reyna að festa kaup á íbúð og eiga kannske ekki neina slíka að, sem gætu hjálpað því til þess.

Ástandið er þess vegna orðið þannig, að það liggur bókstaflega við neyð og er raunverulega neyð á ferðum, bæði hér í Reykjavík og á nokkrum stöðum annars staðar, sem hraðvaxandi eru. Fólk fær bókstaflega ekki inni. Fyrir barnafólk er þetta alveg óþolandi aðstaða, eins og nú er. Fyrir barnafólk er það svo, að ef mörg börn eru í fjölskyldu, 3, 4 og þaðan af fleiri, vilja helzt engir leigja þeim, og þau hjón, sem reyna að koma sínum stóra barnahóp upp, eiga bókstaflega hvergi í neitt hús að venda nema þá til bæjarins, sem reynir einhvers staðar og einhvers staðar, eftir því sem hann getur, og það er oft mjög takmarkað, að hola þeim niður og þá venjulega engan veginn í æskilegum íbúðum. Barnafólk, sem fátækt er, á þess vegna við hreinustu neyð að búa í þessum efnum. Ungt fólk, sem ekki býr svo vel, að foreldrar þess geti kannske boðið því upp á að gefa því í brúðargjöf 4—5 herbergja íbúð með bílinn standandi fyrir utan, eins og vissulega er til hér í Reykjavík, ungt fólk, sem á ekki slíka að, á erfitt með að fá inni. Fjöldinn af ungu fólki, sem nú giftist, verður að vera hjá foreldrum sínum og oft í mjög takmörkuðu húsnæði, og menn vita, hvað það er óheppilegt, og þó að þetta unga fólk sé ákaflega duglegt

og vilji leggja í að reyna að byggja sér, þá vitum við, hvað það þýðir. Það þýðir 3—4, jafnvel upp í 5 ár, sem tekur að koma sér upp íbúðunum, og við vitum, hvernig það er hérna. Það er flutt inn í íbúðirnar löngu áður en þær eru tilbúnar. Það er flutt inn í háhýsin, sem teiknuð eru hér, og barnafjölskyldur búa jafnvel uppi á 10.—11. hæð og verða að ganga þar lyftulaust eitt og tvö ár, þannig að menn geta rétt ímyndað sér, hvers konar aðbúnaður það yfirleitt er í stórborg eins og Reykjavík er að verða að geta ekki, á meðan menn eru a. m. k. að reyna að koma sér upp íbúð, fengið þá leigt 1—2—3 ár í einhverjum sæmilegum húsakynnum. Fyrir gamalt fólk er þetta alveg tilfinnanlegt, eins og ég hef getið um.

Það er þess vegna alveg óhjákvæmilegt, að þarna sé gripið í taumana og komið sé upp leiguíbúðum, bæði hér í Reykjavík og annars staðar. Það er þó nokkuð víða úti á landi, þar sem t. d. mikil útgerð er og að öðru leyti vaxandi bær, þar hef ég það fyrir satt, að þessir bær mundu vaxa mun hraðar, svo framarlega sem það væri til húsnæði, sem menn gætu flutt í þar, bær eins og t. d. Húsavík og ýmsir fleiri. En fólkið þarf að koma að, og það getur ekki fengið neins staðar inni, og þess vegna flyzt það ekki í bæinn. Ef það væri til leiguhúsnæði hins vegar á þessum stöðum, mundi fólk koma strax, og þarna er vinnuaflsskortur allan tímann. Hér í Reykjavík hefur afleiðingin af þessum skorti ekki aðeins orðið sú, að fólk á bágt og býr við neyðarkjör í þessum efnum, heldur er það líka svo, eins og það vill verða í typískum, kapítalistískum þjóðfélögum, þar sem allt er metið til fjár, að svona neyðarástand leiðir af sér okur á húsnæði. Það er nú svo, af því að því miður afnam Alþingi húsaleigulögin á sínum tíma og hleypti af stað öllu því braski í gömlum íbúðum, sem átt hefur sér stað í Reykjavík síðan, sem hvergi hefur tíðkazt annars staðar á Norðurlöndum, að láta húsaleigu vera algerlega eftirlitslausa að heita má, því að þau fyrirmæli, sem til eru í lögum, eru að engu höfð nema af einstaka mönnum, sem eru svo framúrskarandi heiðarlegir, að þeir halda áfram þrátt fyrir allan gróðaþorstann og braskið í kringum þá að leigja enn þá út á verði, sem er kannske ekki nema helmingur eða minna af því, sem hægt er annars að fá fyrir íbúðina. Ég vil taka það fram, að slíkt fólk er til og til allrar hamingju þó nokkuð af því, en það eru þó náttúrlega því miður undantekningar í okkar brasksýrða bæ.

Hér eru þess dæmi nú, að t. d. 2—3 herbergja íbúðir séu leigðar út fyrir 3, 4 upp í 5 þús. kr. á mánuði og jafnvel meira. Og þess eru dæmi, að þegar svona íbúðir eru til sölu, sem lítið er um nú, hafa slíkar íbúðir, sem vitanlega hefur ekki kostað meira að byggja heldur en 300 þús. kr. eða rúmlega það, selzt á allt upp í 475 þús. kr., þannig að það er um hreint okur að ræða, bæði í leigu og sölu á þess háttar íbúðum. Og eftirspurnin eftir slíkum íbúðum, þegar þær eru til leigu eða jafnvel sölu, er slík, að það eru hundruð, sem flykkjast strax að til þess að reyna að komast þar inn. Þegar svona neyðarástand er orðið, er það enginn annar aðili en ríkið, sem getur gripið þarna inn í. Bæirnir gera nokkuð af þessu, eins og vitanlegt er, líka í sambandi við útrýmingu heilsuspillandi híbýla. Reykjavíkurborg hefur líka gert nokkuð á þessu sviði, en samt algerlega ófullnægjandi, þannig að það er alveg greinilegt, að ríkisstj. verður sjálf að grípa þarna inn í. Hins vegar leggjum við flm. þessa frv. ekki til, að það sé gert með föstu skipulagi, heldur leggjum við eingöngu til, að það sé gripið inn í núna af hálfu ríkisins á þessu eða næsta ári með ákveðnar byggingar í Reykjavík og annars staðar, þannig að þetta sé markað eingöngu við þessar 500 íbúðir, sem við tölum um, og þær séu byggðar, síðan verði það að ráðast, hvort ríkið þurfi að grípa inn í svona aftur. Við ætlumst ekki til þess og leggjum það ekki til við hv. þd., að hún fari að ganga inn á að koma upp svo að segja sérstakri stofnun, sem þýðir það, að ríkið fari að taka að sér almennt að byggja leiguíbúðir, heldur aðeins til þess að bæta úr þessu vandræðaástandi, sem núna er.

Við leggjum til í þessu frv., að þetta sé gert með nokkuð sérstökum hætti. Í fyrsta lagi, að þetta sé byggt í allstórum stíl, íbúðirnar sjálfar séu miðaðar við það að vera yfirleitt 2—3 herbergja íbúðir. Það er gengið út frá, að þær séu hvað það snertir tvær tegundir, önnur 60—70 fermetra að stærð að innanmáli útveggja og hin 70—80, og það séu aðeins þessar tvær tegundir af íbúðum, sem byggðar séu, allar eins, eftir sömu teikningunni, þ. e. a. s. reynt náttúrlega að vanda sem allra mest til þeirrar teikningar, hafa hana að öllu leyti sem hagkvæmasta og bezta, en þær séu byggðar allar eins. Við vitum ósköp vel, hvernig það er í sambandi við allt, sem fólk er að byggja nú sjálft, þegar menn leggja í það, og það er ekki nema mannlegt og skiljanlegt, þá hugsar hver um sig: Ég er að byggja til frambúðar og ætla að eiga þetta alla mína ævi jafnvel, og þetta verður að vera það stórt, að ég geti líka búið hér, þegar börnin eru orðin mörg, — og svoleiðis nokkuð. Og menn leggja helzt í jafnvel 4—5 herbergja íbúðir undireins, í staðinn fyrir að meðan fjölskyldur eru litlar, er gott fyrir þær að vera í 2—3 herbergja íbúðum og leggja svo til heldur að geta flutt í aðrar stærri, þegar fjölskyldurnar eru orðnar stærri. Við vitum enn fremur, að þegar menn eru að byggja svona sjálfir, ráða sjálfir teikningunni, eru menn að gera ótal breytingar, þannig að þó að það sé byggt jafnvel í stórum blokkum, þá er kannske hver íbúðin með sínu laginu, sem gerir það að verkum, að hver íbúð út af fyrir sig verður miklu, miklu dýrari en ella þyrfti að vera. Þar sem þetta er hugsað sem leiguíbúðir og ekki fyrir fram vitað neitt, hverjir eiga í þeim að búa, er þess vegna þarna tækifæri til þess frá upphafi að reyna að gera þessar íbúðir sem allra ódýrastar, en um leið góðar, þannig að teikna þær fyrir fram, og það séu bara tvær tegundir af þeim, og útbúa þær þannig að öllu leyti og byggja þær til fulls. Ég held, að það mætti gera mjög góðar íbúðir með þessu móti, með allri þeirri reynslu og þeirri þekkingu, sem menn eru búnir að fá með þeim ágætu arkitektum, sem við höfum, og með því að gefa þeim tækifæri til þess að spreyta sig á slíku, þá mætti þetta gerast mjög vel.

Í öðru lagi leggjum við til, að þetta sé byggt allt í 3—4 hæða húsum. Það er vitanlegt, að reikningslega séð verða íbúðir í fjögurra hæða húsum ódýrustu íbúðirnar, sem hægt er að byggja, a. m. k. miðað við borg eins og Reykjavík, og þess vegna höfum við lagt til, að það sé miðað við það. Við vitum, að það eru tilhneigingar strax, ef menn eiga að ráða sér sjálfir, við erum allir það miklir sveitamenn, Íslendingar, að helzt vildu menn byggja þannig, að menn sæju varla til nágrannans. Menn vilja fá að vera dálítið frjálsir með sig, hafa dálítið í kringum sig, og það hefur sett nokkuð sinn svip á byggingarnar víða hjá okkur. En þegar á að fara að leggja vatns- og skolpræsi og rafmagn og síma og allt annað, sem þarf að leggja, hitaveitu og annað slíkt, þá verður það náttúrlega ákaflega dýrt fyrir bæjarfélagið, þegar þannig er byggt. Við höfum þess vegna gengið út frá því, að þessar byggingar væru fyrst og fremst framkvæmdar þannig, að þeir bæir, sem þetta væri byggt í, létu til ráðstöfunar helzt alveg ákveðnar götur, þar sem þessi hús væru byggð alveg í röð, þannig að þarna væri allt saman til um leið, allar leiðslurnar og allt slíkt, sem gera þyrfti, þannig að það væri um leið með þessum byggingum hægt að gera tilraun um það, hve ódýrt er hægt að byggja góðar og praktiskar íbúðir. Og til þess að tryggja þetta í framkvæmdinni leggjum við til að mæla svo fyrir, að þegar um Reykjavík er að ræða og boðið er út, skuli það vera minnst 100 íbúðir í einu, og þegar það séu aðrir bæir, sem þannig er um að ræða, skuli það vera minnst 24 íbúðir í einu, eða byggðar nokkuð stórar 2—3 blokkir.

Ég held, að það væri þjóðfélagslega séð mjög merkilegt fyrir okkur og þarflegt, að við létum gera svona tilraun um byggingar, þannig að við virkilega sæjum, hvort við getum með því að skipuleggja þetta þannig fyrir fram byggt mun ódýrar en við gerum núna. Við vitum, að okkar þjóðfélag liður undir því, hve óskaplega dýrar yfirleitt byggingarnar eru hjá okkur.

Þá leggjum við til, til þess að afla fjár til þessa, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán allt að 200 millj. kr. vegna þessara byggingarframkvæmda. Við álítum, að það sé mjög handhægt að fá það lán, það væri hægt að fá það lán hér heima. Við vitum, að okkar bankar og ekki sízt Seðlabankinn, sem ríkisstj. hefur beztan aðgang að, er um þessar mundir ríkari en nokkru sinni fyrr, þannig að við stöndum nú í þeim kringumstæðum á Íslandi, að við höfum nóga peninga. Og það er ekki hægt að koma með neina þá afsökun, sem við stundum höfum heyrt, að okkur vantaði fé. Við liggjum með það. Við geymum það í handraðanum, eins og gert var í gamla daga og þótti þá nirfilsskapur stundum. Við höfum nóga peninga til þess að bæta úr þessari neyð, sem nú er á þessu sviði. Þess vegna leggjum við til eða skjótum við því inn í grg., að ef bankarnir skyldu vera eitthvað tregir um að veita lán til þessa, þá hafi ríkisstj. það í bakhendinni, og viljum votta henni um leið okkar stuðning við það, ef hún þyrfti á því að halda, að skylda bankana, ekki sízt Seðlabankann, til þess að lána í þessu efni. Ég veit, að það er ekki skemmtilegt að grípa til þess og kostar dálitla mótspyrnu, en það hefur verið gert áður hér á Alþingi, og Sjálfstfl. og Alþfl. hafa tekið þátt í að gera það áður hér á Alþingi, að skylda banka til slíks, þegar þurft hefur með til góðra fyrirtækja. Ég veit það, að þegar bankarnir hafa það í bakhendinni, að ríkisstj. getur beitt slíku, þá láta þeir ekki til þess koma, þá lána þeir og segjast gera það af fúsum vilja og gera það jafnvel af fúsum vilja, þegar búið er að tala vel við þá, þannig að ég efast ekki um, að það sé hægt að fá lán til þessa. En það þarf náttúrlega að tryggja um leið, að þessi lán séu veitt með hóflegum kjörum. Hér forðum, líka þegar Sjálfstfl. og Alþfl. voru með í ríkisstj., var bönkunum gert skylt að lána jafnvel gegn allt niður í 2½% vöxtum. Það er nú búið að venja menn við svo háa vexti, að maður þorir varla að nefna það núna, þó að það væri það sjálfsagðasta, en með a. m. k. 4—5% er alveg óhætt að láta þá lána út og gera samning við þá um. Og ég man nú meira að segja eftir því, að hæstv. menntmrh. hefur knúið bankana, og það meira að segja án þess, held ég, að hóta þeim neinu illu, til þess að lána í vissa þarfa hluti með mjög lágum vöxtum. Með slíkum hóflegum vöxtum ætti, jafnvel þó að dýrt sé orðið að byggja, ef það er gert praktískt, að mega byggja svona íbúðir þannig, að með því að reikna sér 8%, eins og við leggjum þarna til að gert sé, það sé leigt út fyrir 8% af kostnaðarverði, og þegar vextirnir eru t. d. 5% eða þar í kring, er það vel hægt, þá ætti að vera hægt að láta íbúð, sem væri 2—3 herbergja af þessari stærð, sem við hér tölum um, fyrir 2000—2500 kr. á mánuði, og þó að það sé því miður há leiga og miklu hærri en það, sem gengið er út frá í núv. vísitölu, mundu menn þó vera fegnir því hér í Reykjavík að geta fengið inni í nýjum nýtízkuíbúðum fyrir 2000—2500 kr. á mánuði. Slík bygging íbúða mundi þess vegna bæta ákaflega mikið úr þeirri neyð, sem hér er, og sama er um að ræða úti á landi, þar sem ástandið er eitthvað svipað.

Við leggjum enn fremur til, að einstökum sjóðum, — eigum við þar við ýmsa almenna sjóði, sem til eru í þjóðfélaginu, hvort heldur það væri atvinnuleysistryggingasjóður eða ýmsir sjóðir, góðgerðasjóðir og annað slíkt, — þeim væri gefinn kostur á að lána í svona. Það er vitanlegt, að þessir sjóðir hafa orðið ákaflega illa úti í okkar miklu verðbólguhríð á undanförnum áratugum. Einstaklingarnir hafa reynt að bjarga sér með því að setja sitt fé í íbúðarhús. Sjóðirnir hafa venjulega verið látnir liggja og þeirra fé orðið mjög lítils virði. Sjóðir og sjóðsstjórnir gætu samkv. 6. gr. samið við ríkisstj. um það að lána fé í þetta, og svo fremi sem þessir sjóðir, og margt af þessum sjóðum er þannig, að fé liggur í þeim árum og áratugum saman, svo framarlega sem þeir lána þetta fé til 10 ára, mættu þeir að þeim 10 árum liðnum láta selja þessar íbúðir og fá þá andvirði þeirra eða þess hluta, sem þeir hafa lagt þarna í. Það þýddi, að það yrði eins konar trygging fyrir þessa sjóði, eins konar, hvað eigum við að kalla það, gengis- eða verðfallstrygging fyrir þessa sjóði, þannig að þeir tryggðu sig á sama hátt og einstaklingarnir hafa tryggt sig nú með því að setja sitt fé í íbúðabygg-

ingar. Og ég held, að þetta yrði vinsælt ákvæði. Nú vitum við það, að mjög mikið af því sparifé, sem nú liggur í bönkunum, eru svona sjóðir, þannig að það mundu áreiðanlega margir stjórnendur þeirra vilja nota það á þennan máta. Hins vegar, ef um sjóði er að ræða, sem vildu ekki alveg binda sig til svona langs tíma, en gætu kannske hugsað sér að hafa féð svona lengi, en vildu samt geta fengið það laust, þá gætu þeir samið við ríkið um, að ef þeir vildu fá það laust fyrir þennan tíma, þá fengju þeir það bara sem venjulegt fé, en ef það er búið að vera meira en 10 ár, þá njóta þeir þessara réttinda. Þetta yrði þannig raunverulega betra en jafnvel verðbréf og væri kannske að sumu leyti ekki ólíkt því, sem hæstv. ríkisstj. er að leggja til núna í sambandi við Seðlabankann með verðbréfin þar. Ég veit að vísu ekki, hvernig það muni vera hugsað enn þá, til hve langs tíma slík verðbréf eru, en gefið er, að eðlilegt væri og ég býst við vinsælt af þessum sjóðum að gefa þeim tækifæri á þennan máta.

Þá gerum við í þessu frv. ráð fyrir því, að haft sé samstarf við bæjarstjórnirnar um þetta mál allt. Gagnvart hæstv. ríkisstj. leggjum við til, að henni sé heimilað að fela húsnæðismálastjórn framkvæmdir af sinni hálfu og samninga líka við bæjarstjórnir af sinni hálfu í þessum efnum, sem mundi að ýmsu leyti létta á henni, og húsnæðismálastjórn er hvort sem er þessum málum kunnugust og mundi vafalaust vera reiðubúin til þess að bæta því starfi á sig til þess að hjálpa til að leysa úr þeim vandkvæðum, sem hún bezt þekkir, hve mikil eru.

Við viljum vonast til þess, flm., að hv. d. skilji og meti þá miklu nauðsyn, sem er á því að bæta úr í þessum efnum, og við sjáum ekki þrátt fyrir allt, sem nauðsynlegt er að gera á öðrum sviðum. allar þær till., sem bæði við og aðrir munum flytja til varanlegra úrlausna í þessum málum, þá sjáum við ekki annað en það sé alveg óhjákvæmilegt, að ríkisstj. grípi til þess að láta byggja a. m. k. 500 leiguíbúðir hér í Reykjavík og á þeim stöðum úti á landi, þar sem bæjarstjórnir kauptúnanna óska þess, til þess að bæta úr beinni neyð, beinu neyðarástandi, sem nú ríkir. Við viljum þess vegna vona, að þessi hv. d. taki þessu máli vel, og ég vil bera fram þá till., að þessu frv. sé vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Áður en þetta mál er tekið út af dagskrá og umr. lýkur, vil ég leyfa mér að segja fáein orð, enda þótt ég hafi kannske litlu við að bæta það, sem hv. 1. flm. þessa máls hefur sagt um það hér. En ég vil lýsa því yfir, að ég sakna þess nokkuð, að enginn hv. þm. úr stjórnarliðinu eða neinn ráðh. skuli taka til máls um þetta mikilvæga mál.

Ég vil halda því fram, að hér sé um stórmál að ræða, mál, sem snertir mjög alvarlega alla ungu kynslóðina í landinu. Hér hefur verið lögð fram till., sem er tilraun til að finna nokkra bráðabirgðalausn á þeim húsnæðisvandræðum, sem nú eru ríkjandi og hafa sjaldan verið verri. Það hefði vissulega verið full þörf á því, að húsnæðismálin hefðu verið tekin á dagskrá almennt. Flokkarnir hefðu þá sagt sína skoðun á þeim málum, og komið fram með sínar till., og þá hefði fengizt fram, hvaða till. hæstv. ríkisstj. hefur fram að færa í þessu vandamáli. Það hefði komið fram, hvort nokkur úrræði eru til hjá hæstv. ríkisstj. og hvaða úrræði það eru. Ég sakna þess, að enginn frá hæstv. ríkisstj. skuli segja álit sitt á þessu máli, og maður freistast til að halda, að þögnin sé hálfgert samþykki við þeirri ásökun. að engin úrræði séu til staðar.

Í öðrum löndum mundi vera litið svo á, að það væri mjög alvarlegt mál, þegar slíkt vandræðaástand væri í landinu og engin úrræði hjá þeim mönnum, sem halda á stjórnartaumunum, og þar að auki, að því er virtist, ekki nokkur vilji til að leysa málið. Slík stjórn mundi vafalaust standa völtum fæti í landinu, og þetta væri vafalaust mikið stórmál og deilumál með þjóðinni, sem gæti valdið töluvert miklu, ef um kosningar væri að ræða. En hér fer það svo, að þó að hin mestu vandræði séu ríkjandi, fellur þetta mál, að því er virðist, í skuggann. Það eru svo mörg önnur stórmál á ferðinni, sem vekja kannske enn meiri athygli.

Hér er sem sagt alveg óvenjulega mikil ólga í stjórnmálunum. Við höfum hér í landinu óðaverðbólgu og meiri upplausn í efnahags- og peningamálum en aðrar þjóðir þekkja. Ríkisstj. á í stórstyrjöld við sameinaða verkalýðshreyfinguna, og að auki ætlar hæstv. utanrrh. í mjög alvarlegu og viðkvæmu utanríkismáli að ganga langt út fyrir verksvið sitt og telur sig ekki þurfa að ráðfæra sig við Alþingi, eins og fram kom hér í gær. þegar um mjög örlagaríkar ákvarðanir í utanríkismálum er að ræða. Þannig mætti lengi telja.

En stórmál eins og þetta, þar sem um er að ræða allsherjar uppgjöf ríkisstj. í húsnæðismálum, virðist falla í skuggann fyrir enn meiri og alvarlegri vandræðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur kallað yfir þjóðina með misheppnaðri stefnu sinni.

Það verður aldrei of oft vakin á því athygli, að nú ríkir algert neyðarástand í húsnæðismálum. Það er mjög erfitt fyrir ungt fólk að kaupa sér húsnæði, vegna þess að það neyðist til að leggja verulegan hluta kostnaðarins beint út, þar eð lánveitingar eru sáralitlar. Óhugsandi er fyrir flest ungt fólk að eignast eigin íbúðir. Þetta er afleiðing af því, að lán húsnæðismálastjórnarinnar, sem hafa hækkað nokkuð í krónutölu, eru lægri hlutfallslega miðað við byggingarkostnaðinn en nokkru sinni fyrr. Ungt fólk verður því að grípa til þess að leigja, en þá stendur svo á, að það er hreint ekkert framboð á leiguhúsnæði, og það litla, sem er í boði, er á ofsaverði, okurverði, þetta 3000—6000 kr. fyrir frekar litla íbúð. Þetta ástand er svo aftur afleiðing af stefnu ríkisstj., þá fyrst og fremst vaxtaokrinu, þeirri verðbólgu, sem skapazt hefur af stefnu hæstv. ríkisstj. og þeim litlu framkvæmdum, sem hafa verið í húsbyggingarmálum.

Till. okkar Alþb.-manna er tilraun af okkar hálfu til þess að bæta úr neyðarástandi. Við leggjum til, eins og hér hefur áður verið rakið, að ríkisstj. verði heimilað að byggja 500 íbúðir, sem verði leigðar út á sanngjörnu verði. Við teljum mjög nauðsynlegt, að allmikið sé af leiguíbúðum á markaðnum, þannig að ungt, barnlaust

fólk geti komizt í húsnæði, áður en það hefur sjálft efni á að byggja, og svo aftur, að gamalt fólk, sem hefur litlar tekjur, geti komizt í gott húsnæði, þegar fuglarnir eru flognir úr hreiðrinu. Í öðru lagi teljum við, að bygging slíks leiguhúsnæðis mundi vega drjúgum til þess að halda leiguverðinu niðri. Og í þriðja lagi álítum við, að slíkar byggingar væru hlutfallslega ódýrar miðað við aðrar byggingar og þar af leiðandi hagkvæmari peningalega fyrir þjóðina í heild.

Það er rétt að leggja sérstaka áherzlu á það, að till. okkar Alþb.-manna er engin framtíðarlausn á þessum málum. Þetta er aðeins tilraun til þess að bæta úr neyðarástandi. Þetta neyðarástand hefur skapazt og er afleiðing af stefnu núv. hæstv. ríkisstj. Þess vegna ber ríkisvaldinu skylda til þess að gera ráðstafanir til að forða ungu fólki frá því að verða fórnarlömb þessa neyðarástands.

Ég ítreka það, sem ég sagði hér í upphafi, að ég harma það, að enginn úr stjórnarliðinu, enginn af hæstv. ráðh. skuli segja sína skoðun á þessu máli, og ég vil enn hvetja til þess, að um þessi stórþýðingarmiklu mál, þ. e. a. s. húsnæðismálin, verði miklu meiri og almennari umr. en verið hefur og menn leggist á eitt um að reyna að finna viðhlítandi lausn á þessu mikla neyðarástandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Stofnlánadeild landbúnaðarins (frv. LJós og HV).

Á 20. fundi í Sþ., 25. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám ræktun og byggingar í sveitum [81. mál] (þmfrv., A. 89).

Á 23., 25., 27., 28., 29., 41. og 43. fundi í Nd., 3., 5., 9., 10. og 12. des., 20. og 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 28. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég flyt hér frv. ásamt hv. 5. þm. Vestf. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Aðalefni þessa frv. er það, að bætt verði nýjum kafla inn í l. og beri sá kafli fyrirsögnina „Um félagsbúskap".

Það er efni þessa kafla, að gert er ráð fyrir, að tveir eða fleiri bændur geti stofnað til félagsbúskapar á jörð í stað þess að stofna á henni nýbýli eða reka á henni félagsbúskap í byggðahverfi. Í frv. eru eftirtalin skilyrði sett fyrir félagsbúskap: 1) Sótt skal til nýbýlastjórnar um viðurkenningu á stofnun félagsbúskapar. 2) Landsstærð og önnur skilyrði til búrekstrar séu að dómi nýbýlastjórnar nægilega góð til að fullnægja þeim fjölda heimila, sem til skal stofnað. 3) Fyrirhuguð sé eigi minni bústærð en 20 kúgildi eða 400 ær fyrir hvert heimili. 4) Hver fjölskylda hafi sérbúð. 5) Vélar allar og verkfæri til ræktunar, fóðuröflunar og annars, er tilheyrir hinum sameiginlega rekstri, sé sameign búsins. 6) Gerður verði samningur um fyrirkomulag hins sameiginlega félagsrekstrar og sé hann þinglesinn. Skulu þar tilgreind eignarhlutföll aðila í jörð, húsum og búvélum, mannvirkjum jarðar og bústofni. Enn fremur sé tilgreint, hvernig reikningshaldi, arðskiptingu og áhættu sé fyrir komið. Í samningi skal og fram tekið, hvaða meðferð skal hafa, ef einn eða fleiri aðilar ganga úr félagsrekstrinum.

Þetta eru nú helztu ákvæðin í frv. varðandi félagsbúskap. Samkv. frv. er lagt til, að þeir, sem efna til félagsbúskapar, skuli njóta betri stofnlánakjara en aðrir, sem lán fá úr Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þannig er lagt til, að stofnlán til félagsbúskapar verði sem nemur 20% af heildarkostnaðarverði hærri en til einstaklingsbúskapar og nemi því allt að 80% af stofnkostnaði búsins. Til þeirra framkvæmda, sem framlags njóta samkv. jarðræktarlögum, skal einnig greiða 20% hærra framlag. Þá er í frv. lagt til, að lánstími stofnlána til félagsbúskapar verði þriðjungi lengri en til einstaklingsbúskapar. Þetta eru nú helztu efnisatriði frv.

Um það verður ekki deilt, að miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum í íslenzkum landbúnaði. Véltæknin hefur rutt sér til rúms við landbúnaðarstörf, og nýjar vinnuaðferðir hafa verið teknar upp. Framleiðslan hefur líka aukizt mjög mikið, aðallega í landbúnaði, þrátt fyrir það, þótt ekki sé þar um neina teljandi fólksfjölgun að ræða við búskaparstörf. Þessi þróun hefur auðvitað verið hagstæð og út af fyrir sig stefnt í rétta átt. En þessari þróun eru mjög þröng takmörk sett, á meðan ekki verða grundvallarbreytingar á uppbyggingu landbúnaðarins.

Eins og allir vita, er svo að segja allur íslenzkur landbúnaður byggður upp sem heimilisrekstur eða sem einyrkjabúskapur. Stærð búanna hlýtur því að vera mjög takmörkuð, og verkaskiptingu er af skiljanlegum ástæðum mjög erfitt að koma við við slíkar kringumstæður. Það má því í rauninni segja, að einyrkjabúin séu í rauninni í fullri mótsögn við nútímavélvæðingu og kröfurnar um mikla verkaskiptingu. Á þessu er þegar farið að bera alltilfinnanlega í okkar landbúnaði. Nýjar vélar, sem notaðar eru við búnaðarstörfin, eru alltaf að koma til sögunnar, þær eru að verða fullkomnari og fullkomnari, afkastameiri og afkastameiri, en þær verða líka jafnframt dýrari í stofnkostnaði og dýrari í rekstri. Slíkar vélar kalla því beinlínis á það, að framleiðslan geti aukizt, heildartekjuöflunin geti orðið meiri, ef búin eiga að fá að njóta góðs af hinni nýju tækni. Það er því ekkert um það að villast, að það er að rísa upp það vandamál í íslenzkum

landbúnaði, að það búskaparlag, sem nú er aðallega byggt á, fær illa samrýmzt þróuninni. Við stöndum sýnilega frammi fyrir því, að það þarf að stækka búin enn til mikilla muna frá því, sem verið hefur, ef vel á að fara, og þá verður um annað af tvennu að velja, annaðhvort verða að koma til stórbýli einstaklinga, sem aðallega byggja þá á aðkeyptu vinnuafli, eða þá að um það verður að ræða, að bændur taki upp aukið samstarf sín á milli í búrekstrinum. Það verður sem sagt um að ræða meiri eða minni félagsrekstur. Það er skoðun okkar flm. þessa frv., að það standi miklu nær vilja og hug íslenzkra bænda að fara síðari leiðina, að hugsa til meira samstarfs í búrekstrinum og jafnvel sameignar í ýmsum tilfellum og fika sig áfram eftir þeirri leiðinni, fremur en stefna að hinni leiðinni, sem byggir fyrst og fremst á aðkeyptu vinnuafli.

Það er augljóst mál, að það búskaparlag, sem þegar hefur verið tekið upp í okkar landbúnaði, útheimtir í rauninni líka, ef vel á að vera, aukna verkaskiptingu. Það eru vissulega óskyld störf í sjálfu sér, að kunna vel til meðferðar á vélum og það oft og tíðum nokkuð samsettum vélum, að kunna vel til þess að fara með vélarnar, endurnýja þær og velja sér vélar til búrekstrar, og svo aftur hins, að vera út af fyrir sig góður fjármaður eða góður búskaparmaður í sambandi við ræktunarmál. Hér er um mjög óskyld störf í sjálfu sér að ræða, og er ekki nema í einstaka tilfelli, sem þannig háttar til, að sami maðurinn sé til hvors tveggja vel fallinn. Á því er því enginn vafi, að í landbúnaði ekki síður en í öðrum störfum er þörf á því að reyna að koma málunum þannig fyrir, að um hagkvæma verkaskiptingu geti verið að ræða, að einn maðurinn þjálfist meira í meðferð véla og vinnu með þeim og annar aftur í ýmsum öðrum störfum, sem landbúnaðinum fylgja.

Þá er ekkert heldur um það að villast, að það búskaparlag, sem nú er byggt á, einyrkjabúskapurinn, leiðir af sér mikið ófrjálsræði í störfum. Það er varla hægt að komast hjá því, að svo fari, að bóndinn verði mjög bundinn hinum daglegu störfum og megi í rauninni aldrei frá því víkja. En í félagsrekstri er hægt að komast fram hjá þessum vanda, því að þá er miklu auðveldara, þó að einn af 2 eða 3, sem saman búa, víki sér frá um stundarsakir, og eru þá aðrir tiltækir á búinu til þess að hlaupa í skarðið.

Okkur flm. þessa frv. er fyllilega ljóst, að það verður ekki vandalaust að breyta frá hinu gamla búskaparlagi einyrkjafyrirkomulagsins yfir í félagsrekstur. Það má fyllilega búast við því, að þar geti orðið um marga byrjunarörðugleika að ræða og ýmsar tilraunir í þeim efnum kunna að mistakast. En þrátt fyrir byrjunarerfiðleika má ekki gefast upp við þetta verkefni, á því verður að taka, og það verður að reyna að komast yfir byrjunarörðugleikana og finna nýju búskaparlagi nýtt form eða skapa því nýjar aðstæður.

Aðaltilgangur þessa frv. er að reyna að hafa áhrif á þróunina í uppbyggingu landbúnaðarins, reyna að hafa áhrif á það, að búskapur okkar þróist í þá átt, sem byggir á meira samstarfi, meiri samvinnu en hingað til hefur verið og miðar jafnframt að því að gera búin eða búrekstrinn stærri, umfangsmeiri en hann er nú, stækka búeininguna. Og til þess að reyna að ná þessu marki er sem sagt gert ráð fyrir því að bjóða þeim bændum, sem reyna vilja hið nýja fyrirkomulag, upp á nokkru hærri lán til stofnframkvæmda og bjóða þeim upp á nokkru hagstæðari lánakjör en einyrkjabúskapnum er nú boðið upp á.

Það er að vísu ljóst, að það, sem er lagt til í þessu frv., er aðeins að stíga fyrsta skrefið í þessa átt. Með þessu er ekki allur vandinn leystur, síður en svo. En það er með því verið að benda á leiðina, það er verið að fika sig í áttina. Það væri að vísu mjög brýnt, eins og nú háttar til í íslenzkum landbúnaði, að vinna að því að stækka þau fjölmörgu bú, sem enn þá eru langt undir stærð meðalbúsins, og í þeim efnum þyrfti að gera mikið átak. En um leið og stórátök eru gerð til framfara í landbúnaði, er alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, í hvaða átt skal stefna í raun og veru, hvaða búskaparlag er það, sem á að koma og hlýtur að koma, eða eigum við að treysta á það, að form landbúnaðarins verði um langa framtíð enn það sama og það hefur verið, þar sem byggt er á einyrkjafyrirkomulaginu?

Raddir úr hópi bænda hafa verið að koma fram fleiri og fleiri að undanförnu einmitt í þá átt, sem fram kemur í þessu frv. Ég á því von á því, að undirtektir frá hálfu bænda geti orðið góðar varðandi efni þessa frv. En það skiptir miklu máli, að nauðsynleg lagabreyting sé gerð í þá átt, sem lagt er til í þessu frv., ef hægt á að vera að reyna að gera þessa tilraun.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál hér að sinni, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 20. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum [84. mál] (þmfrv., A. 92).

Á 23. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir því, að gerðar verði þrjár meginbreytingar á gildandi lögum og reglugerðum um bann gegn botnvörpuveiðum. Í fyrsta

lagi er lagt til með þessu frv., að sektir fyrir landhelgisbrot verði hækkaðar allverulega frá því, sem nú er í lögum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að sett verði skýr ákvæði í lög um það að banna að láta af hendi eða selja upptæk veiðarfæri þeirra, sem sekir hafa reynzt um botnvörpuveiðar í landhelgi, fyrr en í fyrsta lagi einum mánuði eftir að sektardómur hefur verið kveðinn upp í máli slíkra aðila. Og í þriðja lagi er svo sú breyting, að sett verði í lög alveg ótvíræð ákvæði um það, að þegar svo vill til, að sekur skipstjóri, sem tekinn hefur verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, sleppur á einn eða annan hátt undan, þannig að ákæruvaldið hefur ekki aðstöðu til þess að koma fram dómi á slíkan aðila, megi í slíkum tilfellum sækja til saka útgerðarfyrirtæki viðkomandi veiðiskips og gera útgerðarfyrirtækið á allan hátt ábyrgt fyrir landhelgisbrotinu.

Ég vil nú víkja með nokkrum orðum að hverri þessari breytingu um sig og hvaða ástæður liggja til þess, að ég legg til, að þessar breytingar verði gerðar á núgildandi lagaákvæðum.

Það er þá fyrst viðvíkjandi sektarupphæðum fyrir landhelgisbrot. Þær sektarfjárhæðir, sem nú gilda, voru ákveðnar með lögum árið 1951, og eru því þau ákvæði orðin um 12 ára gömul. Á þessum tíma hefur orðið mjög mikil breyting í mörgum greinum varðandi sektarfjárhæðirnar, því að skiljanlega hafa þær verið miðaðar á hverjum tíma í fyrsta lagi við verðgildi þeirra skipa, sem tekin eru að ólöglegum veiðum, og í öðru lagi miðað við verðgildi þess afla, sem hugsanlegt er að þau skip geti náð í, sem brjóta lögin og veiða á ólöglegan hátt innan landhelginnar. Nú er það svo, að sektir varðandi landhelgisbrot hafa um langan tíma verið miðaðar við gullkrónur, en það þýðir, að sektarhæðin hefur hækkað í pappirskrónum talið sem samsvarar gengisbreytingunni á þessum tíma. Það hefur því orðið að vísu nokkur hækkun á sektarfjárhæðinni mælt í ísl. krónum á þessu tímabili, þar sem allmikil breyting hefur orðið á gengi krónunnar, en þessi breyting, sem orðið hefur á gengi krónunnar, er hins vegar ekki í samræmi við aðrar verðbreytingar, sem verður að taka tillit til í sambandi við þetta mál.

Verðið á þeim skipum, sem tekin eru fyrir landhelgisbrot, hefur hækkað miklum mun meira en sem samsvarar beinni gengisbreytingu. Það er að vísu ekki gott að fullyrða um það, hversu miklu meira verðið hefur hækkað á veiðiskipunum, en á því er þó enginn vafi, að verð þeirra hefur hækkað miklum mun meira en samsvarar beinni gengisbreytingu, og þar af leiðandi hafa sektarfjárhæðirnar ekki hækkað til samræmis við hækkandi verðlag skipanna. Ég hygg, að um það leyti sem núgildandi sektarfjárhæðir voru ákveðnar, eða fyrir 12 árum, hafi algengasta skipastærð þeirra togara, sem stunda veiðar hér við land og a. m. k. stundum hætta sér inn fyrir markalínuna, verið á milli 350 og 500 rúmlestir. Það munu ekki hafa verið mörg erlend veiðiskip, sem veiddu með botnvörpu hér við land á þeim tíma, sem voru stærri en þetta. En nú er hins vegar reyndin orðin sú, að skipin eru nær öll komin upp yfir þessa stærð, og mjög algengt mun vera, að skipin séu á stærðinni frá 800—1000 rúmlestir. Hér er því orðið um að ræða miklu stærri og fullkomnari og afkastameiri skip heldur en lögð voru til grundvallar, þegar sektarfjárhæðirnar voru ákveðnar á sínum tíma.

Þá er þess einnig að gæta, að útbúnaður skipanna er orðinn allt annar nú en hann var þá. Nú er búið að setja í flest þessi veiðiskip sem föst veiðitæki eða aðstoðartæki við veiðina mjög dýr og fullkomin tæki, sem þó teljast ekki almennt til veiðarfæra, heldur er þar um að ræða fastatæki, sem notuð eru við veiðarnar, en þau tæki voru af mjög skornum skammti í skipaflotanum fyrir 12 árum og á engan hátt sambærileg við tæki þau, sem eru í skipaflotanum nú. Þessi breyting hefur einnig verkað á það, að heildarverðmæti skipanna er miklum mun meira nú en verðmæti þeirra var, þegar sektarfjárhæðirnar voru ákveðnar á sínum tíma. Ég hygg, að verð á nýjum togara af algengustu gerð, sem nú stundar veiðar hér við land, muni vera orðið í kringum 40—50 millj. kr. á hverju skipi, en sú upphæð sýnir mönnum, að hér hefur orðið alveg gífurleg breyting frá því, sem áður var. Ég tel því, að það sé orðin brýn nauðsyn á því að hækka sektir fyrir landhelgisbrot, m. a. með tilliti til þess, hve veiðiskipin eru orðin miklum mun dýrari en þau voru, þegar sektarfjárhæðirnar voru ákveðnar á sínum tíma, hvað þau eru orðin yfirleitt miklu stærri og betur útbúin og miklu afkastameiri en skipin voru á sínum tíma.

Í öðru lagi er svo þess að geta, að fiskafli sá, sem skipin leita eftir einnig með þessum hætti, að brjóta gildandi lög í okkar landi og veiða innan landhelgismarkanna, — að fiskaflinn hefur einnig hækkað í verði allmikið fram yfir það, sem nemur gengisbreytingu íslenzku krónunnar. Það hefur sem sagt orðið bein verðlagshækkun á fiskmörkuðunum á þessum tíma. Aflaverðmætið er því orðið miklum mun meira en það var, þegar sektirnar voru ákveðnar. Ég hygg, að nú megi t. d. reikna með því, að mjög algengt aflaverðmæti úr venjulegum fiskitúr hjá togara, sem stundar veiðar á Íslandsmiðum, geti verið í kringum 1½—2 millj. kr. úr veiðiferð, en vissulega er þetta breytilegt eftir því, hvernig aflast á hverjum tíma. Þarna hefur því einnig orðið breyting á þeim grundvelli, sem á að miða við eða er eðlilegt að miðað sé við, og af þeim ástæðum tel ég, að það sé orðið knýjandi að breyta sektarupphæðunum frá því, sem er í gildandi lögum og reglugerðum.

Nú eru algengustu sektir fyrir brot á landhelgislöggjöfinni hjá togurum í kringum 240—260 þús. kr. En samkv. þessu frv. mundu þessar sektir hækka, ef miðað er við lágmark, í 380 þús. kr. og allt upp í það að vera 1.3 millj. kr. Í gildandi lögum er við það miðað, að veiðiskipunum sé skipt í tvo hópa og sektirnar mismunandi fyrir hvorn hóp um sig. Annars vegar er um að ræða veiðiskip, sem eru að stærð undir 200 brúttórúml., en hins vegar eru svo skip, sem eru yfir 200 brúttórúml. að stærð. Allir erlendir togarar svo að segja, sem teknir eru að landhelgisveiðum hér við land, eru í stærðarflokknum, sem er yfir 200 brúttórúml. Ég hef hins vegar í þessu frv. valið þá leið að flokka skipin niður í 3 stærð-

arhópa: í fyrsta lagi skip undir 200 rúml., í öðru lagi skip í stærðarhópi frá 200—600 rúml. og í þriðja lagi skip, sem eru yfir 600 rúml. að stærð. Og í frv. er þá miðað við það, að sektarákvæðin séu þannig, að gert sé ráð fyrir talsvert miklu hærri sektarupphæðum fyrir stærstu skipin heldur en skipin af millistærð. Og það er út frá þessu meginsjónarmiði, sem ég hef þegar rakið, að ég tel, að það eigi að leggja hér til grundvallar að verulegu leyti verðmæti skipanna, sem tekin eru að ólöglegum veiðum, og aflamöguleika þeirra, en á því leikur enginn vafi, að skipin, sem eru í stærsta flokknum, stærstu gerðinni, eru hvort tveggja í senn miklum mun dýrari og yfirleitt betur útbúin til veiðanna og hafa miklu betri aflamöguleika.

Það hefur komið í ljós að undanförnu, að erlend veiðiskip hafa verið tekin í landhelgi með mjög stuttu millibili. Ég veit, að það hefur vakið athygli fleiri en mín, að það má alveg furðulegt telja, hvað mikið er orðið um það, að erlendir togarar eru teknir að veiðum innan landhelgimarkanna. Það hefur komið fyrir nú að undanförnu hvað eftir annað, að fleiri en eitt skip hefur verið tekið í sömu vikunni. Ég er á þeirri skoðun, að landhelgissektirnar, eins og þær eru nú í framkvæmd, séu svo lágar, að það sé beinlínis að verða freistandi fyrir skipin að hætta nokkru á það að kunna að verða tekin, þó að þau þurfi að mæta þeirri refsingu, sem nú er framkvæmd hér eftir okkar lögum og reglugerðum í þessum efnum, vegna þess að um svo mikið sé að tefla á hina höndina. Sektarupphæðin er ekki ýkjamikil, þó að viðkomandi útgerðarfyrirtæki þurfi að borga um 240 þús. kr. í sekt fyrir skip, sem er að verðmæti upp á 40—50 millj. kr. og hefur möguleika á því á örfáum dögum að afla verðmæta, sem nema 1½—2 millj. kr. Ég held líka, að allir þeir, sem um þessi mál hafa hugsað, hafi komizt að svipaðri niðurstöðu og ég, að það sé orðin knýjandi nauðsyn, eins og þessum málum er nú háttað hjá okkur, að gera breytingar í þessum efnum og hækka sektirnar mjög verulega.

Ég vík þá að annarri breytingu þessa frv., en þar er gert ráð fyrir því, að bannað verði með skýrum orðum í l. að afhenda eða láta af hendi með nokkru móti veiðarfæri, sem hafa verið gerð upptæk með dómi, fyrr en a. m. k. einn mánuður er liðinn frá því, að dómur um landhelgisbrotið var kveðinn upp. Nú er sá háttur hafður á í þessum efnum, að þó að ákveðið sé, að veiðarfæri þess skips, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, skuli gerð upptæk, þá eru þau í raun og veru ekki gerð upptæk í framkvæmd. Það er aðeins látið fara fram mat á verði veiðarfæranna, og venjulega er það mat mjög lágt, þar sem botnvarpan og tilheyrandi tæki eru metin til verðs, en síðan setur útgerðarfyrirtæki þess skips, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum, tryggingu fyrir því, að áætlunarverðið fyrir veiðarfærin verði goldið, þegar hæstaréttardómur hefur fallið í málinu, verði hann til staðfestingar á undirréttardómi, en síðan eru veiðarfærin aldrei tekin upp úr því skipi, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum, og það getur haldið út með hin upptæku veiðarfæri og hafið veiðar með þeim að nýju, bæði utan landhelginnar og eins innan, ef svo vill verkast til. Ég vil, að sett verði ákvæði í lög um það, að veiðarfæri, sem gerð hafa verið upptæk hjá landhelgisbrjóti, verði tekin úr skipinu og það sé óheimilt með öllu að láta þau af hendi eða selja þau fyrr en í fyrsta lagi að mánuður er liðinn frá því, að dómur hafi verið kveðinn upp í undirrétti. Þetta mundi verða til þess, að í flestum tilfellum yrði landhelgisbrjóturinn að hætta við veiðar í það skipti og halda til sinnar heimahafnar og fá þannig maklega refsingu fyrir landhelgisbrotið, og ég hygg, að í mjög mörgum tilfellum mundi útgerðarfyrirtækið og skipstjóri skipsins telja refsinguna í þessu formi jafnvel sér kostnaðarsamari en hina, sem ákveðin var í beinum krónum og greiða átti fyrir brotið. Ég get að vísu hugsað mér það, að í vissum tilfellum gæti slíkt skip, sem verður fyrir þessu, komizt yfir einhver veiðarfæri frá öðrum skipum á miðunum. En ég hygg þó, að það yrði mjög erfitt að koma slíku við. Þetta mundi í flestum tilfellum þýða það, að skip, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum í landhelgi og misst hefur sín veiðarfæri, neyddist til þess að halda til sinnar heimahafnar á nýjan leik, eða eftir að það hafi verið tekið og dæmt. Sú aðferð, sem viðhöfð hefur verið í þessum efnum, er í alla staði óeðlileg, og sé þetta atriði borið saman við framkvæmd á l. í öðrum og hliðstæðum tilfellum, þá er mér tjáð af þeim mönnum, sem með dómsmál í svona málum hafa að gera, að það sé einmitt hin almenna regla, að hvort heldur um er að ræða veiðarfæri eða annað þess háttar, sem gert sé upptækt, þá gildi einmitt sú regla, að slíkur varningur sé tekinn af þeim, sem sekur hefur fundizt, og hann geymdur hjá réttum lögregluyfirvöldum, en ekki látinn af hendi, svo að við mundum, þó að við settum upp þessa reglu, aðeins halda hinni almennu reglu, en ekki víkja út af henni á nokkurn hátt, þó að þessi háttur yrði hafður á, sem lagt er til að hafa í þessu frv.

Ég kem þá að þriðju meginbreytingunni, sem þetta frv. fjallar um, en það er sú breyting, að fram skuli tekið með skýrum orðum í l., að þegar svo vill til, að skipstjóri á skipi, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, sleppur á einn eða annan hátt undan íslenzkum yfirvöldum og til hans næst ekki, til þess að hann þoli þann dóm og þá refsingu, sem gert er ráð fyrir samkv. íslenzkum lögum að hann verði að þola, þá skuli tekið fram með skýrum ákvæðum í l., að þegar svo vill til, þá beri viðkomandi útgerðarfélag skipsins alla ábyrgð og það megi stefna því og sækja það til saka fyrir landhelgisbrotið, þannig að enginn vafi geti á leikið. Ég veit, að allir hv. alþm. muna eftir því atriði, sem hér kom upp í sambandi við togarann Milwood, þegar brezkt herskip stóð þannig að málinu, að það kom brezka skipstjóranum á hinum seka togara undan og hann komst til síns heimalands, án þess að íslenzk réttvísi næði til hans. Það lék lengi mikill vafi á því, hvort tök væru á eftir íslenzkum réttarfarsreglum að koma fram sekt í sambandi við

þetta landhelgisbrot, og enn leikur fullkomin óvissa á því, hvernig réttarfarslega muni fara í þessu tiltekna máli. Þetta hefur vakið menn til umhugsunar um, að það þarf nú ekki einu sinni að hátta til á svipaðan hátt og gerðist í þessu tilfelli. Í rauninni getur þetta komið fyrir í miklu fleiri tilfellum, að sekur skipstjóri, sem tekinn hefur verið að veiðum í landhelgi, geti á einn eða annan hátt komizt undan. Eins og þessi mál hafa verið framkvæmd hjá okkur, höfum við ekki treyst okkur til þess að hafa slíkt eftirlit með sekum togaraskipstjóra, sem fluttur hefur verið til hafnar, að hans sé gætt þannig, að það sé óhugsandi fyrir hann að skjóta sér undan. Það mætti því fyllilega búast við því, að fleiri atvik gætu komið fyrir, að sekur skipstjóri gæti skotið sér undan, horfið úr landi, og þá færi svo, að ekki væri hægt að koma fram nauðsynlegum refsingum vegna landhelgisbrotsins samkv. þeim lagaákvæðum, sem enn eru í gildi hjá okkur. Ég tel því, að það eigi að setja í lögin alveg ótvírætt ákvæði í þessum tilfellum, þar sem sagt sé, að ef ekki næst til hins seka skipstjóra, ef hann sleppur á einn eða annan hátt undan, er það útgerðarfélag skipsins, sem ber alla ábyrgð og verður að þola dóm og refsingu. Á því leikur enginn vafi samkv. íslenzkum lögum.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim þremur meginbreytingum, sem eru fólgnar í þessu frv. á gildandi lagaákvæðum um botnvörpuveiðar. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum hér, hve mikil nauðsyn er á því, að við reynum að verja okkar fiskimið fyrir ólöglegum ágangi annarra og hvernig við þurfum að haga framkvæmd okkar í þeim efnum, að forða okkur frá þeirri hættu, að okkar dýrmætu fiskimið verði að meira eða minna leyti eyðilögð. Það er svo margrætt mál og viðurkennt af öllum hér, að um það þarf ekki að hafa mörg orð. En þá er það líka alveg augljóst, að við verðum a. m. k. að gæta þess á hverjum tíma, að lagaákvæði, sem eiga að vera til verndar okkar fiskveiðilandhelgi, séu þannig og þannig framkvæmd einnig, að þau dragi verulega úr eða komi sem mest að hægt er í veg fyrir landhelgisbrot. Sektarákvæði öll og allar refsingar verða að vera með þeim hætti, að það leiki enginn vafi á því, að allir, sem hlut eiga að máli, forðist sem allra mest að voga sér í það að brjóta lögin eða reglurnar. Ég held, að ákvæði þau, sem nú eru í lögum hjá okkur, og framkvæmdin, eins og hún hefur verið nú um langa hríð á refsiákvæðum, sé engan veginn fullnægjandi í þessum efnum og það sé orðin því brýn nauðsyn á því að endurskoða þessi ákvæði á þeim grundvelli, sem lagt er til í þessu frv. Það kann vel að vera, að hér þyrfti að taka upp fleiri atriði til breytingar eða þá mætti haga þessum breytingum eitthvað á annan veg en lagt er til í þessu frv.. en ég held þó, að það ætti ekki að verða mikill ágreiningur um það, að öll þau þrjú atriði, sem nefnd eru í þessu frv., eru þýðingarmikil og sjálfsögð, eins og nú er komið málum.

Ég vil svo að lokum óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til sjútvn. d., sem ég vænti að bregðist vel við og afgreiði þetta mál fljótlega frá sér, því að ég held, að það fari ekki vel á því, að þetta mál sé látið liggja hjá þinginu óafgreitt lengi, að málin séu þegar orðin þannig, að það sé orðið mjög knýjandi að fá þessar breytingar fram. Ég vænti svo, að sjútvn., sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, treysti sér til þess að fallast á efni þess og afgreiði það fljótlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Jarðræktarlög (frv. HEÞ o. fl.)

Á 25. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 frá 1950 [99. mál] (þmfrv., A. 125).

Á 29. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hjörtur E. Þórarinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 125, er flutt af mér ásamt tveim öðrum þm. Framsfl., þeim Ágúst Þorvaldssyni, hv. 2. þm. Sunnl., og Birni Pálssyni, hv. 5. þm. Norðurl. v.

Hér er um að ræða breytingu á jarðræktarlögum, nr. 45 frá 1950.

Jarðræktarlög voru fyrst sett hér á Alþ. árið 1923. Í þeim var gert ráð fyrir, að þau skyldu endurskoðuð að 5 árum liðnum, enda var svo gert árið 1928. Síðan hafa þau verið endurskoðuð margsinnis, eftir því sem breyttir tímar hafa gefið tilefni til. 1936 voru t. d. samin alveg ný jarðræktarlög, og að tilhlutan búnaðarþings voru svo felldir inn í þau lög nýir kaflar 1942. Núgildandi jarðræktarlög eru að meginefni til frá 1950, en breytingar hafa þó verið gerðar síðan, m. a. 1955.

Meginatriði þessara laga hefur frá upphafi verið það að setja reglur um stuðning ríkisvaldsins við ræktun lands, fyrst í stað aðallega sléttun gamalla túna, en síðar í æ ríkara mæli við útfærslu ræktunarinnar, þ. e. nýrækt. Þó var einnig strax í upphafi ákveðið framlag til vissra byggingarframkvæmda, sem taldar voru hafa varanlegt gildi sem jarðabætur, þ. e. áburðargeymslur og safnþrær. Síðan voru svo mátt og smátt fleiri tegundir framkvæmda teknar inn í lögin, einkum varanlegar heygeymslur, svo og stórvirk þurrkun lands, þegar véltæknin kom til sögunnar og gerði hana mögulega. Verður öll sú saga ekki rakin hér, það yrði of langt mál. En árangurinn er það, sem fyrir augum blasir í sveitum í dag í stórkostlegri ræktun og byggingum.

Í upphaflegu lögunum var svo gert ráð fyrir, að ríkisframlagið væri ákveðinn hluti af kostnaðarverði. Fljótlega var því ákvæði þó breytt og tekið að greiða það sem visst framlag á unnið dagsverk eftir föstu mati. 1936 eru dagsverkin einnig lögð niður, en verkeiningar og styrkur á þær lögfestur, og hefur það form haldizt síðan, þótt hvað eftir annað hafi verið gerðar breytingar á sjálfum upphæðunum, auk þess sem um langt skeið, eða frá 1942 til 1960, var greidd verðlagsuppbót á framlögin.

Ég ætla ekki að rekja hér, hvað hefur áunnizt, síðan jarðræktarlög voru fyrst samþykkt, né heldur á hvaða stigi við stöndum í dag. En til þess að gefa mynd af því, sem gerzt hefur í sjálfri jarðræktinni, skal það sagt, að nú mun vera búið að grafa nálægt 10 þús. km af opnum skurðum síðan 1942 og túnstærð talin vera um 80 þús. ha. Þó er það ekki nákvæm tala og nákvæm tala ekki fyllilega þekkt.

Um byggingarframkvæmdir er svipaða sögu að segja, en ég læt nægja að benda á, að á síðustu 25 árum hafa verið byggð varanleg hús yfir megnið af búpeningi landsmanna, um 50 þús. nautgripi og 800 þús. fjár, svo og hlöður fyrir meginið af vetrarfóðri þess búpenings. Mestar árlegar framkvæmdir hafa orðið síðan 1956 og komust hæst 1959, en þá voru teknir út um 4500 ha. af nýrækt og grafnir um það bil 1000 km af opnum skurðum. Síðan hefur heldur hallað undan fæti, einkum hvað þurrkun lands snertir. Ekki liggja fyrir tölur um það, hve miklum hluta af kostnaði við þær framkvæmdir, sem ríkið hefur styrkt, framlag þess nemur frá upphafi, en hitt hefur Stéttarsamband bænda látið reikna út, hvernig fjármunamyndun í landbúnaði hefur gerzt á áratugnum 1951—1960. Þá kom í ljós, að af allri fjármunamyndun, þ. e. a. s. í ræktun og húsum, vélum og bústofnsauka, voru óafturkræf framlög ríkisins 12%, lán frá föstum lánastofnum landbúnaðarins 19%, en afgangurinn, 69%, eigið framlag af aflafé og vinnu bænda sjálfra. Í 12%, sem frá ríkinu komu, eru þá einnig talin þau framlög, sem greidd eru samkvæmt lögum um landnám ríkisins. Þó að langmestur hluti af stofnkostnaði við uppbyggingu í landbúnaði hafi þannig verið greiddur af eigin fé og vinnu bænda, er hitt jafnvíst, að framlag ríkisins samkvæmt jarðræktarlögum hefur haft geysilega þýðingu, ef til vill úrslitaþýðingu í þeirri byltingarkenndu þróun, sem þessi atvinnuvegur hefur gengið í gegnum á því 40 ára tímabili, sem þessi lög hafa staðið, en nú eru þau enn á ný úrelt orðin og þarfnast skjótra lagfæringa.

Þetta frv. er borið fram til að leiðrétta þau atriði, sem mest eru aðkallandi. Verðbólgan, sem hefur leikið svo grátt marga góða löggjöf, sem bindur fjárgreiðslu við ákveðna krónutölu, hefur einnig bitnað á jarðræktarlögunum. Í þeim er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins sé ákveðin upphæð í krónutölu á verkeiningu, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. En þar sem vísitalan hefur hin síðari árin ekki verið látin verka á peningagreiðslur, þá hefur síhækkandi ræktunar- og byggingarkostnaður valdið því, að ríkisframlagið hefur farið hlutfallslega lækkandi ár frá ári. Það nægir alveg til skýringar að geta þess, að framlag til eins ha. af ræktun á mýrlendi á býli, sem hefur meira en 10 ha. túnstærð, hefur lækkað hlutfallslega á árabilinu 1956—1962 úr 20.2% 1956 í ca. 10%, nákvæmlega reyndar 9.95% 1962, eða sem sagt hefur ríkisframlagið rýrnað um liðlega helming á þessu tímabili. Þetta sýnir þróunina. Og sama sagan hefur gerzt um byggingarframlög. Að vísu er sjálfsagt að geta þess, að ný lagaákvæði um aukaframlög til lítilla túna hafa vegið þessa lækkun upp og meira en það í þeim tilfellum, en það er önnur saga.

Nú leggjum við til í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að aftur sé horfið að því fyrirkomulagi, sem upphaflega var viðhaft, þ. e. að binda framlagið við ákveðið hlutfall af kostnaði, og má segja, að þetta sé ein höfuðbreytingin, sem við leggjum til frá gildandi lögum. Jafnframt er gert ráð fyrir, að sérfræðingar Búnaðarfélags Íslands og Teiknistofu landbúnaðarins meti árlega kostnað við verkeiningu hverrar tegundar framkvæmda, sem framlags nýtur. Þetta á að koma í veg fyrir, að áframhaldandi verðbólga rýri enn á ný framlagið, en auk þess verður það miklu auðveldara í útreikningi en verið hefur um sinn, þó að það sé í sjálfu sér ekki mikið atriði. Ekki er í frv. gert ráð fyrir ríkisframlagi til annarra framkvæmda en þeirra, sem nú þegar njóta framlags eftir gildandi lögum, en hins vegar er það hækkað nokkuð, en misjafnt þó eftir tegund framkvæmda.

Í 1. gr. frv. felst sú breyt. á 5. gr. gildandi jarðræktarlaga í kafla I, að ríkið greiði ⅝ hluta af launum héraðsráðunauta í stað helmings, sem nú er. Sömu hlutföll séu einnig á greiðslu ferðakostnaðar þeirra, en hana greiða búnaðarsamböndin, sem ráðunautarnir vinna hjá, hana greiða þau nú ein. Í 2. gr. frv. felast ýmsar breytingar á 11. gr. gildandi laga, þ. e. II. kafla, sem fjallar um framlög ríkisins til tiltekinna jarða- og húsabóta. Gert er ráð fyrir, að ríkið greiði ¾ hluta alls kostnaðar við landþurrkun, sem nær einvörðungu er nú unnin með stórvirkum véltækjum, bæði opnir skurðir og lokræsi. Handgröftur skurða er að miklu eða mestu leyti úr sögunni. Nú greiðir ríkið 65% af þessum kostnaði, eins og kunnugt er. Að öðru leyti er hækkunin mest á heygeymslum, einkum votheyshlöðum og súgþurrkunarkerfum.

Reynslan leiðir æ betur í ljós, að þetta tvennt verður að fara saman og haldast í hendur, aukin grasrækt til heyskapar og tryggari úrræði til að varðveita næringargildi grassins til vetrarins. Helztu úrræði, sem nú eru fyrir hendi í þessu sambandi, eru einmitt votheysgerð og súgþurrkun heys, og hefur hvort tveggja sannað gildi sitt óumdeilanlega. Þrálátur illviðrakafli á miðju sumri t. d. um norðanvert landið getur bakað þjóðarbúinu gífurlegt tjón. Á landi tapast fóðureiningar milljónum saman á túnunum, og á meðan gengur síldin úr greipum sjómanna, svo að skipt getur hundruðum þúsunda mála. Við því síðara er lítið eða ekkert hægt að gera enn þá, en við því fyrra eru til þau úrræði, sem ég nefndi, og þau geta bjargað geysilegum verðmætum, ef þau eru nógu útbreidd og útbreiddari en nú, en þau eru í sumum héruðum mjög algeng orðin, en annars staðar ekki. Það er heppilegt að aukinn stuðningur ríkisins komi þeim héruðum þá öðr-

um fremur til góða, sem þannig hafa dregizt aftur úr á framfarabrautinni.

Sjálfsagt er að gera sér grein fyrir því, hvaða útgjaldaaukningu þessar breytingar mundu hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, ef að lögum yrðu. En miðað við framkvæmdir ársins 1962 og skýrslur hjá Búnaðarfélaginu og kostnaðarmat á verkeiningu, sem nýlega hefur verið gerð af Landnámi ríkisins og Teiknistofu landbúnaðarins, mundi útgjaldaaukning á 16. gr. fjárlaga, þ. e. a. s. gjöld samkvæmt jarðræktarlögum, hækka um 16 millj. eða milli 55 og 60%, eftir því sem mér telst til. Talið er, að meðaltúnstærð í landinu sé u. þ. b. 15 ha. nú. Er það ekki nákvæm tala, en sæmilega nákvæm þó. En það er einmitt upp að því marki, sem aukaframlag er greitt samkv. lögum um framlag ríkisins. Allir eru sammála um það, að þetta sé allt of lítil túnstærð. Lágmarkið þyrfti að vera 25 ha. a. m. k., til þess að viðunandi bústærð náist, eins og nú er komið framleiðsluháttum í landbúnaðinum og aðstöðu hans. Þarf því enn að rækta 10 ha. til jafnaðar á hvert býli, til þess að því marki sé náð, eða a. m. k. 50 þús. ha. í landinu öllu. Og nú er svo talið, að sjálf ræktun landsins að lokinni uppþurrkun kosti 8—12 þús. kr. á hvern ha. eftir eðli landsins. Það kostar því mörg hundruð millj. kr. að rækta þetta land.

Nú er það staðreynd, að hver ræktaður ha. kallar á aðra og enn þá dýrari fjárfestingu í útihúsabyggingum og öðrum mannvirkjum, svo að jafnvel þótt nokkur hluti nýræktarinnar notist sem beitiland, þá er fyrirsjáanleg gífurleg fjárfestingarþörf í landbúnaðinum næstu áratugina, og það eins þó að bændatala lækki eitthvað á tímabili frá því, sem nú er, en það virðist nú blasa við í augnablikinu. Það mun ekki heldur veita af því, að framleiðsluaukningin haldi áfram nokkuð jafnt og þétt, þar sem talið er, að þjóðinni hafi fjölgað um nálega helming eða fyllilega helming, áður en þessi öld er öll. En það þýðir, að búvöruframleiðslan þarf einnig að aukast um nálega helming á þessu sama tímabili, ef hún á að fullnægja innanlandsþörfinni einni saman.

Við flm. þessa frv. teljum, að það sé bæði eðlilegt og skynsamlegt, að þjóðarheildin haldi áfram að styðja að uppbyggingu landbúnaðarins, eins og hún hefur gert nú um 40 ára skeið, og auki hana heldur en minnki, því að hér er um það að ræða að bæta landið til frambúðar og treysta grundvöllinn fyrir ört vaxandi þjóð.

Herra forseti. Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Menntaskólar.

Á 29. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla [102. mál] (þmfrv., A. 147).

Á 42. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 26 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 147 ásamt hv. 4. þm. Sunnl. (BFB) frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla. Í frv. okkar er lagt til, að 1. gr. áðurnefndra laga orðist þannig, að menntaskólar skuli vera fjórir, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri og einn á Laugarvatni, en auk þess skuli stofna einn menntaskóla á Austurlandi og einn á Vestfjörðum, þegar fé er veitt til þeirra í fjárlögum.

Heimild sú, sem er í gildandi lögum til starfrækslu menntaskóla á Akureyri og Laugarvatni, hefur sem kunnugt er verið fyrir löngu notuð. Þar eru starfandi menntaskólar og hafa verið um langt skeið. Lögunum hefur þó ekki verið breytt þrátt fyrir þetta, skólarnir eru enn starfræktir samkvæmt þessari heimild. Sú breyting, sem hér er lögð til varðandi þessa skóla, er því aðeins formbreyting til samræmis við það ástand, sem nú ríkir og ríkt hefur, breytir svo sem engu og hefur engin útgjöld í för með sér, en virðist einsýnt að breyta lögunum í þessa átt til þess að færa lagagreinina til samræmis við það ástand, sem í málunum ríkir.

En öðru máli er hins vegar að gegna um þá breyt., sem í frv. okkar er ráðgerð á menntaskólum í Reykjavík. Samkvæmt gildandi lögum er aðeins einn menntaskóli hér. Sá skóli er til húsa í gömlu menntaskólabyggingunni við Lækjargötu, eins og allir vita. Það hús hefur verið notað í þessu skyni í 118 ár. Það var tekið í notkun árið 1846, þegar nemendur þessa skóla, sem þá hét raunar Latínuskólinn, voru aðeins 60. Nú eru nemendur Menntaskólans í Reykjavík yfir 900, og má því nærri geta, hversu gífurlegt þröngbýli muni þarna vera um að ræða. Gamla húsið er orðið allt of lítið fyrir starfsemi skólans og því óhjákvæmilegt að byggja nýtt skólahús. Skylt er að geta þess í þessu sambandi, að framkvæmdir eru þegar hafnar að talsvert auknum byggingum í grennd við gamla menntaskólahúsið. En þær framkvæmdir ráða þó ekki nema að mjög litlu leyti fram úr þeim húsnæðisvandræðum, sem þarna er um að ræða, heldur eru fyrst og fremst reistar í því skyni, að hægt sé að koma við sérkennslu á verklegan hátt í þar til gerðu húsnæði, en til slíks hefur mjög skort aðstöðu hin síðari árin. Um þessar framkvæmdir við menntaskólann hafa verið talsvert skiptar skoðanir. Þarna hafa verið keyptar alldýrar lóðir og mannvirki til þess að bæta úr sárustu húsnæðisvandamálunum með lágum viðbyggingum í nágrenni gamla skólans. Margir hefðu fremur kosið, að fjármagni þessu hefði verið varið til byggingar nýs skólahúss, eins og raunar hafði verið ráðgert, húss, sem hefði betur þjónað hlutverki sínu. En

þessi stefna hefur nú orðið ofan á, sem kunnugt er, og skal ekki um það sakast hér. Hitt er aðalatriðið, að því fer alls fjarri, að með þessum viðbótarbyggingum séu húsnæðismál skólans leyst, því að skólinn getur ekki bætt við nemendafjölda sinn, svo að nokkru nemi, þrátt fyrir þessa breytingu. En auk þess kemur svo til það, sem mestu máli skiptir, en það er, að almennt er talið af þeim, sem til þekkja, að Menntaskólinn í Reykjavík sé nú þegar orðinn a. m. k. nægilega fjölmennur og að það sé rangt að stefna að því að fjölga nemendum í honum. Flestir skólamenn telja, að heppilegasti nemendafjöldi í slíkum skóla sé 500—600 nemendur, og miðað við þær tölur gætu 2 menntaskólar í Reykjavík verið fullsetnir innan 1—2 ára. Þess má geta, að ýmsir skólamenn telja, að nemendur framhaldsskólanna ættu að vera enn færri í hverjum skóla en hér var nefnt, og tala um allt niður í 300—350 nemendur, og má vel vera, að þeir hafi töluvert mikið til síns máls. Hvernig sem um það er, munu flestir sammála um hitt, að 800—900 nemendur sé allt of mikið, jafnvel þó að aðstæður væru allar svo sem bezt væri á kosið.

Eftirspurn eftir skólavist í Menntaskólanum í Reykjavík er gífurlega mikil, og verður að setja miklu strangari skilyrði fyrir inntöku inn í skólann en í raun og veru nokkur sanngirni mælir með, auk þess sem nemendum er gert að leysa þyngri þrautir, eftir að í skólann er komið, heldur en námsferill þeirra í sjálfu sér gerir kröfu til. Æskilegt væri og æskilegast, að allir, sem standast landspróf, ættu aðgang að framhaldsnámi, eftir því sem hugur þeirra stendur til og aðstæður þeirra að öðru leyti leyfa. Vegna húsnæðisskorts getur Menntaskólinn í Reykjavík ekki annað þessari eftirspurn, en verður að vísa miklum fjölda nemenda frá. Við flm. þessa frv. teljum, að úr því þurfi hið bráðasta að bæta og að það verði aðeins gert, svo að vel sé, með því að fjölga menntaskólunum í Reykjavík og hefjast þegar handa um byggingu nýs húsnæðis fyrir hinn nýja skóla.

Þá er enn fremur í frv. okkar gert ráð fyrir því að stofna menntaskóla á Austurlandi og á Vestfjörðum. Á mörgum undanförnum þingum, má ég segja, hafa þm. Vestfjarða, fleiri eða færri, flutt frv. til laga um stofnun menntaskóla á Vestfjörðum, síðast, að því er mig minnir, á þingi 1960. Enn fremur hefur verið flutt hér a. m. k. einu sinni frv. til laga um stofnun menntaskóla á Austurlandi. Þessi frv. hafa verið flutt vegna mikils áhuga í viðkomandi byggðarlögum á því, að aðstaða unglinga til framhaldsnáms verði jöfnuð svo sem hægt er, og liggja fyrir ýmsar samþykktir og áskoranir frá mörgum samtökum um þau efni, sem ég skal ekki telja hér upp. Það virðist sanngirniskrafa, að íbúar Austurlands og Vestfjarða verði að þessu leyti settir við sama borð og íbúar á Suðurlandi og Norðurlandi. Sunnlendingar eiga aðgang að Laugarvatnsskólanum og Norðlendingar að Menntaskólanum á Akureyri. Þessir skólar geta enn tekið við þeim nemendum, sem þangað sækja, en íbúar Austurlands og Vestfjarða verða að leita til annarra byggðarlaga til þess að sækja menntaskóla. Augljóst er, að mikið hagræði og fjárhagslegur styrkur er að því að þurfa ekki að senda nemendur mjög langt að heiman til skóladvalar og því mikið hagsmunamál fyrir þessi byggðarlög, að slíkir skólar gætu risið þar. Þess vegna er, eins og áður segir, í frv. einnig gert ráð fyrir heimild til stofnunar menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum, þegar fé hefur verið veitt til þeirra á fjárl., en gera má ráð fyrir, að stofnun þessara skóla þurfi nokkurn undirbúning.

Enginn vafi er á því, að breyttir þjóðfélagshættir auka þörf Íslendinga á sérmenntuðu fólki til starfa í margvíslegum greinum. Nú eru tímar sérhæfingarinnar, og okkur er ekki sízt nauðsynlegt að stefna að því að fá til starfa vel menntaða sérfræðinga á sem allra flestum sviðum verklegra viðfangsefna. Til þess að Íslendingar geti haldið í horfinu og sótt eðlilega fram í samanburði við aðrar þjóðir, er ekki lengur nóg að bjargast við brjóstvitið eitt. Vonir okkar um batnandi þjóðarhag byggjast í vaxandi mæli á því, að vísindi og tækni séu tekin í þjónustu atvinnuveganna. Slíkt verður hins vegar ekki gert, nema tryggt sé, að landið eigi jafnan völ á hæfum vísindamönnum og að nægilegt framboð sé á tæknimenntuðu fólki. Íslenzkir menntamenn hafa þráfaldlega sýnt það og sannað, að þeir eru engir eftirbátar erlendra starfsbræðra sinna, en okkur vantar fleiri slíka menn. Þess vegna er nauðsynlegt að greiða fyrir því, að sem allra flestir eigi kost á því að afla sér þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er til að geta orðið virkur þátttakandi í þeirri framtíðaruppbyggingu, sem hér þarf til að koma.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fjölyrða meira um þetta mál á þessu stigi. Ég er sannfærður um, að allir hv. alþm. viðurkenna og skilja þessa nauðsyn, og þess vegna leyfi ég mér að vonast eftir vinsamlegum undirtektum undir þetta mál. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 147, n. 367 og 426).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir þessari hv. d. liggja þrjú frv. um nýja menntaskóla, og eru þau öll á dagskrá fundarins í dag. Flutningur þessara frv. ber án efa vott um vaxandi og almennan skilning á því, að í dag er þörf fyrir aukið rúm fyrir nemendur í menntaskólum, svo og að á næstu árum muni hlutur menntaskólanna verða að því leyti vaxandi, að ungum Íslendingum fari ört fjölgandi, sem gangi út í lífið annaðhvort með menntaskólanám að baki eða sambærilegt nám, t. d. sambærilegt tækninám.

Menntmn. hefur tekið öll þessi þrjú frv. til umræðu. Sum þeirra hafa verið flutt áður, og

liggja fyrir þinginu umsagnir frá rektorum núverandi menntaskóla um hugmyndir um nýja skóla á Vesturlandi og Austurlandi. Skal ég ekki rekja þær umsagnir frekar, nema hvað rektorarnir sjá ýmsa annmarka á stofnun nýrra skóla, þó að viðhorf þeirra sé að öðru leyti vinsamlegt.

Í menntmn. var einhugur um, að þörf væri fyrir nýja menntaskóla og rík ástæða til að skapa æskumönnum sem jafnasta aðstöðu til að afla sér menntaskólanáms, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Hins vegar hafa þessi mál verið í athugun á vegum ríkisstj. Hinn 7. marz 1963 skrifaði menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, bréf til nokkurra manna og skipaði þá í nefnd til að endurskoða gildandi laga- og reglugerðarákvæði um menntaskóla. Í þessari nefnd eiga sæti Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Þórarinn Björnsson skólameistari, Jóhann Hannesson skólameistari, dr. Broddi Jóhannesson skólastjóri og Ármann Snævarr háskólarektor.

Þar sem menntaskólamálin eru í heild í athugun af nefnd og í þeirri nefnd eiga sæti þeir menn, sem manna bezt hljóta að þekkja til þessara mála, telur meiri hl. menntmn. ekki ráðlegt að svo komnu máli að samþykkja frv. um einstakar aðgerðir í menntaskólamálum, en hefur lagt til um öll frv. þrjú, að þeim verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að gerð verði ýtarleg athugun á framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla og ekkert sparað til að tryggja nægilegan skólakost á því sviði.

Hér er í raun og veru ekki um að ræða ágreining um þörf á áframhaldandi aðgerðum. En sökum þess, að málin eru í heildarathugun af n., sem skipuð var fyrir einu ári, telur meiri hl. menntmn. á þessu stigi rétt af d. að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að málum þessum verði haldið áfram og þau leidd til skjótra lykta.

Frsm. minni hl. (Óskar Jónsson): Herra forseti. Menntmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. um breyt. á l. um menntaskóla, sem er að finna á þskj. 147 og flutt hefur verið í þessari hv. d. af þeim Einari Ágústssyni, 11. þm. Reykv., og Birni Fr. Björnssyni, 4. þm. Sunnl. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að gerð verði ýtarleg athugun um framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla og ekkert verði til sparað að tryggja nægilegan skólakost á því sviði. Hins vegar leggjum við til, sem skipum minni hl. n., að frv. verði samþykkt. Álit okkar reisum við m. a. á því, að fullkomlega sé tímabært og meira en það að ákveða með löggjöf, hvar og hve margir menntaskólar skuli vera í landinu til að fullnægja þeim aukna fjölda, er ætla má að æski þess að geta notið menntaskólanáms í næstu framtíð og þjóðinni er brýn nauðsyn á að geti átt kost þess að njóta þeirrar menntunar, sem tækni og vísindi nútímans krefjast í hraðvaxandi mæli.

Það viðurkenna allir, að eins og nú er komið öllum þjóðfélagsháttum, verði að stórauka þekkingu, tæknimenntun og vísindi. Atvinnuvegir þjóðarinnar krefjast þess, og öll framtíðaruppbyggingin verður að vera á því reist. Með þessar staðreyndir í huga og einnig það, að löggjöfin um menntaskóla er löngu úrelt, sbr. það, að í gildandi löggjöf eru fyrirmæli um aðeins einn menntaskóla, Menntaskólann í Reykjavík, þó að nú um sinn, meira að segja árum saman, hafi samkv. heimildum í framangreindum lögum verið starfræktir menntaskólarnir á Akureyri og að Laugarvatni, — það má að vísu segja, að þetta skipti ekki meginmáli, en sé nánast formsbreyting, — en þar sem þessir menntaskólar eru þó staðreynd, er ekkert annað eðlilegra en að þeir séu ákveðnir sem slíkir í lögum.

Húsnæðisvandamál Menntaskólans í Reykjavík hafa lengi verið á döfinni og að margra dómi enn ófullnægjandi. Í skólanum eru nú yfir 900 nemendur. Þessi mikli fjöldi er af mörgum skólamönnum talinn allt of mikill í einum skóla og því algerlega rangt að stefna að því, að nemendafjöldi hans aukist úr þessu. Íslenzkir skólamenn munu flestir þeirrar skoðunar, að slíkir skólar eigi ekki að vera fjölmennari en með 500—600 nemendur. Ýmsir nefna miklu lægri tölu um fjölda nemenda, allt niður í 300—400. Allir eru hins vegar sammála um, að 800—900 nemendur sé allt of hátt, jafnvel þó að aðstæður væru hinar beztu. Ef gengið væri út frá milliveginum hér og miðað við nemendafjöldann 500—600, er augljóst. að tveir menntaskólar gætu verið fullsetnir í Reykjavík innan 1—2 ára. Það má því varla seinna vera, að ákveðið sé, að menntaskólar verði tveir í Reykjavík, og annað ekki forsvaranlegt til að mæta þeim stóraukna nemendafjölda, er hlýtur í hraðvaxandi mæli að sækja um menntaskólanám í hinni ört vaxandi höfuðborg og fjölmennu byggðum í nágrenni hennar. Ég fæ ekki skilið annað en að hv. þm. þessara byggðarlaga séu þessu sammála.

Á undanförnum þingum hafa nokkrum sinnum verið fluttar till. um stofnun menntaskóla á Austurlandi og á Vestfjörðum. Þær till. hafa verið fluttar vegna mikils áhuga í þessum byggðarlögum á því, að aðstaða unglinga til framhaldsnáms verði jöfnuð, svo sem verða mætti. Virðist það sanngirniskrafa, að íbúar Austurlands og Vestfjarða yrðu að þessu leyti settir við sama borð og íbúar á Suður- og Norðurlandi. Lítils háttar vísir hefur verið lagður að menntaskóla á Ísafirði við góða raun.

Að öllu þessu athuguðu fæ ég eigi séð, að frambærilegar ástæður séu fyrir hendi hér á hv. Alþingi að fresta því að lögtaka, að áðurnefndir menntaskólar verði ákveðnir í landi voru, þar sem allir virðast sammála um, að þessi skipan verði upp tekin og hún framkvæmd, eftir því sem efni standa til. Að öllu þessu athuguðu fæ ég ekki betur séð en þessi mál liggi fullkomlega ljós fyrir til nálægrar framtíðar og gersamlega ástæðulaust að vísa frv. til ríkisstj. Staðreynd er, að Menntaskólinn í Reykjavík verður varla aukinn að nemendafjölda úr þessu að allra dómi. Menntaskólarnir á Akureyri og Laugarvatni eru þegar orðnir veruleiki, og getum við ekki fullkomlega treyst dómgreind allra hv. þm. Austurlands og Vestfjarða um nauðsyn þess, að þar verði stofnsettir menntaskólar, sem þeir hafa fært rök fyrir þing eftir þing? Þá ætla ég, að hv. alþm. þéttbýlisins hér við Faxaflóa þurfi ekki

að velta vöngum um nauðsyn þess, að efnt verði til nýs menntaskóla í Reykjavík.

Ég verð að taka svo djúpt í árinni, að ég tel það fyrir neðan virðingu Alþingis að vísa þessu máli frá sér. Ég fæ ekki heldur séð, að ríkisstj. sé neinn greiði gerður með því, að frv. sé vísað til hennar, og vil ég mega vænta þess, að hæstv. menntmrh. — hann er hér sem betur fer — mæli með því, að frv. verði samþykkt. Hitt er svo allt annað mál, hvort ekki ber nauðsyn til að taka til rækilegrar athugunar námsskrá menntaskólanna og gera þar á breytingar, er henti betur þeim viðfangsefnum, sem mæta verður í framtíðinni, með tilliti til þeirrar þróunar, sem verið hefur svo að segja á öllum sviðum þjóðlífsins. En það fær engu breytt um nauðsyn skólanna, heldur þvert á móti knýr enn frekar á, að þeir séu fyrir hendi í ört vaxandi þjóðfélagi og þar staðsettir, er þeir bezt fá þjónað því hlutverki að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og þeim tilgangi þjónar þetta frv. óumdeilanlega, og þess vegna ber að samþykkja það.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist nú augljóst, að öll þau þrjú mál á dagskránni, sem fjalla um menntaskóla, verði rædd undir þeim dagskrárlið, sem hér er nú til umr., þó að hann sé sérstaklega um að bæta við menntaskóla í Reykjavík. Það var greinilegt, að frsm. meiri hl. menntmn. gerði ráð fyrir því eða þannig flutti hann mál sitt, og þykir mér það að öllu leyti eðlilegt, því að þessi mál eru þess eðlis, að það er ekki nema eðlilegt, að þau séu öll rædd saman og í rauninni afgreidd saman.

Meiri hl. menntmn. hefur valið þá leið til afgreiðslu á þessum málum að vilja vísa þessum frv. frá eða vísa þeim til ríkisstj. Og eins og segir í till. meiri hl. n., er það gert í trausti þess, að gerð verði ýtarleg athugun á framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla og ekkert til þess sparað að tryggja nægilegan skólakost á því sviði.

Nú hlýtur meiri hl. n. að hafa verið það ljóst, að þessi menntaskólamál, sem hér liggja raunverulega fyrir, eru nokkru víðtækari en þetta orðalag n. bendir til. Það er álit okkar, sem stöndum að flutningi frv. um það, að byggður skuli menntaskóli á Austurlandi, — og ég veit, að það er sams konar álit hjá þeim, sem flytja frv. um að reisa menntaskóla á Vestfjörðum, — að það sé ekki eitt nóg, þó að hægt sé að benda öllum ungmennum á Austurlandi og Vestfjörðum á það, að hægt sé að koma þeim fyrir í einhverju húsnæði og framkvæma menntaskólakennsluna hér í Reykjavík eða annars staðar á landinu. Það liggja til þess alveg ákveðin rök, að uppi eru tillögur um, að það eigi að reisa skólana í þessum umdæmum sjálfum. Hér er því spurningin um það: Á að verða við þessum óskum, sem hafa komið fram hvað eftir annað, að koma upp menntaskóla á Austurlandi og t. d. á Vestfjörðum, til þess að þeir fjölmörgu nemendur, sem þaðan koma árlega, þurfi ekki að ganga í menntaskóla hér suður í Reykjavík eða annars staðar, þar sem þeim er miklu óhægra um vik að sækja skóla?

Það vita allir, sem um þessi skólamál hafa hugsað, að vitanlega hefur þetta margvísleg og mikil áhrif, hvernig er háttað staðsetningu skóla og skólagöngu almennt. Það hefur mikil almenn áhrif. Það hefði mikið að segja einmitt í menningarmálum okkar Austfirðinga, að þetta sjónarmið okkar um það að byggja menntaskóla á Austurlandi yrði viðurkennt. Það hefði mikil almenn áhrif og mundi sennilega verða til þess, að fleiri aðilar, fleiri unglingar á Austurlandi treystu sér til þess að sækja menntaskóla en gera nú. Og þetta hefði líka mikil áhrif á það, sem hér er mjög mikið rætt um og oft, jafnvægi í byggð landsins, því að vitanlega hefur það mikið að segja um síðari dvöl manna, hvar þeir eru langtímum saman einmitt á þeim árum, sem menn eru, þegar þeir eru í menntaskóla.

Ég álít, að það sé engin ástæða til þess, þegar verið er að taka afstöðu til þess, hvort byggja skuli menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum, að vísa því máli frá eða til ríkisstj. til nánari athugunar, vegna þess að þetta eru ekki ný mál. Hæstv. ríkisstj., menntmrh. og aðrir, sem hér eiga hlut að máli, eru ekki að heyra þetta í fyrsta skipti nú á þessu þingi. Þeir hafa sannarlega hugleitt þessi mál í mörg ár, hugsað um þau eins og aðrir hér á Alþingi. Og ég efast ekkert um, að þeir hafa gert sér grein fyrir því, hvað mikla og almenna þýðingu þessi mál hafa fyrir íbúa þessara landshluta, sem hér eiga hlut að máli. Það þarf því ekki að safna saman einhverjum út af fyrir sig ágætum menntamönnum hér í Reykjavík í nefnd til þess, að þeir eigi að gefa út álit sitt á því, hvað við þurfum á miklu menntaskólaplássi að halda í landinu til þess að taka afstöðu til þessa „prinsip"-máls varðandi byggingu menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum, það er allt annars eðlis. Ég veit, að allar líkur benda til þess, að þar fáum við ekki mikið annað en það, sem við fengum á sínum tíma, þegar var verið að ræða fyrst byggingu menntaskóla á Akureyri og síðar um það að koma upp menntaskóla á Laugarvatni. Þá sögðu ýmsir af framámönnum menntamála hér í Reykjavík, að í rauninni væri útilokað að hafa boðlegan menntaskóla nema í Reykjavík. Það verður ekkert flúið frá þeim ummælum, sem þá féllu um þetta. Þetta kom alveg skýrt fram, að hér kæmi svo margt til, sem ekki væri hægt að hafa á hinum stöðunum, að í rauninni væri ekki hægt að halda þar uppi boðlegum menntaskólum. Það leggur auðvitað enginn í það nú í dag að halda þessu fram. Nú viðurkenna menn, að þeir nemendur, sem koma bæði frá menntaskólanum á Akureyri og eins frá menntaskólanum á Laugarvatni, séu engu síðri yfirleitt en þeir, sem koma úr hinum fjölmenna og gamla og virðulega skóla hér í Reykjavík.

Það er vitanlega fyllilega möguleiki til þess að reka jafnt á Austurlandi sem Vestfjörðum og eins á Laugarvatni myndarlega menntaskóla, sem geta staðið undir sínu nafni. Það er hægt. Það er vitanlega líka hægt að láta rekstur slíks skóla mistakast, en hann gæti mistekizt í rekstri líka hér í Reykjavík engu síður en þar, ef þannig væri óhöndulega á málum haldið. Nei, það, sem einmitt hefði átt að gera nú, var að taka ákvörð-

un um, að það skyldi verða reistur menntaskóli á Austurlandi og það skyldi verða reistur menntaskóli á Vestfjörðum. Ákvörðun um það hefði einmitt átt að taka nú. Ég efast svo ekkert um, að það hefði verið eðlilegt, að ríkisstj. hefði þurft að fá nokkurn tíma til þess að undirbúa framkvæmdina á annan hátt, og það hefði tekið sinn tíma að koma þessu í framkvæmd, en „prinsip"-ákvörðunina átti að taka um það, að á þessum stöðum skyldu reistir menntaskólar. Ég efast heldur ekkert um það, að allir eru á einu máli um, að það sé þörf á því hér í Reykjavík, og það hefur reyndar margsinnis komið fram á Alþ., að það virðast allir vera á einu máli um það, að það er vissulega þörf á því að bæta aðstöðu menntaskóla hér í Reykjavík með húsnæði, hvort sem menntaskólarnir hér í Reykjavík verða nefndir 2, 3 eða 4. Raunverulega eru þeir 3 nú í dag, skólar, sem útskrifa stúdenta hér í Reykjavík, en það er glöggt mál, að hinn eiginlegi menntaskóli hér býr við slík skilyrði, að það er ekki hægt að halda því öllu lengur áfram, og sennilega er mjög óhagstætt að ætla að hrúga þar öllu fleiri nemendum saman en nú er gert. En hitt er aðalatriði þessa máls að mínum dómi, að það á núna einmitt á þessu þingi að skera úr um það með hreinni atkvgr. og vera ekkert að víkja sér undan því. Það er búið að gera það nógu lengi og í rauninni allt of lengi að víkja sér undan því að greiða atkvæði heiðarlega um það. Vilja menn verða við óskum Austfirðinga og óskum Vestfirðinga um það, að þar skuli reistir menntaskólar? Það er ómögulegt fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga að skilja slíka samþykkt eins og þá, sem meiri hl. menntmn. leggur nú til að gerð verði í þessu máli, sem sé að vísa málinu frá, senda það til ríkisstj. til enn frekari athugunar, — það er ekki hægt að skilja þá samþykkt á annan veg en þann, að það sé andúð á því að verða við þessum óskum þessara aðila fyrir austan og vestan. Og það hefur ill áhrif. Því hefði ég nú viljað skora á ríkisstj., að hún athugaði þetta enn þá betur en gert hefur verið og að hún sæi sér síðar fært að fallast á þá lausn þessa máls nú, að tekin yrði „prinsip"-afstaða til þess, að þessir skólar skyldu verða reistir fyrir austan og vestan og um það yrði sú samþykkt, sem hér yrði gerð nú.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. (LJós), sem var að ljúka máli sínu, túlkaði álit meiri hl. menntmn. á þá lund, að þar kæmi fram óvilji varðandi Austfirðinga og Vestfirðinga um að fá þar menntaskóla. Þessu vil ég algerlega mótmæla, og ég leyfi mér að fullyrða, að þvert á móti eru þeir, sem meiri hl. skipa, ekki síður en þeir, sem minni hl. skipa, þessum óskum mjög vinsamlegir.

Hv. þm. minnti á, að þessi frv. hefðu oft verið lögð fram hér á Alþ. áður. Þetta er rétt. En hvaða afgreiðslu hafa þau hlotið hingað til? Þau hafa verið þegjandi og hljóðalaust svæfð í n., ekki heyrzt stuna eða hósti, eftir að þau voru flutt, og það er einmitt með tilliti til þess, að frv. hafa fengið þá afgreiðslu á undanförnum árum, sem ég sem form. n. lagði á það áherzlu, að n. léti þetta ekki koma fyrir einu sinni enn, heldur afgreiddi það með mjög vinsamlegri tilvísun til ríkisstj., og við lítum á þessa afgreiðslu sem jákvæða og vinsamlega.

Hv. 5. þm. Austf. skildi orðin í nál., að athuga ætti um framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla, á þá lund, að meiri hl. hugsaði sér, að ef einhvers staðar væri til sæti í menntaskóla, ætti að vísa Vestfirðingum og Austfirðingum þangað. Þetta er líka misskilningur, og ég vil í tilefni af því taka fram, að þegar rætt er um framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla, er það okkar hugmynd, að fullkomlega sé tekið tillit til þarfa, sem stafa af því, að þjóðinni er þörf á því að halda sinni byggð, og við teljum, að röksemdir eins og þær, sem Austfirðingar og Vestfirðingar halda fram í þessum málum, stuðli beinlínis að því að skapa þörf, ekki síður en bara hrein höfðatala. Og það er alls ekki hugmynd okkar með þessu orðalagi að smeygja okkur fram hjá óskum landshlutanna, og þykir mér leitt, ef einhver hefur skilið álitið á þann hátt. Ég er persónulega mjög þeirrar skoðunar, að einn liður þeirra ráðstafana, sem þjóðin verður að gera til að viðhalda allri byggð sinni, sé að stofna nýjar menntastofnanir, ekki aðeins menntaskóla úti í byggðinni, heldur ætti mjög bráðlega að fara að hugsa til þess að stofna háskóla utan Reykjavíkur. Það getur verið, að slíkar hugmyndir kæmust ekki í framkvæmd í 15—20 ár, en orð eru til alls fyrst, og þarf ekki annað en að íhuga þau mál dálítið vandlega til þess að sjá, að þau eru engin fjarstæða. Um þetta hefur a. m. k. tvisvar sinnum verið skrifað í því blaði, sem ég ritstýri, á undanförnum tveimur árum.

Ég vil ekki orðlengja um þetta, en vil aðeins ítreka það, að þetta er vinsamlegasta afgreiðsla, þetta eru beztu undirtektir, sem þessi mál hafa þó fengið hér á þessu þingi, þó að þau hafi oft komið hér fram, að nú starfar sérstök nefnd einmitt að málefnum menntaskólanna og framtíðarmálum þeirra, nefnd færustu manna á þessu sviði, og þess vegna telur meiri hl. menntmn., að við getum að svo komnu máli bezt þokað þessum málum fram á raunhæfan hátt með því að vísa þeim til ríkisstj. með þeirri skilgreiningu, sem þeirri tilvísun fylgir, og þeim skýringum, sem hér hafa komið fram.

Umr. frestað.

Á 75., 76., 77., 78. og 79. fundi í Nd., 7., 9., 13., 14. og 16. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að fagna því, að málefni íslenzkra menntaskóla skuli hafa verið rædd jafnýtarlega og raun ber vitni um hér á hinu háa Alþingi undanfarið. Fyrir hv. þd. liggja frv. um stofnun þriggja nýrra menntaskóla, þ. e. eins hér í Reykjavík og menntaskóla á Ísafirði og Eiðum. Það er áreiðanlega ekki ofmælt, að menntaskólarnir séu eitt mikilvægasta skólastigið í íslenzku skólakerfi, og á því er enginn vafi, að framtíðarþróun í íslenzkum skólamálum og

menntamálum mun m. a. vera í þá átt, að æ fleiri íslenzkir skólanemendur gangi einmitt í menntaskóla, svo að full þörf er á því að auka og bæta skilyrði manna til að sækja menntaskóla frá því, sem nú er. En hitt verða menn líka að gera sér ljóst, að um margar leiðir í því efni er að velja og til þess þarf mjög að vanda, þegar framtíðarbrautin í þróunarmálum menntaskólanna er mörkuð. En ég taldi rétt í raun og veru að gefnu tilefni í þeim umr., sem hingað til hafa farið fram um málið, að láta koma fram nokkrar upplýsingar um ástandið í menntaskólamálunum nú, því að mér fannst jafnvel hafa verið látið liggja að því í sumum ræðum, sem fluttar hafa verið, að skilyrði íslenzkra nemenda til að stunda menntaskólanám væru lélegri en þau eru í raun og veru. Þess vegna vil ég láta koma skýrt fram, að hvorki í Menntaskólanum í Reykjavík né Menntaskólanum á Akureyri né í kennaraskólanum hefur nokkrum nemanda með fullgildum landsprófsréttindum verið synjað um skólavist fram að þessu. Hver einasti nemandi, sem staðizt hefur svonefnt landspróf, en það er inngönguprófí menntaskólana, hver einasti nemandi, sem staðizt hefur þetta löggilta inntökupróf í menntaskólana, hefur átt þess kost að stunda nám í menntaskóla fram að þessu. Um Menntaskólann á Laugarvatni gegnir sérstöku máli, þar sem hann er alger heimavistarskóli og skólarými þar er eðlilega háð því, hversu marga er hægt að taka í heimavist hverju sinni. Skólameistari Menntaskólans á Laugarvatni kveðst venjulega hafa orðið að vísa frá u. þ. b. 15 nemendum af 50—60 umsækjendum þau ár, sem hann hefur starfað við skólann, en s. l. haust voru 28 nemendur teknir í Menntaskólann á Laugarvatni. Meðal þeirra, sem vísað er frá, eru yfirleitt allir umsækjendur úr Reykjavík, og má gera ráð fyrir því, að meiri hluti þeirra, sem vísað er frá Laugarvatni, komist í annan menntaskóla, ef þeir á annað borð hafa hug á því að halda fast við það áform sitt að stunda menntaskólanám. Og skólameistari þekkir ekki dæmi þess, að nokkur, sem ákveðinn hafi verið í því að hefja menntaskólanám, hafi þurft að hverfa frá þeirri fyrirætlun af húsetuástæðum.

Á Akureyri verður árlega að synja nokkrum umsækjendum um heimavist, u. þ. b. 20—30 árlega, að því er skólameistari Menntaskólans á Akureyri segir. Ýmsum þeirra tekst að afla sér húsnæðis með öðrum hætti á Akureyri, og skólameistari Akureyrarskólans telur einnig, að í hæsta lagi 10 nemendur hafi hætt við skólagöngu í Menntaskólanum á Akureyri á s. l. ári vegna synjunar á heimavist, en á því ári voru tæplega 120 nemendur teknir í skólann. Hins vegar veit hann ekki til þess, að neinn þeirra, sem synjað var um heimavist á Akureyri, hafi orðið að hætta við menntaskólanám af þeim sökum.

Varðandi þetta taldi ég rétt, að kæmi hér skýrt fram, að tala þeirra, sem lokið hafa landsprófi s. l. 3 ár, er þessi: 1961 476 nemendur, 1962 525 nemendur og 1963, á þessu ári, 560 nemendur. Af þessari tölu nemenda, sem höfðu rétt til þess að sækja menntaskóla, hóf eftirfarandi fjöldi nám í einhverjum af menntaskólunum eða Kennaraskóla Íslands: 1961 424, 1962 464 og 1963 511. En þó að það sé svo, að fram að þessu hafi ekki þurft, sem betur fer, að synja neinum með fullgildum réttindum um nám í menntaskóla, er rétt, að tala þeirra, sem nauðsynlegt er að gangi menntaskólaveginn, mun án efa fara talsvert vaxandi á næstu árum, svo að það er fullkomlega tímabært að gera sér grein fyrir því, með hvaða hætti sé skynsamlegast að sjá fyrir framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskólanám.

Um væntanlegan nemendafjölda á næstu árum er örðugt að segja, svo sem að líkum lætur, og þó má fá nokkra hugmynd um líklega þróun í þessu efni með því að athuga nákvæmlega árlega fjölgun nemenda að undanförnu, en tölur um það var ég áðan að nefna. Áætlun, sem gerð hefur verið um væntanlega nemendafjölda á næstu árum, bendir til þess, að óvarlegt sé talið að gera ráð fyrir minni fjölgun í Menntaskólanum í Reykjavík en 100 á ári. Í Menntaskólanum í Reykjavík er meira en helmingur þeirra, sem menntaskólanám stunda, eða 317 af 511, svo að líkleg heildartala þeirra, sem gera má ráð fyrir að vilji stunda menntaskólanám á næstu árum, til viðbótar þeim, sem nú stunda nám, er væntanlega einhvers staðar á milli 150 og 200. Þessum aukna nemendafjölda þarf að sjálfsögðu að sjá fyrir auknu skólahúsnæði og bættum námsskilyrðum.

Sú stefna, sem lögð er til í þeim frv., sem hér liggja fyrir, er að byggja einn nýjan menntaskóla hér í Reykjavík og tvo aðra, annan á Vestfjörðum og hinn á Austfjörðum. Í sambandi við þetta vildi ég láta nokkur atriði koma fram.

Varðandi skilyrði til menntaskólanáms hér í Reykjavík er það að segja, að nú í sumar er verið að vinna að mjög verulegri viðbót við hinn gamla menntaskóla í Reykjavík, og standa beztu vonir til, að byggingu þess viðbótarhúsnæðis, sem nú er unnið að, verði lokið í haust, þannig að hægt verði að taka þar nýju kennslustofur, sem eru í byggingu, til notkunar á hausti komanda. Með því móti verður öll starfsaðstaða elzta og stærsta menntaskólans breytt til stórkostlegra bóta frá því, sem verið hefur um marga undanfarna áratugi. Þá hefur ríkisstj. enn fremur tekið ákvörðun um, að þegar þeim byggingarframkvæmdum er lokið, skuli hafin bygging annars menntaskóla hér í Reykjavík, og er þegar verið að vinna að teikningum að því húsi, og því hefur verið ákveðinn staður í Litluhlíð, þar sem á sínum tíma hafði verið ráðgert að byggja nýjan menntaskóla fyrir Reykjavík alla. Geri ég mér von um, að bygging þess menntaskólahúss geti hafizt næsta vor, en það krefst mikils undirbúningsstarfs að hefja byggingu jafnstórs skólahúss og þar er um að ræða. Ríkisstj. hefur hins vegar ekki talið rétt að lögfesta ákvörðun sína um þetta efni á þessu stigi, vegna þess að á vegum menntmrn. starfar nú sérstök nefnd að endurskoðun l. um menntaskóla, þ. e. að endurskoðun námsefnis menntaskólanna, athugun á því, hvort sú deildaskipting, sem nú er í menntaskólanámi hér, sé ekki að einhverju leyti orðin úrelt og þarfnist endurbóta.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að af hálfu skólamanna hafa verið uppi till. um að taka upp kennslu á menntaskólastiginu í nýrri

deild, svonefndri náttúrufræðideild, og hefur verið talið rétt að fá umsögn sérfróðra manna um það efni, áður en nokkur breyting er gerð á menntaskólalögunum, enda þarf það að sjálfsögðu ekki að verða framkvæmdum til neins trafala, þó að formbreyting hafi ekki verið gerð á gildandi menntaskólalögum um það, að menntaskólar hér í Reykjavík skuli vera tveir. Þessar ákvarðanir hafa þegar verið teknar. Það er verið að vinna að stækkun Menntaskólans í Reykjavík, og ríkisstj. er þegar búin að ákveða að hefja byggingu annars menntaskóla hér í Reykjavík. En það er rétt, að skynsamlegt er og gagnlegt að hugsa enn þá lengra fram í tímann, og þá vaknar spurningin um það, hverjar ættu að vera næstu viðbótarframkvæmdir á næstu árum, hvort þá stefnu á að marka, sem stungið er upp á í tveimur frv., sem hér eru til umr., að byggja nýja menntaskóla á Ísafirði og á Eiðum eða hvort aðrar leiðir í þeim efnum væru skynsamlegri.

Ég tel rétt, áður en ég held áfram, að skýra hv. þdm. frá umsögn fræðslumálastjóra um tilsvarandi frv. og þau, sem nú hafa verið flutt um stofnun menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum, þegar þau áður voru hér til meðferðar í hv. þd. Fræðslumálastjóri gerði þá athugun á tölu þeirra nemenda, sem líklegt væri að mundu æskja eftir menntaskólanámi á Vestfjörðum og á Austfjörðum, og einfaldast er, að ég lesi nokkrar setningar úr umsögn fræðslumálastjóra um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Vestfjörðum hefur verið þreytt landspróf miðskóla við tvo skóla, frá því að sú skipan var tekin upp vorið 1946, við héraðsskólann á Núpi og gagnfræðaskólann á Ísafirði. Á s. l. 8 árum hefur fjöldi þeirra nemenda, sem náð hafa tilskilinni einkunn til þess að setjast í menntaskóla, verið frá 17—28 á Núpi og Ísafirði, að meðaltali 22 á ári. Af þeim hafa flest árin verið meira en helmingi fleiri á Núpi, enda er þar heimavistarskóli. Á þessum 8 árum hefur fjöldi landsprófsnemenda með rétt til inngöngu í menntaskóla aðeins einu sinni náð 9 á Ísafirði, en 2 árin aðeins verið 4, að meðaltali tæplega 7 á ári. Á síðari árum hefur meira en helmingur af nemendum Núpsskóla verið annars staðar að af landinu en Vestfjörðum, en í þessu sambandi má benda á það, að aðsókn að héraðsskólum hefur verið mjög mikil hin síðari ár. Af öllum landsprófsnemendum á landinu, sem náð hafa einkunn, sem veitir rétt til inngöngu í menntaskóla, hafa að meðaltali 81.99% farið í menntaskóla á s. l. 4 árum, 18.01% hafa hætt námi eða farið í aðra skóla en menntaskóla. Sé gert ráð fyrir því, að þessar prósenttölur séu svipaðar yfir landið allt, lækkar meðaltalið á Vestfjörðum s. l. 8 ár úr 22 í 18. Áður var vikið að því, að í héraðsskólanum á Núpi hefðu alltaf miklu fleiri tekið landspróf en í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði. Sennilega mundu fæstir nemendur Núpsskóla sækja menntaskóla á Ísafirði. Þeir mundu að líkindum flestir sækja menntaskólana á Akureyri og Laugarvatni, enda eru þar heimavistarskólar. Væntanlegur nemendafjöldi í hverri ársdeild hins fyrirhugaða menntaskóla á Ísafirði yrði samkv. þeim tölum, sem fyrir liggja um nemendafjölda á undanförnum árum, 10—12. Að loknu fyrsta ári í menntaskóla skiptast þessir nemendur síðan í mála- og stærðfræðideild, og yrði þá meðalfjöldi í deild 5—6 nemendur.

Á Austurlandi hefur oftast á undanförnum árum verið þreytt landspróf miðskóla við tvo skóla, Alþýðuskólann á Eiðum og Gagnfræðaskólann í Neskaupstað. Að meðaltali hafa árlega s. l. 8 ár rúmlega 13 nemendur náð tilskilinni einkunn til að setjast í menntaskóla á báðum þessum stöðum. Sé sú tala lækkuð um 18%, verða eftir 11 nemendur, en það mundi þó verða hámarksfjöldi í hverri ársdeild fyrirhugaðrar menntaskóladeildar á Eiðum, en síðan helmingi lægri í hverri deild, þegar búið væri að skipta í mála- og stærðfræðideild. Þessar tölur eru að vísu ekki fyrir 2 s. l. ár, en engin grundvallarbreyting mun hafa orðið í þessum efnum á undanförnum 2 árum".

Það er því alveg augljóst mál, að nýir menntaskólar á Vestfjörðum og Austfjörðum mundu nú um nokkurra ára bil verða hvor um sig mjög litlir, og án þess að ég andmæli því að nokkru leyti, að það komi fullkomlega til athugunar í framtíðinni, að það séu menntaskólar á Vestfjörðum og Austfjörðum, eins og nú eru menntaskólar á Suðurlandi og Norðurlandi, finnst mér þessar tölur gefa tilefni til athugunar á því, hvort ekki sé hægt að bæta námsskilyrði menntaskólanemenda á annan hátt hagkvæmar, líka fyrir íbúa Vestfjarða og Austfjarða, en þann að taka ákvörðun um að byggja menntaskóla á þessum stöðum. Í því sambandi vildi ég alveg sérstaklega minna á, að stækkun menntaskólans á Laugarvatni mundi verða mjög hagkvæm ráðstöfun, vegna þess að í raun og veru er menntaskólinn á Laugarvatni aðeins hálfbyggður. Það mundi því vera hægt að auka ekki bara menntaskólanámsskilyrði, heldur einnig heimavistarskilyrði við menntaskólanám með mjög ódýrum og mjög hagkvæmum hætti. Og það er skoðun mín, að þegar lokið er byggingu annars menntaskóla hér í Reykjavík, væri það skynsamlegasta ráðstöfunin í húsnæðismálum menntaskólanna að hefja byggingarframkvæmdir við menntaskólann á Laugarvatni og koma honum sem allra fyrst upp í þá stærð, sem honum upphaflega var fyrirhuguð og mjög góð starfsskilyrði eru fyrir á Laugarvatni.

Þá vil ég nefna aðra framkvæmd í menntaskólamálunum, sem ég tel aðkallandi og skynsamlega og mundi einmitt koma nemendum utan af landsbyggðinni, sem vilja stunda menntaskólanám, að miklu gagni, en það er bygging heimavistarhúss í Reykjavík fyrir menntaskólanemendur. Það er ráðstöfun, sem hefði að mínu viti fyrir löngu átt að koma til mjög alvarlegrar athugunar. Við menntaskólann hér í Reykjavík eru þegar mjög margir nemendur utan af landi, sem búa hjá ættingjum eða kunningjum hér í Reykjavík, og það ber sannarlega til þess brýna nauðsyn að bæta námsskilyrði þeirra með því að gefa þeim kost á að búa í heimavist við annan hvorn menntaskólanna hér í Reykjavík og þá væntanlega frekar við hinn nýja, fyrirhugaða skóla hér. Þá tel ég og koma til greina að stækka menntaskólann á Akureyri, ekki mjög mikið, en nokkuð, sem hægt væri að gera með mjög hag-

kvæmum hætti. Í þessu sambandi vildi ég einnig geta þess, að sú breyting hefur orðið á skilyrðum til menntaskólanáms nú alveg nýlega, að kennaraskólinn hefur fengið rétt til þess að útskrifa stúdenta og þannig hefur aðstaða ungs fólks til menntaskólanáms með því móti batnað mjög verulega. Síðasta Alþingi samþykkti og stofnun tækniskóla. Er nú verið að undirbúa það, að hann hefji starf sitt, og mun það væntanlega verða á næsta hausti. Hinn væntanlegi tækniskóli verður einmitt hliðstæður menntaskólum á því sviði, sem honum er ætlað að veita fræðslu á, og þar kemur þá einn menntaskólinn enn, sem sannarlega bætir úr mjög brýnni þörf.

Svo að síðustu vil ég benda á það aftur, að menntaskólalöggjöfin í heild er nú í endurskoðun, og vona ég, að því starfi ljúki nú á þessu sumri, þannig að hægt verði að leggja fyrir næsta Alþ. heildarfrv. um menntaskólanám, sem fullnægi í öllu þeim kröfum, sem nú eru annars staðar gerðar mestar og beztar til slíks náms, því að eins og ég sagði í upphafi þessara orða minna, er menntaskólastigið eitt mikilvægasta stigið í skólakerfi okkar Íslendinga, eins og allra annarra þjóða, og einmitt það stig, sem hér hjá okkur og annars staðar er í örustum vexti, svo að full ástæða er til þess að hyggja vandlega að framtíðarstefnunni í þessum málum, bæði að því er snertir námsefnið sjálft og að því er snertir hin ytri námsskilyrði. En þessar upplýsingar taldi ég rétt að kæmu fram, áður en þessum umr. lyki.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar eru þrjú frv. um menntaskóla. Hafa þau verið á dagskrá einu sinni áður öll þrjú og voru þá nokkuð rædd. Að vísu voru þær umr. aðeins um eitt þeirra, um Menntaskólann í Reykjavík, en hv. frsm. meiri hl. menntmn. ræddi öll frv. í einu lagi þá, og sé ég ekkert við það að athuga, því að þessi mál eru það skyld. Sérstaklega má segja það um tvö þeirra, menntaskóla á Vestfjörðum og menntaskóla á Austurlandi, að þar er um algerðar hliðstæður að ræða. Ég mun því að þessu sinni ræða aðallega um þau tvö frv., um menntaskóla á Eiðum og menntaskóla á Ísafirði, sem eru á dagskrá fundarins, þótt aðeins sé þetta eina mál nú tekið fyrir af eðlilegum ástæðum.

Það hefur aldrei verið neitt ágreiningsmál, að skólum þeim, sem veita almenna fræðslu, skuli dreift svo um landið, að æskufólk eigi sem auðveldast með að hagnýta sér þá. Þetta gildir ekki aðeins um skóla skyldunámsins. Engu síður gildir þetta um þá skóla, sem taka við ungmennum að skyldunáminu loknu, og auðvitað er þetta talið sjálfsagt mannréttindamál, að skólum, sem veita almenna menntun, sé dreift svo, að landsmenn hafi sem jöfnust not af þeim. Það gegnir nokkru öðru máli um sérskóla, sem undirbúa nemendur undir ákveðin störf eða embætti. Hvern þann skóla sækir að sjálfsögðu ekki nema sá takmarkaði hópur nemenda, sem ætlar að búa sig undir það starf eða þá sérgrein, sem skólinn kennir. Af þeim ástæðum er það, að það er ekki til í landinu t. d. nema einn sjómannaskóli, einn vélstjóraskóli, einn kennaraskóli, tveir bændaskólar o. s. frv. En menntaskólar eru ekki sérskólar. Þeir taka við nemendum úr hvaða skólum sem þeir koma, ef þeir hafa tilskilda menntun, ljúka tilskildu prófi, þ. e. fullnægja inntökuskilyrðum menntaskóla.

Ég verð að segja það, að þeirri þjóð, sem um aldir hefur verið viðfræg fyrir bókmenntir sínar, ferst ekki að hindra æskufólk sitt á menntabraut. Menntaskólar eru því nauðsynlegir, þeir eru ómissandi, og á engan hátt má að mínum dómi torvelda ungmennum að sækja þá, ef þau hafa getu og vilja til þess að stunda þar nám. Það er af þessum ástæðum, sem við í minni hl. menntmn. leggjum áherzlu á að dreifa menntaskólum um landið, eftir því sem kostur og aðstaða leyfir, dreifa þeim svo, að æskufólk eigi sem jafnasta aðstöðu til þess að stunda menntaskólanám, hvar í landinu sem það býr.

Þróunin hefur verið í þessa átt á undanförnum áratugum, en gengið hægara en svo, að það verði við það unað lengur. Lengi var menntaskólinn aðeins einn, þ. e. a. s. hér í Reykjavík. Fyrir hér um bil 35 árum fengu Norðlendingar sinn menntaskóla og ekki alveg átakalaust. Síðar fær verzlunarskólinn réttindi til að útskrifa stúdenta. Þá fá Sunnlendingar sinn menntaskóla að Laugarvatni. Og síðast kemur í röðinni kennaraskólinn, sem fékk réttindi til að útskrifa stúdenta með löggjöf frá síðasta þingi. En tveir landshlutar, Vestfirðir og Austurland, hafa enn ekki fengið óskum sínum fullnægt um menntaskóla hjá sér. Þessir landshlutar hafa þó ekki síður rétt til slíkra menntastofnana en hinir landshlutarnir, sem fyrir löngu hafa fengið þessa skóla hjá sér, og verði það hindrað á einn eða annan hátt að stofnsetja menntaskóla í þessum landshlutum, lít ég svo á, að æskufólki þessara byggðarlaga sé gerður óréttur. Þá er aðstaða þeirra ungmenna gerð verri en annarra.

Það þarf að koma jafnvægi á víðar en í atvinnu- og efnahagsmálum í landinu. Það þarf einnig að koma því á í menningarmálum. Frv. um menntaskóla Vestfirðinga og menntaskóla Austurlands stefna að þessu jafnvægi. Ég hef heyrt þeim andmælum hreyft gegn menntaskóla á Ísafirði, að gagnfræðaskólanum þar hafi verið heimiluð undirbúningsdeild til menntaskólanáms, en nemendur reynzt fáir, nú fyrir nokkrum árum. Þetta sannar lítið um þörf Vestfirðinga fyrir menntaskóla. Nemendum, sem ætla sér að stunda menntaskólanám, finnst ekkert aðgengilegt að fara að byrja í einhverri undirbúningsdeild, þegar þeir hafa fulla ástæðu til að ætla, að hún verði aldrei annað en undirbúningsdeild, þegar ekki bólar á því, ég vil segja bólar ekki á nokkrum vilja til að stofna menntaskóla þar. Þessum nemendum finnst auðvitað eðlilegra og æskilegra að hefja námið í þeim menntaskóla, þar sem þeir ætla að nema og þeir ætla að ljúka námi, en koma þar inn í miðjum klíðum.

En menntaskólar hafa þýðingu fyrir byggðarlög að fleira leyti en aðeins til þess að mennta nemendurna. Líf fólksins í þeim héruðum, sem hafa menntastofnun sem menntaskóla, verður nokkru fjölbreyttara, bjartara, ég vil segja glæsilegra. Trú fólksins á héraðið verður meiri, félagsleg samskipti verða þarna meiri. Fólkið unir sér betur í héraðinu og nágrannahéruðum, þegar það

sér, að það þarf ekki að sækja alla hluti í aðra landsfjórðunga.

Meiri hl. menntmn. leggur til, að þessu frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj. í trausti þess, að hún láti athuga ýtarlega framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla, eins og það er orðað í nál., og ekkert verði til sparað að tryggja nægilegan skólakost á því sviði. Þannig rökstyðja þeir till. sína. Nú er mér ekki ljóst, hvernig þessi þörf fyrir menntaskóla verður rannsökuð eða athuguð. Á að kanna það, hversu margir umsækjendur eru um menntaskólana í landinu, t. d. á þessu ári? Þetta er ósköp auðvelt verk og fljótgert, en slík könnun sannar ekki neitt. Það sannar ekki neitt, þó að birtar séu tölur t. d. frá Vestfjörðum um það, hve margir hafi sótt um menntaskóla þaðan, eins og hæstv. ráðh. var að gera hér áðan. Hvað vita menn um það, hvað hefðu sótt margir um menntaskóla á Ísafirði, ef hann hefði verið kominn? Það má þó nærri geta, að aðstöðumunurinn hefur einhver áhrif á það, hve margir taka landspróf og hve margir sækja svo um menntaskóla, ef þeir geta gengið í menntaskóla í sínu eigin héraði. Alveg sama er að segja t. d. um Austurland. En hvað á þá að athuga eða rannsaka? Jú, það er sagt í nál., að það eigi að athuga framtíðarþörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla. Hver vill taka að sér að rannsaka þetta og birta um það niðurstöður, sem hann getur rökstutt? Við skulum hugsa okkur, að slíkur úrskurður eða slík rannsókn leiddi til þeirrar niðurstöðu hjá rannsóknarnefnd, að það sé orðið óþarflega mikið af stúdentum í landinu og þar með óþarflega mikið kannske af háskólalærðum mönnum í einhverri fræðigrein, — ég segi þetta sem hugsanlegan möguleika, — hver vill þá loka menntaskólunum fyrir nemendum, þó að þetta yrði niðurstaðan? Vill nokkur taka að sér að segja við nemanda: Þú færð ekki inngöngu í menntaskóla, af því að það er orðið svo mikið af háskólalærðum mönnum í ákveðinni fræðigrein? — Ég trúi því a. m. k., að það mundi enginn taka þetta að sér. Nei, að rannsaka þörf þjóðarinnar fyrir menntaskóla held ég að sé erfitt verk. Á að ætla nokkrum manni að segja við umsækjanda um menntaskóla: Þjóðin hefur ekki þörf fyrir menntun þína? — Ég lít svo á, að þjóðinni beri siðferðileg skylda til að sjá þeim ungmennum sínum fyrir menntaskólum, sem vilja stunda þar nám. Enginn annar mælikvarði á þetta á að vera til. En það þarf að gera meira. Það þarf að dreifa þessum menntaskólum þannig um landið, að sem jöfnust verði aðstaða unglinganna til að stunda þetta nám. Það er af þessum ástæðum, sem við í minni hl. menntmn. leggjum áherzlu á að fá samþykkt frv. öll, sem hér eru á dagskrá í dag, því að þótt frv. yrðu samþykkt, gerum við okkur ljóst, og það gera sjálfsagt allir, að það tekur sinn tíma að koma upp þeim byggingum, sem til þess þarf að fullnægja ákvæðum l. um þessa nýju menntaskóla.

Hæstv. menntmrh. ræddi þetta mál hér áðan. Hann las hér upp nokkrar tölur frá fræðslumálaskrifstofunni um, hversu fáir þar hefðu tekið landspróf, hversu fáir þar sótt um menntaskólavist o. s. frv. Ég hef áður bent á, að það er ekkert á þessum tölum að byggja. Þær sanna ekki neitt og þess vegna geta þær ekki ráðið neinu um úrslit í svona máli. Þar að auki eru þessi skrif fræðslumálastjóra 4 ára gömul. Þau eru frá 1960. Ég er ekki að segja, að honum hafi neitt snúizt hugur að vera á móti menntaskólum á Vestfjörðum og Austurlandi. Það getur vel verið, að hann sé alveg sama sinnis enn. En tölurnar, sem hann er að birta, eru lítils virði. En hver er skoðun hæstv. menntmrh. þá í málinu? Vill hann raunverulega, að menntaskólar rísi upp í þessum tveimur landshlutum t. d., sem ég hef rætt nú um, eða vill hann það ekki? Hann hefur réttilega bent á sívaxandi fjölda þeirra ungmenna, sem sækja um menntaskólavist, og ég hef fengið upplýsingar um, að stúdentum muni hafa fjölgað á 7 s. l. árum um 100%. Já, ég var að spyrja hæstv. menntmrh.: Vill hann þá raunverulega mæta þessum sívaxandi hóp ungmenna, sem sækja um menntaskólanám, t. d. með því að koma upp þessum menntaskólum á Austurlandi og Vestfjörðum, eða vill hann það ekki? Ég tel mig hafa fengið nokkra hugmynd um það, hvað hann vill í þessu efni, og hann hafi sagt það sæmilega skýrt í ræðu sinni hér áðan. Hann segir, að það hafi engum umsækjanda um menntaskóla verið neitað um inntöku hér í menntaskóla Reykjavíkur, sem hafi haft til þess tilskilin próf, og efast ég ekki um, að hann segi þetta rétt. En hann skýrði aftur á móti frá því, að þetta væri nokkuð öðruvísi á Laugarvatni og á Akureyri og það kæmi til af því, að heimavistir þessara skóla gætu ekki tekið nema takmarkaðan hóp, svo að það er þá alltaf einhver hópur, ég skal ekki segja hve stór, sem fær ekki inntöku í menntaskóla, þótt hann hafi til þess tilskilið nám. Það liggur þá fyrir. Hugmyndir hæstv. menntmrh. um það, hvernig eigi að bæta úr skólarými fyrir væntanlega menntaskólanemendur á næstunni, eru þær, eins og hann tók fram áðan, að stækka menntaskólann gamla hér í Reykjavík, og það mun standa yfir núna, og að með tímanum, ég veit ekki, hvenær hann hugsar sér það, mætti gjarnan koma annar menntaskóli í Reykjavík, en ekki núna, skilst mér, ekki fara að samþykkja frv., sem liggur fyrir. Loks að stækka heimavistir Menntaskólans á Laugarvatni og Menntaskólans á Akureyri. Þetta eru hans hugmyndir. Og hvað fær maður þá út úr þessu? Ég get ekkert fengið annað en það, að þetta eigi allt að ganga a. m. k. fyrir því að byggja menntaskóla á Austurlandi eða Vestfjörðum. Mér er ómögulegt að skilja þetta á annan veg. Þetta á að ganga fyrir.

Mér er alveg ljóst, að hæstv. menntmrh. vill sannarlega, að nemendur, sem sækja um menntaskólavist, komist í þá skóla. Hann vill það. Hann er meira að segja alls ekki á móti því, að menn stundi þar nám, sem þá langar til, í þessum merku menntastofnunum. En gerir hann sér ekki grein fyrir því, ef allir þeir á Austurlandi og Vestfjörðum, sem hugsa sér að stunda menntaskólanám, verða annaðhvort að fara hingað til Reykjavíkur eða í hina menntaskólana, ef þeir komast þar inn, að það hafi einhver áhrif á það, hve margir þaðan geta stundað þetta nám? Þetta held ég, að sé þó nokkurn veginn ljóst. Ég er sannarlega ekki að hafa á móti því, að stækkaður

sé Menntaskólinn í Reykjavík, og auðvitað er ég, eins og ég hef sýnt fram á í nál., meðmæltur því, að stofnaður sé annar menntaskóli í Reykjavík. Ég er ekki heldur að hafa á móti því, að stækkaður sé Menntaskólinn á Laugarvatni eða heimavistin þar og á Akureyri. En ég hef á móti því að ætla sér að halda tveimur landshlutum svona utan við, eins og mér virtist koma fram í ræðu hæstv. ráðh., en það kalla ég, að hann vilji, ef allar þessar framkvæmdir eiga að ganga á undan og ekki má samþykkja frv. um skóla í þessum landhlutum, fyrr en kannske því öllu er lokið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, áður en menntmrh. flutti ræðu sína eða undir umr., sem urðu um þetta mál fyrir nokkrum dögum, og hafði ætlað mér að beina nokkrum fsp. til hæstv. ráðh. Nú hefur hann að verulegu leyti svarað því í ræðu sinni hér áðan, sem ég hefði viljað spyrja hann um. En fsp. sú, sem ég ætlaði að beina til hæstv. ráðh., var sprottin af því, að þegar fjárl. fyrir 1963 voru hér til umr. fyrir 1½ ári, flutti ég ásamt fleiri þm. till. um það, að tekin yrði upp sérstök fjárveiting til nýs menntaskóla í Reykjavík, en hæstv. menntmrh. lagði þá á móti þeirri till. með þeirri röksemd, að hún væri í raun og veru óþörf, vegna þess að það væri þá ákveðið af hæstv. ríkisstj. að byggja nýjan menntaskóla í Reykjavík, eða sem sagt, áætlanir hennar í þeim efnum væru þær að stækka gamla menntaskólann, eins og nú er verið að vinna að, og svo í framhaldi af því að hefjast handa með byggingu nýs menntaskóla í Reykjavík, í Hamrahlíð, sem raunar væri þá þegar búið að gera teikningar að, og væri ráðgert, að framkvæmdir á þeirri byggingu mundu hefjast ekki síðar en haustið 1964, eða nú í haust. Mér skildist á því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að þessar ráðagerðir hæstv. ríkisstj. væru óbreyttar, þ. e. að framkvæma þá stækkun gamla menntaskólans, sem nú er verið að vinna að, og hefjast svo handa um byggingu nýs menntaskóla hér í bænum, en þó með þeirri breytingu, að í staðinn fyrir, að hann ráðgerði fyrir 2 árum, að hægt væri að byrja á byggingarframkvæmdum þessa skóla haustið 1964, verði byrjað á byggingarframkvæmdum vorið 1965.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. séu óbreyttar í þessum efnum, þ. e. að unnið verði að stækkun gamla menntaskólans, eins og ráð var fyrir gert, og enn fremur verði ekki heldur hætt við ráðgerða byggingu nýs menntaskóla í Reykjavík og þær framkvæmdir verði hafnar ekki síðar en vorið 1964. Hins vegar undrar mig á því, fyrst þetta er stefna hæstv. ríkisstj., sem ég treysti að verði staðið við, vegna hvers hún er þá andvíg því, að það verði lögfest, að það verði tveir menntaskólar í Reykjavík. Ég held, að það sé öllum ljóst, sem eitthvað kynna sér þessi mál, að þjóðin kemur til með að hafa mjög mikla þörf fyrir stórfellda aukningu menntaskólagenginna manna í framtíðinni og jafnvel miklu meiri þörf en menn gera sér almennt nú grein fyrir. Og ég tel það með öllu rangt að ætla að áætla þörfina eftir því, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., hve margir það væru, sem öðluðust landsprófsréttindi. Ég held, að það sé öllum ljóst, sem eitthvað kynna sér þessi mál, að landsprófið, eins og það nú er framkvæmt, er þröskuldur í okkar skólamálum, sem á að falla niður. Það er þröskuldur, sem er búinn til, til þess að koma í veg fyrir það, að unglingar geti aflað sér menntaskólanáms, sem er þó nauðsynlegt að miklu fleiri geri en nú á sér stað, og þess vegna álít ég, að þennan þröskuld eigi að nema í burtu að mjög verulegu leyti og skapa þannig fleiri möguleika til þess að komast að hjá menntaskólum, að því að geta stundað nám við menntaskóla. Enda hygg ég, að sannleikurinn um landsprófið sé sá, að það hafi verið fundið upp á sínum tíma vegna þess, að þá var skortur á menntaskólum og það varð að finna upp einhvern þröskuld til að koma í veg fyrir það, að umsóknirnar að menntaskólunum yrðu of miklar miðað við þá afkastagetu, sem þeir höfðu þá. En ég er alveg sannfærður um það, að ein helzta endurbótin, sem þarf að gera í okkar skólamálum, er einmitt að breyta landsprófinu mjög frá því, sem nú á sér stað, á þann veg að auðvelda fleiri aðgang að menntaskólanámi en er í dag, á meðan þessi þröskuldur er látinn vera þarna í veginum, en um það atriði sé ég ekki ástæðu til þess að ræða frekar að sinni.

Ég vil sem sagt láta á ný í ljós ánægju mína yfir því, að það virðist vera óbreytt afstaða hæstv. ríkisstj. að ljúka þeim framkvæmdum við gamla menntaskólann í Reykjavík, sem nú eiga sér stað, og hefjast handa um byggingu nýs menntaskóla í Reykjavík ekki síðar en á næsta ári, því að það er vissulega fyllsta þörf fyrir þá aukningu, og ég vil segja, að það er þörf fyrir þá aukningu vegna Reykvíkinga fyrst og fremst sjálfra. En þessa menntaskóla á ekki að byggja til þess að reisa svo síðar við þá heimavist fyrir nemendur utan af landi, vegna þess að þeir eigi að sækja sitt skólanám þar, og í sambandi við það vil ég segja nokkur orð.

Þegar hæstv. menntmrh. var að lesa hér upp áðan það, sem hann taldi skýrslur um, hve lítil aðsókn mundi verða að menntaskóla á Vestfjörðum og á Austurlandi, rifjuðust upp fyrir mér gamlar umr. hér á Alþ., sem ég las í þingtíðindunum fyrir mörgum árum. Á árunum 1920—1927 eða sérstaklega á árunum 1923—1927 var háð hörð barátta um það hér á Alþ., hvort reisa ætti menntaskóla á Akureyri. Framsóknarmenn, sem þá áttu hér sæti á Alþingi, beittu sér mjög fyrir því, að komið yrði upp menntaskóla á Akureyri. Íhaldið, sem þá var hér á Alþ., beitti sér gegn þessu, og meginrök þess voru að sjálfsögðu þau, eins og vænta mátti af því, að það væri engin þörf fyrir þennan skóla og það yrðu ekki neinir til þess að sækja þennan skóla, þess vegna væri stuðlað þarna að því að koma upp skóla, sem engir mundu sækja og hefði allt of fáa nemendur. Hefur það nú orðið reynslan af Menntaskólanum á Akureyri, að hann hafi skort nemendur? Ég held, að þeir, sem þekkja til þeirra mála, muni ekki svara á þann veg, heldur hefur miklu frekar reynslan orðið sú, eins og kom líka fram hjá hæstv. ráðh., að hann hefur ekki getað tekið á móti öllum þeim, sem hafa sótt um nám í skól-

anum. Og ég hygg, að það mundi verða svipuð saga, ef svo færi, að komið yrði upp menntaskólum á Vestfjörðum og á Austurlandi, að það mundi fljótlega sýna sig, að þá mundi ekki skorta nemendur, frekar en það reyndist á Akureyri á sínum tíma og eins á Laugarvatni. Þess vegna legg ég mikla áherzlu á það sem þm. Reykjavíkur, að þó að sjálfsagt sé að halda áfram við þær fyrirætlanir um eflingu gamla menntaskólans hér í Reykjavík og byggingu nýs menntaskóla, er ekki síður þörf fyrir að reisa slíka skóla bæði á Vestfjörðum og á Austurlandi.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að víða um lönd er nú aukin hreyfing uppi um það, sem kallað er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og hefur verið vitnað til þess í umr. hér á Alþingi, í þær áætlanir, sem eru uppi í þeim efnum t. d. í Bretlandi, Noregi og víðar. Og það má t. d. rifja það upp í þessu sambandi, að kosningar standa nú fyrir dyrum í Bretlandi á næsta hausti og það er eitt meginatriðið, sem allir flokkarnir leggja áherzlu á í sínum stefnuskrám, að vinna að auknu jafnvægi í byggð landsins, vegna þess, hversu mjög fólkið hefur sótt til Lundúna og svæðanna þar í kring á undanförnum árum og áratugum. En það, sem lögð er ein megináherzlan á í þeim áætlunum til þess að jafna metin í þessum efnum í Bretlandi og annars staðar, er einmitt fólgið í því, sem mætti kalla dreifingu menningarstöðvanna. Bretar ráðgera á næstu árum að fjölga mjög hjá sér menntaskólum og háskólum. Verkamannaflokkurinn þar setti upp mjög róttæka áætlun um slíkar framkvæmdir á flokksþingi sínu á s. l. hausti, og síðan hefur verið tekið undir það af íhaldsflokknum, sem nú fer með stjórn landsins. En ég held, að ég megi fullyrða, að í þessari áætlun sé gert ráð fyrir því, að svo að segja allar þessar nýju menntastofnanir, nýju háskólar, sem á að reisa, og menntaskólar o. s. frv., verði að langsamlega mestu leyti byggðir utan Lundúna og hinna gömlu háskólabæja, en verði hins vegar reistir á nýjum stöðum. Þetta stafar einfaldlega af því, að það er eitt mikilvægasta atriðið einmitt í því að tryggja jafnvægi í byggð landsins, að menningarskilyrði séu sem jöfnust og dreift sé um landið vissum stórum menningarmiðstöðvum, sem hjálpi til þess að tryggja jafnvægið, og það er t. d. líka alveg víst og getur hver og einn gert sér grein fyrir því, sem hugsar þetta mál, hvaða þýðingu það hefur haft fyrir Akureyri, að menntaskóli hefur verið staðsettur þar á undanförnum árum. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef væri t. d. reistur menntaskóli á Ísafirði eða annars staðar á Vestfjörðum, mundi hann hafa engu minni þýðingu þar, og sama gildir að sjálfsögðu um menntaskóla, sem væri staðsettur á Austurlandi.

Ég held þess vegna, í stuttu máli sagt, að rétta stefnan í þessum efnum sé sú, sem kemur fram einmitt í því frv., sem hér liggur fyrir, að koma upp tveimur menntaskólum hér í Reykjavík og fullnægja þar með þörfum Reykvíkinga fyrir þetta nám, en í stað þess að ætla að fara að byggja heimavistir við þessa skóla eða hér í Reykjavík, eins og hæstv. menntmrh. var að tala um, eigi að koma upp menntaskólum á Vestfjörðum og Austurlandi. Það sé langsamlega skynsamlegasta leiðin í þessum málum og það sé í raun og veru líka miklu stærra atriði en það að tryggja öllum aðgang að menntaskólanámi og það sé líka verulegur þáttur í því stóra máli, sem menn tala nú mjög fagurlega um hér í þinginu, þó að þeir hyggi kannske misjafnt í þeim efnum, en það er að tryggja aukið jafnvægi í byggð landsins.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það var eitt atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta strax, en hann lét orð um það falla, að landsprófið svonefnda hefði á sínum tíma verið tekið upp beinlínis til þess að torvelda aðgang unglinga að menntaskólanámi og það væri þröskuldur á leiðinni inn í menntaskólana, sem ætti að afnema sem fyrst. Hér gætir mjög mikils misskilnings. Hugsunin á bak við landsprófið, þegar það var tekið upp á sínum tíma, var þvert á móti að jafna aðstöðu allra þeirra unglinga, sem æsktu að ganga menntaskólabrautina. Áður hafði þessi aðstaða í raun og veru verið mjög ójöfn og það, sem gert var með landsprófinu, var einmitt að gera öllum unglingum, hvar sem er á landinu, sem stunduðu nám í skólum, sem bjuggu undir menntaskólanám, jafnt undir höfði í keppninni um það að leggja út á menntaskólabrautina. Það var því síður en svo, að meiningin með því væri sú, að því væri ætlað að vera þröskuldur, heldur þvert á móti, því var ætlað að skapa jafnrétti unglinganna, og þessa jafnréttisaðstöðu tel ég mjög mikilvægt að varðveita. Það kann vel að vera, að full ástæða sé orðin til þess að endurskoða að meira eða minna leyti efni landsprófsins og jafnvel að einhverju leyti framkvæmd þess. En þá grundvallarhugsun að hafa skilyrði ungmennanna, sem vilja komast í menntaskólana, sem jöfnust, tel ég tvímælalaust, að eigi að varðveita.

Að öðru leyti þótti mér vænt um, að hv. þm. lýsti ánægju sinni yfir þeim ákvörðunum, sem ríkisstj. hefur þegar tekið í byggingarmálum menntaskólanna í Reykjavík og mun að sjálfsögðu framfylgja á næstu árum.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Ég vona, að mér leyfist sem einum úr hópi 10 fyrstu nemendanna, sem Menntaskólinn á Laugarvatni brautskráði, að lýsa yfir þakklæti mínu og Laugvetninga yfir þeim ummælum hæstv. menntmrh., að hann telji eðlilegt og sjálfsagt og skynsamlegt að hefja byggingu heimavistarhúsnæðis við Menntaskólann á Laugarvatni, þegar lokið er byggingu Menntaskólans í Reykjavík, sem fyrir dyrum stendur. Ég vildi þó leyfa mér að koma á framfæri þeirri skoðun eða þeirri aths., hvort ekki væri talið æskilegt að gera þetta nokkru fyrr. Á Laugarvatni eru núna 100 nemendur eða svo, en talið er mjög kostnaðarlítið, miðað við þann árangur, sem úr því fengist, að bæta við nemendabústöðum, þannig að skilyrði sköpuðust til að fjölga nemendum um helming eða upp í 200, og mundi þá nást sú stærð menntaskóla, sem ýmsir skólamenn telja eðlilega, til þess að hægt sé að reka slíka stofnun með eðlilegum hætti.

Í júnímánuði n. k. eru liðin rétt 10 ár frá því, að Menntaskólinn á Laugarvatni hrautskráði sína fyrstu stúdenta, og hinn 12. apríl s. l. voru 11 ár, síðan skólinn var formlega stofnaður, og á morgun mun skólinn ljúka kennslu eða það mun verða lokið kennslu á þeim hópi, sem í 10. skipti fer frá skólanum. Kennslan hafði hafizt í menntaskólafræðum nokkrum árum áður en 1954 í sambandi við héraðsskólann fyrir ötula forgöngu Bjarna Bjarnasonar, þáv. skólastjóra héraðsskólans á Laugarvatni. Í allmörg ár vann hann ásamt ýmsum öðrum áhugamönnum að því, að skólinn yrði stofnaður, en í 1. gr. l. nr. 58 1946, um menntaskóla, sem enn þá gilda, var kveðið svo á, að stofna skyldi menntaskóla í sveit, þegar fé yrði veitt til þess á fjárl. Á fjárl. ársins 1952 voru veittar 100 þús. kr. til menntaskólakennslu á Laugarvatni, en þáv. menntmrh., Björn Ólafsson, taldi sér ekki fært þrátt fyrir ákvæði l. að fullnægja þeim, og í umr. hér á hv. Alþingi um fjárlfrv. fyrir árið 1953 komst þáv. menntmrh., Björn Ólafsson, þannig að orði hér, að hann vildi benda Alþingi á og hann teldi sér það skylt, hvílík fjárhagsbyrði yrði lögð á landsmenn með þessu skólahaldi, sem hann taldi að hefði verið undirbúið með miklu kappi, en af minni forsjá og án tillits til gildandi laga og gegn fyrirmælum rn., eins og hann komst að orði.

Í Menntaskólanum á Laugarvatni eru, eins og ég sagði, rúmlega 100 nemendur. Kennslan í 1. bekk fer fram í einu lagi, en í þremur efstu bekkjunum eru tvískiptar deildir, þannig að í hvorri deild, stærðfræðideild og máladeild, eru 10—15 nemendur. Algengt er, að í slíkum deildum séu milli 20 og 30 nemendur. Er því augljóst, að þarna mætti fjölga nemendum allverulega, án þess að bæta þurfi við kennurum nema sem 1—2. Þannig telur skólameistarinn á Laugarvatni, að fjölga megi nemendum upp í 200, án þess að bæta við nema 2 kennurum. Hann hefur í samtali við mig komið fram þeirri skoðun, að hann teldi nauðsynlegt, að þetta verði gert sem allra fyrst, ekki eingöngu til þess að taka við auknum nemendafjölda til þess að stunda menntaskólanám, heldur til þess að fá út úr starfinu betri skóla en hann getur verið í núverandi stærð, með því að aukinn nemendafjöldi opnar möguleika á fjölbreyttari kennslu og meira alhliða menningarlegri og betra kennaraliði.

Þegar undirbúin var stofnun Menntaskólans á Laugarvatni, var því mjög haldið á lofti, að það væri brýn nauðsyn til þess að auðvelda unglingum úr strjálbýli menntaskólanám að stofna menntaskóla í sveit. Aldur nemenda á fyrstu skólaárum í menntaskólanámi er um 16 ár, og er það ofur eðlilegt, þó að fólki víðs vegar um land, á Austfjörðum og Vestfjörðum, þyki ófýsilegt að senda unglinga á þessum aldri til Reykjavíkur og vita af þeim þar sem leigjendum í misjafnlegum húsakynnum, þótt ekki sé minnzt á þann kostnað, sem slíkri dvöl fylgir. Eins og samgöngum er nú háttað, liggur Laugarvatn mjög vel við sem skólasetur. Það liggur miðsvæðis í fjölmennasta héraðinu utan Reykjavíkur og Akureyrar. Staðurinn er fjarri borgarlífinu í Reykjavík, en þó svo nærri, að nemendur geta auðveldlega notið þess bezta, sem menningarstofnanir þjóðarinnar í Reykjavík hafa upp á að bjóða á hverjum tíma, með því að ekki er nema klukkustundar akstur þar á milli. Á Laugarvatni er fyrir ýmiss konar aðstaða, sem æskilegt verður að teljast að sé, þar sem menntaskólar hafa aðsetur. Þar er fyrir Íþróttaskóli ríkisins, þar er íþróttahús, sundlaug og fullkomin aðstaða til íþróttaiðkana. Þar er húsmæðraskóli. Þar eru fleiri skólar, þannig að þarna er mjög mikið fjölmenni til þess að njóta alhliða menningarlífs, sem slíkt fjölmenni á einum stað gerir mögulegt. Ég vil þess vegna varpa fram þeirri hugmynd, hvort fjölgun nemenda á Laugarvatni með því að byggja heimavist þar fyrir 100 nemendur geti ekki orðið betri úrlausn fyrir dreifbýlið, Austfirði og Vestfirði, heldur en bygging nýs menntaskóla í Reykjavík og hvort þeir þm., sem í dag eru að verja kröftum sínum í baráttunni fyrir skólastofnun á Eiðum og Ísafirði, mundu ekki geta sameinazt um þetta úrræði til bráðabirgða a. m. k., ef það yrði talið óhagkvæmt og óþarft að reisa skóla á þessum stöðum. Ég vildi þess vegna aðeins láta koma fram að lokum, að í Menntaskólanum á Laugarvatni hafa verið nemendur eingöngu úr byggðarlögunum utan Reykjavíkur eða svo til eingöngu. Flestir eru eðlilega af Suðurlandsundirlendi, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum, en einnig mjög margir af Suðurnesjum, frá Vestfjörðum og af Austfjörðum. Þannig eru í vetur við skólann í námi 9 nemendur af Austfjörðum. Aðild að skólanum er ekki takmörkuð, en þegar hann hefur ekki getað tekið við öllum, sem sótt hafa um skólavist, hafa nemendur búsettir utan Reykjavíkur að jafnaði setið í fyrirrúmi.

Það er erfitt fyrir mig að dæma um það, hver árangur hafi orðið af skólahaldinu á Laugarvatni. Ég hef ekki tölur um það, þó að það hefði verið fróðlegt að skýra hv. Alþ. frá því, úr hvaða byggðarlögum nemendur skólans hafa verið og hvert þeir hafa farið. Svona rétt til gamans mætti kannske hlaupa yfir það, hvaðan fyrstu 10 nemendurnir voru. Þeir voru: 1 frá Selfossi, 1 úr Vestmannaeyjum, 1 úr uppsveitum Árnessýslu, 1 úr Hveragerði, 1 úr Rangárvallasýslu, 1 úr Vestur-Skaftafellssýslu, 3 af Suðurnesjum, 1 frá Neskaupstað. Og þessir nemendur hafa allir nema 1 stundað háskólanám. 2 þeirra eru læknar, 1 lögfræðingur, 1 viðskiptafræðingur, 1 verkfræðingur, 2 eru skólastjórar eftir kennaranám, og þannig mætti áfram telja. Og 3 þessara nemenda, þeir sem voru frá Selfossi, Árnessýslu og Rangárvallasýslu, eru einmitt starfandi núna heima í þessum héruðum.

Ég hef þess vegna ríka tilhneigingu til þess að skilja vel þær hvatir, sem búa að baki þeim vilja Austfirðinga og Vestfirðinga að fá skóla heim í sín héruð. Það er fyrst og fremst hinn ríki héraðsmetnaður og staðsetning skólastofnunar eins og menntaskóla mundi verða lyftistöng í almennu menningarlífi og félagslífi í þessum héruðum. En þó vil ég láta þá skoðun koma fram hér, sem mér hefur ekki fundizt nægilega koma fram í þessum löngu umræðum: Það er ekki nóg, held ég, að stofna menntaskóla

í dreifbýlinu, hann verður að hafa sambærileg skilyrði og aðrar slíkar stofnanir, og ef nú á að fara að skipta menntaskólunum, hverri deild hverjum árgangi um sig í 3 deildir eða fleiri í staðinn fyrir 2 núna, stærðfræðideild og máladeild, getur það verið mjög erfitt fyrir slíka skóla fámenna að geta boðið nemendum sínum upp á sambærilega kennslu og aðrir stærri skólar geta gert. Og það er ekki nóg að stofnsetja skóla í héraði, sem mundi draga til sín beztu nemendur úr gagnfræðaskólunum, eftir að þeir fara í gegnum landspróf, þegar engin starfsaðstaða er til í þessum héruðum fyrir þá menn, sem menntaskólanámi ljúka. Þannig gæti stofnun menntaskóla í héraði eins og Austfjörðum beinlínis stuðlað að því, að beztu nemendurnir úr hópi æskufólks byggðarlaganna færu burt, af því að þeir færu í gegnum menntaskóla, síðan í háskóla og síðan væri engin starfsaðstaða fyrir þessa menn heima í héruðunum, þannig að byggðarlögin misstu blómann af æskufólki sínu í stað þess að halda honum heima í héruðunum. Þess vegna hygg ég, að staðsetning menntaskóla og annarra skólastofnana yrði að vera liður í alhliða skipulagningu og uppbyggingu hinna dreifðu byggða á landinu.

Ég held, að þessu máli sé lítið gagn gert með því að fara höndum um það eins og hv. seinasti ræðumaður, þegar hann bryndi aðra á því að tala fagurlega, en hyggja flátt. Ætli það sé ekki einmitt þannig, að hv. þm. Framsfl. ræða þetta mál og halda því á lofti sem lið í öðrum málum, sem þeir bera fram hér á hæstv. Alþingi, beinlínis til að stuðla að óánægju og togstreitu og kryt á milli fólksins í hinum dreifðu byggðum og fólksins í þéttbýlinu á Suðurlandi.

Ég vildi láta þessi sjónarmið af minni hálfu varðandi Menntaskólann á Laugarvatni koma fram. Það er ekki nóg að hafa menntaskóla, það er lítill greiði gerður menntaskólanáminu að vera með hálfkláraða, hálfgerða skóla í mörg ár, eins og t. d. Menntaskólinn á Laugarvatni er núna. Mér er nær að halda, að það væri meira gagn bæði fyrir nemendur austanlands og vestan að fullgera þann skóla, sem núna er á Laugarvatni, gera hann færan um að veita fullkomlega sambærilega menntun og hinir tveir menntaskólarnir gera. Og enn má bæta við einum rökum fyrir stækkun Menntaskólans á Laugarvatni. Á Laugarvatni vantar tilfinnanlega húsnæði fyrir rekstur á sumrum. Þar er orðin miðstöð í ferðamannamótum hér á landi, húsnæði þar er gernýtt yfir allt sumarið vegna móttöku ferðamanna, og þar vantar brýnt húsnæði. Þannig mundi heimavistarhúsnæði fyrir menntaskólann nýtast allt árið um kring sem hótel og yrði sjálfsagt að byggja sem slíkt, og þannig fengi skólinn og ríkið tekjur móti þeim kostnaði, móti þeim útgjöldum, sem húsbyggingunni yrðu samfara.

Þetta voru þau sjónarmið, sem ég vildi láta koma fram, og langar þó aðeins að lokum, áður en ég lýk máli mínu og hverf úr þessari deild, að víkja aðeins nánar að þessari sýndarmennsku framsóknarmanna í tali þeirra um jafnvægi í byggð landsins, sem þessar till. eru óneitanlega hluti af eftir yfirlýsingum tveggja síðustu ræðumanna. Það hafa verið haldnar langar ræður um jafnvægi í byggð landsins, og hér á dagskránni var á seinasta fundi frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og fyrir þinginu liggur till. frá Framsfl. um eflingu byggðar í Selvogi. Þetta má telja höfuðtill. framsóknarmanna hér á þessu þingi um jafnvægismálin. Hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG) talaði lengi um þá hættu, að útlendingar geri kröfu um að mega nýta örreytisjarðir, ef byggðin dragist saman í dreifbýlinu. Þessi vandi með hugsanlegan áhuga útlendinga á Íslandi held ég að snúi alveg öfugt við. Miklu meiri hætta er á, að útlendingar líti hýru auga á beztu landskosti, sem hér finnast, ef Íslendingar hagnýta þá ekki sjálfir. Ef hins vegar útlendir blámenn úr frumskógum Afríku kunna þá list að reka landbúnað á Vestfjörðum, þar sem verstfirzkir kjarnabændur hafa gefizt upp, væri miklu frekar ástæða til að sækja nokkra slíka galdamenn til að kenna íslenzkum bændum en að amast við þeim, nema hv. þm. hafi hér í þingi verið að tala fyrir kynþáttamisrétti.

Þessi jafnvægisvandamál leysast ekki með neins konar jafnvægisleikfimi né áróðurstali hér á þingi. Þau leysast annars vegar með skipulegu átaki ríkisvaldsins og öflugri samstöðu fólksins í dreifbýlinu. Um þetta efni liggja hér fyrir hv. Alþ. tvær till., önnur um heildarskipulag landshluta, þar sem reiknað er með, að Íslendingar *stefni inn á þær brautir, sem allar nágrannaþjóðir* hafa gert á seinustu árum, að taka upp vísindalega skipulagningu til langs tíma um uppbyggingu héraða með byggðakjörnum og staðsetningu menningarstofnana. Enginn hv. framsóknarmaður hefur lagt þessari till. lið. Þetta fjallar um frumkvæði ríkisvaldsins að uppbyggingu héraðanna í landinu. Hin till. fjallar um að styrkja fólkið í viðleitni þess heima fyrir til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem hafa raskað jafnvægi í byggð landsins. Þessi till. er um stækkun sveitarfélaganna. Ég veit ekki til, að nokkur þm. Framsfl. hafi mælt þessu lið. En þessar till. báðar eru að mínu viti raunhæfustu till. og skynsamlegustu, sem komið hafa fram í þinginu á seinustu árum, til þess að hafizt verði handa að vinna skipulega að allsherjaruppbyggingu atvinnulífsins í landinu.

Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Reykv. (ÞÞ), var að tala um fláttskap í umræðum um jafnvægismál. Mér dettur í hug till., sem hefur slæðzt hérna með til mín, till. ritara Framsfl., hv. 6. þm. Sunnl. (HB), hans framlag til vandamálsins um jafnvægi í byggð landsins. Till. fjallar um eflingu byggðar í Selvogi. Það var þá helzta framlag hins nýkjörna 6. þm. Sunnl., ritara Framsfl., til eflingar dreifbýlinu í landinu, og er farið mörgum fögrum orðum um nauðsyn þess að efla byggðarlagið í Selvoginum. Þetta var lesið upp í útvarpinu, og þetta var samþ. hér á hv. þingi umræðulaust um miðnæturskeið í fyrrinótt. Þessi blómlegi búskapur í Selvogi er nú fólginn í eftirfarandi tölum, sem ég vil að lokum leyfa mér að benda á. Í Selvogshreppi voru hinn 1. des. s. l. samkv. bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands 33 íbúar. Þarna var búskapur með þeim hætti, sem hér skal greina: Það voru 7 bændur árið 1962, þá voru 7 bændur. Þeir höfðu bústofn sem hér segir: 7 bændur höfðu

6 kýr til samans og eitt geldneyti, 1027 ær og 5 hross. Þetta er nú búskapurinn, hinn blómlegi búskapur í Selvogi, sem ástæða er til þess að efla. (Gripið fram í.) Og jafnvægismál líka, af því að hv. þm., sem fyrr hafa talað, hafa ótvírætt sagt það skýrum orðum, að stofnun menntaskóla á Austurlandi og á Vesturlandi sé einn liður að þeirra mati í þeirri alhliða uppbyggingu úti á landi til aukins jafnvægis í byggð landsins, svo að ég vona, að mér leyfist að lokum, — ég er alveg að ljúka máli mínu, — að benda á að gefnu tilefni frá hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) í hans tali um fláttskap af hálfu hæstv. menntmrh. og annarra, sem koma fram skynsamlegum athugasemdum og rökum um mál, sem talað hefur verið um meira af tilfinningu, sem ég a. m. k. fyrir mína parta skil mjög vel, heldur en af skynsamlegum rökum, og ég vil spyrja: Er það nú höfuðnauðsyn í íslenzkum þjóðarbúskap að efla byggðina í Selvogi með þeim hætti, sem hér er lagt til? Það er lagt til, að stofnað verði byggðahverfi samkv. l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, l. nr. 75 21. apríl 1962. Og ég vil í því sambandi aðeins benda á í þessari leið til aukins jafnvægis í byggð landsins, að til þess að þar verði byggðahverfi, er alveg nauðsynlegt að reisa allmörg nýbýli. 10 nýbýli er talið mjög æskilegt, t. d. til þess að talið verði fært að leggja þangað rafmagnsleiðslur, sem er auðvitað undirstaða þess, að byggð geti haldizt í Selvogi. Hvað kostar að reisa 10 nýbýli? Að áliti landnámsstjóra kostar það 20 millj. kr. Rafmagnslína í Selvoginn kostar 2 millj. Og fólkið er farið. Fólkið er farið úr Selvogi flestallt, vegna þess að tækniframfarir og alhliða framfarir á landinu kipptu stoðunum undan búsetu í Selvogi í þeim ríka mæli, sem áður var, fólkið farið úr Selvogi, sem áður undi þar vel, miðað við aðra landsmenn og afkomumöguleika þeirra, vegna þess að það var hægt að bjarga sér á útmánuðum á vorin með því að róa til fiskjar á Selvogsbankanum. Þetta fólk er farið til Þorlákshafnar, og þaðan er fiskurinn sóttur og dreginn á land í mjög stórum stíl. Nei, það er, hygg ég fláttskapur að halda því fram, að höfuðnauðsyn beri til að efla búskap í Selvogi umfram það, sem nú er. Hitt er annað mál að viðhalda því, sem þar er fyrir. Það er nefnt, að þar hafi verið höfuðból lengi vel. Hvar eru þessi höfuðból í Selvogi í dag, Nes og Bjarnastaðir? Þau eru bæði í óbyggð og í eigu manna, sem eru búsettir utan Selvogs, t. d. í Reykjavík. — Þetta var aðeins lítið sýnishorn af því, hverjum — ég veit ekki, hvort má segja, hvort það er nógu þinglegt, — hverjum farist að tala um fláttskap og hverjum ekki.

Nei, þetta vandamál er mjög brýnt, vandamál um jafnvægi í byggð landsins, og dreifing menningarmiðstöðva er að sjálfsögðu mikilvægur liður í því sambandi. Þess vegna hefði ég kosið að koma á framfæri þeirri skoðun minni, hvort ekki væri ástæða til að hraða svo sem kostur væri uppbyggingu Menntaskólans á Laugarvatni, til þess að allir þeir nemendur úr sveit, að austan og vestan, geti fengið að stunda nám og notið heimavistarinnar í menntaskóla í sveit, en þurfi ekki að sækja slíkt nám til Reykjavíkur, enda hygg ég, að það séu að öðru jöfnu meiri möguleikar á, að þeir nemendur, sem þar stunda nám, hafi skilning á því að setjast að í dreifbýlinu og þeim þörfum, sem landsbyggðin kallar á. Hún kallar á menntamenn til starfa í sveitum og við sjó, og það er auðvitað skylda Alþingis og ráðamanna að stuðla að því, að fólkið þar búi við nákvæmlega jafngóð skilyrði og fólkið í þéttbýlinu til þess að njóta náms og þeirrar aðstöðu, sem þarf, og líka að svo verði hagað með skipulagningu, með skipulögðu átaki að efla byggðirnar með raunhæfum hætti um land allt, enda verður þjóðfélag okkar í framtíðinni að byggjast á hagnýtingu vísinda og tækni og verða sannkallað þjóðfélag vísinda og tækni. — Þökk fyrir.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að vísa algerlega heim til föðurhúsanna ummælum síðasta hv. ræðumanns um það, að frv. það, sem hér er til umr. um menntaskóla, sé flutt til þess að ala á, eins og hann orðaði það, óánægju og auka kryt milli landshluta. Slík ummæli eru auðvitað víðs fjarri öllum veruleika og raunar í fullu samræmi við annað, sem fram kom í ræðu hans.

Kveinstafi hans út af því, að framsóknarmenn vilji ekki fylgja skynsamlegustu till., sem komið hafa fram á Alþingi í manna minnum, að því er mér skildist, get ég út af fyrir sig vel skilið. En ég vil bara benda hv. þm. á það, að ég hef ekki orðið var við, enn sem komið er a. m. k., stuðning, hvorki flokksmanna hans né annarra stuðningsmanna ríkisstj. við þau merkilegu mál. Væri honum kannske eins nærtækt að beina spjótum sínum fyrst þangað.

Frv. það um menntaskóla, sem hér er til umr., er ekki flutt til þess að ala á kryt eða auka á óánægju. Það er flutt vegna þess, eins og segir í grg., að okkur flm. er það ljóst, að breyttir þjóðfélagshættir auka þörfina á sérmenntuðu fólki til starfa í margvíslegum greinum. Batnandi þjóðarhagur byggist í vaxandi mæli á því, að vísindi og tækni verði tekin í þjónustu atvinnuveganna. Þess vegna er nauðsynlegt að greiða fyrir því, að sem allra flestir eigi þess kost að afla sér þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er til að geta orðið virkur þátttakandi þessarar framtíðaruppbyggingar. Þessi er ástæðan fyrir flutningi frv., og það hefur ekki komið fram hjá einum einasta ræðumanni, sem um þetta mál hefur talað, annað en það væri fyllilega tímabært að gera sér grein fyrir því, hvar við stöndum í málefnum menntaskólanna.

Í því frv., sem hér er til umr., var, auk þess að gera ráð fyrir nýjum menntaskóla í Reykjavík, sem ég vil aðeins víkja að síðar, kveðið á um, að lögfestur yrði Menntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Laugarvatni, en þeir hafa, eins og kunnugt er, hingað til aðeins starfað samkv. heimild í menntaskólal. frá 1946. Þetta er að vísu aðeins formbreyting, sem ekki skiptir miklu máli, en við flm. töldum þó sjálfsagt að koma á framfæri. Auk þess var í okkar frv. gert ráð fyrir því að stofna menntaskóla á Austfjörðum og á Vesturlandi, þegar, eins og það er orðað, fé er veitt til þess á fjárl. Þessi við-

auki var settur í frv. vegna þess, að okkur var ljós sá aðstöðumunur, sem var fyrir unglinga í þessum tilteknu byggðarlögum og annars staðar á landinu að afla sér þessarar framhaldsskólamenntunar. En frv. kveður ekki fastar á um þetta en svo vegna þess, að við vissum, að það mundu verða nokkur vandkvæði á því fjárhagslega a. m. k. að koma þessum skólum upp, og þess vegna töldum við, að það mundi nægja að gera ráð fyrir stofnun skólanna á þann hátt, sem hér er gert. En síðar á þinginu hefur það komið í ljós, að ásóknin að austan og vestan, að þörfin fyrir skólana á Austurlandi og Vestfjörðum er svo mikil, að síðan þetta frv. var lagt fram, hafa allir þm. þessara kjördæma, sem sæti eiga hér í hv. d., að mig minnir, flutt sérstök frv., sem gera ráð fyrir stofnun menntaskóla á þessum stöðum, og eru þau einnig hér til umr. Ég mun því í þessum fáu orðum, sem ég segi hér, ekki fjölyrða frekar um þessa menntaskóla. Það hafa aðrir gert, og það stendur raunar öðrum kannske orðið nær eftir þau tíðindi, sem síðar hafa gerzt.

Ekki skal ég draga það í efa, að þær upplýsingar hæstv. menntmrh., sem hann gaf hér í ræðu sinni áðan, séu réttar, að enn þá hafi verið hægt að taka við til framhaldsnáms í menntaskólum öllum þeim, sem sótt hafa um það, þ. e. a. s. hér í Reykjavík. Það eru þá allir þeir, sem hafa staðizt tilskilda framhaldseinkunn, sem réttindi hafa til þess að stunda menntaskólanám. Það er enn þá hægt að taka við þeim, og er það vel. Þess er þó við þetta að gæta, að tilskilin framhaldseinkunn er nokkuð há, auk þess sem almennt er talið, að landspróf sé ákaflega þungt, og það er náttúrlega í valdi fræðsluyfirvaldanna, hversu þungt landsprófið er haft, og gefur auga leið, að þungt landspróf verkar sem sigti á það, hverjir komast til framhaldsnáms. Ég tel mig hafa fullar upplýsingar um það, að margir nemendur, sem eiga fyllilega rétt á því að stunda framhaldsnám, ná ekki tilskilinni lágmarkseinkunn á landsprófi. Það er auðvitað erfitt að segja um það, hver eigi rétt á því að stunda framhaldsnám, en ég er þess fullviss, að margir góðir nemendur stöðvast á menntabraut sinni vegna þess, hversu há lágmarkseinkunn er tilskilin til framhaldsnáms, en það mun vera einkunnin 6, eftir því sem ég veit bezt. Þá þætti mér enn fremur vænt um, ef hægt væri að fá um það upplýsingar, — að vísu verður það sjálfsagt ekki á þessum fundi, en þá síðar, — hvort nokkuð sé hæft í því, sem ég veit að margir væntanlegir umsækjendur eða þeir, sem hafa hug á því að ganga í menntaskóla, óttast, að vegna þess, hve hægt er að taka við fáum nemendum, muni lágmarkið verða hækkað. Ég veit, að þessi skoðun meðal framhaldsskólanemenda er nokkuð algeng, að það muni ekki til inngöngu í Menntaskólann í Reykjavík á næsta hausti duga einkunnin 6, það muni verða hækkuð lágmarkseinkunnin. Er þetta rangt? Þetta þætti mér gott að fá upplýst.

Hæstv. menntmrh. skýrði frá því, að nú mundi á næsta hausti verða hægt að taka í notkun viðbyggingar þær við menntaskólann, sem lengi hafa verið í undirbúningi. Ég vonast til, að þetta fái staðizt, og tel raunar víst, að byggingum sé það langt komið, að þetta geti orðið hægt. En ég minnist þess, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem því er lýst yfir, að þessar byggingar geti verið tilbúnar til notkunar á næsta hausti. Það hef ég áður heyrt, a. m. k. á s. l. hausti áttu þær að vera til, þá var tæplega byrjað á þeim. En nú hefur verið unnið talsvert við þær á s. l. sumri og eins í vetur, og þá standa vitanlega vonir til þess, að einhvern tíma reki að því, að þær verði tilbúnar til notkunar. En í sambandi við þessar viðbyggingar er þess að gæta, að þær munu ekki nema að mjög óverulegu leyti auka rými skólans til að taka við nýjum nemendum, þ. e. til að fjölga nemendum. Þær munu vissulega bæta mjög verulega úr kennsluaðstöðu fyrir þann nemendafjölda, sem þegar er fyrir í menntaskólanum, en þær munu ekki, eftir því sem ég veit bezt a. m. k., gera skólanum kleift að taka við fleiri nemendum, sem nokkru nemi. Þarna er um að ræða byggingu á sérkennslustofum og aukna eða bætta aðstöðu fyrir ýmsa verklega kennslu, sem vissulega var full þörf á að fá og skólinn þarfnaðist mjög. En ég held, að þetta bæti ekki nema að litlu leyti úr því, hvað skólinn getur tekið við mörgum nemendum. Auk þess er svo á það að líta, sem ég hef áður sagt í sambandi við umr. um þetta mál, að skólamenn telja margir. sem ég hef átt tal við, að menntaskóli með 800—900 nemendum sé þegar orðinn nægilega stór, að ekki sé sagt of stór, og það sé ekki þess vegna ráðlegt að auka nemendafjöldann í þessum eina skóla og eina lausnin til þess að veita nauðsynlega aðstöðu sé sú að byggja annan skóla. Þess vegna vil ég sérstaklega lýsa ánægju minni yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh. hér í ræðu hans áðan, að nú hafi verið afráðið að byggja nýjan menntaskóla í Reykjavík. Það eru vissulega gleðitíðindi fyrir alla þá, sem áhuga hafa á framhaldsmenntun hér, að þessi ákvörðun skuli hafa verið tekin. Aðalgallinn er náttúrlega sá, að þessa framkvæmd hefði þurft að byrja fyrr. En um það þýðir ekki að sakast. Það er gert, sem gert er. En ég endurtek það, að ég er ánægður með þá yfirlýsingu, að nú skuli eiga að reisa nýjan menntaskóla í Reykjavík, fyrir hann er full þörf.

En mér finnst í þessu sambandi, að hér sé nokkuð öfugt að farið. Það hafa verið flutt hér á undanförnum þingum oftar en einu sinni a. m. k. frv. til l. um það að reisa nýjan menntaskóla í Reykjavík. Hæstv. ríkisstj. hefur aldrei viljað ljá máls á því, að lagasetningu um þetta yrði komið á. Ég tel, að Alþ. eigi nú sem fyrr að marka stefnuna í skólamálum og byrjunaraðgerð í því að reisa nýjan menntaskóla í Reykjavík hljóti að eiga að vera sú að breyta l., að Alþingi ákveði það, að menntaskólar í Reykjavík skuli vera tveir. Ég tel því, að það megi alls ekki seinna vera fyrir hæstv. ríkisstj. að afla sér lagaheimildar til þeirrar byggingar, sem hún hefur nú ráðgert, og því tel ég sjálfsagt og raunar ekki koma annað til greina en að frv. það, sem einmitt liggur hér fyrir Alþingi og gengur í þessa átt, hljóti að verða samþykkt, og er ég að sjálfsögðu mjög ánægður yfir þeim úrslitum.

Ég get ekki betur séð en það hljóti að hafa verið samvinnuleysi milli hv. menntmn. og hæstv. ríkisstj., þar sem hv. menntmn. leggur til að vísa málinu til ríkisstj. Vitanlega átti n. að leggja til, að frv. yrði samþ., ekki sízt ef hún hefði vitað um vilja ríkisstj., að framkvæmdin stæði fyrir dyrum. Þess er enn fremur að gæta, að menntaskólalögin að öðru leyti eru gömul og úrelt. Það starfa menntaskólar samkv. heimild í þeim lögum, sem ættu raunar að fara inn í lögin, eins og ég hef áður sagt. Laugarvatn og Akureyri starfa samkv. undanþágum, og er eðlilegast, að þegar þessir skólar eru komnir á, séu um þá skýlaus lagaákvæði. Um menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum mun ég, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, ekki sérstaklega tala, enda eru sérstök frv. fyrir þinginu um þá og aðrir, sem gera þeim skil.

Ég get svo látið þessu máli mínu lokið. Eg vil aðeins í lokin endurtaka það, að það er einmitt ekki sízt með hliðsjón af ummælum hæstv. ráðh., sem mér sýnist alveg augljóst, að það sé sjálfsagt að samþykkja það frv., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 4. þm. Sunnl. um að byggja nýjan menntaskóla í Reykjavík. Þær lagfæringar, sem þarf að gera á námsefni skólanna, er vitanlega ekkert síður hægt að gera fyrir því, þó að þetta sé samþ. Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún ætli sér að byggja menntaskóla. Það vantar ekki viljann. Það vantar aðeins lagaheimildina, og hana er hægt að fá með því að samþykkja það frv., sem hér er til umræðu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að svara þegar í stað þeirri fsp., sem hv. síðasti ræðumaður beindi til mín um það, hvort til stæði að hækka þá lágmarkseinkunn, sem krafizt er til inngöngu í menntaskóla. Ég tel rétt, að menn séu ekki í neinum vafa um það, hvað fyrir dyrum standi í þessu efni, ef eitthvað væri. En þar er skemmst af að segja, að mér hefur engin till. borizt um það að hækka þá lágmarkseinkunn, sem nú og um langt skeið undanfarið hefur verið krafizt til inngöngu í menntaskóla. Ég get bætt því við, að meðan ég hef með þessi mál að gera, mun ég ekki breyta þeirri einkunn, sem krafizt hefur verið og er krafizt nú. Ég tel raunar, að sú lágmarkseinkunn, sem krafizt er til inngöngu í menntaskóla, megi undir engum kringumstæðum vera háð því skólarými, því húsnæði, sem til ráðstöfunar er fyrir menntaskólastigið. Ég tel það vera tvímælalausa skyldu ríkisvaldsins að sjá öllum þeim nemendum, sem standast tilskilin próf og með prófum sínum öðlast réttindi til inngöngu í menntaskólana, fyrir skilyrðum til að stunda menntaskólanámið framvegis eins og hingað til, og við það mun verða miðað.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

31. Lögtak.

Á 43. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar [117. mál] (þmfrv., A. 203).

Á 46. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á síðari árum hafa mörg verkalýðsfélög í landi okkar stofnað sjúkrasjóði og í samningum sínum við atvinnurekendur náð samkomulagi um greiðslur til þessara sjóða. Er það viðurkennt, að samningar um slíka sjóði, sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga, hafa haft veruleg áhrif til þess að greiða fyrir samkomulagi á vinnumarkaðinum, enda er reynsla hvarvetna sú, að ýmsar félagslegar ráðstafanir hafi vaxandi þýðingu í þeim efnum.

Síðan sjúkrasjóðir voru stofnaðir, hefur komið fram vandamál við framkvæmd þeirra, sem byggist á því, að það er mikið verk og oft erfitt að innheimta gjöld til þessara sjóða. Nú eru aðeins örfá stærstu verkalýðsfélögin í landi okkar þess megnug að hafa fasta starfsmenn, og er algengast, að forráðamenn félaganna gegni störfum fyrir þau í frítímum sínum. Af þessum ástæðum hafa forustumenn a. m. k. tveggja verkalýðsfélaga í kjördæmi mínu óskað eftir því, að flutt yrði frv., þar sem greiðslur í þessa sjóði yrðu felldar undir lögin um lögtak og fjárnám. Er þetta að sjálfsögðu aðeins hugsað sem aðhald og óskað eftir þessu ákvæði í trausti þess, að það geri innheimtuna léttari, sérstaklega á þeim svæðum (sem eru meiri hluti landsins), þar sem verkalýðsfélög hafa ekki starfskrafta, sem geta beitt sér að slíkum innheimtustörfum nema að mjög litlu leyti.

Þetta er þörfin, sem veldur því, að frv. er fram komið, og vil ég vænta þess, að eins og allir aðilar hafa verið sammála um stofnun slíkra sjóða, megi nást vinsamlegt samkomulag um að greiða sem bezt fyrir því, að framkvæmd þeirra geti orðið eins og til er stofnað.

Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32. Búnaðarmálasjóður.

Á 44. fundi í Nd., 24. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 1948, um breyt. á l. nr. 38 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs [122. mál] (þmfrv., A. 208).

Á 49. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Nd., 3. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Í gildi eru lög um búnaðarmálasjóð, eins og þetta frv. ber með sér. Þau voru sett til þess á þann hátt að afla nokkurs starfsfjár fyrir Stéttarsamband bænda og fyrir búnaðarsambönd landsins. Og á þeim tíma, sem þessi lög hafa gilt, hefur helmingurinn af því fé, sem upphaflega var ákveðið að innheimta í þessu skyni, runnið til búnaðarsambandanna, en annar helmingurinn til Stéttarsambands bænda. Þetta frv., sem ég hef hér leyft mér að bera fram, snertir aðeins þann hluta búnaðarmálasjóðsgjaldsins, sem runnið hefur sem starfsfé til búnaðarsambandanna í landinu. En eins og kunnugt er, hafa þær skiptingarreglur á því fé gilt, að það hefur runnið til búnaðarsambandanna nákvæmlega í því formi, sem það hefur verið innheimt á hverju sambandssvæði. Ég játa, að mér hefur frá upphafi þótt þessar skiptingarreglur nokkuð óeðlilegar í félagsmálastarfi, og það er ekki heldur því að leyna, að þessu hefur fylgt það, að hin öflugri búnaðarsambönd, sem eru mynduð á þeim svæðum, þar sem framleiðslan er mest og búskapurinn í beztu horfi, hjá þeim búnaðarsamböndum hefur getað myndazt mun öflugri starfsemi til leiðbeiningar fyrir bændur heldur en á þeim svæðum, þar sem framleiðslan er minni og geta þá um leið minni. Það skal að vísu játað, að ef skipting í búnaðarsambönd hefði verið með nokkuð öðrum hætti, eða réttara sagt, ef búnaðarsambönd í landinu hefðu ekki verið svo mörg sem þau eru nú, þá hefði orðið meiri jöfnun á milli þeirra, þó að þær skiptingarreglur giltu, sem nú eru í lögum. En staðreyndin er þessi, að búnaðarsamböndin eru allmörg og sum mjög lítil, og afleiðingin af þessari skiptingarreglu er því sú, að þar sem framleiðslan er minnst og búskapurinn veikastur, er líka minnst getan til þess að veita sæmilega leiðbeiningaþjónustu, sem er eitt af aðalverkefnum búnaðarsambandanna. Þetta er nokkuð rakið í grg. fyrir þessu frv., og ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta.

Ég hafði hugsað mér að láta fylgja í grg. ofur lítið yfirlit um það, hvaða breyting mundi verða á, ef þessi skipan kæmist á um skiptingu búnaðarmálasjóðsgjaldsins. Ég leitaði eftir því hjá Búnaðarfélagi Íslands að fá upp tölu þeirra meðlima í búnaðarsamböndunum, sem kosningarrétt áttu að hafa til búnaðarþings, en því miður gat ég ekki fengið þetta upp, og heldur en vera með einhverja áætlun, sleppti ég því að láta slíkt fylgja í grg. En ég hef þó gert mér ofur litla hugmynd um þetta, því að það liggja fyrir tölur um meðlimafjölda í hverju búnaðarsambandi, og yfirleitt mun ekki vera um mikinn mismun að ræða á þeirri tölu og tölu þeirra manna, sem kosningarrétt hafa til búnaðarþings. Þó eru nokkur samböndin þannig, einkum þau, sem ná yfir þorp og kaupstaði, að þau munu hafa nokkru fleiri meðlimi en þá, sem atkvæðisrétt hafa til búnaðarþings, því að það er miðað nokkuð við framleiðslumagn eða hve mikinn búskap viðkomandi rekur. En í höfuðdráttum mundi þetta ekki valda verulegri breytingu hjá allmörgum samböndum.

Þau sambönd, sem miðað við árið 1962 hefðu komið til með að fá nokkru lægri hlut en með núverandi skiptingarreglum, eru Búnaðarsamband Borgfirðinga, Búnaðarsamband Eyfirðinga og Búnaðarsamband Suðurlands. Þetta eru, eins og flestir vita, einna öflugustu samböndin og samböndin, þar sem búskapur er í einna beztu horfi. Ég hef aðeins lítillega athugað þetta líka, hvað snertir Búnaðarsamband Austurlands, og þar mundi hafa orðið nokkru hærri upphæð, sem komið hefði í þess hlut. Ég dreg það ekki í efa, að svo mundi einnig vera með búnaðarsamböndin á Vesturlandi, en ég hygg, að sum samböndin, eins og Húnvetningar, Skagfirðingar og Þingeyingar, — ég hygg, að þessi sambönd mundi það ekki skipta miklu, hvor reglan gilti.

En þó að þetta kunni að virðast ekki þýðingarmikið atriði, finnst mér það þó þess eðlis, að það sé rétt að hreyfa því og m. a. og kannske fyrst og fremst til þess að undirstrika það, að í félagsmálastarfi er grundvallaratriði að gæta þess, að þeir, þar sem ástæður eru betri, verði til þess að styðja, þar sem ástæður eru erfiðari. Það er að vísu sjálfsagt að heyra álit Búnaðarfélagsins um þetta mál, og ég geri ráð fyrir því, að landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, muni ekki afgreiða það frá sér öðruvísi en að leita álits þess á málinu. Ég skal engan dóm á það leggja, hver sú umsögn kann að verða, en í stuttu máli: ég hef talið málið þess eðlis, að það væri rétt að hreyfa því, og það er mín skoðun, að það eigi að breyta þessum ákvæðum í það horf, sem hér er lagt til. Ég vildi jafnvel segja, að ég teldi mest rök fyrir því, að skiptingarreglan væri aðeins tala bænda í hverju sambandi eða þeirra, sem kosningarrétt hafa til búnaðarþings, en eins og ég vík að í grg., þar sem komin er nokkur hefð á þessa skiptingu og það mundi því e. t. v. valda nokkrum erfiðleikum, þar sem þetta framlag hefur verið hæst hingað til, ef mjög væri söðlað um, þá hef ég ekki lagt til að ganga lengra en þetta yrði leiðrétt, ef svo mætti segja, til hálfs. En ég vil aðeins ítreka það, sem ég einnig vík að í grg., að mér finnst einmitt núna vera nokkuð hagstætt augnablik til þess að gera þessa breytingu, og það er vegna þess, að nú hefur orðið bæði allmikil verðhækkun á búvörunni og auk þess mikil framleiðsluaukning og ekki sízt á þeim svæðum og raunar fyrst og fremst á þeim svæðum, sem mesta hafa haft framleiðsluna fyrir. Þetta mundi þess vegna væntanlega ekki valda þeim samböndum, sem mesta tekjuvonina eiga eftir núgildandi

reglum, eins miklum erfiðleikum og ef ekki hefði verið um tekjuaukningu að ræða fram undan.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. landbn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Mér þótti vanta á hjá flm. að nefna ekki, hve miklu þetta mundi nema, ef þessi breyting yrði samþykkt. En efnið er þess eðlis, að það virðist vera, að þeir, sem hafi minni tekjur, eigi að fá frá hinum, sem hafa meiri tekjur, og aðaltilfærslan yrði þá sennilega á milli Sunnlendinga og Austfirðinga. Það getur verið fjarska gott að fá aura, en það er nú svo með allt betl, að það eru tvær hliðar á því, það minnkar mennina, sem taka við því. Og ég álít, að hv. flm. hefði getað athugað, hvort hann ætti ekki að kenna þeim að búa og framleiða mikið þarna fyrir austan, svo að hann þyrfti ekki að vera að þessu væli fyrir þeirra hönd. Málið er ákaflega einfalt. Það er að afla mikilla heyja, eyða litlu fóðri í kindurnar og fá góðan arð af þeim. Þá græða mennirnir og hafa mikla umsetningu. Þetta átti hann að vera búinn að kenna þeim, þegar hann var að búa þarna fyrir austan. Þetta er afar einfaldur hlutur. Þarna eru góð sauðlönd. Svo er bara að stækka túnin, vera duglegur að heyja og hafa svo allgóð bú, hirða vel um kindurnar að vetrinum, fá góðan arð af þeim, og þá er þetta allt saman komið og þarf ekki að vera að væla um svona smámuni. Þetta skapar minnimáttarkennd hjá þeim bændum, sem búa þarna. Það er eins og hinir búi svo vel, en þeir þurfi endilega að fá einhvern stuðning. Nú er þetta svo lítið, að það er ekkert gagn að því, það verður aðeins auðmýkingin. Það, sem hv. flm. á að gera, er að ferðast á milli sinna kjósenda og tala í þá kjark og manndóm og segja þeim að gera þetta og hitt, þeir gætu búið eins og hann hefði búið, þegar hann bjó á Skriðuklaustri eða hvar það var nú, — tala í þá kjark og hetjudóm.

Þegar ég fór frá foreldrum minum, fékk ég með mér eitt þunnt lak ofan á rúmið mitt, ég átti öll rúmföt nema það. Ég sendi það aftur eftir 3—4 daga, því að ég vildi vinna fyrir því, sem ég hefði. Ég hef oft hugsað með hlýleik til lakpjötlunnar. Móðir mín sagði: Skárri er það nú skilsemin, — þegar það kom aftur. Það hefur verið mér mikils virði í lífinu sú endurminning að hafa ekki farið með neitt, og þess vegna er ég í dálitlum vafa um, hvort þetta er ekki austfirzkum bændum til ama og leiðinda. Það, sem hv. flm. á að gera, er að sýna þeim fram á, hvernig þeir eigi að stækka sín bú og auka sínar tekjur.

Þá er annað atriði, sem ég álít að sé mjög hættulegt fyrir íslenzka bændastétt, og það er þessi sífelldi barlómur í blöðum og ræðum um þeirra aumu kjör. Þannig er landsfólkinu og þeim, sem ekki stunda búskap, talin trú um, að þetta sé einna versta atvinnugreinin. Það hefur nýlega komið í blöðum, að bændur séu einna tekjulægstir. Það má vel vera, að þeir séu það í beinum peningum eða að krónutölu á skattskránum. Bændur verða að fá verð fyrir afurðir sínar, en þessi sífelldi söngur, að það séu lökustu kjörin, sem þessi stétt býr við, þetta er aðeins til þess að fæla aðra menn frá því að stunda þessa atvinnugrein. Ég efast um, að nokkrir menn hafi meiri ánægju af lífinu en einmitt bændurnir. Þeir eru hraustastir, þeir lifa líkamlega og andlega heilbrigðu lífi. Ég álít, að þeir hafi meiri ánægju af sínu starfi en hér um bil allar aðrar stéttir. Svo er alltaf þessi sífelldi söngur, að það sé verst af öllu að stunda þessa atvinnugrein. Unga fólkinu er talin trú um, að það eigi ekki að fara í landbúnað, og þannig missum við fjöldann af kjarnmesta unga fólkinu frá þessari atvinnugrein, sem væri hægt að reka betur, ef það væru valdir menn í henni.

Það er dálitið tvieggjað að vera alltaf að mála skrattann á vegginn. Bændur hníga ekki niður af kransæðastíflu og öðru slíku á miðjum aldri. Þeir reyna á sig og lifa sínu heilbrigða lífi. Þó að þeir fái e. t. v. heldur færri krónur í nettótekjur en sumar aðrar stéttir, þá ber margs að gæta í því sambandi. Það er að ýmsu leyti ódýrara að lifa í sveit, útsvör eru þar lægri og ýmislegt kemur þar fleira til greina.

Ég er þess vegna ekki viss um, að austfirzkum bændum sé greiði gerður með þessu frv. Það skiptir meiru að auka sjálfstraust þeirra en þó að þeir geti reytt fáeinar krónur af bændunum á Suðurlandi, sem veitir ekki raunar af sínu, í eitthvert búnaðarsamband fyrir austan. Og ég vona, að hv. flm. beini nú sinni orku að því að kenna þeim að búa þarna fyrir austan, svo að þeir hafi jafnmiklar tekjur og aðrir menn, og þá þarf hann ekki að vera að þessu bónastagli fyrir þá.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. mjög vel fyrir heilræðin, sem hann var að gefa mér. Hitt verð ég að játa, að ég fæ ekki séð, að þetta mál hafi nú beinlínis gefið honum tilefni, en ég skal fúslega taka undir það með honum, sem hann sagði um barlóminn, og ég vænti, að þeir skilji, sem það eiga. Ég skal ekki fara frekar út í það.

En það vill nú svo vel til, að þessi hv. þm. er ásamt mér í landbn., sem fær þetta mál til meðferðar, og ég vona, að við getum rætt þetta nánar, þegar við tökum málið fyrir í n., og ef við finnum einhvern flöt á því að láta þetta frv. verða til þess að kenna bændum að búa, þá væri það ákaflega vel.

Ég vil aðeins leiðrétta það, ef sá skilningur kann að hafa komizt inn hjá hv. þm., að ég hafi sérstaklega flutt þetta frv. með hag Búnaðarsambands Austurlands fyrir augum, þá er það talsverður misskilningur. Ég gat þess í minni fyrri ræðu, að það mundi að vísu valda nokkurri hækkun til þess búnaðarsambands, ef þessi skiptingarregla væri tekin upp, en ég býst þó við, að önnur búnaðarsambönd, eins og sum búnaðarsamböndin á Vestfjörðum og Vesturlandi, mundu jafnvel njóta þess enn meira. En ég ætla sem sagt ekki að fara að karpa neitt við hann, því að það er síður en svo, að ég hafi löngun til þess eða telji ástæðu til þess. En ég verð bara að segja það síðast, að mér fannst það tilefni, sem hann notaði til þessara orða sinna, vera dálítið langsótt, því að þetta litla frv. mun aldrei geta verkað mikið í þá átt, en það er þó, eins og ég sagði, ekki einskisvert, því að það byggist á vissu

grundvallarsjónarmiði, sem á að liggja til grundvallar yfirleitt í félagsmálastarfi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv..

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Barnaheimili og fóstruskóli.

Á 49. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla [125. mál] (þmfrv., A. 215).

Á 51. fundi í Nd., 4. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við hv. 10. landsk. höfum leyft okkur að flytja frv. um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla, og skal ég leyfa mér að gera stutta grein fyrir því.

Það hefur gerzt í okkar landi mjög mikil breyting, sem margir vilja kalla byltingu, á öllum okkar atvinnuháttum á þessari síðustu kynslóð, og eitt af því, sem í því sambandi hefur gerzt, er, að konan tekur nú miklu meiri þátt í atvinnulífinu en áður. Alveg sérstaklega hefur orðið hröð breyting á þessu nú á síðasta áratug, þegar atvinna hefur víðast hvar á landinu verið mjög mikil, atvinnulífið kallað á konuna frá heimilinu, og svo hefur hitt bætzt við, að með þeim kröfum, sem menn gera nú til lífsins, og með þeirri dýrtíð, sem menn eiga við að stríða, er sívaxandi þörf fyrir fjölskyldurnar, að ekki aðeins karlmaðurinn vinni fyrir fjölskyldunni, heldur að konan geti unnið úti líka. Og í þriðja lagi kemur það þarna til greina, að konurnar gera eðlilega samkv. því jafnrétti, sem þær eiga að hafa, í sívaxandi mæli kröfu til þess að geta fullnumað sig, geta stundað sitt nám við háskóla og aðra æðri skóla, líka eftir að þær eru giftar, og það þýðir um leið, að til þess að þessi jafnréttisákvæði konunnar verði eitthvað meira en orðið tómt, þarf fjölskyldan að geta komið börnunum fyrir utan heimilis, hvort heldur konan er að vinna eða stunda nám. Þess vegna hefur sú breyting orðið á öllu okkar þjóðlífi, hvort sem mönnum líkar hún betur eða verr, sem ekki þýðir að neita eða berja höfðinu við steininn gagnvart.

Við verðum að laga okkar líf og okkar stofnanir eftir þessari breytingu, sem þarna hefur orðið. Og eitt af því, sem það leiðir fyrst og fremst af sér, er, að eins og þjóðfélagið varð fyrir allmörgum áratugum í sívaxandi mæli að taka að sér barnakennslu, af því að fjölskyldurnar hættu að annast það, sem þær þó höfðu gert öldum saman, eins kemur þjóðfélagið nú til með í æ ríkara mæli að verða að taka að sér svo og svo mikinn hluta af barnauppeldinu. Það þýðir, að þjóðfélagið verður að koma upp stofnunum, þar sem börn geta verið, líka á aldrinum fyrir neðan 7 ára, fyrir neðan skólaskyldualdur, sumpart kannske alveg, en þó í flestum tilfellum aðeins að deginum til eða hálfan daginn. Menn geta verið með mismunandi skoðanir um, hvort þetta sé heppilegt eða ekki, og það eru mismunandi skoðanir um það. En þetta er staðreynd, sem er áríðandi í þjóðfélaginu og þjóðfélagið verður að taka tillit til.

Ég man það, þegar þessi breyting var að byrja, að þá þótti þetta ákaflega fjarri lagi. Ég man, þegar við, sem þá vorum, — það eru nú komin *ein 36 ár síðan*, — *fulltrúar Alþfl. í bæjarstjórn* Akureyrar og vorum að leggja til að koma upp dagheimilum fyrir börn og barnaleikvöllum, þá var sagt við okkur af þeim, sem sátu þar með okkur í bæjarstjórninni, sumum, að þarna væru nú bolsarnir aldeilis lifandi komnir, þarna væru þeir að rífa börnin fá mæðrunum. Svona var viðkvæðið, þegar verið var að byrja á þessu. Nú er ástandið þannig, að bæjarstjórn Reykjavíkur, skipuð að meiri hl. af fulltrúum Sjálfstfl., hefur ekki aðeins komið upp allmiklu af barnaheimilum og barnaleikvöllum, heldur gerir meira að segja 5 ára áætlun, sem árið 1928 þótti ein goðgáin að minnast á, — gerir nú 5 ára áætlun um byggingu barnaheimila og rekstur barnaheimila í Reykjavík, þannig að ég geng út frá, að þegar við ræðum þessi mál núna, getum við rætt þau alveg án tillits til allrar flokkaskiptingar í þessum efnum. Vafalaust er kannske meira eða minna innan allra flokkanna einhver ágreiningur í þessum málum eftir því, hvernig menn hugsa, hve gamaldags hugsunarhátturinn er, og það eru ýmsir til í öllum flokkum, sem vilja halda mjög við það gamla á ýmsum sviðum, þó að þeir séu róttækir á öðrum, þannig að það mál, sem hér er um að ræða, er almennt þjóðfélagsmál, sem er alveg óhjákvæmilegt, að við lítum á sem hvert annað þjóðfélagsfyrirbrigði, sem ríkið að sínu leyti verður að hjálpa til við að ráða fram úr. Það hefur, eins og verið hefur með mörg af okkar umbótamálum, verið unnið ákaflega mikið starf á þessu sviði af alls konar samtökum almennings. Má nefna Barnavinafélagið Sumargjöf og Thorvaldsensfélagið, svo að félög hér í Reykjavík séu nefnd, verkakvennafélög ákaflega víða úti um land, verkakvennafélagið Framtíðina í Hafnarfirði, verkakvennafélagið Framsókn hér í Reykjavík, Mæðrafélagið hér í Reykjavík og mæðrastyrksnefndina og Alþjóðasamhjálp verkalýðsins og deild úr því, verkakvennafélögin á Siglufirði, Ísafirði og víðar. Ákaflega víða úti um land hafa fjölmörg samtök, bæði úr verkalýðshreyfingunni og almennt frá þegnum þjóðfélagsins, hjálpazt til við það að reyna að koma upp barnaheimilum og víða átt við mikla erfiðleika að stríða í þessum efnum, jafnt hér í Reykjavík sem Kópavogi og annars staðar, en alltaf orðið samt þó nokkuð ágengt. Og í þessu starfi, sem fram að þessu hefur verið unnið, hefur líka af hálfu fóstranna, sem þar hafa starfað, einnig þeirra, sem að fóstruskólanum

hafa staðið, verið lagt fram ákaflega mikið og fórnfúst starf.

Þetta er venjan með allar þær umbætur, sem framkvæmdar eru. Það er vaninn, að svo og svo margir í þjóðfélaginu taki þar að sér að gerast brautryðjendur, áhugasamtök ryðja þarna brautina, en þegar þetta er orðið almennt þjóðfélagsfyrirbrigði, þá verður þjóðfélagið sjálft, þá verður ríkið sjálft líka að láta til sín taka með þetta. Það var líka svo áður fyrr, að það voru einstakir menn, sem ruddu brautina með barnaskóla og lögðu fram sjálfir fé til þess að reyna að koma barnaskólum hér upp. Núna er þetta hins vegar orðið svo almennt fyrirbrigði, þörfin orðin svo knýjandi, að ríkið verður sjálft að koma þarna til, svo fremi sem við eigum ekki að neita fjölda fólks um að uppfylla þær þarfir, sem á þessu sviði eru nauðsynlegar.

Þetta frv. okkar hv. 10. landsk. fer fram á að skipuleggja til að byrja með aðstoð ríkisins fjárhagslega við rekstur barnaheimila og við byggingu barnaheimila. Þörfin fyrir þessi barnaheimili er mikil. Ég veit, að hér í Reykjavík, og geri grein fyrir því í grg., sem ég skal ekki endurtaka hér, mun vera pláss fyrir um 300 börn innan 7 ára á barnaheimilum. Ég hef ætlað það fullhátt í grg., af því að við reiknuðum með dagheimilið Tjarnarborg, sem hins vegar er aðeins leikskóli, en ekki barnaheimili, þar sem börnin fá líka að borða, þannig að það er rúm nú fyrir um 300 börn, og þá eru talin með þar börn, sem eru á vöggustofum og skriðdeild, eins og það er kallað hjá þeim, börn alveg frá fyrsta ári og fram undir sjöunda ár.

Ég hef reynt að spyrja forstöðukonur þessara barnaheimila að því, hvað þær héldu að þörfin væri mikil. Það hefur engin þeirra treyst sér til að áætla það. Í engum af barnaheimilunum er lagt út í það að skrifa þær beiðnir, sem koma um að taka við börnum á þessi barnaheimili. Það mundi verða svo langur biðlisti, að þeim þykir öllum það ekki vera til neins. En ég efast ekki um, að það skipti þúsundum, segjum 2 þús., segjum 3 þús., maður er ekki viss um, hvað það er. En það er engum efa bundið, að það er ekki nema lítið brot af öllum þeim barnahóp, sem fjölskyldurnar þyrftu að geta komið að á barnaheimilum, t. d. hér í Reykjavík, sem nú kemst þar að. Þarna er bæði um það að ræða, að konurnar séu að vinna úti, og í fjölmörgum tilfellum er vitanlegt, að konur hafa orðið að hætta við að vinna úti, vegna þess að þær hafa ekki getað komið börnunum fyrir, enn fremur að konur hafi orðið að hætta við nám, sem þær hafa verið við, af þessum sömu ástæðum. Enn fremur er vitanlegt, að fjölskyldufeður hafa orðið að hætta við vinnu, ef konan hefur orðið veik, vegna þess að það er ekki hægt að koma börnunum fyrir á barnaheimili, þannig að þetta er að öllu leyti orðin ákaflega brýn þörf fyrir fjölskyldurnar, eins og atvinnulífinu nú er háttað.

Það er ekki um biðlista að ræða þarna, það er ekki um biðraðir að ræða þarna, þær eru svo langar, að það tekur því ekki að stilla sér upp í biðraðir hvað barnaheimilin snertir. Svona er ástandið í þessum efnum.

Okkar nágrannaþjóðir hafa þegar gert stóra hluti í þessum efnum. Danir og Svíar hafa komið á mjög góðu kerfi um þetta, sem er að mörgu leyti til fyrirmyndar og við ættum að kynna okkur líka mjög vel og þeir eða þær, sem standa fyrir þessum heimilum, hafa líka kynnt sér mjög rækilega.

Ég skal, um leið og ég geri nú stutta grein fyrir sjálfu frv., geta þess, að það hefur, að því er mér er kunnugt, einu sinni áður verið flutt hér á Alþingi frv. um þetta sama. Það var 1946. Þá flutti Katrín Thoroddsen frv. til laga um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs, þar sem var gert ráð fyrir bæði gæzlustöðvum fyrir börn frá eins mánaðar aldri til þriggja missira og svo leikskólum fyrir þau, sem eldri voru. Þar var gert ráð fyrir, að ríkissjóður skyldi greiða 2/5 hluta stofnkostnaðar og taka þátt í rekstri dagheimila, greiddi laun hjúkrunarkvenna og leikskólafóstra. Þá var gert ráð fyrir því, að það skyldi byggja tvö dagheimili á ári í Reykjavík, þar til þörfinni væri fullnægt og a. m. k. eitt heimili kæmi á hverjar hundrað íbúðir. Það er engum efa bundið, að svo fremi sem það frv. þá hefði verið samþykkt, og það var samþykkt í nokkuð breyttu formi til 2. umr. og n., sem um það fjallaði, þá mundi líta allmiklu betur út með þessi barnaheimili en nú er. Því miður var það ekki samþ. þá. Sannleikurinn er, að það hefði verið nær fyrir okkur að setja í lög ákveðinn fjölda rúma fyrir börn í slíkum barnaheimilum, ákveða, hve mörg barnaheimili skyldu byggð, t. d. í Reykjavík, heldur en ákveða t. d., hve marga presta og hve marga lögreglumenn skyldi hafa, um leið og í Reykjavík fjölgaði. Hitt hefði leyst úr enn þá brýnni þörf.

Í þessu frv. okkar á þskj. 215 er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi, að ríkið greiði ⅓ af rekstrarkostnaði barnaheimilanna, og þá er gengið út frá því, að bæirnir greiði ⅓, en aðstandendur barnanna greiði ⅓, þó þannig, að þeir greiði ekki jafnt, heldur er ætlazt til, að félmrn. ákveði með reglugerð, hvernig greiðslu aðstandenda sé háttað. Sá háttur er hafður á, veit ég, t. d. á Norðurlöndum, að aðstandendur greiða mjög misjafnt, og er það meira að segja mjög nákvæmlega sundurliðað þar eftir þeirra skatttekjum. Það þyrfti nú kannske ekki hjá okkur að vera svo nákvæmt, en höfuðatriði yrði að vera það, að við skulum segja einhleypar mæður eða ungar ekkjur, sem eru með smábörn, þyrftu ekki að greiða með börnum, þegar þær sjálfar þurfa að vinna fyrir heimili. Hins vegar, þegar t. d. um er að ræða hjón, sem bæði vinna úti og bæði hafa góða atvinnu og hálaunaða atvinnu, þá gætu þau greitt þarna fullt, t. d. ⅔, og þannig mundi jafnast út á meðal aðstandendanna, skulum við segja, að það yrði að meðaltali sem samsvaraði ⅓, sem frá aðstandendum barnanna kæmi. Ég skal geta þess, að hér í Reykjavík mun vera áætlað, að kostnaðurinn á mánuði sé þetta 1600—1800 kr. Það, sem kæmi t. d. í ríkisins hlut með ⅓, væri um 600 kr., og ég býst við, að núna t. d. sé það þannig, að Reykjavíkurbær muni greiða helminginn af þessum kostnaði, en gengið út frá, að aðstandendur greiði helminginn, ef ég man rétt.

Þá er í öðru lagi, að í frv. er gengið út frá

því, að þeir aðilar, sem geti rekið slík barnaheimili, séu tvenns konar. Það séu í fyrsta lagi bæirnir eða sveitarfélögin, sem nú gera mest af þessu, þó að það sé að sumu leyti í samvinnu við áhugafélög. Við skulum segja, að t. d. í Reykjavík er það Barnavinafélagið Sumargjöf, sem á að heita að reka þetta, en það er bærinn, sem ber allan kostnaðinn af því og raunverulega stjórnar því. Í öðru lagi er gengið út frá, að svona styrkur geti verið greiddur áhugafélögum. Úti um land víðast hvar eru það og að forminu til hér í Reykjavík áhugafélög eins og Barnavinafélagið Sumargjöf eða ýmis verkakvennafélög eða kvenfélög eða slík, sem hafa haft áhuga fyrir þessu og hafa komið upp svona heimilum til að reka þau. Þá er enn fremur gengið út frá því í þriðja lagi, að opinberar stofnanir, við skulum segja t. d. háskólinn, geti rekið slík barnaheimili. Ef jafnrétti konunnar til menntunar á að vera meira en orðin tóm hvað æðri menntun snertir, þá þarf að koma upp slíku barnaheimili við háskólann, og erlendis, t. d. í Osló, er það alveg til fyrirmyndar, hvernig háskólinn hefur í slíku komið upp beinlínis hjónastúdentagörðum og þá náttúrlega barnaheimilum í sambandi við þá. Í fjórða lagi er gengið út frá, að atvinnufyrirtæki geti komið upp svona barnaheimilum. Ef hér væri sæmilega búið að þeim fyrirtækjum og sæmilega skipulagt, sem reka t. d. saltfiskvinnuna, og fjölmörgum öðrum fiskiðnfyrirtækjum, hefði ekkert verið eðlilegra í hraðfrystihúsunum en barnaheimili hefðu verið í sambandi við slík stóratvinnufyrirtæki. Ef hér væri virkilegur stórrekstur skipulagður í þessu, þar sem ynnu hundruð kvenna við slíkt, væri ekkert eðlilegra en þar væri barnaheimili, og við verksmiðjur erlendis, ekki síst t. d. í sósíalistísku löndunum og líka víða annars staðar, er það í mjög ríkum mæli og víða til fyrirmyndar barnaheimilin í sambandi við verksmiðjurnar, sjúkradeildir og allt annað slíkt, þannig að meira að segja þegar börnin fá sína barnasjúkdóma, geta þau legið áfram eða verið áfram í þessum sjúkradeildum barnaheimilanna, þannig að það þurfi ekki að fara eins og hér er ákaflega oft, að þegar börnin fá sína barnasjúkdóma, verða konurnar, ef þær hafa unnið úti, að hætta að vinna, vegna þess að þá er ekki hægt að sjá um börnin á barnaheimilunum, jafnvel þótt þau hafi verið þar áður, þannig að líka atvinnufyrirtæki einstaklinga og annarra ættu að athuga þetta mjög vel. Bankarnir hér í Reykjavík, sem t. d. nota ákaflega mikið kvenfólk í sína þjónustu, þeir hefðu alvarlega átt að athuga slíkt. Tilraun hefur verið gerð með slíkt uppi á Álafossi, veit ég, af einstökum atvinnurekanda. Og það er auðvitað sjálfsagt, ef svona væri komið upp, að ríkið að sínu leyti styrkti slíkt, en yrði náttúrlega að hafa þar eftirlit með. Félmrn. yrði að hafa sína eftirlitsmenn til þess að líta eftir því, að þarna væri frá heilbrigðislegu, félagslegu sjónarmiði allt nægilega vel útbúið, og setja sína reglugerð um það, því að sums staðar náttúrlega mundi slíkt vera af vanefnum gert og sums staðar, þar sem það hefur verið reynt, hefur það líka dottið niður aftur.

Þá er gert ráð fyrir í 2. gr. frv., að sveitarfélög aðstoði við að byggja barnaheimili. Það er í fyrsta lagi látið gilda um sveitarfélög, sem hafa yfir 1000 íbúa. Þó er gert ráð fyrir því í 3. gr., að sveitarfélög, sem hafa undir þeirri íbúatölu, geti notið þessara sömu réttinda, ef félmrh. þykir það rétt eftir að hafa athugað málið. Í 2. gr. er gengið út frá, að svona barnaheimili, sem sveitarfélag á, fái sama byggingarstyrk og barnaskólar, og það virðist ekki rétt að fara þarna eftir neinu öðru „prinsipi“, hafa neina aðra meginreglu. Þetta eru raunverulega barnaskólar, einhvers konar, það er eins konar uppeldisstofnun fyrir þau börn, sem eru undir skólaskyldualdri. Og það er rétt, þegar þau börn á annað borð þurfa að vera á opinberri uppeldisstofnun, að þá séu þau styrkt og þeir bæir, sem láta hendur standa fram úr ermum um að vinna að þessu, fái sama styrk til þessa og til skólanna.

Þá er í 4. gr. alveg sérstaklega gert ráð fyrir, að ríkið reki fóstruskóla. Fóstruskóli hefur verið rekinn undanfarið hér í Reykjavík. Hann hefur, eins og gerð er grein fyrir í grg., verið nokkuð á hrakhólum með húsnæði og oft átt erfiðar aðstæður, en hefur verið haldið uppi af miklum dugnaði, en alveg greinilegt, að hann annar ekki því, sem þyrfti. Skólastjóri skólans, Valborg Sigurðardóttir, sagði t. d. í ræðu, sem hún hélt við skólaslit þar í fyrra, að bara til þeirra barnaheimila, sem ætti að byggja í Reykjavík á næstu 5 árum, þyrfti 50—60 sérmenntaðar fóstrur, og reiknar hún þá bara með fóstrum í stöður forstöðukvenna og til deildagæzlu. Og það er langt frá því, að skólinn, eins og hann er nú, anni slíku, þannig að þarna er skortur á þeim fóstrum, sem eru raunverulegir kennarar þessara barna, þannig að ríkið þarf að taka að sér svona fóstruskóla. Hins vegar vildum við ekki vera að setja nákvæm fyrirmæli um þetta í þessa grein, heldur höfðum það svipað og þegar þessi hv. d. afgreiddi tækniskólann í fyrra og heimilaði að miklu leyti rn. að gefa út reglugerð um hans starf, sem væri gerð ýtarlegri síðar, og sett um það lög aðeins til þess að koma þessu af stað. Til þess að vekja meiri eftirtekt á þessu og til þess að vekja eftirtekt þjóðfélagsins á þeim skyldum, sem það hefur við slíka skólastofnun, tókum við þetta sérstaklega með í 4. gr.

Þau barnaheimili, sem undir þetta mundu koma, eru í fyrsta lagi dagheimili fyrir börn 2—6 ára, þ. e. börn, sem eru þarna frá því um morgnana þangað til á kvöldin og borða á þessum dagheimilum, í öðru lagi vistheimili fyrir þau börn, sem geta ekki dvalizt heima hjá sér. Því meiri sem stórborgarbragurinn verður, sérstaklega hér í Reykjavík, því meira er um það, að þau börn, sem í heiminn fæðast, hafi ekki slíka umönnun frá sínum foreldrum, að þeim sé treystandi fyrir þeim, og hið opinbera hefur orðið í ákaflega mörgum tilfellum að taka sín börn af heimilum og getur þó ekki gert það í eins mörgum tilfellum og það hefði verið nauðsynlegt, og fram að þessu hefur það engan veginn verið gott, hvernig slíkum börnum hefur verið komið fyrir. Það ætti þó í okkar ríka þjóðfélagi sannarlega að vera eitt af því, sem þjóðfélagið ætti að setja sér, að þau börn, sem eiga raunverulega

ekki aðra að en þjóðfélagið sem slíkt, ættu að geta átt góða fóstru, þar sem þjóðfélagið væri. Ísland er ekki svo fátækt lengur, að það geti ekki séð fyrir þeim tugum eða hundruðum barna, sem ekki geta treyst á framfæri sinna foreldra, þannig að það er nú verið að byggja slíkt vistheimili í Reykjavík, og veitir ekki af, að þar sé meira að gert. Í þriðja lagi koma undir þetta vöggustofur fyrir börn, sem eru undir tveggja ára, eða eins og það er kallað hjá þeim fóstrunum: vöggustofur, og svo skriðdeild fyrir eins árs. Og í fjórða lagi kæmi undir þetta sumardvalarheimili fyrir börn, sem okkur hefur þótt rétt að taka þarna undir líka.

Við höfum samið allýtarlega grg. og ráðfært okkur þar nokkuð við ýmsar þeirra kvenna, sem mikið hafa haft með þessi mál að gera hér í Reykjavík og Kópavogi. Engu að síður efumst við ekki um, að eitthvað er í þessu, sem laga mætti og gera betur úr garði, og ég vil alvarlega biðja hv. þm. að athuga þetta mál. Þetta er áreiðanlega eitt af þeim málum, sem seinna meir á eftir að verða samþykkt og verða liður í uppeldisstofnunum þjóðarinnar, og það er því ánægjulegra og því betra, því fyrr sem slíkt verður gert.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að þetta mál gangi til 2. umr. að lokinni þessari umr. Ég mun ekki gera till. um nefnd, en ég býst við, ef gerð er till. um nefnd, þá mundi það vera hv. heilbr.- og félmn., sem það ætti að fara til. Hins vegar vil ég segja það, um leið og rætt er um nefndarstörfin hér í okkar hv. d. nú, að það er að verða til sífellt meiri vansa fyrir Alþingi, hvernig nefndarstörfin eru rekin. Það kemur varla fyrir, að nefndir skili áliti um mál nema þá stjórnarfrv. og rétt einstaka þmfrv., sem stjórnarmeirihl. ákveður að skuli ganga fram. Þetta er að verða alveg óþolandi. Það er skylda nefnda að taka mál til meðferðar, hvort sem menn eru málunum hlynntir eða ekki, og ég álít það vera alveg nauðsynlegt fyrir okkur að brjóta í blað. Ég er ekki að segja það sérstaklega til þess stjórnarmeirihl., sem nú er. Þetta hefur líka gilt um stjórnarmeirihl., sem áður hafa verið, og þetta fer þó hjá okkur sífellt versnandi, þegar litið er á áratugina. Það er alveg nauðsynlegt, að við förum að taka upp aftur þann hátt, að n. skili áliti um þau frv., sem til þeirra fara. Það er hægur vandi fyrir stjórnarmeirihl., sem kærir sig ekki um að láta samþykkja frv. að svo stöddu, að leggja til að vísa slíku frv. til ríkisstj., ef hann væri mjög andvígur slíku frv., að leggja til að fella það, en a. m. k. að láta slíkt frv. fá meðferð í nefnd, leita umsagna um slíkt frv., prenta umsagnir með grg. og láta mál koma til 2. umr. og láta þau fá þar sína þinglegu afgreiðslu, hvort sem þau eru samþykkt eða felld eða vísað til ríkisstj. eða umbreytt eða hvað sem gert er. Það er að verða þannig með báðar þingdeildir, þó betra hér í hv. Nd., að það er að verða varla nægilegt af frv. til þess að halda fundi þá 4 daga vikunnar, sem nú er ákveðið, m. a. vegna þess, að 9/10 af öllum frv. koma aldrei aftur úr nefnd. Og þetta er starfsemi, sem ekki getur gengið hjá okkur. N. eru ekki hugsaðar sem kirkjugarðar, heldur sem starfandi nefndir til þess að athuga þau mál, sem fyrir koma, — þetta hefur farið versnandi á þeim tveim áratugum, sem ég hef átt sæti hér, og ég held, að ef þetta fer að versna hjá okkur, þá erum við beinlínis að stofna okkar þingræðisvenjum, okkar þingræði í hættu með þessu móti. Ég er ekki að segja þetta eingöngu út af þessu frv. eða út af því, sem ég eða Alþb. hefur flutt. Þetta gildir yfirleitt, hverjir sem hlut eiga að máli, og hefur gilt, hvaða flokkar sem hlut eiga að máli, á undanförnum áratugum í allt of ríkum mæli. Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að við förum þarna að brjóta í blað og afgreiða þessi mál. Ég veit, að það eru til nefndir, sem hafa haft þann sið að afgreiða þessi mál, þær eru til, en aðrar, sem hafa verið því ihaldssamari og sleppt helzt aldrei neinu út úr sínum klóm.

Ég vil svo óska þess, að hv. þm. athugi þetta mál, og treysti á velvilja þeirra um það að fá þetta samþykkt, annaðhvort í þeirri mynd, sem það nú er borið fram, eða með þeim breytingum, sem það kynni að taka hér á Alþingi. En aðalatriðið er, að hér er hreyft við þjóðfélagslegu vandamáli, sem að vísu var hreyft hér við fyrir 18 árum og þá átti miklu minna upp á pallborðið í þjóðfélaginu en nú. Og ég held, að þau bæjarfélög, sem síðan hafa sýnt lofsverðan áhuga í þessum málum, eigi það skilið af ríkisins og þjóðfélagsheildarinnar hálfu, að þeim sé veittur stuðningur til þess ekki aðeins að koma þeim málum fram, sem þau eru nú með, heldur til þess að hraða þeirri þróun, sem þessi bæjarfélög hafa gert áætlanir um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndaráliti, á þskj. 658, var útbýtt 11. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Efnahagsmál.

Á 49. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 20. febr. 1960, um efnahagsmál [127. mál] (þmfrv., A. 223).

Á 53., 54. og 55. fundi í Nd., 10., 11. og 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er eitt mesta vandamál allra frjálsra þjóðfélaga að hafa það skipulag eða framkvæmd á efnhagsmálum sínum, að ekki séu tíðar kaupdeilur og verkföll, því að slíkum átökum vilja fylgja margvíslegir erfiðleikar, og þess vegna er unnið að því af ráðamönnum allra frjálsra þjóðfélaga að reyna að halda þannig á efnahagsmál-

um, að ekki komi til slíkra átaka. Eitt það ráð, sem hefur verið lögð mikil áherzla á í því sambandi, er að hafa þann hátt á, að kaupsamningar milli atvinnurekendasamtaka og launþegasamtaka séu gerðir til langs tíma. En til þess að sá háttur verði á hafður, að hægt sé að gera kaupsamninga til langs tíma, er það af skiljanlegum ástæðum eitt meginatriðið, sem launþegar hljóta að leggja áherzlu á, að á þeim tíma, sem slíkir samningar gilda, verði sem minnstar verðbreytingar, sem skerði launin, eða a. m. k. sé trygging fyrir því, að ef slíkar verðbreytingar verði, fái launþegar það bætt á einhvern hátt, meðan kaupsamningarnir eru í gildi. Í mörgum löndum hefur þess vegna sá háttur verið á hafður í þessum efnum, þar sem gerðir hafa verið kaupsamningar til langs tíma, að samið hefur verið um eins konar verðtryggingu kaupsins eða verðlagsuppbætur, sem ýmist er kallað svo. Ég vil t. d. nefna það í þessu sambandi, að á s. l. ári, þegar náðist víðtæk lausn í Danmörku í efnahagsmálum, sem byggð var á samkomulagi milli þáv. ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar og líka á samkomulagi við verkalýðssamtökin, var það einn þáttur þess samkomulags, að launþegarnir nytu vissrar kauptryggingar, þannig að ef vísitala verðlags hækkaði um ákveðinn stigafjölda, ættu launþegar að fá dýrtíðar- eða verðlagsuppbætur. Og samkvæmt þessu samkomulagi hafa t. d. launþegar í Danmörku nú fyrir fáum dögum fengið nokkra kauphækkun eða verðlagsbætur, vegna þess að verðlagsvísitalan þar hækkaði um það mörg stig, að samkvæmt samkomulaginu áttu launþegar rétt á því að fá verðlagsuppbætur samkv. samningunum. Ég vil enn fremur benda á það, að nú eftir áramótin hafa verið gerðir allvíðtækir kaupsamningar í Finnlandi til 2 ára, eins og þm. geta lesið um í tímariti því, sem Norðurlandaráð gefur út og hér er útbýtt. Samkv. þessum samningum, sem flest verkalýðssamtökin í Finnlandi eru orðin aðili að, er samið um nokkra grunnkaupshækkun bæði árin og auk þess um verðlagstryggingu, ef verðlagið hækkar fram úr vissu marki. Í Finnlandi hefur að undanförnu verið nokkuð róstusamt í þessum málum, þó að það nálgist hvergi nærri það, sem verið hefur hjá okkur, og þess vegna töldu atvinnurekendur rétt að gera samninga, sem fólu í sér verðlagsuppbætur, ef væri hægt að ná samkomulagi við launþegasamtökin um, að samningarnir giltu til langs tíma eða til tveggja ára, eins og samið hefur verið um í Finnlandi.

Það, sem segja má að sé ávinningur slíkrar verðtryggingar á kaupi, auk þess sem launþegarnir fá sína aðstöðu tryggða, er í fyrsta lagi það, að þetta tryggir vinnufriðinn til lengri tíma en ella, og svo í öðru lagi, og það er kannske aðalatriðið og það, sem mestu máli skiptir, að þetta skapar valdhöfunum eða ríkisstj. aðhald um það að gera sitt ýtrasta til þess að halda verðlaginu í skefjum, því að valdhöfum eða ríkisstj., þar sem slíkir samningar eru í gildi, er ljóst, að ef verðlag fer yfir ákveðið mark, hefur það almennar kauphækkanir í för með sér. Þess vegna hefur það verið þannig, að það má nokkurn veginn þekkja þau lönd úr, þar sem slíkt fyrirkomulag hefur gilt, að þar hafa ríkisstj. kappkostað meira en annars staðar að gera ráðstafanir til þess að halda verðlagi í skefjum.

Eins og þm. munu minnast, var að vísu um alllangt skeið það fyrirkomulag ríkjandi hér á landi, að verðlagsuppbót eða dýrtíðaruppbót var í gildi. Menn fundu þessu fyrirkomulagi þá ýmislegt til foráttu, enda skal ég fúslega viðurkenna það, að á því voru ýmsir ágallar, og m. a. var sú dýrtíðarvísitala, sem þá var miðað við, allt önnur og óheppilegri í þessum efnum heldur en sú vísitala, sem nú er gildandi. Ég sé ekki ástæðu til þess að þessu sinni að rekja þetta nánar, en þetta fólst í því, að uppbygging gömlu vísitölunnar var talsvert önnur en núverandi vísitölu og meðal annars á þann hátt, að verðhækkanir á landbúnaðarvörum verkuðu meira á hana heldur en nú á sér stað. En þetta liggur í því, að gamla vísitalan var miðuð við það, þegar kaupmáttur launþega var miklu minni en hann hefur þó verið á síðari árum og innkaupin fábreyttari heldur en þau hafa síðar orðið.

Þegar núv. ríkisstj. kom til valda, var það hennar skoðun, að það mundi vera helzta meinabót í þessum efnum að fella þessar verðlagsuppbætur alveg niður og ganga svo rækilega til verks að banna þær með lögum, eins og gert var með viðreisnarlögunum, sem sett voru 1960. Það virtist þá vera trú núverandi valdhafa, að allar hinar svokölluðu víxlhækkanir á kaupgjaldi og verðlagi yrðu úr sögunni, ef það væri sett bann við dýrtíðar- og verðlagsuppbótun, og því væri það ein hin mikilvægasta lausn í efnahagsmálum að setja þetta bann gegn verðlagsuppbótum, sem áður voru í gildi.

Það eru nú liðin 4 ár síðan þetta bann var sett og þess vegna fengin nokkur reynsla um það, hvort í þessu sé fólgin leið til þess að koma í veg fyrir víxlhækkanir á kaupgjaldi og verðlagi. Reynslan er í stuttu máli sú og þarf ekki að rekja hér með mörgum orðum, vegna þess að hún er öllum þingheimi kunn, að víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags og aukning dýrtíðar og verðbólgu hefur aldrei orðið meiri en síðan þetta bann var í lög leitt. Og til þess liggja alveg augljósar ástæður. Í fyrsta lagi sú ástæða, að þegar launþegar fengu ekki afkomu sína tryggða á þennan hátt, með verðlagsuppbótum eða vísitöluuppbótum, urðu þeir að leita annarra ráða til að fá hag sinn bættan vegna hækkandi og vaxandi dýrtíðar, urðu að leita annarra ráða, — ráða, sem hafa augljóslega orðið vinnufriðnum í landinu miklu óheppilegri en það fyrirkomulag, sem áður var í gildi. Annað, sem leiddi af þessari breytingu eða þessu banni, var það, að ríkisvaldið gerðist miklu áhugaminna um það að halda verðlaginu niðri, enda er augljóst, að þegar viðkomandi ríkisstj. hefur þá skoðun, að það sé engin hætta á ferðum, það komi engar kauphækkanir, a. m. k. ekki strax, ef verðlag hækkar, þá er hún miklu áhugaminni um að halda verðlaginu niðri og freistast jafnvel til þess að gera sjálf ýmsar ráðstafanir til verðhækkunar, sem hún ella mundi ekki gera, ef verðlagsuppbætur væru gildandi. Sú hefur líka tvímælalaust orðið raunin á á undanförnum árum, að ríkisstj. hefur sýnt miklu minni aðgætni í þessum efnum heldur en átti sér þó áður stað, eins og líka sést á því, að verð-

hækkanir eða dýrtíðaraukning hefur orðið miklu meiri á þessum tíma en áður fyrr.

Ég hygg, að það sé nú orðið álit flestra, að það ástand, sem nú ríkir í þessum efnum, hinar tíðu kaupdeilur og hin tíðu verkföll, geti ekki haldizt til lengdar. En ég held, að mönnum sé það einnig ljóst, að ef sú verðlagsþróun heldur áfram í landinu, sem átt hefur sér stað að undanförnu, verður erfitt að koma í veg fyrir það, að kaupdeilur og verkföll haldi áfram, því að að sjálfsögðu reyna launþegar að leita réttar síns á einhvern hátt og það með þessum hætti, ef ekki er hægt að gera það öðruvísi. En afleiðingarnar geta hins vegar orðið hinar óhagstæðustu fyrir þjóðarheildina, ef þessi glíma heldur áfram með svipuðum hætti og verið hefur að undanförnu. Þess vegna er orðið nauðsynlegt að leita nýrra ráða í þessum efnum og athuga þá möguleika, sem beztir verða taldir til að tryggja það, að hægt sé að koma í veg fyrir þessa óheillaþróun á þann hátt, að launþegar og atvinnurekendur geti þó vel sætt sig við það fyrirkomulag, sem upp er tekið, og ég hygg, að ef við virðum fyrir okkur þá reynslu nágrannalandanna, sem ég hef nokkuð vikið að áður í ræðu minni, þá sé ekki hyggilegra að leita annarra úrræða heldur en þeirra, að hér verði samið um verðtryggingu launa með líkum hætti og á sér stað í nágrannalöndum okkar, en að sjálfsögðu þá með því skilyrði, að kaupsamningar gildi til lengri tíma en nú á sér stað. Ég hygg, að þetta fyrirkomulag, ef við legðum til grundvallar fyrirmyndir annarra þjóða, mundi reynast okkur stórum heppilegra en það ástand, sem nú er búið við.

Það hefur oft verið talað um það og hæstv. núv. ríkisstj. hefur ekki sízt lagt áherzlu á, að það sé nauðsynlegt að koma í veg fyrir allar víxlhækkanir á kaupgjaldi og verðlagi. En ég satt að segja minnist þess ekki, að það hafi nokkurs staðar hjá þjóð, sem býr við lýðræðisskipulag og þingræðisskipulag, tekizt að koma í veg fyrir allar víxlhækkanir á verðlagi og kaupgjaldi. Það leiðir af hinu frjálsa skipulagi, að slíkar gagnverkandi hækkanir hljóta alltaf að eiga sér stað og eru nauðsynlegar, líka að vissu marki nauðsynlegar til að halda uppi jafnvægi á milli stéttanna í landinu. Og við getum ekki gert ráð fyrir því, að okkur takist frekar að finna upp einhverja reglu í þessum efnum en öðrum þjóðum, — reglu, sem útilokar það, að einhverjar gagnverkandi hækkanir á kaupgjaldi og verðlagi eigi sér stað. En hitt er annað mál, að það á að vera hægt að hafa áhrif á það, að þessar víxlhækkanir séu innan skynsamlegra takmarka, og að því ber að stefna. Og ég hygg, að enn hafi ekki verið fundið upp annað fyrirkomulag, sem tryggi það betur, að þessum víxlhækkunum sé haldið innan skynsamlegra takmarka, heldur en það fyrirkomulag, sem ég var hér að minnast á, að gerðir væru kaupsamningar til langs tíma á þeim grundvelli, að launþegar nytu vissrar verðtryggingar á kaupi sínu. Sú reynsla, sem við höfum haft af þessu áður, er að vísu ekki eins góð og vera skyldi, en ég hygg, að það liggi líka fyrst og fremst í því, að það fyrirkomulag, sem þá var búið við í þessum efnum, var gallað. og það sé hægt að finna annað fyrirkomulag, sem mundi reynast betur, þ. e. a. s. koma verðtryggingu launanna eða kaupgjaldsins í framkvæmd á hátt, sem hefði ekki þá þróun í för með sér, sem leiddi af hinu gamla fyrirkomulagi í þessum efnum hér áður fyrr, og að því ber að sjálfsögðu að stefna og kynna sér þá erlenda reynslu, sem vel hefur gefizt í þessum efnum.

Eins og kunnugt er, gilda þeir kaupsamningar, sem seinast voru gerðir, ekki nema til nokkurra mánaða, þannig að þeir kaupsamningar renna út hjá flestum verkalýðsfélögum, þegar kemur fram á vorið, og að óbreyttu ástandi má gera ráð fyrir, að þá geti meiri eða minni átök átt sér stað. Ég hygg, að ef ætti að vinna að því, þegar að nýjum kaupsamningum kemur, að leysa þessi mál farsællega, þá skipti það meira máli fyrir alla aðila og ekki sízt fyrir launþegana að leggja áherzlu á að fá einhverja verðtryggingu kaupsins tekna í samninga heldur en leggja mikla áherzlu á beinar kauphækkanir. Ég held, að það mundi verða notadrýgra fyrir launþegasamtökin að fá þróuninni beint inn á þennan veg heldur en leggja mikið kapp á, að stórfelldar kauphækkanir eigi sér stað, og það sé það meginmálefni, sem launþegasamtökin eigi nú að beina sér að og eru líka farin að beina sér að í vaxandi mæli, en það er að fá vissa verðtryggingu launanna í samninga eða í lög tekna og þá að sjálfsögðu gegn því, að samið verði til langs tíma og vinnufriður tryggður á þann hátt. En eins og íslenzkri löggjöf er háttað í dag, er ekki hægt að gera slíka samninga, þá er ekki hægt að gera kaupsamninga, sem fela í sér verðtryggingu á kaupgjaldi, vegna þess að 23. gr. viðreisnarlaganna svonefndu frá 1960 bannar það, að samið sé um nokkurs konar verðtryggingu á kaupi, og það er af þeim ástæðum, sem ég hef ásamt þrem þm. öðrum lagt fram það frv., sem hér er nú til umr., um að fella þetta bann niður og gera það frjálst að nýju, að atvinnurekendur og launþegar geti samið um verðtryggingu á kaupgjaldi í því formi, sem þeir kunna að telja heppilegast. Ég held, að með tilliti til þeirra átaka eða þeirra samninga, sem eru fram undan í þessum efnum á næsta vori, sé það hyggilega gert af Alþingi að fella þetta bann nú niður, svo að það verði mögulegt fyrir atvinnurekendur og launþega á vori komanda að leita eftir því, hvort ekki verði hægt að ná samkomulagi á þeim grundvelli, að tekin verði upp verðtrygging á launum eða kaupinu og þá með þeim hætti, að slíkir samningar verði gerðir til langs tíma. Ég hygg, að það fyrirkomulag mundi verða til þess, að þróunin í framtíðinni yrði heppilegri fyrir alla aðila í þessum efnum en átt hefur sér stað að undanförnu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að gera nánari grein fyrir þessu frv. að sinni, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til fjhn. að þessari umr. lokinni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þegar kaupgjaldsmál hafa verið til umr., hefur það jafnan borið á góma, að kauphækkanir vinnandi fólks í landinu séu orsök allra erfiðleika í efnahagsmálum þjóðarinnar. Og ég fæ ekki betur séð en í viðreisnarlöggjöfinni svokölluðu frá 1960 hafi það átt að vera einn meginþátturinn í því að koma

á jafnvægi, heilbrigðu efnahagslífi og velferðarríki á Íslandi að slíta kaupgjaldið úr sambandi við verðlagið. Nú eru liðin 4 ár síðan, og menn sjá árangurinn, hver hann er. Þarf ég ekki að rekja í einstökum atriðum, hvernig nú er komið. En mönnum verður sumum hverjum tíðrætt um það, að allt sé þetta af einni rót runnið, þ. e. þeirri, að kaupgjaldshækkanir hafi orðið þjóðinni *til stórskaða. Mönnum, sumum hverjum,* hefur meira að segja verið gjarnt á að flokka kaupgjaldshækkanir í tvo flokka, sem þeir kalla raunhæfar kjarabætur og óraunhæfar kjarabætur. Það er að vísu dálítið óljóst, eftir hvaða lögmáli þetta fer, en mér reiknast svo til, að allar kauphækkanir frá því í marz 1960 séu taldar óraunhæfar nema ein, en hún sé raunhæf kjarabót, og skal ég koma að því seinna. Það er a. m. k. ómaksins vert að gera sér grein fyrir því, hvort þessar kauphækkanir fólks eru ástæðulausar, hvort þær séu bara til þess gerðar að koma ríkisstj. út á kaldan klaka, efnahagskerfi þjóðarinnar í öngþveiti o. s. frv. eða af hvaða ástæðum þær eru til orðnar.

Í marz 1960, þegar þessi lög voru sett, var vísitala verðlagsins 101 stig. Þá bað hæstv. ríkisstj. um frið, frið til að framkvæma viðreisnarstefnuna, það yrði aðeins í bili, sem einhver smávegis kjaraskerðing kæmi kannske til greina, og *ef ég man rétt, held ég,* að það hafi verið sagt í bæklingnum „Viðreisn", að þetta yrði kannske 3% og kannske ekki neitt. Verkalýðsstéttirnar í landinu urðu við þessum óskum stjórnarvaldanna, að vera ekki með kaupkröfur fyrst í stað, og það var meira en dagur eða vika, sem stéttirnar héldu þennan frið. Það liðu sem sé 15 mánuðir frá þessari löggjöf, að kaupgjaldið var slitið úr sambandi við verðlagið, og þar til menn fóru út í kaupdeilur. Það var frá því í marz 1960 og þar til í júní 1961, sem fólkið í landinu sætti sig við þessa viðreisn og beið eftir kjarabótunum og velmeguninni. Það verður því aldrei sakað um það, fólkið, að í upphafi þessa tímabils hafi það verið því að kenna, að verðhækkanir urðu. Og ári áður, réttu ári áður, höfðu þessir sömu flokkar lækkað kaup með lögum. En sú bót var þó í máli með þeirri ráðstöfun, að verðlag var líka lækkað og vísitala verðlagsins hækkaði ekki það ár, vegna þess að þetta var látið haldast í hendur, enda var þá kaupgjaldið í tengslum við vísitöluna.

Þegar svo þessi stefna er tekin upp í kaupgjaldsmálunum, er verðlagið ekki lengur í sömu skorðum, enda var ekki við því að búast, þegar samfara þessari ráðstöfun kom gífurleg gengislækkun, söluskattarnir, vaxtahækkanirnar og margt fleira af sama tagi. Ég er ekki í nokkrum vafa, hvað var meint með þessu. Þetta var það, sem kallað var þá af hálfu stjórnarvaldanna að stöðva verðbólguna. Það átti að stöðva verðbólguna með dýrtíð. Það átti að hindra það, að menn gætu lagt út í framkvæmdir, með því að gera þær svo dýrar, að þeim væri það ómögulegt. Og auðvitað hefur þetta borið sinn árangur, þ. e. a. s. hjá þeim, sem ekki höfðu mjög rúman aðgang að lánsfé og voru ekki á háum launum, einstaklingarnir, til þess að geta lagt í framkvæmdir. Eftir 15 mánaða tímabil hefur vísitala verðlagsins hækkað um 17 stig eða hér um bil nákvæmlega 17%. En fólkið beið og það gerði ekki neitt, það var ekki með neinar kröfur. Þessi 17 stiga hækkun verður aldrei færð á reikning vinnustéttanna í landinu. Þessi 17 stiga hækkun þýðir sem svarar 8400 kr. útgjaldaaukningu hjá vísitölufjölskyldu á einu ári. 17 stiga hækkunin er um 8400 kr. skattur eða ef við viljum heldur kalla það *hreinlega* 8400 kr. kauplækkun á 15 mánuðum.

Þá gat fólkið ekki þolað við lengur, og er það skiljanlegt, að það hafi þurft einhverjar bætur eftir þetta fyrsta spor viðreisnarinnar, sem tók 15 mánuði. Jú, þá kom til vinnudeilu og loks kauphækkunar, sem nam 10—11%. En þessari kjarabót eða réttara sagt þessari lítilfjörlegu kauphækkun var mætt með nýrri gengislækkun. Svo mikið þurfti við. Þó nam þessi kauphækkun hjá verkamanni yfir árið ekki nema sem svaraði 4970 kr. miðað við Dagsbrúnarkaup. Til þess að bæta kjaraskerðingu, sem nam um 8400 kr. á einu ári, átti verkamaðurinn að fá 4970 kr. hækkun á kaupinu sínu yfir árið, miðað við dagvinnu. Samt var þessu mætt með gengislækkun.

Svo kemur næsta tímabil. Það eru 12 mánuðir, það er frá því í júní 1961 og þangað til í júní 1962. Verðlagshækkanirnar halda áfram. Það bætast 15 stig við vísitölu verðlagsins á þessum 12 *mánuðum,* hlutfallslega heldur meira en fyrra tímabilið. Þessi hækkun á þessum 12 mánuðum nam sem svaraði 7300 kr. skatti á vísitölufjölskylduna. Átti nú fólk að fara að gera kröfur um einhverjar bætur gegn þessu? Auðvitað komst það ekki hjá því. Fjölskyldurnar lifðu ekki á kaupinu, ef þær áttu að taka á sig svona byrðar bótalaust. Og þá fæst aftur kauphækkun, sem var svipuð hinni fyrri, nam sem svarar 4900 kr. á verkamannskaup yfir árið, til þess að mæta síðari hækkuninni, sem var 7300 kr. Þannig eru verkamennirnir alltaf á eftir og fá ekki nema part af hverri hækkun, sem orðin er á undan.

En þá hefði kannske mátt búast við þriðju gengislækkuninni, því að það hlaut þó að vera glapræði að hækka kaup þetta vor eins og vorið áður og þurfa eftir sömu rökum að dæma að framkvæma nýja gengislækkun. En það var ekki gert. Það var látið staðar numið í gengislækkunarleiknum, hvort sem það hefur verið af því, að þá var *ekki ár til kosninga,* eða það hefur verið eitthvað annað, sem hefur valdið. En áfram heldur vísitala verðlagsins að hækka. Frá því í júní 1962 og þar til í janúar 1963, eða á 7 mánuðum, hækkar hún um 12 stig. Þetta hafði hún þó farið hraðast, um 12 stig á 7 mánuðum. Það fer ekki hjá því, að menn taki eftir því, að skriðurinn er smátt og smátt að aukast. 17 stig á fyrstu 15 mánuðunum, 15 stig á næstu 12 og 12 stig á 7 mánuðum. En þá gerist það, að í jan. 1963 koma menn sér saman um kauphækkanir án nokkurrar deilu, án nokkurra uppsagna á samningum, án þess að skrifaður væri einn einasti stafur. Það var svo að segja þegjandi samkomulag að greiða 5% kauphækkun. Allir töldu þetta sjálfsagt, alveg sjálfsagt, og það minntist ekki einn einasti maður á það, að þetta kynni að valda verðhækkun. Það var engin hætta á ferðum. Þarna var nefnilega „raunhæf" kjarabót

á ferðinni, en þá voru ekki heldur nema 4 mánuðir til kosninga.

Nú eru ýmsir menn þeirrar skoðunar, að stjórnarvöld geti haft eitthvert vald á því, hvað mikill hluti af kauphækkun þurfi að koma inn í verðlagið, það hafi sýnt sig öll tímabilin á undan, að verðlagið hækkaði miklu meira og jafnvel helmingi meira en svaraði kauphækkunum. En svo kom þessi „raunhæfa“ kauphækkun, og hún kom inn í verðlagið, en hún náði þó ekki nærri því, sem kaupið hækkaði. Kaupið hækkaði þarna yfir árið hjá verkamanni sem svarar 3000 kr., en verðhækkanirnar námu ekki nema sem svaraði 1800 kr. fyrir vísitölufjölskyldu yfir árið. Hvernig á þessu stendur, er mér ekki fyllilega ljóst, en ég held, að það hljóti að liggja í því, að þarna hafi stjórnarvöldin haft fullan hug á að láta ekki verðlagið hækka nema hóflega þrátt fyrir kauphækkun, þvert á móti hinu, sem gerzt hafði í öllum kauphækkunum þar á undan. Á næstu 5 mán., frá því í jan. 1963 þar til í júní 1963, bætast þó ekki nema 4 vísitölustig við. Ég held, að það verði ekki dregið í neinn efa, að þarna hefur komið til fullur vilji stjórnarvalda til að gæta þess, að verðhækkanir yrðu sem allra minnstar þrátt fyrir kauphækkanirnar, og svo kynni að hafa mátt gera í hinum tilfellunum líka, þó að það væri ekki gert.

Þá er næsta tímabil, sem ég vil nefna, það er frá því í júní 1963 þar til í des. 1963. Á þessum 6 mán. keyrði alveg um þverbak. Þá var metið sett í verðhækkunum. Á 6 mán. hækkar vísitala verðlagsins um 17 stig. Þetta samsvarar um 8400 kr. skatti yfir árið á vísitölufjölskyldu, en kauphækkunin, sem fékkst þarna í júní, nam þó ekki nema u. þ. b. 4700 kr. handa verkamanni yfir árið.

Sé nú tímabilið tekið í heild frá því í marz 1960 og þar til í desemberbyrjun 1963, eða 45 mán., þá hafa verðhækkanirnar orðið um 65% eða vísitala verðlagsins hækkað úr 101 stigi í 166. Og hækkanirnar hafa numið samkvæmt skýrslum hagstofunnar sem svarar 31 600 kr. á vísitölufjölskyldu yfir árið. En allar kauphækkanirnar á sama tímabili hafa hjá verkamanni ekki numið nema sem svarar 17 600 kr. á ári. Þetta er útkoman hjá launafólkinu yfir viðreisnartímabilið allt, eins og ég hef nú lýst. Hvernig er svo hægt að halda því fram enn, að allt sé verkafólkinu að kenna, allt sé launahækkununum að kenna? Ég held, að þessi dæmi, sem ég hef hér sýnt fram á og eru tekin upp úr skýrslum hagstofunnar, sýni það, að aldrei verður hægt með nokkrum rökum að saka launafólk um, að það hafi spennt upp dýrtíðina eins og hún hefur orðið. Í nauðvörn hefur það orðið að fá einhverjar bætur vegna vaxandi dýrtíðar, en aldrei fengið nema sem svarar helmingnum af hækkununum.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., stefnir að því, að numið verði úr gildi það ákvæði laganna frá 1960, sem bannar, að vísitala sé greidd á kaup. Till. sama efnis hafa þm. Alþb. flutt á undanförnum þingum, og það lætur að líkum, að að sjálfsögðu munum við fylgja því frv., sem hér er til umr. Með lögunum 1960, efnahagslögunum, var að því stefnt, að þær geysilegu verðhækkanir, sem urðu á öllum vörum og allri þjónustu í kjölfar gengislækkunarinnar, kæmu óbættar yfir á herðar launþeganna. Þá höfðu um áratugi verið þau ákvæði í samningum verkalýðsfélaga við atvinnurekendur, að kaup skyldi hækka, ef verðlag hækkaði. Þetta hafði verið með ýmsu móti, ekki alltaf eins, en þó í grundvallaratriðum þessi ákvæði og það viðurkennt, að launþegar ættu rétt á að fá bætur á kaup sitt, ef verðhækkanir yrðu. En með lögunum frá 1960 var gert ráð fyrir að fara nú aðra leið, þ. e. að banna með lögum, að slíkar bætur væru greiddar á kaupið, og með lögunum voru ógilt öll samningsákvæði í samningum verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur, sem um þetta fjölluðu og að sjálfsögðu voru ein meginstoðin undir þeim kaup- og kjarasamningum, sem verkalýðsfélögin höfðu gert. Ætlunin var sem sagt, að verðhækkanirnar skyldu velta yfir og koma óbættar á herðar almennings.

Það má vera, að stjórnarvöldin hafi reiknað með, að þetta tækist, það væri hægt að framkvæma slíka stefnu. En ég held, að öllum megi nú vera ljóst, að slík stefna er ekki framkvæmanleg í okkar landi, ef verkalýðsfélögin fá að búa við það frelsi, sem þau hafa búið við. Þetta hefur ekki tekizt. Að vísu hefur verkalýðshreyfingunni ekki tekizt fyllilega að halda í við þá gífurlega auknu dýrtíð, sem orðið hefur, eins og síðasti ræðumaður glögglega sýndi fram á. En það er annað, sem hefur komið í staðinn. Menn hafa kannske einhverjir trúað því í raun og veru, að með því að taka úr sambandi vísitöluna og kaupið, þá kæmist á meira jafnvægi og meiri friður, jafnvægi á þann hátt, að verðhækkanir gætu orðið eins og verkast vildi, en kaupið sæti eftir. Það, sem orðið hefur vegna þess, að þessi háttur var á hafður, að afnema eða banna, að vísitala væri greidd á kaupið, er einmitt hið gagnstæða. Í staðinn fyrir meiri frið og meira jafnvægi hafa orðið meiri átök og meiri ófriður á vinnumarkaðinum en nokkurn tíma áður. Þessa sögu þarf ekki að rekja, hana þekkja allir.

Öll met voru slegin á s. l. ári, þegar verkalýðshreyfingin varð þrisvar sinnum að leggja til átaka vegna samninga, og öllum er í fersku minni það, sem gerðist í árslokin. Nú er fram undan alveg á næstunni ný endurskoðun á kjarasamningunum, því að samningar þeir, sem gerðir voru í des., gilda aðeins til 6 mán., og meira að segja æðimörg af félögum í landinu eru enn samningslaus, vinna eftir kauptöxtum. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, að einmitt þessi mál eru nú tekin upp hér á Alþ.

Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að á undanförnum árum eða undanförnum mánuðum, kannske mætti segja hálfu öðru ári eða svo, þá hefur mjög vaxið skilningur atvinnurekenda og jafnvel stjórnarvalda líka á því, að þetta getur ekki lengur gengið svona. Hér verður að verða á breyting. Það er algerlega útilokað, að verkalýðshreyfingin geti gert samninga til langs tíma, búandi við þau skilyrði, sem verið hafa, með banni við verðtryggingu á kaupi. Það er algerlega útilokað. Allir draumar um vinnufrið og langa samninga eru þess vegna eintómar tálvonir. Þeir, sem í alvöru vilja leggja eitthvað

af mörkum til þess, að hér geti verið vinnufriður og hægt að koma á löngum samningum, þeir verða þess vegna að íhuga þessi mál alveg sérstaklega. Það er að vísu ýmislegt annað, sem verður til að koma, en hér er um algert meginatriði að ræða.

Í þeim samningaviðræðum, sem fram fóru í desembermánuði, voru báðir samningsaðilar, bæði fulltrúar verkalýðsfélaganna og einnig fulltrúar atvinnurekenda, í grundvallaratriðum sammála um, að það bæri að taka upp aftur *vísitölugreiðslur* á kaup, verðtryggingu á kaupið, — í grundvallaratriðum sammála, — og var meira að segja búið að ræða og koma sér saman um í öllum höfuðatriðum, hvernig þetta skyldi framkvæmt. *Í till. ríkisstj., sem hún gerði til lausnar deilunni*, var einnig gengið inn á þetta grundvallarsjónarmið. Hins vegar voru á því svo miklir annmarkar, að ekki einn einasti maður úr samningahópi verkalýðsfélaganna taldi viðhlítandi að ganga að *þeim kjörum, sem ríkisstj.* bauð upp á. En í till. hennar var þó viðurkennt, að taka bæri upp aftur verðtryggingu á kaupi.

Ég held, að þetta sýni, að það hefur orðið á breyting, alger breyting í afstöðunni til ákvæðanna um vísitölu á kaup, og það er trú mín, að það muni skammt í, að þetta verði viðurkennt í reynd. En eins og ég sagði áðan og fram hefur verið tekið hér, þá er nú skammt til þess, að samningaviðræður hefjist enn á ný, og ég held, að öllum sé ljóst, þegar athuguð er sú verðlagsþróun, sem orðið hefur frá því í desember og við okkur blasir nú, að þeir samningar verði ekki auðveldir, engan veginn auðveldir. En það, sem einna frekast og einna helzt gæti auðveldað slíka samninga, það væri einmitt, að Alþ. núna, meðan enn er þó nokkur friður, stigi það skref að afnema úr lögunum frá 1960 þau ákvæði, sem banna, að verðtrygging sé tekin upp á kaupið að nýju. Það er enginn efi á því, að slík aðgerð af hálfu Alþ. mundi verða til þess að milda að *ýmsu leyti það andrúmsloft, sem annars kynni* að verða, og ef til vill gera mögulega samninga, sem annars væru ekki mögulegir.

Ég held þess vegna, að hv. alþm. beri að skoða þessi mál mjög gaumgæfilega, eins og nú standa sakir. Eins og 1. flm. tók fram, standa lögin frá 1960 í vegi fyrir því, að samningsaðilar, fulltrúar verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, geti framkvæmt þann vilja, sem var fyrir hendi í desember. Það er ekki aðeins erfitt fyrir verkalýðshreyfinguna að þurfa að standa í samningum tvisvar og þrisvar sinnum á ári, þetta er einnig erfitt fyrir samtök atvinnurekenda. Og það er slíkt öryggisleysi fyrir allan atvinnurekstur og ég vil segja fyrir þjóðarbúið í heild, að við það er í raun og veru engin leið að una, hvorki fyrir einn né neinn. Ég held þess vegna, að þeir menn, sem í alvöru og af einlægni vilja, að stigin séu skref til þess að koma á meiri friði á vinnumarkaðinum en verið hefur að undanförnu, þeir eigi ekki að hika við að vera fylgjandi því máli, sem hér er borið fram, og ég vildi segja, að Alþ. bæri nú að stíga það skref að afnema þessi ákvæði úr lögunum. Þar með er út af fyrir sig ekki búið að taka upp nýja vísitölugreiðslu á kaup, um það verður að semja, en eins og ég hef lýst, tel ég, að vilji beggja aðila sé fyrir hendi til að gera það, að nýju í einhverri mynd, samkomulag takist um það, og lagaákvæði mega ekki standa í vegi fyrir því, að slíkt verði gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði.

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði [135. mál] (þmfrv., A. 240).

Á 57., 58. og 59. fundi í Nd., 17., 18. og 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 24. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál var frumflutt á síðasta Alþingi, og þá var gerð rækileg grein fyrir því, bæði með grg. og í framsögu, og þarf ég því ekki að skýra málið ýtarlega í þetta sinn.

Það er skoðun mín, að það væri mjög mikilsvert fyrir þróun Ísafjarðarkaupstaðar, ef hann fengi betri og öruggari tengingu með bættum samgöngum við sveitahéruðin í Vestur-Ísafjarðarsýslu vestan Breiðadalsheiðar til annarrar handar, *bæði í Önundarfirði og Dýrafirði, og* við innsveitir Ísafjarðardjúps til hinnar handarinnar. En þannig er ástatt, að Ísafjarðarkaupstaður er alls ekki í beinu akvegasambandi við innsveitir Ísafjarðardjúps, þó að vonir standi nú til, að það samband komist á innan nokkurra ára. En tengslin vestur á bóginn eru hins vegar rofin af allháum fjallgarði, Breiðadalsheiði, sem er á 7. hundrað m á hæð, þar sem fjallgarðurinn er lægstur, og þessi fjallvegur er lokaður 7—8 mánuði á hverju ári. Það er álit sérfræðinga í vegagerð, að ekki sé mögulegt að byggja öruggan vetrarveg yfir Breiðdalsheiði sökum fjallaþrengsla og fannkyngi og verði þessi vegur því ekki gerður öruggur að vetri til nema með því að gera jarðgöng gegnum þennan fjallgarð. Kæmi vissulega til mála og þarf sérfræðiathugun til að ákveða, hvar slík jarðgöng skuli gerð. Ef menn aðhylltust þá stefnu í málinu að gera jarðgöng gegnum fjallið í 500 m hæð, þá mundi þarna vera um að ræða um 600 m löng jarðgöng. Þau yrðu að vísu miklu lengri, ef þau yrðu tekin neðar í gegnum fjallið, en þá að sama skapi öruggari að því er það snertir að tryggja full not vegarins allt árið um kring.

Ég hef átt viðræður við verkfræðinga um kostn-

að við slíka mannvirkjagerð, og hafa þeir tjáð mér, að miðað við þá reynslu, sem fékkst við þau jarðgöng, sem gerð voru í sambandi við virkjun Sogsins, megi ætla, að miðað við núv. kostnað kosti lengdarmetrinn í jarðgöngum sem þessum 10—12 þús. kr. Mundi þá, ef miðað er við 600 m jarðgöng, þetta mannvirki kosta um 6—7 millj. kr. Ég segi í grg., að þetta sé að vísu allhá upphæð, en hún sé þó ekki hærri en sem svari andvirði 150—200 tonna fiskibáts. Vegna þessa orðalags í grg. hefur einn hv. þm., Davíð Ólafsson, sem vel á að vita um verð fiskibáta, vakið athygli mína á því, að 150—200 tonna fiskibátur kosti nú drjúgum meira fé en þetta, mundi alltaf kosta 8—9 millj. kr., segir hann, og þýðir þetta þá, að þessi jarðgöng, sem ég ræði hér um, kosta mun minna, að fengnum nákvæmum upplýsingum, heldur en 150—200 tonna fiskibátur, og sýnir það, að hér er ekki um neitt gífurlega stórt mannvirki að ræða.

Ef öruggur vetrarvegur er kominn gegnum Breiðadalsheiði, eru byggðir Önundarfjarðar, landbúnaðarsveitirnar í Önundarfirði, komnar í órofin tengsl við þann stærsta landbúnaðarmarkað, sem fyrir hendi er á Vestfjörðum, sem er Ísafjarðarkaupstaður, en við það bætist, að með þessari mannvirkjagerð væru sveitirnar við Dýrafjörð einnig komnar í órofið samband árið um kring við Ísafjarðarkaupstað og markaðinn þar, því að Önundarfjörð og Dýrafjörð skilur aðeins lág heiði, Gemlufallsheiði, sem vandalaust er að byggja veg yfir, þannig að opinn sé örugglega allt árið um kring. Hér er því um það að ræða að gera þær samgöngubætur á Breiðadalsheiðinni, að sveitirnar við Dýrafjörð og Önundarfjörð fái örugg samgöngutengsl við Ísafjarðarkaupstað árið um kring.

Það er sannfæring mín, að þetta mál varði ekki eingöngu hagsmuni fólksins í sveitunum í Vestur-Ísafjarðarsýslu, heldur engu síður fólksins í Ísafjarðarkaupstað, því að eins og það er nauðsynlegt fyrir sveitir að hafa lífrænt samband við markað kaupstaðanna, er það áreiðanlega grundvallarskilyrði fyrir vaxandi kaupstaðarbyggð að vera í sem nánustu og öruggustu sambandi við framleiðsluhéruð sveitanna. Vöxtur Akureyrarkaupstaðar er tvímælalaust byggður á tengslunum við hinar blómlegu byggðir Eyjafjarðar. Það, sem einkum stendur Sauðárkróki fyrir þrifum, er það, að þar er ekki nægilega vel séð fyrir atvinnugrundvelli, hvorki til lands né sjávar. Siglufirði er áreiðanlega bagi mikill að því að vera ekki í tengslum við sveitir Skagafjarðar, en úr því á væntanlega að bæta með mannvirkjagerð líkri þeirri, sem hér ræðir um, þ. e. a. s. jarðgöngum gegnum Stráka.

Ástæðan til þess, að ég flyt sérstakt frv. um þessa mannvirkjagerð, er tvíþætt. Hún er í fyrsta lagi sú, að framtíðarvegur hefur enn þá ekki verið gerður um Breiðadalsheiði. Þar er aðeins um niðurgrafna vegarslóða að ræða, og er það margra manna mál, sem ferðast milli Ísafjarðar og Reykjavíkur, að vegurinn um Breiðadalsheiði sé versti kaflinn á allri þessari vegalengd, enda hefur honum ekki verið sómi sýndur með tilliti til þess, að það er ekki enn þá búið að ákveða þarna nákvæmlega vegarstæðið né heldur leggja neitt fé í að byggja þennan veg upp. Það, sem er tvímælalaust eðlilegast, þegar að því er komið að endurbyggja veg um Breiðadalsheiði, er að ákveða jarðgöngunum stað. Úr þessum jarðgöngum kemur auðvitað valið byggingarefni í veginn til beggja handa, og vegagerðinni norður yfir og vestur yfir verður alls ekki ákveðinn staður, fyrr en jarðgöngunum hefur verið ákveðinn staður, og efnið kemur sem sé úr jarðgöngunum til myndarlegs upphleypts vegar til beggja handa. Á þessu mannvirki á því að byrja.

En hví þá ekki að ákveða fjárveitingar til mannvirkis eins og þessa í vegáætlun væntanlegri? Ástæðan til þess, að ég tel, að þetta mál verði ekki leyst með árlegum fjárveitingum til vegamála á fjárlögum eða nú með vegáætlun, er sú, að þó að ekki sé um hærra að ræða en 6—7 millj., fæst slík fjárveiting ekki á eins árs fjárlög tekin né heldur sennilega á vegáætlun. Þess vegna þarf að heimila ríkisstj., eins og gert er í þessu frv., að taka lán til þessa mannvirkis, allt að 7 millj. kr., og er svo lagt til í 2. gr. þessa frv., en sú upphæð verði síðan endurgreidd af árlegum fjárlagafjárveitingum eða vegáætlunarfjárveitingum, þangað til hún væri að fullu greidd. Svona mannvirki er ekki hægt og ekkert vit í að vinna í pörtum. Það þarf að ráðast í þetta mannvirki og hafa fulltryggt fé til þess að geta unnið það í einum áfanga og lokið því. Þess vegna er þetta mál þannig vaxið, að nauðsynlegt er að tryggja féð, jafnframt því sem ákveðið er að ráðast í mannvirkið, en fjárlagafjárveitingar síðar endurgreiði slíka lánsupphæð.

Ég þykist nú hafa gert grein fyrir meginefni þessa frv. Það er ósköp einfalt og liggur beint fyrir hv. þm. Þetta er annað eða þriðja stórátakið, sem nauðsynlegt er að gera nú í vegamálum Vestfjarða. Sumir segja í raun og veru, að þetta sé það átak, sem eigi að vera númer eitt. Ég legg að jöfnu þetta átak og átakið, sem gera þarf til þess að koma Ísafirði í beint akvegasamband við vegakerfi landsins um Ísafjarðardjúp, þ. e. a. s. lagningu hins svokallaða Fjarðavegar, en þar er um að ræða lagningu vegar á 60—65 km vegalengd og vitað, að það muni kosta aldrei minna en um 300 þús. kr. km, sem sé mjög marga milljónatugi, sem leggja þarf fram á næstu árum, helzt ekki lengri tíma en 4—5 árum, og mætti þá vel og miklu betur miða um fjárveitingar til vegagerðar á Vestfjörðum en orðið hefur að undanförnu, ef því verkefni væri sinnt svo sem nauðsyn heimtar með fjárlagafjárveitingum. Það undirstrikar í raun og veru, að vonlítið er, að þessum málum báðum verði gerð þau skil með árlegum fjárveitingum til vegamála, sem nauðsynin heimtar, og þess vegna tel ég, að það sé bráðaðkallandi, að hæstv. ríkisstj. hafi í höndum heimild til þess að tryggja lánsfé til jarðganga í gegnum Breiðadalsheiði.

Ég held, að eðlilegast sé, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn., og vil vænta þess, að þetta mál njóti skilnings hv. alþm., því að vissulega er svo mörgu áfátt í vegamálum Vestfjarða, að fyllsta þörf er á því, að þau mál njóti aukins skilnings hv. Alþingis.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Vegurinn yfir Breiðadalsheiði var lagður árið 1936 og þá við erfiðar aðstæður. Þá voru engin tæki komin til vegagerðar, aðeins var notað skófla og haki, og vegur þessi hefur verið þannig byggður, að hann telst ekki sæmilegur vegur nú, enda er hann ekki fær nema í kringum 4 mánuði á hverju ári. Þessi vegur er einn mikilvægasti vegurinn á Vestfjörðum og einn erfiðasti þrándurinn í götu milli byggðarlaga þar, því að hann tengir saman bæði Ísafjarðarkaupstað og kauptúnin þrjú við Ísafjarðardjúp, Hnífsdal, Bolungarvík og Súðavík, og svo kauptúnin fyrir vestan, bæði Flateyri og sömuleiðis Þingeyri, því að vegurinn á milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar liggur yfir lága heiði, sem er auðvelt verk að gera bílfæra svo að segja allan ársins hring, jafnframt því sem hann tengir sveitirnar í Önundarfirði og þá sveitahreppa, sem eru í akvegasambandi við Ísafjarðarkaupstað, saman, og þetta er stórt mál, bæði í atvinnulegu tilliti og ekki síður í félagslegu tilliti hjá því fólki, sem byggir þessa staði. Eðlilega ætti að taka þetta mál og framlög til þessa vegar í vegáætlun. En auðvitað óttumst við, að það verði ekki teknar það háar upphæðir, að hægt sé að hrinda þessu máli í framkvæmd á skömmum tíma, og ég sé ekkert á móti því á nokkurn hátt, að það sé tekið lán af ríkisstj. til þess að fara út í þessar framkvæmdir til þess að hraða þeim, og ég fyrir mitt leyti styð það af heilum hug.

Þetta mál er ekkert nýtt. Þetta er búið að vera áhugamál fjölda manna á Vestfjörðum í mörg undanfarin ár, að fá fullkomnara vegasamband yfir Breiðadalsheiði, og það hefur verið álit allra verkfróðra manna, að þetta verði ekki leyst nema með jarðgöngum. Það eina, sem hefur áunnizt í því, er það, að á s. l. sumri var mælt út fyrir nýjum vegi fram Breiðadal, sem er Önundarfjarðarmegin við Breiðadalsheiði, en eftir er að velja vegarstæði að norðanverðu við Breiðadalsheiði, frá Ísafjarðarkaupstað, og þar getur verið um þrjár leiðir að ræða, og sömuleiðis eftir að velja jarðgöngunum stað og gera þar nákvæmar mælingar og allan undirbúning. Og þrátt fyrir það, að margar áskoranir hafi verið gerðar heima í héruðum á undanförnum árum, er þetta mál ekki komið lengra áleiðis en raun ber vitni.

Ég trúi ekki öðru en skilningur hv. alþm. sé góður á þessu máli, því að þessi samgönguæð tengir saman meira en helming af öllum íbúum Vestfjarða, og hún er eitt mesta áhugamál Vestfirðinga í vegaframkvæmdum, og ég fyrir mitt leyti vænti þess, að þessu máli verði vel tekið. Það er ekki allt undir því komið, hvernig það er leyst, hvort þetta frv. er samþ. óbreytt, heldur getur það breytzt á þann veg, að ef fæst tekin veruleg upphæð inn á vegáætlun, þá er tilgangurinn sá sami. En höfuðatriðið er, að það sé ekki legið lengur á því að framkvæma allan tæknilegan undirbúning að þessu máli og ráðast að því loknu í framkvæmdir. Þess vegna tek ég undir þetta frv., og þetta frv. er ekki frv. neins ákveðins manns. Þetta er ósk og vilji fólksins, sem þarna á hlut að máli, og eitt af þeim málum, sem hafa verið baráttumál þess um langan tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Menntaskóli Vestfirðinga.

Á 54. fundi í Nd., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði [139. mál] (þmfrv., A. 252).

Á 60. og 61. fundi í Nd., 24. og 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði hefur verið flutt nokkuð oft hér á hv. Alþingi. Fyrst flutti ég frv. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði einn, skömmu eftir að ég kom hér á þing. Tilefnið var það, að ég hafði þá um allmörg ár veitt forstöðu gagnfræðaskóla á Ísafirði og þá öðlazt þá reynslu, að fólk í kaupstaðnum harmaði það mjög að þurfa að senda frá sér í fjarlæga landshluta börn sín, undireins og gagnfræðaskólanámi sleppti, og allmargir foreldrar brugðu á það ráð undir þessum kringumstæðum að flytjast búferlum til Reykjavíkur til þess að geta fylgt ungmennum sínum þannig eftir til menntaskólanáms. Þetta leiddi til þess, að ég beitti mér fyrir því að leita eftir því við stjórnarvöld, að gagnfræðaskólinn á Ísafirði fengi heimild til þess að kenna 1. bekkjar kennslu menntaskóla, og var sú heimild veitt, og fór svo, að svo að segja allir nemendur, sem miðskólaprófi luku og ákváðu að hefja framhaldsnám í menntaskóla, stunduðu nám í þessari deild. Menntaskólinn á Akureyri snerist þannig við þessari kennslu gagnfræðaskólans, að hann hét því að fenginni reynslu að taka próf upp úr þessari 1. bekkjar deild gagnfræðaskólans gild sem próf upp í 2. bekk menntaskólans á Akureyri. Þannig var aðeins greidd gata þeirra ungmenna, sem hugðu á framhaldsnám í menntaskóla, og foreldrar þurftu þá að sjá á bak börnum sínum í fjarlæg héruð til framhaldsnámsins ári síðar. Má kannske segja, að það skipti ekki miklu máli, hvort ungmenni færu að heiman einu árinu fyrr eða síðar. En þó er það ekki algert hégómamál, þegar um þetta aldursskeið er að ræða. Foreldrar þykjast að nokkru öruggari með ungmenni sín að geta haft þau innan vébanda heimilis árinu lengur og meta það nokkurs.

Ég skal ekki rekja þessa sögu lengur, en þetta var sem sé tilefni þess, að ég samdi þetta frv. upphaflega og flutti það á hv. Alþingi. Næsta

sinn, þegar það var flutt, var þess farið á leit við mig, að frv. væri breytt í það horf, að þetta frv. væri einnig um menntaskóla á Austurlandi. Mér fannst aðstaða Austfirðinga og finnst hún ávallt vera nokkuð hliðstæð aðstöðu Vestfirðinga um þetta efni, og það hefur verið og er skoðun mín, að eitt atriðið til þess að stöðva fólk í sínum heimabyggðum, koma í veg fyrir flótta fólks af Vestur- og Austurlandi, sé m. a. ráðstafanir til jafnréttis í aðstöðu til menntunar ungmenna. Þess vegna held ég að það eigi að vera einn liður í baráttu þeirra manna, sem vilja af alvöru starfa að jafnvægi í byggð landsins, að stuðla að því, að aðstaða ungmenna til mennta verði a. m. k. gerð jöfn, hvar sem þau eru búsett á landinu. Málið var því flutt í annað sinn af mér og hv. þáv. fyrri þm. N-M., Páli Zóphónassyni. Málið fékk ekki afgreiðslu á þinginu í hvorugt þetta skipti og hefur ekki fengið það enn, svo sem kunnugt er.

Nú lá málið niðri í nokkur ár, en við næstseinustu alþingiskosningar bar þetta mál mjög á góma í kosningabardaganum á Vestfjörðum, og hófu þá þm. núv. stjórnarflokka umræður um málið og hétu kjósendum því alveg óhikað, að þeir skyldu beita sér fyrir framgangi þess, ef þeir næðu kosningu. Þetta varð til þess, að ég taldi sjálfsagt að leita samtsarfs við alla mína samþingismenn úr Vestfjarðakjördæmi, og hefur frv. ávallt síðan verið flutt af öllum þm. Vestfjarða og notið stuðnings þeirra í báðum deildum, og hefur það verið tekið fram í grg., að allir þm. Vestfjarðakjördæmis stæðu að flutningi málsins, einnig þeir, sem sæti áttu í þeirri þd., sem málið var ekki flutt í. Málið er því langt frá því að vera flokkspólitískt mál, heldur er þetta allsherjarkrafa Vestfirðinga, og þm. allir hafa tekið að sér að beita sér fyrir þessu máli.

Ég sé nú, að þm. Austfirðinga hafa tekið málið upp að því er snertir menntaskóla fyrir Austfirði, og tel ég það sanngirnismál og alveg frambærilegt með sömu rökum og þetta frv. okkar Vestfjarðaþm. Það á að mínu áliti að stofna til lítils menntaskóla fyrir Vestfirði og einnig fyrir Austfirði, a. m. k. áður en fjórða menntaskóla er bætt við í Reykjavík, og viljum við þó á engan hátt hindra það, að ungmenni Reykjavíkur eigi greiðan og öruggan aðgang að menntaskólanámi.

Efni frv. er mjög í samræmi við efni laga um menntaskólann í Reykjavík, þó einkum í samræmi við ákvæði máladeildar og stefnt að því, að þessi litli menntaskóli á Vestfjörðum yrði fyrst og fremst máladeildarskóli með stúdentspróf sem lokatakmark. Ég skal í þessu sambandi taka það fram, að ég er raunar þeirrar skoðunar, að skipting menntaskólanámsins í tvær meginátttir, máladeildar og stærðfræðideildar, sé að nokkru leyti orðin úrelt, þarna þurfi að koma þriðja greinin innan menntaskólanámsins, þ. e. a. s. náttúrufræðilína. Teldi ég eðlilegast, að einhver af þeim skólum, sem útskrifa nemendur með stúdentsprófi í Reykjavík, þar sem fjölmennið er mest, sæi um þessa grein, tæki þannig tillit til breyttra tíma og krafna. Það eru náttúruvísindin og verkvísindin, sem eiga og hljóta að fá aukið rúm í okkar þjóðfélagi, og með tilliti til þess á að taka upp kennslu í menntaskólunum, sem sérstaklega miði við verklega framhaldsmenntun í háskólum. En til þess er ekki tekið nægilegt tillit með hinni gömlu skiptingu í máladeild og stærðfræðideild. Verra er og erfiðara að koma slíkri skiptingu við, þar sem skólarnir væru fámennari og því minna um deildaskiptingu.

Ég skal ekki að þessu sinni rekja efni frv. að öðru leyti, en ég hef hér gert grein fyrir því, að það sé mjög sniðið eftir lögunum um menntaskóla í Reykjavík, aðallega máladeildina, og prófkröfur allar skulu vera með sama hætti og eftirlit af hendi ráðh. og menntamálayfirvalda með sama hætti og varðar menntaskólana hina, þá sem nú starfa.

Nú er það svo, að Norðlendingar hafa fengið sinn menntaskóla. Það kostaði þá mikla baráttu, þótti alls ekki sjálfsagt mál, þegar það var flutt, og var flutt eins og þetta mál hvað eftir annað. Fyrir því varð lengi að berjast og Norðlendingar töldu það mikinn sigur, þegar þeir fengu viðurkenningu fyrir menntaskóla Norðurlands á Akureyri. Þegar sá sigur vannst, sagði þáv. skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri: „Eftir stofnun menntaskóla Norðurlands er íslenzk menning orðin einu víginu auðugri". Það hygg ég, að reynslan af starfi menntaskólans á Akureyri hafi líka sýnt og sannað, að það var rétt, sem hann þar sagði, og það hafði að ófyrirsynju og af skilningsskorti verið barizt á móti því menningarmáli þjóðarinnar.

Sunnlendingar hafa fengið menntaskóla að Laugarvatni, og gekk það mál fram með nokkru greiðari hætti en menntaskólamál þeirra Norðlendinganna, en þó varð nokkra baráttu að heyja til að fá það fram.

Þá eru nú hér í Reykjavík 3 skólar, sem hafa fengið rétt til þess að útskrifa stúdenta. Það er að sjálfsögðu fyrst og fremst hinn almenni menntaskóli, hin aldna og virðulega stofnun, það er Verzlunarskóli Íslands, og það er samkv. lögum frá síðasta þingi Kennaraskóli Íslands. Og nú er mjög rætt um það, að menntunarþörf ungmenna í höfuðborginni sé ekki fullnægt með þessu, það sé brýn nauðsyn að reisa hér fjórða skólann, sem einnig útskrifi stúdenta. Má vera, að svo sé. En verði það gert, þá teldi ég, að sá skóli ætti að krefjast nokkurs annars náms með tilliti til verkvísinda sem framhaldsnáms heldur en hinir skólarnir gera eða jafnvel einhver af hinum 3 skólunum, sem nú útskrifa stúdenta í höfuðborginni, gæti tekið að sér það hlutverk.

Skólarnir, sem nú brautskrá stúdenta, eru því 5 í landinu, 3 í Reykjavík og 2 utan Reykjavíkur, norðanlands og sunnan, en enginn slíkur skóli er starfandi á Austfjörðum eða Vestfjörðum. Eftir að gagnfræðaskólinn á Ísafirði hafði af ráðh. verið sviptur þeirri heimild, sem hann hafði haft, að hafa 1. bekkjar kennslu í menntaskóla, sem þó hafði verið framkvæmd með góðum árangri og með viðurkenningu menntaskólans á Akureyri, var hann sviptur þeirri heimild, en eftir nokkur ár veitti ráðh. skólanum þá heimild aftur, og hefur nú gagnfræðaskólinn á Ísafirði aftur heimild til þess að kenna nemendum, sem menntaskólanám vilja stunda, 1. bekkjar fræði, þannig að próf þeirra nægir upp í 2. bekk menntaskóla. Fyrst veitti menntaskólinn á Akureyri þessum prófum viðurkenningu, en aðrir mennta-

skólar ekki, en nú hafa menntaskólinn í Reykjavík og menntaskólinn á Laugarvatni einnig viðurkennt þessi próf og taka við nemendum frá þessari framhaldsdeild.

Á Vestfjörðum eru nú 2 gagnfræðaskólar, sem samtals útskrifa árlega 25—40 nemendur, sem þannig eiga rétt á að hefja menntaskólanám. Þetta er gagnfræðaskólinn á Ísafirði og héraðsgagnfræðaskólinn að Núpi í Dýrafirði. Af þessu má sjá, að ungmenni af Vestfjörðum úr vestfirzkum framhaldsskólum eru líkleg til þess að fylla eina bekkjardeild í menntaskóla. En ég tel, að slíkur skóli ætti ekki, a. m. k. ekki til að byrja með, að vera fjölmennari en svo, að hann tæki 20—25 nemendur í 1. bekk og síðan álíka tölu í hverja hina ársdeildina, en þær eru sem kunnugt er 4. Hér væri því um að ræða skóla með um 80—100 nemendum. Það er mín sannfæring, að menntaskólar sem aðrir skólar hafi því betri skilyrði til þess að móta sína nemendur og mennta þá á ýmsan hátt, ef þeir eru ekki mjög fjölmennir. Þegar skóli er orðinn með fleiri en 300 nemendur, þá er það mín sannfæring, að þá fer skólinn að hafa minni uppeldisleg áhrif á nemendur sína. Tengslin milli kennara og nemenda og skólastjóra og nemenda verða áreiðanlega lauslegri og áhrifaminni allt hvað nemendafjöldinn fer fram úr því. Ég held því, að smáir menntaskólar, fámennir tiltölulega, á Vestfjörðum og Austfjörðum ættu fyllilega rétt á sér og væru ekki ólíklegri en aðrir menntaskólar landsins til þess að geta orðið þjóðinni hollar menningar- og menntastofnanir. En hitt er tvímælalaust, að slíkar stofnanir mundu stuðla að jafnvægi í byggð landsins, mundu forða því, að fólk, sem tekur sig annars upp með ungmennum sínum, þegar þau hafa lokið gagnfræðanámi, flytji úr þessum landsfjórðungum og fylgi sínum ungmennum eftir til höfuðborgarinnar. Ég álít, að þjóðinni sé að því enginn greiði og fólkið sé bezt þar komið, sem það hefur rætur fest og getur starfað eðlilega, vegna þess að það hafi jafna þjóðfélagsaðstöðu, hvar sem það sé, við uppeldi barna sinna og mannbætur sem önnur störf fyrir þjóðfélagið.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Ég hef margoft flutt framsöguræðu fyrir því, og málið er þess vegna hv. alþm. kunnugt, vita, að þm. allra flokka standa að flutningi þess og vilja einungis koma þessari menntastofnun í höfn, gera hana að raunveruleika. Vegna þessa er málið flutt þing eftir þing, þangað til það að síðustu mun verða lögfest, eins og menntaskólafrv. Norðurlands, sem leiddi til þess, að menntaskóli Norðlendinga var stofnaður.

Ég vil að lokum minna á ummæli, sem mér þykja athyglisverð og ég tel að feli í sér mikinn sannleika. Þau eru einnig eftir Sigurð Guðmundsson skólameistara, hinn merka skólamann. Hann sagði um menntaskólana: „Það liggur í augum uppi, að hverjum skóla er ætlað að vera menningarvígi eða menningarmiðstöð. Hvert skyldi annars vera markmið þeirra?“ Og hann sagði með áherzlu: „Slíkar menningarstöðvar mega ekki allar vera á einum stað. Menningarblóðið verður að renna um allar æðar þjóðlíkama vors.“ Þetta var hans skoðun, og ég er alveg sannfærður um, að þessi skoðun er rétt. Þetta er engin falskenning. Og annað segi ég frá eigin brjósti að lokum: Það er rétt stefna, að menntaskólar rísi í öllum landsfjórðungum, því að það er tvímælalaust rétt, að þjóðfélaginu ber skylda til að **sjá um, að ungt fólk,** sem hefur hæfileika og áhuga til mennta, eigi sem jafnasta aðstöðu til þess, hvar sem það er búsett á landinu. Jöfn aðstaða til að mennta sig, það verður að vera ein af fyrstu kröfum þjóðfélagsins. Ég vil vænta þess, að hv. alþm. gefi þessu máli nú gaum og fylgi því fram, að það fái fljóta afgreiðslu í nefnd og að það mætti nú loks verða að lögum. Það er sannfæring okkar flm., að hér sé um þjóðnytjamál að ræða, mál, sem hafi menningarlega þýðingu, en þurfi ekki að kosta of fjár.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 2. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 73., 74., 75., 76., 77., 78., 79., 80. og 81. fundi í Nd., 2., 6., 7., 9., 13., 14., 16., 17. og 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 252, n. 368 og 419).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Skipströnd og vogrek.

Á 55. fundi í Nd., 13. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek [151. mál] (þmfrv., A. 273).

Á 59. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. 24. gr. laga nr. 42 frá 15. júní 1926 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú sannar maður ótvírætt heimild sína til vogreks, áður en það er auglýst, og má þá selja það honum í hendur. Annars kostar skal vogrek auglýsa með þeim hætti, er hér skal sagt verða:

Ef ætla má eftir fram komnum upplýsingum, að vogrek nemi ekki yfir 200 kr., þá auglýsir lögreglustjóri það með þeim hætti, er hann telur bezt fallinn til þess að komast fyrir það, hver eigandi sé. Ef telja má vogrek meira virði, þá auglýsir lögreglustjóri það einu sinni í Lögbirtingablaði, enda sendir dómsmrn. fyrirsvarsmönnum annarra ríkja hér á landi eintak af auglýsingunni. Í auglýsingu skal lýsa vogreki eftir föngum og skora á tilkallsmenn að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar og sanna lögreglustjóra heimildir sínar, því að annars kostar verði vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs eða fjörueiganda. Áður en liðnir eru 6 mánuðir.

má engum tilkallsmanni selja vogrek í hendur, nema hann setji fulla tryggingu fyrir því, að hann skili vokreki aftur eða andvirði þess, ef annar skyldi koma, áður en frestur sé liðinn, með ríkari gögn fyrir tilkalli sínu."

Þannig er 24. gr. laganna. Og í 25. gr. sömu laga segir m. a.:

„Nú sannar maður heimildir sínar að vogreki, áður lögmætur frestur sé á enda, og skal þá selja honum það í hendur eða andvirði þess. Annars kostar verður vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs, ef það eða andvirði þess nemur 500 kr. eða meira, að frádregnum öllum áföllnum kostnaði, og ef um skip eða skipsflak er að ræða, að frádregnum áætluðum kostnaði við brottnám þess úr fjöru, en ella fjörueiganda".

Í báðum þessum lagagreinum, sem ég hef lesið, eru greindar upphæðir í krónum, sem miðað skal við um meðferð vogreks. Þessi ákvæði laganna hafa staðið óbreytt í 38 ár. En verðgildi peninga hefur hins vegar ekki haldizt óbreytt þennan tíma. Með þessu frv., sem hér er til 1. umr., er lagt til að breyta þessum lagaákvæðum um krónuupphæðina til nokkurs samræmis við breytt verðgildi peninga. Engin önnur breyting á lögunum felst í þessu frv. Hafi þessar fjárhæðir, sem í lögunum greinir, verið hæfilegar fyrir 38 árum, þá er sýnilega þörf á að margfalda þær nú. Í þessu frv. eru þær margfaldaðar með tölunni 30. Að sjálfsögðu er það áætluð tala, og ég geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort þessar upphæðir verða margfaldaðar með nokkru lægri tölu eða hærri tölu en ég legg hér til. Tilgangurinn með frv. er aðeins sá, að ákvæði laganna um fjárhæðir í þessum efnum verði samræmd núverandi verðgildi peninga. Ég ætla, að menn hljóti að verða sammála um, að það er ekki í samræmi við verðgildi peninga nú að hafa þessar fjárhæðir óbreyttar í lögum eftir 38 ár.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta frv., sem er ákaflega einfalt í sniðum og auðskilið, og legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá framar.

---

38. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Á 57. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [153. mál] (þmfrv., A. 276).

Á 61., 62., 63., 82. og 83. fundi í Nd., 25. og 27. febr., 2. marz, 21. og 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Vestf. að flytja hér frv. um breytingar á stjórnarskránni. Nokkuð svipað frv. var flutt á síðasta þingi, þegar m. a. innganga Íslands í Efnahagsbandalagið hafði verið um tíma yfirvofandi, og við flytjum þetta aftur nú, ekki sízt með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið um möguleika á því, að erlent fjármagn komi hér inn í landið í allstórum stíl.

Það er svo nú, að í veröldinni hafa undanfarin ár verið að gerast stórfelldar breytingar einmitt í þeim efnum, sem snerta starfsemi erlends fjármagns með þeim þjóðum, sem lengi voru nýlenduþjóðir, en nú eru orðnar frjálsar. Og sérstaklega síðustu 5 árin hefur það verið áberandi, hvernig þær þjóðir, sem höfðu verið kúgaðar af stórveldum áratugum og öldum saman, en fengið nú stjórnfrelsi, hafa nú verið að taka til sín valdið yfir sínum auðlindum, sem erlendir auðhringar áður höfðu haft. Suður í Afríku, jafnvel í Suður-Ameríku og Suður-Asíu, er nú sú tilhneiging ríkust hjá hinum nýfrjálsu þjóðum að þjóðnýta bæði þær auðlindir og þau stóru fyrirtæki, sem erlend auðfélög eiga þar. En það má segja, að stefnan í veröldinni sem stendur hjá þeim þjóðum, sem nýlega hafa öðlazt stjórnfrelsi, sé að verða sjálfum sér ráðandi, ekki aðeins í stjórnmálum, heldur líka í efnahags- og atvinnumálum. Það væri hryggilegt, ef við Íslendingar, sem sjálfir vorum í svipaðri aðstöðu og nýlenduþjóð öldum saman og höfum verið svo heppnir, m. a. fyrir baráttu okkar fyrirrennara og forfeðra, að sleppa við það, að útlend auðfélög ættu hér gífurlegar auðlindir, ættum nú, þegar allar aðrar þjóðir heims eru að losa sig við útlent auðvald, að verða til þess að sleppa hér inn erlendu auðvaldi.

Ég sagði, að við Íslendingar hefðum verið svo heppnir að sleppa við, að þetta útlenda auðvald ætti hér eða hefði tök á okkar náttúruauðæfum, vegna þess að það lá ákaflega nærri, að svo færi, og ég held, að það sé rétt fyrir hv. þm. að minnast þess nokkuð nú, sem gerðist fyrir 40 árum, vegna þess að eftir að og um það leyti sem við vorum að öðlast fullveldi, var háð mjög hörð barátta, sem stóð 5—6 ár hér á Alþingi, einmitt um, hvort erlent fjármagn skyldi hafa veruleg ítök í íslenzku atvinnu- og efnahagslífi. Þá var það komið svo, að fossarnir, sem næst á eftir sjónum, sem við höfum helgað okkur, eru okkar mesta auðlind, voru svo að segja allir í eign erlendra auðfélaga. Og þá var sett af hálfu Alþingis nefnd, sem fjallaði einmitt um, hvort ríkið skyldi eiga þessa fossa, svipta hina svokölluðu eigendur þeirra, sem sumir héldu fram að væru þeir landeigendur, sem áttu lönd að fossunum, eignarréttinum yfir þeim, eða a. m. k. svipta þá réttinum til þess að ráða því, hvað gert yrði við vatnsmagnið í þessum ám. Og það stóð ákaflega tæpt þessi barátta. Það lá við, að erlendu auðfélögin sigruðu í þeirri baráttu. Þau voru búin að kaupa upp alla nýtilega fossa á Íslandi nema Sogið, sem var eign ríkisins og Reykjavíkurbæjar. Og sú fossanefnd, sem var skipuð af hálfu Alþingis eða ríkisstjórnar, klofnaði og það var meiri hl. í þeirri fossanefnd, sem

háði hörðustu baráttuna fyrir því að hindra útlenda auðkýfinga í því að ná tökunum á svo að segja öllum fossum Íslands, og meiri hl. í þessari gömlu fossanefnd var þá Guðmundur Björnsson landlæknir, Bjarni Jónsson frá Vogi og Jón Þorláksson, sem síðar varð fyrsti formaður Íhaldsflokksins og Sjálfstæðisflokksins síðar meir. Það voru þessir menn, sem tóku höndum saman um að koma í veg fyrir, að útlend auðfélög næðu tökunum á íslenzkum fossum. Og það vantaði ekki, að þeir yrðu fyrir alls konar aðkasti og það væri unnið á móti þeim og ráðizt á þá í þeim blöðum, sem þá voru gefin út hér í Reykjavík, ekki sízt sökum þess, að það var talið, að þeir vildu með þessu móti koma í veg fyrir, að fossarnir væru hagnýttir. Bjarni Jónsson frá Vogi, — Íslendingar voru nýlega að minnast 100 ára afmælis hans, — segir m. a. í ræðu, sem hann hélt hér á Alþingi, ég held í Nd., þessari hv. d., 18. sept. 1919, þegar hann er að berjast fyrir því, að ríkið ráði fossunum, þá segir hann svo hljóðandi út af því, sem verið er að gagnrýna hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessar vífilengjur um, að sérleyfislög eigi ekki að samþykkja nú, eru því til þess eins fram bornar, að fossafélögin geti grætt sem mest á bralli því, sem þau hafa haft hér í frammi, með því að senda hingað leynilega sendimenn til þess að ginna þessa hluti út úr fáfróðum mönnum fyrir smámuni. Það er því til góðs þjónum þessara félaga, sem eiga hér bæði heil blöð og venzlamenn og nú er að sjá að eigi suma þm. líka. Þetta er það, sem orsakar allt hatrið og allar skammirnar, sem dynja á okkur, meiri hl. fossanefndar, í blöðum þessara þjóna erlendra auðkýfinga."

Svo mælti Bjarni frá Vogi þá. Það er engu líkara en einhver bolséviki sé að tala núna 40 árum seinna, þegar menn eru að reyna að hindra það, að útlend auðfélög geti náð tökum á okkar atvinnulífi. (Gripið fram í.) Bolsévikar, já, hérna stendur einn þeirra m. a. Það var heiðursnafnið, sem var gefið í kringum 1920, svo að ég kunni betur við að nota orðið, þó að það sé farið að kalla þá meira komma núna. (**Gripið fram í:** Eru nokkrir kommúnistar hér núna?) Já, já, það er til fullt af þeim. (**Forseti:** Ekki samtal.)

Það var annar maður, sem var ekki síður harður í þessum efnum og ekki sízt hv. forustumenn Sjálfstfl. mættu hugsa nokkuð vel til í þessum efnum. Það var Jón Þorláksson. Hann sagði svo í ræðu, sem hann flutti um þessi mál í Nd., í þessari hv. d., 3. maí 1923, einmitt þegar þessi mál voru komin á síðasta stig, þá orðar hann það svo, þegar hann er að flytja deildinni skilaboð frá Guðmundi Björnssyni, sem þá var ekki lengur á þingi, en hafði verið formaður fossanefndarinnar, — hann segir þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú var svo ástatt, að þegar fossanefndin sat að störfum, voru svo að segja öll stærstu og hagkvæmustu fallvötn landsins komin í hendur útlendinga, nema hluti landssjóðs og Reykjavíkurbæjar í vatnsréttindum Sogsins. Ýmist voru vötnin seld eða leigð útlendum félögum til lengri eða skemmri tíma. Af þessum ástæðum tókum við (þ. e. fossanefndin) til athugunar, hvort fara skyldi að eins og Norðmenn 1880 og viðurkenna eignarréttinn og leggja síðan strangar sérleyfishömlur á verzlun þeirra. En okkur þótti of seint að fara þá leið. Við vorum búnir þegar að selja vatnsréttindin í hendur útlendingum."

Og síðan hélt hann áfram:

„En nú vill hv. meiri hl. fara þessa leið og gefa útlendingunum allan þann framtíðargróða, sem við getum haft af notkun fallvatnanna. Ég er ekki fyrir að nota stór orð, en get þó ekki látið hjá líða að flytja þessari hv. d. þá orðsendingu frá fyrrv. forseta Ed., fyrrv. meðnefndarmanni mínum, Guðmundi Björnssyni landlækni, eftir beinum tilmælum hans, að hann geti ekki skoðað þetta öðruvísi en föðurlandssvik."

Þessi voru orð Jóns Þorlákssonar um þessa baráttu þá, og þessari baráttu lauk á því þingi, 1923, með því, að það tókst að samþykkja eina litla brtt., sem Jón Þorláksson og Bjarni frá Vogi greiddu atkvæði með, þá till., að það mætti ekki virkja þessi vatnsföll nema af hálfu ríkisins. Og þessi brtt. varð til þess, að útlendu fossafélögin gátu ekki virkjað þessa fossa.

Eins og menn vita, hafa svo síðan helztu fallvötn landsins verið í eigu útlendinga og er að nafninu til fjöldi þeirra enn. Þjórsá var t. d. fyrst keypt 1948, útlendingar áttu hana þangað til, þ. e. Títan. Ríkisstj. keypti Þjórsá 1948 fyrir 3 millj. kr. Lengra er nú ekki síðan við eignuðumst Þjórsá. Svona var þetta komið þá. Og sú barátta, sem þá var háð, frá 1917 til 1923, má verða okkur, sem nú lifum, til nokkurrar fyrirmyndar.

Jón Þorláksson endaði einmitt þá ræðu, sem ég var að vitna hér í áðan, með því að skora á menn að sleppa því heldur að virkja þessa fossa og sleppa þeim gróðavonum, sem kynnu að vera í sambandi við virkjunina, vegna nauðsynja eftirkomendanna. Forsjálni íslenzkrar borgarastéttar undir forustu manna eins og Jóns Þorlákssonar og slíkra var þá svo mikil, að til þess að Íslendingar ættu þetta sjálfir eða a. m. k. réðu þessu sjálfir, vildu þeir heldur fresta því — og það þótt væri um heila kynslóð — að láta virkja og hagnýta þessa fossa. Þá var Títan búinn að búa til áætlun um að virkja Þjórsá á 6 stöðum og koma upp allmiklum fyrirtækjum í sambandi við þá virkjun og hefðu þá vafalaust orðið langsamlega stærstu fyrirtæki, sem til voru á Íslandi, og stærri jafnvel en heilir atvinnuvegir. M. ö. o.: þegar við vorum rétt komnir út úr sjálfstæðisbaráttunni og flokkaskiptingin á Íslandi var rétt að byrja að mótast við stéttabaráttuna, þá var tilfinningin um það, að Íslendingar ættu að eiga þetta einir og ráða þessu einir, svo rík, að einnig þeir, sem vildu beita sér fyrir hvað mestu einkaframtaki og öðru slíku hér á Íslandi, voru ákveðnir í því að sleppa ekki yfirráðum þjóðarinnar og þar með ríkisins yfir þessum auðlindum. Og ég held, að íslenzk borgarastétt nú á tímum ætti að minnast þessarar baráttu, sem sú borgarastétt háði, sem þá var ung og veik hér og rétt svo að segja í upphafi sinnar tilveru og var svo að segja að slíta barnsskónum.

Núna vofir sú hætta yfir, að erlend auðfélög nái tökunum á afli því, sem þessir fossar geta skapað, og þar með meira eða minna á íslenzku

atvinnulífi. T. d. í sambandi við fossana hefur það einmitt verið upplýst af hæstv. dómsmrh., að erlent alúmíníumfélag, erlendur hringur, svissnesk og bandarísk félög sameinuð fara fram á eða eru reiðubúin til að gera samninga við íslenzka ríkið um hagnýtingu vatnsafls til alllangs tíma í sambandi við virkjun, t. d. í Þjórsá við Búrfell eða annars vatnsafls á Íslandi. Og næðu slíkir samningar fram að ganga, þýddi það að endurtaka á öðru stigi einmitt það, sem útlendu auðhringarnir fyrirhuguðu 1917—1923, að ná tökum á okkar fossafli, með öðru móti en þá, en með sömu afleiðingum, — með þeim afleiðingum, að þeirra aðstaða í íslenzku atvinnulífi mundi verða mjög sterk. Hæstv. dómsmrh. upplýsti þá, að svissneskt og bandarískt alúmíníumfélag mundi vilja til að byrja með koma upp alúmíníumbræðslu, sem bræddi um 30 þús. smálestir af alúmíníum. Til þess þarf um 60 þús. kw. rafmagns, og væri lagt í Búrfellsvirkjun í kringum 100 þús. kw., þá mundi verða meiri hluti aflsins, sem þetta útlenda félag fengi. Hæstv. dómsmrh. gat um í sinni skýrslu þá, að þetta væri aðeins miðað við, hvað hið útlenda félag vildi gera í upphafi, enda er vitað, að það þykir ekki nema meðalalúmíníumbræðsla, sem bræðir um 100 þús. smálestir, þannig að það væri mjög líklegt, að ef erlent alúmíníumfélag gerði samning við Íslendinga um slíka stóriðju, þá mundi það vilja áskilja sér að geta komið upp slíkri stækkun á henni, þótt byrjað væri með 30 þús. smálestum, að það færi upp í 100 þús. smálestir. Og til þess að vinna það þyrfti um 200 þús. kw., þannig að það er nokkurn veginn gefið, að mjög mikið af þeim virkjunum, sem við legðum í á næstu áratugum, miðaðist alveg sérstaklega við það að fullnægja samningum við slíkan alúmíníumhring. Hæstv. dómsmrh. gat þess, að fyrir utan sjálfa virkjunina mundi slík alúmíníumbræðsla kosta, ef ég man rétt, um 1100 millj. ísl. kr., 30 þús. tonna bræðsla. Það þýðir, að ef slíkt alúmíníumfélag vildi koma slíkri bræðslu upp í þá stærð, sem í Evrópu og suður í Afríku, þar sem nú er verið að reisa stærstu bræðslurnar, þykir meðallag, þá mundi um 100 þús. tonna bræðsla kosta um 3300 millj. kr. eða a. m. k. um 3000 millj. kr. Og við vitum, að það er ekkert smáræði, sem verið er að leggja út í í þessum hlutum. Það er m. a. 400 þús. tonna alúmíníumbræðsla, sem nú er verið að reisa, ef ég man rétt, suður í Gíneu, annaðhvort í Ghana eða Gíneu, einhverju af þessum nýju ríkjum í Afríku, þannig að það er stórkostleg fjárfesting, sem þessir stóru alúmíníumhringir eru að leggja í nú. Þegar við nú athugum það, að allt íslenzkt fjármagn, í öllum okkar skipastól, öllum okkar hraðfrystihúsum, öllum okkar sjávarútvegi yfirleitt, mun vera í kringum 3000 millj. kr., og er ég þó hræddur um, að allmikið af okkar skipum, ekki sízt togurunum, sé metið á mun hærra verði en þeir seljast nú, a. m. k. eftir reynslunni, ég miða þarna við mat, sem bankarnir létu framkvæma, — þegar maður athugar, að að öllum líkindum mun allt fjármagn í íslenzkum sjávarútvegi, okkar aðalatvinnugrein, vera kringum 3000 millj. kr., þá sjáum við, hvernig komið væri á Íslandi, ef eitt einasta erlent auðfélag væri búið að koma hér upp fyrirtækjum, sem 3000 millj. kr. stæðu í. Það er þess vegna engum efa bundið, að þegar verið er að ræða slík áform eins og þetta, þá er eðlilegt, að menn vilji stinga við fæti og athuga alvarlega í fyrsta lagi, hvort eigi að fara inn á slíka braut, og hins vegar, hvort ekki þurfi að breyta þannig lögum og stjórnarskrá í okkar landi, að slíkt sé ekki hægt.

Það er annað, sem sömuleiðis hefur komið upp í þessu sambandi og hæstv. dómsmrh. líka hefur skýrt frá, þ. e. hugmynd um, að erlent félag kæmi hér upp, máske í samfélagi við einhverja Íslendinga, olíuhreinsunarstöð. Og það kom í ljós við athugun, að það félag, sem hæstv. dómsmrh. gaf okkur upplýsingar um, er um leið félag, sem rekur einmitt fjármálaviðskipti um alla veröld fyrir þann nafnkunna, ameríska steinolíuhring, Standard Oil Company, þannig að það er greinilegt, að sá aðili, sem stendur á bak við till. um að koma upp olíuhreinsunarstöð á Íslandi, er sjálft Standard Oil. Við höfum fyrr á Alþingi, bæði nýlega og fyrir löngu, átt í nokkru kasti við það félag eða ýmsa anga þess og jafnvel ríkisvaldið sjálft og ekki sízt dómsmrn. komið nokkuð nærri þeim málum upp á síðkastið. En það var líka svo í gamla daga, meira að segja þegar Standard Oil fór gegnum Kaupmannahöfn til að komast hingað og hét þá Det Danske Petroleum Aktieselskab, eða eins og Íslendingar kölluðu það: „Danskir djöflar pína alþýðuna", þá var það líka svo, að hér á Alþingi, eins og í kringum 1910, þótti mönnum nauðsynlegt að taka einokunaraðstöðu þess félags til allmikillar umr., eins og gömul þingtíðindi kunna frá að skýra, sem ég skal nú ekki fara frekar út í. En hitt er alveg greinilegt af því, sem fyrir liggur viðvíkjandi spurningunni um olíuhreinsunarstöð, að þar er um að ræða frá hálfu þess aðila, sem hefur verið að beita sér fyrir þessu, till. um að koma upp einokunarfyrirtæki á Íslandi, að koma upp fyrirtæki, sem ameríska menn eða amerískt félag, Standard Oil, eða þess fólk og einhverjir Íslendingar, sem stæðu nærri því, kæmu hér upp og fengi einokunaraðstöðu til innflutnings olíu í landið, þannig að það væri um það að ræða að skapa erlendu auðfélagi einokunaraðstöðu á Íslandi. Við vitum, hvað slíkt mundi þýða. Það mundi þýða í fyrsta lagi að eyðileggja alla samkeppnismöguleika hér heima viðvíkjandi olíu og þar með að eyðileggja meira eða minna þau viðskipti, sem við höfum haft með olíu við Sovétríkin, sem mikið af þeim útflutningi, sem við höfum haft þangað á freðfiski m. a., hefur byggzt á, þannig að það er alveg greinilegt, að það er ekki bara verið að miða við viðskiptin austur á bóginn í þeim efnum, heldur er beinlínis verið að miða að því að granda vissum hluta sjávarútvegsins á Íslandi, og það er ekkert nýtt, að verzlunarauðvaldið á Íslandi sýni sig í slíku tilræði við sjávarútveginn.

M. ö. o.: það liggja fyrir okkur upplýsingar um og er nú þegar rætt um og hefur verið rætt um af stóriðjunefnd ríkisins og hæstv. dómsmrh. gefið okkur mjög nákvæmar skýrslur um það, að tveir stórir og voldugir aðilar, annars vegar alúmíníumfélög, hins vegar sjálfur Standard Oil, séu með till. um það að festa fé í íslenzku atvinnulífi beint eða óbeint í stórum stíl og kom-

ast hér inn og hafa hér mikil áhrif og fá hér góða aðstöðu, sumpart óbeina einokunaraðstöðu, sumpart raunverulega einokunaraðstöðu, gegnum sitt fjármagn og hafa þannig algera breytingu í för með sér á íslenzku efnahagslífi. Íslenzkt efnahagslíf hefur sem sagt skorið sig úr efnahagslífi allra þeirra landa, sem áður hafa verið raunverulega meira eða minna raunverulegar nýlendur, því að hér hefur svo að segja ekkert útlent auðvald verið í atvinnulífi Íslands. Og það er eitt af því, sem íslenzk atvinnurekendastétt, íslenzkur verkalýður og íslenzkir bændur hafa verið sammála um, það er að reyna að sjá um að halda þessu ástandi, halda því, að Íslendingar sjálfir eigi og ráði sínum atvinnufyrirtækjum. Menn deila um það, í hvaða formi það skuli vera. Menn berjast fyrir því, hvort það skuli vera ríkisfyrirtæki, samvinnufyrirtæki, bæjarfyrirtæki, einkafyrirtæki. Það er annað. Það getum við deilt um. Það getum við deilt jafnvel hart um og barizt um. En hitt höfum við fram að þessu staðið saman um, að þetta skyldu vera íslenzk fyrirtæki. Það, sem nú er þess vegna hætta á, er, að þarna sé breytt um stefnu og þá sé skapaður sá möguleiki, að á íslenzkum auðlindum eða íslenzkri aðstöðu byggist fyrirtæki, sem séu útlend, annaðhvort opinberlega eða meira eða minna leynilega, en raunverulega í öllu falli. Það er þetta, sem þetta frv. vill koma í veg fyrir.

Ég veit, að það eru hér og voru líka fyrir síðasta þingi á ferðinni till. um þál. til þess að athuga þessa hluti. En við fluttum þá frv. einmitt svipað þessu og vonuðumst eftir, að það væri hugsanlegt að fá það samþykkt, þannig að það fengi að fara undir þjóðaratkvgr. í kosningunum, sem ekki varð þó, því að við álítum, að þjóðin eigi að fá að dæma um svona hluti, áður en ráðizt er í að breyta um alla þá efnahagspólitík, sem verið hefur uppi á Íslandi það sem af er þessari öld. Þegar þau lög, sem nú gilda, þ. e. lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 frá 28. nóv. 1919, voru sett og það eru þau lög, sem hamla mjög útlendingum um alla aðstöðu hér og hafa dugað fram að þessu, þá voru þau sett þannig, að það þurfti að sækja til ríkis og ríkisstj., til þess að útlendingar fengju hér nokkra verulega aðstöðu. Þessi lög voru þá sett í því augnamiði af löggjafanum að hindra þar með, að útlendingar fengju slíka aðstöðu, því að þá var hugsunarhátturinn þannig hjá Alþingi öllu, að það þótti nóg, ef það þurfti að sækja til ríkis og ríkisstj. um, að útlendingar fengju slíka aðstöðu hér, þá var það vitað, að því yrði neitað. Núna er öldin önnur. Nú er það vitanlegt, að jafnvel ríkisstj. getur verið þeirrar skoðunar á Íslandi, að það eigi að veita erlendum aðilum aðstöðu til þess að reka hér stóratvinnufyrirtæki og hagnýta verulega íslenzkar auðlindir, og þá er núna hægt að koma slíku í gegn, sumpart með einföldu leyfi, sumpart bara með lagabreytingu á Alþingi. M. ö. o.: það, sem var álitið alveg tryggt 1919, að kæmi í veg fyrir, að útlent auðvald kæmist inn á Íslandi, það er nú ekki tryggt lengur, þannig að það þarf að tryggja það með stjórnarskrárbreytingu, ef það á að vera öruggt, að útlent auðvald geti ekki komizt hér inn, nema það sé í samræmi við vilja þjóðarinnar. Þess vegna leggjum við til, að 68. gr. stjórnarskrárinnar sé breytt, eins og 1. gr. þessa frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mælir fyrir.

Nú segir í 68. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum. Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skal skipað með lögum.“

Við leggjum til, að þetta viðvíkjandi ríkisborgararéttinum haldist eins og það var, en hitt breytist og í staðinn komi:

„Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir.“

Það á að vera þetta, sem gengur í gegn sem rauði þráðurinn, sem höfuðatriðið í þessari grein, þannig að það verði nú sett inn í stjórnarskrána ákvæði, sem hindra útlendinga í því að eignast hér fasteignir eða náttúruauðæfi og að taka á leigu atvinnutæki eða íslenzk náttúruauðæfi. Þetta er mjög mikil breyting, mjög stórvægileg breyting, og við höfðum ekki farið að flytja þetta nema vegna þessara miklu umr., sem orðið hafa á vissu skeiði fyrir síðustu kosningar út af fyrirhugaðri hugsanlegri inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið og nú eftir kosningarnar út af þeim miklu umr., sem orðið hafa um það, hvort erlent alúmíníumfélag og erlendur olíuhringur skyldu öðlast aðstöðu hér á Íslandi og erlent auðmagn þar með koma inn í íslenzkt atvinnulíf í ríkum mæli. Við álítum, að áður en slíkar breytingar yrðu gerðar, eigi að gefa þjóðinni kost á að dæma um þetta, það eigi að gefa henni kost á að skera úr um það í kosningum, sem miðuðust einmitt við slíkt, hvort þannig eigi að breyta til.

Við skulum gá að því, að þegar við erum að gera slíkan hlut eins og að hleypa útlendu auðvaldi inn í landið, þá erum við að gera ráðstafanir, sem ekki snerta aðeins okkur, heldur líka okkar eftirkomendur. Ég vil minna á það, að mörg þau nýfrjálsu ríki, sem nú standa í því að reyna að tryggja sér efnahagsleg yfirráð yfir sínum eigin auðlindum eða atvinnutækjum síns lands, neyðast jafnvel til þess að fara þá leið að þjóðnýta þetta eða jafnvel taka eignarnámi, jafnvel stundum skaðabótalaust. Oft eru þetta fátækar þjóðir og hins vegar gífurleg verðmæti, sem hinir útlendu auðhringar hafa eignazt þar. Og það er viðsjárvert t. d. fyrir okkar eftirkomendur að eiga að þurfa að standa máske í slíku. Það er við erfiða aðila að fást, þar sem þessir voldugu og ríku erlendu auðhringar eru, sem oft og tíðum hafa ríkisstj. síns lands á bak við sig, þegar um slíkt er að glíma, og ríkisstj. þeirra landa skoða þá sem skyldu sína að taka verulegt tillit til hagsmuna slíkra auðfélaga, þannig að þar með væri verið að koma Íslendingum í framtíðinni máske í erfiða aðstöðu gagnvart voldugu útlendu valdi.

Mér er ekki kunnugt um og hefur ekki verið rætt um það neitt á Alþingi, frá því að hæstv. dómsmrh. gaf sína ýtarlegu skýrslu fyrr á þessu þingi, hvernig samningar stæðu við þessi útlendu félög. En satt að segja væri, einmitt af því að nú fer að líða að þinglokum, eftir því sem

a. m. k. flestir búast við, mjög æskilegt að fá nokkra hugmynd um, hvernig þeir samningar standa nú. Mér dettur það sérstaklega í hug út af því, sem ég hef getað fylgzt ofur lítið með um mál, sem er smámál hjá þessum málum, í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna, að það er ákaflega óheppilegt, ef það ætti að hafa sama háttinn á um þau tvö stóru atriði, sem ég hef gert hér að umtalsefni, um alúmíníumverksmiðjuna og olíuhreinsunarstöðina, eins og haft hefur verið með kísilgúrverksmiðjuna. Ég tek eftir því af því frv., að þar er að mestu leyti búið að ganga frá málunum og semja um og gera raunverulega þann samning að eins konar lagafrv., sem ríkisstj. vegna sinnar aðstöðu allrar er búin að binda sig við, áður en hann er lagður fyrir Alþingi. *Ég álít, að það væri ákaflega óheppilegt*, að slíkur háttur væri hafður á um olíuhreinsunarstöðina og alúmíníumbræðsluna. Ef hæstv. ríkisstj. væri svo að segja búin að ljúka þeim samningum og legði þá fyrir Alþingi og treysti síðan á sitt flokksfylgi til þess að koma þeim samningum í gegn, gæfist enginn raunverulegur kostur á að laga neitt í þeim samningum lengur. Þá er hæstv. ríkisstj. búin að binda sig og getur ekki sóma síns vegna annað en staðið við slíkt. Ég álít þess vegna, að það væri að öllu leyti heppilegast upp á afgreiðslu þessara mála, ef þessi mál væru einmitt rædd sem ýtarlegast hér, á meðan þau eru á undirbúningsstigi hjá hæstv. ríkisstj. líka. Segjum, að stjórnarandstöðuflokkarnir séu máske báðir andvígir þessu, og þó munu vera þar nokkuð skiptar skoðanir, en meira að segja þó að sumir í þeim stjórnarandstöðuflokkum væru algerlega andvígir, þá er engum efa bundið, að í virkilegum rökræðum um þessi mál mundi koma margt fram, sem hæstv. ríkisstj. mætti að gagni verða í þeim samningum, sem hún ætti í við sína viðsemjendur í þessum málum. Ég held, að það væri engum efa bundið, að í slíkum samningum mundi hún eiga að mörgu leyti erfiða aðstöðu. Við Íslendingar höfum aldrei staðið í svona samningum áður, enginn Íslendingur, held ég, staðið í slíkum samningum. Og erlendir aðilar, við skulum segja frændur vorir Norðmenn, sem hafa staðið í ýmsum svona samningum og hafa ýmsa reynslu, hafa að mörgu leyti allt öðruvísi aðstöðu um þetta. Við skulum segja t. d., þegar þeir voru að semja við þetta sama svissneska alúmíníumfélag, sem við erum að semja við nú, þá var lagt upp úr því af hálfu Norðmanna, að norskum aðilum yrði gefið tækifæri til þess að hafa helminginn af hlutafénu, og það varð stórhneyksli í norska stórþinginu nú síðasta vetur, og ég hef þær umr., að þetta útlenda félag, þetta svissneska félag þótti beita ýmsum brögðum og jafnvel hafa þar með sér að einhverju leyti einhverja af ráðh., það ætti sinn leyniráðh. þar, til að hindra það, að norskir aðilar gætu fengið þann þátt í hlutafénu, sem norska ríkið hafði upphaflega viljað áskilja þeim. Og það varð úr þessu allmikill glundroði í þessum samningum og jafnvel var um tíma, — mér er ekki kunnugt, hvernig farið hefur núna síðustu vikurnar, — en var um tíma jafnvel útlit fyrir, að málið stöðvaðist vegna þessa. Hins vegar er vitanlegt, að þegar rætt hefur verið núna við þetta sama alúmíníumfélag, að viðbættu amerísku alúmíníumfélagi, hefur náttúrlega ekki komið til neinna greina, að íslenzkt kapital kæmi þarna inn í, því að við eigum ekki auðmagn til þess að setja þarna í, og menn mundu varla vilja hætta því litla, sem þeir ættu, þannig að hér væri algerlega um það að ræða, að eingöngu þessir útlendingar ættu þetta fyrirtæki, sem þarna væri um að ræða, þannig að það er allt annað viðhorf en t. d. hjá Norðmönnum.

Þess vegna er það mjög vafasamt, að hve miklu leyti við gætum byggt á þeirri reynslu, sem aðrar þjóðir hafa í þessum efnum, sakir okkar smæðar, sakir okkar fátæktar hvað fjármagn snertir, sem nokkuð gæti jafnazt á við þessa voldugu erlendu aðila, þannig að við erum *þarna að fara inn á alveg nýjar brautir, og þar* sem ég vil ekki að neinu leyti draga í efa, að hæstv. ríkisstj. mundi út af fyrir sig vilja, ef hún gerði slíka samninga, — þó að ég sé henni ósammála um það, ég álít, að það eigi ekki að gera þá, en hún álítur máske, að það eigi að gera þá, — þá efast ég ekki um, að hún mundi vilja gera slíka samninga sem bezta frá Íslands hálfu. En til þess að slíkt væri hægt, ef slíkir samningar væru gerðir, yrði að þaulræða svona mál áður. Þess vegna er um að gera fyrir okkur, þegar þannig háttar, að láta ekki slík mál verða, ef ég mætti orða það svo, að svo miklu pólitísku metnaðarmáli, að við *getum ekki* rætt þau út frá að vísu gagnstæðum skoðunum, en þó þannig, að fleiri hlutir kæmu fram í sambandi við það en ella. Ég vil í því sambandi, af því að ég þykist vita, að það sé eitt af höfuðatriðunum, sem e. t. v. veldur því, að hæstv. ríkisstj. hefur farið inn á þessar umr. við hin erlendu alúmíníumfélög, — ég vil minnast á það, að það kunni e. t. v. og mjög líklega að hafa haft þar nokkur áhrif um, að hún vonaðist eftir, að við gætum fengið betri samninga við t. d. Alþjóðabankann um lánsfé í stórum stíl til stórvirkjunar, svo fremi sem við gætum boðið upp á slíka samninga við alúmíníumfélag. Ég hef ekki fylgzt með því og veit ekki, hvernig þeir samningar standa eða hvort nokkur svör eru komin frá Alþjóðabankanum. Ég veit, að hann hefur stundum verið nokkuð erfiður áður í slíkum samningum. Ég man eftir því frá tímum vinstri stjórnarinnar, að hann var ekkert fljótur á sér stundum að vilja lána okkur Íslendingum. Ég man vel eftir því þá, að hann var miklu fljótari að grípa við sér, þegar hann hafði hugmynd um, að þáv. hæstv. ríkisstj. hefði ella möguleika á að fá slík lán hjá Sovétríkjunum, þá varð hann miklu fljótari til að veita þau lán, sem hann hafði annars lengi dregið við sig.

Það væri a. m. k. í sambandi við umr. um þetta ákaflega fróðlegt að fá það upplýst, hvað gangi lánsútveganir í nýtt, stórt raforkuver á Íslandi. Það er vitanlegt, að eitt af þeim málum, sem þingið raunverulega bíður eftir, er einmitt *lagafrv. um nýtt orkuver* eða ný orkuver, og ég býst við, að eitt af því, sem hafi tafið þar fyrir hæstv. ríkisstj., sé, að hún viti ekki enn sem komið er, hvaða möguleika hún hefur í því sambandi. En einmitt þessi spurning um lán til nýs orkuvers og samningar um alúmíníumbræðslu hafa stundum verið tengd saman.

Ég hef gert þessi mál viðvíkjandi hugsanlegum stóriðjumálum núna á Íslandi að umtalsefni hérna vegna þess, að mér þætti ákaflega vænt um, ef hæstv. dómsmrh., sem áður hefur gefið Alþingi svo ýtarlega skýrslu um þessi mál, skýrði okkur frá því, hvort eitthvað nýtt hefur komið fram í þeim málum eða hvernig þau mál standa nú. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einvörðungu flutt vegna þess, að þessi mál hafa undanfarið svo að segja vofað yfir, og við flm. álítum þau svo mikilvæg, að það ætti að gefa þjóðinni kost á að dæma um þau, áður en farið væri inn á þá braut að veita erlendum aðilum slíka aðstöðu, sem nú hefur verið á minnzt. Að öðru leyti mundi ég, þegar þessari umr. væri lokið, vilja óska þess, að frv. væri vísað til 2. umr. og hv. allshn., en þætti sem sé vænt um, ef Alþingi eða þessi hv. d. gæti fengið nokkuð að vita um, hvernig málin standa í þessum efnum og hvaða breytingar hafa orðið frá því fyrr á þingi, að hæstv. dómsmrh. gaf okkur þá skýrslu.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni þeirra orða, sem fram komu í niðurlagi ræðu hv. 3. þm. Reykv., segja, að það hefur ekkert gerzt í þessum málum, síðan ég gaf skýrslu mína á sínum tíma út af fsp. sama þm. varðandi alúmíníumbræðslu og olíuhreinsunarstöð.

Það er ýmislegt, sem fram kom í ræðu hv. þm., sem ég tel nokkuð á misskilningi byggt, miðað við það, sem fram kom í svari mínu á sínum tíma, sérstaklega varðandi eignarrétt olíustöðvar og afnotarétt vatnsafls af erlendum aðilum. Í sambandi við alúmíníumbræðsluna var ekki um annað rætt en orkusölusamning til tiltekins tíma til alúmíníumbræðslu, sem væri þá annaðhvort öll eða a. m. k. sama sem öll í eign erlendra aðila, og ef menn vilja kalla það afnot af okkar vatnsréttindum og orku, sem í fallvötnunum býr, þá hygg ég, að það gæti valdið nokkrum misskilningi, og það hefur aldrei í mínum huga verið um annað að ræða en við sjálfir hefðum þar öll ráð í okkar hendi með því að tímabinda og takmarka orkusölusamninginn. Ef um það næst ekki samkomulag, þannig að viðunandi sé frá okkar hálfu, yrði aldrei neitt úr slíkum framkvæmdum, ef ég mætti ráða eða þeir, sem svipað hugsa og ég í þessu efni.

Um þær upplýsingar, sem ég gaf um olíuhreinsunarstöðina, lá það fyrir, að þeir erlendu aðilar, sem rætt hafði verið við af einstökum aðilum, einstaklingum og félögum hér, höfðu byggt sínar viðræður á því, að innan tíðar og mjög skamms tíma, 5—7 ára, yrði slík olíuhreinsunarstöð alíslenzkt fyrirtæki. Enn fremur kom ekkert fram í þeim upplýsingum, sem ég gaf um það, að meðan hún starfaði í sameign Íslendinga og útlendinga eða þar á eftir, fengi hún einokunaraðstöðu hér á Íslandi. Þvert á móti hefur í öllum viðræðum, sem ég hef átt við hina innlendu aðila hér, verið frumskilyrði, að vegna þess, hve fyrirtækið væri ráðgert stórt og gæti ráðið yfir miklum hluta eða mestum hluta af innlenda markaðinum, yrði það að gera sér grein fyrir því, að allur innflutningur á þeim efnivörum, sem þeir framleiddu, yrði algerlega frjáls og verðlagsmyndunin frá þessu fyrirtæki mundi þess vegna ráðast af frjálsri samkeppni og hverjum sem væri heimilt að flytja þessar vörur inn og með því hagstæðasta verði, sem á hverjum tíma væri fáanlegt á hinum erlenda markaði.

Þetta vildi ég aðeins hafa sagt í sambandi við þetta. Hér var aldrei gert ráð fyrir einokunarfyrirtæki og aðeins á byrjunarárunum, eins og kom fram í mínu svari, 5—7 ár, að einhverju leyti í sameign við erlenda aðila. Annars tók ég fram þá, að það væri óljóst og það er óljóst enn, að hve miklu eða litlu leyti þörf er afskipta íslenzkra stjórnarvalda af þessu máli. Hitt er þó sýnilegt, að slíku fyrirtæki verður aldrei komið hér upp í blóra við íslenzk stjórnarvöld. En það þarf hins vegar ekki að þýða það, að þau þurfi í sjálfu sér að hafa nein sérstök afskipti af slíku fyrirtæki, ef það er byggt upp að meira eða minna leyti sem íslenzkt og verðandi alíslenzkt fyrirtæki og innan ramma þeirra laga og reglna, sem eru og íslenzk stjórnarvöld á hverjum tíma hafa í hendi sér að setja, bæði þing og stjórn.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta, en ég endurtek það, að ég tel ekki, að neitt hafi komið fram í þessum málum, frá því að ég gaf mína skýrslu, sem gefur tilefni til frekari upplýsinga.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi út frá þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. dómsmrh. gaf, aðeins leyfa mér að endurtaka, hvort ég hef skilið hann rétt. Það er það atriði, að það sé alveg ákveðin stefna ríkisstj., að hún muni ekki leyfa, ef hér yrði komið upp olíuhreinsunarstöð, að það yrði að neinu leyti einokun í sambandi við hana, en aðrir aðilar fengju alveg óhikað að flytja inn olíur, hverjar sem væru, hingað til landsins. Það er aðeins þetta atriði, að ég hafi tekið rétt eftir því, sem ég vona að ég megi líta á sem fasta yfirlýsingu frá hálfu hæstv. ríkisstj.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. þm. hefur alveg skilið rétt orð mín og ég veit ekki betur en ég tali einnig fyrir hönd annarra ráðh. í þessu sambandi, og það hefur aldrei við mig eða innan ríkisstj. á nokkurn hátt verið rætt um neina einokunaraðstöðu í þessu sambandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

39. Skipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Á 57. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík [154. mál] (þmfrv., A. 277).

Á 64. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): *Herra forseti. Ég vil* taka það fram í upphafi míns máls, að þetta frv. er ekki flutt hér sem neitt flokksfrv. eða að neinu leyti á vegum Alþb. sem slíks, heldur er þetta aðeins mitt persónulega álit, sem ég flyt í þessu. Ég þykist vita, að um það mál, sem hér um ræðir, séu skiptar skoðanir innan allra flokka, og óska þess, að frá upphafi í þeim umr. eða þeirri meðferð, sem þetta mál kynni að fá, færu menn ekki að neinu leyti að skiptast eftir flokkum, heldur eingöngu eftir því, hvaða álit menn hafa á því máli, sem fyrir liggur.

Aðalatriði þessa frv. er að ákveða, að gamla kvosin eða gamli miðbærinn í Reykjavík skuli hlíta sérstökum lagaákvæðum viðvíkjandi þeirri skipulagningu, sem þar færi fram. Og ég skal gera stutta grein fyrir, hvernig á því stendur, að ég flyt þetta frv., og höfuðtilganginum með því.

Reykjavík sem höfuðborg okkar lands hlýtur, fyrir utan það að vera stærsta borg landsins og hlíta þeim reglum, sem almennt eru í lögum um, hvernig borgir skuli skipuleggja og annað slíkt, þá hlýtur hún að markast nokkuð sérstaklega af því, að hér sé aðalaðsetur þings og stjórnar. Hver einasta höfuðborg í Evrópu og Ameríku, held ég áreiðanlega, tekur sérstakt tillit til þess, og venjulega eru þingin það mikils meðvitandi um sinn mátt, að þau marka alveg sérstaklega ekki aðeins verkefni, heldur meira að segja ýmis sérréttindi eða jafnvel stundum réttindaleysi og alveg sérstaklega skipulag hverrar höfuðborgar. Og ég held þess vegna, að það sé alveg sérstaklega mál Alþingis að ákveða um, hvers konar heildarskipulag skuli haft, a. m. k. á því svæði Reykjavíkur, sem framar öllu öðru verður höfuðaðsetur stjórnar og þings, verður miðstöð landsins, miðstöð þess „administrativa" starfs í landinu. Nú er það þar að auki svo, eins og öllum er kunnugt, að Reykjavík er með elztu bæjum, sem við höfum, a. m. k. af þeim, þar sem allmikið af byggingum stendur óeyðilagt eða óskemmt enn þá, því að þar sem eldri byggingar hafa verið á landinu, er sums staðar mjög illa farið fyrir þeim. Það er þess vegna tvenns konar höfuðtilgangur í sambandi við þetta frv. Það er í fyrsta lagi sá að vernda þær gömlu sögulegu minjar, sem enn er að finna í þessum miðdepli Reykjavíkur. Þessi miðdepill er raunverulega þar, sem Reykjavík var að mestu leyti um 1900 eða a. m. k. kjarni Reykjavíkur þá. Við Íslendingar eigum ákaflega lítið af gömlum byggingum, eins og allir vita, og það hefur á þessari öld verið eyðilagt meira af gömlum byggingum en nokkru sinni fyrr í okkar sögu, vegna þess að allir gömlu sveitabæirnir, sem til voru um aldamótin, hafa verið að hverfa. Og meira að segja þeim fáu sérstöku minjum, sem hefur verið hlíft, við skulum bara taka Viðimýrarkirkju, hún stendur uppi eins og einstæðingur, eftir að búið er að rífa húsið, sem var við hliðina á henni og bar þó merki enn þá þess gamla tíma og var í einhverju samræmi við þá gömlu og indælu kirkju, sem þar stendur.

Hér í Reykjavík hefur það verið svo, að til allrar hamingju höfum við enn sem komið er sloppið, þannig að það hefur ekki tekizt að eyðileggja nema lítið af þeim sögulegu byggingum, *sem hérna voru. Og þetta litla, sem eftir er, og* til allrar hamingju margt af því það dýrmætasta, sem við eigum, verður að gera ráðstafanir til að varðveita, og sú skylda hvílir fyrst og fremst á Alþingi, vegna þess að þarna er um að ræða hluti eða hús, sem Alþingi framar öllu ber að setja lög um og tryggja þannig, eftir því sem mögulegt er, að slíkar byggingar verði ekki eyðilagðar. Það er þess vegna skylda okkar að sýna ræktarsemi gagnvart okkar forfeðrum og gagnvart okkar sögu í því að varðveita slíkar byggingar. Í þessu frv. er alveg sérstaklega tekið fram um nokkrar þeirra, og býst ég við, að flestir séu sammála um, að þær sé sjálfsagt að varðveita. Þar ber fyrst að telja menntaskólann núverandi, þinghúsið, dómkirkjuna, stjórnarráðshúsið. Samt vitum við það viðvíkjandi menntaskólanum, að þegar er nokkur hætta þar á ferðum, að farið sé að krukka þar eitthvað í, og við vitum, að þær hugmyndir eru svo sem uppi, að það ætti helzt að taka menntaskólann og flytja hann burt eða jafnvel rífa hann. Og þó að ég búist við, að allir alþm. séu sammála um það, að slíkt komi náttúrlega aldrei til mála, þá skulum við muna eftir því, að það er ekki langt síðan elztu hús á Íslandi, hús eins og t. d. einokunarbúðin gamla á Eyrarbakka, voru rifin og þeirra óskemmdu viðir notaðir sem uppistöður í annað hús. Við verðum enn að láta nota menntaskólann sem skólahús, þó að flestar aðrar þjóðir hefðu fyrir löngu verið hættar því, ef þær hefðu átt slíkt hús, og gert það hús eingöngu að minjasafni, kannske notað einhvern part af því í sambandi við Alþingi eða forseta, en gert það fyrst og fremst að minjasafni í sambandi við þjóðfundinn og störf Alþingis frá endurreisn þess og fram til þess, að það flutti í þetta hús, sem við nú stöndum í. Og ég efast ekki um það, að í framtíðinni mun einhvern tíma í þjóðfundarsalnum gamla verða safnað saman myndum af þeim mönnum, sem þann þjóðfund sátu, og látnar prýða þann sal í staðinn fyrir þá dönsku konunga, sem þar voru, þegar ég t. d. var í menntaskólanum. Og ég held, að við ættum nú þegar með lögum að gera ráðstafanir til þess, að við þessu húsi verði ekki snert. Það er aumingjaskapur af okkur að vera ekki búnir að byggja tvo menntaskóla í Reykjavík og láta hætta að nota þennan, því að hann er raunverulega löngu óhæfur til þess að vera menntaskóli.

Þá er stjórnarráðshúsið. Við vitum ósköp vel þess sögu, og það er alveg sérstaklega ánægjulegt að varðveita það hús vegna þeirrar sögu. Þegar maður hugsar til þess sem gamals fangahúss og alls, sem í því hafi gerzt áður, og aðsetursstaðar

þeirra dönsku yfirvalda hér, þá dettur okkur í hug ljóðlínan hjá Steingrimi: „Og jafnvel úr hlekkjunum sjóða má sverð". Stjórnarráðshúsið býst ég líka við, að allir menn hljóti að vera sammála um að eigi að standa, og ég efast ekki um, að það séu nú þegar til aðferðir til þess, t. d. hvað menntaskólann snertir, slík timburhús, að varðveita þau þannig, að þau séu algerlega örugg gegn bruna, þannig að það eigi að vera hægt að varðveita slík hús um ófyrirsjáanlegan tíma.

Þinghúsið hér höfum við oft rætt um, en mönnum finnst kannske ekki eins mikill sögulegur ljómi yfir því og er í okkar augum um menntaskólann og gamla þjóðfundarsalinn. En það verður nú kannske, þegar menn fara að deila dálítið harðar en gert hefur verið um þá menn, sem lifðu um aldamótin, um þá kynslóð, sem setti fyrst mark sitt á þetta hús, eins og til allrar hamingju er farið að gera núna, þannig að menn liggi ekki alveg óumdeildir lengur, og menn kynnu þá a. m. k. í framtíðinni að hugsa til þess, að gamli Benedikt Sveinsson og Skúli Thoroddsen, Hannes Hafstein og svo þeir yngri, sem á eftir þeim komu upp úr 1908, hafi barizt hér í þessu húsi og háð þá baráttu, sem hér var, og hér voru lögð drögin að fullveldinu, og hér var barizt um Uppkastið, og það kemur til með að verða líka á sinn hátt sögulegur ljómi um þetta hús, þegar nógu langt er liðið frá. Og ég býst við, að flestir þeir, sem að einhverju leyti er þessi miðdepill Reykjavíkur kær, muni vilja, að alþingishúsið og dómkirkjan fái að standa hér. Þó að margt af þeim gömlu húsum hverfi, sem hérna eru vestan við okkur, og eigi að hverfa, þá mundi vafalaust í framtíðinni vera unnt að hafa þar hús, sem sómdi sér vel við hlíðina á dómkirkjunni og alþingishúsinu án þess að skemma þann stíl, sem í því er. Ég efast ekki um, að það sé líka margt hér í kring af þeim gömlu húsum, sem menn mundu vilja varðveita, þegar menn færu að hugsa um þessa hluti. Gamla Iðnó hefur sína sögu að geyma, og gamla Búnaðarfélagshúsið hefur sinn sérstaka stíl frá aldamótunum. Og við sjáum bezt á því, sem nú er byggt eða nú er hugsað til að byggja, hve mikils menn muni meta það að eiga slíkt hús eftir svona 200—300 ár og hvílík villimennska það mundi þykja af þeim, sem nú lifa, að eyðileggja þessar gömlu minjar.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að þegar t. d. eitt af þeim húsum, sem þóttu, þegar ég var ungur, með helztu stórhýsum hér í Reykjavík, hús Sambands ísl. samvinnufélaga við Arnarhól, þegar það var byggt, þá þótti mér alltaf undarlegt, að menn skyldu endilega þurfa að rífa Sölvhól um leið, og ég held, að það hefði verið einmitt mikil ánægja að því að geta fengið að láta einn lítinn, gamlan torfbæ, jafnvel þó að það kosti mikið að viðhalda honum, fá að standa þannig í hjarta Reykjavíkur, einmitt innan um öll þau stórhýsi, sem þar eru byggð.

Ég verð að segja, að mér finnst vera fullmikil hjá okkur hér stundum sýndarmennskan, jafnvel í nafngiftum, ræktarsemin nokkru minni. Ég hugsa sérstaklega til minnar höfuðborgar, Akureyrar, þegar verið er að kalla þá steinkirkju, sem þar var byggð og þar stendur nú, Matthíasarkirkju, en rífa þá kirkju, sem Matthías Jochumsson prédikaði í allan þann tíma, sem hann lifði og starfaði. Það er undarleg aðferð í ræktarsemi að kunna ekki að meta þá hluti, sem hafa að geyma einhverjar sögulegar minjar. Það þarf ekki að vera neitt djásn í byggingarlist eða neinu slíku, heldur aðeins sú meðvitund, að þessi og þessi maður, sem þjóðinni er kær, skuli hafa lifað og starfað þarna. Það á að vera nægilegt til þess að helga slíka hluti, eftir því sem við getum. Þeir eru ekki svo margir, sem við eigum slíka.

Ég held t. d., að einhvern tíma mundi mönnum þykja vænna um það að geta endurskapað Aðalstræti 10, þar sem búð Silla og Valda er nú, nokkurn veginn í því formi, sem það var, og láta ekki eyðileggja það, heldur en fá eitt af þeim stórhýsum, sem út frá verzlunarlegu sjónarmiði mundi þykja girnilegast að reisa við Austurstræti. Ef við hugsum ekki nema til næstu aldamóta, þá skulum við muna það, að það verður enginn vandi að byggja stórhýsi. Við getum byggt alls staðar, hvar sem við viljum, nógu mikið af 10—20 hæða húsum eða hvern skrambann sem við viljum koma upp þannig. Okkar þjóð, eins og aðrar þjóðir, verður nægilega auðug, það verður nóg ríkidæmi, það verður enginn skortur á að byggja einhver ósköp. Húsnæðisleysi og annað þess háttar verður löngu úr sögunni. En þær voldugu og ríku kynslóðir, sem þá koma til með að lifa og geta leikið sér að því að byggja eins og þær vilja í krafti þeirrar tækni og þess auðs, sem við eins og aðrir hlutar mannkynsins ráðum þá yfir, þær geta ekki gert eitt. Og það er að skapa aftur það, sem búið er að rífa. Það geta þær ekki gert. Þær geta reynt að búa til einhverjar eftirmyndir, reynt að reisa við í einhverjum líkum stíl eða annað slíkt, og vafalaust munu þær reyna að gera mikið að því. En þær geta aldrei skapað það gamla aftur. Það er eitt af því fáa, sem þær koma ekki til með að geta. Og það verður hörð gagnrýni á þá, sem nú lifa og eru þó eins ríkir og við, að hafa eyðilagt hluti, sem aldrei er hægt að skapa á ný.

Við höfum stundum álasað okkar forfeðrum. Þeir voru fátækir, þeir þurftu að nota handrit í skóbætur, þeir voru ekki að eyðileggja það að gamni sínu. Verjum við þó ekki verknað þeirra. En okkur liggur ekkert á að rífa byggingarnar, sem standa hérna í miðdepli Reykjavíkur. Það er ekkert, ekki nokkur skapaður hlutur, sem rekur á eftir okkur með það. Það má ósköp vel bíða. Við getum leyst öll okkar vandamál án þess að granda nokkru af því, sem við héldum að væri betur geymt. Þær þjóðir, sem hafa lent í hörmungum styrjalda, jafnvel sú þeirra, sem harðast varð úti í síðasta stríði og sá sína gömlu höfuðborg gersamlega eyðilagða, í álika rústum og hraunin eru hjá okkur, Pólverjar, tóku til að endurreisa nokkuð af Varsjá og endurreisa það í þeim gamla stíl, endurreisa meira að segja gamla markaðinn, sem þeir kölluðu, gömlu markaðstorgin með húsum frá 15. og 16. öld, sem maður gekk um á álika rústum 1945 eins og Hafnarfjarðarhraun er nú. Og þeim tókst þetta. Þessi hús líta út mjög líkt sem þau voru. Þeir höfðu nákvæmar teikningar og annað slíkt af

því. En það er náttúrlega ekki það gamla. Þessar þjóðir, sem hafa gamla menningu og sérstaklega gamla borgarmenningu, reyna, þegar þær verða fyrir svona ægilegum hörmungum eins og styrjöldum og eyðileggingum, að endurreisa þetta til þess að láta ekki samhengið í sögu þeirra slitna, til þess að gamlar sögulegar minjar, gamlar sögulegar byggingar, sem hafa verið eyðilagðar, séu þó a. m. k. byggðar eins aftur, og það þó að það kosti of fjár og það fyrir þjóð, sem á við allsleysi að búa og tekur við öllu sínu landi í rústum eftir styrjöld. Samt sýna þessar þjóðir svona ræktarsemi gagnvart því gamla, sem til er. En hér á Íslandi virðast menn helzt hafa tilhneigingar til þess að rífa eins mikið af þessu gamla niður, fyrst það var ekki skotið niður eða sprengt í styrjöldum. Og það er mál, að við áttum okkur á þessu og stöðvum slíkt.

Ég man eftir því, þegar ég komst að því, að kirkja Matthíasar Jochumssonar hafði verið rifin á Akureyri. Ég talaði um það við páv. biskup, séra Sigurgeir, og hann sagði við mig, að hann hefði ekki heldur verið spurður að þessu, þegar þetta var gert. Sannleikurinn er, að það var sérstaklega um aldamótin hjá okkur og þegar menn voru að reyna að flytja úr gömlu kotunum, þá var fögnuðurinn svo mikill að sleppa út úr þeirri fátækt, sem maður þá bjó við, að bóndinn, sem fannst gamla kotið fyrst og fremst vera heimkynni berklanna og fátæktarinnar, hann varð þeirri stundu fegnastur, þegar hann losnaði við þetta og gat rifið það niður og flutt í betra hús. En það er annað fyrir okkur, sem nú lifum og horfum upp á það, að það fer varla að verða eftir eitt einasta kot á Íslandi, eins og var í gamla daga, til þess að varðveita, aðeins nokkur gömul höfðingjasetur, sem til allrar hamingju sveitamenningin hefur sett sitt stolt í að varðveita og varðveita fagurlega, en kotin eru að hverfa.

Það er þess vegna alveg nauðsynlegt fyrir okkur að átta okkur á þessu í tíma. Það eru að brenna hjá okkur gömul hús hér og þar um landið, meira en 100 ára gömul. Það er verið að rífa önnur. Meðferðin þar er sums staðar ekkert betri en hjá barbörunum, þegar þeir voru að rífa grísku hofin og byggja úr þeim sín híbýli, og þessu verður að hætta.

Ég hef ekki í þessu frv. gert neina till. um að reyna að varðveita hluta af Reykjavík alveg eins og hann er. En ég verð að segja það, að t. d. gata eins og Vesturgatan, sem er ein óskemmdasta gata Reykjavíkur enn þá af nýjungum, mundi eftir 200 ár og jafnvel skemmri tíma, ef hún væri varðveitt eins og hún er, þykja líklega ekki aðeins merkilegasta, heldur jafnvel að sumu leyti ein fegursta gatan í Reykjavík, bara vegna þess ljóma, sem mundi vera yfir því vegna þess gamla. Við getum búið til hluti, sem eru miklu, miklu glæsilegri og annað slíkt. Við verðum ekki í neinum vandræðum með það í framtíðinni, mennirnir. Við höfum sýnt það nú þegar, að við erum sízt í vandræðum með íburðinn. Tökum bara Ægissíðuna. En hvort það verður önnur eins hjartahlýja í öllum þeim útflúruðu steinkumböldum eins og í mörgum gömlu húsunum, það er annað mál, og hvort komandi kynslóðir munu ekki hugsa dálítið öðruvísi, þegar þær enn þá geta þó litið eitthvað af þessum gömlu götum, og finna öðruvísi til og skilja öðruvísi þær kynslóðir, sem nú hafa lifað, það læt ég ósagt.

Það er þess vegna fyrsti tilgangurinn í þessu frv. að vernda þennan miðbæ, þannig að það sé ekki flanað að neinu, að nýjabrumið fái ekki að vera svo mikið hjá okkur, að við eyðileggjum verðmæti, sem ómögulegt er að skapa aftur. Okkur liggur ekkert á, a. m. k. ekki þannig séð, að við eigum að eyðileggja neitt, sem ekki sé hægt að skapa á ný. Þess vegna er það eitt aðalatriðið í sambandi við þetta frv., einmitt í 4. gr. þess, að þar til sú skipulagsnefnd hefur lokið starfi, sem gert er ráð fyrir í frv., megi ekki byggja nýtt eða breyta eða rífa á þessu svæði, sem þarna er afmarkað. Þetta er annað höfuðatriðið, vegna þess að ég álít svo mikla nauðsyn á því að vernda þetta gamla, sem þarna er. Það er nóg að eiga það í hættu fyrir eldinum, þó að maður eigi það ekki í hættu fyrir mönnunum líka.

Annar og raunar sá jákvæði höfuðtilgangur þessa frv. er hins vegar sá að tryggja, að þessi miðbær í Reykjavík verði byggður þannig, að það sé fullt samræmi og fegurð í byggingu hans, að hann sé hugsaður innan þessa svæðis, sem hér er tilgreint, allur sem ein heild. Svæðið afmarkast af þessum götum, með leyfi hæstv. forseta, það „takmarkast af Hringbraut að sunnan, af Suðurgötu og Garðastræti að vestan, af Tryggvagötu að norðan og af Sóleyjargötu, Skothúsvegi, Þingholtsstræti og (frá Bankastræti), Ingólfsstræti og Sölvhólsgötu að austan". Þetta svæði allt saman sé hugsað sem ein heild og allar höfuðbyggingarnar á því séu ákveðnar með hliðsjón hver af annarri, þannig að það sé fullt samræmi þarna á milli.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er á þeirri skoðun, að ráðhús Reykjavíkur eigi að vera á þessu svæði. Hér á Alþ., þegar rætt hefur verið um þinghús, þá býst ég við, að flestir hafi líka verið sammála um það, þó að menn annars greini á um stað, að þinghús eigi að vera á þessu svæði, sem þarna er tilgreint. Þegar rætt er um nýtt stjórnarráðshús, í t. d. Bakarabrekkunni eða þar, þá virðast þeir, sem að þeim hugmyndum standa, líka vera sammála um, að stjórnarráðshús eigi að vera á þessu svæði, þannig að þrjú veruleg stórhýsi, sem hvert um sig hlýtur að setja mikinn svip á höfuðborgina og hvert um sig að vera hugsað í senn sem starfsmiðstöð og líka sem merkilegt hús í byggingarlist, eiga öll að vera á þessum stað. Ég býst við, að t. d. Listasafn ríkisins, það mundu margir vera á því, að það ætti að vera á þessum stað. Ég fyrir mitt leyti gæti ákaflega vel hugsað mér það í þeim krika neðan við ráðherrabústaðinn, þar sem barnaheimilið Tjarnarborg er núna. Þar mætti útbúa ákaflega fallegan garð í kring með höggmyndum og öðru slíku, og þar er það rétt í námunda við Þjóðminjasafnið. Og ég býst við, að strax og farið yrði að athuga skipulagið á þessu svæði í heild, muni menn jafnvel hugsa til fleiri opinberra bygginga, sem á þessu svæði mættu vera. En vinnubrögðin í að undirbúa þetta hafa verið þannig fram að þessu, að hvað snertir t. d.

ráðhús Reykjavíkur er starfandi ein sérstök nefnd, sem heilmikið hefur unnið, og hún hefur hugsað sér sérstakan stað, eins og öllum er kunnugt. Og sá staður er hugsaður án tillits til þess t. d., hvernig byggt yrði við Lækjargötuna, þar sem gamli barnaskólinn og fríkirkjan eru núna.

Hér hefur verið starfandi nefnd, sem nýlega var kosin af Alþ. eða fyrir 2—3 árum, og hún hefur fjallað um þinghús. Hún hefur ekki haft neitt samstarf við þá nefnd, sem Reykjavíkurbær hefur haft í þessum málum. Stjórnarráðið eða ríkisstjórnin hefur sett nefnd til þess að athuga um stjórnarráðshús. Sú nefnd hefur ekki haft neitt samstarf hvorki við þinghúsnefnd né ráðhúsnefnd. M. ö. o.: það er verið að hugsa um þau 3 aðalstórhýsi, sem hver þjóð mundi hugsa sér að prýddu fyrst og fremst sína höfuðborg, án þess að nefndirnar, sem að þessu vinna, hafi nokkurt samráð hver við aðra. Það, sem mér finnst vera alveg óhjákvæmilegt í þessum efnum, það er, að sett sé ein nefnd, sem hugsar um þetta allt saman, og að öll þau störf, sem unnin hafa verið af öðrum nefndum í þessu, þau séu metin og gagnrýnd og endursköpuð og nýsköpuð af þessari nefnd og það sé miðað við það að búa til heildarskipulagningu að miðbænum í Reykjavík, sem geri ráð fyrir öllu þessu og fleira til og hefur þetta virkilega í samræmi hvað við annað. Núna nýlega sá ég fagra teikningu af Norrænu húsi, sem hér á að byggja, hugmyndir í sambandi við það um nýja tjörn og annað slíkt, og mér hafa fundizt það mjög góðar hugmyndir. En enn þá er ekki farið að hugsa fyrir, almennt mun vera gengið út frá því, að gamli barnaskólinn, fríkirkjan, jafnvel kvennaskólinn, jafnvel Thor Jensen-húsið, — sem ég álít samt dálítið vafasamt, — eigi að hverfa, og það hefur ekki verið hugsað fyrir, hvað eigi að koma þar. Eins og nái nokkurri átt að ákveða þá hluti, fyrr en maður veit, hvar hinar stórbyggingarnar eigi að lenda. Það nær bókstaflega ekki nokkurri átt, og það eru vinnubrögð, sem ekki mundu tíðkast hjá nokkurri siðaðri þjóð, að ætla að skipuleggja eitt og eitt hús út af fyrir sig. Það er algert lágmark þess, sem menn gera hjá menntuðum þjóðum, þegar menn eru að skipuleggja, ég tala nú ekki um höfuðborg, að menn hugsi um, hvernig hún eigi að líta út, eða a. m. k. miðdepill hennar sem heild. Það er hægt að leyfa sér það með Smiðjustiginn að skipuleggja þannig, að hús, sem byggt er á hornum Hverfisgötu og Smiðjustígs, standi eins og áður var hugsað, en svo þegar á að byggja aftur upp við Smiðjustíg og Laugaveg, þá sé húsið látið skaga út í Smiðjustiginn, þannig að Smiðjustígurinn haldist ekki einu sinni á þessu stutta bili, bara eftir því, hvernig býður við að horfa út frá einkahagsmunum þeirra, sem húsin og lóðirnar eiga á þessum svæðum. Það hefur sýnt sig, að það hefur ekki verið hægt að halda neinni heildarskipulagningu hérna vegna þess, að það hefur verið ákveðið, hvernig byggja skuli hvert horn út af fyrir sig, ekki einu sinni heil gata. Og enn sem komið er er það þannig, að sífellt er verið að hringla í hlutum, því að jafnvel fyrir 30 árum, þegar menn dreymdi um að reisa þjóðleikhús og voru að byrja á því, átti að hafa stærðartorg þar, en síðan er hringlað í öllu saman, ekki nokkur festa í neinu. Það er þess vegna alveg ófært, að það sé verið að taka ákvarðanir um að byggja eitt og eitt hús án þess að hugsa um, hvernig hitt eigi að vera.

Ég varð var við það t. d. í sambandi við ráðhúsið, sem um er rætt í Reykjavík, að sú nefnd, sem starfað hefur að því og gert uppdrætti og sýnt líkön, gengur út frá því, að það sé bara eins og sjálfsagður hlutur, að Alþingi Íslendinga detti ekki í hug að byggja á sinni lóð, þar sem góðtemplarahúsið er nú, lóð, sem var keypt fyrir Alþingishúsið fyrir löngu og Alþ. er búið að eiga í áratugi og á enn, alveg eins og lóðina hér undir listamannaskálanum, vegna þess að þeir menn, sem hugsuðu um þetta þá, þeir hafa auðsjáanlega gengið út frá því, að það væri hugsanlegt, að Alþ. kærði sig um að byggja hér hringinn í kringum þennan garð, eða þríhyrning í kringum þennan garð. En þegar þeir eru að hugsa um ráðhús Reykjavíkur, þá er gengið út frá því, að Alþ. eigi ekki að fá að byggja á sinni lóð. Og ekki nóg með það, nei, Alþ. á helzt ekki heldur að vera í sínu gamla húsi. Því er slegið fram bara eins og hverjum öðrum sjálfsögðum hlut af einhverjum og einhverjum mönnum úti í bæ og sagt: Jú, það er hægt að afhenda þetta gamla alþingishús t. d. fyrir hæstarétt. Menn, sem hafa ekki nokkra tilfinningu fyrir þeirri sögu, sem gerzt hefur í þessu húsi, fyrir þeim mönnum, sem lifað hafa og barizt í þessu húsi, þeir segja: Við getum bara losað okkur við þetta dót allt saman. Sumir segja: Við skulum bara rífa þetta sem fyrst. Og ráðhúsnefnd Reykjavíkur virðist ekki hafa öllu meiri ræktarsemi gagnvart því eða virðingu gagnvart því. Þetta er kannske okkur að kenna, sem skipum Alþ., að við látum menn ekki vita, að það er þetta þing, sem ákveður, hvort og hvernig er leyft að byggja í þessu landi, hvort t. d. bæjarstjórn Reykjavíkur fær að byggja ráðhús eða ekki og hvar það er, að það eru lög frá þessari stofnun, sem segja fyrir um, hvort bæjarstjórn Reykjavíkur sé til eða ekki, að það er Alþ., sem með lögum ákveður, hvernig fara skuli að, og það var aldrei farið eftir þeim lögum hvað snertir heildarskipulagningu í Reykjavík. Og það er máske tími til kominn, að Alþ. láti til sín taka og láti vita af því, að það er löggjafarþing þjóðarinnar, sem hefur valdið til þess að ákveða, hvernig skuli fyrst og fremst móta miðdepilinn í höfuðborg landsins. Væru Þingvellir aðsetur Alþingis, mundi okkur þykja sjálfsagt að ákveða, hvað þar væri gert, og það gerði Alþ. Það var því að þakka, að um 1000 ár var það barið inn í kollinn á okkur, að við ættum að sýna þeim stað virðingu. Við megum líka gjarnan bera nokkra virðingu fyrir þessari kvos. Hún var máske einu sinni nokkuð dönsk, en hún er þó fyrst og fremst miðstöð íslenzks lýðveldis nú. Og við eigum að láta hana mótast af þeim hugsjónum og af þeim kröfum, sem við gerum til fegurðar og til samræmis í þessum miðdepli landsins. Við eigum ekki að láta hana mótast einvörðungu af verzlunarhagsmunum.

Ég veit ósköp vel, að lóðirnar í þessum mið-

bæ eru dýrar. Þær kostuðu að vísu ekki mikið um aldamótin, en þær kosta það núna, vegna þess að þjóðin er búin að byggja upp þennan bæ. Við erum búin að skapa hér borg af tveim kynslóðum. En það dugir ekki að láta hagsmuni þeirra, sem lóðir eiga í miðbænum í Reykjavík, ráða því annars vegar, hvernig gamlar og góðar byggingar séu eyðilagðar, eða hins vegar, hvort miðbærinn verði svo ljótur í framtíðinni, að það verði skömm að honum, sem miðdepli landsins og höfuðborgarinnar. Ef við fáum tóma verzlunarkumbalda, 6, 8 og 10 hæða hús, sem gera dómkirkjuna og alþingishúsið að smáum kofum við hliðina á þeim, þá erum við búin að spilla allri fegurð í miðdepli þessa bæjar og þessa lands. Það hvílir sérstök stemmning yfir Austurvelli, þegar dómkirkjan og alþingishúsið fá að njóta sín þar, en um leið og væru komnir stórir verzlunarkumbaldar hér vestan við eða hringinn í kringum okkur, þá er sú stemmning farin. Við getum áreiðanlega umbunað þeim aðilum, sem eiga lóðir á þessu svæði, þó að þessar lóðir séu tuga millj. kr. virði með braskverði í dag. Við getum áreiðanlega umbunað þeim, við höfum nógu mikið land hér í Reykjavík, og til allrar hamingju á Reykjavíkurbær nógu mikið af lóðum, til þess að við getum útvegað þeim lóðir annars staðar, og við getum lofað þeim að byggja upp heilar verzlunarmiðstöðvar annars staðar, en bara að lofa okkur að halda þessu í friði. Það er að vísu hægt að rífa alla þá verzlunarkumbalda aftur seinna meir, en það er miklu leiðinlegra, þó að ég búist við, að komandi kynslóðir mundu gera það til þess að reyna að endurskapa það, sem var hérna, ef við höfum ekki líka látið rífa þær byggingar, sem enn þá standa.

Ég held þess vegna, að ákvörðun um, að það skuli búa til heildarskipulag af miðbænum í Reykjavík, mundi verka mjög vel á það að draga úr því braski með lóðir, sem núna á sér stað einmitt á þessu svæði. Það er gott að banna að byggja á þessu svæði um tíma og láta menn vita það, að í allmörg ár muni fyrst og fremst verða hugsað um það, hvernig þessi miðbær verði fegurstur, en ekki, hvernig menn geti haft mest upp úr honum. Það kann að vísu að vera, að sumar af þessum lóðum muni falla á meðan, en það er líka kannske hægt að semja við marga eigendur þeirra um, að þeir byggðu annars staðar. Ég veit, að þetta er oft erfitt. Menn gerast oft allaðgangsharðir í sambandi við að fá að byggja á dýrmætum lóðum. Við þurfum ekki nema að sjá húsin, sem ber núna á milli Landsbankans og alþingishússins, húsin, sem reist voru á grunninum, þar sem Hótel Reykjavík var, grunni, sem aldrei áttu að koma nein hús á, og hús, sem vafalaust verða rifin í framtíðinni, til þess að sjá, hve hart er venjulega sótt af valdamiklum mönnum að byggja á dýrum lóðum. En ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að við komum í veg fyrir það og við fáum og sköpum tækifæri til þess að mega ganga þannig frá þessum miðbæ, að þar geti orðið um fegurð og samræmi að ræða.

Ég er satt að segja alveg hissa á því, að það skuli þurfa að berjast fyrir því hér á Alþingi í dag að búa til heildarskipulag af miðbænum. Það er í lögum frá 1922, að það átti að búa til heildarskipulag af öllum bænum, leggja það heildarskipulag fyrir og staðfesta það. Það hefur aldrei verið gert. Slíkt heildarskipulag er ekki til í dag. Það má vel vera, að það sé að sumu leyti gott, að það skuli ekki vera til, e. t. v. hefði það verið sniðið allt of smátt. En það er engu að síður haldið áfram að byggja og nauðsynlegt að gera það og allt í lagi, það á að byggja upp. Heildarskipulag af miðbænum er þess vegna raunverulega aðeins framkvæmd á einum hluta af því, sem er búið að vera í lögum í 40 ár á Íslandi og hefði fyrir löngu átt að gerast. Ég hef tekið eftir því á þeim líkönum, sem búin hafa verið til, eins og t. d. af ráðhúsinu og fleiri líkönum, áður en ráðhúsið var nú sett í Tjörnina eða lagt til að setja það þar, þá var raunverulega bara sett á þessi líkön hitt og þetta á stöðunum í kring, án þess að menn væru nokkuð vissir um, hvað það yrði. Það var svo óákveðið, hvernig Fríkirkjuvegurinn átti að vera eða hvernig Tjarnargatan átti að vera og annað slíkt, og það hafa komið ýmsar mismunandi uppástungur um þetta og mönnum sýnist náttúrlega sitt hvað um það. En það, sem er áríðandi, er, að það verði ekkert á neinum einstökum bletti af þessu, sem gæti spillt heildarsamræminu á eftir, að þetta verði hugsað sem ein heild, þannig að menn sjái miðbæinn fyrir sér eins og hann eigi að verða í framtíðinni, áður en nokkuð er farið að gera, sem væri svo að segja óafturkallanlegt. Og ég held, að ég megi fullyrða, að hver einasta þjóð fer svona að viðvíkjandi miðdepli sinnar höfuðborgar. Hún reynir, ef það hefur ekki verið mótað löngu, löngu áður, þannig að núv. kynslóð fær ekki þar breytt um, — þá reynir hún að móta það sem fegurst og í sem mestu samræmi hvað við annað. Við töpum engu með því að bíða nokkuð hvað þetta snertir og hugsa okkar gang og deila um það, það er nauðsynlegt, en reyna þó framar öllu að koma með sem beztar og fegurstar hugmyndir, sem gagn gæti orðið að við að ákveða endanlegt útlit.

Í þessu frv. er lagt til, að það sé sérstök nefnd, skipulagsnefnd miðbæjarins, sem eigi að ákveða þetta skipulag. Hún skuli skipuð með eftirfarandi hætti: 4 menn séu skipaðir af Alþingi, 4 menn af hæstv. ríkisstj., 4 menn af borgarstjórn Reykjavíkur og 4 menn af Arkitektafélagi Íslands. Enn fremur séu í n. án tilnefningar skipulagsnefndarmenn ríkisins, borgarstjóri Reykjavíkur, þjóðminjavörður og skipulagsstjóri ríkisins.

Þetta er, eins og menn skilja, allstór nefnd. Allir þeir aðilar, sem nú eru hver um sig að hugsa um sérstakar stórbyggingar á þessu svæði, borgarstjórn Reykjavíkur, stjórnarráð eða ríkisstj., Alþingi eða alþingisnefndin, allir þessir aðilar eiga sína sérstöku fulltrúa í þessari nefnd, Arkitektafélag Íslands þar að auki alveg sérstaklega, sem maður má kannske sérstaklega búast við að hugsaði um þann hlut, sem snýr að fegurð, samræmi og því, sem hagkvæmt er í þessu, og svo þessir sérstöku embættismenn, sem ég nefndi. Þetta er allstór nefnd, og hún á að vera til þess að tryggja það, að öll sjónarmið komist þarna að, öll sjónarmið séu rædd og þegar endanleg ákvörðun væri tekin, væri það þannig, að

það væri samræmi á milli allra þessara aðila. Þess vegna er lagt til, að það sé kosin sérstök framkvæmdanefnd, til þess að verkið geti gengið betur og fljótar.

Það er í 3. gr. mælt fyrir um, hvernig þessi skipulagsnefnd um bæinn skuli vinna að þessu. Og í þeirri grein er líka bannað að breyta þeim húsum, sem ég gat um í upphafi míns máls. Það er líka á valdi þessarar n. að ákveða, hvaða einkabyggingar skuli standa — þær gömlu — á þessu svæði. Þessi skipulagsnefnd miðbæjarins á sem sé að reyna að koma sér saman og fær til þess allar þær heimildir, sem slíkar nefndir hafa, og fær aðgang að öllu því, sem þessar sérstöku nefndir, sem unnið hafa að hverju húsi þarna út af fyrir sig, ráðhúsi, alþingishúsi og stjórnarráðshúsi, hafa unnið fram að þessu. Og þegar starfi n. er lokið og endanlegar till. hafa verið gerðar um heildarskipulag miðbæjarins og höfuðbygginganna þar, á þessi n. að leggja sínar till. fyrir Alþingi, ríkisstj. og borgarstjórn Reykjavíkur. Fallist allir þessir aðilar á þessar till., er heildarskipulagið þar með ákveðið, og það er það, sem er það æskilegasta í þessu. Og ég er satt að segja svo bjartsýnn, að ég álít, að það sé engan veginn óhugsandi, að þetta geti gerzt. Ég álít, að þegar þessir aðilar, sem þarna fara að vinna saman, fara að athuga sinn gang, eigi sannarlega ekki að þurfa að verða slíkur ágreiningur á milli þeirra, að ekki sé hægt að finna út úr því, hvernig þetta verði sem heild fegurst og bezt. Það er ekki með neitt af þessu, hvorki stjórnarráðshús, ráðhús né alþingishús, þá eru ekki neinir einkahagsmunir að verki. Það er enginn einn aðili þarna, sem hefur neinna einkahagsmuna að gæta. Þetta eru allt saman opinberir aðilar, sem ekki hafa þarna eða geta haft neitt annað sjónarmið en hvað sé fegurst og bezt fyrir heildina. Það kann að vera kannske til að byrja með, að það sé einhver metnaður eða annað slíkt í þessu, hver eigi að vera fremstur og annað slíkt, en ég hef fyrir mitt leyti þá trú, að það sé hægt að jafna slíkt. Sumpart eru þetta jafnvel sömu mennirnir, sem þarna koma til greina, sömu mennirnir kannske, sem eiga sæti t. d. í borgarstjórn Reykjavíkur og á Alþingi, og ég tala náttúrlega ekki um í ríkisstj. Hins vegar, svo framarlega sem ekki er eining í þessari nefnd, er þar ákveðið eins og nú er í lögum, að þá tekur félmrn. og þar með hæstv. ríkisstj. endanlega ákvörðun.

Ég held, að það sé nauðsynjaverk, að við reynum að ná samkomulagi um þetta. Mér hefur ekki dottið í hug í þessu, þó að ég hafi mínar persónulegu skoðanir um þessi mál, að reyna að setja neitt af slíku þarna inn í, enda væri það náttúrlega hrein firra. Það eina, sem með þessu frv. er farið fram á, er, að áður en nokkuð sé gert, sem óafturkallanlegt sé, sé reynt að koma sér saman um heildarskipulagið.

Það mun að líkindum fara svo, að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til n. Ég skal ekki gera neina till. um það, hvaða n. þætti heppilegast að fengi þetta. Ég mun ekki gera neina till. um að senda það til n., býst við, að bæði allshn. og félmn. kæmu þar til greina. En ég vil í því sambandi segja, að ég álít, að ástandið sé orðið alveg gersamlega óþolandi, hvað snertir vinnubrögð nefndanna á Alþingi, það er orðið svo nú, að þingmannafrv., sem fer í n., sést varla aftur. Stjfrv. eru kannske nokkurn veginn afgreidd, en þmfrv. eru grafin, og það er að versna með hverju árinu sem líður hvað þetta snertir. Ég er ekki að segja þetta til núv. meiri hl. í n. út af fyrir sig. Minni hl. í n. getur alveg skrifað sitt nál. og afgreitt, þarf ekkert að bíða eftir því endilega, að meiri hl. afgreiði sitt. En þetta eru orðin alveg gersamlega óþolandi vinnubrögð, sem eru öllum til vansa og við eigum ekki að láta viðgangast. Ég veit, að við erum allir saman samsekir í þessum efnum. Þetta hefur verið að versna sífellt á undanförnum árum, og ég álít tíma til kominn, að við hættum þessu. Það eru ótal aðferðir til þess að afgreiða eitt frv. úr n. án þess einu sinni fyrir þá, sem ekki vilja samþykkja það, að taka endanlega afstöðu til þess. Það er hægt að vísa frv. til ríkisstj., það er hægt að afgreiða frv. með rökst. dagskrá, meinlaust jafnvel alveg, en það er þó þingleg afgreiðsla á máli. Það er, sem er skemmtilegast og hreinlegast, hægt að afgreiða frv. með því að samþykkja það eða fella það. Og ég álít, að við eigum að taka þann hátt upp aftur að gera þetta. Þetta þótti sjálfsagt, t. d. um það leyti sem ég settist á þing. Þá þótti sjálfsagt að afgreiða frv. frá n., og menn voru alveg ófeimnir þá við að leggja það til að vísa því til ríkisstj., sem þýddi þá venjulega að grafa það þar, látum það vera, það er þó allt öðruvísi kirkjugarður en nefndirnar, eða þá bara beinlínis að fella það. En ég álít, að við alþm. séum að leggja okkur undir allt of réttmæta gagnrýni og gagnrýni, sem sé alveg óþarfi, að við verðum fyrir, með því að afgreiða ekki mál frá nefnd. Þetta er ósiður, sem hefur verið að eflast alltaf hreint, aukast hjá okkur, alveg sama hvaða stjórn hefur setið að völdum á hverjum tíma. Það var kannske að sumu leyti eitthvað til í þessu, þegar var hrein utanþingsstjórn, vegna þess að þá fundu nefndir Alþingis kannske einna mest til þess, að þær voru þó valdið, sem réð, líka hvað stjórnarfrv. snerti. Ég held, að það sé alveg nauðsynlegur liður í því að rétta álit Alþingis við, að þessi vinnubrögð breytist. Þetta er niðurlægjandi fyrir þingið, þegar við fáum hér skýrslur um störfin, svona og svona mörg frv. hafi verið lögð fyrir, svona og svona mörg frv. hafi þeir afgreitt, og það er svo að segja ekkert af frv. afgreitt, sem lögð eru fyrir. Þetta getur ekki gengið. Ég er ekki að segja það sérstaklega út af þessu frv., sem ég hér hef verið að mæla fyrir, heldur almennt. Og ég held, að það væri að öllu leyti til þess að auka álit Alþingis, að sá háttur væri tekinn upp að afgreiða frv. úr n. Ég veit, að mörg frv. hafa verið send til umsagnar, það hafa verið fengnar umsagnir um frv., og það er hægt að fræðast ýmislegt á þeim umsögnum, þannig að almenningur fái hugmynd um, hvernig það mál stendur, jafnt þó að menn leggi til, að frv. sé t. d. vísað til ríkisstj. eða með rökst. dagskrá frá, en það sé samt sem áður afgreitt.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að æskja þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Vestfjarðaskip.

Á 58. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi [155. mál] (þmfrv., A. 284).

Á 60. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 25. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Á þinginu 1959—1960 fluttum við Bjarni Guðbjörnsson, sem þá átti sæti á þinginu um stund, till. til þál. um strandferðaskip fyrir Vestfirði. Till. varð ekki útrædd. Eins og frá var greint í grg. með þeirri till., hafði þá um margra ára skeið verið mikill áhugi á því á Vestfjörðum að fá sérstakt skip til strandferða milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Á þeim 4 árum, sem eru liðin síðan þessi till. var flutt, hafa kröfur Vestfirðinga um sérstakt Vestfjarðaskip orðið háværari. Á fjórðungsþingum Vestfirðinga, sem hafa verið haldin síðan, hefur þetta mál borið á góma og verið gerðar um það ályktanir. Á síðasta Alþingi flutti hv. 5. þm. Vestf. ásamt hv. 4. þm. Reykn. frv. um Vestfjarðaskip. Var flutningur þess frv. ráðinn í samráði við okkur hv. 1. þm. Vestf., en við áttum þá hvorugur sæti í þessari hv. d. Það frv. komst þó aldrei lengra en til n. En á því sama þingi fluttu Vestfjarðaþm. úr stjórnarflokkunum till. til þál. um athugun á strandferðum Vestfirðinga. Ekki varð sú till. heldur útrædd.

Nú flytjum við hv. 5. þm. Vestf. og ég frv. það, sem hér er til 1. umr., um Vestfjarðaskip. Við viljum nú freista þess að koma málinu áfram og gerum okkur vonir um betri skilning á þessu hér á hv. Alþingi en verið hefur til þessa, enda hafa farið fram alþingiskosningar síðan og skipan þingsins nokkuð á annan veg en var, þegar þetta mál var flutt síðast.

Ég tel ekki nauðsyn á að vera margorður um þörf Vestfirðinga fyrir sérstakt Vestfjarðaskip, tillöguflutningur hér á hv. Alþingi á undanförnum árum og endurteknar áskoranir Vestfirðinga sjálfra tala sínu máli. Samgöngur til Vestfjarða eru engar á landi allt frá haustnóttum ár hvert og fram í maí eða júnímánuð. Þessu er öllíkt farið um aðra landshluta, að undanteknu Austurlandi. Um Suðurland, Vesturland og Norðurland er haldið opnum öllum aðalleiðum allan veturinn, svo og fjallvegum milli byggðarlaga. Þessu er ekki til að dreifa um Vestfirði. Flutningar á landi koma því ekki til greina Vestfirðingum til hagsbóta allt að ⅔ hlutum ársins. Flugferðum til Vestfjarða var haldið uppi með svokölluðum sjóflugvélum um margra ára skeið. En svo féllu þær samgöngur niður með öllu. Fyrir skömmu er loksins kominn einn flugvöllur fyrir áætlunarflug með venjulegum farþegaflugvélum á Vestfjörðum. Sá flugvöllur er á Ísafirði, en aðeins ein flugbraut. Það má því lítið út af bera um veður, að sá flugvöllur sé nothæfur. En auk þess eru þar há fjöll og aðkreppt, sem torvelda mjög aðflug. Sú flugþjónusta kemur því fáum öðrum að gagni en Ísfirðingum og þeim, sem þar í nágrenninu búa. En þeim, sem búa sunnan Breiðadalsheiðar, koma þær flugsamgöngur að engu gagni að vetri til, þótt skammt sé til Ísafjarðar, þar sem heiðin er lokuð allan veturinn.

Samkv. þessu, sem ég hef nú nefnt, hafa Vestfirðingar um ekkert annað að velja en skipaferðir til vöruflutninga og að miklu leyti til fólksflutninga um 7—8 mánaða skeið á ári hverju.

Enn má nefna það sem dæmi um þörfina fyrir Vestfjarðaskip, að einn af mestu athafnamönnum Vestfirðinga, Einar Guðfinnsson útgerðarmaður í Bolungarvík, hefur um margra ára skeið talið sig nauðbeygðan til að halda uppi vöruflutningum með eigin skipum milli Reykjavíkur og Vestfjarða, en auðvitað getur það ekki talizt nein framtíðarskipan á samgöngumálum Vestfirðinga. Þeirri viðbáru hefur verið hreyft um þetta mál, að ekki sé rétt að ákveða sérstakt Vestfjarðaskip, fyrr en endurskoðað hafi verið allt skipulag strandferða kringum landið. Ég tel hér um tylliástæðu eina að ræða. Nauðsynin á sérstöku Vestfjarðaskipi er ótvíræð, og ég hef engan heyrt halda því fram, að hún sé ekki ótvíræð. Um þennan landshluta, Vestfirði, gegnir mjög svipuðu máli og Vestmannaeyjar. Þegar ráðin var bygging Herjólfs, var því alls ekki hreyft, svo að ég muni eftir, að Vestmannaeyjaskip yrði að bíða eftir heildarendurskoðun strandferðanna. Hvers vegna þarf þá Vestfjarðaskip að bíða eftir slíkri endurskoðun?

Í frv. þessu leggjum við til, að Vestfjarðaskip verði 600—700 brúttórúmlestir að stærð. Við gerum ráð fyrir í frv., að byggingarkostnaður skipsins fari ekki yfir 25 millj. kr., en hann getur þó orðið mun minni. Leggjum við því til, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að þessari upphæð að láni. Þá leggjum við til, að rekstur skipsins verði falinn Skipaútgerð ríkisins eða öðrum þeim aðila, er treysta má til að annast góða og hagkvæma þjónustu. Hér er komið til móts við sjónarmið þeirra manna, sem telja engan veginn sjálfsagt, að Skipaútgerð ríkisins annist reksturinn.

Með því að mál þetta hefur verið til umr. hér á hv. Alþ. þing eftir þing, sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál. Ég vænti þess, að hv. þm. taki þessu nauðsynjamáli Vestfirðinga af fullum skilningi og að málið fái endanlega afgreiðslu á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv samgmn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem frsm. fyrir frv. sagði, hv. 3. þm. Vestf., að það þarf að gerbreyta samgöngum á sjó við Vestfirði, og það hefur staðið til lengi að endurskoða starfsemi Skipaútgerðar ríkisins, en því miður hefur það dregizt allt of lengi, og það er alveg rétt, sem frsm. sagði, að það eru takmörk fyrir því, hvað þetta mál má dragast lengi. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því, að fleiri slík frv. og þáltill. liggja fyrir þessu þingi um strandferðir á öðrum stöðum. M. a. man ég eftir máli, sem flutt var í haust um sérstakt skip milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og um sérstakt skip fyrir Norðausturlandið, og það er mjög eðlilegt, að þessi mál séu leyst í heild. En það þarf að leysa þau mjög fljótlega, og það verður ekki á móti því mælt, að strandferðir og þýðing þeirra hefur mjög breytzt á síðustu árum á þann veg, að eftir því sem loftferðir og ferðir á landi hafa aukizt við ákveðna landshluta, þá hefur dregið mjög úr flutningum á sjó til þeirra. Vestfirðir og Austfirðir eru þar algerar undantekningar, og það er mikið atriði, að þessir tveir landshlutar fái sérstakt skip, og ég er því mjög hlynntur, að slíkt skip eigi heima í þessum byggðarlögum sjálfum, t. d. á Ísafirði Vestfjarðaskipið og Neskaupstað Austfjarðaskip, og þau skip, sem núna eru, eru vafalaust of stór og dýr í rekstri, sérstaklega hvað snertir flutninga til Vestfjarða, og ég er mjög á þeirri skoðun, að 700 rúml. skip muni henta fyrir Vestfirði í framtíðinni, því að eftir því sem ferðir verða fleiri, er ekki sama þörf á stóru skipi og áður var, og við verðum líka að reikna með því, að flugsamgöngur almennt við Vestfirði batni á næstu árum.

Í sambandi við slík skip verður auðvitað að hugsa mjög ýtarlega fyrir rekstrinum, og skip af þessari stærð eru miklu hentugri upp á allan rekstur að gera, að hann muni ekki verða mjög erfiður og mikill taprekstur. En ef á að fara að byggja skip fyrir hvern landshluta á fætur öðrum, verður auðvitað samhliða að taka ákvörðun um það, hver framtíð Skipaútgerðar ríkisins á að vera. Núna og í mörg undanfarin ár hafa samgöngur með Skipaútgerð ríkisins til Vestfjarða verið yfir veturinn allt of strjálar. Sérstaklega fyrir þá, sem eru á norðurhluta Vestfjarða, eru þessar ferðir gersamlega ófullnægjandi, og líkast til eru þetta einu samgöngur, sem hefur farið verulega aftur frá því fyrir stríð, því að á meðan Sameinaða gufuskipafélagið hafði ferðir út á land, til Akureyrar, voru beinar ferðir milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, sem tóku 15—16 tíma, en með því að fara með strandferðaskipi núna frá Reykjavík til Ísafjarðar og koma við á öllum höfnum á leiðinni tekur það ferðalag aldrei undir 30 tímum og upp í 36 tíma. Allir sjá, að slíkt fyrirkomulag getur ekki gengið til lengdar, og þess vegna er mjög brýn þörf á því, að slíkt skip komi. Ég er þeirrar skoðunar, að ríkissjóður eigi að leggja fram slíkt skip að mjög verulegu leyti og það eigi ekki að hvíla á því miklar skuldir vegna rekstrarins, því að það mundi íþyngja honum, og þetta skip ætti að vera í eigu þessara landshluta sjálfra, t. d. á hlutafélagsgrundvelli og í eigu bæjar-, sveitar- og sýslufélaganna og jafnvel einstaklinga, sem vildu leggja af mörkum til þess að halda uppi þessari þjónustu. En það má segja, að það sé ekki höfuðatriðið, enda sýna flm. þessa frv. það, að þeir vilja ekki slá því föstu, hvaða fyrirkomulag skuli vera á því, heldur fela Skipaútgerðinni eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á þessari siglingaleið um Vestfirði. Enda er það höfuðatriði þessa máls, að þessi mál verði til lykta leidd og slíkt skip verði byggt. En það er mjög eðlilegt frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, að um leið verði tekin ákvörðun um, hvað gera skuli í sambandi við rekstur Skipaútgerðarinnar.

Ég tek alveg undir það, að mér finnst, að það sé ekki hægt að láta það bíða lengur að taka ákvörðun um það, hvernig skuli haga rekstri Skipaútgerðar ríkisins í framtíðinni, því að eftir því sem þessi mál liggja fyrir hjá þeim mönnum, sem mest og ýtarlegast hafa um þau hugsað, eru þessir tveir landshlutar, eins og ég sagði hér áðan, Vestfirðir og Austfirðir, með algera sérstöðu og því nauðsynlegt fyrir þá að fá sérstök skip. Hitt verður svo annað mál að leysa, hvernig leysa skal málið varðandi Norðurland, en vöruflutningar með skipum til Norðurlands og fólksflutningar þá ekki síður hafa mjög minnkað á síðustu árum.

Ég vildi mjög eindregið mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún gæfi fyrirheit um það, að áætlun um framtíðarrekstur Skipaútgerðar ríkisins verði athuguð í sumar og lögð fyrir þing á komandi hausti, og þá jafnframt að taka endanlega ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag þessara strandferða við þá landshluta, sem enn um langa framtíð þurfa sannarlega á þeim að halda. Fyrirkomulag vöruflutninga um landið er því miður ekki í því ástandi sem æskilegt er, og það þarf meira að hugsa um það að flytja vöruna beint út á landið og hafa umskipunarhafnir í hverjum landsfjórðungi. Með því fyrirkomulagi geta bæði strandferðaskip og flóabátar, sem ríkissjóður hefur styrkt mjög myndarlega á síðustu árum og eru alltaf að bætast við flotann og verða ekki lagðir niður vegna sérstöðu á hverjum stað, þá er hægt með skynsamlegu fyrirkomulagi á þessum flutningum að hafa umskipunarhafnir á helztu stöðum í hverjum landsfjórðungi og auka svo tekjur þessara báta og jafnframt slíkra skipa í framtíðinni, að rekstur þeirra í heild ætti ekki að verða jafndýr þjóðfélaginu og hann hefur verið nú í mörg undanfarin ár. Ég vænti þess, að þegar þetta mál kemur hér fyrir aftur til 2. umr., þá liggi fyrir yfirlýsing frá ríkisstj. um það, hvað hún hyggst fyrir að gera í sambandi við rekstur Skipaútgerðarinnar í framtíðinni.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 11. landsk. þm. Hann leggur áherzlu á það, að samtímis því, sem tekin verði ákvörðun um Vestfjarðaskip, verði endurskoðuð skipan Skipaútgerðar ríkisins. Mér sýnist, að ef þetta tvennt á að binda saman, þá sé það sama sem að leggja til, að þetta frv. fari ekki lengra, því að það vita allir, að endurskoðun á skipulagi Skipaútgerðar ríkisins gerist

ekki á yfirstandandi vetri. Ég held það séu allmörg ár liðin, síðan var farið að tala um að endurskoða skipan strandferðanna í landinu, og að einhverjir erlendir sérfræðingar hafi komið hingað til lands í þessu skyni og það oftar en einu sinni, og ég sé ekki bóla á neinum till. í þessum efnum. Ef þetta frv. á að binda því, að slíkri endurskoðun sé lokið, þá bíður það fyrst um sinn.

Ég gat þess áðan og vil endurtaka það, að ég veit ekki til, að nokkur rök mæli gegn því að taka ákvörðun um Vestfjarðaskip, þrátt fyrir það að ekki er lokið heildarendurskoðun samgöngumála í landinu. Og ekki varð hæstv. ríkisstj. nein skotaskuld úr því að taka ákvörðun um Vestmannaeyjaskip fyrir stuttu, þótt engin endurskoðun lægi fyrir. Ég er því mjög andmæltur því, að þetta frv. sé látið bíða slíks tíma, því að mér sýnist sá tími alls ekki í nánd. Þá er það, að hæstv. ríkisstj. gefi einhver fyrirheit um málið. En við fáum ekkert Vestfjarðaskip, þótt hún gefi einhver fyrirheit. Á s. l. þingi voru gefin fyrirheit um það, að endurskoðun skyldi fara fram á strandferðunum, en ég hef ekki séð neitt meira um það. Ég get ómögulega sætt mig við fyrirheitin ein, Ég vil fá Vestfjarðaskip.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til samgmn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Virkjun Svartár í Skagafirði.

Á 58. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði [157. mál] (þmfrv., A. 288).

Á 59. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Á þskj. 288 flyt ég ásamt hv. samþingismönnum úr Norðurl. v. og hv. 5. landsk. þm. frv. til laga um virkjun Svartár í Skagafirði. Í frv. er lagt til, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar verði heimilað að virkja Svartá í Skagafirði til vinnslu á raforku til almenningsþarfa, enn fremur að byggja háspennulínur og afspennistöðvar til þess að afhenda orkuna rafveitum á orkuveitusvæðinu. Lagt er til, að virkjun þessi verði nefnd Svartárvirkjun, sem eigi heimili og varnarþing á Sauðárkróki, og verði hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, sem raforkumrh. staðfestir. Gert er ráð fyrir, að í stjórn virkjunarinnar eigi sæti 5 menn, 2 kjörnir af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og 2 af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, og tilnefni síðan þessir 4 stjórnarnefndarmenn 5. manninn í nefndina, en verði ekki samkomulag í nefndinni um oddamann, þá skal hann tilnefndur af hæstarétti. Í stjórn virkjunarinnar skulu þeir einir eiga sæti, sem búsettir eru á orkuveitusvæðinu.

Þá er í frv. farið fram á, að notað verði það ákvæði 22. gr. raforkulaganna frá 1946, að ríkissjóður ábyrgist lán, sem tekin verða til virkjunarinnar, allt að 85% af virkjunarkostnaði.

Þó að virkjun Reykjafoss í Svartá hafi ekki fyrr en nú borið á góma hér á hinu háa Alþ., er það engan veginn svo, að hér sé um nýja hugmynd að ræða. Þegar fyrir meira en 40 árum var farið að ræða um virkjun Svartár heima í Skagafirði, og árið 1920 rannsakaði Halldór Guðmundsson raffræðingur virkjunarskilyrði við Reykjafoss. Var það álit hans, að þar mætti virkja allt að 800 hestöfl, og var það ekki lítið orkuver á þeim tíma. Kringum 1930 var mikið rætt um Reykjafossvirkjun í héraði og haldnir um málið margir fundir. Um það leyti var enn gerð bráðabirgðarannsókn á virkjunarskilyrðum, framkvæmd af Jóni Ísleifssyni verkfræðingi, og það mun hafa verið árið 1930, sem Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra og Jakobi Guðjohnsen verkfræðingi var falið að gera áætlun um virkjunina, byggða á þeim rannsóknum, sem fyrir lágu. Jafnframt gerðu þeir áætlun um orkuveitu fyrir stóran hluta héraðsins með 20 kw. línu. Mun þessi áætlun vera ein sú fyrsta sinnar tegundar, sem gerð hefur verið hér á landi um rafveitingu í strjálbýli, og svo stórhuga voru þeir í áætlun sinni, að enn er ekki náð þeim áfanga í dreifingu raforku í Skagafirði, sem áætlun þeirra gerði ráð fyrir, og er þó lengra komið dreifingu raforku í mínu héraði en ýmsum héruðum öðrum. Úr framkvæmdum varð þó ekki, enda fóru þeir tímar í hönd, sem gerðu allar stórframkvæmdir lítt viðráðanlegar.

Um verulega vatnsaflsvirkjun í Skagafirði var svo ekki að ræða, fyrr en Gönguskarðsá var virkjuð, sem síðar var svo samtengd Laxárvatnsvirkjun í Austur-Húnavatnssýslu. Þessar virkjanir, sem eru eign rafmagnsveitna ríkisins, hafa samanlagt 1600 kw. vélaafl. Þess var ekki að vænta, að þessar tiltölulega litlu vatnsaflsstöðvar fullnægðu um lengri tíma raforkuþörfinni á orkuveitusvæðinu, sem mun hafa aukizt árlega um nær 6—10%, enda urðu rafmagnsveitur ríkisins árið 1961 að setja upp dísilstöð á Sauðárkróki, 2 vélar með samtals 1200 kw. afli, og var sú stöð byggð sem varastöð og toppstöð fyrir orkuveitusvæðið. Fleiri dísilstöðvar eru á orkuveitusvæðinu, og er afl þeirra samanlagt 1650 kw. Heildaraflþörfin í ár er áætluð 3230 kw., og er af því sýnt, að það afl, sem þarna er fyrir hendi, er nú svo til fullnotað, og verður naumast hjá því komizt að bæta dísilafli við kerfið, og sú aflaukning má ekki vera minni en 400 kw., ef hún á að duga til ársloka 1966, og eigi minni en 800 kw., ef hún á að nægja til ársloka 1968. Með þessari nauðsynlegu aukningu dísilaflsins, ef ekki verður ráðizt í vatnsvirkjun, fer svo, að

hlutdeild dísilaflsins fer ört vaxandi á þessu orkuveitusvæði, en hlutdeild vatnsaflsins að sama skapi minnkandi, og kostnaðurinn við dísilrekstrinn fer fljótlega að segja áþreifanlega til sín.

Ef þetta frv. næði fram að ganga á Alþ. nú, sem við flm. væntum, og hægt væri að virkja Svartá sem fyrst, þannig að virkjunin gæti tekið til starfa um áramótin 1966 og 1967, þá yrði árið 1967 fyrsta rekstrarár hennar. Og aukning dísilaflsins þyrfti ekki að verða meiri á orkuveitusvæðinu en 400 kw.

Þegar rafmagnsveitur ríkisins settu upp á Sauðárkróki dísilstöðina 1961 og sýnt þótti, að ekki yrði í bráð ráðizt í að byggja nýja vatnsaflsstöð, samþ. bæjarstjórn Sauðárkróks vorið 1961 heimild til handa rafveitu Sauðárkróks til þess á sínum vegum að láta gera nauðsynlegar mælingar og athuganir við Reykjafoss. Verk þetta tók að sér Theódór Árnason verkfræðingur, og það er á verkfræðilegri athugun hans og niðurstöðu, sem álitsgerð sú um virkjunina er byggð, sem birt er sem fylgiskjal með grg. okkar. Ég ætla ekki að þessu sinni að rekja skýrslu Theódórs Árnasonar um virkjun Svartár, en vil leyfa mér að koma henni í hendur þeirrar hv. þn., sem fær þetta mál til meðferðar. Verkfræðingurinn gerði 2 áætlanir af mismunandi stærð. Sé miðað við stærri tilhögunina, er stofnkostnaður áætlaður 50 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður, miðað við 7% ársvexti, 4.65 millj. kr. Er hér miðað við, að virkjunin hafi 3600 kw. afl og geti unnið 15.7 millj. kwst. á ári. Verður þá meðalkostnaðarverðið á kwst. 29.6 aurar við fulla notkun, eða meira en helmingi lægra en olíukostnaðurinn einn á hverja kwst. frá dísilstöð. Það skal tekið fram, að þessar tölur eru miðaðar við verðlag eins og það var hér á landi á s. l. sumri, en síðan hafa orðið verðhækkanir, og inn í áætlunina um stofnkostnaðinn vantar greiðslur, svo sem fyrir landspjöll og vatnsréttindi, en þær greiðslur hljóta óhjákvæmilega að nema allverulegum upphæðum.

Af álitsgerð þeirri, sem birt er sem fylgiskjal með frv. og tekin er saman af Steingrími Jónssyni framkvæmdastjóra Sogsvirkjunarinnar og Ásgeiri Sæmundssyni tæknifræðingi, má sjá, að nokkur rekstrarhalli verður óhjákvæmilega á virkjuninni fyrstu árin. En þá er miðað við, að virkjunin taki aðeins við þeirri orkuvinnslu, sem dísilstöðvarnar hafa nú. En þrátt fyrir það er rekstrarhallinn orðinn lítill á þriðja starfsári eftir áætlun þeirra og á fjórða ári alveg horfinn. Engan veginn er þó víst, að rekstrarhallinn verði sá, sem hér er bent á, eða um 970 þús. kr. að meðaltali fyrstu 3 árin, því að telja má víst, að samstarf verði á milli hinnar nýju virkjunar og þeirra vatnsaflsstöðva, sem fyrir eru, og því samstarfi verði svo hagað, að nýja virkjunin taki á sig þegar á fyrsta ári meiri orkuvinnslu en sem nemur orkuvinnslu dísilstöðvanna.

Ég sagðist ekki ætla að rekja áætlanir Theódórs Árnasonar um virkjunina. Þar kemur þó margt athyglisvert fram, sem gerir þessa virkjun og framkvæmdir við hana, að því er ég hygg, nokkuð óvenjulegar, og mælir með því, að ráðizt verði í þessar virkjunarframkvæmdir. Þar er t. d. bent á það, að vatnsrennsli hefur verið athugað í Svartá, sennilega lengur en í nokkurri annarri á á landi okkar eða á milli 30 og 40 ár, og hefur komið í ljós, að rennsli árinnar er mjög jafnt. Ég hef rætt þetta við Sigurjón Rist vatnamælingamann, og staðfestir hann, að þetta sé rétt, að svo sé, að rennsli Svartár sé mjög jafnt. Ég vil þá nefna það til dæmis, að meðan á virkjunarframkvæmdum stendur er fyrirhugað að veita Svartá í gamlan farveg hennar, sem er nokkru vestar en farvegur hennar er nú. Með þessu móti verður hægt að vinna verkið á þurru landi, og er að því mikið hagræði og mikill sparnaður. Öllu yfirfallsvatni verður svo veitt um hinn gamla farveg, þannig að um gljúfrið neðan við fossinn fer aðeins vatnið frá vélunum, og er það talið mikið öryggi, að það sé aðeins þetta vatn, sem fer um gljúfrin. Rétt fyrir ofan Reykjafoss og í næsta nágrenni við hann eru heitar uppsprettur. Talið er, að þessu heita vatni megi safna saman og dæla því í frostum og hríðum á vetrum upp í inntakið og nota það þannig til þess að minnka eða koma í veg fyrir krapamyndun í vatninu, áður en það gengur inn í vélarnar. Álitsgerð sinni um virkjun Svartár ljúka þeir Steingrímur Jónsson og Ásgeir Sæmundsson með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Virkjun Svartár hefur því skilyrði til að þrefalda vatnsorkuna frá því, sem núverandi vatnsaflsstöðvar hafa, og jafnframt skilyrði til að lækka einingarverð raforkunnar um 35%, allt að óbreyttu verðlagi. Hefur hún því skilyrði til að verða lyftistöng rafvæðingarinnar í þessum héruðum, svo sem bezt verður á kosið, um næsta áratug og vel það".

Við þetta vil ég aðeins bæta þessu: Í umr., sem orðið hafa hér á þingi í vetur í sambandi við þáltill. um aukinn iðnað í kaupstöðum og kauptúnum, hefur verið á það bent með réttu, að atvinnuástand í Norðurlandskjördæmi vestra er nú lakara en víðast hvar annars staðar á landinu. Því veldur fyrst og fremst, að síðustu missirin hefur sjávarafli brugðizt fyrir Norðvesturlandi. Til þess að auka atvinnu í þessum landshluta og til þess að gera hana öruggari hafa menn helzt horft til þeirra úrbóta að efla þann iðnað, sem fyrir er, og koma á fót nýjum iðngreinum. Eitt meginskilyrði fyrir því, að iðnaður verði rekinn með ábata, er það, að hann eigi kost á nægri og ódýrri raforku. Sé hún fyrir hendi, munu ýmsar nýjar starfsgreinar verða til, atvinna aukast og afkoma fólksins verða betri og tryggari. Það er því skoðun okkar flm., að virkjun Svartár komi til með að verða hin helzta lyftistöng undir atvinnulífið í þeim byggðum, sem orku hennar er ætlað að ná til.

Það mun hafa verið venja, herra forseti, að málum sem þessum hafi verið vísað til fjhn., og geri ég það að till. minni, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja örfá orð í sambandi við þetta frv. um virkjun Svartár í Skagafirði, áður en það fer til nefndar.

Ég hef veitt því athygli, að hv. flm. þessa frv. komast svo að orði í grg. á bls. 2, með leyfi hæstv. forseta:

„Vera má, að hægt sé að sjá þessum landshluta fyrir ódýrari raforku frá væntanlegum stórvirkjunum, en um það liggur enn ekkert fyrir".

Í þessum ummælum grg. kemur það fram, að frv. um virkjun Svartár og að bæta á þann hátt úr raforkuþörf Skagfirðinga er flutt a. m. k. öðrum þræði vegna þess, eins og flm. segja, að enn liggur ekkert fyrir um, að þessi landshluti eða þetta hérað eigi kost á ódýrari raforku frá stórvirkjun. Það er ekki að ófyrirsynju, að á þetta er minnzt af hálfu þeirra flm., vegna þess að alkunna er, að það munar allmiklu á framleiðsluverði orkunnar, hvort um litla eða stóra virkjun er að ræða. Orkuframleiðsla í stórum virkjunum er yfirleitt miklu ódýrari en orkuframleiðsla í smærri virkjunum.

Í skýrslu þeirri, sem fylgir þessu frv. sem fskj., er þess getið á bls. 3, að ég ætla, að meðalkostnaðarverð á kwst. í orkuveri hjá Svartá mundi kosta 29.6 aura við fulla notkun. En til þess að gefa hugmynd um samanburð á smávirkjun og stórvirkjun, má nefna það, sem ég ætla að ég muni rétt, að ef miðað er við þær kostnaðartölur, sem birtar voru á árinu 1962 um framleiðslukostnað í stórum orkuverum, 100 þús. kw. eða stærri, er þetta nálægt því eða rúmlega helmingi hærra verð en þar var gert ráð fyrir. Nú má vera að vísu, að þær áætlanir um stórvirkjanir hafi nokkuð breytzt síðan á árinu 1962, en þetta sýnir, að munur er á því að framleiða raforku í stórvirkjun og minni virkjun. Þetta gera flm. sér að sjálfsögðu ljóst og komast þess vegna að orði eins og þeir gera í grg. Og viðhorf þeirra er þá það, að þeir flytja þetta frv. um 3600 kw. virkjun við Svartá með tilliti til þess, að enn liggur ekkert fyrir um það, að Skagafjörður geti fengið rafmagn frá stórvirkjun. Og það er í sjálfu sér mjög eðlilegt viðhorf.

Ég vil aðeins minna á það í þessu sambandi, að vorið 1962 gengust þm. á Norðurlandi öllu og Austurlandi, þ. á m. þm. Norðurl. v., fyrir því, að haldinn var fundur á Akureyri með fulltrúum frá sýslunefndum og bæjarstjórnum í öllum kaupstöðum og sýslum á þessu svæði til þess að ræða um virkjun Jökulsár á Fjöllum. Til þessa fundar var boðað vegna þess, að þá fyrir nokkru, eða 20. marz 1961, hafði Alþingi samþykkt þáltill., þar sem ríkisstj. var falið að láta gera áætlanir um virkjun Jökulsár til stóriðju. Það var vitanlega svo, að fyrir því var gert ráð um Norður- og Austurland, að jafnframt því sem orka frá þessari miklu virkjun yrði notuð til stóriðnaðar, yrði þarna um að ræða orku, sem dreift yrði um allt Norður- og Austurland. Ég skal ekki fjölyrða um þær ályktanir, sem á þessum fundi á Akureyri voru gerðar sumarið 1962, eða það, sem síðan hefur gerzt, en í tilefni af framkomu þessa frv. og þeim ummælum, sem flm. hafa látið falla í grg. í því sambandi og ég nú hef rakið, vil ég segja það, að ég harma, að ekki skuli liggja fyrir nú upplýsingar um möguleika Skagfirðinga og annarra Norðlendinga og Austfirðinga til þess að fá raforku frá stórvirkjun. Vera má, að þetta mál, sem hér er fram komið, verði til þess að flýta eitthvað fyrir því, að niðurstöður fáist í því máli, hvort Norðlendingar og Austfirðingar mega vænta, áður en langt um líður, raforku frá stórvirkjun, og þá náttúrlega er sér í lagi átt við þá virkjun, sem ég nefndi hér áðan og Alþingi á sínum tíma gerði ályktun um, sem sé virkjun Jökulsár á Fjöllum.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram til athugunar fyrir þá nefnd, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, og í tilefni af því, sem í grg. þessa máls stendur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af því, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan um, að það lægi ekki fyrir, hvernig bezt yrði fyrir komið að rafvæða ýmsar byggðir norðanlands. Þá vil ég upplýsa það, sem ég held að allir hv. þm. viti, að rannsókn hefur farið fram á því, hvaða skilyrði Dettifoss hefur til stórvirkjunar og fleiri virkjanir. Raforkumálastjórnin hefur látið fara fram og gert samanburð á hinum ýmsu virkjunum, sem til greina geta komið. Það má nefna á Norðurlandi Dettifoss, Laxá í Þingeyjarsýslu og Svartá í Skagafjarðarsýslu. Athugun hefur farið fram á þessu, og það liggja fyrir tölur um það, hvað hvert virkjað kw. kostar á hinum einstöku stöðum. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. upplýsti hér áðan, að í stórvirkjunum verður hvert virkjað kw. miklu ódýrara en í hinum smærri.

Hér sunnanlands hafa farið fram athuganir við Búrfell, Hveragerði og víðar, og liggur einnig fyrir, hver kostnaður er á hverju kw. á þeim stöðum. Það hefur einnig verið athugað á Austurlandi með virkjun Lagarfoss, og þannig mætti lengi telja. Þá er spurningin þessi: Á að virkja tiltölulega smáar virkjanir víða, eða á að virkja á einum stað stóra virkjun og dreifa rafmagninu með línum víðs vegar um landið? Það eru þessar spurningar, sem við verðum ákveðið að svara á þessu þingi, og það má ekki dragast lengur. Það verður að leggja fram frv. á þessu þingi og móta stefnuna, og það er verk Alþingis að kveða endanlega á um það, hver leið verður farin í þessum efnum. Það er reikningsdæmi, sem verður að liggja fyrir og hv. alþm. að taka svo sínar ákvarðanir um það, á hvern hátt verður heppilegast að taka þessi mál. Allir landsmenn eiga að fá nægilega raforku, og vitanlega þarf að taka á þeim málum þannig, að það verði sem hagkvæmast fyrir hin einstöku byggðarlög og fyrir þjóðarheildina.

Mér finnst eðlilegt, að hv. alþm. Norðurl. v. flytji frv. eins og þetta, sem hér er um að ræða. Og það er áreiðanlega þess virði að athuga það, hvort virkjun í Svartá kemur til greina. En eins og upplýst er, er vitanlega hvert virkjað kw. í Svartá miklu dýrara en í hinum stærri virkjunum. Og þá er það reikningsdæmi, hvort hentugra er fyrir Skagfirðinga og Húnvetninga, sem gætu notið góðs af þessu, að það sé virkjað í Svartá eða raforkan verði leidd frá stærri virkjunum til þessara byggðarlaga.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál að svo stöddu, en ég vil leggja áherzlu á það, að á þessu þingi þarf að taka ákvörðun um það, hvort virkjað verður tiltölulega stórt á einum stað eða hvort smærri virkjanir verða byggðar í hinum ýmsu héruðum, því að það er ekkert spursmál um það og það eru allir alþm. sammála um, að raforkk-

una verða landsmenn að fá og á þessu þingi verður að taka ákvörðun um, hvaða stefna á að verða ráðandi til þess að uppfylla þessar eðlilegu kröfur landsmanna.

Flm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu tekið undir það með hv. 3. þm. Norðurl. e. og hæstv. raforkumrh., að raforkan verður eitthvað ódýrari frá stórvirkjunum. En ég efast þó stórlega um, að það sé rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, að þessi tala, sem nefnd er í álitsgerð Steingríms Jónssonar og Ásgeirs Sæmundssonar, að kw. muni kosta 29 aura frá virkjun við Svartá, sé helmingi hærri en sú tala mundi verða frá stórvirkjun. En því miður er það rétt, eins og hv. þm. drap á, fyrir liggja ekki óyggjandi upplýsingar nú á þessari stundu, og því er ekkert hægt að fullyrða í þessu sambandi.

Um daginn gaf hæstv. dómsmrh. skýrslu, merka skýrslu, um fyrirhugaðar raforkuframkvæmdir. Þar var drepið á, að það kæmi til greina að virkja Þjórsá, leiða línu norður yfir öræfin og síðan austur og vestur. Nú liggur ekkert fyrir t. d. um það, hvað *lína úr Eyjafirði* til Skagafjarðar mundi kosta. Þetta er í rauninni líka nauðsynlegt að fá að vita, þegar rætt er um þessi mál, því að þetta hlýtur að geta haft áhrif á skoðanir manna, sem þeir mynda sér um virkjun Reykjafoss. En ég fagna mjög þeim orðum hæstv. raforkumrh., þegar hann sagði, að á þessu þingi yrði að mótast stefna í því, hvað gera ætti í raforkumálunum og rafvæðingu landsins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. raforkumrh. lýsti því yfir hér áðan, að það yrði að *móta á þessu þingi þá stefnu, sem taka yrði*, hvort ætti að leggja í fleiri smávirkjanir á landinu eða hvort ætti að leggja í stórvirkjun. Og ég leyfi mér að láta í ljós ánægju mína yfir þessari yfirlýsingu, því að það er orðið alveg aðkallandi, jafnt fyrir íbúa Norðurlands sem Suðurlands sem og annarra landsfjórðunga, að það sé ekki beðið lengur með að taka slíka ákvörðun, og vonandi, að við getum unnið að henni hér og í sameiningu.

Mér skilst um þessa till., sem hérna liggur fyrir, það er ákaflega skiljanlegt, að menn í þessum einstöku landshlutum séu orðnir mjög *hugsandi út af þessu og vilji fara að ráðast í* litlar virkjanir hjá sér, ef þeir sjá ekki, að ríkið sem heild taki neinar ákvarðanir, sem bæta úr þeirra þörf. Mér skilst, að þetta eigi að vera þarna í Svartá 3600 kw. rafveita, — er það ekki rétt? — og muni kosta um 50 millj. kr., eða stofnkostnaðurinn vera um 14 þús. kr. á kw. Í þessum stórorkuveitum, sem rætt hefur verið um, hefur verið talað um, að það væri hugsanlegt að fá stofnkostnaðinn í kw. á 7500 kr., þar sem það yrði ódýrast, þannig að hér er náttúrlega um ákaflega mikinn mun að ræða. Nú gat hæstv. ráðh. þess réttilega, að það hefðu verið gerðar rannsóknir, bæði viðvíkjandi Dettifossi og viðvíkjandi Þjórsá o. fl., en það er eitt í þessu sambandi, sem mig langar til þess að spyrja að: Hefur verið gerð virkilega fullkomin rannsókn um Laxá, þ. e. Laxá fyrir norðan, þar sem virkjunin nú er, hvernig mætti breyta henni og hugsanlega fá þar stórvirkjun. Við vitum, að í sambandi við það, sem við höfum rætt um Dettifoss og Þjórsá, sem við höfum rætt ákaflega mikið um og vitum að eru með okkar mestu fljótum í þessum efnum, er sá gallinn þar á, að rennslið er óskaplega misjafnt, þannig að það getur munað allt að helmingi, og við getum ekki lagt í þessar virkjanir án þess að leggja í stórkostlegar uppistöður, sem eins og gömlu áætlanirnar voru mundu skapa stærstu stöðuvötn Íslands, eins og t. d. í sambandi við Þjórsá uppi á öræfunum. Sannleikurinn er, að okkur hefur þótt nokkuð dýrt venjulega að leggja í þessar stóru uppistöður, en aftur á móti nýtum við ekki aflið nema til hálfs, ef við sleppum því að gera slíkar uppistöður, og ég er hræddur um, að þessar nýjustu áætlanir, sem við höfum verið að ræða núna undanfarið, sem reikna með um 7500 kr. á kw., séu raunverulega miðaðar við engar uppistöður og nýta þess vegna mun minna af vatnsmagninu í viðkomandi á. Hins vegar vitum við, hvað Laxá snertir, að þar er rennsli ákaflega *jafnt, þannig að ef þar væri hugsanlegt að gera* stóra hluti, þá er það einn af þeim mörgum hlutum, sem við þurfum að rannsaka ýtarlega í þessu sambandi.

Það er ákaflega ánægjulegt, að hæstv. ráðh. skuli lýsa því yfir, að það verði að taka ákvörðun núna á þessu þingi, og ég vildi mega vona, að áður en frá þeirri ákvörðun verði gengið, sé einmitt jafnt við stjórnarandstöðu- sem ríkisstjórnarflokkana athugað sem allra bezt um alla hluti í þessum málum. Við megum hvorki láta neinn hrepparíg okkar á milli, hvort hentugustu ár væru fyrir norðan eða sunnan, hvort strengirnir *yrðu að liggja norður eða suður eða annað* slíkt, hafa þar nein áhrif á, heldur einvörðungu hitt, með hverju móti hugsanlegt væri að skapa bezta aðstöðu.

Ég held, að það sé alveg ótvírætt, og býst nú við, að það muni raunar flestir vera á því, að við eigum að reyna að leggja í stórvirkjun. Við megum ekki halda þessu svona áfram, við megum ekki hérna á Suðurlandi fara að leggja í það að virkja kannske í Hveragerði, nema ef við værum að líta á það sem einhverja tilraunavirkjun vegna hveraaflsins út af fyrir sig og sjá, hvernig það kæmi út. Við megum ekki taka eina litla 15—20 þús. kw. stöð enn þá, *og við þyrftum helzt* að sleppa hjá því að gera það á Norðurlandi. En við sleppum ekki hjá þessu, nema, eins og hæstv. ráðh. sagði réttilega, við tökum kjark í okkur og við þorum að leggja í stórvirkjun núna.

Það er sjálfsagt í þessu sambandi, að spurningarnar um fjármagn komi til athugunar. Ég vil í því sambandi, þó að við höfum rætt það nýlega í öðru sambandi, minna á það, að við eigum ekki í sambandi við útvegun fjármagns frekar en í sambandi við athugun á orkustöðvum á hentugustu fossunum innanlands að binda okkur endilega við einn aðila. Við eigum að reyna að fá tilboð sem víðast að um slíkt fjármagn og láta keppa á því sviði eins og á öðru. Við vitum það áður, t. d. seinast þegar við réðumst í Sogs-

virkjunina, þá vissum við ósköp vel, að það var hægt, þegar við réðumst í Írafossstöðina, að fá ódýrara fjármagn en við tókum þá. Það var hægt að fá fjármagn með 2½% vöxtum í staðinn fyrir 4½ eða 5%, sem við tókum þá. Og spurningin um fjármagn til virkjunarinnar er næstum því eins stórt spursmál og virkjunarstaðurinn og virkjunaraðstæðurnar, vegna þess að þegar fram í sækir, er þetta eins konar sjálfvirk verksmiðja, sem við þarna komum upp, þannig að stofnkostnaðurinn er raunverulega allt og vextirnir af stofnfénu eru meginþátturinn í öllum kostnaði við rekstur þessara stöðva. Vinnuafl og annað slíkt er bókstaflega að heita má ekki neitt, örfáir menn, sem sitja og horfa á töflur og fylgjast með. Vextirnir hafa því úrslitaáhrif um, hve vel þetta borgar sig eða illa.

Ég vildi aðeins minna á þetta, til þess að það yrði unnið að þessum málum í tíma, að við gætum hér sameiginlega, stjórn og stjórnarandstaða, athugað þessi mál og rætt þau, hvort heldur það er hér úr ræðustóli í þingi eða utan þess, sem allra bezt, vegna þess að þar er um sameiginlegt hagsmunamál að ræða, þar sem hvorki skilur, hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, hvort menn eru norðanlands eða sunnan, austanlands eða vestan, þá er sami áhuginn og sama nauðsynin, sem líka liggur til grundvallar fyrir flutningi þessa frv., að lausn þurfum við að fá á þessum málum, og eins og hæstv. ráðh. segir, við þurfum að taka ákvörðun um hana á þessu þingi.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. En það er ástæða til þess að fagna því, ef nú má vænta nánari upplýsinga frá stjórnarvöldum um þær rannsóknir, sem fram hafa farið nú undanfarið á skilyrðum til stórvirkjunar hér á landi. Það eru nú liðin nálega 3 ár, síðan Alþingi samþykkti ályktun þá, sem ég nefndi hér áðan, varðandi virkjun Jökulsár á Fjöllum, og ýmsum þykir tími til þess kominn, að endanleg skýrsla verði gefin um það mál. Ég vil nefna það í þessu sambandi, að þetta frv., sem hér er fram komið, ætti að minna menn á, að það er ekki, eins og ýmsir virðast álíta, eingöngu yfirvofandi raforkuskortur hér á Suðvesturlandi. Það er ekki nóg að bæta úr raforkuþörf hér á Suðvesturlandi, heldur þarf einnig að bæta úr raforkuþörf í öðrum landshlutum. Og ég veit ekki, hvort menn mundu telja það fullnægjandi lausn í þessum landshlutum, eins og nú er komið málum, að stórvirkjun verði komið upp hér syðra til þess að framleiða hér ódýra raforku til almenningsnota, en öðrum landshlutum ætlað að búa við dýra raforku frá smærri virkjunum. Þetta vildi ég aðeins segja í sambandi við ummæli, sem hæstv. ráðh. lét falla um það mál.

Ég vil svo í þessu sambandi minna á það, að í sameinuðu þingi hefur nýlega verið flutt till. til þál., þar sem gert er ráð fyrir, að Alþingi láti þessi mál til sín taka á þann hátt að kjósa nefnd til þess að fjalla um þau og kynna sér þær athuganir, sem fram hafa farið, bæði á vegum raforkumálaskrifstofunnar og stóriðjunefndar, á þessu sviði, og það er ástæða til þess að taka undir það, sem hér kom fram áðan, að nauðsyn ber til þess, að unnið verði að undirbúningi þessara mála á annan hátt og á breiðara grundvelli en undanfarið hefur verið gert.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það skiptir vitanlega engu meginmáli, hvort okkar verkvísindi segja, að hagkvæmast sé að virkja stórvirkjun fyrir Suðurland á Suðurlandi eða á Norðurlandi fyrir Norðurlandið. Öllu máli skiptir það, hvort niðurstaða sérfræðinga okkar í þessum efnum um virkjanir annaðhvort norðanlands eða sunnan í stórvatnsföllunum, — með fullri nýtingu þeirrar uppistöðu, sem hugsanleg er í sambandi við þessar virkjanir, — eins og hv. 3. þm. Reykv. gat hér um áðan sem mjög mikilvægt atriði í sambandi við virkjunarmál, verði sú, að raforkan komin á hina ýmsu staði í landinu reynist ódýrari að viðbættum leiðslukostnaði hvert á land sem er heldur en við smávirkjanir. Afstaða mín t. d. til þessa frv. um virkjun Svartár byggist mjög á því, hvað sérfræðingarnir segja um það, hvort virkjun frá Suðurlandi með veitukerfi norður um Skagafjörð og Húnavatnssýslur reynist ódýrari, þ. e. hvort orkan leidd til Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna reynist ódýrari frá stórvirkjun á Suðurlandi heldur en t. d. frá smávirkjun í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslu. Að fenginni slíkri vitneskju tæki ég hiklaust afstöðu, — jafnvel sem Norðlendingur mundi ég taka afstöðu með virkjun sunnanlands, ef hún að viðbættum leiðslukostnaði reyndist ódýrari frá Suðurlandsvirkjun heldur en frá virkjun í héraði. Þetta er ekki mál, sem heyrir undir hreppapólitík, og ekki mál, sem heyrir undir landsfjórðungapólitík. Þess vegna vil ég líka spyrja hæstv. ráðh., hvort t. d. virkjunin hér sunnanlands, stórvirkjunin fyrirhugaða, mundi leysa t. d. raforkuþörf Vestfirðinga á viðhlítandi hátt, þannig að orkan frá slíku orkuveri, miðað við stóriðju og notkun um landsbyggðina með samantengdu kerfi, mundi vera ódýrari þar vestur frá en t. d. frá viðbótarvirkjun við vatnsföllin í Arnarfirði. Ég mundi ekki telja mér neinn héraðsmetnað í því að berjast hér fyrir viðbótarvirkjun á vatnsföllunum í Arnarfirði eða Skúfnavötnum við Ísafjarðardjúp til orkuframleiðslu fyrir Vestfirðinga, ef vísindin segðu, að orka frá slíkum virkjunum yrði dýrari en frá sunnlenzkri virkjun, að viðbættum leiðslukostnaði vestur á Vestfirði. Þá mundi ég vera fylgjandi Suðurlandsvirkjuninni, því að ég tel þetta vera landsmál í heild og að hreppa- eða sýslu- eða landsfjórðungasjónarmið eigi þar engan rétt á sér. Þess vegna eigum við að spyrja um, hvað öruggur útreikningur sýni um þetta, og ráðh. þessara mála á hverjum tíma eiga að tjá okkur niðurstöður sérfræðinganna óhlutdrægt, og þá á afstaða okkar að fara eftir því, hvaða leið sé bezt til þess að leysa landsþarfirnar, þjóðarþarfirnar í þessum málum.

Ég vil því, að því er snertir hagsmuni okkar Vestfirðinga í raforkumálum, spyrja um það, hvort athuganir hafi verið gerðar á því, hvort virkjun hér sunnanlands eða norðan mundi vera svo miklu ódýrari í stórvirkjunum, að það bætti upp kostnaðinn við samtengingu orkuvera í land-

inu, þannig að t. d. orka frá slíku orkuveri sunnanlands reyndist ódýrari en viðbótarvirkjun við Dynjanda eða Mjólkárfossa í Arnarfirði. Ég þakka væntanlegt svar hæstv. ráðherra.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Frsm. hélt ýtarlega ræðu, og þarf ég því litlu við að bæta og raunar engu, svo langt sem hans ræða náði. Ég vil leggja áherzlu á, að skv. þeirri athugun, sem raffræðingar hafa gert, eru virkjunarskilyrði mjög hagstæð í Svartá. Heitt vatn rennur í ána úr volgum uppsprettum, þannig að hún frýs mjög lítið, og vatnsrennslið er tiltölulega jafnt. Mikil þörf er á auknu rafmagni í okkar kjördæmi, því að mikið af raforkunni er framleitt af dísilstöðvum meira og minna alla tíma ársins. Við þurfum tvímælalaust miklu meiri iðnað í kauptúnum og kaupstöðum, *ef fólkið á eigi að flytja burt og eðlileg mannfjölgun á að geta átt sér stað í heimabyggðum.* Til þess að við getum aukið iðnað að mun, þarf meiri raforku.

Það var skrifað um það í Ægi um s. l. áramót af þeim manni, sem mest hefur fengizt við lýsisherzlu, að séð mundi fyrir því, að allt lýsi yrði hert, sem framleitt væri hér á landi. Ég hef átt tal um þetta við Pétur Pétursson, sem er forstjóri fyrir þessu fyrirtæki, hvort þeir mundu ekki fáanlegir til að byggja lýsisherzluverksmiðju á Siglufirði. Hann sagði, að til þess þyrfti mjög mikið rafmagn, og taldi vafasamt, að nægileg raforka væri fyrir hendi á Siglufirði, ef verksmiðjan yrði reist þar. Hann lét þess getið, að vinna væri ekki mjög mikil við lýsisherzlu, en án efa yrði mikils virði fyrir Siglufjörð, ef hún væri staðsett þar. Vera má, að iðnmrh. eða ríkisstj. í heild gæti ráðið úrslitum um, hvar verksmiðjan yrði staðsett, því að flestir þurfa að fá beina eða óbeina fyrirgreiðslu, ef um stórfyrirtæki er að ræða.

Það er ráðgerð stórvirkjun hér sunnanlands, og talað hefur verið um að leiða rafmagnið norður yfir hálendið til Akureyrar og reisa þar alúmíníumverksmiðju. (**Gripið fram í:** Eða suður yfir.) Já, ef virkjað er fyrir norðan. En mér hefur skilizt, að frekar mundi verða valin Þjórsárvirkjunin. *Ég get ekki séð, að það þyrfti endilega* að leiða þennan rafstreng til Akureyrar. Því mætti ekki setja upp alúmíníumverksmiðju á Sauðárkróki? Mikill iðnaður er fyrir á Akureyri, en lítill á Sauðárkróki. Vegalengdin er styttri til Sauðárkróks. Hvers vegna á frekar að auka iðnað þar, sem mikill iðnaður er fyrir, en hjálpa þeim bæjarfélögum, þar sem vöntun er á verkefnum? Satt að segja efa ég, að hagkvæmt sé að leiða rafmagn yfir Kjöl eða Sprengisand, hvor leiðin sem farin er. Það er ekki auðvelt að gera við raflínur á háöræfum að vetri til. Veðráttan er ekki alltaf eins og í vetur. Stórhríð getur verið viku eftir viku, jafnvel mánuð eftir mánuð. Ég skal ekki fullyrða, hvort hægt er að tryggja, að slíkar leiðslur bili ekki. Ég skil a. m. k. ekki, að það verði gert, ef á að leiða það á staurum. Ofviðrin eru mikil á öræfunum. Ástæða er til að ætla, að þó að virkjanir verði reistar hér sunnanlands, líði eigi margir tugir ára, þar til það rafmagn er fullnýtt. Vitanlega er æskilegt að tengja rafkerfið sem mest saman, en bezt er, að hver landsfjórðungur geti treyst sem mest á eigin rafmagnsframleiðslu og vegalengdir og aðstaða öll sé þannig, að gerlegt sé að gera við raflínur, þó að eitthvað bili. Ég vildi benda á þessi atriði. Ég efa eigi, að það kosti mikið að leiða rafmagnið yfir öræfin, og hef litla trú á, að hægt sé að tryggja, að ekki verði bilanir á þeirri leið, og hagkvæmara væri því að framleiða það rafmagn norðanlands, sem sá landshluti þyrfti að nota. Ég er ekki raffræðingur og tek því ekki að mér neina leiðbeiningastarfsemi í því efni, hins vegar vona ég, að nefnd sú, sem hefur með þetta mál að gera, taki þetta mál til rækilegrar íhugunar og geri sér ljóst, að aukinn iðnaður er lífsnauðsyn fyrir framtíð kauptúna og kaupstaða í Norðlendingafjórðungi, en skilyrði til þess, að hann geti aukizt að mun, er mikil og ódýr raforka.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af fsp., sem hefur verið fram borin. Ég er sammála hv. 5. þm. Vestf. um það, að það á enginn héraðsrígur eða hreppapólitík að koma til mála, þegar um það er að ræða, hvar eigi að virkja. Og vitanlega mætti okkur Sunnlendingum standa á sama, hvort Dettifoss væri virkjaður eða Þjórsá. Það, sem almenningur í landinu spyr um, er það: Getum við fengið örugga raforku, og hvernig fáum við hana á hagstæðu verði? Það er þetta, sem landsmenn hljóta að spyrja um, hvar sem þeir eru búsettir, og ég tel, að sú stefna, sem verður mörkuð í okkar virkjunar- og rafmagnsmálum, verði að mótast af þessu og engu öðru.

En viðvíkjandi því, ef að því yrði horfið að tengja saman, gera stóra virkjun á einum stað, hvort þá væri eðlilegt að leggja streng til Vestfjarða eða þá fremur að stækka virkjunina í Arnarfirði, þá hef ég rætt þetta sérstaklega við raforkumálastjóra, og ég get upplýst það, að þeirri athugun er ekki lokið. En við fyrstu sýn er talið eðlilegra að stækka virkjunina í Arnarfirði heldur en tengja saman við landskerfið. Ef hins vegar yrði horfið að því að virkja stórt á einum stað og tengja saman, er talið sjálfsagt að *leggja línu yfir öræfin, og sérfróðir menn telja,* að það sé ekki mikil hætta á bilunum á öræfunum. Það er t. d. engin ísingarhætta á öræfunum. Ísingarhættan kemur fyrst til greina, þegar komið er niður í byggð og fer að nálgast sjóinn. Og ef yrði tengt saman, hvort sem yrði nú virkjuð stórvirkjun í Laxá, sem býður upp á eitthvað betra nú upp á síðkastið en áður var talið, og í tilefni af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan, er það rétt, að Laxá virðist hafa ýmsa kosti og meiri kosti en menn höfðu allt fram til þessa gert sér grein fyrir, hins vegar hefur það ekki verið rannsakað til fulls, hvort hún dygði sem landsvirkjun, ef að því yrði horfið, — en hvort sem það væri virkjað við Dettifoss eða Laxá eða Þjórsá, þá yrði það hugsað þannig, að það yrði vitanlega ein lína yfir öræfin, það yrði lína til Austurlandsins, og þá þyrfti ekki að virkja sérstaklega á Austurlandi, og það yrði leitt vestur um, vestur í Húnavatnssýslur, og hér syðra væri leitt vestur í Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dali,

og þá væri komið landskerfi, að undanskildum Vestfjörðum e. t. v. Ef að því ráði væri horfið, væri skapað meira öryggi en áður hefur verið í rafmagnsmálum landsmanna yfirleitt, og þá væri fenginn grundvöllur til verðjöfnunar á rafmagni, miklu auðveldari en nú. Og eftir því sem út lítur fyrir nú, væri, ef að þessu ráði yrði horfið, grundvöllur fyrir ódýrari orku fyrir alla landsmenn heldur en með því að virkja smátt í hverjum landsfjórðungi. En eins og ég sagði áðan, þá er það vitanlega Alþingis að segja síðasta orðið í því, hvað verður gert í þessum málum. Verður virkjuð landsvirkjun hér syðra eða nyrðra, eða verður haldið áfram að virkja smávirkjanir í flestum héruðum? Það verður að taka ákvörðun um það á þessu þingi, má ekki dragast lengur, eins og ég sagði hér áðan.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan í sambandi við lýsisherzluverksmiðju. — Ég vil um leið þakka hæstv. ráðh. það, sem hann svaraði minni fsp. — Það er viðvíkjandi lýsisherzluverksmiðju, sem hann skaut til hæstv. iðnmrh. að athuga. Ég hef satt að segja ekki fylgzt neitt með því máli, þannig að ég er ókunnugur því, eins og þetta kann að standa nú. Hann sagði svo frá því, að tveir miklir framkvæmdamenn hér væru að hugsa um að reisa lýsisherzluverksmiðju til þess að herða mestallt lýsi, sem væri framleitt á Íslandi. Ég mundi vilja mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún fylgdist mjög vel með í þessu máli. Eins og kunnugt er, er til heimild fyrir ríkisstj., held ég áreiðanlega í l. frá 1942, um að reisa lýsisherzluverksmiðju, og ríkið á meginið af öllum síldarverksmiðjunum á Íslandi, þannig að það hefur alltaf verið gengið út frá því, ef verksmiðja yrði reist til að herða lýsið, mundi fyrst og fremst ríkið gera það. Það var tekin ákvörðun um að framkvæma þetta á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, og það var búið að kaupa inn þó nokkuð af vélunum til lýsisherzluverksmiðju og búið að fá sérfræðinga, sem áður höfðu unnið í Hollandi í þjónustu þess fræga hrings Unilever að þessum málum, og það mistókst allt saman, þannig að hringurinn gat komið þannig sínum málum, að það varð aldrei neitt úr þessu. Það er engum efa bundið, að þetta er ákaflega mikil nauðsyn fyrir Ísland. Ef einhverjir Íslendingar vilja koma slíku upp, er það út af fyrir sig góðra gjalda vert. En það er nauðsynlegt, að ríkið hafi þar hönd í bagga á mjög afgerandi hátt, vegna þess að hagsmunir ríkisins og raunar hagsmunir þessara einstaklinga eru þarna svo nátengdir. Til hvers er fyrir einstaklinga að setja hér upp lýsisherzluverksmiðju, ef þeir hafa ekki tryggingu fyrir því að fá til herzlu það lýsi, sem framleitt er á Íslandi, ef aðstaðan er þannig, að við skulum segja útlendu hringarnir bjóða hærra í lýsið og gera þannig ómögulegt fyrir þessa lýsisherzlumenn að fá hráefnið til sinnar verksmiðju? Mér finnst því, að það hljóti frá upphafi að verða að samræma hagsmuni íslenzka ríkisins sem eigenda hráefnisins að mestu leyti og þeirra aðila, sem kynnu að vilja leggja í að reisa slíka verksmiðju á Íslandi. Og ég skil það varla, að nokkrir menn færu að leggja sína peninga í þetta, nema því aðeins að þeir væru nokkurn veginn öruggir með það að geta samið um slíkt.

Svo er hitt til sem dæmi, að slíkir menn væru sjálfir í sambandi við Unilever, og það þýddi, að þær lýsisherzluverksmiðjur, sem upp kæmust á Íslandi, væru óbeint undir yfirstjórn Unilever-hringsins, sem þýddi, að það hefðu verið byggðar verksmiðjur á Íslandi, sem gerðu okkur enn þá háðari hringnum en áður, og væri þá búið að taka úr greipum okkar þá möguleika að fara að reisa hér virkilega lýsisherzluverksmiðju á Íslandi. Það er vitað, að í allri Vestur- og Norður-Evrópu er ekki ein einasta lýsisherzluverksmiðja til, sem Unilever ekki á eða hefur ítök í, ekki ein einasta, þannig að þegar við á árunum 1944—1945 ætuðum að leggja í þetta, stóðum við einir, Íslendingar, allra þjóða í Vestur-Evrópu í slíkri baráttu við Unileverhringinn. Hann hefur algerlega einokað í allri Vestur- og Norður-Evrópu allar lýsisherzluverksmiðjur.

Við þyrftum því að ganga alveg hreint úr skugga um það, ef Íslendingar eru að leggja í svona hlut, hvort þeir eru að gera þetta algerlega sjálfstæðir, og þá væri gott að hafa við þá góða samvinnu af hálfu ríkisins, og ég býst við, að þeir þyrftu sannarlega á því að halda, það er um svo erfitt mál að ræða þarna, og hins vegar líka að ganga úr skugga um það, að þessir menn séu ekki að neinu leyti í snertingu við Unilever, þannig að það sé bara verið að herða tök hringsins. Við vitum, að þarna er um að ræða sjötta sterkasta hring veraldarinnar, sterkasta hringinn í Evrópu, — fimm sterkustu hringar veraldarinnar eru allir í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og Unilever-hringurinn, sem er búinn að vera kunningi okkar í meira en 30 ár hér á Íslandi og hefur ráðið hér verðinu á síldarlýsi svo að segja alltaf og ekki sízt í stríðinu, mætti sízt fá betri tök hér hjá okkur. En ef það væri hægt að skapa samvinnu við dugandi Íslendinga um að losa okkur undan þessu, þá væri það mjög ánægjulegt. Ég vil þess vegna, einmitt vegna þess, að hv. 5. þm. Norðurl. v. var að skjóta þessum málum til iðnmrh., líka leggja þessi orð í belg til hæstv. ráðh., ef hann athugaði þessi mál.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem borizt hefur í tal í umr., sem ég vil nú leyfa mér að minnast á. Það hefur verið vikið að virkjunarskilyrðum í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Hæstv. ráðh. vék að því máli og sagði eitthvað á þá leið, að fyrir lægi, að allgóð virkjunarskilyrði væru í Laxá, en hins vegar hefði það ekki verið athugað til fulls, hvort þar gæti verið um landsvirkjun að ræða. En með landsvirkjun í þessu sambandi geri ég ráð fyrir að hann eigi við virkjanir á borð við Jökulsá og Þjórsá. Samkv. athugunum, sem fyrir hafa legið frá verkfræðingum, er talið, að hægt sé að virkja Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu ásamt vötnum, sem nú falla í Skjálfandafljót, en gert er ráð fyrir að veita í Laxá, í orkuveri, sem væri á stærð við Dettifossvirkjun og væri nokkru stærra en sú virkjun, sem nú er gert ráð fyrir við Búrfell.

Þetta er hugsað á þá leið, að þessum vatnsföllum, sem nú falla í Skjálfandafljót, verði veitt til Laxár og síðan virkjuð fallhæðin niður í Laxárdal eða Reykjadal úr Mývatnssveit.

Nú er það trúlega svo, eins og hæstv. ráðh. lét orð falla um hér, að þessir möguleikar séu ekki kannaðir til þeirrar hlítar, að hægt sé að segja um það með neinni vissu. hvort hægt sé að koma þarna upp með hæfilegum kostnaði slíku mannvirki. Og ég vil nú spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh. í tilefni af þessum ummælum, hvort hann geri ráð fyrir, að framhaldsathugun á Laxá og þeim vötnum, sem ég hef nefnt, verði látin fara fram nú á næstunni á vegum ríkisstj. og áður en fullnaðarákvörðun verður tekin um stórvirkjun.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. vil ég aðeins segja það, að það liggur ljóst fyrir, að það er mögulegt að safna nægilega miklu vatni í Laxárvirkjun, til þess að þar fáist hæfileg orka til landsvirkjunar. En samkv. því, sem sérfróðir menn segja, er talið, að það muni verða ærið kostnaðarsamt, og þegar það verður borið saman við Dettifoss og Þjórsá, er hætt við, að samanburðurinn verði ekki Laxá í vil. Og mér þykir sjálfsagt í tilefni af þessari fsp. að svara því svo, að sérfróðir menn athugi það vel, áður en tekin væri ákvörðun um landsvirkjun, hvort Laxá kæmi til greina. Það tekur vitanlega talsvert langan tíma, ef ætti að vinna það nákvæmlega, en það getur vel verið, að það tæki ekki langan tíma að svara því, hvort Laxá kæmi til greina, þegar borið væri saman við Dettifoss og Þjórsá, og mér finnst, að samanburður á því þurfi að liggja fyrir, því að verði horfið að því ráði að virkja stórt á einum stað, sem við köllum landsvirkjun, verður vitanlega að taka það, sem er hagstæðast og bezt, og ekki ganga fram hjá Laxá, ef það lægi fyrir, að hún væri hagstæðust.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 24. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Á 58. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins [160. mál] (þmfrv., A. 291).

Á 59., 60. og 61. fundi í Nd., 20., 24. og 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 16. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 30 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið flutt á þremur þingum áður. Tilgangur þess er, eins og það ber með sér, að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, vegna þess að aðstæður hafa það mikið breytzt í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum, að þessi einkaréttur verður ekki talinn eðlilegur lengur, heldur að fleiri aðilum verði leyft að annast þessa starfsemi, og það ætti að vera líklegt til þess að örva ferðamannakomur hingað til landsins. Eftir að þetta frv. hafði verið flutt á tveimur þingum, án þess að það næði þó fram að ganga, gerðist það, að hæstv. ríkisstj. setti sérstaka nefnd til þess að íhuga og endurskoða þessi mál öll, og starf þeirrar n. bar þann árangur, að á þingi í fyrra var lagt fram sérstakt frv. um þessi mál. Þetta frv. náði þó ekki fram að ganga, og þar sem það hafði ekki verið lagt fram, þegar allmjög var áliðið þingtímans, þá taldi ég rétt að flytja þetta frv. enn að nýju eða í fjórða skipti. Nokkru eftir að það var lagt fram í þinginu, lagði ríkisstj. fram í Ed. frv. það, sem hafði verið til meðferðar frá henni hér í fyrra, en dagaði þá uppi. Ég tel líklegt, að það frv. ríkisstj. nái afgreiðslu frá Ed. og komi hér til meðferðar í þessari hv. d., og er þá ekki óeðlilegt, að þetta frv. verði athugað, jafnhliða því sem það frv. verður tekið hér til meðferðar. En að sjálfsögðu er ekki aðalatriði, hvaða frv. það er um þetta mál, sem samþykkt verður, heldur að sú breyting, sem hér er stefnt að, nái fram að ganga.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að þessu sinni að fjölyrða meira um þetta mál, en leyfi mér að leggja til, að því verði að umr. lokinni vísað til samgmn.

Hér næst á eftir á dagskránni er annað mál, sem er í beinum tengslum við þetta, og mun ég þess vegna ekki sjá ástæðu til þess að mæla sérstaklega fyrir því, heldur leyfi mér að leggja til við hæstv. forseta, að að lokinni umr. um það verði því einnig vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

43. Ferðaskrifstofur.

Á 58. fundi í Nd., 18. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um ferðaskrifstofur [161. mál] (þmfrv., A. 292).

Á 60. og 61. fundi í Nd., 24. og 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Menntaskóli Austurlands.

Á 46. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um menntaskóla Austurlands á Eiðum [170. mál] (þmfrv., A. 317).

Á 64. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Við flytjum þetta frv. 4 þm. fyrir Austurland, en stöndum að því allir 5, en einn getur ekki verið með, af því að hann á sæti í hv. Ed.
Við viljum benda á, að það er eitt af skilyrðum þess, að byggðin í landinu þróist með eðlilegum hætti, að ríkisvaldið styðji sem víðtækasta starfsemi í hverjum landshluta. Við teljum miklu máli skipta, að skólar og aðrar menntastofnanir séu efldar í hverjum landshluta og nýjum stofnunum komið á fót, eftir því sem nauðsyn ber til.
Með skólalöggjöfinni, sem nú er í gildi, var stefnt að því að gera aðstöðu ungmenna til framhaldsnáms hvarvetna af landinu sem jafnasta, þannig að í kaupstöðum og hinum fjölmennari héruðum gætu nemendur í skólum gagnfræðastigsins lokið prófi, sem gilti sem inntökupróf í menntaskóla. Þetta hefur nú orðið. Það hefur orðið nokkuð ágengt í þessu, og þetta hefur greitt götu margra æskumanna á námsbraut, þótt ekki hafi tekizt alls staðar að ná þessu marki. Sést það bezt á því, að orðið hefur sökum þrengsla í héraðsskólunum að synja mjög mörgum um skólavist upp á síðkastið, sem sótt hafa um inntöku í þá, og er það út af fyrir sig stórfellt alvörumál, sem þarf að bæta úr, en um það fjallar að vísu ekki þetta mál.
Skólaárið 1962—1963 voru við nám í Eiðaskóla 126 nemendur, en þurfti þó að vísa mörgum frá, og hefur svo verið nú um nokkur ár. Í gagnfræðaskóla Neskaupstaðar sátu þá 79 nemendur, og í unglingaskólum á ýmsum stöðum á Austurlandi stundaði þá nám 181 nemandi. Í þessum landsfjórðungi voru þá nemendur á gagnfræðastiginu 386, en hefðu þó verið mun fleiri við nám á gagnfræðastiginu, ef hægt hefði verið að veita öllum skólavist á Eiðum, sem þangað sóttu.
En æskufólki á Austurlandi gefst ekki kostur á menntaskólanámi heima fyrir í fjórðungnum. Allir þeir, sem sækja vilja um inntöku í menntaskóla, verða að leita þaðan á burtu og ganga í menntaskóla annars staðar á landinu. Að dómi okkar flm. þessa frv. og allra þm. Austurlands er eðlilegt og réttmætt, að nú verði hafizt handa um að stofna sem fyrst menntaskóla á Austurlandi, og teljum við þá eðlilegt, að hann verði á Eiðum, enda er mjög mikilvægt, eins og ég hef reynt að sýna fram á, að slík menntastofnun verði reist og starfi í landsfjórðungnum.
Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég held, að mönnum hljóti að vera ljós sú nauðsyn, sem á því er að koma þessum skóla á fót. Það á tvímælalaust að vera stefnan, að menntaskóli verði í hverjum landsfjórðungi.
Ég leyfi mér svo að óska þess, að málinu verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 73., 74., 75., 76., 77., 78., 79., 80. og 81. fundi í Nd., 2., 6., 7., 9., 13., 14., 16., 17. og 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 317, n. 369 og 420).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Atvinna við siglingar.

Á 66. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, nr. 66 17. júlí 1946 [185. mál] (þmfrv., A. 352).

Á 67. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 12. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 27 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr. og prentað er á þskj. 352, um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, nr. 66 frá 17. júlí 1946, og er flutt af mér og hv. 3. þm. Sunnl., 5. þm. Austf., 3. þm. Norðurl. e. og 5. þm. Vesturl., felur í sér að rýmka réttindi vélstjóra á fiskiskipaflotanum.

Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, er hinn mikli skortur á vélstjórum, sem hafa réttindi til að stjórna vélum yfir 400 hestöfl, sem kemur til af því, að meira hefur verið byggt af stærri skipum en áður, og jafnframt því, að vélar fiskiskipa hafa stækkað hlutfallslega miklu meira, og er svo komið, að skip, sem komið hafa til landsins eða hafa verið byggð innanlands s. l. 2—3 ár og eru yfir 60—70 rúmlestir, eru ekkert með minni aflvél en 400 hö. Hin almennu réttindi, sem vélstjórar öðlast frá mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, hafa tekið þeim breytingum frá 1946, að þeir, sem þá öðluðust réttindi til vélstjórnar við vélar að 50 hö., fengu þau hækkuð með l. frá 1958 í 100 hö., og með þessu frv. er lagt til, að þau verði hækkuð í 150 hö., og þeir vélstjórar, sem öðluðust réttindi skv. l. 1946 til þess að vera vélstjórar við vélar að 250 hö., fengu réttindin hækkuð með lögunum 1958 í 400 hö., og með þessu frv. er lagt til, að þau hækki í 600 hö.

Flm. þessa frv. telja eðlilegt, að lögunum verði breytt með tilliti til hinnar miklu aukningar á stærri fiskiskipum, sem knúin eru aflmeiri vélum, enda er það í framhaldi af því, sem áður hefur verið gert í þessum efnum. Það er skoðun mín, að þeir menn, sem aflað hafa sér þeirrar vélstjóramenntunar, sem þjóðfélagið hefur ætlað vélstjórum fiskibátaflotans, og búnir eru að vinna þessi störf árum saman, eigi þann rétt að fá að halda störfum sínum, þó að fiskibátarnir hafi stækkað og kröfurnar um aflmeiri vélar hafi aukizt stórlega. Hins vegar má ekki gleyma þeirri staðreynd, að í hinum nýju og fullkomnu fiskibátum okkar er fjöldi tækja og margfalt meiri rafbúnaður en áður þekktist í fiskibátaflotanum, sem gerir það að verkum, að nauðsynlegt er að krefjast af vélstjórum meiri þekkingar í rafmagnsfræði, og gerir þetta frv. ráð fyrir, að þeim vélstjórum, sem fá réttindi sín aukin úr 400 hö. í 600 hö., sé sett það skilyrði, að þeir sæki námskeið í rafmagnsfræði, sem skuli haldin á vegum Fiskifélags Íslands, áður en þeir fá út gefin ný vélstjóraskírteini. Þá er í frv. þessu, að slík námskeið skuli haldin í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og Vestmannaeyjum, en að öðru leyti er gert ráð fyrir, að ráðh. setji nánari reglur um fyrirkomulag þessara námskeiða, bæði hvað snertir námsefni og tíma. Með þessum ákvæðum um námskeið ætti það að vera tryggt, að vélstjórar öðlist viðunandi þekkingu í rafmagnsfræði.

Þá þykir mér rétt að geta þess, að á aðalfundi L.Í.Ú., sem haldinn var í nóvembermánuði s. l., var samþ. ályktun þess efnis, að stjórn samtakanna beitti sér fyrir því, að réttindi vélstjóra á fiskiskipum, sem nú hafa vélgæzluréttindi fyrir allt að 400 ha. vélum, verði hækkuð í 600 hö. Enn fremur hafa nokkrir útvegsmenn og margir vélstjórar farið þess á leit við mig og nokkra aðra þm., sem mér er kunnugt um, að frv. um rýmkun á réttindum vélstjóra verði flutt á þessu þingi. Með lögum þeim, er samþ. voru á Alþ. 29. maí 1958, um breyt. á l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, voru sett þau ákvæði til bráðabirgða, að ríkisstj. léti endurskoða ákvæði laga um menntun og réttindi vélstjóra og skyldi þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþ. Nú hefur fyrir skömmu verið skipuð nefnd til að endurskoða þessi ákvæði, en þrátt fyrir það tel ég nauðsyn bera til, að þessi takmarkaða breyting, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, nái fram að ganga á þessu þingi, til þess að námskeiðin í rafmagnsfræði, sem þar er gert ráð fyrir, verði undirbúin í sumar og þau geti farið fram að lokinni sumarsíldarvertíð.

Þó að þetta frv. verði samþ., breytir það í engu þeirri staðreynd, að brýna nauðsyn ber til að breyta lögunum um menntun og réttindi vélstjóra, sem eru fyrir löngu orðin úrelt og þurfa gagngerðrar breytingar, eins og það, að vélstjóri, sem lokið hefur námi við bæði meira og minna mótornámskeið Fiskifélagsins og að auki aflað sér reynslu í starfi, kemst ekki inn í vélskólann nema byrja til þess undirbúningsnám frá rótum sem iðnnemi í vélsmíði. Sama er að segja um þá, sem lokið hafa námi í vélskólanum og rafmagnsdeild hans, að þeir þurfa að fara í menntaskólanám til þess að komast í háskóla til æðra vélfræðináms.

Allur sá fjöldi vélstjóra, sem nú hefur 400 ha. réttindi og er nú starfandi á skipum, sem hafa vélar allt í 600 hö., þarf að sækja um undanþágu fyrir hverja vertíð. Þetta fyrirkomulag er óviðunandi, að þessir menn þurfi tvisvar til þrisvar á ári að fá sérstaka undanþágu til þess að gegna þessum störfum, þegar menn með meiri réttindum eru ófáanlegir, eins og reynsla síðustu ára hefur margsinnis sannað.

Eins og ég hef áður rakið, felur þetta frv. í sér þessar höfuðbreytingar, að réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega stjórna 100 ha. vélum, verði miðuð við 150 ha. vélarstærð og réttindi þeirra vélstjóra, sem nú mega stjórna 400 ha. vélum, verði miðuð við 600 ha. vélarstærð og þeim jafnframt sett það skilyrði að taka þátt í námskeiði í rafmagnsfræði, sem haldið yrði á vegum Fiskifélags Íslands.

Þá vil ég beina þeim tilmælum til þeirrar nefndar, sem frv. verður væntanlega vísað til, að hún taki til athugunar, hvort ekki er tímabært, að lögin um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum verði gefin út, felldar inn í þau þær breytingar, sem gerðar hafa verið á lögunum frá 1946, en þær breytingar eru nú þegar orðnar 5: 1. breytingin er lög nr. 42 frá 1947, um skipstjórnarmenn, 2. breytingin lög nr. 30 frá 1957, einnig um skipstjórnarmenn, 3. breytingin lög nr. 47 1958, um mótorista, 4. breytingin lög nr. 35 1961, um mótorista, og 5. breytingin lög nr. 47 frá 1963, um skipstjórnarmenn, og lögin síðan gefin út í heild, eftir að breytingarnar hafa verið felldar inn í lögin, og það gerir þau aðgengilegri fyrir menn, sem þurfa að kynna sér þessi lög, en það eru, eins og allir vita, mjög margir menn, sem það þurfa að gera.

Ég tel, að ég þurfi svo ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., en að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

46. Landsspítali Íslands.

Á 70. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Landsspítala Íslands [191. mál] (þmfrv., A. 385).

Á 71. og 72. fundi í Nd., 19. og 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fyrir allmörgum árum, — ég hygg, að það hafi verið 1953, flutti ég frv. til l. um Landsspítala Íslands, mjög svipað að efni og þetta frv., sem nú er til umr. En að þessu sinni eru flm. að frv. ásamt mér þeir Lúðvík Jósefsson, hv. 5. þm. Austf., og Ingvar Gíslason, hv. 5. þm. Norðurl. e.

Þetta frv. felur í sér það nýmæli fyrst og fremst, að Landsspítala Íslands skuli vera skipt í deildir, þannig að auk landsspítalans í Reykjavík, aðalspítalans, eigi einnig að koma á fót landsspítaladeildum á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum og einnig í Sunnlendingafjórðungi, ef heilbrigðisyfirvöldin teldu ástæðu til að hafa þar einnig deild af landsspítalanum, með tilliti til þess, að sá landsfjórðungur er miklu betur settur en hinir að því er snertir samgöngur við höfuðborgina og þar með við aðaldeild landsspítalans eða aðalspítalann. Í frv. er einnig tekið fram, að sökum fjölmennis í Norðlendingafjórðungi gæti komið til greina, að 2 landsspítaladeildir væru í Norðlendingafjórðungi. Engu er slegið föstu um það, hvaða nú starfandi sjúkrahús í þessum landsfjórðungum yrðu fyrir valinu sem fjórðungsdeildir landsspítala, en það yrðu heilbrigðisyfirvöldin, sem tækju þær ákvarðanir, og yrði það að gerast með samningum við núv. eigendur sjúkrahúsanna.

Nú er þessum málum, eins og kunnugt er, þannig háttað, að ríkið rekur landsspítala í Reykjavík, en sjúkrahúsin úti um land eru eign sveitarfélaganna. Það má segja, að þau sjúkrahús úti um land, sem aðeins eru eins konar sjúkraskýli eða fyrir legusjúklinga, séu stofnanir, sem ekki séu mjög dýrar í rekstri, enda eru þau í eign og rekstri smárra sveitarfélaga, sem þó eiga fullt í fangi með rekstur þeirra. En hin stærri og vandaðri sjúkrahús, sem sjá um skurðaðgerðir og lyflækningar almennt og eru þannig miklu meira en legusjúkrahús eða hjúkrunarstofnanir, eru dýr í rekstri, og þó að eigendur þeirra, hin stærri bæjarfélög, séu sterkari aðilar til að standa undir rekstri þeirra, þá er það þó svo, að reynslan hefur sýnt, að þessi sjúkrahús eru rekin með miklum halla.

Í löggjöf landsins var fyrir mörgum árum viðurkennt, að ástæða væri til, að ríkið rétti hjálparhönd þeim bæjarfélögum, sem vildu leggja það á sig að efla sjúkrahús og standa undir rekstri sjúkrahúsa, sem tryggðu sér allfullkomna sérfræðilega þekkingu og öfluðu sínum sjúkrahúsum dýrra tækja, og var komið til móts við þau með ákvæðunum í löggjöfinni um fjórðungssjúkrahús. Þegar það fyrst komst í lög, var Akureyrarkaupstaður í þann veginn að byggja nýtt, dýrt og myndarlegt sjúkrahús, og ákvæðið mun hafa verið sett inn fyrst með tilliti til þess að gera Akureyrarkaupstað þetta fært. Þá hafði um skeið verið rekið sjúkrahús á Akureyri, sem naut álits og tók við sjúklingum langt út fyrir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar, og því sáu allir, að það var ekki réttlátt, að Akureyrarkaupstaður bæri einn rekstrarkostnað þessa stóra, nýja, vandaða sjúkrahúss, því að enn mundi hlutfallið raskast þannig, að enn fleiri utanbæjarsjúklingar fengju þjónustu hjá þessari stofnun, og væri þá rétt, að ríkið rétti nokkra hjálparhönd. Ákvæðið um fjórðungssjúkrahús í Norðlendingafjórðungi hefur því gilt alla þá tíð, sem nýja Akureyrarsjúkrahúsið hefur starfað. En aðstoðin, sem ríkið veitir fjórðungssjúkrahúsunum, er eingöngu í því fólgin að veita þeim bæjarfélögum, sem þau reka, nokkru hærri rekstrarstyrk en öðrum sjúkrahúsum.

Þetta ákvæði um fjórðungssjúkrahús var síðan notað síðar, eða heimildin til þess var notuð síðar og Ísafjarðarsjúkrahúsi breytt í fjórðungssjúkrahús fyrir Vestfirði og sjúkrahúsinu í Neskaupstað breytt í fjórðungssjúkrahús fyrir Austfirði, og urðu þá þau bæjarfélög aðnjótandi þeirra styrkja, sem þessari heimild fylgdu. Samt sem áður er það svo, að fjórðungssjúkrahúsin á Akureyri, Ísafirði og Neskaupstað leggja nærri óbærilegar byrðar á þessi bæjarfélög, sem veita heilbrigðisþjónustu langt út fyrir lögsagnarumdæmi viðkomandi kaupstaða. Nú mætti spyrja: Hvers vegna hækka þá ekki stjórnir sjúkrahúsanna eða bæjarstjórnirnar daggjöldin, þannig að þau standi undir öllum rekstrarkostnaði þessara stofnana? Það væri eðlileg aðgerð, þannig að tilkostnaðurinn væri greiddur af þeim aðilum, sem rekstrar sjúkrahússins njóta. En þetta er bæjarfélögunum ekki frjálst. Til þess hafa þau ekki heimildir. Daggjöldin eru ákveðin af heilbrigðisyfirvöldum landsins og þannig fá bæjarfélögin ekki að ákveða daggjöld, þannig að tekjurnar standi undir gjöldum við rekstur slíkra sjúkrahúsa, og það gerir auðsætt hverjum manni, að það er ranglátt að leggja þessar byrðar á bæjarfélög undir slíkum kringumstæðum.

Þetta fyrirkomulag, að fjórðungssjúkrahús skuli vera starfandi í öllum landsfjórðungum, er viðurkenning þeirrar staðreyndar, að það sé ástæða til þess að efla eitt tiltölulega fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi, og á því byggist þetta frv. sannarlega einnig. En með frv. er til þess hugsað að komast hjá þeim annmörkum, sem þessu fyrirkomulagi fylgja, sem eru þeir, að hallinn af rekstri þessara tiltölulega fullkomnu sjúkrahúsa norðanlands, austan og vestan leggst á bæjarfélög, sem með þessu taka á sig byrðar langt út fyrir sín endimörk. Þarna fá þjónustu miklu fleiri en þeir, sem eru gjald-

þegnar viðkomandi bæjarfélaga. Það hafa stundum verið milli 30 og 40% bæjarsjúklinga á sjúkrahúsi Ísafjarðar og milli 50 og 60% utanbæjarsjúklingar. Sum árin munu hafa verið fullkomlega ⅔ sjúklinganna á Akureyrarspítala utanbæjar og aðeins rúmlega þriðji partur innanbæjarsjúklingar, en hallann allan af rekstri stofnunarinnar hefur Akureyrarkaupstaður orðið að bera. Og ekkert fjarri þessu hefur hlutfallið verið að því er snertir sjúkrahúsið í Neskaupstað.

Hins vegar kostar ríkið að öllu leyti rekstur landsspítalans í Reykjavík og ber þar með ekki aðeins kostnað af þeim sjúklingum utan Reykjavíkurborgar, sem þar njóta læknishjálpar og sjúkrahúsvistar, heldur ber ríkið einnig að fullu uppi kostnað af reykvískum sjúklingum, sem liggja á Landsspítala Íslands. Þannig er allt öðruvísi að staðið í heilbrigðismálaþjónustu af hendi ríkisins við íbúa og skattþegna Reykjavíkurborgar og við Reykjavíkurborg sjálfa heldur en við hin ýmsu bæjarfélög úti á landi, sem standa undir rekstri fjórðungssjúkrahúsanna.

En lítum einnig á aðra hlið þessa máls. Ef þetta frv. væri orðið að lögum, væru fjórðungssjúkrahús á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum deildir úr Landsspítala Íslands. Það væri allt saman ein stofnun. Þá ætti ekki að vera neinum vandkvæðum bundið að flytja hina hæfustu sérfræðinga milli þessara deilda einnar og sömu stofnunar og veita hina beztu sérfræðilega þjónustu, sem til væri í landinu, hvort sem væri hér við aðalsjúkrahúsið eða við fjórðungsdeildir stofnunarinnar. Ég sé a. m. k. ekkert því til fyrirstöðu, að í stað þess að flytja fársjúkt fólk úr einum landsfjórðungi í annan, kæmi allt eins og öllu fremur til greina að flytja heilbrigðan sérfræðing, til þess að hin nauðsynlega aðstoð væri veitt, þegar skilyrði væru fyrir hendi við allfullkomin sjúkrahús í landsfjórðungum. Frv. miðast því einnig við það, ekki aðeins að létta því óréttlæti af, sem núverandi skipulag leiðir af sér, heldur einnig að hagnýta betur þá sérfræðilegu þekkingu, sem auðvitað er bezt búið að nú við Landsspítala Íslands, og gera hana einnig nothæfa í stofnunum ríkisins úti um landið.

Einn er sá annmarki, sem núverandi skipulagi fylgir, þessu fjórðungssjúkrahúsakerfi. Hann er sá, að þegar bæjarfélag hefur til lengdar rekið sjúkrahús með halla og tekið á sig þungar fjárhagslegar byrðar til þess að halda rekstrinum áfram, þá er full hætta á því, að slakað verði á kröfunum eða getuna bresti réttara sagt til þess að afla sjúkrahúsinu hinna færustu sérfræðinga, afla sjúkrahúsinu hinna fullkomnustu tækja, og jafnvel gæti komið til mála, að vanræksla yrði á viðhaldi stofnunarinnar og hún þannig ekki fær um að veita eins fullkomna þjónustu og æskilegt væri. Það mætti ætla, að deildunum úti um landið yrði hins vegar gert nokkuð jafnt undir höfði og sjálfum höfuðspítalanum í Reykjavík, að því er þetta snerti, og þessi hætta vofði því ekki yfir, ef hið nýja skipulag, sem lagt er til í þessu frv., yrði upp tekið.

Ég held, að efni þessa frv. liggi ljóst fyrir, bæði í frv. sjálfu og í grg., og ég þurfi því ekki að gera miklu nánari grein fyrir því í framsögu. Meginefni þess er sem sé það að sneiða hjá þeim annmörkum, sem núverandi fyrirkomulagi fylgja, og að tryggja fólkinu í öllum landsfjórðungum sem jafnasta aðstöðu í heilbrigðismálum með því, að fullkomnasta sjúkrahús í hverjum landshluta yrði gert að deild úr Landsspítala Íslands, og sú yfirtaka yrði auðvitað að gerast með samningum við viðkomandi bæjarstjórnir, sem væru eigendur þeirra sjúkrahúsa, sem fyrir valinu yrðu af heilbrigðisstjórninni í hverjum landshluta sem deildir úr landsspítalanum.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til heilbr.- og félmn., þegar þessari umr. lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Vinnuvernd o. fl.

Á 59. fundi í Sþ., 8. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl. [202. mál] (þmfrv., A. 427).

Á 76. og 77. fundi í Nd., 9. og 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 33 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef lengi verið sannfærður um það, að mikil þörf væri löggjafar um almenna vinnuvernd. Þróun atvinnulífs hér á landi hin síðari ár hefur stuðlað að því að gera þessa þörf enn þá brýnni. En mér hefur einnig verið fullljóst, að hér var um viðkvæmt löggjafarsvið að ræða. Við samningu slíkrar löggjafar yrði að taka tillit til margvíslegrar sérstöðu eða séreinkenna íslenzkra atvinnuhátta og umfram allt mannlegt tillit, því að þessi löggjöf hlyti að verða mannréttindalöggjöf öllu öðru fremur, ef hún ætti að gegna hlutverki sínu. Þessi tillit til beggja handa hef ég reynt að virða, en þó er ég fyllilega við því búinn, að ég verði af sumum sakaður um að leggja í frv. allt of þungar byrðar á atvinnulífið og af öðrum jafnvel um að vera of vægur í kröfum til verndar konum, börnum og unglingum á vinnumarkaðinum og jafnvel vegna starfsmanna almennt.

Allir viðurkenna það nú, að við innreið stóriðju í íslenzkt atvinnulíf, þ. e. a. s. við tilkomu togaranna, hafi verið rétt og nauðsynlegt að setja vinnuverndarlög, vökulögin. Að öðrum kosti mátti búast við, að böl ofþjökunar og jafnvel úrkynjunar, þegar fram í sækti, riði hér í garð. En það var þó ekki óumdeilt, þegar það var gert. Jafnvel fyrsta skrefið, 6 stunda hvíld á sólarhring, þótti ganga of nærri atvinnulífinu. Beztu menn

risu þá upp hér á hv. Alþingi og fullyrtu, að ef 6 stunda hvíld togarasjómanna á sólarhring yrði lögfest, væri búið með alla togaraútgerð hér á landi. Þetta var þeirra sannfæring, það efa ég ekki. En svo skar reynslan úr, 6 stunda hvíld reyndist ekki nóg við slík erfiðisstörf og vökur. Við miklu minni ágreining og átök fékkst ákvæði um 8 stunda hvíld inn í vökulögin og enn síðar um 12 stunda hvíld á sólarhring. Raunar hygg ég, að flestir viðurkenni þörf löggjafar um þessi málefni, ekki hvað sízt vegna þess, hvernig atvinnulífið hefur þróazt síðustu árin. En að hinu geng ég ekki gruflandi, að þegar að því kemur að ákveða, hvernig slík löggjöf eigi að vera í einstökum atriðum, muni skoðanir verða talsvert skiptar. Margir mundu t. d. vafalaust vilja láta banna alla barnavinnu, svo sem víða er gert erlendis, einkum í háþróuðum iðnaðarlöndum. Þetta er þó ekki gert í þessu frv., heldur er leitazt við að ákveða þátttöku barna í atvinnulífinu skynsamleg takmörk. Ég fæst ekki til að loka augum fyrir blessun hæfilegrar vinnu sem þætti í uppeldi barna og unglinga, og enn þá er svo mikið um útivinnu og margvísleg störf við holl og góð skilyrði í íslenzku atvinnulífi, að rangt væri frá mínu sjónarmiði að leggja algert bann við vinnu barna. Það er allt öðru máli að gegna í verksmiðjum og námum, en þar hefur erlendis verið talið sjálfsagt að banna alla barnavinnu. En ég tel, þó að ég hafni algeru banni á þessu sviði, jafnskylt að vernda börn fyrir ofþjökun og ofreynslu og setja skýr og ákveðin lagaákvæði að beztu manna yfirsýn til verndar fyrir þeim voða, sem orðið getur ungmennum til varanlegs tjóns sökum ofreynslu og ofþreytu.

Ég hygg, að það hafi verið snemma á árinu 1962, að Alþingi aflaði sér hinnar dönsku og norsku vinnuverndarlöggjafar, og kom brátt í ljós við athugun, að svo ólíkt er íslenzkt atvinnulíf atvinnulífi þessara landa, jafnvel Noregs, að þýðing á löggjöf þessara landa gat alls ekki átt hér við í fjölmörgum og veigamiklum atriðum.

Fyrsta tilraun mín í fyrravetur til þess að setja saman frv. til íslenzkrar vinnuverndarlöggjafar misheppnaðist. Ég fékk hana ekki í það form, sem ég vildi fella mig við, og taldi ég ekki rétt að leggja það frv. fram á Alþingi. Í vetur fór ég svo að fást aftur við þetta verkefni, og er þetta frv., sem hér liggur nú fyrir, árangur þeirrar viðleitni. Um það hafa nú fjallað ýmsir fleiri en ég. Samt er mér ljóst, að í þessu frv. getur margt, mjög margt, orkað tvímælis, og ég vil undirstrika það, sem ég segi raunar í grg., að ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til samstarfs um sérhverjar þær breytingar á frv., sem til bóta mættu verða á því.

Ég tel nú rétt að gera grein fyrir efni frv. og þá sérstaklega þeim nýmælum, sem í því eru og mestu varða að mínu áliti.

Engin almenn vinnuverndarlöggjöf er til hér á landi. Vökulögin voru, eins og ég vék að áðan, einn fyrsti vísirinn til slíkrar löggjafar, en aðeins varðandi eina stétt eða raunar aðeins brot úr einni stétt manna, varðandi togarasjómennina. Það má segja, að lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952 grípi inn á þetta svið nokkuð ýtarlega á því sviði, sem þau ná til, en aðeins þó á þröngu sviði. Og að lokum ber svo að nefna l. um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930. Þau hafa inni að halda nokkuð skýr og ótvíræð ákvæði um greiðslu vinnulauna í peningum og koma því inn á sama efni og V. kafli þessa frv. fjallar um. Að öðru leyti en nú hefur verið getið, er þetta frv. að mestu leyti frumsmíð í íslenzkri löggjöf.

Frv. er í átta köflum. I. kaflinn fjallar um holl og góð vinnuskilyrði á vinnustað, II. kaflinn um vinnutíma, hvíldartíma og vinnutilhögun, sá III. um sérstöðu konunnar í atvinnulífinu vegna móðurhlutverks hennar og réttindi, sem henni ber að tryggja þess vegna, IV. kaflinn er um vinnuvernd barna og unglinga, sá V. er um greiðslu vinnulauna og VI. kaflinn er um uppsagnarfresti og skaðabótaskyldu atvinnurekenda vegna ólöglegra uppsagna, VII. kaflinn er svo um refsiákvæði vegna brota á l. og lokakaflinn aðeins um gildistöku þeirra.

Í I. kaflanum er ekki að neinu ráði fjallað um öryggisbúnað vinnustaðar, þar sem þeirri hlið málsins eru gerð allýtarleg skil í l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. En hér eru ákvæði um hreinlæti á vinnustað, um greiða umferð á vinnustað, lýsingu vinnustaðar, loftrými o. fl. og þess krafizt, að heilbrigðiskröfum sé örugglega fullnægt. Í þessum kafla eru strangar kröfur um, að á sérhverjum vinnustað eða í námunda við hann skuli ávallt vera heilnæmt og gott drykkjarvatn, einnig nægilegt þvottavatn og hæfileg tala salerna. Til löglegs búnaðar vinnustaðar heyrir samkv. þessum kafla vistleg, upphituð kaffistofa eða matstofa af hæfilegri stærð, og þá skal á vinnustað hverjum vera aðstaða til að veita hjálp í viðlögum, þegar slys kann að bera að höndum. Að lokum er starfsmönnum gert að skyldu að gæta í hvívetna góðrar reglu og vandaðs hátternis á vinnustað.

Nú fullnægir vinnustaður ekki skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisbúnað, og er heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti þá heimilt að láta loka vinnustaðnum, fáist ekki úr ágöllunum bætt eða því, sem áfátt er.

Með II. kaflanum er komið að hinum viðkvæmasta og vandasamasta þætti þessa frv. 1. gr. kaflans staðfestir aðeins viðtekna venju stéttarfélagasamninga, nefnilega að almennur vinnutími skuli vera frá kl. 8 árdegis til kl. 17, vinna milli kl. 17 og 20 teljist eftirvinna og vinna milli kl. 20 og kl. 8 árdegis sé næturvinna. Er næturvinna óheimil samkv. frv. nema með leyfi viðkomandi stéttarfélags.

Í þessum kafla segir, að starfsmaður, sem lokið hafi 8 stunda vinnudegi, sé engum skyldum háður um að bæta á sig aukavinnu. Þar segir einnig, að samfelldur hvíldartími verkamanns megi aldrei skemmri vera en 9 stundir á sólarhring. Algert hámark yfirvinnu- og næturvinnutíma er 24 stundir á viku. Strangari ákvæði eru um vinnutímann, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða. Við slíka vinnutilhögun, þ. e. a. s. ákvæðisvinnu, má fjöldi yfirvinnu- og næturvinnustunda ekki fara fram úr 2 einstaka daga og ekki fram úr 6 stundum á viku eða 1 stund á dag að meðaltali á viku. Það er skoðun mín, að ef vinnutími í ákvæðisvinnu með því vinnuálagi, sem þeirri vinnutilhögun jafnan fylgir,

fari yfir 9 stundir á dag að jafnaði, hljóti vinnuafköstin að falla og tilgangi ákvæðisvinnunnar verði þannig ekki náð nema með því, að tryggður sé hóflegur vinnutími. Í þessum kafla er þó tekið tillit til sérstöðu íslenzka fiskiðnaðarins með svo hljóðandi ákvæði:

„Með samþykki viðkomandi stéttarfélags má þó vinna í ákvæðisvinnu allt að 24 klst. í yfir- og næturvinnu á viku, ef um er að ræða björgun verðmæta frá skemmdum eða störf, sem almannaheill krefst að unnin séu".

Þannig væri þá undir slíkum kringumstæðum daglegi vinnutíminn orðinn 12 stundir á dag á viku. Í 4. gr. er stéttarfélagi heimilað að semja um framkvæmd vinnu að nóttu til og um vaktaskiptingu, ef nauðsyn krefst, svo og að setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðrar aðstæður. Um hvíldartíma eru skýr ákvæði í frv. Frá kl. 18 skal vera vinnuhvíld daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag. Nokkru strangari ákvæði eru þó um vinnuhættur fyrir stórhátíðar, þannig skal vinnu hætt kl. 15 á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu.

Svo fremi að því verði við komið, skal vikulegur frídagur vera sunnudagur. Þó má frá þessu víkja vegna bráðnauðsynlegrar vinnu á sunnu- og helgidögum, ef um það takast samningar við viðkomandi stéttarfélag. Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal þó jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

Í 8. gr. frv. segir, að almennur vinnutími starfsmanns megi ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring og ekki lengri en 48 stundir á viku. Með þessu væri 8 stunda vinnudagur lögfestur hér á landi, en hann hefur, svo sem kunnugt er, fyrir löngu hlotið viðurkenningu í samningum stéttarfélaga við atvinnurekendur. Í tveimur ákveðnum tilvikum skal vinnuvikan vera skemmri en 48 stundir, þ. e. í fyrsta lagi, þegar vinna er framkvæmd að nóttu eða á sunnu- og helgidögum, þá skal vinnuvikan ekki vera lengri en 45 stundir. Og í annan stað skal vinnuvikan ekki vera lengri en 40 stundir, þegar unnið er samfellt í námum eða jarðgöngum. Þá eru í þessum kafla ákvæði um styttingu vinnutímans í áföngum á næstu 5 árum án skerðingar heildartekna. Segir þar, að 48 stunda vinnuvika í almennri vinnu skuli styttast um 1 klst. árlega, þannig að við lok 5 ára tímabilsins sé hún ekki lengri en 43 stundir.

Ég vil nú, áður en ég hætti að ræða um efni þessa kafla, minna á það, sem flestum hv. alþm. er að sjálfsögðu kunnugt, að í nágrannalöndum okkar, svo sem Noregi, Danmörku og Svíþjóð, hefur í nokkur undanfarin ár verið 45 stunda vinnuvika, og það var samróma álit atvinnurekenda og verkalýðssamtaka í þessum löndum, að stytting vinnuvikunnar þar úr 48 stundum í 45 stundir hefði ekki valdið samdrætti í þjóðarbúskapnum eða dregið úr þjóðarframleiðslunni. Þá sé ég í blöðum þessa dagana, að lögþingið í Færeyjum hefur rétt nýlega samþykkt að stytta vinnuvikuna þar úr 48 stundum og í 44 stundir. Þannig er ljóst, að Ísland stendur nú eitt eftir allra Norðurlanda með lengstan vinnutíma, þó að miðað sé einvörðungu við þann vinnutíma, sem samið er um sem dagvinnutíma milli atvinnurekenda og stéttarfélaga hér á landi, og er þess þó ógetið, að fjöldi þjóða hefur þegar komið á hjá sér 40 stunda vinnuviku í almennri vinnu og jafnvel aðeins 36 stunda vinnuviku við ýmiss konar verksmiðjuvinnu og námavinnu. En vinnutíminn hér á landi er ekki í samræmi við það, sem um er samið sem dagvinnutíma í stéttarfélagasamningunum. Hann er, eins og kunnugt er, miklu lengri. Þar stuðlar tvennt að, brýn þörf atvinnuveganna fyrir meira vinnuafl heldur en býðst á vinnumarkaðinum og hins vegar það, að tekjur af 8 stunda vinnudegi hjá verkafólki nægja ekki til þess að framfleyta meðalfjölskyldu. Þannig er það alkunnugt, að vinnudagur hér á landi hjá hundruðum eða jafnvel þúsundum verkafólks er tímunum saman ekki 8 stundir, ekki 48 stundir á viku, heldur 10, 12, 14 upp í 16, kannske 18 stundir langtímum saman, og stundum er það eitt látið ráða, hvað fólk getur lengi staðið á fótum við sín störf. Þetta segi ég ekki í ásökunarskyni gagnvart einum eða neinum, en gott ástand er þetta ekki, hvorki viðunandi fyrir verkalýð landsins né fyrir atvinnulífið í heild.

Þá kem ég að III. kafla frv., sem felur í sér ýmiss konar ákvæði um vinnu kvenna. Nútímaþjóðfélag byggist í sívaxandi mæli á því, að konan taki þátt í velflestum störfum atvinnulífsins. Þetta er tiltölulega nýtt fyrirbæri í íslenzku þjóðlífi. Konunni var markaður miklu þrengri bás í framleiðslustörfum þjóðfélagsins til skamms tíma. En þessa staðreynd verður að viðurkenna einnig í löggjöf landsins. Þessi kafli frv. hefur inni að halda ýmis sérákvæði varðandi þátttöku kvenna í atvinnulífinu, einkum beinast ákvæði 13.—17. gr. að því að vernda rétt konunnar sem móður. Konu skal vera heimilt að vera fjarverandi frá vinnu fyrstu 6 vikurnar, eftir að hún hefur alið barn. Hún á einnig rétt á því að vera fjarverandi 6 vikur í viðbót vegna barnsburðar, ef ástæður gera það æskilegt eða þörf krefur. Þannig er 12 vikna fjarvera að jafnaði heimil vegna barnsburðar, án þess að starfstími rofni eða launagreiðslur falli niður. Fjarvistina má taka að öllu leyti eða að hluta fyrir eða eftir fæðingu. Það er réttur atvinnurekenda að heimta fullnægjandi sönnur á rétt konunnar með vottorði ljósmóður eða læknis. Nú sannar kona með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem sé afleiðing af þungun eða fæðingu, og getur hún þá krafizt að mega vera frá vinnu allt að 6 vikum í viðbót fyrir eða eftir fæðingu, án þess að vistráðning rofni eða réttur til launagreiðslna falli niður. Ef konan hefur gætt tilkynningarskyldu sinnar samkv. þessum kafla laganna og er fjarverandi frá vinnu af þeim sökum, sem þessi kafli fjallar um, er uppsögn úr starfi óheimil. Samkv. seinasta ákvæði þessa kafla um vinnuvernd kvenna er konu, sem hefur barn á brjósti, heimilt að fá nægan tíma til þess án launafrádráttar, allt að hálftíma tvisvar sinnum á dag. Nokkur stéttarfélög kvenna hér á landi hafa þegar fengið inn í samninga sína ákvæði áþekk þeim, sem lagt er til í þessum kafla frv.

að lögfest verði. Og einnig munu konur í þjónustu íslenzka ríkisins og ríkisstofnana almennt eiga rétt á 12 vikna fjarveru vegna þungunar og barnsburðar, án þess að starfsráðning þeirra rofni eða launagreiðslur af hendi ríkisins falli niður. Munurinn er aðeins sá, að hér er lagt til, að þessi réttur verði almennur og lögfestur og nái til allra kvenna, sem leggja fram vinnuafl sitt í þjónustu atvinnulífsins. Það skal að lokum fram tekið, að engin ákvæði þessa kafla ganga á nokkurn hátt lengra en lög ákveða konum til handa í nágrannalöndum okkar.

IV. kafli frv. fjallar um vinnuvernd barna og unglinga. Barn er samkv. skilgreiningu frv. sérhver sá, sem ekki er fullra 14 ára að aldri, unglingur hver sá, sem er á aldrinum 14—15. Eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar, mundu margir ófáanlegir til að sætta sig við nokkuð annað og minna en að barnavinna væri bönnuð með öllu. Sumir vitna jafnvel til alþjóðasamþykkta, sem Ísland hafi fullgilt og sé aðili að, og sé okkur því óheimilt með öllu að leyfa nokkra þátttöku barna í atvinnulífinu, því að barnavinna sé bönnuð í þessum alþjóðasamþykktum. En sé svo, hafa slíkar alþjóðlegar skuldbindingar a. m. k. ekki verið teknar allt of hátíðlega til þessa og þannig í reynd ekki haft gildi. Það er sem sé öllum kunnugt, að barnavinna hér á landi á síðari árum er komin langt út fyrir öll siðmenningarleg og skynsamleg takmörk. Þessu munu fáir neita, að ég hygg, enda væri vandalaust að sanna þá staðhæfingu með tugum dæma. Það er ástæðulaust að áfellast atvinnurekendur sérstaklega fyrir þetta. Börn og unglingar eru t. d. kappsfull og ætla sér oft ekki af, vilja jafnvel í lengstu lög halda sig til jafns við fullorðna fólkið, og ógjarnan vilja þau hætta fyrr en það hættir. Og til eru jafnvel svo forsjárlausir foreldrar, að þeir ætlast bókstaflega til þess af börnum sínum, að þau notfæri sér hverja vinnustund, sem fáanleg er, jafnt á nóttu sem degi og helgum degi sem virkum. En hér er um miklu alvarlegra mál að ræða en svo, að þar megi ráða ótakmörkuðum vinnutíma barna og unglinga mikil þörf atvinnurekenda fyrir vinnuafl, blind keppni barna og unglinga innbyrðis eða um það að gefast ekki upp fyrr en þessi eða hinn jafnaldrinn og ekki heldur forsjárlaus keppni barna eða unglinga um vinnuþol til jafns við fullorðið fólk, og sízt af öllu má áfergja óskynsamra foreldra eða forráðamanna barna og unglinga í því efni að hafa upp úr þeim, eins og það er kallað, ráða úrslitum um 12, 14 eða 16 stunda eða jafnvel lengri samfellda vinnu barna og unglinga, eins og dæmi eru til frá seinni árum í íslenzku atvinnulífi.

Þátttaka barna í atvinnulífi okkar með svo óskynsamlegum hætti er háskaleg frá öllum sjónarmiðum og hana verður a. m. k. að banna. Það er alls ekki ofmælt að nefna þetta barnaþrælkun, enda er flestum ljóst, að þetta ástand er Íslendingum orðið til vansæmdar. Alkunna er, að við erum viðkvæmari oft gagnvart útlendingum varðandi ýmislegt það, sem aflaga eða miður fer hjá okkur í þjóðlífinu, enda hefur það komið fyrir og um það er mér kunnugt, að menn hafa blygðazt sín fyrir að sýna útlendingum jafnvel myndarlegustu hraðfrystihús okkar á sumrin, þegar heita má, að þau séu að yfirgnæfandi meiri hl. rekin með börnum og unglingum. Slíkur óforsvaranlegur vinnutími barna er líka bannaður með öllu í þessu frv. Við því er lagt bann í 19. gr., að börn innan 12 ára aldurs megi vinna í vinnustofum, verkstæðum og verksmiðjum, en hins vegar er heimilt að ráða 12—14 ára börn til sérhverrar þeirrar vinnu, sem að dómi lækna eða sérfræðinga í uppeldis- og heilbrigðismálum sé örugglega óskaðleg heilsu barna og þroska. Það er yfirleitt lagt undir skólalækni og skólayfirlækni að hafa úrskurðarvald um þess konar mál samkv. frv. Alger hámarksvinnutími barna samkv. frv. er 6—7 stundir á dag, en jafnan skulu tveir vinnuhópar barna annast 8 stunda vinnutímabili til móts við fullorðna, þ. e. 4 stundir hvor vinnuhópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna einnig 2 vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra o. s. frv. Það yrði 6 stunda vinnutími hjá börnum, ef um 12 stunda vinnutímabil væri að ræða hjá fullorðna fólkinu.

Það er bannað með öllu að fela börnum gæzlu gufukatla og véla, sem sérþekkingar eða sérstakrar aðgæzlu og varúðar þarf til þess að umgangast eða stjórna. Þá er það enn fremur óheimilt með öllu að ráða börn til nokkurrar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis getur á nokkurn hátt talizt hættuleg heilsu barna eða þroska. Þá segir í frv., að alger hámarksvinnutími unglinga skuli vera 8 klst., og öll vinna barna og unglinga á skólaskyldualdri er bönnuð, frá því að skólaganga hefst og þar til skólagöngu lýkur að vori. En það hefur tíðkazt nokkuð hin síðari ár, að á börn og unglinga hefur verið lögð allyfirgripsmikil og erfið vinna, sem orðið hefur að framkvæma, þannig að gengið hefur á svefntíma þeirra og hvíldartíma, jafnvel meðan þau gengu í skóla. Samkv. þessum kafla frv. er atvinnurekendum skylt að halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hjá þeim vinna, og þeim er einnig skylt að afhenda viðkomandi stéttarfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, hvenær sem krafizt er.

Þá er það V. kafli frv. Hann fjallar um greiðslu vinnulauna og ýmislegt það, sem tryggja skal rétt launþega í þeim efnum umfram það, sem gert er í gildandi lögum frá 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups. Þar segir, að vinnulaun skuli ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu í þeim efnum umfram það, sem gert er í gildandi lögum. Tékkar eru bannaðir nema með samþykki, og einnig má fara fram girógreiðsla. Greiðsla vinnulauna skal að sjálfsögðu alltaf fara fram á vinnustað, í vinnutímanum, svo sem fyrir löngu er orðin föst venja samkv. stéttarfélagasamningum. Það er tekið fram í frv., að launagreiðsla, sem greiðist í dagvinnu- eða vikukaupi, skuli fara fram ekki sjaldnar en vikulega. Það er einnig nú í lögum. Launagreiðsla vegna ákvæðisvinnu skal einnig fara fram vikulega, hlutfallslega eftir því, sem verki vindur fram, en annars að verki loknu. Annan uppgjörstíma má þó ákveða vegna ákvæðisvinnu með sérstökum samningi. Greiðslur til manna, sem eru á mánaðarkaupi eða árskaupi, skulu fara fram ekki sjaldnar en tvisvar

á mánuði, hálfsmánaðarlega, nema um annað hafi verið samið skriflega. Um það eru allstrengileg ákvæði í þessum kafla frv., að engan launafrádrátt megi framkvæma við launagreiðslur án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum. Undanþágur frá þessu eru þó félagsgjöld stéttarfélaga, löglegar útsvarsgreiðslur og innborganir í tryggingasjóði og sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð. Sérhver launþegi á rétt á greinilegu yfirliti yfir það, hvernig laun hans séu reiknuð og hvers konar launafrádráttur hafi verið inntur af hendi, og skulu fullnægjandi kvittanir fyrir sérhvern launafrádrátt ávallt fylgja uppgjörinu.

Þá er ég kominn að VI. kafla frv. Í þeim kafla tel ég vera allmörg nýmæli, sem öll hníga að því að tryggja verkafólki fyllri rétt en nú er í lögum gagnvart uppsögn af hendi atvinnurekenda. Þar segir, að þeir, sem vinna tíma-, dag-, viku- eða ákvæðisvinnu, eigi aldrei skemmri uppsagnarfrest en 14 daga. Lágmarksuppsagnarfrestur starfsmanns, sem tekur mánaðar- eða árskaup, er aldrei skemmri en mánuður, talið frá lokum almanaksmánaðar. Uppsagnarfrestur er að sjálfsögðu gagnkvæmur, og skal uppsögnin jafnan vera skrifleg. Nú er starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt í tvö ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda, sagt upp starfi, án þess að réttmætar ástæður séu fyrir uppsögn og þær séu tilgreindar, og varðar það skaðabótaskyldu. Þessi skaðabótaskylda verður því ríkari sem maðurinn hefur staðið lengur í þjónustu viðkomandi atvinnurekanda. Hafi starfsmaður látið af störfum vegna ólöglegrar uppsagnar, getur atvinnurekandinn orðið dæmdur til þess að ráða hann aftur í sömu eða aðra hliðstæða stöðu þeirri, sem hann áður gegndi. Bætur geta einnig komið til álita fyrir þann tíma, sem starfsmaðurinn var sviptur starfi hjá fyrirtækinu. Slíkar bætur geta numið 6 mánaða launum, ef starfsmaðurinn hefur verið 5 ár í þjónustu fyrirtækis eða atvinnurekanda, árslaunum eftir 10 ára þjónustu og 3 ára launum, ef starfsmaður hefur starfað hjá fyrirtækinu 20 ár eða lengur.

Þá er í þessum kafla frv. ákvæði um það, að ekki megi segja upp vegna slysfara eða sjúkdóms starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt tvö ár hjá sama atvinnurekanda, fyrstu þrjá mánuðina eftir að hann varð óvinnufær, og hafi starfsmaður starfað 10 ár hjá sama atvinnurekanda, er uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári. Og hafi dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slysfara eða sjúkdóms við störfin, er atvinnurekanda skylt að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, sem hentar hæfni hans, jafnvel þótt hann verði til þess að sérþjálfa viðkomandi starfsmann sinn nokkuð. Það skal tekið fram, af því að þessi ákvæði ýmist kunna að þykja nokkuð ströng, að þau ganga í engu atriði lengra en í norsku og dönsku vinnuverndarlöggjöfinni. Og það var einmitt sagt hér í gær af hv. 2. þm. Vestf., að það hafi löngum þótt viðeigandi háttur hjá okkur Íslendingum að gefa því gaum, sem lögfest væri hjá okkar nágrannaþjóðum, og það hefði jafnan vel gefizt, og vænti ég, að svo verði litið á að því er varðar þennan kafla, þó að hann leggi nokkrar auknar byrðar og skyldur á herðar íslenzkum atvinnurekendum gagnvart sínu starfsfólki.

VII. kaflinn er örstuttur. Hann er einungis um refsiákvæði vegna brota á l., og segir í honum, að brot varði sektum, nema strangari refsingar liggi við samkv. almennum hegningarlögum. Það er tekið fram í 33. gr. frv., að foreldrar og aðstandendur, sem láti börn framkvæma vinnu, sem brjóti í bága við vinnuverndarlögin, skuli vera ábyrg fyrir slíkum verknaði, og skulu þau sæta sektum. Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála. Það er svo tekið fram, að um alla nánari framkvæmd þessara laga skuli félmrh. setja nánari ákvæði í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir.

VIII. kaflinn er einungis um gildistöku frv., og segir þar, að gildistakan sé miðuð við 1. jan. 1965 og skuli þá öll núgildandi lagaákvæði, sem brjóti í bága við ákvæði þessara laga og veiti starfsmanni naumari rétt en þau, úr gildi fallin.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir flestum nýmælum þessa frv. og skal hvað af hverju láta máli mínu lokið. Ég tek það fram enn á ný, að hér er um mannréttindalöggjöf að ræða. Hún snertir verkafólk almennt og raunar allt starfandi fólk í landinu. Hún snertir konur, unglinga og börn. Engin löggjöf hefur náð slíkri viðurkenningu né orðið jafnhjartfólgin þeim, sem hennar eiga að njóta, eins og vökulögin. Hún var sett, þegar nýr og stórbrotinn þáttur hófst í atvinnulífi Íslendinga. Hennar var brýn þörf, hún var sett á réttum tíma.

Nú eru einnig nokkur tímamót í íslenzku atvinnulífi. Vinnurannsóknir eru hafnar. Allir eru sammála um að greiða götu hagræðingarmála og taka upp ákvæðisvinnu í einni eða annarri mynd, þar sem hún er talin henta til betri nýtingar fjármagns, véla og vinnuafls, til aukinnar framleiðni og þjóðartekna, og þetta á að geta gerzt, ef rétt og skynsamlega er að unnið, án þess að erfiði og slit og þrældómur erfiðismannsins aukist. En svo mikið er víst, að þetta verður ekki af viti framkvæmt, ef sá viti firrti og ofsalangi vinnutími, sem hér á landi tíðkast nú í mörgum tilfellum, verður ekki styttur og takmarkaður og vinnutímanum sett siðferðileg takmörk að hætti annarra menningarþjóða. Ég held því, að löggjöf um vinnuvernd eigi að setja einmitt nú.

Mér er ljóst, að miklum erfiðleikum er bundið að binda vinnutilhögun við fiskveiðar og fiskiðnað ófrávíkjanlegum og föstum reglum, enda er það ekki gert í þessu frv. Heimilað er að víkja frá settum takmörkum eðlilegs vinnutíma, þegar bjarga þurfi framleiðsluverðmætum. Þetta tekur einkum til fiskiðnaðarins, eins og allir sjálfsagt skilja. En það er einnig sannfæring mín, að með núverandi tækni megi bjarga mjög miklum verðmætum með öðrum úrræðum en óhóflegum samfelldum vinnutíma, sem hlýtur að ofbjóða öllu mannlegu þreki fullorðins fólks, hvað þá barna og unglinga. Löggjöfin mun einmitt knýja til breytinga á þessu og knýja til þess, að annarra úrræða verði leitað heldur en að ofþjaka fólk heila sólarhringa við erfið störf. Og ég geri mér fyllstu vonir um, að það verði ekki til þess, þó að þetta frv. verði lögfest, að skerða þjóðarafköst og þjóðartekjur.

Íslenzkir bændur höfðu um aldir trú á þá vinnutilhögun, sem nú er viðhöfð í fiskiðnaðinum, vinnu í 12, 14, jafnvel 16 stundir í einu. En að lokum sannfærðust þeir sjálfir um, að afköstin urðu ekki ýkjamiklu meiri hjá þeim en á hinum bæjunum, þar sem vinnutíminn var miklu styttri og reglubundnari. Þeir breyttu því vinnutilhögun sinni af sjálfsdáðum og þurfa sízt að harma, að þeir gerðu það. Þar var skynsemin látin ráða. Örþreytt og úrvinda fólk er ekki líklegt til mikilla vinnuafreka. Það væri alveg yfirmannlegt. Og þá færist skörin fyrst upp í bekkinn, þegar ekki er hægt að hemja þessa óvizku með því að setja tvöfalt verð á vinnuafköst hins örþreytta manns. Samt er vinnan keypt og eftir henni sótt, og þá er naumast hægt að beita öðru úrræði en banni.

Ég geri mér vonir um, að setning laga sem þessara mæti ekki mjög mikilli mótspyrnu. Hún er skynsamleg af hagkvæmnisástæðum atvinnulífsins, en umfram allt er henni ætlað að þjóna eðlilegum og nauðsynlegum heilbrigðiskröfum og menningarlegum markmiðum. Flestar þjóðir, sem vilja telja sig til menningarþjóða, hafa fyrir alllöngu sett hjá sér slíka löggjöf sem þessa. Hana hefðum við að mínum dómi átt að setja, þótt við hefðum staðið þjóða fremst um hóflegan vinnutíma og góða vinnuaðbúð í hvívetna. En hvað þá, þegar við sannanlega höfum dregizt langt aftur úr flestum öðrum þjóðum og búum nú nokkuð almennt við svo langan og óreglubundinn vinnutíma, að slíks eru varla nokkur dæmi í heiminum? Þegar á þetta er litið, er setning vinnuverndarlöggjafar okkur Íslendingum alveg sjálfsögð og má ekki dragast úr hömlu að mínu viti.

Ég er þess fullviss, að það yrði mikils metið af vinnustéttunum og af verkalýðssamtökunum, ef frv. þetta fengi skjóta og góða afgreiðslu á Alþingi og yrði ekki lagzt á það í nefnd, eins og allt of títt er, heldur krufið til mergjar án tafar, grandskoðað að beztu manna yfirsýn og gert að lögum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það hlýtur fleiri þm. en mér að hafa þótt nokkuð forvitnilegt að sjá og lesa þetta frv. um vinnuvernd o. fl., sem hv. 5. þm. Vestf. hefur lagt hér fram á hv. Alþingi, sérstaklega þegar það er haft í huga, að þessi hv. þm. er jafnframt forseti stærstu launþegasamtaka hér á landi, einnig þegar haft er í huga, að þingkjörin nefnd, sem kjörin var á sínum tíma eftir samhljóða samþykktri þáltill. í Sþ., hefur unnið að framkvæmd þeirrar þáltill. nú um nokkurra missira skeið. Sérstaklega þótti mér forvitnilegt að sjá þetta frv., þar eð ég á sæti í þessari nefnd. Af skiljanlegum ástæðum er ekki tækifæri nú, eftir að þetta frv. er a. m. k. fyrir mjög stuttu komið í mínar hendur, að ræða það efnislega, en það eru þó nokkur atriði í frv., eins og það kemur fram, sérstaklega í sambandi við II. kafla þess, um vinnutíma og vinnutilhögun, sem ég mundi vilja fara nokkrum orðum um og jafnvel að leggja nokkrar spurningar fyrir hv. flm. og biðja hann um nánari skýringar þar á.

Ef litið er á II. kafla frv., um vinnutíma og vinnutilhögun, þá má sjá í 3. gr. frv., að í byrjun gr. er talað um verkamenn, orðast á þá leið, að maður, sem lokið hefur 8 stunda vinnudegi, og í framhaldi af því er talað um samfelldan hvíldartíma verkamanns. Er það hugsun flm., að þetta frv. nái aðeins yfir þá, sem við í daglegu tali köllum verkamenn, eða er það hugsun flm., að þetta nái jafnframt yfir aðra launþega þjóðfélagsins, og má þá t. d. benda á bílstjóra, benda á iðnaðarmenn og einnig afgreiðslufólk í verzlunum, sem hefur eftir sínum samningum annan vinnutíma, dagvinnutíma, heldur en með þessu frv. er slegið föstu, að eigi að vera frá kl. 8 að morgni til 17 að degi? Einnig veit ég, að skiptar skoðanir verða um þá tíma, sem hér eru settir fram í 3. gr., og um framkvæmd yfir- og næturvinnutíma.

Ég heyrði það á framsöguræðu hv. flm., að hann er alveg á sama máli og við, sem sæti eigum í hinni svokölluðu vinnutímanefnd, í afstöðu sinni til útflutningsframleiðslunnar. Við höfum verið þeirrar skoðunar, að það megi sem minnst gera í sambandi við löggjöf, sem við höfum helzt hallazt að að þyrfti að setja um þetta efni, og það er ekki annað hægt. Um leið og ég minnist á, að við höfum hallazt á þá skoðun, að löggjöf þyrfti að setja, þá kemur margt í þessu frv. kunnuglega fyrir sjónir, sérstaklega þegar höfð eru í huga norsku lögin um vinnuvernd, sem við í vinnutímanefnd, eins og ég sé að hv. flm. hefur gert, höfum aðallega hallað okkur að og talið, að á beinagrind þeirrar löggjafar ættum við að byggja okkar lög um vinnuvernd, sem ég er sammála hv. flm. um að sé orðið tímabært að við gerum hér á landi. En eins og ég vildi segja, þá vorum við allir sammála í nefndinni um, eins og ég heyri að hv. flm. er, að það megi ekki setja neinar þær hömlur á útflutningsframleiðslu okkar, sem valdi því, að t. d. afli skemmist eða hann verði ekki unninn.

Eitt atriði er í sambandi við þessa skoðun, sem mig langar líka til þess að fá upplýsingar um. Með þeirri orðanna hljóðan, sem er í frv. nú, er ekki annað að sjá, ef miðað er við 300 almenna vinnudaga á ári, en verkamaður, sem vinnur í fiskiðnaði og viðkomandi stéttarfélag hefur samninga við atvinnurekendur um að leyfa yfir- og helgidagavinnu í þessari atvinnugrein, þá geti hinn sami verkamaður unnið allt að 3400 vinnustundum á ári. Þetta finnst mér nokkuð mikið. En þá er auðvitað miðað við, að það sé unnið 12 tíma á hverjum vinnudegi. Þetta vitum við, að er ekki framkvæmt svo hjá okkur. Í skýrslum vinnutímanefndar hefur komið í ljós, að í fiskiðnaðinum eftir árið, þá minnir mig, að hæsta vinnustundatala, sem þar hafi komið fram, sé um 2800 vinnustundir. En hitt ber að hafa í huga, að í þessari atvinnugrein getur vinnutíminn orðið lengri en hér er gert ráð fyrir að leyfa á ákveðnum dögum, en jafnað sig út í þessari tölu yfir lengra tímabil eða eitt ár. Ég er t. d. ekki enn búinn að gera mér grein fyrir, ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt, hvernig þetta mundi verka á síldariðnað okkar, síldar-

söltun og annað þess konar, og ég er ekki heldur búinn að gera upp hug minn um það, hvort ekki sé betra í sambandi við fiskiðnað okkar að gera ráð fyrir lengra tímabili, t. d. allt að ársfjórðungi, jafnvel enn lengra, þegar talað er um hámarksvinnutíma verkafólks í þessari grein, en ekki miða við vikuna, þótt um hámarksákvæði á dag verði að ræða. En þetta eru atriði, sem sjálfsagt verða athuguð, ekki aðeins í þingnefnd, heldur og hjá þeirri n., sem vinnur að rannsókn þessara mála.

En af því að ég minntist á vinnuverndarlögin í Noregi, vil ég geta þess í sambandi við ákvæði þessa frv. um, að vinnan, hin almenna dagvinna, sé á milli kl. 8 og 17, að um þetta eru miklu rýmri ákvæði í norsku l. Þar er sem sagt gefin heimild til að skila sinni ákveðnu, föstu dagvinnu á lengra tímabili en hér er gert ráð fyrir. Og ég held, að það væri mjög skynsamlegt af okkur að hafa það svo. Hins vegar tók flm. það fram, að hann í sambandi við þetta atriði miðaði við þá almennu venju, sem væri í samningum verkalýðsfélaga.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að almennur vinnutími á viku styttist árlega um 1 klst. og verði 43 stundir á viku að 5 árum liðnum, og það er gert ráð fyrir, að lög þessi taki gildi um næstu áramót, minnir mig. Það má segja sem svo, að það væri kannske ekki og sé ekki ástæða til að láta það sjást í þessari löggjöf eða láta það koma fram í þessari löggjöf, hvernig eigi að gera þetta raunhæft. En flm. benti réttilega á í sambandi við styttingu úr 48 tímum í 45 stundir á viku á sínum tíma í Noregi, að öllum bæri saman um það, bæði atvinnurekendum og launþegum, að þessi stytting hefði ekki haft í för með sér neina framleiðsluskerðingu, og það er þetta atriði, sem við höfum fram til þessa aðallega unnið að í hinni svokölluðu vinnutímanefnd, en við vorum strax í byrjun okkar starfs sammála um, að lagaákvæði þess efnis, að vinnutíminn ætti að styttast um einhvern ákveðinn fjölda, væru óraunhæf, nema um leið væru tryggð sömu framleiðsluafköst þjóðarinnar, í það minnsta sömu framleiðsluverðmæti og við upphaf styttingarinnar. Því hefur okkar aðalvinna gengið út á það að skapa grundvöll fyrir aukna framleiðni í hinum ýmsu atvinnugreinum þjóðarinnar, og eins og þm. sjálfsagt muna, þá er það starf svo langt komið, að Alþingi ákvað við afgreiðslu síðustu fjárl. að veita nú þegar á þriðju millj. kr. til þess að kenna fulltrúum atvinnugreina og atvinnusamtaka það, sem með þarf í hagræðingarmálum, og gera þessum samtökum kleift að koma upp hagræðingardeildum innan sinna vébanda til þess að vinna að framkvæmd þessara mála. Ég er enn þeirrar skoðunar, að það sé óraunhæft að fara út í slíka lagasetningu, nema tryggt sé, að að þessu sé unnið samvizkusamlega og heils hugar, og því er ég kannske ánægðastur yfir þeim orðum flm., sem komu fram í niðurlagi ræðu hans, að það væru allir á þessu landi sammála nú um að vinna að þessum málum heils hugar, og ég vildi gjarnan hafa mælt þau orð, sem hann mælti hér í niðurlagi sinnar ræðu í þessu sambandi. Að vísu hef ég oft sagt þau áður, bæði innan hans samtaka og annars staðar. Ég minnist þess hins vegar, að það hefur oft verið bratt fyrir fótinn að fá áheyrn um þau mál, og því fagna ég því enn frekar, að hann skuli vera kominn á þessa skoðun, að þetta sé hægt í þessu þjóðfélagi, og að allir aðilar og þ. á m. þeir, sem hann er í forsvari fyrir, séu sammála um að framkvæma þetta.

Það er eitt atriði enn, sem mig langar til þess að spyrja flm. um, og það er um, hvort í þeim tímum, sem hann tekur fram í frv. í sambandi við bæði hinn almenna vinnutíma eða vikuvinnutímann sérstaklega og eins í sambandi við vikuvinnutímann að 5 árum liðnum, — hvort hann reikni í þessum stundafjölda með því, sem kallað er kaffitími. En um þetta atriði var á sínum tíma mikill ágreiningur í Noregi, þegar þar var verið að vinna að styttingu vinnutímans, og ég veit, að fleirum en mér þykir forvitnilegt að fá að heyra það frá hv. þm., sem jafnframt er forseti Alþýðusambandsins, hvort kaffitímarnir séu innan þessara tímamarka eða ekki.

Það eru ekki fleiri atriði, sem mig langar á þessu stigi að fá upplýsingar um, utan eitt, sem er kannske ekki það þýðingarminnsta. Í 24. gr. frv., í kaflanum um vinnuvernd barna og unglinga, eru ákvæði um, að atvinnurekandi eigi að halda skrá um tegund vinnu og vinnutíma barna og unglinga, sem hann hefur í vinnu. Mig langar að lokum að spyrja hv. flm., hverjir eigi að sjá um og fylgjast með vinnutíma verkamanna, eftir að þessi lög öðlast gildi og lagahömlur eru komnar á um, hve lengi þeir megi vinna.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er án efa rétt hjá hv. flm. þessa frv., að ýmis ákvæði þess væri eðlilegt að festa í íslenzkri löggjöf. Önnur geta orkað tvímælis, eins og hann réttilega bendir á í grg. með frv. En þegar þessi mál eru til umr. hér á hv. Alþingi, er ekki óeðlilegt, að sú spurning vakni, hvort ekki sé tímabært, að vinnulöggjöfin, eins og hún er nú í dag, verði einnig og jafnhliða tekin til almennrar endurskoðunar. Vinnulöggjöf sú, sem við búum við, mun vera frá árinu 1938 og er því orðin 25 ára gömul, og hafa ekki á henni verið gerðar neinar breytingar, sem heitið getur.

Flm. tekur það fram í grg. með frv. þessu, að hann telji eðlilegt, að höfð verði allnáin hliðsjón af almennri vinnuverndarlöggjöf nágrannalanda okkar. Nú vildi ég beina þeirri spurningu til hans, hvort hann telji ekki eðlilegt einnig, að vinnulöggjöfin verði jafnhliða þessu máli tekin til endurskoðunar og þar einnig höfð til hliðsjónar vinnulöggjöf nágrannalanda okkar, sem helzt væru þá Noregur eða Danmörk. Hann gerði hér áðan að sínum orðum orð hv. formanns samgmn. í gær, hv. 2. þm. Vesturl., þegar hann sagði, að það væri rétt fyrir okkur að gefa gaum því, sem lögfest væri hjá okkar nágrannaþjóðum. Ég tel, að þessi orð hv. flm. þessa frv. gefi tilefni til að ætla, að hann muni geta talið það eðlilegt um vinnulöggjöfina, sem eins og ég benti á áðan er orðin rúmlega 25 ára gömul og án efa mjög komin úr samræmi við það, sem er gildandi í sambandi við vinnulöggjöf okkar nágrannaþjóða.

Ég vildi sem sagt leyfa mér að beina þeirri

spurningu til hv. flm. þessa frv., hvort hann telji ekki eðlilegt, að vinnulöggjöfin eða lögin um stéttarfélög og vinnudeilur séu einnig og jafnhliða þessu frv. tekin til gagngerðrar og almennrar endurskoðunar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. ræddi þetta frv. og beindi til mín nokkrum fsp. Ég hygg, að hann hafi tekið eftir því, að yfirleitt er talað um starfsmann og starfsmenn í þessu frv., en það kann að vera, að sökum þeirrar málvenju, sem liggur okkur mjög á tungu í verkalýðshreyfingunni, að tala um verkamenn og verkafólk, þá komi það fyrir á nokkrum stöðum í frv., og get ég þá svarað hans spurningu á þann veg, að almennt er þessari löggjöf ætlað að ná til starfsmanna yfirleitt, eftir því sem við getur átt. En óneitanlega á náttúrlega meginframkvæmd þessara laga að ná til þess verksviðs, sem við almennt köllum verkamannastörf, að meginefni. En á því eru ekki takmörk í frv. sjálfu, til hvaða starfsmanna þau skuli ná, og standi þarna verkamaður, nema það sé í sérstöku sambandi, hygg ég, að tilætlunin hefði verið sú við nánari athugun að hafa þar heldur „starfsmann“ eins og yfirleitt í frv.

Hv. 8. þm. Reykv. taldi, að heimildir til yfirvinnu væru fullrúmar í frv., og má það vel vera, ef það væri miðað við heilt ár. En þessir kaflar, þar sem yfirvinnan fer út yfir öll takmörk í okkar atvinnulífi, eru venjulega skemmri tími, en þó það langir, að ástæða er til sérstakra takmarkana. En ég játa, að ef þessi takmörk, sem í frv. eru sett, væru miðuð við áframhaldandi jafnmikinn vinnuþunga og heilt ár, þá eru ákvæðin of rúm og þá þyrfti auðvitað að þrengja þau, og væri ég vitanlega til samráðs og viðræðu um það, eins og sérhverjar þær aðrar breytingar á frv., sem til bóta mættu verða í einstökum atriðum eða í heild, eins og ég bæði hef tekið fram í grg. og í framsöguræðu.

Hv. þm. vék nokkuð að ákvæðinu um styttingu vinnuvikunnar í áföngum á 5 árum. Það er sannfæring mín, að við getum ekki setið eftir einir þjóða með 48 stunda vinnuviku. Þó að okkur tækist nú að gera þann vinnutíma að veruleika og ekki væri mikið út yfir hann farið nema í sérstökum nauðsynjatilfellum, þá getum við ekki unað því, þegar aðrar þjóðir eru komnar niður í 45 og 43 stunda vinnuviku og í ýmsum tilfellum 40 stunda vinnuviku. Ég geri mér ljóst, að það stökk getur verið allerfitt atvinnulífinu, nema því aðeins að þetta sé gert á löngu tímabili og í áföngum, og þarna ætla ég til þessarar breytingar lengri tíma en Norðmenn tóku sér, þegar þeir styttu vinnuvikuna hjá sér úr 48 stundum niður í 45, eins og þeir gerðu, en hér er farið með meiri varúð og gætni að þessu, sem sé ætluð til þess 5 ár. Að vísu býst ég við, að að 5 árum liðnum, um 1970, verðum við þrátt fyrir þetta skref vafalaust alllangt á eftir öðrum þjóðum um lengd vinnutíma, því að ég geri ráð fyrir, að um 1970 verði yfirleitt komin á 40 stunda vinnuvika í okkar nágrannalöndum, eftir því sem nú hefur þróazt hjá þeim þetta atriði vinnumarkaðarins.

Hv. þm. sagði, að það hefði stundum verið bratt undir fótinn, eins og hann orðaði það, þegar menn hefðu sótt á um aukna hagræðingu í atvinnulífi Íslendinga og aukna tækni og annað þess konar, og hann hefði viljað gjarnan segja þau orð, sem ég hefði hér sagt, og fagnaði því, að ég væri kominn á þessa skoðun. Ég hef engri skoðun breytt í þessu efni. Ég hef verið frá öndverðu fylgjandi því, að vísindi og tækni væru tekin í þjónustu atvinnulífsins, og get sannað það með framsöguerindi, sem ég flutti í Bifröst í Borgarfirði á ráðstefnu Stjórnunarfélags Íslands fyrir nú á þriðja ár, og mér er ekki kunnugt um, að góður vilji atvinnurekenda eða atvinnurekendasamtaka hér á landi hafi í einu eða neinu strandað á andspyrnu verkalýðshreyfingarinnar í þessum málum eða tafizt. Því andmæli ég, því að ég tel það ekki rétt. Ég tel, að í hvert sinn sem við höfum orðið þess vör, að atvinnurekendur hafi viljað vel gera og koma á endurbótum í þessu efni, hafi verkalýðshreyfingin verið þar fús til samstarfs, og þætti gaman að sjá framan í þann mann úr röðum atvinnurekenda, sem héldi því fram, að þeir hefðu átt í stríði við mig eða verkalýðshreyfinguna yfirleitt í þessum efnum. Það er ekki rétt. En hitt liggur í hlutarins eðli, að ýmsu þarf að breyta í atvinnufyrirtækjum, sem ætla sér að taka vinnuvísindi í sína þjónustu og hagræðingu að því er snertir vélar og vinnutilhögun í sínum fyrirtækjum, að það er ekki innan réttarsviðs verkalýðshreyfingarinnar að framkvæma slíkar nauðsynlegar breytingar, sem eru forsenda, heldur verða atvinnurekendur að gera það. Þeir eiga sín fyrirtæki, og við getum ekki ráðskazt með þau og gert þær breytingar, sem nauðsynlegar eru. Þær verða þeir að gera. Fyrstu skrefin verða þeir að stíga, og að þeim stignum verða þeir að leita samstarfs við verkalýðshreyfinguna, því að án góðs samstarfs við hið vinnandi fólk og samtök þess verða þessi mál ekki framkvæmd, svo að í lagi sé. Það er margviðurkennt af öllum, sem þessum málum eru kunnugir.

Ég hygg, að það sé því á misskilningi byggt hjá hv. þm., að ég hafi opinberað skoðanaskipti í þessum efnum. Ég hef aðeins endurtekið það, sem áður hefur verið tjáð af hendi verkalýðshreyfingarinnar, að við erum reiðubúin til slíks samstarfs og teljum þetta nauðsynlegt, og ég veit ekki til þess, að nokkurs staðar hafi í odda skorizt milli aðilanna á vinnumarkaðinum eða samtaka þeirra í þessum efnum vegna þvermóðsku eða tregðu verkalýðshreyfingarinnar.

Hv. 8. þm. Reykv. spurði, hvort ég miðaði við það, að kaffitímar væru teknir með í vinnutímanum eða ekki, þegar ég nefndi þessi ákvæðnu mörk í frv. Ég skal taka það fram, að ég hafði ekki leitt hugann sérstaklega að þessu, en hef vitanlega miðað við þá venjuútreikninga í þessum efnum, sem tíðkazt hafa í íslenzkum stéttarfélagasamningum. Ef annar háttur yrði tekinn upp varðandi það, yrði það að gerast með samningum, og þá gæti það haft áhrif á þessi tímamörk í lagasetningunni.

Þá spurði hv. 8. þm. Reykv. um það, hverjir ættu að fylgjast með vinnutímanum hjá verkamönnum, eftir að þessar hömlur væru á komnar. Það yrði náttúrlega skipulagsatriði verkalýðs-

hreyfingarinnar, og ég hygg, að það yrði sérstaklega að mæða á trúnaðarmönnunum á vinnustað, sem mega vera á hverri vinnustöð, þar sem fimm menn eða fleiri starfa, samkv. ákvæðum íslenzku vinnulöggjafarinnar. Ég held, að það yrði nánast á daglegu verksviði trúnaðarmannanna að líta eftir þessu sem öðru, er varðar réttindi hins vinnandi manns.

Ég held, að það hafi ekki verið margt annað, sem hv. þm. vék að mér, en þessu vildi ég hafa leitazt við að svara, eftir því sem tök eru á óviðbúið.

Þá er það hv. 3. þm. Sunnl. Hann gerði vinnulöggjöfina að umtalsefni í sambandi við þetta frv. og vék til mín þeirri spurningu, hvort ég vildi ekki fallast á, að hún yrði jafnframt endurskoðuð, því að hún væri orðin svo gömul og úrelt, að þess væri full þörf, og að við endurskoðun hennar væri þá farið að þannig að taka tilllit til vinnulöggjafarinnar hjá okkar nágrannaþjóðum, t. d. Norðmönnum eða Dönum. Ég hef einu sinni svarað fsp. að beiðni atvinnurekendablaðs um hugmyndir mínar um breytingar á vinnulöggjöfinni, og það liggur fyrir á prenti og gæti ég vitnað til þess, að ég hef aldrei sett mig þvert á móti því, að vinnulöggjöfin fremur en önnur löggjöf væri endurskoðuð. En ég tel, að vel mætti að fenginni reynslu atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, sem búið hafa við þá löggjöf nú um áratugi, breyta henni í ýmsum einstökum atriðum til bóta. Og spurningin er bara sú, hvernig á að taka þessa endurskoðun upp. Hingað til hefur hún ekki verið tekin upp, af því, að mér skilst, að allir séu sammála um, að sú endurskoðun þarf að fara fram með fullu samþykki og samstarfi vinnuveitendasamtakanna og verkalýðssamtakanna. Ef endurskoðunin verður gerð einhliða af öðrum hvorum þessum aðila í þeim einum tilgangi að halla á hinn aðilann við setningu löggjafarinnar, er ég alveg sannfærður um það, að sú endurskoðun yrði ekki til þess að stilla til friðar á íslenzkum vinnumarkaði eða leiða af sér nokkra blessun. Ég segi því: Endurskoðun vinnulöggjafarinnar er tímabær, þegar samkomulag og samstarf getur fengizt um það vandasama verk milli höfuðaðilanna á vinnumarkaðinum. En þá yrði sjálfsagt heppilegra að líta til vinnulöggjafar hjá einhverjum öðrum en frændum okkar og nágrönnum, Dönum, því að þeir hafa mér vitanlega enga vinnulöggjöf. Þeir hafa aðeins samning, sem er byggður á samkomulagi frá því fyrir aldamót, og hafa endurskoðað hann að vísu, en byggja enn þá á þessu samkomulagi atvinnurekenda og verkalýðssamtaka. Hins vegar hafa Norðmenn og Svíar vinnulöggjöf, og ég efa ekki, að þessi okkar vinnulöggjöf, sem er nú í gildi og hefur verið um áratugi, er að mestu leyti byggð á norsku og sænsku fyrirmyndinni, líklega aðallega sænsku fyrirmyndinni í vinnulöggjöf. En Danir hafa sitt septembersamkomulag og byggt á því í öllum sínum vinnubrögðum og reglum, sem hafa myndazt í viðskiptum þessara samtaka, því að það eru siðferðileg vinnubrögð og viðskipti og reglur, sem myndast í þessu samstarfi höfuðandstæðinganna á vinnumarkaðinum í öllum menningarlöndum, og það hefur líka góðu heilli orðið hér. Hér hafa myndazt margar góðar, fastar drengskaparvenjur í samskiptum þessara samtaka, og þær eru sem óskráð lög og gilda í samskiptum þessara samtaka í daglegu starfi og eins þegar í odda skerst. Og það er raunar sú uppbót og sú viðbót, sem skapazt hefur við starfið og reynsluna á undanförnum áratugum á þessu sviði, og það er ekki ónýtt, því að þar hafa margir góðir drengir um fjallað og átzt við í blíðu og stríðu og hafa myndað sér þær reglur oft og tíðum, sem eðlilegastar eru. Danir hafa sem sagt komizt af án þess að setja um þetta beina löggjöf, endurskoðað sitt septembersamkomulag, sem var niðurstaða og grundvöllur að lausn mikillar deilu, ég held 1899, og þeir hafa byggt á í megindráttum síðan.

Ég held, að það hafi ekki verið neitt annað, sem hv. 3. þm. Sunnl. vék að mér, heldur en þetta, og hef ég þá látið í ljós skoðanir mínar á því, hvað varðar endurskoðun vinnulöggjafar og vinnubrögð í sambandi við það.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja þessar umr. miklu lengur. Ég þakka hv. flm. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf við mínum fsp., og það er ljóst eftir orðum hans, að með flutningi þessa frv. og orðalagi þess á hann ekki við neina eina grein launþega hér á landi, heldur er þetta um starfsmenn annarra almennt. Og ég minnist sérstaklega í því sambandi, að þýðing, sem ég lét gera á norsku vinnuverndarlögunum, bar einmitt heitið „lög um starfsmannavernd", vegna þess að sá, er þýddi þessi lög, var á því, að það væri of þröngt að tala um verkamenn, „arbeider" yrði að þýðast sem starfsmaður í þessu tilfelli. Flm. sagði enn fremur, að ákvæði um yfirvinnu í frv. gætu verið of rúm, ef horft væri á heilt ár, og ég vil bæta við þessi orð hans, það má líka segja sem svo, að þau geti líka verið of þröng, ef litið er á skemmri tíma. Og ég veit, að allir okkar þekkja dæmi þess, t. d. úr verstöðvunum, að þeir tímar geta komið, stuttir tímar þó, að það verði að ætlast til þess af fólki, af sérhverri vinnandi hendi, að hún leggi hönd á plóginn til þess að bjarga verðmætum undan skemmdum, og þá jafnvel geti verið varasamt að binda leyfða vinnutímalengd við 12 tíma, eins og í þessu frv. er gert.

Hv. flm. sagði, að hann hefði engri skoðun breytt á tæknimálum, hagræðingarmálum o. þ. h., og það má vel vera. Ég vil aðeins segja, að það getur verið hægt að hafa skoðanir á málum og jafnvel jákvæðar skoðanir á málum, en um leið drepa mál með þessum sömu jákvæðu skoðunum, sem menn í öðru orðinu segja að þeir séu fylgjandi og vilja vinna að því að komist á. Ég er ekki að efa, að hv. 5. þm. Vestf. hafi haft mikinn áhuga á hagræðingarmálum í okkar þjóðfélagi og hafi haft mikinn áhuga á aukinni framleiðni í okkar atvinnugreinum. En við verðum bara að horfa á þá staðreynd, að þetta er forseti stærstu launþegasamtaka á Íslandi, og enn hef ég ekki séð neitt eftir þennan sterka aðila, sem svo gæti verið á þessu sviði, sem er jákvætt. Ég minnist þess, að ég átti sæti á síðasta alþýðusambandsþingi. Þar var með allra samþykki stjórn Al-

þýðusambandsins gefin heimild til þess að gera svokallaðan rammasamning við atvinnurekendur um vinnurannsóknir og hagræðingarmál. Sá samningur hefur ekki enn séð dagsins ljós, þótt nærri tvö ár séu liðin, síðan þetta þing var haldið, og mér þykir satt að segja mjög furðulegt, ef atvinnurekendur hafa staðið gegn því, að slíkur samningur væri gerður. Hitt skal ég taka undir með hv. 5. þm. Vestf., að það er oft sárgrætilegt að horfa upp á og fylgjast með, hversu margir úr röðum atvinnurekenda á þessu landi eru í öllum sínum hugsanagangi og störfum enn í anda aldamótaáranna, ef ég mætti orða það svo.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að nauðsynlegur grundvöllur þess, að þetta geti tekizt, er samstarf. Það er ekki aðeins nauðsynlegt, heldur er það frumskilyrði. Ég vil rifja upp fyrir hv. þm., að skömmu eftir að ég kom fyrst hér til þings, flutti ég þáltill., mjög sakleysislega og saklausa í öllu eðli sínu, þess efnis, að ríkisstj. væri falið að aðstoða samtök vinnumarkaðarins í því að koma á samstarfsnefndum innan einstakra fyrirtækja. Þessi hv. þm. var mjög á því, að slíkar nefndir væru nauðsynlegar til þess að auka samstarf milli þessara aðila og bæta sambúðina. Þessar nefndir hafa líka verið kallaðar framleiðslunefndir í öðrum löndum, og þessar nefndir hafa kannske mörgu öðru frekar stuðlað að því, að það hefur tekizt gott samstarf á milli aðilanna um framleiðnimál, um hagræðingarmál, til þess að auka framleiðnina. En þessi sami hv. þm. gaf út sérstakt nál. um það, að hann legði til, að þessi þáltill. mín væri felld, vegna þess að þetta ætti að vera samningsatriði viðkomandi samtaka, sem vel getur verið rétt. En um leið og menn segja, að málið sé áhugamál þeirra, — og kem ég þá aftur að upphafi orða minna, — um leið og þeir segja, að það sé áhugamál þeirra og þeir vilji allt fyrir það gera, til þess að það nái fram, þá er líka hægt að drepa það með því að gera ekki neitt í því, verandi í þeirri stöðu, sem þessi hv. þm. er.

Einhvern veginn segir mér svo hugur eftir þessar umr., sem hér hafa orðið, að það geti leynzt í þessu frv. fleiri atriði en það, sem ég spurði flm. um varðandi kaffitímann, sem þurfi kannske nánari athugunar við og hv. flm. hafi ekki leitt hugann að nógu alvarlega. Ég bendi á, að á hverjum degi er samningslega hjá flestum verkalýðsfélögum kaffitíminn 40 mínútur, og þegar talað er um að gera stórátak, svo sem að stytta vinnutímann um 5 klst. á viku á 5 árum, þá eru 40 mínútur ekki lítið atriði í vinnudeginum. Ég mundi segja, að jafnvel gæti þetta atriði eða hvernig menn litu á þetta meginatriði bundið skoðanir manna með eða móti þessu frv. Ég er á því, og það hefur komið fram í vinnutímanefnd, að eftirlitið á vinnutímanum verði bezt komið í höndum verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar og þá í höndum trúnaðarmanna hennar á vinnustað. En vegna fsp. hv. 3. þm. Sunnl. vil ég spyrja hv. 5. þm. Vestf. að því, hvort hann telji ekki, að um leið þyrfti að gera breytingar á þeim kafla vinnulöggjafarinnar, sem fjallar um trúnaðarmenn á vinnustöðum, og bendi ég t. d. á þá vinnustaði, þar sem margir trúnaðarmenn eru, þar sem mörg stéttarfélög vinna hjá einum atvinnurekanda á sama vinnustað o. s. frv. Í fljótu bragði virðist mér, að svo sé.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það dylst auðvitað engum, sem litur á þetta frv., að hér er fjallað um mjög merkilegt málefni, og ég kvaddi mér hljóðs til að taka undir þá skoðun, sem komið hefur fram hjá flm. og raunar fleirum, að brýna nauðsyn beri til að setja sérstaka löggjöf um þessi efni. Ég vil leggja áherzlu á, að það verði leitað sem víðtækasts samkomulags um það. Auðvitað er þarna um mörg vandasöm atriði að ræða.

Enn fremur vil ég vegna þess, sem hér hefur verið sagt um vinnulöggjöf, segja, að ég tel í því sambandi mestu máli skipta, að þegar vinnulöggjöfinni verði breytt, verði henni breytt í samvinnu við launþegasamtökin í landinu og efnt verði til þess, að hún gæti orðið endurskoðuð sameiginlega á vegum þeirra og samtaka atvinnurekendanna. Það tel ég alveg undirstöðu þess, að búast megi við góðum árangri af þeirri lagasetningu, sem sett verður. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki telja miklar líkur til, að það yrði til góðs að fara að setja nýja vinnulöggjöf í andstöðu við verkalýðssamtökin, í andstöðu við launþegasamtökin, þess vegna þurfi að undirbúa það málefni mjög vel og efna til samvinnu um það.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af seinni ræðu hv. 8. þm. Reykv. Hann nefndi tvennt, sem hann taldi að benti til þess, að ég hefði verið andvígur hagræðingarmálunum í íslenzku atvinnulífi. Það væri fyrst, að það hefði verið gerð einróma samþykkt á seinasta alþýðusambandsþingi um að fela núv. miðstjórn Alþýðusambandsins að leita eftir að gera rammasamning við vinnuveitendasamtökin um þar tilgreind verkalýðsmál, þungamiðju þeirra, og þessi rammasamningur væri ekki búinn að sjá dagsins ljós enn. Þar af leiddi, skilst mér, að ég væri sekur um andspyrnu við þetta mál. En ég verð að leyfa mér að bera hönd fyrir höfuð mér að þessu leyti og skýra frá, að nokkru eftir síðasta alþýðusambandsþing ritaði miðstjórn Alþýðusambandsins Vinnuveitendasambandi Íslands bréf og spurðist fyrir um afstöðu Vinnuveitendasambandsins til þessarar samningsgerðar og tilkynnti, að Alþýðusambandið væri reiðubúið til að hefja þetta starf og tilnefna til þess menn. Nokkru síðar barst jákvætt svar frá Vinnuveitendasambandinu um þetta, og nefnd var skipuð af hendi Alþýðusambandsins til þess að hefja þetta starf, og hef ég ekki neina ástæðu til að ásaka þá menn, sem frá þessum hvorum tveggja samtökum hafa starfað að málinu, þó að þeir séu ekki búnir að skila þessum rammasamningi enn þá af sér. En á mér hefur það ekki strandað, það er a. m. k. misskilningur.

Um þáltill., sem hv. þm. hefur flutt hér um samstarfsnefndir, er það að segja, að ég var í þeirri þn., sem um það mál fjallaði, og vissi um álit ýmissa forustumanna í íslenzkri verkalýðshreyfingu, sem höfðu farið erlendis og kynnt sér starf samstarfsnefndanna í nokkrum Evrópulöndum, og það var þeirra álit, þegar þeir komu

heim, að samstarfsnefndirnar í stærri fyrirtækjum með nokkur hundruð manna kæmu að gagni og hefðu innt af hendi þarft verk, en í smáfyrirtækjum væri þetta lítt eða ekki framkvæmanlegt og árangur hefði þar orðið næsta lítill. En alls staðar var lögð áherzla á það, að þetta fyrirkomulag, að koma á gagnkvæmum samstarfsnefndum, þyrfti að vera af frjálsum vilja beggja aðilanna og gæti spillt framgangi málsins að setja það á með lagaboði, án þess að aðilarnir væru því samþykkir. Þetta var mín afstaða í n., og hún hefur ekki heldur breytzt frá þessu fram á þennan dag.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Út af ummælum hv. 5. þm. Vestf., flm. þess frv., sem hér liggur fyrir, vil ég taka fram, að ég minntist hvergi á einhliða endurskoðun vinnulöggjafarinnar, þar sem hallað yrði á annan hvorn aðilann. Mín fsp. var um það eitt, hvort hann mundi ekki telja eðlilegt, að vinnulöggjöfin í heild yrði nú einnig tekin til endurskoðunar og samræmingar við það, sem væri hjá okkar nágrannaþjóðum. Nefndi ég þar Noreg og Danmörk, en mátti að sjálfsögðu einnig nefna Svíþjóð. Ég nefndi þessar tvær næstu þjóðir. Það, sem kannske gaf mér einnig tilefni til að bera þessa fsp. fram, er það, að í grg. þess frv., sem á sínum tíma var flutt og lögfest hér á Alþingi um þessi mál, 1938, segir svo frá þeim aðilum. sem það frv. sömdu, með leyfi hæstv. forseta:

„Engum mun þó ljósara en henni", þ. e. nefndinni, „að ekki má búast við, að hér sé um neina frambúðarlausn að ræða. Annars staðar hefur hin fyrsta löggjöf af þessu tagi yfirleitt þarfnazt endurskoðunar, lagfæringar og viðbótar eftir skamman tíma, enda þótt lengur og við betri skilyrði hafi verið að henni unnið en hér hefur verið gert".

Þetta gefur alveg ótvírætt til kynna, að þeir aðilar, sem að vinnulöggjöfinni stóðu og hana sömdu á sínum tíma, hafa reiknað með því, að mjög fljótlega yrði að taka hana til endurskoðunar. Hún hefur nú gilt í 25 ár, og getur það því ekki talizt óeðlilegt, þó að hún yrði nú eftir þennan tíma tekin til endurskoðunar og til samræmingar við það, sem gildandi er hjá okkar nágrannaþjóðum, sem lengur hafa búið við vinnulöggjöf, og án efa hafa þær öðlazt þar meiri reynslu í lengri tíma en við Íslendingar.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins fá orð. Ég vil vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið um vinnulöggjöfina í sambandi við það mál, sem er nú á dagskrá, aðeins segja það, að ég vil mjög vara við því, að menn líti á vinnulöggjöfina sem einhvern hlut, sem sé orðinn alveg örugglega úreltur, vegna þess að hún sé orðin 25 ára gömul, og það sé þess vegna bráðnauðsynlegt að taka hana til endurskoðunar og breyta.

Hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Sunnl., taldi nauðsynlegt að endurskoða nú vinnulöggjöfina og færa hana til samræmis því, sem tíðkaðist á Norðurlöndum og hjá þeim þjóðum, sem væru lengra komnar í þessum efnum en við. Mér er ekki kunnugt um, að okkar vinnulöggjöf sé mjög í ósamræmi við það, sem er á Norðurlöndum. Og enn fremur vil ég undirstrika, að þegar þessi vinnulöggjöf var samin og sett, var hún miðuð við okkar aðstæður, — og hafa okkar aðstæður breytzt svo mjög á þessum árum, að þörf sé á verulegri endurskoðun á vinnulöggjöfinni þess vegna? Ég held, að svo sé ekki. Hitt er annað mál, að bæði verkalýðssamtökin og einnig samtök atvinnurekenda hefðu áhuga á að breyta ýmsu í núverandi vinnulöggjöf, en slíkur áhugi hefur venjulega farið alveg í gagnstæða átt. Og eins og hér var tekið fram áðan, held ég, að það sé mjög nauðsynlegt, ef og þegar þessi mál verða verulega endurskoðuð, að þá verði það gert sameiginlega af þessum aðilum, sem fyrst og fremst deila á vinnumarkaðinum. Það var hér áðan sagt, að það samkomulag, sem Danir hafa gert sín í milli, dönsku verkalýðssamtökin og samtök atvinnurekenda, og er síðan fyrir aldamót, væri einmitt slíkur samningur, sem samtökin sjálf gera sín í milli, leikreglur, sem farið er eftir, sem einnig þyrfti að vera hjá okkur. Danir hafa iðulega breytt þessu, þó ekki í neinum stórum atriðum. Í öllum höfuðgrundvallaratriðum er september-samkomulagið það sama í dag og það var 1899, þegar það var gert. Hins vegar hafa nú á alveg síðustu árum verið mjög miklar umr. og viðræður á milli aðila um að breyta því. Og nú munu liggja fyrir jafnvel, er talið, þótt ekki sé opinberlega, allverulegar breytingar á því samkomulagi. Ég vil vara við því, að bara vegna þess að vinnulöggjöfin sé orðin 24 ára gömul, sé nauðsynlegt að breyta henni núna eða fara að endurskoða hana. Það er út af fyrir sig ekki neinn mælikvarði. Aðalatriðið er það, hvort hún þjónar ekki því, sem henni ber að gera, og ég tel, að svo sé, og undirstrika það, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan, að það hafa skapazt ákveðnar venjur og leikreglur í þeim oft örðugu og bitru átökum, sem átt hafa sér stað, reglur, sem báðir virða, báðir hafa lært mikið, og ég held, að sú reynsla, lærdómur, sem menn fá í þessum efnum, sé það drýgsta til þess að fara eftir.

Ég vil, úr því að ég er kominn hér í stólinn, aðeins vegna þeirra ummæla, sem hv. 8. þm. Reykv. hafði hér um hagræðingarmálin og afstöðu verkalýðssamtakanna jafnvel eða miðstjórnar Alþýðusambandsins til þeirra mála, undirstrika það, sem forseti þeirra samtaka, hv. 5. þm. Vestf., sagði hér áðan, að það hefur ekki staðið á okkar samtökum í þessum efnum. Hitt er áreiðanlega rétt, að áhuginn hjá atvinnurekendunum er ekki sem skyldi fyrir hendi, og ég held, að það sé aðallega eitt, sem veldur því hjá atvinnurekendunum sjálfum, og það er, að þeir hafa haft aðra aðferð til þess að viðhalda gróða sínum á undanförnum árum heldur en þá að hafa sérstaklega hagkvæman rekstur. Það hefur ekki verið neitt höfuðatriði fyrir þá. Þeir hafa haft verðbólgugróðann, þannig að áhuginn fyrir verulega hagkvæmum rekstri hefur ekki verið eins mikill og skyldi.

Og í öðru lagi: Það, sem alveg sérstaklega hefur hindrað það, að sú nefnd, sem báðir aðilar settu í byrjun árs 1963 líklega til þess að reyna að koma á rammasamningi og var skipuð forustumönnum úr báðum samtökum, lyki störfum,

er það, að þessir menn hafa bókstaflega ekki haft þann tíma til að starfa sem skyldi. Forustumenn þessara samtaka standa í erfiðum samningum oft á ári. Það hefur ekki gefizt tími á undanförnum a. m. k. 3 árum til að snúa sér að málum, sem virkilega væri vert að leiða meira hugann að heldur en gefizt hefur tími til. Og það er af sömu ástæðum, sem við höfum staðið í samningamálum, einmitt vegna þeirrar óhemjuverðbólgu, sem hér hefur verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum.

Á 63. fundi í Sþ., 15. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum [212. mál] (þmfrv., A. 454).

Á 81. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Á fundi sínum hinn 30. marz s. l. samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja ályktun um að beita sér fyrir stofnun stýrimannaskóla þar. Er ályktun bæjarstjórnar svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn samþykkir að beita sér fyrir stofnun stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, þar sem kenndar verði sömu námsgreinar og kenndar eru undir fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, enda útskrifist nemendur frá skólanum með fiskimannaprófi, hafi þeir uppfyllt skilyrði og staðizt hliðstætt próf og stýrimannaskólinn í Reykjavík krefst við brottskráningu".

Í framhaldi af þessari samþykkt bæjarstjórnar hef ég leyft mér að flytja hér á þskj. 454 frv. til l. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Ástæðan fyrir því, að flutt er sérstakt frv. til l. um þennan fyrirhugaða skóla, er sú, að til þess að skólinn geti útskrifað nemendur með fullum réttindum til skipstjórnar á fiskiskipum, verður hann að hljóta staðfestingu löggjafarvaldsins með löggjöf, eins og í gildi er um stýrimannaskólann hér í Reykjavík.

Þetta mál hefur um nokkurt árabil verið til umr. heima í héraði, og að baki samþykktar bæjarstjórnar Vestmannaeyja nú liggja eðlilegar orsakir. Sú þróun hefur átt sér stað hér á landi hin síðari ár, að flestöll fiskiskip, sem smíðuð hafa verið eða enn eru í smíðum fyrir Íslendinga, hvort heldur er hér heima eða erlendis, eru yfir þá stærð, 120 tonn, sem hið svokallaða minni fiskimannapróf veitir rétt til skipstjórnar á. Verður að reikna með, að þessi þróun í byggingu íslenzkra fiskiskipa haldi áfram. Liggur þá alveg í augum uppi, að slíkt útheimtir fleiri sérmenntaða menn með fullgild réttindi til skipstjórnar og sem stýrimenn á skipum yfir 120 tonn að stærð, en slík réttindi geta ekki aðrir veitt hér á landi en þeir skólar, sem hlotið hafa staðfestingu löggjafarvaldsins til útgáfu skírteina, sem þessi réttindi veita. Í dag er það stýrimannaskólinn hér í Reykjavík einn, sem slíka staðfestingu hefur hlotið.

Sú þróun, sem ég minntist á hér áðan, hefur einnig átt sér stað í Vestmannaeyjum og hefur nú leitt til þess, að hugur æ fleiri ungra sjómanna þar stefnir í þá átt að afla sér aukinnar menntunar í starfi sínu og fullra réttinda til skipstjórnar. En það verður að hafa í huga í þessu sambandi, að allir hafa þessir menn stundað sjómennsku um nokkurt árabil. Margir eru þeir komnir á þann aldur og í þá aðstöðu að hafa stofnað heimili og eignazt fjölskyldu. Er alveg augljóst, að þetta gerir mönnum erfiðara fyrir fjárhagslega að afla sér aukinnar menntunar, og ég skil það ákaflega vel, að menn veigri sér við að taka sig upp frá heimili sínu og fjölskyldu til tveggja vetra náms í Reykjavík á sama tíma og þeir missa alla möguleika til tekjuöflunar til að sjá heimilum sínum farborða. Margir sjómenn, bæði í Vestmannaeyjum og annars staðar á landinu, sem orðnir voru fjölskyldufeður, hafa þó í þetta ráðizt. Aðrir hafa því miður ekki treyst sér til þess og því orðið af þeirri menntun, sem þeir óskuðu að afla sér og töldu sér nauðsynlega í sambandi við starf sitt. Aðstaða til náms mundi verða miklu léttari fyrir þessa aðila, ef þeir gætu dvalið á eigin heimilum, meðan á náminu stendur, og er ég alveg sannfærður um, að við í Vestmannaeyjum mundum fá fleiri sérmenntaða menn í þessari grein, ef stýrimannaskóli yrði stofnaður þar og starfræktur.

Vegna þeirrar þróunar, sem ég hef hér áður minnzt á í byggingu fiskiskipa, þar sem flest skip, sem nú eru byggð, eru stærri en svo, að hið minna fiskimannapróf veiti réttindi til skipstjórnar eða til að vera stýrimenn á þeim, er ekki óeðlilegt að reikna með, að aðsókn aukist verulega að þeim eina stýrimannaskóla, sem nú getur veitt fullkomin réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum. Ég tel fullkomlega tímabært og það mjög eðlilega og æskilega þróun, að nú þegar verði stofnað til stýrimannaskóla utan Reykjavíkur. Og þegar til álita kemur, hvar sá skóli ætti að vera staðsettur, tel ég, að öll rök liggi að því, að hann verði staðsettur í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjar eru, eins og kunnugt er, stærsta verstöð landsins utan Reykjavíkur, og er þar öll aðstaða til stofnunar slíks skóla, auk þess að Vestmanneyingar ráða yfir skipi, sem án efa gæti komið að miklum notum í sambandi við hagnýta kennslu í skólanum. Ég á hér við hinn nýja hafnsögubát, sem er um 100 tonn að stærð og útbúinn er öllum siglingar- og björgunartækjum, sem yfirleitt er að finna í íslenzkum skip-

um. Auk þess mundu nemendur skólans, ef hann væri staðsettur þar, komast í beina snertingu við fiskveiðarnar og meðferð aflans til lands og sjávar og lifa sig inn í athafnalífið í einni þróttmestu verstöð landsins. Allt slíkt yrði þeim til aukinnar þekkingar og aukinnar reynslu í sambandi við framtíðarstarf þeirra. Og þegar það kemur til viðbótar, að Vestmanneyingar sjálfir eru reiðubúnir að bera allan kostnað af stofnun skólans og af rekstri hans, eins og fram kemur í 13. gr. frv., leyfi ég mér að vænta þess, að þessu frv. verði vel tekið hér á hv. Alþingi.

Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir ástæðunni fyrir flutningi þessa frv. og þeim rökum, sem fyrir því eru, að ráðizt verði í stofnun stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Tel ég rétt þessu til viðbótar að fara nokkrum orðum um einstaka kafla frv.

I. og II. kafli þess eru um markmið skólans og þá fræðslu, sem honum er ætlað að veita, og einnig um deildaskiptingu. Er af þessum köflum frv. þegar ljóst, að skólanum er aðeins ætlað að veita hið svokallaða fiskimannapróf, sem gefur rétt til skipstjórnar á fiskiskipum af ótiltekinni stærð, en hvorki farmannapróf né önnur frekari réttindi. III. kafli frv. fjallar um kennslugreinar, próf, prófdómendur og prófskírteini. Er hér í öllu farið eftir ákvæðum laga um stýrimannaskólann í Reykjavík, að því er fiskimannapróf varðar. Kennslugreinar eru þær sömu þar og námsgreinar, sem próf er tekið í, einnig þær sömu. Svo er einnig um skipun prófdómenda. Er þetta að sjálfsögðu gert til þess að tryggja það, að nemendur hljóti kennslu í öllum sömu greinum og nú eru kenndar undir fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, og einnig, að þeir verði prófaðir í sömu greinum og gert er við burtfararpróf þar og að prófdómendurnir séu skipaðir á sama hátt og við þann skóla, þannig að tryggt sé, að nemendur við fyrirhugaðan stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum hafi hlotið sömu menntun og próf í skólanum verði í engu auðveldari en þau eru við stýrimannaskólann í Reykjavík. Ættu 5. og 6. gr. frv. að tryggja þetta nægjanlega, þannig að óvefengjanlegt væri.

IV. kafli frv. er um almenn inntökuskilyrði. Er þar í öllu fylgt ákvæðum 11. gr. í l. um stýrimannaskólann í Reykjavík, en ég sé, að í prentun hefur fallið niður 2. töluliður 8. gr. Verður þetta lagfært með því að fá frv. endurprentað og útbýta því leiðréttu í samræmi við handrit þess.

V. og VI. kafli eru um kennslutíma, skólastjóra, tölu kennara, menntun þeirra og ráðningu. Gerir 10. gr. ráð fyrir, að auk skólastjóra skuli vera einn fastur kennari og stundakennarar eftir þörfum. Er gerð sama krafa til menntunar skólastjóra og kennara og krafizt er við stýrimannaskólann í Reykjavík. Gerir 10. gr. frv. einnig ráð fyrir, að kennarar skuli taka laun samkv. kjarasamningum við bæjarstjórn Vestmannaeyja, en verði ekki starfsmenn ríkisins. Er þetta í samræmi við 13. gr. frv., sem síðar mun að vikið.

VII. og síðasti kafli frv. er um stjórn skólans, greiðslu kostnaðar við rekstur hans og ákvæði um, að í reglugerð verði nánar kveðið á um tilhögun kennslunnar, próf, einkunnir, kennslutíma o. fl. Í 12. gr. er ákveðið, að yfirstjórn skólans skuli vera í höndum 5 manna skólastjórnar og bæjarstjórn Vestmannaeyja kjósi 4 þeirra, en ráðh. skipi einn, og skal hann vera formaður skólanefndar. Er þetta ákvæði frábrugðið ákvæði gildandi laga um stýrimannaskólann í Reykjavík, þar sem gert er ráð fyrir, að yfirstjórn þess skóla skuli vera í höndum atvmrn. Verður þetta ákvæði að teljast eðlilegt, meðan svo er, að bæjarsjóður Vestmannaeyja greiðir allan kostnað af rekstri skólans. Einnig verður það að teljast eðlilegt, að formaður skólanefndar sé stjórnskipaður, þar sem ætlazt er til, að prófskírteini frá skólanum veiti sama rétt og frá stýrimannaskólanum hér í Reykjavík, sem eins og áður er sagt er undir yfirstjórn atvmrn.

13. gr. frv. gerir ráð fyrir, að kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr bæjarsjóði Vestmannaeyja. Ég vil geta þess, að fyrir liggur, að bæjarstjórn Vestmannaeyja er reiðubúin að leggja þessi útgjöld á bæjarsjóð, og var þetta ákvæði sett inn í frv. með hennar vitund. Má í þessu sambandi geta þess, að bæjarstjórn mun njóta stuðnings fjársterkra félagasamtaka í Eyjum við stofnun skólans og vonandi einnig við rekstur hans, þegar þar að kemur.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði nánar kveðið á um tilhögun um rekstur skólans. Er grein þessi í samræmi við 16. gr. l. um stýrimannaskólann í Reykjavík og því eðlilegt, að reglugerð varðandi skólann í Vestmannaeyjum verði í samræmi við reglugerð stýrimannaskólans hér, að því er varðar fiskimannaprófið.

Ég vil að lokum leyfa mér að benda á, að frv. þetta gerir ekki ráð fyrir neinum útgjöldum úr ríkissjóði, en með frv. er aðeins lagt til, að fyrirhugaður stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum öðlist staðfestingu löggjafarvaldsins, þannig að prófskírteini frá honum veiti lögum samkv. full réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum jafnt og skírteini þau, sem nú eru gefin út af stýrimannaskólanum hér að loknu fiskimannaprófi. Ég vonast fastlega til, að stofnun skólans, ef af verður, verði hvatning til sjómanna í Vestmannaeyjum, yngri og eldri, að afla sér frekari menntunar í starfi sínu og fullra réttinda til skipstjórnar. Fullyrða má, að af hendi bæjaryfirvaldanna verður vandað til stofnunar skólans og rekstrar hans og að engu minni kröfur verða gerðar til menntunar og hæfni forstöðumanns hans og kennara en gert er við stýrimannaskólann hér í höfuðborg landsins.

Vænti ég þess, að frv. þessu verði vel tekið hér á hv. Alþingi og að það fái skjóta fyrirgreiðslu, og leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi lýsa yfir fylgi mínu við þetta frv. í öllum aðalatriðum. Að vísu sýnist mér, að nokkur atriði þess séu þannig, að það komi til mála að breyta þeim. En ég er fylgjandi því máli, sem hér er flutt um það, að komið verði upp stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Það er enginn vafi á því, að það er mikil þörf á því hjá okkur, eins og nú standa sakir, að fjölga skipstjórnarlærðum mönnum, það er verulegur skortur á þeim, sérstaklega á okkar

fiskibátaflota. Þar starfa nú fjöldamargir menn með undanþáguréttindi, og virðist þróunin beinlínis vera sú, að undanþágunum fari fremur fjölgandi frá ári til árs. Ég skal ekki fara út í það hér að ræða það, hvernig stendur á því, að þróunin hefur orðið þessi, en ég hygg þó, að það fyrirkomulag, sem gilt hefur hjá okkur um skipstjórnarmenntun, hafi ráðið hér nokkru um. Það er enginn vafi á því, að það er nokkuð þunglamalegt fyrir alla þá menn, sem vilja leggja fyrir sig skipstjórn, að sækja nám sitt allt hingað suður til Reykjavíkur og að vera bundnir hér í 2 vetur við nám, og reynslan hefur líka orðið þessi, að æðimargir þeir hafa helzt þarna úr lestinni við námið á einn eða annan hátt og orðið síðan að búa við undanþáguréttindi.

Áður fyrr var þessu háttað þannig, að þá mátti segja, að hér væru starfandi að staðaldri skólar, sem útskrifuðu þá skipstjórnarmenn, sem þá var mest hér um að ræða á fiskibátaflotanum, þá væru hér starfandi a. m. k. 3 skólar í einu: aðalskólinn hér í Reykjavík, sem veitti aðstöðu til meira náms, en auk þess voru svo föst námskeið ýmist á Akureyri og Vestmannaeyjum eða á Ísafirði og Neskaupstað, þannig að á þeim námskeiðum gátu menn fengið full skipstjórnarréttindi upp í 75 rúml. stærð, en sú stærð var þá þannig, að það mátti segja, að mikill meiri hluti bátaflotans væri þá undir þeirri stærð. En þróunin hefur nú orðið sú, að þessi námskeið hafa svo til alveg verið lögð niður. Það var greinilegt, að það var um andstöðu á þessum námskeiðum að ræða hjá ýmsum af helztu forustumönnum skólans hér í Reykjavík og þeir töldu heppilegra að fá alla nemendur í þessum greinum hingað suður til náms við þau skilyrði, sem þá voru talin vera bezt hér. En afleiðingarnar hafa ábyggilega að nokkru leyti orðið þær, að margir þeir, sem annars hefðu haldið áfram að læra til skipstjórnar, ef þeir hefðu átt jafnhæga aðstöðu með það og hér var lengst af, þeir hafa látið sér nægja hálft nám eða þá kannske lítið sem ekkert nám, en flotið áfram á undanþáguréttindum.

Það er ekkert um það að villast, að Vestmannaeyjar eru stærsta fiskibátaverstöðin hér á landi og þar er þörf á mörgum sjómönnum og til þess staðar leita líka sjómenn starfa víðs vegar að á landinu. Ég teldi því mjög eðlilegt, að um leið og unnið er að því að bæta nokkuð úr námsaðstöðu í þessum efnum og fjölga skólum, þá verði einmitt Vestmannaeyjar fyrsti staðurinn fyrir valinu. Mér sýnist því mjög eðlilegt að stiga það skref nú þegar, að það verði komið upp sjálfstæðum stýrimannaskóla einmitt í Vestmannaeyjum. Slík ákvörðun væri þá einn þáttur í því að reyna að dreifa nokkuð skólastofnunum um landið, að einbeita þeim ekki öllum hér að Reykjavík, eins og því miður hefur orðið í allt of mörgum greinum. Það er engin þörf á því og hreint ekki æskilegt á neinn hátt að safna hér saman svo að segja öllum framhaldsskólum í landinu. Það eru margir aðrir staðir, sem fyllilega hafa aðstöðu til þess, að þar gætu einnig verið reknir myndarlegir og góðir framhaldsskólar, og ég tel, að í þessari grein væru Vestmannaeyjar fyllilega færar um að halda uppi myndarlegum sjómannaskóla. Ég held, að það þyrfti ekki að verða á neinn hátt til þess að slá skugga á skólann hér í Reykjavík, því að auðvitað mundi mjög fjölmennur hópur manna stunda skólann hér eftir sem áður frá því fjölmenna svæði, sem næst liggur einmitt hér í Reykjavík.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi skóli verði í rauninni eign Vestmannaeyjakaupstaðar, að það verði Vestmannaeyjakaupstaður, sem byggi skólann upp, leggi honum stofnfé og sjái um rekstur hans í rauninni í öllum greinum, aðeins í samráði við stjórnarvöld landsins til þess að tryggja, að þau próf, sem þarna yrðu þreytt, væru í samræmi við próf almennt til skipstjórnarréttinda. Ég tel fyrir mitt leyti, að þetta ætti ekki að vera svona. Ég álít, að það ætti einmitt að stíga það skref, um leið og ákveðið er að koma þessum skóla upp, að þetta ætti að vera hreinn ríkisskóli, ríkið ætti að sjá um að koma skólanum upp alveg eins og öðrum skólum í landinu í flestöllum greinum og að rekstur þessa skóla ætti líka að kostast af ríkinu, eins og aðrir skólar eru kostaðir, en ekki hin leiðin, að einstakur kaupstaður eigi að standa undir þessum skóla einum allra, það tel ég óeðlilegt og óæskilegt. Ég held því, að það ætti að breyta hér þessu ákvæði, en hins vegar skal ég fyllilega meta þann vilja, sem kemur fram hjá bæjarstjórn Vestmannaeyja í þessum efnum. Ég efast ekkert um það, að heimamenn þar eru tilbúnir að leggja talsvert á sig í þessum efnum. En ég sé enga ástæðu til þess, að þessi framhaldsskóli sé tekinn einn út úr í sambandi við skipstjórn eða sjómennsku og það eigi að kosta hann sérstaklega af sveitarfélagi, á sama tíma sem ríkið kostar hliðstæða skóla annars staðar og skóla í ýmsum öðrum greinum að öllu leyti. Það væri líka að mínum dómi fyllilega þörf á því að láta fara fram, um leið og þetta frv. væri samþ., athugun á því, hvernig betur mætti koma fyrir skipstjórnarnáminu að öðru leyti en því að setja upp þennan nýja skóla.

Ég hef lengi verið á þeirri skoðun, að það ætti að vera hægt að sjá svo um, að hægt væri á þó nokkrum stöðum á landinu að halda uppi þeirri kennslu í skipstjórnarfræðum, sem samsvarar fyrri vetrar kennslunni hér í stýrimannaskólanum í Reykjavík. En það er enginn vafi á því, að ef ýmsir af hinum stærri útgerðarbæjum í landinu ættu kost á því, að þar væri haldið uppi sjómannaskóla eða námskeiðum í skipstjórnarfræðum, sem veittu þann rétt, að nemendurnir gætu eftir að hafa lokið prófi frá slíkum skólum eða námskeiðum setzt beint inn í 2. bekk stýrimannaskólans hér í Reykjavík, þá efast ég ekkert um, að það mundi greiða fyrir mjög mörgum að halda áfram þessu námi, því að það er alveg rétt, eins og flm. þessa frv. minntist hér á, að auðvitað greiðir það götu margra í sambandi við svona nám að geta stundað námið að sem mestum hluta heima hjá sér eða í námunda við sitt heimili. Sú kennsla, sem fram fer í 1. bekk stýrimannaskólans hér í Reykjavík, er ekki meiri en svo, að það ætti að vera hægt að koma henni vel fyrir í skólum allvíða á landinu. Þetta atriði tel ég að hefði átt að athuga, um leið og horfið væri nú að því ráði að koma upp sérstökum stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Ég skal svo ekki við 1. umr. þessa máls ræða frekar um málið, en lýsi yfir fylgi mínu við þetta frv. Ég tel, að hér sé tekið á þörfu máli. En ég tel, að eðlilegra væri að vísa þessu máli annaðhvort til menntmn. eða sjútvn., fremur en allshn., eins og hér var gerð till. um.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður til muna, en ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að komið skuli vera fram frv. til laga um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Það hefur tíðkazt mjög hér, þegar settar hafa verið á stofn ríkisstofnanir, þ. á m. skólar, að þá hefur þeim stofnunum verið ætlaður staður í höfuðborginni. Menn virtust lengi vel telja sjálfsagt, að slíkar stofnanir ættu að vera í höfuðstaðnum. Til skamms tíma eða þangað til fyrir rúmum 30 árum var aðeins einn menntaskóli á landi hér, í Reykjavík, og það kostaði mikla baráttu hér á hinu háa Alþingi og utan þings að fá því til vegar komið, að annar menntaskóli yrði stofnaður á Norðurlandi. Síðan hefur það miðað áfram á þessu sviði, að því er varðar menntaskólana, að einnig hefur verið stofnaður menntaskóli á Laugarvatni, og nú er uppi hér á Alþingi till. um menntaskóla á Austurlandi og menntaskóla á Vesturlandi. En vissulega þarf að gera meira í þessa átt. Það þarf að vinna að því, að fleiri æðri menntastofnanir og fleiri þjóðstofnanir verði staðsettar utan höfuðborgarinnar í ýmsum landshlutum, eða a. m. k. einhver grein af starfsemi þeirra. Það er engan veginn sjálfsagt, að þær séu yfirleitt staðsettar á einum stað, og það mun reynast styrkur fyrir landsbyggðina, að slíkum menntastofnunum verði dreift um landið. Með þetta í huga vil ég, eins og ég sagði áðan, lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum skuli vera fram komið. En ég tek undir það, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að mér hefði þótt hlýða, að þessu máli væri vísað til annarrar nefndar, annaðhvort til sjútvn., sem oft hefur fjallað um málefni stýrimannaskólans, eða þá til menntmn. deildarinnar.

Í 13. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr bæjarsjóði Vestmannaeyja.“ Það virðist koma fram, að þeir, sem málum ráða í Vestmannaeyjum, séu fúsir til þess að taka það á herðar bæjarfélagsins að stofna og greiða rekstrarkostnað við þennan skóla, og er það vissulega virðingarvert og sýnir áhuga fyrir málinu. En það er nú svo, að ríkið greiðir yfirleitt kostnað við hinar æðri menntastofnanir. Það er nú svo, og ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að mér sýnist, að ef það verður niðurstaðan, að Vestmannaeyjar beri allan kostnað af þessum skóla, sem stofnaður verður, þá sýnist mér, að það megi ekki vera fordæmi á þessu sviði. Það má ekki þýða það, að ef léð er máls á því að koma upp æðri menntastofnunum einhvers staðar utan höfuðborgarinnar, þá skuli það kosta það fyrir viðkomandi landshluta, að hann eigi að bera stofnkostnað og rekstrarkostnað við þessa stofnun, því að það er fullkomlega eðlilegt, þegar um sams konar starfsemi er að ræða og á sér stað í menntastofnunum höfuðborgarinnar og fólk almennt fær aðgang að, þá beri þjóðfélagið í heild kostnaðinn af því, á sama hátt og það ber kostnaðinn af slíkum menntastofnunum í höfuðborginni. Það vil ég segja almennt um þetta atriði.

Ég skal svo ekki hafa um þetta mál fleiri orð, en auðvitað er það til athugunar framvegis, hvort ástæða væri til að koma upp kennsluaðstöðu, að meira eða minna leyti hliðstæðri, á fleiri stöðum í landinu. Skal ég þó ekki ræða frekar um það hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Hafnargerðir.

Á 81. fundi í Nd., 20. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um hækkun ríkisframlags til hafnargerða [216. mál] (þmfrv., A. 479).

Á 82. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. *of seint fram komið.* — Deildin leyfði með 30 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 479, sem ég hef leyft mér að flytja ásamt 6 hv. þm. í þessari hv. d., fjallar um hækkun ríkisframlags til hafnargerða. Lög þau, sem nú gilda um hafnargerðir og lendingarbætur, fjalla um mörg efni, sem varða hafnir og framkvæmdir í þeim, en í þessu frv. er aðeins lagt til, að gerð verði sérstök ákvörðun um efnisatriði varðandi fjármál hafnanna. Og það er gert ráð fyrir því, að ákvæði þessa frv., ef að lögum verða, verði eins konar bráðabirgðalöggjöf um þessi efni, þangað til sett verður ný heildarlöggjöf um þessi mál.

Í l. þeim, sem ég nefndi áðan og eru nr. 29 frá 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, eins og það er orðað, eru taldir upp 113 hafnarstaðir, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til hafnarframkvæmda. Það er þó ekki svo, að ríkissjóður hafi í reyndinni lagt fram fé til framkvæmda á öllum þessum 113 stöðum. Á allmörgum stöðum hefur aldrei til hafnarframkvæmda komið, þó að þeir staðir séu teknir upp í hafnarlög, og e. t. v. ekki líkur til, að til þeirra komi a. m. k. nú alveg á næstunni. Ég ætla, að samkvæmt gögnum, sem fyrir lágu í árslok 1960, hafi ríkissjóður um það leyti verið búinn að leggja fé fram til framkvæmda á 90 af þessum 113 stöðum eða því sem næst, sums staðar að vísu mjög lágar upphæðir, þar

sem hefur verið um mjög litlar framkvæmdir að ræða. Það getur verið, að þarna hafi orðið einhverjar breytingar á síðan 1960 í árslok, þannig að lagt hafi verið fram fé til einhverra staða síðan, sem ekki hefur verið lagt fram fé til áður, en ég hygg, að þar sé þó ekki um mikla breytingu að ræða.

Í l. um hafnargerðir og lendingarbætur eru þessir 113 staðir flokkaðir í tvennt. Á 35 stöðum eru kallaðar hafnir og hafnargerðir, en á 78 stöðum lendingarbætur. Þarna er ekki í rauninni um eðlismun að ræða í framkvæmdum, og á sumum þeim stöðum, sem taldir eru til lendingarbóta, hefur verið framkvæmt eins mikið eða meira en á sumum þeim, sem taldir eru til hafna. En í l. eru ákvæði um nokkru hærra ríkisframlag til lendingarbótanna, á meðan samanlagður kostnaður við framkvæmd þeirra fer ekki fram úr ákveðinni upphæð, sem í l. er 1 millj. og 600 þús. kr. Reglurnar eru þær samkv. gildandi l., að ríkissjóður greiðir 40% af framkvæmdakostnaðinum nema við lendingarbætur, á meðan framkvæmdir þar ekki fara fram úr 1600 þús. kr., þar greiðir hann 50% af kostnaðinum. En yfirleitt er þarna um að ræða nú orðið greiðslu 40% kostnaðar úr ríkissjóði, því að þar sem um verulegar framkvæmdir er að ræða, er kostnaðurinn kominn fram úr 1600 þús. kr. Jafnframt er í l. ákvæði um, að ríkisstj. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast þann hluta kostnaðarins, sem umfram er ríkisframlagið, ef hafnarsjóðirnir eða sveitarfélögin, sem standa bak við þá, taka slík lán, og mun sú heimild yfirleitt hafa verið notuð.

Nú er það svo, að kostnaður við hafnarframkvæmdir, eins og þær nú tíðkast, er mjög mikill, ef um verulegar framkvæmdir er að ræða. Og það hefur sýnt sig, að hafnarsjóðirnir eða sveitarfélögin, sem þar eiga hlut að máli, hafa átt mjög örðugt með að standa straum af þeim lánum, sem tekin hafa verið með ríkisábyrgð til framkvæmdanna. Þetta er öllum hv. þm. kunnugt. Mjög víða, kannske víðast, hafa hafnarsjóðir ekki getað, þegar orðið var um miklar upphæðir að ræða, greitt nema þá að einhverju leyti vexti og afborganir af þeim lánum, sem ríkissjóður hefur tekið ábyrgð á, og hefur ríkissjóður þá orðið að borga af lánunum. Og þetta er líka mjög skiljanlegt, þegar þess er gætt, að hafnarframkvæmdirnar eru yfirleitt við það miðaðar, að útgerð og annað atvinnulíf eflist á þeim stöðum, þar sem framkvæmdirnar eru, og að hafnarsjóðirnir hafi þá tekjur af meiri umferð um höfnina síðar meir heldur en þeir nú hafa, og þessar tekjur eru náttúrlega engan veginn komnar til notkunar, meðan höfn er í smíðum, sums staðar á byrjunarstigi og víðast engan veginn fullgerð. Þessar skuldir við ríkissjóð vegna greiðslu á vöxtum og afborgunum á ríkisábyrgðarlánum hafa svo safnazt saman sem skuldir hafnarsjóðanna eða sveitarfélaganna við ríkissjóð, og nú fyrir skömmu var gerð tilraun til þess að gera upp þessar skuldir, um það leyti sem l. um ríkisábyrgðasjóð voru sett. Það, sem þá gerðist, mun yfirleitt hafa verið það, að farið var yfir skuldalista hafnanna, og þar sem mikið hafði safnazt og greiðslugetan var talin lítil, þá var víða ákveðið að gefa eftir einhvern hluta af skuldunum, en hafnarsjóðirnir að öðru leyti látnir gefa út ný skuldabréf til greiðslu á því, sem ekki var strikað út. Hér er í raun og veru ekki um verulega breytingu að ræða. Hafnir þær, sem hafa ekki getað staðið straum af lánum áður, geta sjálfsagt ekki frekar staðið straum af hinum nýju skuldabréfum, og greiðslugetan í sambandi við ný lán, sem tekin hafa verið síðan til næstu framkvæmda, er auðvitað einnig takmörkuð. Þá hefur verið farið nokkuð inn á þá leið, enda heimilað samkv. l. um ríkisábyrgðir, að taka upp í þessar greiðslur meiri eða minni hluta af því tillagi, sem hlutaðeigandi sveitarfélög áttu að fá af söluskatti. Ríkið hefur tekið það undir sjálft sig til greiðslu á þessum skuldum. Ég veit ekki, hvað mikið hefur verið að þessu gert, en ég veit, að nokkuð hefur verið að því gert. Og það verður í raun og veru að teljast ekki alls kostar æskileg aðgerð, því að sveitarfélögunum var að sjálfsögðu ætlaður þessi hluti af söluskattinum til að standa straum af almennum þörfum, ekki þessum fremur en öðrum. En við örðugleika hafnargerðanna við að standa undir ríkisábyrgðarlánunum bætist svo það, að ríkissjóður hefur ekki haft tök á að standa skil á sínum hluta af hafnargerðarkostnaðinum jafnóðum, og þá hafa safnazt skuldir til bráðabirgða, sem engin ríkisábyrgð er fyrir, en bráðabirgðalán tekin á einn eða annan hátt út á væntanlegt lögboðið ríkisframlag. Að vísu er jafnan gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði að fullu sitt framlag, og öðru hverju hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess við afgreiðslu fjárlaga að minnka skuld ríkissjóðs við hafnarsjóðina, sem af þessu stafar. En eigi að síður eykur þetta enn á erfiðleika hafnarsjóðanna, að ríkið skuli ekki geta greitt jafnóðum framlag sitt, eins og lög standa til. Nú er það auðvitað svo, að sá möguleiki er náttúrlega fyrir hendi, án tillits til hafnarlaganna eða ákvæða í þeim, að koma afgreiðslu fjárlaga í það horf, að ekki standi á greiðslu ríkisframlagsins, og þyrfti það auðvitað að verða og þarf að verða, jafnvel þó að til þess þyrfti að fara inn á þá leið, að ríkissjóður tæki eitthvað af lánum til þess að standa straum af sínum framlögum. En jafnvel þó að afgreiðslu fjárlaga væri komið í það horf, að ríkissjóður gæti greitt jafnóðum þessi 40 eða 50%, venjulega 40% af hafnargerðarkostnaðinum, þá nægir það ekki. Öllum þorra hafnarsjóðanna eða sveitarfélaganna er sem sé ofviða að standa straum af lánum, sem nema 60% af framkvæmdakostnaði. Og það er meðal annars af þeim ástæðum, sem ég nefndi áðan, að hafnirnar eru flestar í smíðum og ekki farnar að hafa þær tekjur, sem gera verður ráð fyrir eða menn hafa a. m. k. von um að þær hafi síðar. Þess vegna er hætt við því og nokkurn veginn víst, að ef ekki er að gert, þá endurtekur sig hin sama saga, að hafnirnar geta ekki sjálfar staðið straum af vöxtum og afborgunum af lánum, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, og ríkið verður þá að borga af lánunum, að svo miklu leyti sem ekki er gripið til þessa mjög svo óæskilega úrræðis, að taka af söluskattshluta sveitarfélaganna upp í þessar greiðslur. Þessar greiðslur lenda því að meira eða minna leyti á ríkissjóði, ef þessar framkvæmdir eiga að

halda áfram með eðlilegum hætti, og fara vaxandi, eins og þær þurfa að gera, en með fremur leiðinlegum hætti og nokkuð tilviljanakennt, því að vera má, þó að ég sé því ekki nægilega kunnugur til þess að geta um það dæmt, að sumar sveitarstjórnir leggi e. t. v. harðar að sér en aðrar eða að sínum gjaldendum til þess að reyna að standa í skilum með greiðslur af þessum lánum, enda þótt þeim sé það ofviða og takist ekki í raun og veru. Þess vegna er það, sem við flm. viljum leggja til nú, að hér verði gerð breyting á og að framlag ríkisins verði beinlínis hækkað með l. mjög verulega frá því, sem það er nú. Og mætti þá vænta, að eitthvað dragi úr því a. m. k., að hafnarsjóðirnir eða sveitarfélögin gætu ekki staðið straum af lánunum.

Nú er það svo, að fyrir nokkrum árum, eða árið 1958, að ég ætla, fól Alþingi ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á l. um hafnargerðir og lendingarbætur svo og á l. um hafnarbótasjóð og enn fremur að láta gera framkvæmdaáætlun til 10 ára um hafnargerð hér á landi. Þetta verk var unnið á sínum tíma. Það var af ríkisstj. falið sérstakri n., sem þá var starfandi, atvinnutækjanefnd, í samráði við vitamálastjóra að vinna þetta verk, og frv. til nýrra laga um hafnargerðir var afhent hæstv. ríkisstj. haustið 1961 ásamt þeirri áætlun, sem gert hafði verið ráð fyrir í þál. Síðan hefur þetta mál, þ. e. a. s. frv. til nýrra hafnarlaga, verið í athugun hjá ríkisstj., og við flm. þessa frv. höfum ekki haft af því neinar spurnir, að í ráði sé að leggja frv. til nýrra hafnarlaga fyrir þetta þing. Nú er það auðvitað svo, eins og ég sagði áðan, að hafnarlögin eru allumfangsmikil löggjöf, sem tekur til fjölda atriða, og má segja, að það sé ekki óeðlilegt, að ríkisstj. ætli sér nokkuð langan tíma til athugunar, áður en hún leggur frv. til slíkrar löggjafar fyrir Alþingi, þótt sú undirbúningsvinna hafi raunar verið unnin, sem ég nefndi hér áðan. Við höfum ekki, flm. þessa frv., viljað færast það í fang að flytja hér frv. til nýrra hafnarlaga. En við teljum, að það þoli nú ekki lengri bið að gera breytingar á ákvæðunum um hluta ríkisins í framkvæmdakostnaði. Það er raunar fleira, sem ekki þolir langa bið. T. d. þyrfti einnig í löggjöf að sjá betur fyrir möguleikum hafnanna til þess að afla sér lána, en ekki hafa þá möguleika eins tilviljunarkennda og þeir nú eru. En við höfum samt ekki lagt í það að taka inn í frv. okkar ákvæði um öflun lánsfjár til hafnanna, viljum hins vegar fastlega vænta þess, að þegar að því kemur, að ríkisstj. leggur fram frv. um þessi mál, þá muni það ásamt öðru fjalla um þetta efni. En við höfum takmarkað efni þessa frv. við þetta atriði eitt, sem ég nefndi áðan, þ. e. a. s. hluta ríkisins í framkvæmdakostnaði.

Við leggjum til í frv. á þskj. 479, að framlag ríkisins til tiltekinna framkvæmda, sem þar eru nefndar, verði hækkað úr 40—50%, eða 40%, eins og yfirleitt er nú í reynd, upp í 65% af kostnaði, þannig að ríkissjóður taki að sér, ef frv. verður að lögum, 25% af framkvæmdakostnaði umfram það, sem það nú greiðir. Þessar framkvæmdir, sem frv. fjallar um, eru samkv. 1. gr. hafnargarðar, þ. e. a. s. öldubrjótar, bátakvíar, ein afgreiðslubryggja í hverri höfn með allt að 150 m legukanti, dýpkun á siglingaleið í hafnarmynni og að bryggju hafnarsjóðs, og enn fremur til fyrstu framkvæmda á hverjum stað, á meðan ekki er varið til þeirra meira fé en 3 millj. kr. Þetta síðasta ákvæði, sem ég nefndi, er í raun og veru sniðið eftir núv. ákvæðum um lendingarbætur. Þessar framkvæmdir, sem nú hafa verið taldar, eru þær hafnarframkvæmdir, sem yfirleitt eru bráðnauðsynlegastar á hverjum stað og jafnframt dýrastar, þar sem eru sjálfir hafnargarðarnir, sem mjög víða þarf að byggja eða víðast hvar, þó ekki alveg alls staðar, til þess að mynda skjól gegn hafsjó, og bátakvíar, sem þarf að gera víða inni í höfnunum þrátt fyrir aðalhafnargarðana eða öldubrjótana til þess að skapa skjól fyrir fiskibátana í hverri höfn, enn fremur aðalafgreiðslubryggja staðarins og nauðsynlegustu dýpkanir, en allvíða þarf að dýpka hafnir og innsiglingu hafna, og sums staðar er það ein aðalframkvæmdin, þ. e. a. s. dýpkunin, en það fer mjög eftir staðháttum á hverjum stað. Fyrir utan þetta er að sjálfsögðu í höfnum um ýmsar aðrar framkvæmdir að ræða, sem eru ekki teknar hér upp, og biður þá síðari tíma að kveða nánar á um framlög til þeirra. En þetta eru þær framkvæmdirnar, sem yfirleitt skiptir mestu máli, að hægt sé að koma upp víðast hvar, og jafnframt eru dýrastar.

Í samræmi við þessi ákvæði 1. gr. leggjum við til í 2. gr., að ákvæðin um ríkisábyrgðina breytist með tilliti til þess, að hluti ríkisins hækkar, og er það aðeins eðlileg afleiðing af hinu fyrra.

Það má segja, að ekki sé mjög langt síðan hafnargerð hófst hér á landi. Það er ekki fyrr en á 19. öld, að byggð tekur yfirleitt að færast í það horf, sem nú er á verzlunarstöðum og sjávarþorpum. Hin nýju sjávarþorp urðu þá jafnframt verzlunarstaðir fyrir þá, sem þar bjuggu, og næsta nágrenni, þótt aðrir staðir væru betur settir sem aðalverzlunarmiðstöðvar í héraðinu og héldu áfram að vera það. En í þessum gömlu verzlunarstöðum víðs vegar um land var líka oftast frá ómunatíð einhver útgerð eða þá að til hennar var stofnað, jafnhliða því sem byggð ól, oft í sambandi við verzlunina. Elztu mannvirki í höfnum hér á landi voru að sjálfsögðu aðallega miðuð við afgreiðslu flutningaskipa. Enda var þeim mannvirkjum í þann tíð einkum komið upp á vegum hlutaðeigandi verzlana, sem fluttu vörur að og frá landinu. Þá voru víða byggðar trébryggjur, sem uppskipunarbátar og á einstaka stað flutningaskipin sjálf gátu lagzt við, og eru víst víða ekki glöggar sögur af því, hvenær slíkar bryggjur hafa fyrst verið byggðar, en eflaust hefur það verið mjög snemma. Víða notuðust menn þó lengi við lausabryggjur, sem dregnar voru á land, þegar afgreiðslu skipa var lokið. En þar sem hvorki var föst bryggja né lausabryggja, var ekki um annað að ræða fyrr á tímum en vaða með vörurnar milli báts og lands og með það, sem flytja þurfti frá landi, hvort sem var svokölluð vara eða fiskurinn úr sjónum, nema þar sem svo hagaði til, að aðdjúpt var og hægt að leggja bát við klöpp. Það er ekki fyrr en vélknúin fiskiskip koma til sögunnar upp úr síðustu aldamótum, að byrjað er að hugsa fyrir hafnarmannvirkjum í þágu fiskveiðanna sérstak-

lega, en þá var sums staðar byrjað að koma upp bryggjum á vegum útgerðarfyrirtækja.

Á þessari öld hefur þróunin hins vegar orðið sú, að segja má, að nú séu fiskihafnir efst á dagskrá, þegar rætt er um hafnarmál hér á landi, eins og glöggt kemur fram í ályktun Alþingis frá 1958, sem ég nefndi áðan. Sú áætlun, sem Alþingi stofnaði til 1958, er raunar ekki fyrsta áætlunin um hafnargerð hér á landi. Hinn 12. ágúst 1915, eða fyrir 48 árum, var á Alþingi samþ. svo hljóðandi þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að láta hafnarverkfróðan mann á næstu árum skoða leiðir og lendingar í helztu verstöðum landsins eða í nánd við þá, þar sem fiskveiðar eru reknar haust og vetur, hvort það er á smáum eða stórum bátum, og gera kostnaðaráætlanir um hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum. Rannsóknir þessar skulu fara fram í samráði við Fiskifélag Íslands og samkv. áliti þess um, hvar arðsamast er og þýðingarmest fyrir fiskveiðar vorar, að hafnir séu gerðar eða lendingarbætur."

Það var árið 1915 eða fyrir nálega fimm tugum ára nú að telja.

Eftir að lokið var byggingu hafnargarða og hafskipabryggju í Reykjavík, en þær framkvæmdir áttu sér stað á árunum 1913—1917, var danskur verkfræðingur, sem hafði verið yfirverkfræðingur þar, Kirk að nafni, ráðinn til þess af ríkisstj. að framkvæma rannsókn þá og áætlunargerð, sem gert var ráð fyrir í þáltill. Kirk verkfræðingur vann að þessari rannsókn árin 1918 og 1919, aðallega á sumrin, og fór í því skyni víða um land og athugaði hafnarstæði, eftir því sem voru tök á í þann tíð. Athugun hans tók til 42 staða. Þessi útlendi maður lézt, áður en honum hafði unnizt tími til að ganga frá áliti sínu nema að nokkru leyti, en þá var öðrum verkfræðingi, sem síðar var hér lengi vita- og hafnarmálastjóri, falið að semja skýrslu um málið, og sú skýrsla var prentuð árið 1922 og er því til. Hún tekur til 49 staða. Þessari skýrslu fylgdu uppdrættir af 20 stöðum, enn fremur yfirlit svokallað, samið á vegum Fiskifélagsins, um helztu verstöðvar Íslands 1918 og útdráttur úr skýrslu Bjarna Sæmundssonar fiskifræðings um fiskirannsóknir við Reykjanes. Það var ekki fyrr en þessi áætlun hafði verið birt og raunar ekki fyrr en alllöngu síðar, sem hafnargerð hófst almennt hér á landi.

Í þeirri áætlun, sem gerð var árið 1961, ætla ég, að hafi verið gert ráð fyrir hafnarmannvirkjum á nokkru færri stöðum en ríkið hefur lagt fé til fyrr og síðar. Þörfin fyrir hafnargerð er mjög víða, bæði vegna verzlunarinnar, flutninga á sjó og þó einnig og kannske fyrst og fremst a. m. k. mjög víða vegna fiskveiðanna. Það er talið í opinberum skýrslum, að sjávarafli síðustu ára hafi verið lagður á land á rúmlega 60 stöðum í öllum landshlutum. Segja má, að þessar fiskihafnir séu álíka margar í landsfjórðungunum, en þó er þar nokkur munur á. Eitt helzta skilyrðið til þess, að hægt sé að stunda fiskveiðar hvar sem er, er það, að skipin, sem stunda veiðarnar, hvort sem þau eru stór eða smá, hafi viðhlítandi höfn. Og á því byggjast vaxtarmöguleikar margra þeirra þéttbýlisstaða eða flestra, sem risið hafa við sjóinn, að viðhlítandi hafnargerð verði lokið. Og vöxtur byggðarlaganna í heild byggist mjög á þessu, ekki aðeins sjávarplássanna, heldur einnig strjálbýlisins í kring. Þessi sjávarpláss mynda yfirleitt hina svokölluðu þéttbýliskjarna, sem nú tíðkast mjög að tala um í sambandi við þróun landsbyggðar, og er einmitt mikið um það talað um þessar mundir, að landið skiptist með eðlilegum hætti í svo og svo mörg þróunarsvæði og að í hverju þróunarsvæði þurfi að vera þéttbýliskjarni. Í seinni tíð hafa að vísu risið ýmis þorp alllangt frá sjó, t. d. á krossgötum sums staðar, og má gera ráð fyrir, að slíkum þorpum, sem þá mundu einnig teljast þéttbýliskjarnar, fjölgi. En fyrst um sinn munu það fyrst og fremst verða þessir bæir og þorp við sjóinn, sem verða þéttbýliskjarnar byggðarlaganna eða héraðanna eða þróunarsvæðanna eða hvað við viljum kalla það. Og allir þessir staðir byggjast á því fyrst og fremst um þessar mundir og þeirra vaxtarmöguleikar, að þar verði viðhlítandi höfn. En við vitum vel, að alhliða er þannig ástatt í verstöðvum t. d., að þegar verulega vond veður gerir af vissri átt, þá er skjólið í höfninni ekki meira en það, að fiskimennirnir geta ekki yfirgefið skip sín, þegar að landi er komið, til þess að hvílast á heimilum sínum milli róðra, heldur verða þeir að vera um borð í skipunum og hafa vélar í gangi til þess að vera til taks, ef hætta er á ferð. Það er ekki fýsilegt að búa við slíkt fyrir þá, sem það þurfa að gera. Og sem betur fer er það ekki alls staðar svo, en of víða og sums staðar á stöðum, þar sem um mikla útgerð er að ræða.

Ég veit það, og við gerum okkur það ljóst, flm., að í sumum sjávarplássum hér við land veltur framtíð byggðarinnar áreiðanlega mjög á því, hvort þar getur orðið um að ræða á næstu árum verulegar hafnarframkvæmdir. Ef ekki getur úr því orðið og ef menn sjá ekki hilla undir þær á næstunni og möguleika til þess að ráðast í þær, flytur fólkið burt úr þessum sjávarplássum og þar standa aðeins eftir sveitabæirnir, sem þar voru í öndverðu, eða engin mannabyggð. Það er því áreiðanlegt, að það er mikil þörf á því að gefa þessu máli fullan gaum, hvernig sem á það er litið, hvort sem litið er á það út frá brýnni þörf þeirra, sem sjóinn stunda í dag á einstökum stöðum, eða út frá landsbyggðar- og jafnvægissjónarmiðum. Gerð hafna, nægilega margra, víðs vegar á ströndum landsins, nægilega góðra hafna, er eitt öruggasta ráðið til þess að stuðla að viðhaldi og eflingu landsbyggðar hér á landi.

Með þessum orðum skal ég svo láta máli mínu lokið, en ég vil mega vænta þess fyrir hönd okkar flm., að þessu máli verði tekið með skilningi af hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. og að menn geti á það fallizt, þótt það kosti nokkurt fé, að því er virðist í fljótu bragði, að gera þessa bráðabirgðabreytingu, sem kalla mætti, á hafnarlögunum, þangað til tími hefur unnizt til þess að ganga frá hafnarlöggjöf í heild. Og ég vil endurtaka það, sem ég ræddi hér um áðan, að ég geri ráð fyrir því, að í raun og veru, svo framarlega sem hafnargerð á að halda áfram með eðlilegum hætti, sé hér ekki um að ræða verulega útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð, heldur fyrst og fremst, að í staðinn fyrir það fé, sem hann nú greiðir

sem vexti og afborganir af lánum, sem komin eru í vanskil, greiði hann þegar frá öndverðu stærri hluta af stofnkostnaði hinna einstöku hafna.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 27. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

50. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Á 90. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins [225. mál] (þmfrv., A. 568).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

51. Húsnæðismálastofnun o. fl. (frv. HV o. fl.).

Á 76. fundi í Sþ., 11. maí, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl. [228. mál] (þmfrv., A. 655).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

52. Sala Litlagerðis í Grýtubakkahreppi.

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi [28. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem nú er tekið til umr., á þskj. 28, er shlj. frv., sem ég flutti í þessari hv. d. á síðasta Alþingi. Það var samþ. hér í d., en dagaði uppi í hv. Nd. Nú er frv. flutt af mér og hv. 8. landsk. þm. í félagi. Það snertir málefni, sem tilheyrir okkar heimahéraði, og við þekkjum báðir málavexti og erum sammála um, að rétt sé, að Alþingi heimili þá ríkisjarðarsölu, sem frv. fer fram á að leyfð verði. Ég gerði í fyrra grein fyrir þessu máli og tel mig þess vegna geta verið stuttorðari nú.

Jörðin Litlagerði er í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Hún er norðan Fnjóskár í svonefndu Dalsmynni. Þjóðvegurinn í Dalsmynni liggur um land Litlagerðis, svo að ekki getur jörðin talizt illa sett til vegar, en hún er landlítil og tún fremur óþægilega brattlent. Jörðin hefur verið í eyði nú um nokkur ár. Síðasti ábúandi fór þar frá hálfsmíðuðu íbúðarhúsi, eða viðbót við íbúðarhús, og liggja húsin nú undir skemmdum, eins og geta má nærri, þegar engin er þar höndin til að halda við og þessi nýja bygging hálfsmíðaða er hálfköruð. Það hefur verið reynt að fá ábúanda á jörðina, en ekki tekizt. Jarðeigandinn er ríkið, og hann hefur heldur ekkert fyrir jörðina gert, hvorki til viðhalds þessi ár né umbóta, enda má segja, að fjárráð jarðeignadeildarinnar hjá ríkinu séu nú þannig, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því, að hún kosti miklu til þeirra jarða, sem ekki eru í byggð.

Nú vill svo til, að Jóhann Skaftason sýslumaður í Þingeyjarsýslu og bæjarfógeti á Húsavík er fæddur á þessu býli og alinn þar upp; foreldrar hans bjuggu þar lengi. Jóhann Skaftason ber hlýjan hug til æskustöðva sinna, og hann vill gera tilraun til „að gera jörðinni til góða“, eins og hann hefur orðað það, svo að hún verði byggilegri, kosta til þess eigin fé og leggja sig fram um að koma kotinu aftur í byggð. Frv. er flutt, bæði í fyrra og núna, samkv. ósk hans. Ekki ætlar Jóhann Skaftason sjálfur að setja upp bú þarna, því að hann hlýtur að hafa sitt setur á Húsavík sem bæjarfógeti, og sumarbústað hefur hann reist sér að Skarði í Dalsmynni, en þar hafa ættmenn hans lengi búið. Engar eru líkur til, að Jóhann Skaftason geti grætt peninga á því að eignast Litlagerði. Hins vegar vill hann fórna peningum fyrir þessar bernskustöðvar sínar. Það er mjög eðlilegt, að hann vilji fá full eignarumráð yfir kotinu, um leið og hann tekur sér fyrir hendur að gera því til góða og reyna að koma því úr eyði í ábúð. Fullur ráðstöfunarréttur er honum auðvitað nauðsynlegur í því sambandi.

Við það er að stríða í þjóðfélaginu, að menn yfirgefa staðfestu sína í sveitum og jarðir fara í eyði. Flest þykir arðvænlegra nú en verja fé sínu til jarðarkaupa. Ríkið á margt jarða, sem það kemur ekki í búskaparnot. Ég get ekki betur séð en það sé fágætt tækifæri að selja Jóhanni Skaftasyni sýslumanni þessa ríkisjörð, Litlagerði, til þess að hann leggi fram fé sitt til umbóta þar og einnig áhuga sinn til að fá þangað ábúanda. Auk þess er sá ræktarhugur, sem fram kemur hjá honum í því að vilja gera þetta, svo virðingarverður, að hann verðskuldar góðar undirtektir Alþingis. Hvers vegna ætti ríkið ekki að þiggja aðstoð sjálfboðaliðans í þessum efnum?

Á síðasta Alþingi athugaði landbn. þessarar hv. d. frv. og leitaði álits jarðeignadeildarinnar hjá stjórnarráðinu, Landnáms ríkisins og hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi. Svör þessara

aðila allra voru jákvæð, eins og kemur fram í nál. n. Í nál. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur leitað umsagnar Landnáms ríkisins og jarðeignadeildar um frv. og fengið þaðan nauðsynlegar upplýsingar um jörðina. Jarðeignadeildin telur ekki ástæðu til að hafa á móti að heimila söluna. Landnámsstjóri telur litlar líkur til, að jörðin byggist, og er því hlynntur, að jörðin sé seld með það fyrir augum, að kaupandi geri á henni umbætur. Í þriðja lagi hefur n. borizt símskeyti frá hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, þar sem hún mælir með sölu jarðarinnar án skilyrða af hálfu hreppsnefndar."

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði eftir 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 138).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um sölu Litlagerðis í Grýtubakkahreppi var flutt hér á Alþingi í fyrra og afgreitt út úr þessari deild samhljóða, en dagaði uppi í Nd. Það voru viðhöfð venjuleg vinnubrögð við afgreiðslu þessa máls í nefnd í fyrra. Það var sent til umsagnar, bæði jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, sem mæltu eindregið með, að þessi sala yrði leyfð. Einnig lágu fyrir meðmæli frá hreppsnefndinni í Grýtubakkahreppi. Þetta frv. var afgreitt úr landbn. 13. des. í vetur shlj., og mælir n. með, að það verði samþykkt. En við þessa umr. er rétt að geta þess, að til n. hefur borizt ósk frá landbrn. um að tengja við þetta frv. sölu á hluta úr annarri jörð, sem er Miðhús í Egilsstaðahreppi, og heimila Skógrækt ríkisins, sem er eigandi Miðhúsa, að selja ábúandanum þar, Halldóri Sigurðssyni, hluta úr þessari jörð. Bréf þetta hefur ekki borizt landbn. fyrr en núna rétt um helgina, og landbn. hafði ekki tíma til að leita sér þeirra upplýsinga um þetta mál, sem venjulegt er að gera, og á fundi í morgun ákvað hún því að fresta afgreiðslu þess úr nefnd og áskilur sér rétt til þess að tengja það við þetta frv., sem hér liggur fyrir, við 3. umr. málsins, að ósk landbrn., ef henni sýnist við nánari athugun, að sú leið sé eðlileg og skynsamleg. Eins og fyrr er sagt, leggur landbn. til, að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 45. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 57., 58. og 59. fundi í Nd., 17., 18. og 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 24. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 28, n. 264).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og hefur hlotið samþykki þeirrar hv. d., en það er um sölu eyðijarðarinnar Litlagerðis í Grýtubakkahreppi.

Það hafa legið fyrir hv. landbn. Ed. umsagnir nokkurra aðila um þetta mál. Það er umsögn landnámsstjóra, umsögn jarðeignadeildar ríkisins og enn fremur umsögn hreppsnefndar í Grýtubakkahreppi, og allar þessar umsagnir eru meðmæltar frv. Þarna er um að ræða litla jörð, sem er áfallasöm vegna skriðuhættu og snjóflóða, og eins og nú er, hefur jarðeignadeildin haft nokkurn kostnað af að eiga hana. Það eina, sem telja má kannske þessari jörð til gildis nú, er, að það fylgir henni nokkur silungsveiði í Fnjóská, en þar er þó um mjög lítið svæði að ræða, þar sem jörðin er mjög landlítil.

Ég sé ekki ástæðu að fara mörgum orðum um þetta. Það varð hins vegar ekki samstaða í hv. landbn. Nd. um þetta mál, og ef þeir nm., sem skrifuðu ekki undir þetta álit, telja ástæðu til, gera þeir grein fyrir sinni afstöðu hér á eftir, en mér skildist þó, að þeirra sérstaða mundi kannske frekast vera byggð á því, að það er venja með sölu á slíkum jörðum, að þær séu seldar ábúendum, en ekki er hér um það að ræða, þar sem jörðin er í eyði. En sem sagt, eins og fram kemur í nál. meiri hl., leggjum við til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, IngJ, JSk, JP, MB, AJ, KJ, US, SE, SvJ, ÞÞ, JóhH, ÁÞ, BF, ÓskJ, EI, EmJ, GuðlG, GÞG.

nei: LJós, RA, BGr, EOl.

SkG greiddi ekki atkv.

16 þm. (HÁ, HV, IG, JR, MÁM, PS, SÁ, BBen, BP, DÓ, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GíslG, GunnG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég bað um nafnakall til þess að geta gert grein fyrir atkv. mínu. Ég missti því miður af umr. um málið, en ég hafði jafnvel hugsað mér að flytja brtt. við þessa 1. gr., og það verður þá tækifæri til þess, ef vill, við 3. umr. Með þessum fyrirvara greiði ég atkv. með greininni og segi já.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít, að ríkið ætti frekar að kaupa allar þær eyðijarðir, sem nú eru til á Íslandi, heldur en að selja þær fáu þjóðjarðir, sem enn þá eru eftir, og segi þess vegna nei við þessu.

2. gr. samþ. með 17:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 28, 313).

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og ég vék lítillega að með grg. við atkvgr. við 2. umr., hef ég nú flutt smábrtt. við þetta frv. á þskj. 313, og hún er í raun og veru í samræmi við það, sem ég held að ég hafi áður látið koma fram, að ég teldi óeðlilegt að miða heimild til sölu á jörðum ríkisins við tilteknar persónur, einstaka menn. Því hef ég lagt til á áðurnefndu þskj., að á eftir orðunum „sýslumanni Þingeyjarsýslu" komi: eða öðrum, — og verður frv. þá, ef þessi breyting verður samþykkt, að almennri heimild til þess að selja þessa jörð.

Ég get fyllilega metið þann hugsunarhátt, sem fram kemur í grg. hjá flm. og sagður er liggja á bak við ósk sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um að kaupa þessa jörð, að vilja hlúa að henni og gera henni til góða. Með umorðun á frv. eins og það er, þar sem þessu er ekki beinlínis breytt í almenna heimild, nafn sýslumanns sérstaklega í frv. áfram, þó að almennari heimild sé tekin með, þá er aðstaða til þess að kanna, hvort aðrir hafi áhuga fyrir kaupum á jörðinni, og það kann að hafa nokkra þýðingu í sambandi við þær verðhugmyndir, sem fram koma. Eins er ekki alveg útilokað, að nokkur breyting geti orðið á óskum eða vilja eins tiltekins manns til þess að kaupa jörð, þó að hún sé einu sinni fram sett, og ef svo væri, væri frv. tengt við hans eigið nafn ekki lengur um heimild til sölu jarðarinnar, ef hann gengi frá. Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því, að ég hef leyft mér að flytja þessa brtt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ekki vegna þess, að ég hafi út af fyrir sig eitthvað sérstakt að athuga við söluna á þessari jörð frekar en öðrum þjóðjörðum, heldur hitt, að mér finnst tími til kominn, að það sé farið að stöðva þessa sölu þjóðjarða, og þess vegna tek ég hér til máls og flyt till. í sambandi við þetta. Að vísu bregður nokkuð út af með þetta frv., sem hér er, að venjulega hefur það verið svo, að þær þjóðjarðir, sem fram að þessu hafa verið seldar, hafa verið seldar sínum ábúendum, eða þá að þær hafa verið seldar til þess að leggja þær að einhverju leyti undir jörð þess bónda, sem býr þar næstur, og með hvoru tveggja þessu mætti þó segja, að það væri verið að halda þeirri reglu, sem raunverulega var undirstaðan undir sölu þjóðjarðanna, að það væru þeir menn, sem ynnu á jörðinni, sem ættu að eiga hana.

Ég held, að það sé tími til kominn, að Alþingi fari alvarlega að athuga sinn gang í sambandi við þessi mál. Það er að verða svo nú, sérstaklega þegar kynslóðaskipti eru nú að verða í landbúnaðinum, að það er að verða fullerfitt fyrir bændur og sérstaklega þó börn þeirra að taka við jörðunum með einstaklingseignarrétti á þessum jörðum, þegar um er að ræða t. d. allmörg systkini, og þá á að meta jörðina til fjár, kapitalisera hennar andvirði, þá er það venjulega svo, að eitt systkini hefur varla efni á að kaupa hana upp á að reisa þar bú. Ég veit þess dæmi, að þessir erfiðleikar eru miklir og það með jörð, sem ekki er mjög langt hér frá og liggur vel í sveit, mikil og góð jörð og mörg systkini, sem eiga þá jörð, og það systkinanna, sem helzt treystir sér til þess að taka við henni, rís ekki undir því að kaupa hana af hinum systkinunum. Jafnvel hin systkinin eru helzt á því að gefa þessu eina systkini jörðina, vegna þess að þeim er ljóst, að eigi að fara að reikna jörðina með fjármögnuðu verði, ef ég má nota það orð, sem sé kapitalísera það, þá er það ofvaxið, þá er það of mikil byrði fyrir þann bónda, sem á að vinna á jörðinni, að eiga að borga af henni vexti og annað slíkt.

Það er að verða þannig, að það er að verða lífsnauðsyn, til þess að búreksturinn þrífist og haldi áfram í landinu, að enginn bóndi þurfi að reikna sér neitt afgjald af þeirri jörð, sem hann býr á. Það er nógu erfitt fyrir hann að sjá um ræktunina þar, sjá um að koma upp húsum og halda þeim við. En jörðin sjálf á í raun og veru ekki að reiknast sem andvirði. Og þetta verður raunverulega ekki framkvæmt, þegar til lengdar lætur, með öðru móti en því, að það sé raunverulega þjóðin, sem eigi jarðirnar, en að bændurnir og þeir, sem búa á þeim, og þeir, sem vinna á þeim, hafi á þeim erfðaábúð endurgjaldslaust.

Ég segi þetta almennt, að þetta er það, sem við þurfum að athuga, vegna þess að þetta er það, sem bændurnir eru að komast í vandræði með núna, einmitt þegar kynslóðaskipti fara að verða, þegar þeir bændur, sem hafa unnið og þrælað á sínum jörðum í 30—40 ár, eiga að fara að afhenda þær til sinna eftirkomenda og eftirkomendurnir rísa ekki undir að eiga að taka þar við, m. a. vegna einstaklingseignarréttarins á jörðinni. Þetta á svo sem ekki að vera neitt nýtt fyrir okkur. Þetta var það, sem framsýnustu bændur Íslands sáu fyrir 1910—1920, þegar auðvaldsskipulagið var að halda sína innreið á Íslandi og þegar þess vegna var við búið, að brask mundi færast í jarðirnar. Það var engin tilviljun, að hjá framsæknustu bændum á Íslandi þá kom upp kenning eins og jarðnæðiskenningin. Það var engin tilviljun heldur, að maður eins og Helgi í Þykkvabæ gefur þá sínum hreppi sínar jarðir með því skilyrði, að þær gangi í erfðaábúð til hans afkomenda, ef þeir vilji þar búa, en megi aldrei veðsetja jarðirnar, til þess að hindra þannig, að það verði nokkurn tíma veðskuld á jörðunum og að jarðirnar geti þess vegna orðið metnar til fjár og lent í greipum bankanna. Og þeir, sem hafa setið hér á þingi nokkurn tíma, muna máske eftir því, þegar lagafrv. kom hér um það að breyta þessu gjafabréfi Helga í Þykkvabæ með lögum frá Alþingi til þess að það mætti veðsetja þá jörð. Ég gerði þá fyrir mitt leyti aths. við það og lagði áherzlu á, að þessi framsýni bóndi hefði séð fyrir fram þá þróun, sem mundi verða, og hve erfitt það mundi verða fyrir þá bændur,

búendur á jörðunum, að eiga að standa undir þeim, þegar búið væri að fjármagna þeirra andvirði og ætti að fara að gjalda vexti og afborganir af því fé, sem þannig væri reiknað að fælist í því.

Ég held þess vegna, að það sé tími til kominn í fyrsta lagi, að við stöðvum sölu á þjóðjörðum vegna framtíðarinnar og vegna bændanna og búum um leið þannig um hnútana, að ríkið reynist betri jarðardrottinn en það hefur gert, bæði ódýrari og betri, og skapi meira öryggi handa þeim, sem á jörðinni vilja búa. Ég held jafnframt, að það ætti að fara að stefna að því, að ríkið kaupi upp allar þær jarðir, sem nú fara í eyði, þær jarðir, sem nú eru í eyði, og þær jarðir, sem koma til með að fara í eyði nú á næstunni, og það séu þjóðjarðir, sem ekki megi selja. Hvernig er að verða með þessar jarðir núna, þegar allmargar jarðir eru að fara í eyði? Ef bónda langar til að láta sín börn taka þarna við, er hann oft í hreinustu vandræðum með þetta, eins og ég gat um áðan. Sé enginn þarna, sem vill taka við, er um tvennt að ræða: Annaðhvort að gömlu hjónin reyna að hjara á jörðinni eins lengi og hægt er að þræla sér þar út, vera í mestu vandræðum með það, í staðinn fyrir að þau hefðu einmitt átt að fá að losna við þessa jörð og jafnvel að ríkið kaupi hana af þeim og geri þeim mögulegt að flytja burt, þau væru búin að þræla nógu lengi á þessari jörð. Ef svo hins vegar það er einhver lækjarspræna þarna, sem einhver silungur eða lax er í, þá er undireins kominn auðmaður úr Reykjavík og býður í jörðina 700 þús., 900 þús., 1 millj., 1.2 millj., — ef jörðin á allt í einu að fara að verða leikfang fyrir auðmennina úr Reykjavík, þá er komið nægilegt fé, þó að ekki sé fé til þess að halda áfram búskap á jörðinni, til þess að rækta þar, — ef hún á að verða leikfang fyrir ríkan mann úr Reykjavík, þá er undireins hægt að setja fé í hana.

Menn þekkja flestir þessi dæmi, ég þarf ekki að nefna þau. En við skulum gera okkur hitt ljóst, að um næstu aldamót verður allt, sem ræktanlegt er á Íslandi, ræktað milli fjalls og fjöru. Þó að ástandið sé þannig í dag, að menn séu að flýja sveitirnar, þá skulum við ekki halda, að sú þróun haldi áfram. Það er eins og hvert annað öfgakennt fyrirbrigði auðvaldsskipulagsins í dag, að menn skuli ekki rækta alla þá jörð, sem hér er. Það er bara einn þáttur í því vitlausa skipulagi, að það skuli vera til í veröldinni, að um 2000 millj. manna á jörðinni, ⅔ mannkynsins, skuli skorta mat, en jörð sé látin liggja óræktuð. Það er bara eins og hvert annað skipulagsvandamál í mannfélaginu, sem vafalaust verður ráðið fram úr á næstu áratugum. Ísland verður ræktað milli fjalls og fjöru um árið 2000, ef ekki fyrr, allt það, sem ræktanlegt er. En gagnvart þeim, sem eiga að rækta þetta þá og standa þarna dálitið betur að vígi en við gerum að sumu leyti, þó að margt hafi okkar kynslóð gott gert í þessum málum og unnið stórvirki miðað við aðrar kynslóðir, þá skulum við gera okkur ljóst, að það mundi létta þeirri kynslóð, sem nú fer smám saman að verða að taka við þessu, að leysa þessi vandamál, ef jarðirnar eru ekki komnar ýmist í brask eða algerlega í eyði.

Ég held þess vegna, að það væri holl stefna, að við athuguðum að kaupa þær jarðir, sem nú eru í eyði. Ég býst við, að það sé ekki sérstaklega dýrt í svipinn. Ég býst við, að það sé mjög praktískt fyrir ríkið að kaupa þessar jarðir í dag, einmitt í dag, sé mjög ódýrt, það sé ekki nema lítill hluti af því, sem fleygt er í uppbót, annaðhvort til sjávarútvegs eða landbúnaðar, sem kallað er, að kaupa allar eyðijarðir á Íslandi. Ef einhverjum finnst miðbærinn hérna í Reykjavík dýr, og ég býst við, að mönnum finnist það nokkuð, ef ætti að kaupa lóðirnar hérna í Reykjavík í dag, það eru nokkur hundruð millj., en hvað kostuðu þær um aldamótin? Þær kostuðu svo að segja ekki neitt. Og hvað haldið þið, að eyðijarðir á Íslandi í dag, jafnvel í miðri byggð, meira að segja í Fljótshlíðinni, og hérna nær okkur eru jarðir að fara í eyði núna, — hvað haldið þið, að þær muni kosta um næstu aldamót? Nei, við eigum alvarlega að athuga það að kaupa þær jarðir, sem eru að fara í eyði, og þær, sem eru komnar í eyði, og geyma þær, geyma þær bara ósköp rólega. Við höfum efni á því, og það verður þakkað fyrir það seinna. Meira að segja álít ég, að ætti helzt að kaupa þær líka, sem lax og silungur er í, því að það er hreinasta ómynd að gera þær ár, þar sem hægt er að hafa nógan lax og silung með almennilegu klaki, að einhverju sporti eingöngu fyrir örfáa menn, ég tala nú ekki um útlendinga. Það er hægt að hafa lax- og silungsræktina á Íslandi eins ágóðavænlegan búskap og sauðfjárrækt, ef það er hugsað eitthvað um að rækta, rækta lax og rækta silung, og ekki til sports, ef íþróttasjónarmiðið er ekki látið ráða eða sumarfríasjónarmiðið. Ég held þess vegna, að í staðinn fyrir, að við hættum að líta á þetta sem leikföng og við lítum á það sem búskap, þá sé það ein bezta fjárfesting, sem íslenzka ríkið gæti gert í dag, að kaupa upp allar þær eyðijarðir, sem nú eru til á Íslandi, og þær, sem koma til með að fara í eyði. Og það mun létta fyrir þeirri kynslóð, sem nú er að taka við og kemur til með að vilja vinna á þessum jörðum, að geta fengið þær frá ríkinu endurgjaldslaust að láni og fengið þær í erfðaábúð, ef þeir vilja, eins og ætti að vera.

Ég vil þess vegna leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og ég orða þá dagskrá þannig, ég fel ekki í henni þær hugmyndir, sem ég hef verið að setja fram í þessari ræðu, ég tók þær fram eingöngu til þess að menn vissu, hvað fyrir mér vakti, en ef hugsanlegt væri, að menn gætu orðið sammála um þetta, þá hef ég orðað þessa dagskrá svona:

„Þar eð deildin álítur, að eigi beri að selja fleiri þjóðjarðir nema þá máske ábúendum, felur hún ríkisstj. að láta fram fara athugun á því annars vegar, hve margar þjóðjarðir eru enn óseldar, og hins vegar, hve margar jarðir í einstaklingseign eru í eyði eða að fara í eyði, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég segi fyrir mitt leyti, ég er á móti og hef alltaf verið á móti þjóðjarðasölu, en hins vegar veit ég, að það eru margir hér, sem eru því fylgjandi, að þjóðjarðasala sé framkvæmd, þegar um er að ræða ábúendur, og því hef ég sett það þarna

inn í. Ég veit, að ríkisstj. þarf ekki nema fletta upp í sínum bókum til þess að vita, hve margar þjóðjarðir eru enn óseldar, en hins vegar það, hve margar jarðir eru í einstaklingseign og komnar í eyði eða eru að fara í eyði. Það er nokkuð í athugun. En ég held, að þessa athugun ættum við einmitt að biðja hæstv. ríkisstj. að framkvæma fyrir okkur og að þetta lægi fyrir okkur til umr., áður en við gerum fleiri ráðstafanir í þessu efni. Ég skal taka það fram, að þetta miðast ekki að neinu leyti sérstaklega við þetta dæmi, sem hér er um að ræða, ég met fyllilega þá ræktarsemi og slíkt, sem þar kemur fram, en þegar einu sinni væri búið að selja þá þjóðjörð, þó að sá maður, sem þarna vill kaupa hana, geri henni allt til góða og annað slíkt, þá er sama vandamálið með hana, þegar búið er að því og þegar einhver á að fara að taka við af honum, ef nokkur yrði til þess að taka við þeirri jörð á eftir, þannig að ég vil eingöngu „prinsipialt" leggja þetta fyrir til þess að vita, hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um, að við athuguðum okkar gang, áður en fleiri þjóðjarðir yrðu seldar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 333 felld með 30:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EOl, GeirG, HV, LJós, RA.

nei: BP, DÓ, EÁ, EI, EmJ, EystJ, GíslG, GunnG, GÞG, HÁ, HS, IngJ, IG, JóhH, JP, MB, MÁM, AJ, PS, SÁ, SI, SE, SvJ, KTh, MI, BGr, BF, BBen, ÓskJ, SB.

1 þm. (SkG) greiddi ekki atkv.

3 þm. (GuðlG, JSk, JR) fjarstaddir.

Brtt. 313 samþ. með 23:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 27:9 atkv. og endursent Ed.

Á 57. fundi í Ed., 9. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 355).

Á 59. og 60. fundi í Ed., 12. og 16. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Almannatryggingar (frv. AG o. fl.).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [30. mál] (þmfrv., A. 30).

Á 5. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Fyrir forgöngumönnum almannatrygginga hér á landi vakti það í upphafi, að allar bætur almannatrygginga skyldu fullnægja almennum lágmarksþörfum. Ég skal ekki segja um, hvort þessu marki hafi nokkru sinni verið náð, en það er víst, að oft hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að stefna að þessu marki, að bæturnar fullnægðu almennum lágmarksþörfum. Þannig get ég nefnt, að í júlí 1958 skipaði þáv. ráðh. tryggingamála nefnd til þess að endurskoða vissa þætti tryggginganna í því skyni, eins og það er orðað, að hlutur lífeyrisþeganna yrði bættur, og árið eftir, í febr. 1959, setti þáv. félmrh. aðra nefnd á laggirnar og skyldi hún endurskoða aðra þætti sömu laga með hækkun bóta fyrir augum. Vafalaust var ráðstafana af þessu tagi þörf á þeim tíma, því að bætur almannatrygginga hafa aldrei og a. m. k. ekki þá verið á því stigi, sem fyrir brautryðjendum tryggginganna vakti í upphafi. Báðar þessar nefndir, skipaðar 1958 og 1959, skiluðu áliti, og á grundvelli tillagna þeirra voru sett lög snemma árs 1960. Þessi lög fjölluðu fyrst og fremst um hækkun bóta almannatrygginga og var byggt á grundvelli till. fyrrgreindra nefnda. Í lögunum fólst veruleg hækkun bóta yfirleitt frá því, sem var, og var jafnvel farið fram úr því, sem nefndirnar höfðu lagt til og þorað að vona. Með þessari hækkun, sem gerð var í marz 1960, skyldi hlutur lífeyrisþeganna bættur og, að því er lýst var yfir, þar að auki verndaður fyrir áföllum af völdum komandi viðreisnar. En þetta fór allt á annan veg, eins og reynslan sýndi síðar. Útreikningar hæstv. ríkisstj. í upphafi viðreisnar reyndust markleysa í þessu efni eins og fleirum, þegar til kastanna kom. Verndin, sem veita átti bótaþegunum í upphafi, varð einskis virði, þegar til kom, og ekki nóg með það, heldur hröpuðu bæturnar óðfluga niður fyrir það, sem áðurnefndar nefndir höfðu lagt til. Þannig hefur síðan í marz 1960 linnulaust verið gengið á hlut bótaþega almannatrygginganna. Þetta er ekki einungis fullyrðing stjórnarandstæðings, heldur hefur sjálf hæstv. ríkisstj. viðurkennt í verki þennan gang málanna.

Það var ekki liðið nema eitt ár frá setningu l. 1960, þegar hæstv. ríkisstj. varð að ganga inn á nokkra lagfæringu bótafjárhæðanna vegna mikillar dýrtíðaraukningar. Á sömu leið fór árið 1962 og í þriðja sinn nú á þessu ári, í apríl s. l. Í þessum hækkunaraðgerðum hæstv. ríkisstj., þótt skrefstuttar væru, felst að sjálfsögðu viðurkenning hennar á því fjárhagslega afhroði, sem lífeyrisþegar hafa beðið, allt frá því að viðreisnin tók að segja til sín í reyndinni. Tryggingabætur almannatrygginga, greiddar í peningum, voru síðast auknar í júní 1962. Hækkunin var þá mjög óveruleg, aðeins 7%, og það sem verra var, hún náði ekki til nærri allra bóta eða yfirleitt ekki til annarra bóta en elli- og örorkulífeyris. Allar aðrar bótategundir hafa því staðið í stað síðan á miðju ári 1961, og á meðan hefur dýrtíðin geisað, farið hamförum, eins og öllum er kunnugt. Nauðsynjar almennings hafa samkv. vísitölu hækkað í verði um 30 stig síðan í júlí 1962 og um 45 stig síðan á miðju ári 1961. Af þessu má marka, hvert stefnir með tryggingabæturnar. Þær eru nú á góðri leið með að verða svo að

segja að engu. Á meðan matvörur, fatnaður, ljós og hiti og öll þjónusta hækkar í verði til jafnaðar um 38%, haldast flestar bætur tryggingalaganna óbreyttar, og engin tegund þeirra hefur hækkað nú á annað ár, enda þótt dýrtíðin hafi á sama tíma aukizt um 23%.

Það er einnig mikill galli, að sá háttur hefur verið tekinn upp síðari árin, að tryggingabætur greiddar í peningum hækki misjafnt og sitt á hvað. Eitt árið eru þessar bæturnar hækkaðar lítillega og annað árið hinar. Þetta hefur orðið til þess að skapa mikið misrétti meðal bótaþega. Eins og ég tók fram áðan, hækkaði örorku- og ellilífeyrir um 7% á árinu 1962, en þá urðu engar aðrar bætur hækkunar aðnjótandi. Með nýju l., sem taka gildi eftir næstu áramót, hækka aðeins þær bætur, sem mest hafa orðið útundan til þessa og nú eru orðnar nærri því að engu. Ellilífeyrir, örorkulífeyrir og raunar fleiri bótategundir eiga frá næstu áramótum að standa algerlega óbreyttar eða jafnvel lækka að krónutölu frá því, sem nú er og verið hefur síðan á miðju ári 1962. En þá hækkaði þessi lífeyrir, elli- og örorkulífeyrir, um ein 7%. Þessi háttur er vansæmandi, því að hann getur ekki verið gerður í öðru en blekkingaskyni við almenning. Bótahækkun er boðuð hástöfum, en um það þagað, að hækkunin nær hverju sinni aðeins til nokkurs hluta lífeyristegunda. Þannig má segja, að hálfgildings brögðum sé beitt til þess að hafa af lífeyrisþegunum eða a. m. k. draga á langinn réttmætar kjarabætur þeirra.

Sú regla hefur gilt að gera bótaþegum tryggginganna einhverja úrlausn, um leið og opinberir starfsmenn hafa fengið kauphækkun. Nú hafa þeir á þessu ári hlotið verulega launahækkun, ef litið er á heildina, og er talið, að hún nemi að meðaltali 45%. Þessa síðustu kjarabót hafa lífeyrisþegarnir enn ekki hlotið, hvorki allir né nokkur hluti þeirra. Spurningin er því, hve lengi þeir verða látnir bíða, en um þessa hluti heyri ég lítt talað enn sem komið er, og sízt heyrast raddir um þetta efni úr stjórnarherbúðunum.

Lífeyrir almannatrygginga á að vera þannig, eins og ég tók fram áðan, að hann fullnægi lágmarksþörfum þess, sem nýtur hans. Þessi er krafa allra þeirra, sem tryggingunum vilja vel. Það hefur oftið á ýmsu að nálgast þetta mark, en aldrei hygg ég, að við höfum staðið fjær þessu marki en nú á þessum haustmánuðum. Ef litið er á framfærslukostnað vísitölufjölskyldunnar, er óhugsandi, að öryrki eða gamalmenni komist af með minna en 30 þús. kr. á ári, og það því aðeins, að hann njóti óvenjugóðra kjara hvað húsnæði snertir. Fullur lífeyrir er nú rúmar 18 þús., og vantar þá samkv. þessu nærri 12 þús. kr. á, að brýnustu þörfum sé fullnægt. Ef lífeyrisþegi verður einhverra hluta vegna að dveljast í stofnun, þá kostar dvöl hans þar a. m. k. 4000 kr. á mánuði. Upp í þann kostnað á hann kröfu til mánaðarlegs lífeyris, sem nemur rúmum 1500 kr. Mismuninn verður hann að fá einhvern veginn bónarleiðina, sé hann ekki þeim mun efnaðri sjálfur.

Það er hugsanlegt að miða lífeyrisupphæð við eitthvað annað en það, sem ég nú hef gert. T. d. er ekki óalgengt, að bætur trygginga séu miðaðar við dagvinnukaup verkamanna. Í Danmörku og Svíþjóð var lífeyrir einstaklings fyrir fáeinum árum um þriðjungur verkamannalauna. Ef sama hlutfall ætti að gilda hér á landi nú, þyrfti ellilífeyrir að hækka um sem svarar 30%. Ég tek það fram, að eins og nú er háttað hér, er þessi samanburður mjög svo hæpinn vegna þess, hve óhæfilega lágt verkamannakaupið er hér á landi um þessar mundir, svo að raunverulega þyrfti ellilífeyrir og örorkulífeyrir og aðrar bætur að hækka miklu meira en um 30% til þess að teljast ⅓ hluti af sómasamlegu verkamannakaupi.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta miklu meira. Það er sama, frá hvaða hlið núv. bótafjárhæðir almannatrygginga eru skoðaðar, alla vega eru þær þegar orðnar langt á eftir í kapphlaupinu við dýrtíðina. Þær eru orðnar svo lágar, að ekki verður við unað lengur. Þetta er skoðun okkar flm. þessa frv., eins og raunar allra annarra, sem á málin líta sanngjörnum augum. Bæturnar verða hið allra fyrsta að hækka að krónutölu og það verulega, ef halda á í horfinu kaupmætti þeirra. Hvað hækkun þessa snertir, leggjum við til, að hliðsjón sé höfð af þeim kjarabótum, sem starfsmönnum ríkisins voru úrskurðaðar, enda er þá einnig um leið stuðzt við ýmiss konar annan samanburð, eins og ég hef þegar greint frá. Samkv. frv. okkar eiga bótafjárhæðir núgildandi tryggingalaga að hækka frá 1. júlí um 40% og greiðast þannig til ársloka. Eftir áramótin skulu bótafjárhæðirnar, eins og þær eru ákveðnar í nýju lögunum, sem þá ganga í gildi, hækka um sama hundraðshluta, 40%, enda eru þær hinar sömu og nú gilda, að undanskildum þeim bótum, sem langlægstar eru að tiltölu nú og orðið hafa útundan lengi við fyrri hækkanir. Loks gerir frv. ráð fyrir verðtryggingu bótanna frá 1. jan. 1964, þannig að dýrtíðaraukning, sem verða kann frá októberbyrjun nú, nái ekki að rýra til muna kaupmátt bótafjárins eftirleiðis.

Verðtrygging tryggingabóta hefur oft verið rædd hér á undanförnum þingum í hv. Ed., og ég þarf ekki að fjölyrða mikið um hana. Oft hefur verið móti henni mælt af þeim sökum, að gilda yrði hið sama um bætur almannatrygginga og um kaupgjald almennt í landinu. Þessu hef ég alltaf mótmælt. Ég tel, að hér sé um tvennt ólíkt og ósambærilegt að ræða. Ég tel, að verðtrygging ellilífeyris, örorkulífeyris, barnalífeyris, sjúkradagpeninga, slysabóta og annarra bóta tryggingalaganna eigi ekkert skylt við vísitölutryggingu atvinnutekna. Ég vil benda á þetta sérstaklega þeim, sem sjá rautt, ef minnzt er á tengingu kaupgjalds við vísitölu. Það er allt annað að mínum dómi. Ég tel, að verðtryggingin sé í þessu efni sérstaklega nauðsynleg vegna þess, að lífeyrir trygginganna er mjög naumt skammtaður, eins og allir munu viðurkenna. Lífeyririnn er svo naumt skammtaður, að í engu má þar missa. Þess vegna tel ég það óhæfu, að hann sé að staðaldri hafður verðbólgu og dýrtíð að leiksoppi. Að lokum skal ég í sambandi við verðtryggingguna benda á, að verðtrygging þeirra er ekki aðeins mannúðarmál og réttlætismál gagnvart þeim þjóðfélagsþegnum, sem verst eru settir. Slík verðtrygging er einnig stjórnvöldunum að

minum dómi mikið hagkvæmnismál. Það hlýtur að vera þeim og verða þeim til léttis, að þessar bætur breytist að krónutölu sjálfkrafa í hlutfalli við dýrtíð. Þá þurfa stjórnvöldin ekki að vera að burðast með lagasetningu á lagasetningu ofan, en reynslan sýnir bezt, að í því efni er þeim ekki alltaf hægt um vik. Ég vil þess vegna enn þá einu sinni hér í hv. d. beina þeim tilmælum til allra hv. þdm., að þeir endurskoði gaumgæfilega hug sinn um afstöðuna til verðtryggingabóta almannatrygginga.

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið. Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

54. Bústofnslánasjóður.

Á 5. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um bústofnslánasjóð [42. mál] (þmfrv., A. 42).

Á 8. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem liggur nú fyrir, á þskj. 42, er flestum hv. dm. nokkuð kunnugt, þar sem það hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum, og get ég af þeirri ástæðu verið nokkru fáorðari um það nú en ella væri hægt. Efni þessa frv. er í stuttu máli það, að þar er lagt til, að stofnaður sé sérstakur lánasjóður, sem kallaður er bústofnslánasjóður, er hafi það sérstaka hlutverk að veita frumbýlingum og öðrum efnalitlum bændum lán til bústofnskaupa og til vélakaupa. Það er gert ráð fyrir því, að lán, sem þessi sjóður veitir til þessara hluta, séu sérstaklega hagstæð, m. a. er gert ráð fyrir því, að það séu af þeim greiddir tiltölulega lágir vextir miðað við þá vexti, sem nú eru venjulegir. Í annan stað er gert ráð fyrir því, að þessi lán, sem þarna er um að tefla, megi veita gegn öðrum tryggingum en nú eru tíðkanlegar, svo sem nánar segir í 5. gr. frv., en þar er svo mælt fyrir, að auk þess sem heimilt er að lána gegn fasteignaveði, þá sé heimilt líka að lána gegn veði í vélum og verkfærum og gegn veði í búfé gegn sveitarábyrgð og gegn sjálfskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að þessi sjóður fái stofnfé að upphæð 100 millj. kr., að nokkrum hluta með óafturkræfu framlagi ríkissjóðs, sem gert er ráð fyrir í frv. að sé 40 millj., sem lagt skal fram á nokkrum árum, og að nokkru leyti fengið með lántöku, eða 60 millj. Þessar upphæðir, sem þarna eru ákveðnar, eru þær sömu sem voru í frv. í fyrra. Ég hef ekki séð ástæðu til að gera á þeim breytingar, af því að frv. er nú lagt fram óbreytt frá því, sem þá var. En vitaskuld kemur það til athugunar í þeirri nefnd, sem þetta frv. fær til meðferðar, hvort ekki muni rétt að hækka þessar upphæðir eitthvað til samræmis við þær breytingar, sem átt hafa sér stað á verðlagi upp á síðkastið. Það er gert ráð fyrir sérstakri stjórn á þessum sjóði, sem er fimm manna stjórn og þannig skipuð, að fjórir stjórnarmanna eru kjörnir af Alþ., en sá fimmti, sem jafnframt er formaður, skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda. Þessari stjórn er ætlað ákvörðunarvald um lánveitingar. En Búnaðarbankanum er að öðru leyti falið að annast um meðferð sjóðsins og bókhald, sem þar að lýtur.

Ég geri ráð fyrir, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um það, hver nauðsyn er á slíkri lánastarfsemi sem þeirri, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég hygg, að það verði fáir til að andmæla því, að frumbýlingum, alveg sérstaklega frumbýlingum og raunar einnig öðrum efnalitlum bændum, sé þörf á sérstaklega hagstæðum lánum til þess að auka bústofn sinn og til þess að auka vélakost sinn. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þeir eru tiltölulega fáir, ungu bændurnir, sem nú byrja búskap. Að sjálfsögðu liggja til þess ýmsar ástæður, m. a. ýmsar þjóðlífsástæður, sem ég skal ekki hér fara að ræða um, m. a. það, að kjör bænda hafa sjálfsagt ekki verið þannig, að þau hafi sérstaklega freistað ungra manna, svo og það, að þegar atvinna hefur verið mikil annars staðar, eins og verið hefur nú um nokkur ár, þá leita ungir menn nokkuð þangað. En þó að það sé svo og ekki ástæða til þess að neita þessum ástæðum, sem fyrir hendi eru, þá er alveg áreiðanlegt, að fjármagnsskortur stendur mjög oft í vegi fyrir því, að ungir menn hefji búskap. Það þarf mikið fé nú á dögum til þess að byrja búskap. Það eru gerðar allt aðrar kröfur í því efni nú en áður var, og það er, að ég hygg, nokkuð viðurkennt, að það sé ekki hægt að reka búskap nú með nokkrum sæmilegum hætti nema hafa allgóðan vélakost og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við búrekstrinn, en þær vélar og þau tæki eru hins vegar mjög dýr. Til þess bæði að geta aflað þeirra tækja og til þess að geta staðið undir kostnaði við rekstur slíkra véla þurfa búin að vera nokkuð stór, bæði hjá byrjendum og eins þurfa þau að stækka hjá hinum, sem lítil bú hafa. Þetta eru staðreyndir, sem eru deginum ljósari.

Það má að vísu segja það, að framkvæmdasamir ungir menn geti lagt fyrir eitthvert fé og gætu haft eitthvert fé, þegar þeir byrja búskap. En þó að svo sé, þá er þó enginn vafi á því, að það er langt frá því, að það nægi til þess að stofna til búskapar með sæmilegum hætti. Það er orðið svo kostnaðarsamt nú á dögum, að það eru fæstir ungir menn, sem hafa það fé handa á milli eða eiga það fé, að þeir geti keypt þann bústofn og þær vélar, sem eru nauðsynlegar í upphafi búskapar, ef hann á að fara af stað með sæmilegum hætti. Það hefur ekki verið kostur á sérstökum lánum til þessara hluta, en á því er mikil nauðsyn. Ég hef hvað eftir annað komizt í kynni við ungt fólk, sem hefur haft fullan hug á því að setjast að í sveit og stofna þar til búskapar,

en hefur að athuguðu máli orðið að hverfa frá þeirri ætlan einmitt vegna þess, að það hefur ekki haft nægilegt fjármagn til þess að byrja búskap, hvorki til þess að kaupa bústofn né óhjákvæmilegar vélar, jafnvel þó að það ætti kost á því að fá jarðnæði með sæmilegum kjörum. Ég veit, að hv. þdm. þekkja vafalaust einnig mörg slík dæmi.

Ég tel það sérstaklega heppilegt að fela sérstakri lánsstofnun að hafa með höndum þetta hlutverk. Ég held, að það sé hætta á því, að þetta verkefni verði útundan hjá annarri lánsstofnun, sem jafnframt væru ætluð önnur verkefni og fyrst og fremst önnur verkefni, — það er hætta á, að þetta verkefni yrði útundan, þegar fjármagn til skipta er af skornum skammti. Því verður ef til vill hreyft sem mótbárum gegn þessu frv., að það sé gert ráð fyrir veðsetningum, sem séu ekki tryggilegar, eins og t. d. veð í búfé. Það er alveg rétt, að veð í slíku lausafé er nokkrum vandkvæðum bundið, en ég held samt, að það megi nú ganga frá þeim málum þannig, að það þurfi ekki að vera sérstök vandkvæði á því að taka þær tryggingar gildar, sem í frv. eru nefndar. En það er víst, að ef það yrði hægt að fá lán gegn einmitt þvílíkum tryggingum, þá mundi það greiða fyrir mörgum, sem ekki eru aðrar tryggingar tiltækar eða hafa ekki möguleika á því að bjóða fram eða setja aðrar tryggingar. Þó að ég, eins og ég gat um áðan, telji það heppilegt og heppilegast, að alveg sérstakri lánsstofnun eða sjóði sé falið þetta sérstaka og afmarkaða verkefni, þá vil ég þó taka það skýrt fram, að formið á þessari starfsemi er vitaskuld ekkert aðalatriði, og um öll þvílík atriði erum við flutningsmennirnir að sjálfsögðu til viðræðu.

Ég held, að ég geti svo að öðru leyti látið nægja til rökstuðnings fyrir þessu frv. að vísa til grg. Það er sannfæring mín, að þetta sé mikið nauðsynjamál, og ég vona það fastlega, að hv. d. daufheyrist nú ekki öllu lengur við því að sinna þessu máli. Og ég vonast fastlega til þess, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, láti nú ekki á því standa að gefa út um það nefndarálit, en því miður hafa örlög þess á undanförnum þingum orðið þau, að það hefur ekki verið afgreitt í nefnd. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Landamerki o. fl. (frv. ÓlJ).

Á 8. fundi í Ed., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl. [54. mál] (þmfrv., A. 55).

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingar á 8. og 9. gr. landamerkjalaga, nr. 41 frá 1919. Það er svo, að samkv. þeim ákvæðum, sem nú eru í 9. og reyndar einnig 8. gr. landamerkjalaganna, er gert ráð fyrir því, að laun merkjadómsmanna og ferðakostnaður þeirra sé greiddur af aðilum máls. Þetta er alger undantekning frá því, sem nú gildir í dómsmálum, því að samkv. almennum reglum þar um eru laun dómenda greidd af almannafé. Aðalbreyting sú, sem felst í þessu frv., er sú, að felld er niður 7. og 8. málsgr. 9. gr. landamerkjalaganna um þetta efni, en í þeim ákvæðum felst þessi regla, sem ég drap á, að kaup og ferðakostnaður merkjadómsmanna greiðist af þessum aðilum, og að í stað þeirra tveggja málsgreina komi 7. málsgr. í 2. gr. þessa frv., þar sem segir: „Kaup meðdómsmanna í merkjadómi og ferðakostnaður dómenda greiðist úr ríkissjóði."

Eins og menn mundu sjá, ef þeir litu t. d. í dómasafn hæstaréttar, þá eru það oft verulegar upphæðir, sem aðilum landamerkjamáls er í merkjadómi gert að greiða vegna þessara fyrirmæla um kaup og ferðakostnað merkjadómsmanna. Og vegna þeirra skýru lagaákvæða, sem um þetta eru í merkjadómslögunum, mun hæstiréttur ekki hafa talið sér fært að breyta slíkum málskostnaðarákvæðum í dómum merkjadóms, þó að málskostnaður fyrir hæstarétti fari svo í þessum málum að *sjálfsögðu eftir almennum* reglum.

Til samræmis við þessa meginbreytingu, sem í frv. felst, er svo einnig gerð nokkur breyting á 8. gr. laganna.

Auk þessarar breytingar um málskostnaðinn er gerð smávegis breyting á 2. málsgr. 8. gr. Það er nú svo, að í lögunum segir: „Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra skuli farið með málið." Þetta hefur í framkvæmdinni verið skilið svo, að það væri atvmrh., sem ætti að taka þessa ákvörðun. Eðlilegra virðist, að það sé dómsmrh., sem tekur ákvörðun um slíkt, og því er sett þarna inn: dómsmrh. Að öðru leyti er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

56. Framleiðnilánadeild.

Á 8. fundi í Ed., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands [55. mál] (þmfrv., A. 56).

Á 10. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Á þskj. 56 hef ég ásamt þremur öðrum hv. þdm. Framsfl. leyft mér að flytja frv. um það, að stofnuð verði sérstök lánadeild, sem hafi það hlutverk að veita framleiðsluatvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá hinum ýmsu stofnlánadeildum, í því sérstaka augnamiði að stuðla að sem mestri aukningu á framleiðninni með bættri véltækni og fullkomnara framleiðsluskipulagi.

Lífskjör þjóðanna mótast af þeim framleiðsluafköstum, sem þær hafa í atvinnulífi sínu á hvern starfandi mann. Ef við lítum til þess lands, þar sem afköstin í atvinnuvegunum eru mest, í Bandaríkjum Norður-Ameríku, þá vekja hin feikilegu framleiðsluafköst strax athygli okkar, ekki bara í þeim greinum, sem menn koma strax auga á, eins og fjöldaframleiðslu bifreiða og tækja, heldur einnig í öllum öðrum greinum. Með nýyrði, sem nú er að ryðja sér mjög til rúms, heitir þetta, að framleiðnin sé mikil. En framleiðnin er það nettó-vinnsluvirði, það nettóverðmæti, sem verður til við framleiðsluaðgerðina, deilt með tölu þeirra vinnueininga, sem í það eru lagðar.

Framleiðni hér á landi er vafalaust mjög mikil í fiskveiðum. Engin þjóð mun veiða jafnmikinn fisk á hvern starfandi fiskimann og við Íslendingar. Miklu meiri vafi leikur á því, hvort framleiðni er mikil í fiskiðnaði, og ýmsir hafa í samanburði t. d. við Noreg dregið það í efa. Í sumum greinum annars iðnaðar en fiskiðnaðar, t. d. greinum, sem hafa byggzt upp í skjóli óeðlilegrar tollverndar, er framleiðnin ábyggilega lítil, en í ýmsum öðrum greinum iðnaðar er hún tvímælalaust meiri en margir gera sér grein fyrir.

Það hefur oft verið á það bent, að nú er þannig ástatt hér á landi, sérstaklega þessi árin, að það er sérstök ástæða til þess fyrir okkur að leggja höfuðáherzlu á að auka framleiðnina. Barátta allra stétta fyrir auknum tekjum ber vott um þá þörf, sem er í þjóðfélaginu fyrir meira til að skipta. Að óbreyttri framleiðni getur ein stétt tæplega bætt kjör sín nema á kostnað annarra, nema þá með auknu vinnuálagi, sem auðvitað er engin framtíðarlausn á vandanum. Aukningu vinnuálagsins eru takmörk sett, og til lengdar verður framleiðsluaukningin að leysa vandann, sem leiðir af aukinni tekjuþörf þjóðarinnar.

Á undanförnum árum hefur tvímælalaust á einstökum sviðum átt sér stað mikil framleiðniaukning. Og þá kemur fyrst í hugann hin nýja síldveiðitækni, sem flotinn hefur tileinkað sér á seinni árum, og kannske mætti líka nefna fleiri einstakar atvinnugreinar, sem þó hver um sig hefði miklu minni þýðingu, þar sem framleiðni hefur batnað. En þegar á heildina er litið, er ástæða til þess að ætla, að framleiðniaukningin í íslenzku þjóðfélagi á undanförnum árum hafi ekki verið mikil.

Ef ég tók rétt eftir í umr. í hv. Nd. nú fyrir nokkrum dögum, þá upplýsti hæstv. forsrh., að aukning þjóðarframleiðslunnar mundi á þessu ári væntanlega verða um 4% og á árinu sem leið um 5%, og þetta er ekki meira, þrátt fyrir það að mikil aukning hefur verið í framleiðni við síldveiðarnar, eins og ég gat um, og þrátt fyrir töluvert mikla fólksfjölgun, því að eins og við vitum, þá fjölgar fólki hér á Íslandi meira en víðast eða alls staðar annars staðar í nágrenni við okkur. Af þessari ástæðu og kannske fleirum virðist mér ástæða til að ætla, að framleiðniaukningin í íslenzkum atvinnuvegum hafi á undanförnum árum ekki verið nægileg.

Það er skoðun okkar flm. þessa frv., að það sé nauðsyn sérstakra átaka í þessum efnum. Og til þess að takast megi að komast vel áleiðis, þurfa ýmis skilyrði að uppfyllast.

Ég vil þá í fyrsta lagi nefna bætta tækni- og verkmenntun í landinu. Við hrósum okkur með réttu af því, Íslendingar, að þekking og kunnátta almennings hér á landi sé á háu stigi, og vissulega eigum við líka á fjölmörgum sviðum ágæta kunnáttumenn í tæknilegum og verklegum efnum. En á hinn bóginn er ljóst, að það vantar fleiri. Málefni, sem að þessu lúta, hafa lengi undanfarið verið í endurskoðun, tæknimenntun og iðnmenntun í landinu, og niðurstöður af þeim athugunum hafa að vísu dregizt úr hömlu, enda er verkefnið sjálfsagt umfangsmikið og erfitt viðureignar.

Það var fyrir nokkrum árum samþ. á hv. Alþingi till. um það, að safnað yrði skýrslum um þörf íslenzkra atvinnuvega fyrir sérmenntað fólk. Eftir því sem ég veit bezt, hefur slík athugun þó ekki átt sér stað eða tillagan ekki komið til framkvæmda, og gerði hæstv. menntmrh. grein fyrir ástæðum til þess í sambandi við fyrirspurn, sem var borin fram í Sþ. fyrir nokkrum árum, og skal ég ekki rekja það frekar, en mér virðist sem full þörf væri á, að slík athugun færi fram.

Í öðru lagi vil ég í þessu sambandi nefna aukna leiðbeiningaþjónustu um framleiðsluhætti, framleiðsluskipulag og hagræðingu. Á þessu sviði hefur á undanförnum áratug verið unnið merkilegt og gott starf á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Sú stofnun hefur beitt sér fyrir námskeiðum og leiðbeiningum, m. a. námskeiðum, sem haldin hafa verið eftir ákvörðun Alþ. um verkstjóranámskeið, og einnig standa fyrir dyrum á vegum þeirrar stofnunar námskeið trúnaðarmanna vinnuveitenda og verkalýðsfélaga í sambandi við ýmsar nýjungar í samskiptum þeirra aðila. Starf Iðnaðarmálastofnunar Íslands á þessu sviði, þó að það hafi verið mikið og gott, þá hefur það á undanförnum árum verið lamað af skorti á sérfræðingum og af þeim deilum, sem verkfræðingar hafa átt í við ríkisstofnanir og fleiri vinnuveitendur. Þetta starf þarf að sjálfsögðu að efla, og skal ég ekki ræða það frekar.

En í þriðja lagi þarf til þessarar viðleitni mikið fjármagn, og að þeim þætti þessa vandamáls lýtur það frv., sem hér er lagt fram. Það þarf tvímælalaust til þessa mikið fjármagn, en spurningunni um það, hvað mikið, skal ég ekki gera hér tilraun til þess að svara. Það er sjálfsagt erfitt að spá um það eða reikna það út, hversu mikil fjármagnsþörfin í þessum sérstaka tilgangi er. Hinu má gera sér nokkra grein fyrir, hver fjármagnsþörfin í uppbyggingu íslenzkra atvinnuvega yfirleitt hlýtur að verða á næstu árum, og í áætlunum, sem fyrir liggja um það, er gert ráð fyrir því, að árleg fjárfesting í atvinnuvegunum verði nokkuð á annað þúsund og sennilega mikið á annað þúsund milljóna á ári hverju.

Auðvitað væri æskilegt, að sem allra mest af þeim framkvæmdum, sem fyrir það fjármagn yrðu gerðar, væri þess eðlis, að þær féllu undir tilgang þessara laga, en þetta lagafrv. gerir ekki ráð fyrir meira fjármagni en svo, að það getur aðeins verið til lausnar litlu broti af þessum vandamálum. Hins vegar er lánadeildin, sem hér um ræðir, viðleitni í þá átt að veita nokkurn forgangsrétt þeim framkvæmdum, sem mest stuðla að aukningu framleiðninnar, m. a. með því að lána hærri hluta kostnaðar við framkvæmdirnar en aðrar lánastofnanir gera.

Það er skoðun okkar flm., að lánsfé til þessara hluta eigi að koma frá þjóðarheildinni. Hér er verkefni, sem þjóðin öll á mikið undir, að vel takist til um. Það er gert ráð fyrir tæpum þriðjungi af fé deildarinnar sem framlögum úr ríkissjóði, eða 10 millj. kr. á ári í 10 ár, en gert er ráð fyrir, að tvöföld sú upphæð komi að láni af sparifé þjóðarinnar, sem er í vörzlu Seðlabankans á hverjum tíma, auk annarra lána, ef nauðsyn krefur og ástæður leyfa.

Það er skoðun okkar flm., að Seðlabankinn hafi ýmsa möguleika til þess að tryggja sölu þeirra bréfa, sem hér um ræðir. Seðlabankinn hefur undir höndum mörg hundruð millj. kr. af sparifé landsmanna á frjálsum og bundnum reikningum banka og annarra innlánsstofnana, og það er enn þá í gildi heimild handa honum til þess að binda hluta sparifjárreikninganna. Framsóknarmenn í Nd. hafa í frv. sínu um vaxtalækkun o. fl. lagt til, að sú heimild falli niður, að því er tekur til sparifjáraukningar, eftir samþykkt þess frv., en eins og grg. þess ber með sér, er tilgangur þeirra að koma í veg fyrir tilgangslausa frystingu sparifjár þjóðarinnar, en jafnframt lýsa þeir þeim vilja sínum, að sparifénu sé beint inn í þá farvegi, þar sem nauðsyn þjóðarheildarinnar fyrir fé sé mest. Enn fremur er í 12. gr. l. um Seðlabankann heimild fyrir Seðlabankann til að láta banka og sparisjóði kaupa ríkistryggð skuldabréf, og með hóflegri og skynsamlegri beitingu þeirra ákvæða mætti einnig fá fé til þessara kaupa, sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. En æskilegast væri auðvitað, að um það gætu tekizt frjálsir samningar milli Seðlabankans og þeirra aðila, sem bréfin keyptu.

Það er gert ráð fyrir að ráðstafa þessu fé í gegnum sérstaka lánadeild í Framkvæmdabankanum. Verkefnin ná inn í alla atvinnuvegi, og það er því óeðlilegt að tengja þessa starfsemi þeim bönkum, sem tengdir eru einstökum atvinnuvegum. Svo virðist einnig sem Framkvæmdabankanum hafi m. a. verið ætlað svipað hlutverk þessu, enda virðist hann hafa gert sér far um að sinna því ásamt öðru, sem hann hefur á sinni könnu, og er þess vegna eðlilegt að fela honum þetta verkefni.

Flm. gera sér ekki vonir um svo skyndilegan árangur af þessari viðleitni, að hér sé að finna neina lausn þess vanda, sem steðjar að okkur þessa daga. En þó að verkefni dagsins séu brýn, þá verðum við einnig að horfa til framtíðarinnar, og verkefnin á því sviði, sem þetta frv. fjallar um, eru mikil á næstu árum. Í sambandi við breytingar á tollalöggjöfinni og í sambandi við umræður um hugsanlega þátttöku Íslands í alþjóðlegu tollasamstarfi hafa farið fram víðtækar athuganir á vegum ríkisstj. og á vegum hagsmunasamtaka iðnaðarins og annarra aðila á þeim vandamálum, sem slík þróun mundi skapa innlendum iðnaði.

Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, að þeir aðilar, sem um þessi mál hafa fjallað, munu vera sammála um, að iðnaðurinn verði að aðlaga sig nýjum viðhorfum með því að gera öflugt átak til þess að auka framleiðni sína, og til þess að það megi takast, verður að fara fram umfangsmikil endurskipulagning fyrirtækja og jafnvel heilla iðngreina til þess að koma á fullkomnari framleiðsluaðferðum, bættri véltækni og meiri vinnuhagræðingu.

Sömu sögu er raunar að segja af öðrum atvinnugreinum eða svipaða. Ég skal aðeins geta þess, að forustumenn á sviði saltfiskframleiðslu hafa látið þess getið við mig, að auknum vinnukostnaði mundi að vísu vera hægt að mæta með aukinni framleiðni í vinnustöðum þeirra, en þeir hafa jafnframt sagt, að til þess þyrfti að leggja töluverðan stofnkostnað í hagkvæmar vélar og tæki, endurbætur á vinnuskilyrðum o. s. frv., og þess vegna gerðu þeir varla ráð fyrir, að unnt væri að búast við, að slík vinnutækni yrði almennt tekin upp á skömmum tíma með núverandi vöxtum og skorti á hagkvæmum lánum til slíkra endurbóta.

Ég hef nú rætt um efni þessa frv. og tilgang flm. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frekar einstakar gr. frv., þar fjalla um fyrirkomulagsatriði og framkvæmdaatriði, sem ég geri ráð fyrir að eðlilegt þyki að skoða í þeirri n., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar. Ég skal þess vegna, herra forseti, ekki lengja mál mitt, en legg til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Stofnlánadeild landbúnaðarins (frv. PÞ o. fl.).

Á 18. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [73. mál] (þmfrv., A. 80).

Á 16. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum er flutt af öllum þm. Framsfl., sem sæti eiga í þessari hv. d. Ég mun nú gera með nokkrum orðum grein fyrir þessu máli.

Það er augljóst, að hagkvæm stofnlán til at-

vinnuveganna eru mjög nauðsynleg og óhjákvæmileg til uppbyggingar og þróunar í hverri atvinnugrein sem er. Þetta á þó jafnvel sérstaklega við í landbúnaði, því að landbúnaðurinn ávaxtar ekki ört þá fjármuni, sem í honum eru bundnir, og hagkvæm stofnlán eru honum afar mikilvæg. Þær framkvæmdir, sem gerðar eru í ræktun og byggingum, eru ekki einungis fyrir þá kynslóð, sem framkvæmdina gerir, heldur fyrir framtíðina, þannig að komandi kynslóðir njóta góðs af þeim framkvæmdum, sem gerðar eru í þessari grein. Það er langt síðan þetta sjónarmið var viðurkennt á hv. Alþingi og stofnaðir voru byggingarsjóður og ræktunarsjóður, sem áratugum saman hafa veitt hagkvæm lán til landbúnaðarins, og hefur starfsemi þessara sjóða verið afar mikilvæg. Fjárhagsgrundvöllur þessara sjóða mátti heita traustur lengst af, þannig að í árslok 1957 er talið, að hrein eign ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs hafi samtals numið yfir 100 millj. kr. Áður en til gengisfellinganna kom, sem röskuðu mjög hag sjóðanna, var þessum sjóðum aflað fjár til útlána með ýmsu móti. Þeir höfðu að sjálfsögðu nokkurt eigið fé til umráða. Þeim hafði verið aflað lánsfjár af innlendu fjármagni, m. a. af greiðsluafgangi, sem varð hjá ríkissjóði, og til þess að létta þeim aðstöðuna var sumum af þessum lánum breytt í óafturkræf framlög með sérstökum lagaákvæðum, sem sett voru hér á hv. Alþingi. En þegar þessar fjáröflunarleiðir dugðu ekki, var gripið til þess ráðs að afla stofnlánasjóðunum allverulegs fjármagns til útlána af erlendu lánsfé. Vegna þess höfðu gengisfellingarnar mjög áhrifarík áhrif á hag sjóðanna. Talið er, að vegna yfirfærslugjaldsins 1958 og gengisbreytinganna 1960 og 1961 hafi sjóðirnir orðið fyrir halla, sem nemur samtals 131.4 millj. kr. Og þetta skiptist þannig, eftir því sem opinberar tölur segja, að halli vegna yfirfærslugjaldsins 1958 er 31.7 millj. kr., en halli vegna gengisfellinganna 1960 og 1961 samtals 99.4 millj. kr. Nú var það ríkisvaldið, sem ákvað gengisfellingarnar, og þær voru ekki fyrst og fremst gerðar vegna atvinnuveganna, því að höfuðástæðan fyrir gengisfellingunni 1960 var sögð vera sú, að það þyrfti að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum gagnvart viðskiptum þjóðarinnar út á við og jafna halla, sem orðið hefði á utanríkisviðskiptunum, en það var beint tekið fram, að miðað væri við, að hagur bátaútvegsins á þorskveiðum yrði svipaður eftir gengisfellinguna og áður hafði verið. Þegar ríkisvaldið gerir svona róttæka ráðstöfun í fjárhagsmálum þjóðarinnar, sem er grundvölluð á því að jafna halla í viðskiptum við útlönd, er það alls kostar rökrétt og eðlilegt, að það sama ríkisvald taki að sér að jafna þann halla, sem varð af þessum sökum hjá stofnlánasjóðum landbúnaðarins, því að bændastéttin, sem á að njóta starfsemi stofnlánasjóðanna, réð vitanlega engu um þær aðgerðir, sem ríkisvaldið gerði að þessu leyti. Þetta sjónarmið hefur verið túlkað mjög skýrt, m. a. í tímariti bændastéttarinnar, en þar hefur ritstjóri Árbókar landbúnaðarins komizt svo að orði um þetta atriði:

„Ef ríkisvaldið hefði viljað viðurkenna þetta drengilega og opinskátt," — þ. e. a. s. þann halla, sem varð á sjóðunum vegna gengisfellingarinnar, — „hefði eigi þurft neina nýja löggjöf, heldur hefðu sjóðirnir getað haldið áfram í sama horfi og áður, haldið nöfnum sínum, sem vinsæl voru orðin af starfi þeirra. Aðeins hefði þurft að hækka framlag ríkisins í öfugu hlutfalli við verðgildi íslenzkrar krónu og e. t. v. hækka útlánsvexti sjóðanna. Þetta hefði einnig verið viðurkenning á því, sem ritstjóri Árbókarinnar álítur réttast, að bændastétt landsins, sem sjóðanna hefur notið, eigi allra atvinnustétta minnst sök á verðfellingu íslenzkra peninga og henni eigi því sízt allra að refsa fyrir þá verðfellingu."

Í 2. gr. þessa frv. er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar ísl. krónu eftir 1. jan. 1960, á þeim erlendu lánum, sem hvíla á stofnlánadeild landbúnaðarins, og greiðsluskylda ríkissjóðs nái til afborgana og vaxta stofnlánadeildar af lánunum og gildi þar til lánunum er lokið. Eins og þetta orðalag ber með sér, er ekki miðað við, að þessari fúlgu sé snarað út í einu, heldur þannig, að ríkissjóður greiði það smám saman, þetta nái til afborgana og vaxta stofnlánadeildar, þar til lánunum er lokið. En með löggjöfinni um stofnlánadeild landbúnaðarins, sem þetta frv. er breyting á, var sú leið farin að lögfesta framlag, sem bændum er gert að greiða inn til stofnlánadeildarinnar. Þetta framlag nemur 1% af heildarframleiðslu landbúnaðarins, en það jafngildir sem svarar 2% af kaupi bóndans. Þetta framlag er í reyndinni skattur af kaupi bóndans, því að það á ekki samkv. lögum og í samræmi við þá framkvæmd, sem á þeim hefur verið, að færast inn sem rekstrarkostnaður, þegar verðlag landbúnaðarins er ákveðið. Þetta er gagnstætt því, sem á sér stað um iðnað og sjávarútveg, því að það gjald, sem iðnaðurinn greiðir til iðnlánasjóðs, er fært sem rekstrarkostnaður samkv. beinum ákvæðum laga um iðnlánasjóð og frádráttarbært, þegar tekjuskattur og aðstöðugjald er á lagt. Og útflutningsgjald á sjávarafurðir, sem einnig hefur verið tekið til samanburðar, er metið sem kostnaður við atvinnureksturinn, þegar gert er upp af hálfu ríkisvaldsins, hvaða aðstoð sá atvinnuvegur þurfi á að halda, eins og oft hefur verið gert á undanförnum árum og áratugum. Þetta sérstaka gjald á landbúnaðinn var lögfest gegn mótmælum fulltrúa bændasamtakanna. Og ályktanir frá aðalfundum Stéttarsambands bænda sýna, að bændastéttin sættir sig ekki við að greiða þennan skatt til stofnlánadeildarinnar. Á aðalfundum Stéttarsambands bænda hafa verið ítrekaðar ályktanir í þessa stefnu og samþykktar þar með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Og nú er svo komið, að því er ég bezt veit, að það er verið að undirbúa það að gera að því gangskör að hefja málsókn á hendur ríkisvaldinu út af þessu framlagi. Þetta sýnir, að meðal bændastéttarinnar ríkir ekki ánægja með þá skipan mála, sem nú er. Það er nú svo margt skoðað út frá sjónarmiði pólitískra flokka, en það eru ekki menn, sem hafa starfað í Framsfl., sem mest beita sér fyrir því að undirbúa þá málsókn, sem ég drap á, og sýnir það m. a., að þetta mál er ekki gert upp frá flokkslegu sjónarmiði innan bændastéttarinnar, enda þarf ekki annað en lesa það, sem bændur hafa um þetta að segja, t. d. frásagnir frá mörg-

um kjörmannafundum í hreppunum, þar sem þetta mál er tekið upp og samþykkt eindregin mótmæli gegn því lagaákvæði, sem nú er í gildi, og þess óskað eða krafizt, að það verði niður fellt, þannig að allt þetta bendir til þess, að meðal bændastéttarinnar er almenn óánægja með þá skipan, sem nú á sér stað í þessu efni.

Þegar málum er svo komið, er auðsætt, að af þessu leiðir fyrirhöfn og gremju meðal bænda. Þetta hlýtur að vera til leiðinda í þeirri stofnun, sem bændurnir leita til um fyrirgreiðslu á fjármálasviðinu, stofnun, sem hefur það aðalhlutverk að veita bændastéttinni þjónustu, og það er hv. Alþingi til vansæmdar að láta vera lengi í gildi löggjöf, sem þessu veldur.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að fella niður þetta sérstaka gjald, en í þess stað verði tekjur stofnlánadeildarinnar árlegt framlag ríkissjóðs, 30 millj. kr., og auk þess vaxtatekjur. Hugsunin, sem að baki þessu liggur, er sú, að stofnlánadeildinni verði séð fyrir starfsfé úr bankakerfinu eða af því fé, sem er til umráða í þjóðarbúinu til útlána, en framlag ríkissjóðs sé hækkað í því skyni að standa straum af vaxtamismun. Ýmsum kann að virðast, að hér sé boginn hátt spenntur, því að 30 millj. sé hátt framlag í þessu skyni. En ef á þetta er litið og það metið með tilliti til þeirra talna, sem nú koma fram á mörgum öðrum sviðum, og þeirrar miklu veltu, sem nú er í þjóðarbúskapnum, þá er auðsætt, að hér er ekki um mjög háa fjárhæð að ræða. Ég skal aðeins nefna örfáar tölur til samanburðar. Fjárlög ríkisins hafa á undanförnum árum hækkað um 300—400 millj. kr. árlega, og stefnt er að slíkri hækkun nú á fjárl. fyrir árið 1964 frá því, sem er um fjárlög þessa árs. Í fjárl. eru einstakir liðir, sem hafa hækkað, eins og t. d. liðurinn framlag vegna ríkisábyrgða, sem á 5 árum hefur hækkað úr 20 millj. upp í 46 millj., eins og hann er áætlaður í þessu fjárlfrv. Hækkunin er um 130% á 5 árum. Í ræðu, sem einn af ráðh. flutti í Sþ. nú í vetur, upplýsti hann, að bundna sparifé í Seðlabankanum hafi verið 1. okt. s. l. 743.7 millj. kr., en í samanburði við þetta má geta þess, að heildarútlán stofnlánadeildar landbúnaðarins hafa á s. l. 5 árum verið lægst 46 millj. á ári og hæst á s. l. ári 70 millj., þannig að þótt við tökum hámarkið, 70 millj. kr. útlán hjá stofnlánadeild landbúnaðarins, er það ekki nema örlítið brot af því bundna sparifé, sem þjóðin á inni í Seðlabankanum, og samkv. síðustu Fjármálatíðindum er mótvirðisfé geymt í Seðlabankanum, að ég ætla, rúmar 200 millj. kr. Þetta eru aðeins örfá dæmi til samanburðar um þær fjárhæðir, sem hér er farið fram á að lagðar verði af mörkum, miðað við ýmsar aðrar tölur, sem um er að ræða í þjóðarbúskapnum. Mótvirðisfé inni í Seðlabankanum er talið í ágúst s. l. 222 millj. kr.

Í 3. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að vextir af lánum til íbúðarhúsa í sveitum skuli vera 3½% og af öðrum lánum stofnlánadeildar 4%. Þetta er sami vaxtafótur og var, áður en efnahagslögin voru sett í byrjun árs 1960. Framsfl. beitir sér fyrir því hér á hv. Alþingi, að vextir almennt verði lækkaðir. Ákvæði þessa frv. er því í fullu samræmi við það meginsjónarmið Framsfl. En auk þess kemur það til, að landbúnaðurinn þolir ekki til langframa að bera háa vexti af stofnlánum. Það fjármagn, sem lagt er fram í því skyni og fest í landbúnaðarframkvæmdum, skilar ekki svo örum arði, að það sé grundvöllur til þess, að það skili háum vöxtum. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að landbúnaðurinn er ekki háður eins miklum sveiflum og sumir aðrir atvinnuvegir og veitir þeim, sem við hann starfa, mjög viðunandi lífskjör, þegar sæmilega er að honum búið, og gagnvart þjóðfélagsheildinni veitir landbúnaðurinn öryggi, sem þjóðfélagið í heild á mikið undir að ekki bregðist.

E. t. v. verður því hreyft, að það skipti bændastéttina ekki miklu máli, þó að vextir af stofnlánum hennar séu nokkuð háir, vegna þess að þeir fáist bornir uppi í verðlagi landbúnaðarafurða. Því er nú þannig háttað, að það hefur valdið miklum ágreiningi milli fulltrúa bænda og fulltrúa neytenda, þegar verðlagsgrundvöllur er ákveðinn, hvað eigið fé bóndans, sem stendur í búinu, er lágt metið og vextir af því lágir, og enn fremur séu skuldir, raunverulegar skuldir bænda, naumast teknar svo til greina sem ástæða væri til. Það er því skoðun bænda, að þeir fái ekki að fullu upp borin í verðlagi landbúnaðarafurða þau raunverulegu vaxtagjöld, sem á landbúnaðinum hvíla. En þó að svo sé litið á, að vextir, sem á landbúnaðinum hvíla, komi inn í verðlagsgrundvöllinn, hefur þetta mál mjög mikla þjóðhagslega þýðingu, því að þeim mun hærra sem landbúnaðarvöruverðið þarf að vera, m. a. af þessum sökum, þeim mun hærri eru niðurgreiðslur eða útflutningsuppbætur úr ríkissjóði, eða ef úr því er dregið, þá ýtir það undir kröfur um hækkað kaup, og það er eitt af hinum meiri vandamálum í þjóðfélaginu, hvernig eigi að halda verðlagsþróuninni í föstum skorðum að þessu leyti. Og þegar litið er á þessa fjármuni, sem ríkissjóður innir af hendi og koma inn í fjárlög hvers árs til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta, þá eru það engar smáfjárhæðir, það skiptir hundruðum milljóna króna, en ekki aðeins fáum tugum milljóna, eins og hér er lagt til að árlegt framlag til stofnlánadeildarinnar eigi að vera.

Í 5. gr. þessa frv. er ákvæði um veðdeild Búnaðarbankans. Það er óhjákvæmilegt, að töluverð viðskipti eigi sér stað árlega um kaup og sölu á jörðum. Þó að að því sé stefnt af ríkisvaldinu og bændasamtökunum, að jarðir haldist í byggð og að sem mest festa sé um skipun byggðarinnar, þá vitum við, hvernig þróunin hefur verið að þessu leyti á undanförnum tíma, og jafnvel þó að það tækist, sem því miður eru litlar líkur til, að draga úr þeim fólksflutningum, sem nú eiga sér stað úr sveitum og í þéttbýlið, þá verður samt aldrei hjá því komizt, að um eigendaskipti á jörðum sé að ræða, og veðdeild Búnaðarbankans er ætlað það hlutverk að veita fyrirgreiðslu og fjárhagsaðstoð til þessara viðskipta. En því miður er það nú svo, að veðdeildin hefur um langt skeið skort tilfinnanlega fjármagn til að gegna þessu hlutverki svo vel sem þörf er á. Ég sé í síðustu Fjármálatíðindum, að heildarútlán veðdeildar Búnaðarbankans eru talin í árslok 1961 33 millj. kr. Þau hækka verulega eða upp í 100 millj. á árinu 1962, en sú hækkun mun aðallega stafa af breytingum á lausaskuldum bænda í föst

lán, þannig að þegar það er frá dregið, þá virðist mér, að heildarútlán veðdeildar Búnaðarbankans muni ekki nema nema 30—40 millj. kr. Mér virðist það eftir þessum tölum, þegar lausaskuldalánin eru ekki tekin með. Ef við lítum á þessar tölur, þá sýna þær þá átakanlegu mynd, hvað veðdeild Búnaðarbankans hefur átt við mikinn fjárskort að stríða um langt árabil, og að þær fjárhæðir, sem hér er um að ræða, eru svo lágar, að það gefur auga leið, að þessi starfsemi, eins og hún er nú, fullnægir engan veginn þörfum að þessu leyti.

Í 5. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að Seðlabanka Íslands sé skylt, ef ríkisstj. óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, þó eigi minna en 50 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Enn fremur er gert ráð fyrir samkv. 5. gr. frv., að veðdeild Búnaðarbankans verði heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa í því skyni að greiða fyrir viðskiptum um kaup og sölu jarða.

Loks er ákvæði um það í þessu frv., að ákveðið verði fast framlag, eigi minna en 350 þús. kr. á ári, í því skyni að greiða fyrir þeirri starfsemi, sem ráðgerð er í lögum stofnlánadeildina og miðar að því, að veita leiðbeiningar um sem hagkvæmasta gerð bygginga á sveitabýlum, sérstaklega peningshúsa. En þessi starfsemi, sem þó er lögboðin, hefur ekki notið sín sem skyldi að undanförnu, sökum þess að til hennar hefur ekki verið lagt nægilegt fé.

Ég hef þá farið nokkrum orðum um aðalefni þessa frv. Ef svo kynni að fara, að við athugun í nefnd þættu þær fjárhæðir, sem eru nefndar í frv., of lágar með hliðsjón af hækkandi verðlagi, þá erum við flm. fúsir til viðræðu um að breyta því til hækkunar frá því, sem er tekið fram í frv.

Þá vil ég að allra síðustu gera till. um, að þessu frv. verði vísað til nefndar. Þegar lögin um stofnlánadeildina voru til meðferðar í heild, var um þá lagasetningu fjallað í landbn., og með tilliti til þess, að þetta frv. er breyting á þeim heildarlögum, var á síðasta þingi frv. um sama efni til athugunar í landbn. Hins vegar er í þessu frv. eingöngu um fjárhagsatriði að ræða, og þar sem reynslan hefur orðið sú, að ekki hefur náðst samstaða um málið í landbn., þá vildi ég gjarnan freista þess að kanna, hvort ekki næst betri samstaða í hv. fjhn., og geri það því að till. minni, að frv. verði nú að þessu sinni vísað til fjhn. að þessari umr. lokinni.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Í raun og veru gerist ekki þörf á að segja mörg orð um þetta mál hér, vegna þess að það lá fyrir síðasta þingi og var þá rætt frá ýmsum hliðum. En ég tel þó rétt að víkja örfáum orðum að frv. aftur nú með hliðsjón af þeirri ræðu, sem hv. 1. flm. flutti hér áðan.

Það er að sjálfsögðu enginn ágreiningur okkar í milli um það, að það ber brýna nauðsyn til þess að efla sem mest stofnlánasjóði landbúnaðarins, því að efling þeirra er að sjálfsögðu undirstaða að uppbyggingu í sveitum landsins, sem okkur öllum hlýtur að koma saman um, að ekki aðeins fyrir landbúnaðinn, heldur þjóðarheildina, sé hin brýnasta nauðsyn. Ég tel því ekki þörf á, að við séum að ræða mikið þá hlið málsins. Það, sem hlýtur því að vera sú spurning, sem við þurfum að svara hér, er, hvort það frv., sem hér liggur fyrir, stefni í þá átt að bæta aðstöðu landbúnaðarins með stofnlán umfram þau lög, sem nú eru í gildi. Sé svo ekki, hefur frv. enga raunhæfa þýðingu. Og ef undan er skilin 5. gr. frv., sem ég mun gera sérstaklega að umtalsefni, og raunar 6. gr. þess líka, sem er þó ekki stórvægilegt mál, þá er það í stuttu máli sagt mín skoðun, að frv. stefni ekki í þá átt að bæta aðstöðu stofnlánadeildar landbúnaðarins frá því, sem hún er samkvæmt gildandi lögum. Það er gert ráð fyrir því í rauninni, að sú breyting ein gerist hér, sem að vísu getur horft til nokkurra bóta til að byrja með, að yfirteknar séu þær skuldir, sem á stofnlánadeildinni hvíla, og að öðru leyti sé lögfest árlegt framlag úr ríkissjóði. Eins og stofnlánadeildarlögin eru hins vegar upp byggð, er gert ráð fyrir tekjuöflun, sem byggist á því verðlagi, sem er á landbúnaðarvörum á hverjum tíma, og tekjur deildarinnar fara því mjög hækkandi, eftir því sem verð landbúnaðarafurða hefur hækkað. Nú t. d. á þessu hausti hefur það hækkað mjög verulega, þannig að hlutfallsleg aukning verður þá að sama skapi á tekjum stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það má að vísu segja, að það sé æskilegt, að sú þróun verði í þjóðfélaginu næstu árin, að jafnmiklar sveiflur þurfi ekki að vera á verðlagi og verið hafa. En líkur eru þó til þess, að búast megi við einhverri verulegri hækkun árlega, og a. m. k. eins og lögin eru úr garði gerð, beinlínis tryggja þau stofnlánadeildina með það að fá auknar tekjur, eftir því sem verðlag landbúnaðarvara hækkar, og þá má auðvitað gera ráð fyrir því um leið, að því sé samhliða aukning á byggingarkostnaði, þannig að einmitt þessi tekjuaukning verði sérstaklega brýn, þegar slíkar sveiflur eru.

Ég hygg því, að ef við lítum aðeins á hina peningalegu hlið málsins, þá sé með núgildandi lögum um stofnlánadeildina mjög sæmilega séð fyrir uppbyggingu stofnlánadeildarinnar og á farsælli hátt en gert er ráð fyrir í þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir að lögfesta ákveðið árlegt framlag ríkissjóðs, án þess að það taki nokkrum breytingum miðað við verðbreytingar. Hv. flm. sagði að vísu í lok síns máls, að hann væri til viðræðna um að semja um aukin framlög. Ég hygg, að hann viti það nákvæmlega eins vel og ég, að þessi máti, sem hér er upp tekinn, er vægast sagt ákaflega billegur, að leggja til, að allt sé borgað úr ríkissjóði. Það er hlutur, sem yfirleitt vill brenna við, að stjórnarandstaða á hverjum tíma leggi sig fram um að gera, og þeir hv. þm., sem að þessu hafa staðið, hafa ekki verið eftirbátar annarra um það, að öll útgjöld, sem nauðsyn reynist á hverjum tíma að leggja í, skuli borguð, svo sem er vinsælt orðatiltæki orðið í þeirra herbúðum nú, af almannafé. Þetta vitum við auðvitað allir, að er ekki raunhæf úrlausn vandamála, að gera það á þann einfalda hátt að leggja til, að ríkissjóður greiði þetta allt af hendi, þegar svo jafnhliða yfirleitt er uppi mjög rík andstaða gegn því, að ríkissjóður fái nokkrar auknar tekjur, eins og við þekkjum einnig, að yfirleitt er alltaf um að ræða, þegar koma fram einhverjar till. um það efni, að þá

er gegn þeim snúizt. Ég skal ekki nánar út í þá hlið málsins fara, en þetta er sem sagt hin ódýra lausn manna, sem þurfa ekki að bera ábyrgð á afgreiðslu fjármála ríkisins, að hafa þennan hátt á, og ég er svo sem ekki að sýkna aðra um það, að þeir hafi ekki á einhverjum tímum haft einhverjar svipaðar ódýrar úrlausnaraðferðir til þess að leysa vandann.

Ég hygg því, að það sé nánast sagt tómt mál að tala um, að það sé einföld aðferð til að leysa þennan vanda að hækka aðeins framlagið frá ríkissjóði. Málið er miklu flóknara en það, eins og við allir áreiðanlega vitum. En eins og frv. er úr garði gert, er það skoðun mín ákveðið, að það tryggi ekki, nema síður sé, hag stofnlánadeildarinnar frá því, sem nú er. Það má því segja, að það, sem gæti réttlætt þetta frv., væri fyrst og fremst sú hlið málsins, hvort það ætti að breyta um tekjuöflunaraðferðir, og hv. frsm. kom inn á það, að hann teldi brýna nauðsyn bera til þess að létta af bændum því gjaldi, sem þeir nú bæru, og leysa vandann á þann hátt að láta ríkissjóð leggja alla þessa fjármuni fram.

Við vitum auðvitað, að það hefur verið mikið deilumál um búvörugjaldið. Bændur hafa að sjálfsögðu, eins og yfirleitt allir, sem gjöld eiga að borga, verið því mjög andvígir að þurfa að greiða það. Við því er ekkert að segja. En ég held jafnframt, að æ fleiri bændur geri sér grein fyrir því, að með þeirri löggjöf, sem sett var um stofnlánadeild landbúnaðarins, þar sem þetta búvörugjald var einn þátturinn, hafi verið lagður mjög mikilvægur hornsteinn að uppbyggingu íslenzks landbúnaðar, sem eigi eftir að verða bændastéttinni til mikilla heilla. Og ég fullyrði það, eins og öllum þeim málum er háttað, að það hefði ekki verið auðið að tryggja það mikla aukna fjármagn, sem tryggt var með þessari löggjöf, ef ekki hefði verið að því horfið að leggja á þetta búvörugjald. Með því móti var þessi stofnlánasjóður byggður upp á þann hátt, sem eðlilegt verður að teljast, að hann var byggður upp sem samhjálp allra aðila, sem málið varðar, almannasjóður með framlagi ríkissjóðs, sem er mikill meiri hl., framlagi frá framleiðendum og framlagi frá neytendum. Með samsteypu þessara þriggja úrræða var þetta vandamál leyst, og ég held leyst á þann hátt, að það hefði ekki verið auðið að gera það á skynsamlegri máta. Ég er því ákveðið þeirrar skoðunar, að a. m. k. eftir því sem árin líða, þá muni þeim röddum fækka, sem halda fram þeirri kenningu, að það beri að afnema þessa skipun mála, því að við vitum, að það er ekki hægt að leysa málin með þeim einfalda hætti að leggja allt þetta á ríkissjóðinn. Það koma auðvitað margir aðilar á eftir með sams konar kröfur.

Við höfðum hér til meðferðar á síðasta þingi frv. um uppbyggingu iðnlánasjóðs, sem mjög hefur verið vanhaldinn að fé, allt frá því að hann tók til starfa. Og þá var farið inn á nákvæmlega sömu braut sem gert var með stofnlánadeild landbúnaðarins og það beinlínis eftir beiðni iðnrekenda sjálfra, að leggja á iðnaðarframleiðsluna sérstakt gjald til að byggja upp þann sjóð, og í sambandi við það gjald var ekki gert ráð fyrir því hliðstæða framlagi frá ríkissjóði á móti, eins og gert er ráð fyrir í lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins. Hv. frsm. sagði, að það gjald væri allt annars eðlis en stofnlánadeildargjaldið, vegna þess að það er beinlínis tekið fram í l., að iðnaðurinn megi reikna þetta gjald með í öllum tilkostnaði og verðlagningu. Þetta er alls ekki rétt, og það var beinlínis tekið fram, þegar þetta frv. var hér til meðferðar, af hálfu frsm. um það mál, að það bæri að líta á það gjald nákvæmlega með sömu augum og þetta gjald til stofnlánadeildar landbúnaðarins, að það væri ekki reiknað með í tilkostnaði vörunnar við verðlagningu. Ég veit, að hv. þm. man mætavel eftir þeim umr. öllum, því að hann er fróður maður og fylgist vel með, og undrar mig því, að hann skuli halda því gagnstæða fram, að það sé beinlínis tekið fram í l. Um skipan stofnlánasjóðs sjávarútvegsins er sama að segja. Það eru að vísu miklu stórfelldari kvaðir, sem þar er um að ræða, og sá sjóður er eingöngu byggður upp af sjávarútveginum sjálfum. Það getur vafalaust verið ágreiningsefni, að hve miklu leyti sjávarútvegurinn verður beint að standa undir því gjaldi án þess að bera nokkuð úr býtum til að mæta því eða ekki. Sjávarútvegurinn er háður erlendu verðlagi og það fer nokkuð eftir atvikum um það, hvort hann getur fengið það uppi borið eða ekki. En það þýðir ekki fyrir hann að koma með neitt reikningsdæmi um það, að hann eigi að fá það greitt. Ef það eitt út af fyrir sig ætti að koma til álita sem rökstuðningur fyrir því, að hann fengi einhverjar ráðstafanir sér til handa, þá þykir mér harla ólíklegt, að það yrði tekið sérstakt tillit til þess. En fyrr kemur í rauninni ekki til álita að meta það, hvort á það gjald yrði lítið öðrum augum en gjaldið til stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Það er því alveg augljóst mál, og það hefur verið skoðun mikils meiri hl. aðila, sem þar að hafa unnið, að uppbygging stofnlánasjóða atvinnuveganna einmitt með þessum hætti væri eðlileg, og þar hefur landbúnaðurinn enga sérstöðu umfram aðra atvinnuvegi. Það má náttúrlega segja sem svo, að það væri hægt að byggja upp alla sjóði á þann hátt, að það væri eingöngu með lánsfé. Þá auðvitað byggist aldrei neinn sjóður upp, vegna þess að þeim lögmálum hefur verið fylgt í okkar þjóðfélagi og það réttilega, að lán úr stofnlánasjóðum hafa verið veitt með lægri vöxtum en á hinum almenna lánamarkaði hverju sinni, þannig að það hefur verið útilokað að byggja upp nokkra stofnsjóði, ef ekki hefði átt að sjá þeim fyrir eigin tekjustofnum. Og þeir, sem hafa áhuga á því að hafa sem lægsta vexti á stofnlánum landbúnaðarins, hljóta að hafa áhuga á því um leið, að sjóðurinn eignist það mikið eigið fé, að hann verði þess umkominn að standa undir einhverjum vaxtahalla.

Ég tel nauðsynlegt, að það komi skýrt fram, til þess að það villi ekki hugmyndir neinna um þetta mál, að enda þótt sú ráðstöfun hefði verið gerð að létta af stofnlánasjóðum landbúnaðarins gengismuninum, þá hefði sú ráðstöfun alls ekki nægt til þess að byggja upp með nokkrum skynsamlegum hætti stofnlánasjóð landbúnaðarins, þannig að það hefði verið óumflýjanlegt, ef menn á annað borð bera fyrir brjósti að byggja þennan stofnlánasjóð upp nauðsynlega öflugan, að gera engu að síður ráðstafanir til nauðsynlegrar

fjáröflunar og aukinna eigin tekna þessa sjóðs, þó að gengisfellingar hefðu aldrei átt sér stað. Gengisfellingarnar voru mikið óhapp fyrir stofnlánasjóði landbúnaðarins, og má þó kannske segja, að fátt er svo illt, að ekki fylgi nokkuð gott, að þessar gengisfellingar og þau geysilegu vandræði, sem úr þeim urðu, hafi þó leitt til þess, að þetta mál var tekið fastari tökum en það hefur nokkru sinni áður verið tekið og leitt af sér löggjöf, þar sem gerð hafa verið stærri átök til eflingar stofnlánum landbúnaðar en nokkru sinni áður hafa verið gerð.

Ég skal að öðru leyti ekki ræða um gengisfellingarnar og hugleiðingar hv. frsm. um þær. Ég get ekki verið honum algerlega sammála um rökstuðninginn fyrir því, sem hann þar sagði. En það gagnar lítið í þessu máli að vera að rifja það allt upp aftur, það eru margrædd öll þau atvik, bæði með og móti. En þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram í málinu, til þess að menn geri sér grein fyrir, að það eitt út af fyrir sig hefði alls ekki leyst það mikla vandamál, sem hér er við að glíma. Auk þess var annað atriði, sem var orðið lítt viðráðanlegt stofnlánasjóðunum, og það var hinn geysilegi vaxtahalli, sem gerði miklu meira en éta upp öll framlög ríkisins árlega til þessara sjóða, og sá vaxtahalli hefði að sjálfsögðu aukizt, eftir því sem árin liðu, og hefði þurft að taka fleiri lán, því að lán þurfti að taka, eins og menn vita, á hverju einasta ári, þá hefði þessi vaxtahalli orðið stöðugt tilfinnanlegri og að síðustu hlotið að leiða til hreins öngþveitis fyrir þessa stofnlánasjóði.

Um vextina skal ég ekki heldur margt ræða. Það er eins og hv. þm. sagði, það er ágreiningsmál, ekki aðeins varðandi vexti stofnlánadeildar landbúnaðarins, heldur vaxtamálin yfirleitt, og þetta frv. og vaxtaákvörðun þess verður auðvitað að skoða út frá till. hv. framsóknarmanna um vaxtamálin almennt, því að ef svo væri ekki, væri að sjálfsögðu þetta frv. eða ákvarðanir þess um vextina hrein endaleysa, því að það mundi á örstuttum tíma gera stofnlánadeildina algerlega gjaldþrota, sá óskaplegi vaxtahalli, sem yrði, ef það yrði gert ráð fyrir, að þetta frv. yrði samþ., án þess að vaxtabreytingar yrðu gerðar almennt. Það var hins vegar rétt, sem hv. frsm. sagði, að vextirnir af stofnlánunum út af fyrir sig hafa ekki svo ákaflega mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn, vegna þess að þeir eru reiknaðir með til mats á verðlagsgrundvellinum, og ég hygg satt að segja, að það hafi ekki verið mikið, sem á milli bar með vextina við ákvörðun verðlagsgrundvallarins að öðru leyti en hvað snertir vexti af eigin fé. Og það er í sannleika sagt, hygg ég, mál, sem snertir okkar atvinnulíf almennt, það vandamál, að hve miklu leyti menn fá vexti af eigin fé, sem þeir leggja í atvinnureksturinn. Það mál er að sjálfsögðu allt annars eðlis en spurningin um að fá uppi borna eða reiknaða til kostnaðar alla vexti af lánsfé.

Ég skal fúslega taka undir það með hv. frsm., að vissulega væri það góðra gjalda vert að efla enn meira stofnlánadeildina, og öllum raunhæfum till. í þá átt mun ég fúslega ljá mitt lið til að þoka áleiðis. En eins og ég sagði í upphafi míns máls, þá sýnist mér ekki, að þetta frv. út af fyrir sig stefni í þá átt að bæta fjárráð stofnlánadeildarinnar eða styrkja undirstöðu hennar til frambúðar, heldur hljóta það að vera önnur sjónarmið, sem þar koma til álita, og eru meira með pólitískum blæ heldur en að leggja grundvöll að aukinni starfsemi stofnlánadeildanna.

Um 5. gr. frv. varðandi veðdeildina er um nokkuð annað mál að ræða. Það er alveg hárrétt hjá hv. frsm., að veðdeildin hefur verið fjárþrota, hefur alla tíð verið það, og það má segja, að það hafi allir sömu sök um það, ef sök skyldi kalla, að hafa vanrækt veðdeildina alla tíð. Það er alveg rétt. Þegar greiðsluafgangi var ráðstafað til stofnlánasjóða landbúnaðarins, varð veðdeildin yfirleitt alltaf að verulegu leyti útundan. Og vil ég engum sérstökum kenna það. Þetta er aðeins staðreynd málsins, sem við allir þekkjum. Það er hins vegar mjög brýn nauðsyn að efla veðdeildina, og eins og mönnum er kunnugt, er í l. um stofnlánadeildina heimild til þess, að stofnlánadeildin kaupi skuldabréf veðdeildar Búnaðarbankans fyrir allt að 10 millj. kr. á ári. Það er sú tala, sem gerðar hafa verið ályktanir um á búnaðarþingum t. d., að nauðsynlegt væri að tryggja veðdeildinni til árlegra útlána. Nú kann vel að vera, að það sé nauðsyn, að það verði meira miðað við þá verðlagsþróun, sem hefur verið, en þetta er þó sú tala, sem nefnd hefur verið og mundi að sjálfsögðu stórkostlega bæta hag veðdeildarinnar til að veita jarðarkaupalán, ef hún hefði öruggar tekjur, sem næmu 10 millj. kr. á ári, eða beint lánsfé, sem því nemur. Ég hefði haldið, að það mundi vera heppilegra til úrlausnar vandamáli veðdeildarinnar að byggja á því lagaákvæði, sem þar er um að ræða, og reyna að afla fjár með þeim hætti, þ. e. a. s. að efla svo fjárhag stofnlánadeildarinnar, að hún geti orðið þess umkomin að kaupa vaxtabréf veðdeildarinnar að þessu marki. 50 millj. kr. lán til veðdeildarinnar hefur að sjálfsögðu enga raunhæfa þýðingu í einu lagi og væri á engan hátt heppilegt, heldur eðlilegra, að slík fjáröflun dreifðist á nokkur ár. Það er vafalaust ekkert, sem hindrar það, og naumast ætlun flm., að farið væri að taka slíkt lán í einu. En ég sé ekki, að með þessu ákvæði í frv. sé í rauninni lagður neinn traustari grundvöllur að fjárhag veðdeildarinnar en hann er í l. um stofnlánadeildina, ef hægt verður að uppfylla ákvæði þeirra laga. Það er í fyrsta sinn á þessu ári, enda er þetta fyrsta heila árið, sem stofnlánadeildin starfar, sem þessi heimild hefur verið notuð að vissu marki, þannig að stofnlánadeildin hefur keypt fyrir 5 millj. kr. vaxtabréf veðdeildarinnar, og það gerði auðið að hækka veðdeildarlánin mjög verulega nú fyrri hluta þessa árs, og það hefur nokkurn veginn verið hægt að leysa þá fjárþörf, sem hér hefur verið um að ræða, þó að auðvitað mætti segja, að í mörgum tilfellum væri þörf á, að þessi lán væru hærri. En það hefur verið hægt að sinna flestum þeim umsóknum, sem á annað borð hefði verið bankalega séð nokkur leið að líta við, með þessu fé. Þetta er þó engan veginn nægilegt, miðað við heils árs starfsemi, þannig að ég teldi, að það væri nauðsynlegt, t. d. á næsta ári, að það væri hægt að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar fyrir þá upphæð, sem stofnlánadeildarlögin gera ráð fyrir, eða 10 millj. kr. En mér sýnist, að með þeirri ráðstöfun væri mjög bærilega séð fyrir fjárhag veðdeildarinnar.

Ég hef satt að segja ekki trú á því, að það komi mikið gott út úr því að fara að skylda banka til þess að veita tiltekið lán, eins og hér er gert ráð fyrir. Það var til gamalt lagaákvæði, sem vafalaust er kunnugt öllum hv. þdm., sem var í gildi í fjölda ára, að Seðlabankanum væri skylt eða Landsbankanum þá raunar, þá var enginn sérstakur seðlabanki, að kaupa veðdeildarbréf fyrir vissa fjárhæð á ári, ef ríkisstj. óskaði eftir því. Þessi heimild varð aldrei raunhæf, og ég held, að allir, sem að þeim málum stóðu, hafi gert sér grein fyrir því, að ekki væri til bóta að setja slíkt ákvæði, sem skyldaði banka til að leggja fram til ákveðinna lána tilteknar upphæðir, enda sé í rauninni ekkert vit í því, ef Alþingi ætlaði að fara að ákveða það með löggjöf að ráðstafa fé bankastofnana. Ég veit ekki, hvar það ætti að enda. Ég er því ákaflega hræddur um, að þetta ákvæði mundi vera jafnóraunhæft hinu fyrra að þessu leyti. Þá er ég jafnframt mjög hræddur um, að það mundi hafa litla þýðingu að greiða bændum lán út í bankavaxtabréfum, því að hvernig í ósköpunum ættu þeir að selja slík bréf? Þessi bréf hlytu að verða með mun lægri vöxtum en eru á almennum lánamarkaði, og ég sé því ekki neina skynsamlega ástæðu til að halda, að nokkur aðili mundi vilja kaupa slík bréf, þannig að það væri beinlínis verið að blekkja menn með því að rétta þeim slík bréf upp í hendurnar. Mér sýnist því, þó að ég efi það ekki, að góður hugur liggur á bak við það að efla veðdeild Búnaðarbankans, og fullkomlega ber að virða allar hugmyndir, sem fram koma um það, þá er það mín skoðun, að þessi ráðstöfun sé ekki líkleg til þess að bæta úr því máli, heldur beri að leggja alla áherzlu á að framkvæma það ákvæði, sem er í stofnlánadeildarlögunum, að stofnlánadeildinni verði gert kleift að kaupa vaxtabréf veðdeildarinnar fyrir ekki minna en 10 millj. kr. á ári hverju.

Varðandi 6. gr. frv. vil ég taka það fram, að það er hárrétt, sem hv. frsm. sagði, að þetta er vandamál, sem verður að leysa, varðandi kostnaðinn við þá nefnd, sem hann gat um, ráðgjafarnefnd um byggingar í sveitum. Sú nefnd hefur verið fjárvana. Í l. er ákveðið, að það skuli lagt til hennar fé úr ríkissjóði, sem aldrei hefur fengizt gert, og það er vissulega hin brýnasta nauðsyn, að með einhverjum hætti verði séð fyrir fé til að sinna þessum mikilvægu þörfum.

Ég skal svo ekki, herra forseti, orðlengja frekar um málið. Ég tek skýrt fram, að það ber að virða alla viðleitni í þá átt að efla stofnlánadeild landbúnaðarins og gera henni fært að sinna sínu mikilvæga hlutverki. En það er mín skoðun, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, leggi ekki grundvöll að því að bæta um frá því, sem þegar hefur verið gert með núgildandi lögum um stofnlánadeild landbúnaðarins.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess, að ég haldi langa ræðu til að svara hv. 6. þm. Norðurl. e., því að í ræðu hans komu ekki fram þau rök, sem í einu eða neinu hnekkja því, sem ég færði fram til stuðnings frv. okkar framsóknarmanna. Hitt er svo annað mál, að hann lítur á þetta mál í grundvallaratriðum frá nokkuð öðru sjónarmiði en við framsóknarmenn og færði ýmis rök fyrir því sjónarmiði, sem hann vill leggja til grundvallar við lausn og meðferð þessa máls, og út í það sé ég ekki ástæðu til þess að fara sérstaklega, en vil þó minna á örfá einstök atriði af því, sem fram kom.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. ber brigður á, að ég fari rétt með, þegar ég segi, að gjald það, sem iðnaðurinn greiðir til iðnlánasjóðs, sé frádráttarbært, og að það sé hæpið að líta þannig á í sambandi við útflutningsgjöld, sem sjávarútvegurinn greiðir og renna að nokkrum hluta til fiskveiðasjóðs. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að þegar hagur sjávarútvegsins er metinn og ríkisvaldið telur sig þurfa að grípa til ráðstafana í því sambandi, þá séu útflutningsgjöld sjávarútvegsins ævinlega tekin með inn í það dæmi, og það hefur mjög borið á góma í umr. nú á þessu þingi í sambandi við þann vanda efnahagsmála, sem nú er við að etja, að einn þáttur í lausn þeirra mála, sem til greina komi, sé að létta af sjávarútveginum þeim útflutningsgjöldum, sem hann nú ber, og sýnir það ljóslega ásamt öðru, að fast samband er þarna á milli. En um gjaldið til iðnlánasjóðs er það að segja, að í fyrsta lagi kom það fram í umr. í þessari hv. d. á síðasta þingi, þegar lögin um iðnlánasjóð voru sett, að það hefði verið leitað fyrir fram samþykkis iðnaðarmanna eða þeirra, sem gjaldið eiga að greiða, fyrir því, hve hátt gjaldið skyldi vera, og það var lögð á það svo rík áherzla, að sagt var, að það hefði aldrei komið til greina að lögfesta gjald á iðnaðinn annað eða hærra en það, sem iðnaðarmenn sjálfir hefðu samþykkt. Þetta stingur mjög í stúf við þá aðferð, sem beitt var við bændastéttina, þegar gjaldið til stofnlánadeildarinnar var lögfest, því að þá var ekki leitað til félagssamtaka bændastéttarinnar fyrir fram, og þau mótmæli, sem þaðan bárust, á meðan málið var til athugunar á Alþingi, voru að engu höfð. Þetta út af fyrir sig segir nokkra sögu og sýnir blæinn á viðskiptum núv. ríkisstj. og þingmeirihl. við bændastéttina annars vegar og iðnaðarstéttina hins vegar. En í 5. gr. l. um iðnlánasjóð, sem ég hef hér við höndina, segir orðrétt um þetta 4% gjald, sem iðnaðurinn greiðir til iðnlánasjóðs, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars.“

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta atriði.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. leggur áherzlu á það, að með l. um stofnlánadeild landbúnaðarins hafi hag stofnlánadeildarinnar verið komið á traustan og að mér skilst varanlegan grundvöll, enda höfum við nú heyrt þau orðatiltæki áður og í öðru sambandi. Hann telur því ekki ráðlegt að lækka vextina frá því, sem nú er ákveðið. Þetta er mjög skiljanlegt, m. a. af því, að sjálfur grundvöllur laganna er sá, að hinir háu vextir haldist a. m. k. til ársins 1975, og þegar þær töflur, sem lagðar voru til grundvallar, þegar þessi lög voru sett, eru athugaðar niður í kjölinn, sést, að vaxtatekjurnar eiga að verða æ stærri hluti teknanna, eftir því sem lengur líður og velta stofnlánadeildarinnar eykst, en fasta framlagið hlutfallslega minni hluti af heildarveltunni, eftir því sem lengur líður. Grundvöllurinn er því ekki traustari eða varanlegri en svo, að ef almenn vaxtalækk-

un verður ákveðin og jafnhliða því lækkaðir vextir hjá stofnlánadeild landbúnaðarins, þá bregðast að verulegu leyti þær tekjur, sem lagðar eru til grundvallar við uppbyggingu deildarinnar, og hlýtur þá þessi bygging mjög að hallast, ef ekki að hrynja, svo að það er út af fyrir sig eðlilegt, að hv. 6. þm. Norðurl. e., sem jafnframt er bankastjóri í þessari stofnun, telji það ekki ráðlegt að lækka vexti af stofnlánum landbúnaðarins fyrst um sinn. Það var líka látið að því liggja, að með þessum lögum væri lagður svo traustur grundvöllur fyrir stofnlánadeildina, að það mundi ekki þurfa að taka lán vegna starfsemi hennar, þegar lögin eru komin í gildi. Enn sem komið er hefur a. m. k. ekki þetta reynzt rétt, því að ég hygg, að það hafi á s. l. ári verið tekið yfir 70 millj. kr. lán samtals vegna starfsemi stofnlánadeildarinnar, og er það áreiðanlega engu minna en oft var gert eða oft þurfti að gera á fyrri árum.

Þá vil ég segja örfá orð um veðdeildina. Okkur kemur saman um það, að hún hafi átt og eigi enn við tilfinnanlegan fjárskort að etja. Og um þetta getur heldur naumast verið ágreiningur milli þeirra, sem það mál skoða í réttu ljósi. En hv. 6. þm. Norðurl. e. bendir á það, að í stofnlánadeildarlögunum sé heimild til þess, að stofnlánadeildin verji til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar um 10 millj. kr. á ári. Þetta er rétt. Í 13. gr. l. segir:

„Heimilt er bankastjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðh. hverju sinni, að verja árlega allt að 10 millj. kr. af fé stofnlánadeildarinnar til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildar Búnaðarbankans, enda sé það auðið án þess að skerða nauðsynleg útlán deildarinnar.“

Þetta er góðra gjalda vert, svo langt sem það nær, og við þessu ákvæði er á engan hátt hróflað í frv. okkar. Þessi heimild á að standa samkv. því. En þau ákvæði, sem í frv. felast og snerta veðdeildina, koma til viðbótar þessu, og verður þá gripið til þeirra, eftir því sem þurfa þykir, þegar þessi heimild í l. hefur verið fullnýtt. Hv. 6. þm. Norðurl. e. telur það ekki eðlilegt og jafnvel ekki viðeigandi að ætla sér að skylda banka eins og Seðlabankann til þess að veita lán til veðdeildarinnar. Hér er ekki um að ræða, að Alþingi, þótt þetta ákvæði yrði að lögum, fari að hlutast til um einstök viðskipti, heldur er hér um að ræða, í hvaða farveg ákveðið fjármagn á að falla. Og við höfum dæmin fyrir okkur um það, að sjálfum Seðlabankanum finnst það ekki goðgá að skylda aðrar bankastofnanir til þess að skila inn í Seðlabankann verulegum fjárhæðum, og fæ ég ekki séð, að það væri þá heldur meiri goðgá, þó að Seðlabankanum yrði með lagaákvæði gert skylt að létta undir með veðdeild Búnaðarbankans, svo sem lagt er til í frv. okkar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það var aðeins til þess að leiðrétta missögn raunverulega, sem ég stend hér upp, vegna þess að hv. frsm. gaf nokkuð villandi mynd af því, sem ég sagði um vextina, að ég hefði ekki talið ráðlegt, að stofnlánadeildarvextirnir lækkuðu á næstu árum. Það sagði ég ekki eitt einasta orð um. Ég sagði það eitt, að þetta mál yrði vafalaust að skoða með hliðsjón af hinum almennu ágreiningsatriðum, sem væru um vexti, og sagði í framhaldi af því, að ef þetta væri ekki skoðað þannig, væri auðvitað till. þessa frv. hrein fjarstæða, vegna þess að ef almennir vextir ættu að vera jafnháir og þeir eru nú, en vextir á stofnlánum að lækka, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., mundi stofnlánadeildin verða fjárþrota á stuttum tíma vegna hins geysilega vaxtamunar. Hitt sagði ég ekki eitt orð um og veit ekkert um fremur en í raun og veru hv. frsm. heldur, hvort er ráðlegt eða ekki ráðlegt á næstu árum að lækka vexti. Þetta fer algjörlega eftir því, hvernig efnahagsþróunin verður, og er ómögulegt um það að spá neinu. En að sjálfsögðu verður að vera samræmi í vaxtagreiðslunum innbyrðis milli stofnsjóða hinna einstöku atvinnuvega og hinna almennu vaxta í þjóðfélaginu, þannig að þetta mál út af fyrir sig er ekki hægt að skoða sem einangrað fyrirbrigði.

Um hitt atriðið, að ég hafi sagt, að við lausn á vandamálum landbúnaðarins væri fundið varanlegt úrræði, þá notaði ég ekki orðið varanleg og vil ekkert fullyrða um, að það séu varanleg úrræði. Ég álít, að slíkt orð sé ósköp hæpið á öllum tímum að nota, því að það geta auðvitað gerzt margir þeir hlutir í þjóðfélaginu, sem breyta mjög verulega forsendum þess, sem einhvern tíma kann að hafa þótt gott og gilt. Hitt sagði ég og tel vera alveg raunhæfa skoðun, að með þeirri uppbyggingu, sem nú er á fjáröflun til stofnlánadeildarinnar, hækkuðu tekjur hennar hlutfallslega nokkurn veginn eftir því, sem verðhækkanir yrðu, eða í hlutfalli við verðhækkanir landbúnaðarvara, sem má gera ráð fyrir að verði framvegis eftir því, sem almennar verðhækkanir verða í þjóðfélaginu. Þetta er það, sem ég meinti, en í frv. eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir föstu gjaldi, sem ekki breytist, þó að slíkar verðhækkanir yrðu.

Þá vil ég jafnframt leiðrétta það, sem oft hefur komið fram hjá hv. framsóknarmönnum, að það hafi verið sagt, þegar l. um stofnlánadeildina voru sett, að með því frv. væri séð fyrir fjárþörf stofnlánadeildarinnar, þannig að ekki þyrfti að taka lán. Þetta hefur aldrei verið sagt, og ekki aðeins að það hafi ekki verið sagt, heldur hefur beinlínis verið gert ráð fyrir því í þeim grg., sem frv. fylgdu, og áliti þeirrar nefndar, sem það undirbjó, að fyrstu árin yrði að taka allverulega lán til þess að mæta þessum nauðsynlegu þörfum. Og ég skal fúslega játa, að það getur vel verið, að þau lán verði að vera meiri og í lengri tíma en gert var ráð fyrir, vegna þess að verðlagsþróunin verði slík, að það þurfi meiri lánahækkana við en þá var gert ráð fyrir. Það er eins með þetta og margt annað, að það er ekki hægt að sjá alla hluti fyrir fram. Þó að það hafi verið reiknað með 6% vöxtum í útreikningunum, sem fylgdu frv., bar alls ekki að skilja það svo, að það væri skoðun þeirra aðila, sem að því stóðu, að vextirnir mættu ekki lækka á þessu tímabili. Það var auðvitað ekki hægt að gera neina skynsamlega útreikninga nema út frá þeim vöxtum, sem voru þá. Hvaða vaxtafót átti að nota, búa til einhvern vaxtafót, sem enginn vissi neitt um? Eina úrræðið var auðvitað að nota þá vexti, sem þá voru, til þess að gera einhverja útreikninga. Það, sem kemur svo þarna á móti,

er, að það var ekki reiknað nema með mjög hóflegri framleiðsluaukningu og auknum tekjum að þessu leyti, sem var einnig gert til þess að mæta áföllum, sem yrðu vegna þess, að vextirnir kynnu að lækka. En allt var þetta birt með þessum fyrirvörum, án þess að ég hyggi, að það muni hafa stórfellda grundvallarþýðingu fyrir þessa útreikninga til margra ára, hvort einhverjar slíkar breytingar yrðu. Það a. m. k. breytir ekki grundvallareðli málsins.

Varðandi það, að 70 millj. kr. hafi verið teknar að láni, hefur það ekki verið gert á einu ári, neinar 70 millj. kr. Ég þori ekki alveg nákvæmlega með þá tölu að fara, hvað hafi verið tekið síðustu 2—3 árin af lánum, en það eitt er víst, að það er gert ráð fyrir, að þessi lánaþörf fari minnkandi og t. d. í ár þurfi stofnlánadeildin á minna lánsfé að halda en á s. l. ári.

Varðandi Seðlabankann skal ég ekki mikið ræða. Það er ekki mitt mál sérstaklega að ræða um hans mál eða vinnubrögð, þó að það sé að sjálfsögðu allt annars eðlis, þó að Seðlabankinn setji ákvarðanir um það, hvernig bankarnir í grundvallaratriðum skuli haga sínum lánveitingum, vegna þess að Seðlabankanum er af löggjafanum sjálfum fengið það vald beinlínis að hafa yfirstjórn með lánaþróuninni og peningamálum í þjóðfélaginu. En ég hverf ekki frá því, sem ég áðan sagði, að ég álít, að það sé hæpin stefna, vægast sagt mjög hæpin, að Alþingi fari að ákveða með lögum einstakar lánveitingar eða til einstakra þarfa úr bankakerfinu, og bendi aðeins á það, sem ég áðan sagði og við allir vitum, að lög, sem hafa verið sett um þetta efni áður og mikill meiri hl. Alþingis stóð þá að, voru algerlega óraunhæf, og fékkst aldrei eyrir til veðdeildarinnar í gegnum þá lagaheimild, sem þar var um að ræða.

Varðandi þær upplýsingar hv. þm., að það sé gert ráð fyrir, að þessi fjáröflun til veðdeildarinnar komi algerlega til viðbótar þeim 10 millj., sem gert er ráð fyrir árlega að verja til hennar samkv. l. um stofnlánadeildina, þá felur þetta að sjálfsögðu í sér geysimikla rausn og það meiri rausn en nokkurn tíma, fyrr og síðar, hefur verið sýnd veðdeildinni. Jafnvel meðan þessir hv. þm. og flokksbræður þeirra fóru með æðstu völd í þessum málum, hugkvæmdist víst engum að efla svona veðdeildina, þannig að allt er þetta til mikilla bóta. (PÞ: Telur bankastjórinn, að það sé ofrausn?) Notaði ég orðið ofrausn? (PÞ: Nei, ég spyr.) Nei, það sagði ég ekkert um. Ég sagði, að það væri mjög virðingarverð rausn, ég vil ekkert meta það, hvort það sé ofrausn. Það er vafalaust alltaf hægt að koma fé í lóg, og hygg ég, að við hv. þm. getum verið sammála um, að það sé alltaf hægt að finna einhver úrræði til þess. En það er hins vegar mjög eftirtektarverð rausn miðað við ýmsa hluti, sem áður hafa gerzt í þeim efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Stofnlánadeild landbúnaðarins (frv. ÁB o. fl.).

Á 30. fundi í Ed., 19. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og l. nr. 48 16. apríl 1963, um breyt. á þeim lögum [105. mál] (þmfrv., A. 160).

Á 35. fundi í Ed., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Við framsóknarmenn hér í þessari hv. d. höfum leyft okkur að bera fram nokkrar breytingar á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, ræktun og byggingar í sveitum, en sem kunnugt er, fjallar þessi lagabálkur um lánveitingar til framkvæmda í landbúnaði og auk þess um ríkisframlög til nýbýla og viðbótarframlög á 15 ha. ræktun sveitarbýla. Þær meginbreytingar, sem við leggjum til í frv. þessu, eru þannig í stuttu máli:

Það er í fyrsta lagi, að ríkið kosti eða veiti framlag á ræktun 25 ha. lands á hverju nýbýli, sem er reist samkv. landnámslögunum, og á það jafnt við um nýbýli einstaklinga og nýbýli þau, sem reist eru í byggðahverfum. Samkv. gildandi l. kostar ríkið eða veitir framlag á ræktun fyrstu 15 ha. á nýbýlum. Hér er því lagt til, að sú breyting verði gerð, að 15 ha. ákvæði l. verði afnumið, en í þess stað upp tekið 25 ha. ákvæðið, sem njóti svipaðs framlags á hvern ha. lands og nú er.

Í öðru lagi er lagt til í þessu frv., að ríkið veiti 65% framlag af þeim kostnaði við nýrækt, sem hlutaðeigandi býli vantar til þess að hafa náð 25 ha. túnstærð. En samkv. gildandi l. á ríkið að greiða 50% af kostnaði eða veita 50% framlag af kostnaði við ræktun, þar til túnstærð á býli hefur náð 15 hö. Hér er því um þá breytingu að ræða, eins og varðandi nýbýlin, að framlagið nái til 25 ha. lands í stað 15 ha. lands nú. En auk þessa er sú meginbreyting í þessu frv. frá því, sem nú er, að ríkið hækki framlag sitt um 30% frá því, sem nú gildir, eða hækki framlagið úr 50% upp í 65%, þegar miðað er við 25 ha. ræktun. En þegar ræktun hefur náð 25 hö., gilda að sjálfsögðu þau framlög, sem veitt eru og veitt kunna að verða samkv. jarðræktarlögum.

Í þriðja lagi er í þessu frv. lagt til að fella niður hámarksákvæðin, sem nú eru í lögum þessum varðandi lánveitingar til jarðræktarframkvæmda, sem ríkisframlags njóta. Þetta þýðir það, að komið er í veg fyrir, að lán til framkvæmda lækki óeðlilega mikið vegna hækkaðs jarðræktarframlags.

Í fjórða lagi er lagt til í þessu frv., að framlag það, sem veitt er til íbúðarhúsabygginga í sveitum, verði hækkað úr 50 þús. kr. í 60 þús. kr., og er því um 10 þús. kr. hækkun að ræða.

Þá er í fimmta lagi lagt til í þessu frv., að það hámark á fjárveitingu, sem nú er ákveðið í 64. gr. l., verði lagt niður, en í þess stað veiti

ríkið á fjárlögum hvers árs svo háa fjárupphæð sem með þarf og lög ákveða til framkvæmda þeirra, sem hér um ræðir.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um það, hvers vegna við leggjum þessar breytingar til. Þess ber að sjálfsögðu að geta, að í fyrra lögðum við til sams konar breytingar að öðru leyti en því, að þá var miðað við 20 ha. túnstærð, en nú 25 ha. túnstærð. En ástæðan fyrir því, að við höfum tekið upp 25 ha. túnstærðina, er, að það er sú lágmarkstúnstærð, sem talið er að bændur allajafna geti komizt af með. Það ber á það að líta, að jarðræktin er sá grundvöllur, sem landbúnaðurinn byggist öðru fremur á, en það er fóðuröflunin. Og jarðræktin hlýtur því ávallt að vera sá hornsteinn, sem afkoma bænda og þeirra, sem sveitirnar byggja, byggist fyrst og fremst á. Jarðræktin er því hornsteinn efnahags þess fólks, sem sveitirnar byggir. Sé litið á það meðalbú, sem tekjur bænda eru miðaðar við og verðlag á búvörum reiknað eftir, þarf sem næst 25 ha. lands eða 25 ha. tún til að sjá þessum búpeningi fyrir fóðri, svo að sæmilegur fóðurásetningur eigi sér stað. Líka þarf að hafa í huga, að bændur verða jafnan að birgja sig nokkuð upp til lakari ára, því að alltaf vilja þau árin slæðast með annað slagið. Þá ber líka að líta á það, að með hverju ári, sem hefur liðið, þarf stærra bú eða meiri tekjur til að vega upp á móti ört vaxandi dýrtíð í landinu, og með því metháa stökki, sem hæstv. núv. ríkisstj. á í dýrtíðarmálum þjóðarinnar, líður ekki á löngu, þar til núverandi meðalbú bænda framfleyta þeim ekki, hvað þá ef um miklar umbætur er að ræða, sem erfitt er að rísa undir nú, hvað þá ef dýrtíð vex mikið fram yfir það, sem nú er.

Tekjur bænda eru mjög misjafnar, og fer það að sjálfsögðu eftir mörgu, en þetta skiptist þó talsvert eftir héruðum. Og í þeim upplýsingum, sem formaður Stéttarsambands bænda, Sverrir Gíslason í Hvammi, gaf á Stéttarsambandsfundi á s. l. hausti, reynist meðalbúið í landinu vera 244 ærgildi, en hvert ærgildi er áætlað þannig, að 20 ær eru látnar mæta einni kú. Meðalbúið var stærst í Kjósarsýslu, 378 ærgildi, og næstar voru Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Borgarfjarðar- og Mýrasýsla og Eyjafjarðarsýsla, allar yfir 340 ærgildi að meðaltali, síðan Austur-Húnavatnssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla og Suður-Þingeyjarsýsla, allar með yfir meðallag, en Vestur-Húnavatnssýsla sem næst meðalbústærð í landinu. Þá komu Snæfellsnessýsla, Suður-Múlasýsla, Dalasýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Skagafjarðarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Norður-Múlasýsla og Norður-Þingeyjarsýsla með yfir 200 ærgildi að meðaltali. En með minni bú eða innan við 200 ærgildi voru þessar sýslur: Vestur-Barðastrandarsýsla og Austur-Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, sem var með 162 ærgildi á meðalbú, og lægst var Gullbringusýsla með 123 ærgildi á meðalbú. En þess ber að geta þar, að fólkið stundar aðra atvinnu með landbúnaði, þannig að það er ekkert undarlegt, þó að sú sýsla sé nokkru lægri með meðalbústærð, þar sem fólkið lifir jöfnum höndum af annarri atvinnu, sem þægilegt er að veita sér á þeim stað.

Þetta lítur því þannig út, að allmargir bændanna í landinu búa við mun lægri tekjur og hafa mun minni bú en meðalbústærðin í landinu er. Auk þess mun það hafa komið fram í blöðum nýlega, að bændastéttin sem heild, þegar miðað er við aðrar stéttir, er mun tekjulægri. Þetta finnst mér benda til þess, að landbúnaðurinn sé á þeim vegi staddur, að þar þurfi þjóðfélagið að sýna stórhug og djörfung, til þess að fólk, sem af honum lifir, hafi sambærileg kjör við aðrar stéttir, jafnframt því sem þjóðin er það framsýn, að hún vill tryggja sér þau verðmæti, sem landbúnaðarframleiðslan veitir nú og í framtíðinni, og ekki mun af veita að halda þar vel á málum, ef fólksfjölgun verður álíka mikil í landinu og verið hefur hin síðari ár.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að fyrrv. landbrh., Hermann Jónasson, hv. 1. þm. Vestf., var mjög framsýnn í því, þegar hann beitti sér fyrir breytingum á landnámslögunum til þess að auka ríkisframlagið á jarðrækt hjá þeim bændum, sem lakast voru settir með ræktun. Sú lagabreyting hefur átt sinn ríka þátt í því, að ræktun hefur þó ekki verið minni undanfarandi ár en raun ber vitni um. Það er ofur skiljanlegt, að fóðuröflun hin síðari ár hefur verið lakari en áður var, vegna þess að bændur hafa orðið að fjölga búfé eða stækka búin til þess að afla sér meiri tekna til þess að vega á móti dýrtíðinni og vega upp á móti þeim útgjöldum, sem skapast vegna þeirra framkvæmda, sem þeir hafa staðið í að undanförnu. En það er ekki eðlileg eða æskileg þróun, að það sé ekki hægt jafnhliða því að sjá búfénu fyrir nægjanlegu fóðri eða m. ö. o. að rækta það mikið, að við getum jafnan haft nokkurn veginn öruggan ásetning á hverju hausti fyrir það búfé, sem við höfum. Vegna þessa er nauðsynlegt, að þjóðfélagið grípi í taumana með ríflegri fjárframlögum en verið hefur og styðji að því á þann hátt að tryggja afkomu bændastéttarinnar og tryggja neytendum í landinu, að þeir geti framvegis notið þeirrar heilnæmu fæðu, sem landbúnaðarframleiðslan veitir hverju sinni, jafnframt því sem ríkisframlög eru nokkurn veginn trygging fyrir því, að verðlag á landbúnaðarvörum þarf ekki að vera eins hátt og annars væri. Þá ber ekki síst að hafa það í huga, að landið sjálft verður verðmætara í framtíðinni, þegar búið er að rækta það og byggja, og því auðveldara fyrir þær kynslóðir, sem á eftir koma, að búa betur og hafa sambærileg kjör við aðrar stéttir, en þá kynslóð sem er að nema landið að nýju, eins og sú kynslóð, sem nú er að hverfa af leikvellinum, og þeir, sem við því eru að taka.

Ég minni aðeins á þessi atriði til stuðnings þessu máli. Ég efast ekki um, að þetta kostar ríkið nokkurt fé, en ég er sannfærður um, að það fær ekki sínar krónur betur borgaðar á annan hátt en þann, því að gróðurmoldin íslenzka er það frjósöm, að hún mun margfalda verðgildi þeirra peninga, sem ríkið leggur af mörkum til þessara framkvæmda.

Þá vil ég geta þess, að þetta frv. var lagt fram í vetur, þegar prentaraverkfallið var og mikið að gera í Alþingi, og af þeim ástæðum slæddust inn ýmsar villur, sem eru í frv., eins og m. a. sú, að þetta mál sé lagt fram í Nd. í staðinn fyrir Ed., og einnig nokkrar villur í grg., auk þess sem

vantar ákvæði, sem á að vera í 6. gr. frv. varðandi 25 ha. Ég vil leiðrétta þetta hér með og boða það, að við munum beita okkur fyrir því, að frv. verði leiðrétt og prentað eins fljótt og auðið verður.

Ég vænti þess, að hv. þm. sýni fullan skilning á þessu máli og styðji framgang þess á Alþingi, og legg til, að þegar þessari umr. lýkur, verði málinu vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Hækkun á bótum almannatrygginga (frv. AG o. fl.).

Á 34. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga [107. mál] (þmfrv., A. 193).

Á 35. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um hækkun allra bótafjárhæða almannatrygginganna um 15% frá 1. jan. 1964. Ég þarf sennilega ekki að hafa langt mál um efni þessa frv. né rök fyrir réttmæti þeirrar hækkunar, sem þar er lögð til. Strax á hæla þessa frv. hefur sem sé komið frv. frá hæstv. ríkisstj. um sama efni, 15% hækkun bótafjárhæða almannatrygginga frá 1. jan. Það frv. er lagt fram í hv. Nd. og tekið þar til 1. umr. í gær, að ég hygg, og má því vænta þess, að efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, 15% hækkun, eigi greiða leið gegnum Alþingi.

Ég vil aðeins drepa á einn allveigamikinn mun, sem er á frv. mínu, sem hér liggur fyrir, og frv. hæstv. ríkisstj. um sama efni. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir 15% hækkun allra bótafjárhæða almannatryggingalaganna, en í frv. hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir hækkun tryggingabóta allra að undanskildum fjölskyldubótum.

Ég vil benda á þegar á þessu stigi málsins, að hér er vegið í sama knérunn enn einu sinni af þeim, sem meiri hl. mynda hér á Alþingi. Árið 1962 voru tryggingabætur hækkaðar um 7%. Þá voru fjölskyldubæturnar undanskildar. Í apríl 1963 voru samþykkt ný tryggingalög, sem skyldu taka gildi 1. jan. 1964. Í þeim lögum voru margar bætur hækkaðar og sumar allverulega, en einnig þá voru fjölskyldubætur látnar standa í stað. Hið sama verður í des. 1963. Þá voru bætur trygginganna hækkaðar með sérstökum lögum um 15%, og enn voru fjölskyldubæturnar undanskildar. Nú er komið fram, eins og ég sagði áðan, stjfrv., sem fjallar um nýja 15% hækkun tryggingabótanna að fjölskyldubótum undanskildum. Þetta er þannig í fjórða skipti í röð, sem þessar bætur trygginganna eru algerlega sniðgengnar.

Með þessu er augsýnilega stefnt að því að gera fjölskyldubætur að engu, að gera fjölskyldubætur með öllu verðlausar. Þetta liggur í augum uppi, þegar höfð er hliðsjón af þeirri ört vaxandi dýrtíð, sem verið hefur síðan 1962 og virðist áframhaldandi. Það má segja, að fjölskyldubætur skipti ekki mjög miklu máli, þegar um eitt barn er að ræða í fjölskyldu eða jafnvel tvö. En fjölskyldubætur skipta svo sannarlega miklu máli fyrir fjölskyldu, sem hefur fyrir 3 eða fleiri börnum að sjá. Og það er af umhyggju fyrir barnmörgu fjölskyldunum, að ég vil hafa orð á þessu og vara við því að halda áfram að sniðganga fjölskyldubætur í hvert einasta skipti, sem bætur trygginganna annars eru hækkaðar, en eins og ég tók fram, er þetta nú í fjórða skiptið í röð, sem fjölskyldubætur eru sniðgengnar.

Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. tekur fjölskyldubæturnar þannig út úr? Hver er afsökun hennar fyrir þessu uppátæki? Hæstv. ríkisstj. hefur reynt að afsaka sig, og hún hefur gert það með því að láta í það skína, að persónufrádráttur vegna barna við álagningu útsvars og tekjuskatts skuli hækkaður. Þessi röksemd var notuð í vetur, og þessi röksemd er notuð aftur nú. En ekkert bólar á því frá hendi hæstv. ríkisstj., að þessi persónufrádráttur vegna barna eigi að hækka. Það eitt út af fyrir sig að lofa þessu er ekki nægjanlegt, það verða að koma efndir. En jafnvel þótt þetta loforð yrði efnt af hæstv. ríkisstj. og persónufrádráttur vegna barna hækkaður, er það sannarlega undir því komið, hve mikil sú hækkun verður, hvort um er að ræða nokkra frambærilega afsökun. Persónufrádráttur vegna barna við álagningu skatta var hækkaður árið 1962. Þá stóðu fjölskyldubætur, skulum við segja, í sínu gildi. Síðan hefur hvoru tveggja hrakað, persónufrádrættinum og fjölskyldubótunum, og það liggur því beinast við, að ástæða sé til að taka hvort tveggja fyrir, þennan persónufrádrátt vegna barna og hækka hann og fjölskyldubæturnar og hækka þær. Ég held því, að eins og mál standa nú, sé ekki ástæða til annars fyrir Alþingi en að taka það til athugunar að hækka fjölskyldubæturnar a. m. k. um 15% að þessu sinni, en láta það ekki enn einu sinni verða útundan.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Við væntum þess, að stjfrv. í Nd. fái greiða afgreiðslu þar og komi síðan hingað til hv. Ed., og þá verður tækifæri til að ræða þessi mál og önnur skyld.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

60. Varðskip.

Á 39. fundi í Ed., 29. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim [124. mál] (þmfrv., A. 214).

Á 40. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Ed., 3. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 214, fjallar um breyt. á l. um varðskip landsins og skipverja á þeim. Efni frv. er í því fólgið að veita þeim fiskibátum, sem tryggðir eru svokallaðri frjálsri tryggingu, hjálp eða aðstoð úr háska fyrir hliðstæða greiðslu og fiskibátar, sem eru tryggðir hjá Samábyrgð Íslands, greiða nú samkv. þessum umræddu lögum.

Frv. hliðstætt þessu flutti ég á síðasta þingi. Sjútvn. þessarar hv. d. gerði þá á frv. þær breytingar, að leita skyldi till. frá ýmsum félagasamtökum, áður en dómsmrn. setti reglugerð varðandi verðákvörðunina. Er frv. nú shlj. því, sem Ed. afgreiddi málið á síðasta þingi. Nd. lauk hins vegar ekki afgreiðslu þess, áður en þingi lauk.

Það, sem hér er um að ræða, er að veita fiskiskipaflotanum almennt fyrirgreiðslu eða aðstoð, þegar óhöpp hendir, og taki landhelgisgæzlan fyrir það sanngjarna þóknun, og skal hún miðuð við þann raunverulega kostnað, sem viðkomandi varðskip eða eftirlitsskip kosta í rekstri, og miðuð við þann tíma, sem hjálpin tók. Þessi aðstoð, sem veita skal samkv. þessu, nær þó eigi til þess, ef háski sá, sem fiskiskipið er í, er stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand. Þá má krefjast björgunarlauna eftir gildandi reglum siglingalaganna, svo sem segir í niðurlagi 1. gr. frv.

Þau lagaákvæði, sem um langan tíma hafa verið í gildi varðandi fiskibátaflotann, sem tryggður er hjá Samábyrgð Íslands, en það eru bátar allt upp í 100 smálestir, hafa vafalaust skapað eigendum þeirra mun hagstæðari tryggingaiðgjöld en annars hefði átt sér stað. Þegar á það er litið, að varðskip ríkisins og björgunarskúturnar eru að mestu leyti byggð og rekin fyrir almannafé með það tvennt fyrir augum að gæta hinnar íslenzku fiskveiðalandhelgi og stuðla að auknu öryggi íslenzkra sjómanna og fiskiskipa og vera þeim til aðstoðar, ef með þarf, má í því sambandi benda á, að fyrsta íslenzka varðskipið, Þór, var upphaflega aðeins björgunarskip, — þá verður það vart talið óeðlilegt, að landsmenn allir sitji við sama borð um þá fyrirgreiðslu, sem þessi umræddu skip veita fiskiskipaflotanum. Ég ætla, að það hafi aldrei verið ætlunin, að aðstoð þessara skipa væri veitt í hagnaðarskyni, og þar sem annað aðalhlutverk þeirra er að stunda öryggisgæzlu og aðstoð á sjó, er ekki fyrir hendi ástæða til sérstakrar hvatningar til björgunarstarfa með von í háum björgunarlaunum. Með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, verður að telja eðlilegt, að tekin sé upp sú lagaregla, sem lagt er til með frv. þessu.

Að lokum vil ég benda á, að víðast hvar erlendis mun það vera föst venja, að skip, sem hafa björgun að aðaltilgangi, taki ekki bjarglaun samkv. reglum siglingalaganna, heldur aðeins tímakaup fyrir þá aðstoð, sem þau veita.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 472).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Í nál. á þskj. 472 mælir sjútvn. einróma með samþykkt þessa frv. Eins og fram kemur í 1. gr. frv., er hér um að ræða að ákveða gjald fyrir aðstoð við fiskiskipin, að það skuli vera eitt og hið sama, hver svo sem stærð skipanna er.

Til síðustu ára var mestur hluti af fiskibátaflota landsmanna skip, sem voru undir 100 rúml., og voru allir þeir fiskibátar vátryggðir hjá Samábyrgð Íslands, og samkv. sérstökum lögum gilti um þá aðstoð, sem fiskibátarnir fengu hjá Samábyrgðinni, sérstök gjaldskrá, en ef bátarnir voru stærri en 100 smálestir, var hægt að krefjast í flestum tilfellum verulega hærri bóta, ef varðskipið dró þá að landi, þó að ekki væri nema um smávægilega bilun að ræða. Slíkt gat oft og hafði oft veruleg áhrif á hækkun iðgjaldanna hjá fiskibátunum, sem eðlilegt er, þar sem sú hætta vofði yfir, að vegna smávægilegra bilana, sem gátu átt sér stað í fiskiróðrunum, var hægt að krefja háa upphæð í björgunarlaun. Nú var það oft svo, að það var ekki sætzt á, hvað sanngjarnt væri að greiða, og fór þá í mörgum tilfellum með málin þannig, að það þurfti að útkljá þau fyrir dómi, og kostaði það einnig miklar fjárhæðir.

Ég tel ekki, að ég þurfi að fjölyrða frekar um málið nú, en leyfi mér að vísa til þess, er ég sagði við framsögu hér í hv. d. um mál þetta, og tel því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það nú. Sjútvn. er á einu máli um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 97. og 99. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 659 og 665).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Sparifjársöfnun ungmenna.

Á 38. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um sparifjársöfnun ungmenna [133. mál] (þmfrv., A. 238).

Á 45. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Oft er um það rætt og ritað, að æskufólk nútímans hafi mikið fé undir höndum, sem það kunni lítt með að fara, og mikil fjárverðmæti fari þannig forgörðum til ýmissa hluta, sem eigi hafi varanlegt gildi. Nokkuð hefur verið gert af því að hvetja börn og unglinga til sparnaðar, en með misjöfnum árangri. Seðlabankinn hefur t. d. gefið hverju skólabarni sparisjóðsbók með 10 kr. innistæðu, og síðan hafa börnin átt þess kost að kaupa sparimerki í skólunum og eignast þannig innistæður. Unglingar hafa einnig átt kost á því að leggja inn á 10 ára bækur með háum vöxtum, og er það fyrirkomulag byggt á tillögum séra Halldórs Jónssonar frá Reynivöllum. Auk þess eiga svo mörg börn almennar sparisjóðsbækur með einhverjum innistæðum. Það mun nokkuð algengt, að sama barnið eigi 2—3 sparisjóðsbækur, e. t. v. sína af hverri tegund, en slík sparifjársöfnun er losaraleg og skortir ákveðið markmið og kemur því ekki að hálfu gagni. Meginástæðan til þess, að sparifjársöfnun barna og unglinga er minni en æskilegt væri, er þó sú, að foreldrar og aðrir aðstandendur barnanna hvetja börnin *ekki til söfnunar sparifjár af þeim sökum*, að verðbólgan rýrir sífellt innistæðurnar. Barnið getur í flestum tilfellum keypt sér meira fyrir peningaupphæðina, þegar það leggur hana inn, heldur en það getur mörgum árum síðar, er það tekur fjárhæðina út með vöxtum. Á þessu er nauðsynlegt að ráða bót.

Í frv. þessu um sparifjársöfnun ungmenna, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 238, felast ýmis nýmæli. Innistæður eru bundnar til 21 árs aldurs, en á þeim aldri hefur ungmennið að jafnaði mikla þörf fyrir fjármuni og hefur á hinn bóginn öðlazt nægan þroska til að verja þeim á skynsamlegan hátt. Auk þess sem innistæðurnar bera vexti, skulu þær vísitölutryggðar og þannig komið í veg fyrir, að minnkandi verðgildi krónunnar skerði innistæðufé. Í frv. felst einnig það nýmæli, að hver sem vill gefa barni peningagjöf getur lagt féð inn á söfnunarbók barnsins í hvaða Landsbankaútibúi sem er á landinu án þess að hafa bókina undir höndum. Þetta er mikið hagræði. Ég álít, að margur maðurinn, sem hugleiðir að gefa barni peninga, t. d. í afmælisgjöf, jólagjöf eða fermingargjöf, muni miklu frekar gera það, þegar honum er sköpuð þægileg aðstaða til þess og hann á það jafnframt tryggt, að gjöfinni verði eigi fljótlega eytt í fánýta hluti, heldur verði hún vel ávöxtuð og geymd til síðari tíma.

Í frv. er lagt til, að fé það, sem safnast í söfnunarbækur, verði lánað til íbúðarbygginga. Þörfin fyrir fjármagn í þessu skyni er ávallt mikil, og með þessu móti er í rauninni tryggt, að fjármagnið haldi áfram að þjóna hagsmunum unga fólksins. Rétt er í þessu sambandi að minnast á lögbundinn skyldusparnað ungra manna á aldrinum 16—25 ára. Hann kynni að verða óþarfur, þegar sparnaðarkerfi samkv. þessu frv. væri komið í fullan gang. Í því efni eru þó 16 ár til stefnu, svo að nægur tími er til að taka afstöðu til þess síðar. Ég er þess fullviss, að ef frv. þetta yrði samþykkt, mundu önnur form fyrir sparifjársöfnun barna og unglinga að mestu hverfa úr sögunni í framtíðinni, einfaldlega af þeirri ástæðu, að þetta sparnaðarkerfi býður bezt kjör. Fram að fermingaraldri mundu innistæðurnar byggðar upp að mestu af gjafafé, en eftir það af eigin framlögum unglingsins af sjálfsaflafé hans. E. t. v. mundu sæmilega stæðar fjölskyldur leggja fjölskyldubætur og meðlög inn á söfnunarbækur barna sinna.

Það er erfitt að gera sér grein fyrir því, hve mikið fé kynni að safnast fyrir á þennan hátt í framtíðinni. Þar hlýtur að mestu að verða um getgátur að ræða. Á næstu 10 árum er líklegt, að muni fæðast hér á landi 50—60 þús. börn. Þó að hvert barn ætti að þeim tíma liðnum að meðaltali aðeins nokkur þús. kr. innistæðu, er ljóst, að heildarsöfnunin næmi þá hundruðum millj. En eftir 20 ár væru innistæðueigendurnir orðnir á 2. hundrað þús. og innistæðurnar með vöxtum og vísitöluuppbótum orðnar miklu hærri. Þá gæti verið hér um mjög stóra fjárfúlgu að ræða.

Ég hef til gamans reynt að reikna það út, hve mikið barn mundi hafa ávaxtað fé sitt, ef slíkt kerfi, sem hér um ræðir, hefði gilt síðustu áratugina hér eða við skulum segja 21 ár aftur í tímann, að barn hefði í ársbyrjun 1943 lagt inn 1000 kr. og síðan hefðu þær verið ávaxtaðar eftir *þessu kerfi, sem hér er byggt upp*, með vöxtum og vísitöluuppbótum, og mér reiknaðist það til, — ég skal að vísu taka fram, að þetta var ekki mjög nákvæmlega reiknað, — að útkoman yrði sú, að þessar 1000 kr. væru eftir 21 ár, í ársbyrjun 1964, orðnar að 7500 kr. Ég vil þó taka fram til skýringar, að meira en þriðjung þessa tímabils voru vextirnir mjög lágir eða frá 2—3½%.

Mér er ljóst, að það er torvelt að byggja upp svona víðtækt sparnaðarkerfi, er nær til svo margra einstaklinga. Þær reglur, sem ég hef sett fram í frv., kunna því að þarfnast endurskoðunar og leiðréttingar. T. d. mætti gera kerfið áhrifaríkara strax í byrjun með því að láta það ná til barna, sem fædd eru fyrir 1. jan. 1965.

Einnig mætti hugsa sér aðrar reglur um vísitöluuppbætur á spariféð. Ýmis slík atriði kunna að vera álitamál og um þau að vera skiptar skoðanir. En ég vona, að undirstöðuatriði frv. geti sem flestir hv. dm. verið sammála um og því megi vænta góðra undirtekta og góðrar fyrirgreiðslu þessarar hv. d. á frv. því, sem hér er fram borið.

Ég leyfi mér svo að lokum að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég álít, að hér sé hreyft mjög athyglisverðri hugmynd, sem sjálfsagt sé að taka til velviljaðrar athugunar. Hér er um að ræða tilraun í þá átt að auka sparifjársöfnun, fyrst og fremst sparifjársöfnun ungmenna. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að hér á landi er mikil þörf á aukinni sparifjársöfnun. Við þurfum hér fé til margvíslegra framkvæmda, og það fé verður í mörgum tilfellum ekki fengið með öðrum hætti en því, að sparifé sé safnað til þeirra framkvæmda. En því miður hefur ástand í efnahagsmálum verið þannig hér á landi að undanförnu, að það hefur ekki verið mjög hvetjandi fyrir menn til sparifjársöfnunar, því að sannleikurinn er sá, að þó að verðbólgan hafi farið illa með marga hér á landi, hygg ég þó, að hún hafi enga leikið verr en hina mörgu sparifjáreigendur. Ég held þess vegna og ég hef verið þeirrar skoðunar lengi, að það væri full ástæða til að gera ráðstafanir til að reyna að rétta hlut sparifjáreigenda með einhverjum hætti. Það er að sjálfsögðu gott að hvetja ungmenni til sparnaðar og mjög gagnlegt, ef það væri hægt með einhverjum hætti að koma inn þeirri skoðun hjá unglingum, að þeir ættu að safna sparifé til þess að verða betur færir um það á sínum tíma að stofna heimili, byggja sér íbúð, eignast bústofn eða önnur þau tæki, sem til þarf til þess að hefja þann atvinnurekstur, sem ungmennin ætla við að fást. En það hefur ekki blásið byrlega í því efni, því að sannleikurinn er sá, að þau ungmenni, sem lagt hafa fyrir fé og lagt það í sparisjóð, hafa verið herfilega blekkt, hafa blátt áfram, vil ég segja, verið svikin, af því að það hefur verið tekið við fé af þeim, það hefur verið lofað að ávaxta það fé og vissulega hefur það verið ávaxtað með vöxtum, en á sínum tíma, þegar sá ungi maður hefur ætlað að fara að nota þetta fé og hefur þurft á því að halda, hefur verðbólgan rýrt það að verðgildi um miklu meira en nemur þeim vöxtum, sem á það hafa þó bætzt á þessum tíma. Þetta er sú alvarlega staðreynd, sem menn verða að gera sér grein fyrir, þegar þeir eru að hvetja ungt fólk og aðra til sparnaðar og til þess að leggja í sparisjóði.

Ég er ekki í nokkrum efa um það, að eitt aðalmeinið í okkar efnahagskerfi er einmitt þetta, hvernig farið hefur verið með sparifjáreigendur. Þar er undirstaðan að mörgu því, sem verst hefur farið í okkar efnahagskerfi. Ég hef þess vegna lengi haft þá skoðun, að það þyrfti að athuga leiðir í því efni að reyna að bæta hlut sparifjáreigenda, og ég hef verið þeirrar skoðunar, að við ættum að reyna að fara inn á þá braut í miklu ríkari mæli en hér hefur átt sér stað að verðtryggja spariféð. Og ég vil í þessu sambandi leyfa mér að minna á það, að ég bar hér fram á Alþingi 1959 till. til þál. um að láta fara fram athugun á því, hvort ekki væri tiltækilegt eða hægt að koma við verðtryggingu á sparifé. Sú þáltill. fékk því miður ekki afgreiðslu þá. Seinna, ég ætla fyrir eitthvað 2 árum eða svo, bar hv. 10. þm. Reykv. fram till. til þál. um að láta fara fram athugun á því, með hverjum hætti við yrði komið verðtryggingu á fé lífeyrissjóða, ef ég man rétt. Sú till. var samþykkt, og ég hygg, að einhver athugun hafi farið fram um það efni.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að hér sé hreyft mjög athyglisverðri hugmynd og að það sé sjálfsagt að taka hana til mjög gaumgæfilegrar íhugunar. En ég held, að jafnframt þurfi að taka þetta mál allt, sem ég hef hér drepið á, til rækilegrar athugunar, spurninguna um verðtryggingu sparifjár, því að þetta atriði, sem þarna er um að ræða í þessu frv., er ekki nema einn lítill þáttur þess stóra máls, að vísu þáttur, sem ég skal ekki á nokkurn hátt gera lítið úr, ef það væri hægt með þessum hætti að auka áhuga ungmenna fyrir sparifjársöfnun og þannig væri gengið frá, að þau fengju þá á sínum tíma fjármuni sína til baka með nokkurn veginn óskertu verðgildi, en á því hefur verið óskaplegur misbrestur, eins og öllum er kunnugt um. Það er að sjálfsögðu svo, að það er öllum ljóst, sem tala um verðtryggingu sparifjár, hvort sem er í litlum mæli, eins og hér er gert, eða í stærri mæli, að einhverjir verða að borga og einhverjir verða að standa undir þeirri verðtryggingu. En frá mínu sjónarmiði er það kannske eitt höfuðatriðið, sem telja má sparifjártryggingu til gildis, það er einmitt þetta, að þegar slíkt skipulag væri upp tekið, þá væri kippt stoðum undan þeirri spákaupmennsku, sem hér á landi hefur því miður allt of mikið gætt að undanförnu, að menn hafa beinlínis spekúlerað í því að fá peninga til þess að koma þeim í framkvæmdir og festa þá í einhverjum fjármunum, sem fylgt hafa verðbólgunni eftir, og hafa þannig beinlínis grætt á verðbólgunni, grætt á kostnað sparifjáreigendanna, sem lagt hafa fjármunina til. Þetta er einföld og ómótmælanleg staðreynd, og hún felur í sér hróplegt ranglæti gagnvart sparifjáreigendum. En ég hygg, að það sé misskilningur, að þeir, sem sparifé eiga almennt, séu sérstakir auðmenn eða sérstaklega færir um að taka á sig töp. Ég hygg, að það sé mikill fjöldi manna og þ. á m. ungmenna, sem leggur spariféð til.

Ég vil svo aðeins að lokum benda á það, að mér finnst þetta frv. þannig úr garði gert, að það þurfi að taka það að nokkru leyti til athugunar. Ég hefði t. d. haldið, að 1. gr. væri einfaldara að orða svo, að ungmenni ættu að fá afhenta gjöf, 200 kr. innstæðu frá Seðlabanka. Ég fæ ekki betur séð en hann sé nú sá raunverulegi gefandi samkv. þessari grein, en þarna stendur, að það sé Landsbankinn, sem á að gefa þetta, en svo á Seðlabankinn að endurgreiða honum. Þetta finnst mér dálítið vafasamt fyrirkomulag og í öllu falli, ef þetta fyrirkomulag ætti að hafa, býst ég við, að hinir viðskiptabankarnir mundu ekki fella sig vel við það hagræði, sem Landsbankanum er þarna veitt, að honum er falið að gefa annarra fé. Ég býst við, að það

yrðu þá allir viðskiptabankarnir að fá samsvarandi aðstöðu, aðstöðu til að gefa ungmennum þetta fé, en Seðlabankinn ætti svo að endurgreiða þeim þetta aftur. Þetta er smávægilegt formsatriði, en ég bendi aðeins á þetta.

Ég held sem sagt, að það sé vel farið, að þessu máli er hér hreyft, en ég held, að það þurfi að taka það allt, ef vel á að vera, á miklu breiðara grundvelli en hér er gert.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að ég tel, að hér sé að ýmsu leyti merku máli hreyft, og einmitt í tilefni af því, að hv. síðasti ræðumaður drap á það, að ég hefði verið flm. að till., sem er þessu máli skyld, vildi ég segja hér örfá orð.

Varðandi þá till., sem fól fyrst og fremst í sér verðtryggingu líftrygginga og frjálsra lífeyrissjóða, vildi ég aðeins upplýsa það, að mér var falið að undirbúa álitsgerð um það efni. Það gerði ég og skilaði henni til réttra stjórnarvalda á s. l. vetri, og vænti ég þess, að það mál sé nú til athugunar, hvaða nánari till. eða framkvæmdir sem kunna út úr því að koma. En varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, hygg ég, að flestir geti verið hv. flm. sammála um það, að sparifjársöfnun ungmenna, þótt hún sé allra góðra gjalda verð, er með því fyrirkomulagi, sem nú er á henni, þannig, að verulegs árangurs er varla af henni að vænta. Þær fjárhæðir, sem lagðar eru fram í þessu skyni, eru svo hlægilega lágar, eða aðeins 10 kr., eins og hv. flm. upplýsti, að ég hugsa, að það sé algengt, að þessar bækur séu ekki einu sinni hirtar af öllum, og auk þess mun sú fjárhæð, sem verðtryggingin nær til, vera mjög takmörkuð, eftir því sem ég bezt veit. Mig minnir, að til skamms tíma hafi þetta aðeins verið 1000 kr., svo að ég held, að það geti varla verið álitamál, að ef leggja á áherzlu á það að efla sparifjársöfnun barna og ungmenna með verðtryggingu, þá þurfi eitthvað frekara að gera í þeim efnum en nú er gert.

Hitt er svo annað mál, hvort sú leið, sem á er bent í þessu frv., er sú rétta, og hjá mér vaknar fyrst sú spurning, hvort ekki væri ástæða til þess, ef inn á þessa braut er farið, að gera verðtrygginguna víðtækari en þetta frv. gerir ráð fyrir. Sú verðtrygging, sem hér er farið fram á, mundi aðeins ná til þeirra barna, sem fædd eru eftir næstu áramót. En þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé ástæða til þess líka að gera eitthvað fyrir þau börn, sem þegar eru fædd, auk þess sem um það má deila, hvort verðtrygginguna á að binda því skilyrði, að féð sé bundið í 21 ár. Þessi atriði og önnur hljóta eðlilega að koma til umhugsunar og athugunar, þegar þetta mál er til meðferðar, og sérstaklega það, hvort ekki sé ástæða til þess að stíga miklu stærri spor í þessu efni en hér er lagt til. Og í því efni skilst mér, að skoðanir mínar og hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hér talaði áðan, falli mjög saman, og er það mér ánægjuefni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál að svo stöddu. En ég er fús til þess fyrir mitt leyti að stuðla að því, að þetta mál verði vendilega athugað í þeirri nefnd, sem lagt er til að fái það til meðferðar.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðustu ræðumanna. Hér er á ferðinni athyglisvert mál og mál, sem er að vissu leyti liður í miklu stærra vandamáli. Spurning er, hvort einmitt þessi verðrýrnun sparifjárins er ekki einn meginþátturinn í því að viðhalda þeirri verðbólgu, sem við eigum við að stríða nú um mörg ár. En það er stórt mál og mikið. Hér er um það að ræða að verðtryggja sparifé barna og ég tel það vera sérstaklega mikilsvert, eiginlega miklu mikilsverðara mál en öll önnur verðtrygging sparifjár. Ég er þess vegna ekki alveg sammála hv. síðustu ræðumönnum um það, að þetta mál eigi að tengja verðtryggingu sparifjár í víðtækustu merkingu og athuga það allt frá grunni. Ég er ekki sammála þeim í þessu atriði, ef það á að verða til þess að tefja framgang þessa máls, sparifjársöfnun og verðtryggingu sparifjár barna, því að það mál hefur alveg sérstaka hlið, sem verðtrygging sparifjár að öðru leyti hefur ekki, og það er uppeldisgildið.

Í mörg ár hefur það verið erfitt verkefni fyrir foreldra og aðra uppalendur að brýna sparnað fyrir börnum sínum, en það var þó talin dyggð áður fyrr. Það er svo nú, að það er blátt áfram hlægilegt að ætlast til þess, að foreldrar hvetji börnin sín til þess að leggja peninga sína í banka, því að það er sennilega erfitt að verja fénu verr á annan hátt. Þetta er vandamál, og þeir, sem hafa uppeldismál með höndum, finna áreiðanlega fyrir þessu. Það er enginn grundvöllur til í okkar þjóðfélagi fyrir því að innræta börnum sparnað.

Ef þetta frv. yrði að lögum efnislega, væri þó fenginn nokkur grundvöllur fyrir því, að unnt væri á ný að innræta börnum sparsemi, innræta börnum að fara vel með peninga. Það er verðtrygging sparifjárins, sem hér þarf til. Ég stend hér upp eingöngu til þess að benda á þetta og skora á hv. fjhn. að taka þetta mál fyrir af fullri alvöru og röggsemi, eins og það liggur fyrir, verðtryggingu sparifjár barna, en láta heldur bíða aðrar hliðar á verðtryggingu sparifjár vegna þess, sem ég gat um, að hér er í húfi mikið og mikilvægt uppeldislegt mál. Ég er mjög ánægður með, að frv. um þetta efni skuli fram komið hér í hv. d., og ég er sérstaklega ánægður með það, af því að það kemur frá stuðningsmanni hæstv. ríkisstj. Það var þessi hv. þm., sem mér fannst fyrir 1—2 árum nánast sjá rautt, ef hann heyrði minnzt á verðtryggingu eða vísitölutryggingu. Hér er sýnilega um framför að ræða í stjórnarliðinu, a. m. k. viðurkenningu á staðreyndum, þeim staðreyndum, að öll hin gullnu loforð viðreisnarinnar eru orðin að engu fyrir löngu, og nú verður að taka til frá byrjun á ný. Það finnst mér til fyrirmyndar, að fram skuli koma hjá hv. flm. viðurkenning á þessu, því að það er alltaf gott að geta lært.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

62. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi.

Á 46. fundi í Ed., 11. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti [142. mál] (þmfrv., A. 256).

Á 47. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 40 frá 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, höfum við 4 þm. þessarar hv. d. leyft okkur að flytja á þskj. 256. Efni þessa frv. er samhljóða frv., er ég flutti á síðasta þingi, en náði þá eigi að hljóta endanlega afgreiðslu. Kveður frv. á um það, að dragnótaveiðar skuli eigi leyfðar í Faxaflóa.

Um það munu Íslendingar sammála, að einhver stærsti sigur, sem oss hefur í skaut fallið á sviði atvinnumála og þá um leið til að treysta efnahagslega afkomu þjóðarinnar, sé án alls efa alþjóðaviðurkenningin á rétti vorum til 12 mílna fiskveiðilandhelginnar við strendur landsins. Með þeim mikilsverða áfanga höfum vér öðlazt til eigin afnota óskoraðan rétt og yfirráð yfir auðugustu fiskimiðum á stórum hafsvæðum umhverfis allt landið. Af þessu leiðir, að Íslendingar hafa í sinni hendi rétt til þess að gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til þess að vernda allar uppeldisstöðvar ungfisksins, hvort heldur er í flóum eða fjörðum, fyrir þeirri rányrkju og hættu, sem stafar af hvers konar botnvörpu- og/eða dragnótaveiðum. Eins og nú er komið tækni í fiskveiðum, bæði með hárnákvæmum fiskileitartækjum og þá einnig með stórendurbættum veiðarfærum úr alls konar gerviefnum, sem auðvelda veiðarnar að miklum mun frá því, sem áður var, er vissulega full þörf á því að vera vel á verði og vernda uppeldisstöðvar ungfisksins. En það verður bezt gert með því að banna með öllu notkun þeirra veiðarfæra, sem vitað er að mestri eyðileggingu valda.

Um það verður ekki deilt, að Faxaflóinn er ein allra þýðingarmesta fiskuppeldisstöðin, sem um er að ræða við strendur þessa lands. Kemur þar til m. a., að flóinn liggur mjög nærri hinum miklu hrygningarsvæðum, sem þekkt eru við suðurströnd landsins. Þangað er því ungviðinu næst að leita skjóls. Þá er það löngu vitað, að í Faxaflóa eru frá náttúrunnar hendi öll hin ákjósanlegustu skilyrði fyrir uppfæðinginn. Þar hafa og verið gerðar ýtarlegri vísindarannsóknir, bæði fyrr og síðar, en dæmi eru til annars staðar við strendur landsins.

Á meðan við bjuggum enn við 3 mílna landhelgi, voru af erlendum og íslenzkum fiskifræðingum gerðar allýtarlegar rannsóknir um fiskimagnið hér í flóanum. Vöktu þær athuganir og þær niðurstöður, sem fiskifræðingarnir komust þá að, alþjóðaathygli. Kom þá skýrt í ljós, hve geysilegur munur var á vaxtarskilyrðum ungfisksins fyrir utan og innan landhelgislínuna. Fyrir innan línuna var þá mikið magn af uppfæðingi, sem sýnilega lifði þar við hin beztu lífs- og þroskaskilyrði. En utan línunnar sýndu rannsóknir þessar, að gegndi allt öðru máli. Þar var, ef svo mætti segja, ördeyða og uppfæðingurinn hafði orðið rányrkjunni að bráð.

Eftir að landhelgin var færð út í 4 sjómílur og þá um leið friðaðir allir flóar og firðir fyrir hvers konar botnvörpu- og dragnótaveiðum, var þess ekki langt að bíða, að fiskimagnið á hinu friðaða svæði jókst að miklum mun. Uppistaðan í vertíðaraflanum var þá línufiskur, en auk þess voru veiðarnar stundaðar með handfærum og netum. Í því sambandi vil ég þó á það benda, að margir óttast nú, að sú hóflausa veiði, sem á undanförnum árum hefur verið stunduð í æ ríkari mæli með hinum fisknu nælonnetum á aðalhrygningarstöðvunum hér við suðurströndina, geti fyrr en varir haft hinar alvarlegustu afleiðingar. En í kjölfar friðunarinnar var hér við Faxaflóa og víðar á landinu smíðaður fjöldi smærri vélbáta, sem stundaðar voru á línu- og handfæraveiðar. Jókst þessi hagstæða útgerð að miklum mun við það aflamagn, sem á land barst, og gegndi sama máli um aðra þá staði, sem þessar friðunarráðstafanir náðu einnig til. Var hér um úrvalshráefni að ræða, sem fór til hvers konar vinnslu í fiskiðjuverunum, og fór aflamagnið stöðugt vaxandi.

Þessi hagstæða þróun fiskveiðanna hér við Faxaflóa stóð því miður skamma stund. Hér urðu alger þáttaskil, þegar það óheillaspor var stigið 1960, og leyfðar voru dragnótaveiðar að nýju í flóanum. Eftir það tók fljótt að draga úr afla þessara báta, sem fiskveiðar stunduðu með handfærum og línu, og fór svo að lokum, að flestir smærri bátarnir eða eigendur þeirra gáfust upp vegna aflaleysis. Þeir sjómenn, sem þessar fiskveiðar stunduðu á smærri bátunum, urðu því að leita til annarra atvinnugreina, en bátanna bíða þau örlög, ef engin breyting fæst á, að hið mikla verðmæti, sem í þeim stendur, rýrnar og verður að engu.

Aðalrökin af hendi þeirra, sem gerzt hafa talsmenn dragnótaveiðanna, voru þau, að vitað væri um geysimikið magn af flatfiski á grunnmiðum, sem ekki væri unnt að ná til eða hagnýta, nema þetta veiðitæki kæmi til. Reynslan hér í Faxaflóa mun hins vegar vera sú, að þegar frá er dregið byrjunartímabilið, er það bolfiskurinn, þorskur og ýsa, sem hefur verið aðaluppistaðan í afla dragnótabátanna. Er nú svo komið hér í Faxaflóa, að hér er að verða fiskilaust á flestum tímum árs, nema þá aðeins um miðdepil vertíðarinnar, í marz og aprílmánuði, í stað þeirrar fiskisældar, sem áður átti sér stað, meðan algert bann var lagt á þessa rányrkju.

Það má segja, að hættan af dragnótaveiðunum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflóinn er felist ekki aðallega í veiði nytjafiska, heldur fyrst og fremst í hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir. Afli hinna stærri fiskibáta, sem hafa ekki enn sem komið er gefizt upp að fullu við línuveiðarnar, hefur hér í Faxaflóa farið síminnkandi, og ætla ég, að yfirstandandi vertíð skari þó enn fram úr í þeim efnum. Og fari svo, að engin breyting verði hér á gerð, er ekki annað sýnilegra en þessi þýðing-

armikla atvinnugrein, sem jafnan hefur skilað hinu bezta hráefni, sem völ hefur verið á, leggist niður jafnt á hinum stærri fiskibátum sem þeim smærri, er þegar hafa gefizt upp.

Ég tel, að það tjón, sem landsmönnum er búið af því ástandi, sem hér hefur skapazt, verði ekki með tölum talið, enda nær það til fleiri en þeirra, sem við flóann búa eða þar í nánd, því að það er löngu vitað í gegnum ýmsar rannsóknir, sem fyrir liggja, að fiskurinn, sem fær frið og næði til að vaxa upp í Faxaflóa við þau hagstæðu skilyrði, sem þar eru frá náttúrunnar hendi, dreifist, er hann stækkar, um öll fiskimið víðs vegar við strendur landsins. Það er því brýn nauðsyn að spyrna hér við fótum og draga ekki lengur að bægja frá þeirri augljósu hættu, sem hér er á ferð.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið að þessu sinni, en geri það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, n. 430).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar, eins og fram kemur í nál. á þskj. 430. Mælir hún með samþykkt þess, en einn nm., Helgi Bergs, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt. N. leitaði umsagnar atvinnudeildar háskólans, fiskideildarinnar, Fiskifélags Íslands og fleiri aðila um málið.

Í svari fiskideildarinnar kemur fram, að hún telur, að að því sem vitað er um ástand þorsk-, ýsu- og skarkolastofnsins hér við land, telji hún ekki ástæðu til þess að banna dragnótaveiðar í Faxaflóa. Að öðru leyti ræðir fiskideildin aðallega um áhrif þess, sem möskvastærð dragnótarinnar hafi, þ. e. varðandi hættuna á ungviðisdrápi, og gefur einnig m. a. skýrslu um merkingar fiska og endurheimt á merktum fiskum. Kemur þar í ljós, að á árunum áður en dragnótin var leyfð endurheimtist um 9% af merkta fiskinum, en eftir að dragnótin var leyfð, hefur prósentan tvöfaldazt. Í því sambandi segir þó fiskideildin: „Er það í samræmi við aukið álag á fiskistofninn, en gefur hins vegar ekki til kynna, að of mikið sé veitt."

Í svari stjórnar Fiskifélagsins, sem kom þó eftir að n. afgreiddi málið, kemur fram, að meiri hl. stjórnarinnar er þeirrar skoðunar, að ekki sé tímabært að banna dragnótaveiðar í Faxaflóa. Í því sambandi benda þeir á, að ekki liggja fyrir neinar skýrslur frá fiskifræðingum eða álit þeirra um, að dragnótaveiðarnar hafi skaðleg áhrif á fiskistofnana í Faxaflóa. Minni hl. stjórnar Fiskifélagsins, Pétur Ottesen fyrrv. alþm., mælir hins vegar eindregið með samþykkt þessa frv. og telur nauðsynlegt til verndar og viðhalds fiskistofninum, miðað við þá tækni, sem nú er tiltæk við veiðarnar, að vernda algerlega fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum slíka uppeldisstöð sem Faxaflóinn er.

Þá hefur Alþingi borizt áskorun frá hreppsnefnd Gerðahrepps um að samþykkja frv. um bann við dragnótaveiðum í Faxaflóa, en í grg. með henni segir, með leyfi forseta:

„Ástæðurnar fyrir óskum okkar eru eftirfarandi:

1. Að síðan farið var að stunda dragnótaveiðar í Faxaflóa, hefur allur fiskur horfið, þannig að nú er hættur að fást afli í net, á línu eða færi. T. d. fengu bátar hér við Faxaflóa upp í 600 tonn af fiski í net á hausti, áður en dragnótaveiðarnar voru leyfðar, en nú lítið sem ekkert, og áður var vertíðarhlutur hér 30—80 þús., en nú 5—16 þús.
2. Afli á stærri mótorbáta í janúar og febrúar fer hraðminnkandi.
3. Afli dragnótabáta fer stöðugt minnkandi og var hér á s. l. sumri svo lélegur, að þeir, sem stunduðu dragnótaveiðarnar, voru með tekjulægstu mönnum.
4. Þá virðist það hafa verið skakkur útreikningur hjá fiskifræðingum og öðrum dragnótaunnendum, að nauðsynlegt væri að leyfa dragnótaveiðar til þess að geta hagnýtt sér verðmesta fiskinn, sem væri flatfiskur og væri nú orðinn svo mikill, að hann lægi í lögum í Faxaflóa; enn fremur, að flatfiski lægi við tortímingu af fæðuskorti og stæði öðrum nytjafiski fyrir þrifum. Datt þá mörgum fiskifróðum manni í hug, hvernig umhorfs hefði verið í Faxaflóa, áður en dragnót og botnvarpa voru teknar í notkun. Reynslan hefur sýnt, að kolaaflinn er aðeins 20% af afla dragnótaveiðibáta. En þá hafa menn undrazt það, er þeir hafa hlustað á formenn dragveiðinótabáta ræða saman um aflabrögð á miðunum á þeim tíma, sem veiðarnar hafa verið leyfðar, að ósjaldan heyrist: Það er ekkert, ekki einu sinni andskotans koli."

Þá vill hreppsnefndin benda á, að ef Alþ. vill ekki stöðva dragnótaveiðar hér í Faxaflóa, liggur ekki annað fyrir þessum hafnarlausu byggðarlögum, sem búin voru að koma sér upp arðvænlegri aðstöðu með kaupum á opnum vélbátum, lendingarbótum og byggingu húsa, en að flýja á náðir Alþingis til að fá bætur fyrir það tjón, sem þeim var gert með opnun dragnótaveiðisvæða, og styrkja þá í breyttum atvinnuháttum."

Þá má geta þess, að bæjarstjórnirnar bæði á Akranesi, Kópavogi og Hafnarfirði hafa allar samþykkt einróma áskorun um að banna dragnótaveiðar í Faxaflóa og sömuleiðis verkalýðsfélögin og þarna er þó um að ræða forustu í þessum byggðarlögum, sem ætti að hafa það fyrst og fremst í huga, hvað væri hagstæðast til að halda uppi atvinnu í þessum byggðarlögum og bæta afkomuna frá því, sem er.

Þá vil ég geta þess, að enn fremur hefur borizt áskorun frá öllum útgerðarmönnum á Akranesi og fjölda sjómanna, samtals 227, sem gengur mjög í sömu átt, með ýtarlegri grg., sem ég sé þó ekki ástæðu til að lesa að svo stöddu, en það gengur mjög í sömu átt, og er þar hvatt eindregið til þess að samþykkja þetta frv.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en vil að öðru leyti vísa til grg. minnar við framsögu um málið hér í hv. d., þegar það

var til 1. umr. Ég legg til, að d. samþ. frv. og vísi því til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þetta frv. er nú komið til 3. umr., og ég vil ekki láta það fara í gegnum allar 3 umr. í þessari hv. d. gagnrýnislaust. Að ég hef ekki fyrr andmælt þessu frv., á sína sögu. Það kom til 1. umr. í febrúarmánuði, og var stungið upp á og gert ráð fyrir, að því yrði vísað til sjútvn., en í þeirri n. á ég sæti, og þótti mér því eðlilegt, að það yrði skoðað í n., áður en ég tæki til máls um það. Það var svo tekið fyrir í sjútvn. þann 19. febrúar og þá aðeins til þess að vísa því til umsagnar til ýmissa aðila. En 19. marz var það svo öðru sinni tekið fyrir í sjútvn., og lágu þá fyrir umsagnir frá ýmsum aðilum, sem um hafði verið beðið, en þetta var seinasti starfsdagur þessarar hv. d. fyrir páskafrí, og ég hafði fengið fjarvistarleyfi til þess að fara úr bænum í brýnum erindum, og þannig atvikaðist það, að ég tók ekki þátt í meðferð þessa máls í sjútvn. Við 2. umr. var svo lagt fram álit hv. sjútvn., og er þess þar réttilega getið, að ég hafi ekki verið á fundi, þegar málið var afgr. En þar sem ég er nokkuð annarrar skoðunar um þetta mál en aðrir nm. í sjútvn., hef ég kvatt mér hljóðs um það og langar að gera við það nokkrar aths.

Þetta frv. var sent m. a. til umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans. Umsagnir þessara aðila voru á þá lund, að Fiskifélag Íslands gat ekki mælt með samþykkt frv. Allir í stjórn Fiskifélagsins litu þannig á, að þeir gætu ekki mælt með frv., nema einn stjórnarnefndarmaður, sá aldni þinghöfðingi, Pétur Ottesen, en hann er, eins og hv. þm. er kunnugt, gamall baráttumaður hér úr þingsölunum gegn dragnótaveiði. Umsögn Fiskifélagsins fylgdi sérprentun úr tímaritinu Ægi nýútkomnu, þar sem Jón Jónsson forstöðumaður fiskideildarinnar birtir grein um áhrif dragnótaveiðanna, en niðurstöðu þeirra er að finna í lok greinarinnar, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stuttu máli má því segja, að hingað til hefur ekkert það komið fram í viðbrögðum þorsk- og ýsustofnanna gagnvart dragnótaveiðinni, er bendi til þess, að þeim sé meiri hætta búin af þessari veiðiaðferð en af öðrum veiðum.“ Og fiskifræðingurinn bætir við: „Við verðum að nýta þessa fiskistofna, svo sem þeir framast þola. Við höfum ekki ráð á því að láta fiskinn verða ellidauðan eða lenda í höndum útlendinga, af því að við tökum hann ekki sjálfir.“

Og hér er auðvitað komið að mjög merkri hlið þessara mála, sem ég skal aðeins drepa á síðar. Þetta frv. felur það í sér, að óheimilt skuli að veita undanþágu til veiða með dragnót í Faxaflóa. Ég skal taka það fram, að þótt ég andmæli frv., er ekki þar með sagt, að ég vilji leyfa veiðar með dragnót í Faxaflóa. Til þess sé ég ekki ástæðu til að taka afstöðu, eins og málið liggur fyrir. Ég er ekki endilega að halda því fram, að þetta frv. gangi út af fyrir sig í ranga stefnu með því að koma í veg fyrir veiðar með dragnót í Faxaflóa, heldur hitt, að ég tel frv. algerlega óþarft sökum þess, að í l. nr. 40 frá 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, er grundvallarreglan sú, að dragnótaveiðar eru óheimilar. Það er grundvallarreglan. Hins vegar er sjútvmrh. gefin með þeim l. heimild til þess að veita undanþágur, samkv. till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, þ. e. a. s. sjútvmrh. getur ekki veitt þessar heimildir, nema fyrir liggi um það till. frá Fiskifélagi Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans. En áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, að því er segir í 1. gr. þessara l., skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði, og ef álitsgerðir berast, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd. Það segir ekki, að meiri hluti þeirra skuli styðja hana eða neitt því líkt. Það segir: „nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.“ Og það er ekki nóg með þetta, heldur segir áfram í 1. gr. þessara laga:

„Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, skal ráðh. í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk.“

Þannig er það ljóst, að samkv. gildandi lögum getur ráðh. ekki veitt heimild til dragnótaveiða í Faxaflóa né annars staðar, nema sú hugmynd hafi gengið í gegnum eina sjö hreinsunarelda. Það er ekki nóg með það, að nokkrar sveitarstjórnir á svæðinu geti komið í veg fyrir, að slíkt leyfi verði veitt, og Fiskifélagið og fiskideild atvinnudeildar háskólans geta það að sjálfsögðu með því að bera ekki fram till. um það, heldur geta einnig samtök útvegsmanna eða samtök sjómanna eða samtök verkamanna á þessum svæðum komið í veg fyrir það, að slík leyfi séu veitt. Ég geri ráð fyrir því, að þegar þetta er athugað, hljóti menn að geta fallizt á það, að núgildandi lög veita mjög sterka vernd gegn því, að leyfð sé dragnótaveiði á þeim stöðum, þar sem hún er ekki æskileg.

Ég vil þá aðeins minna aftur á þá setningu, sem ég vitnaði í eftir forstöðumanni fiskideildar atvinnudeildar háskólans, um það, að við verðum að nýta fiskistofnana, svo sem þeir framast þola, og við höfum ekki efni á því að láta fiskinn verða ellidauðan eða lenda í höndum útlendinga, af því að við tökum hann ekki sjálfir. Nú skal ég endurtaka það, að ég held því ekki fram, að fiskurinn verði ellidauður í Faxaflóa um þessar mundir, en ég bendi á þetta vegna þess, að réttlæting okkar fyrir því, að við viljum hafa umráð yfir fiskimiðum landgrunnsins, hlýtur að

falla um sjálfa sig, ef við viljum ekki eða þorum að nýta þessi mið svo sem skynsamlegt er.

Það er vissulega rétt, að það vantar mikið á, að þekking okkar sé nægileg, til þess að við getum í öllum tilfellum gert okkur skýra mynd af því, hversu langt er óhætt að ganga í þessum efnum. Og það er auðvitað þess vegna rétt, að það verður að fara með vissri gát. En svarið við þeim vanda, þekkingarskortinum, er ekki það að banna veiðar, heldur hitt, að efla rannsóknirnar og þekkingu okkar á þessum hlutum, svo sem frekast má verða. Það er auðvitað sú leið, sem fara verður í þessum efnum, og ég mundi vilja óska þess, að flm. þessa frv. vildu leggja fram krafta sína í því efni einnig.

Ég þykist með þessum orðum hafa fært að því rök, að núgildandi lög um dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, þar sem grundvallarreglan er sú, að dragnótaveiðar eru óheimilar, veiti nægilega vernd í því efni, sem hér er um að ræða. Niðurstaða mín er því sú, að þetta frv. sé óþarft, og auk þess óttast ég það, að ef Alþingi fer að samþykkja frv. af þessu tagi, sé hægt að mola niður smátt og smátt l. frá 1960, mylja þau smátt og smátt með því að ógilda þau á einstökum svæðum og að því mundi að mínum dómi verða eftirsjón.

Ég leyfi mér þess vegna að leggja til, að þetta frv. verði fellt.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. 6. þm. Sunnl., Helga Bergs. Það kom reyndar ekkert nýtt fram í þessu máli, sem áður hefur ekki komið við umr. um dragnótina, og eins og hann skýrði frá gangi þessa máls í sjútvn., var það alveg rétt. Hins vegar skýrði ég honum frá niðurstöðu n., áður en við endanlega skiluðum nál., og að þar væri skýrt frá því, að hann hefði ekki verið viðstaddur, og taldi hann, að hann væri samþykkur, að nál. væri afgreitt þannig, og ekkert við það að athuga.

Þau rök, sem hér komu fram að þessu sinni og oft hafa reyndar verið dregin fram áður, að slíkt frv. sem þetta sé óþarft, vegna þess að lögin gera ráð fyrir því, að sveitarstjórnir og ýmsir fleiri aðilar geti haft hér á þau áhrif, að það geti ráðið úrslitum um, hvort dragnótaveiði kemur til framkvæmda eða ekki, við þetta er það að athuga, að það er mjög hæpið að hafa þennan hátt á, vegna þess að þeir, sem eiga síðan að ákveða um þetta, telja mikinn vanda á höndum, hvernig eigi að meta þau atkv., sem til falla hverju sinni, hvort eigi að taka bara heildartöluna, sem kemur af með- eða mótatkv. hverju sinni, ellegar hvort eigi að ráða mismunandi t. d. atkv. frá bæjarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogs eða bæjarstjórn Akraness, svo að nefnd séu hér nokkur atriði. Og eins líka eru útgerðarfélög og fiskvinnslustöðvar, það er gert ráð fyrir, að allir þessir aðilar greiði atkv. um það, hvort þeir séu með eða móti dragnótaveiðunum, og síðan á rn. að skera úr um það. Þrátt fyrir andmæli frá mörgum á þessu veiðisvæði, hefur niðurstaðan orðið sú, sem raun ber vitni, að dragnótaveiðarnar hafa verið leyfðar hér í Faxaflóa.

Eins og ég gat um í minni framsöguræðu og aftur við 2. umr. málsins, er grundvöllurinn undir þeim rökum, sem voru upphaflega fyrir því að leyfa dragnótaveiðarnar, algerlega fallinn, álít ég, með tilliti til þess, hve kolinn er lítill hluti af heildarmagninu, sem um er að ræða, að nýttur sé úr dragnótinni. Í þessu sambandi þykir mér rétt t. d. að geta þess, að á miðju seinasta sumri eða um 15. ágúst komu tilkynningar í útvarpinu til íslenzkra skipa og þar segir m. a.:

„Erfiðlega gengur að selja frystan kola úr landinu, og hafa frystihús á vegum Sambandsins forðazt kolakaup af fremsta megni, og nemur framleiðsla þeirra nú tæpum 300 lestum á móti 1150 lestum á sama tíma á árinu áður. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna reynir einnig að takmarka framleiðslu á frystum kola."

Þar fyrir utan, þó að þetta væri ekki fyrir hendi, þessar upplýsingar, sem koma frá seinasta fundi um örðugleikana að hagnýta og koma í verð þessum verðmæta fiski, sem okkur var talið nauðsynlegt að hagnýta og lægi í miklu ríkari mæli en raun varð á, þegar veiðarnar fóru að koma til framkvæmda, álít ég, að það sé líka einn þáttur í því, sem gerir þetta ekki eins nauðsynlegt, og það er sú staðreynd, að meginhlutinn af þeim afla, sem dragnótabátarnir fá, er bolfiskur, sem ætti að vera hægt að ná til með veiðarfærum, sem ekki eru jafnskaðleg uppfæðingnum í Faxaflóa og dragnótin er. Það sagði svo í grg. frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, með leyfi forseta:

„Aðalrökin fyrir því, að dragnótaveiði skyldi leyfð í Faxaflóa, voru þau, að vegna friðunar flóans væri orðið þar mjög mikið af flatfiski, lúðu og kola, og óverjandi væri að hagnýta sér ekki betur þau sjávarföng en gert var með smátækum veiðarfærum þeirra smábáta, sem stunduðu þessi mið til mikils gagns fyrir fjölda manna, þar til dragnótaveiðin var leyfð. Dragnótin var leyfð og skyldi rekin undir ströngu eftirliti eða vísindalegri smásjá, en óþarft er að fjölyrða um það. Það kom brátt í ljós, að skakkar reyndust áætlanir eða fullyrðingar um flatfiskmagnið, því að hann reyndist minnstur hluti aflans og hvergi nærri sá, sem búizt var við og leyfisveitingin mun hafa verið byggð á."

Í lok grg. segir, að það sé „viðurkennt, að Faxaflói sé mikil og góð uppeldisstöð fyrir ungfisk, og með það sem aðalorsök fengum við hann friðaðan fyrir ágengni annarra þjóða. Með það í huga ber oss ekki hvað sízt að vernda hann fyrir hvers konar rányrkju, og þegar nú er sýnt, hvert stefnir með dragnótina í þessum efnum, vill Farmanna- og fiskimannasamband Íslands stuðla að því, að veiðar með dragnót séu bannaðar í Faxaflóa, svo að ungviðið fái þar næði til uppvaxtar, eins og friðun flóans var í upphafi byggð á."

Þetta er mjög í sama anda og aðrar greinargerðir, sem borizt hafa, bæði frá sjómönnum á Akranesi og frá hreppsnefnd í Gerðahreppi. Í dag var verið að skýra frá því, að erindi hefði verið lagt hér fram í þinginu frá bæjarráði Kópavogs, sem gengur mjög í sömu átt, áskorun til þingsins um að samþykkja þetta frv.

Ég tel, að það séu mjög miklir annmarkar á því að vera með framkvæmd í sambandi við

dragnótaveiðarnar með þeim hætti að leita eftir atkv. ýmissa fyrirtækja, hvort heldur það eru útgerðarmannafélög, sjómannafélög, hreppsnefndir eða bæjarstjórnir, vegna þess að ég álít, að það sé mikið spursmál, við hvaða fyrirtæki á þá að takmarka þessa atkvgr., og það geti oltið mjög á ýmsu um það, hvort rétt niðurstaða verður fundin hverju sinni eða ekki. Ég vænti því, að hv. d. sé sama sinnis og hún var hér við 2. umr. málsins og greiði götu frv. og samþykki það.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Vesturl. Þau rök, sem hann flutti hér, hnigu mjög í þá átt, að það bæri ekki að heimila dragnótaveiðar í Faxaflóa. Ég hef í rauninni aldrei haldið því fram eða tekið hér upp umr. um það, hvort þær skuli heimilaðar eða ekki, en engin rök flutti hv. 4. þm. Vesturl. fyrir því, að núverandi löggjöf væri ekki nægileg til þess að koma í veg fyrir það, að dragnótaveiðar í Faxaflóa væru heimilaðar. Það voru þó tvö atriði í ræðu hv. 4. þm. Vesturl., sem ég geri ráð fyrir að hafi átt að vera röksemdafærsla í þá átt, sem ég skal aðeins gera að umræðuefni.

Hann talaði um vandkvæði á því að meta atkv. sveitarstjórna. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að samkv. 1. gr. l. nr. 40 frá 3. júlí 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, er ekki um neinar atkvgr. að ræða. Það er ekki um atkvgr. að ræða, heldur er um það að ræða, að til þess að ráðh. geti veitt leyfi til dragnótaveiða, sem annars eru bannaðar, þá skal berast um það till. frá fiskideild atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, en „áður en þessar stofnanir gera slíkar till.," segir orðrétt í lögunum, „skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði." Hér er ekki um atkvgr. að ræða, heldur skal Fiskifélagið leita álits sveitarstjórnanna, og síðan segir: „Berist álitsgerðir, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt," — það er ekki um það að ræða að telja atkv., heldur stendur: „óheimilt, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd." Ég held, að það geti ekki verið neinn vafi á því, að þegar orðalagið er á þennan veg: „styðji almennt", þá er það nægilegt til þess að koma í veg fyrir það, að nokkrar sveitarstjórnir skerist úr leik og vilji ekki mæla með þessu.

Enn fremur sagði hv. 4. þm. Vesturl., að það væri alltaf vafamál, við hvaða fyrirtæki á að takmarka atkvgr. Hér kemur aftur þessi hugmynd um atkvgr., sem er alröng, en seinasta mgr. 1. gr. l., sem ég hef verið að vitna til, hljóðar svona:

„Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, þá skal ráðh. í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk."

Hér er ekki um það að ræða, að það sé af ráðuneytisins hálfu skipulögð einhver atkvgr., heldur hitt, að einhver þessara samtaka útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna eða sveitarstjórnirnar finni hvöt hjá sér til þess að bera fram óskir um það, að hlutar þessara svæða verði friðaðir fyrir dragnótaveiðum.

Mér virðist þess vegna, að hv. 4. þm. Vesturl., þó að hann hafi flutt hér sjálfsagt ýmis rök fyrir því, að það beri ekki að leyfa dragnótaveiði í Faxaflóa, þá hafi hann ekki leitt rök að því, að nauðsyn beri til þess að banna þær með lögum frekar en gert er í lögum nr. 40 frá 1960.

Þó að ég ætli ekki að taka hér upp umr. við hv. 4. þm. Vesturl. um það, hvort æskilegt sé eða óæskilegt, að dragnótaveiðar séu heimilaðar í Faxaflóa, get ég þó ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að það væri mjög æskilegt, ef framámenn í íslenzkum sjávarútvegi, eins og hv. 4. þm. Vesturl., gætu borið meira traust til fiskifræðinga okkar, sem þessi mál hafa rannsakað, en raun virðist vera á. Framtíð sjávarútvegs okkar liggur að mínum dómi fyrst og fremst í því, að við getum aflað okkur vísindalegrar þekkingar á stofnunum, og við verðum þess vegna að efla þá starfsemi, sem að því lýtur, og við verðum að bera traust til þeirra manna, sem við þessa hluti fást.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79., 80. og 81. fundi í Nd., 16., 17. og 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, á þskj. 256, er komið frá Ed. og fjallar um það að breyta núgildandi lögum um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti á þann hátt, að bannaðar verði dragnótaveiðar í Faxaflóa. Mér þykir rétt, þar sem hér er um að ræða ekki veigalítið mál og ég vildi mega segja mjög þýðingarmikið mál, sem snertir mikið okkar stefnu alla í fiskveiðimálum, nú þegar við þessa 1. umr. málsins í þessari hv. d. að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa frv., ef það mætti verða til þess að upplýsa ýmis atriði, sem ég tel máli skipta, áður en málið fer lengra í meðförum þessarar hv. deildar.

Dragnótaveiðar hafa verið lengi stundaðar hér við land, í áratugi fyrir síðustu heimsstyrjöld. Þá voru hér stundaðar dragnótaveiðar í vaxandi mæli. Þá voru líka stundaðar hér veiðar með botnvörpu, einnig í vaxandi mæli. Allar þessar veiðar með þessum botnveiðafærum voru stundaðar á öllu svæðinu hér við strendur Íslands upp að þáv. landhelgislínu, sem var 3 mílur, og línan dregin meðfram ströndinni og fylgdi strandlínunni alla leið umhverfis landið, nema þar sem firðir og flóar voru minna en 10 mílur að breidd. Þannig var um það að ræða, að þessar botnveiðar voru stundaðar á öllu svæðinu upp að 3 mílunum, að því undanteknu þó, að

dragnótaveiðar voru ekki stundaðar allt árið um kring, heldur var það einn eða tvo mánuði á ári, sem dragnótaveiðar voru ekki leyfðar. Þá var það einnig, að þessar veiðar, dragnótaveiðarnar og togveiðarnar, voru stundaðar með veiðarfærum, sem voru að einu leyti mjög ólík því, sem nú tíðkast með þessum sömu veiðarfærum, þ. e. a. s. að möskvinn í botnvörpunni og dragnótinni var smáriðinn, það var 70—80 mm möskvi, kannske minni. Það voru engin ákvæði um lágmarksstærð möskva þá. Nú er þetta breytt. Síðan 1954 er fyrirskipuð hér við land lágmarksstærð möskva, sem nam frá 1954 110 mm, þ. e. a. s. það er stækkun um 70—80% frá því, sem áður var, og nú frá mánaðamótunum maí—júní n. k. stækkar möskvinn í botnvörpunni upp í 120 mm. Og í raun og veru er möskvinn í dragnótinni kominn upp í sömu stærð, eða 120 mm, með því að ákvæðin um möskvastærð eru þannig, að 110 mm miðast við sísal og harðan hamp, en það jafngildir 120 mm möskva í þeim vörpum, sem búnar eru til úr gerviefnum, en allar dragnætur, sem notaðar eru hér við land, eru nú búnar til úr slíku efni.

Það hefur ýmislegt fleira breytzt frá því, sem var fyrir stríð. Þá voru eins og ég gat um áðan, stundaðar þessar veiðar upp að 3 mílum, sem miðuðust aðeins við strandlengjuna. Árið 1950 var breytt til fyrir Norðurlandi og dregnar beinar grunnlínur og 4 mílur frá þeim grunnlínum. Þá hurfu allir togararnir út fyrir þá línu. Árið 1952 var svo það sama gert umhverfis allt landið. Það voru dregnar beinar grunnlínur og 4 mílur út frá því. Þá voru jafnframt bannaðar allar dragnótaveiðar innan þessarar 4 mílna landhelgi, sem jafngilti því, að allar dragnótaveiðar lögðust niður. Það var talið með öllu ófært að stunda dragnótaveiðar á svæðinu utan 4 mílna frá beinum grunnlínum, og þær lögðust algerlega niður, og þeim aðilum, sem höfðu byggt afkomu sína á dragnótaveiðum, var bætt þetta að nokkru úr fiskimálasjóði, bætt tapið á veiðarfærunum eða það tjón, sem þeir urðu fyrir við það að láta leggja veiðarfærin til hliðar eða skipta um veiðarfæri. Það var að vísu ekki nema að nokkru leyti bætt, en þó viðurkennt, að þarna var um að ræða tjón, sem því opinbera bæri að bæta.

Það var á þessum árum, fyrir 1952, sem við höfum raunverulega baráttuna um okkar landhelgi, og þeir sigrar, sem unnust á árunum 1950—1952, höfðu, eins og ég gat um, þá þýðingu að koma öllum togurunum út fyrir 4 mílna landhelgi, hundruðum erlendra togara, sem stundað höfðu veiðar áratugum saman upp að 3 mílum, og jafnframt að útiloka dragnótina. Eitt af okkar megintækjum í þeirri baráttu, sem við háðum um landhelgina á þessum árum, var lagt okkur í hendur af okkar vísindamönnum. Vopnin voru smíðuð og þau dugðu okkur betur en nokkuð annað í baráttu okkar fyrir stækkun landhelginnar. Þeir lögðu fram greinagóð gögn um það, hvaða áhrif botnvörpuveiðarnar höfðu haft á ýmsum svæðum við landið með þeim tækjum, sem notuð höfðu verið, og þetta álit eða þessar skýrslur fiskifræðinga okkar voru þau vopn, sem dugðu okkur bezt í þessari baráttu. Alveg það sama skeði 1958. Það var búið þá áður árum saman að sýna fram á það með vísindalegum rökum, að okkur væri brýn nauðsyn á því að færa út landhelgi okkar, og það er ekki nokkur vafi á því, að þau rök, sem vísindamenn okkar fengu okkur þá í hendur til þess að berjast fyrir okkar málstað, voru hin þýðingarmestu. Eftir 1958, þegar þeim áfanga var náð, sem þá var ákveðið, fara menn meira að gera sér grein fyrir því og hugsa um það, hvernig við eigum að nýta þá landhelgi, sem við höfðum þá slegið eignarhaldi okkar á. Mönnum var þá orðið ljóst, að allt það, sem áunnizt hafði, var náttúrlega fyrst og fremst til þess, að við gætum nýtt betur eða notað betur þá fiskistofna, sem eru hér við landið. Við höfðum slegið eign okkar á stór hafsvæði, þar sem þessir fiskistofnar hrygna og vaxa upp og lifa, og okkur var ljóst frá byrjun, að það fylgdi þessu sú skylda að nýta þessa fiskistofna þannig, að ná mætti af þeim sem mestum arði. Við vorum bókstaflega skyldugir til að gera það, því að annars voru það engin rök hjá okkur, að við þyrftum að fá þessa útfærslu, við þyrftum að fá þessar friðanir, sem því fylgdu, ef við gátum ekki notað það, sem við vorum að friða af fiskistofnum fyrir útlendingum og fyrir okkar veiðum líka að nokkru leyti. Menn fóru að leita að leiðum til þess að framkvæma þetta. Það var leitað álits vísindamanna aftur, og niðurstaðan af því varð, að farið var að hugsa um að leyfa dragnótaveiðar innan 12 mílna landhelginnar. Mönnum sýndist, að vissir fiskistofnar hefðu þá þegar eftir 1958, fiskistofnar, sem höfðu notið friðunar allt frá árinu 1950 að sumu leyti og 1952 í enn þá ríkara mæli, vaxið það mikið, að óhætt væri að gera nú tilraun með það að auka veiðarnar á þeim og það yrði bezt gert með því að leyfa dragnótaveiðar innan landhelginnar, en þó undir vísindalegu eftirliti, þannig að fylgzt væri mjög náið með því, hvaða áhrif slíkar veiðar hefðu. Það voru svo á þingi 1960 sett lögin, sem bera heitið: „Um takmarkað leyfi til dragnótaveiði í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti".

Er maður sér heiti þessara laga, getur maður ekki skilið annað en hér sé um að ræða tilraun til að hefja veiðar, sem ættu að byggjast á því, að haft væri með þeim vísindalegt eftirlit, og framkvæmd þeirra og framhald ætti að miðast við það, hvort slíkt vísindalegt eftirlit kæmist að þeirri niðurstöðu, að það væri óhætt eða ekki, allt út frá því sjónarmiði að hagnýta fiskistofnana þannig, að þeir gæfu sem mestan arð, án þess að þeir yrðu ofveiddir. Það þýðir náttúrlega, að ef fiskistofnarnir eiga að gefa sem mestan arð, verði þeir ekki ofveiddir, heldur hæfilega veiddir, til þess að ná úr þeim sem mestum arði. Á þessum lögum voru þó mjög áberandi gallar. Þar er öðrum þræði byggt á vísindalegum grunni, eins og ég sagði áðan, að heiti laganna gæfi tilefni til að ætla. Hins vegar er það ekki nema við fyrstu sýn. Raunverulegt ákvörðunarvald um það, hvort dragnótaveiðar skuli leyfðar, er nefnilega alls ekki í höndum vísindamanna, heldur í höndum — mér liggur við að segja óteljandi eða ótölulegra mismunandi aðila hingað og þangað í landinu. Það er látið í hendur sveitarstjórna, það er látið í hendur, eins og segir í lögunum, „annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiði-

svæði", sem þýðir raunverulega þeirra, sem veiða fiskinn, þeirra, sem vinna fiskinn. Það þýðir sem sé: félagssamtaka þeirra, sem veiða fiskinn, félagssamtaka þeirra, sem vinna fiskinn, það eru sem sé verkalýðsfélögin, sjómannafélögin, félagssamtaka þeirra, sem taka fiskinn til vinnslu, þ. e. vinnslustöðvanna, eða einstakra vinnslustöðva á svæðunum o. s. frv. Það er sem sé þarna um að ræða hundruð aðila í landinu, sem lögin raunverulega fyrirskipa, að skuli spurðir um álit á því, hvort dragnótaveiðar skuli leyfðar, alveg án tillits til þess, hvað kemur í ljós við rannsóknir, vísindalegar rannsóknir á því, hvort dragnótaveiðarnar séu æskilegar eða ekki. Þetta leiðir til þess óhjákvæmilega, að á framkvæmd laganna hlýtur alltaf að verða allmikið handahóf. Það er alveg óhjákvæmilegt. Þegar þessir aðilar fara að meta það, hvort þeir eigi að mæla með því eða móti því að leyfa dragnótaveiðar úti fyrir einhverjum einstökum landshluta eða jafnvel í einhverjum flóa eða firði, þá eru mörg sjónarmið, sem koma til greina, sem eiga í raun og veru ekkert skylt við það, hvort óhætt sé að leyfa þar dragnótaveiðar með tilliti til fiskistofnanna. Það getur komið til greina, að þarna á þessu svæði stundi kannske bátar einhverjar aðrar veiðar og þeir telji sér ekki henta, að það komi þar annað veiðarfæri inn á svipað eða sama svæði. Það geta komið til greina ýmis atriði í atvinnuástandi á stöðunum o. s. frv., sem raunverulega á ekkert skylt við það, hvort heppilegt sé eða hentugt eða rétt að leyfa eða banna dragnótaveiðar. Þannig verður þetta, eins og ég sagði, meira og minna handahófskennt, hvernig framkvæmd þessara laga verður, að því er tekur til þess, hvort leyfa skuli eða banna dragnótaveiðarnar. Þetta tel ég vera mjög mikinn ágalla á lögunum, og vissulega ber að harma það, að á sínum tíma skuli hafa verið farið inn á þessa leið, um leið og var þó gengið inn á það sjónarmið að leyfa dragnótaveiðar undir vísindalegu eftirliti.

Nú hefur maður mjög oft heyrt það, allt síðan 1960, að menn hafa rætt um það sín á milli, hvernig væri með þetta vísindalega eftirlit. Menn hafa oft og tíðum viljað gera lítið úr því, að það væri nokkurt eftirlit þar, þetta væri bara til þess að sýnast og lítils virði og þess vegna væri ekkert á því byggjandi. Menn gera sér ekki grein fyrir því oft, að slíkt vísindalegt eftirlit byggist náttúrlega fyrst og fremst á því eða felst í því, að fiskifræðingarnir fylgjast með veiðinni samkvæmt sýnishornum, sem þeir taka úr veiðinni, samkvæmt sýnishornum, sem þeir taka úr þeim fiski, sem veiðist. Þeir fylgjast með því, hvernig árgangarnir eru, hvað mikið endurheimtist af merktum fiskum, og öðru þess háttar, sem þýðingu hefur, þegar þeir fara að meta, hvað stofnarnir þola. Þegar á að fara að meta það, hvort einhverjar veiðar séu æskilegar eða ekki út frá þessu sjónarmiði, þá þýðir það raunverulega, að það tekur langan tíma, það þarf nokkur ár, áður en hægt er að segja um það með nokkurri vissu, hvort einhverjar veiðar séu æskilegar eða ekki æskilegar út frá því sjónarmiði, sem ég gat um áðan, að ná hámarksarði úr fiskistofnunum. Þetta hafa menn oft ekki viljað viðurkenna eða menn hafa ekki áttað sig á þessu, og út frá því hafa þeir rætt um vísindalegt eftirlit og talið það lítils virði. En ég mundi segja, að lögin frá 1960 séu dæmi um það, hvernig ekki á að setja reglur um fiskveiðar, þar sem þar eru sett inn í lögin ákvæði, sem algerlega stangast hvort á við annað, þar sem annars vegar er gengið út frá því að miða við vísindalegt eftirlit og hins vegar gengið út frá því að láta aðila, sem hafa ekki möguleika á því að meta eða dæma út frá því sjónarmiði, ráða um það, hvort veiðarnar skuli leyfðar.

Ég kem að því hér á eftir að ræða svolitið nánar um álit vísindamannanna eftir þann tíma, sem liðinn er frá því, að fyrst var farið að stunda dragnótaveiðar hér við land á nýjan leik árið 1960.

Fyrsta árið, sem dragnótaveiðarnar voru stundaðar, — það var árið 1960, — hófust þær seint vegna þess, að lögin voru ekki sett fyrr en 3. júní 1960 og það tók nokkurn tíma að koma í gang þeim athugunum, sem gera þurfti og gera þarf á hverju ári samkv. l., athugun á því, hvaða álit menn hefðu á því viðs vegar um landið, þeir aðilar, sem spyrja ætti, hvort veiðarnar skyldu leyfðar eða ekki. Ég hef hér tölur fyrir 3 ár um veiðar með dragnót í Faxaflóa. Það er nú það svæði, sem hér er rætt um, og svo á öllu landinu, en það er nokkuð misjafnt, hvar veiðarnar hafa verið stundaðar á þessum árum. Fyrsta árið, 1960, voru veiðarnar aðallega við Vestmannaeyjar og í Faxaflóa, lítið utan þeirra svæða. Þá voru veiddar við Faxaflóa um 5700 lestir alls, en á öllu landinu tæplega 10000 lestir. Þetta jókst á árinu 1961, þá var aflinn í Faxaflóa, — og þegar ég tala um aflann í Faxaflóa í þessu sambandi, á ég við það, sem hefur komið á land í veiðistöðvunum við Faxaflóa, og geng þá út frá því, að sá afli sé að öllu eða a. m. k. að verulegu leyti veiddur á Faxaflóasvæðinu, en vera má þó, að eitthvað meira hafi veiðzt á Faxaflóasvæðinu, þó að því hafi verið landað annars staðar, en um það liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar, — árið 1961 var aflinn í Faxaflóa um 7600 lestir, en aflinn á öllu landinu í dragnót var það ár tæplega 17000 lestir. Árið 1962 var aflinn í Faxaflóa 11300 lestir, á öllu landinu tæplega 20000 lestir. Því miður liggja ekki fyrir enn þá tölur um dragnótaaflann frá 1963, en þá varð hann töluvert minni að því er virtist í Faxaflóa en hann hafði verið árin þar áður, þar sem hann hafði náð hámarki á þessum 3 árum, en annars staðar er mér ekki fullkunnugt um það enn þá, hvernig það hefur komið út. Þær fisktegundir, sem aðallega veiðast í dragnótina, eru þorskur, ýsa og flatfiskur, og á það við alls staðar við landið, en mest af flatfiskinum veiðist þó greinilega í Faxaflóa, og hefur það verið svo öll árin og sérstaklega þó 1962, að um eða yfir helmingur skarkolaaflans hefur verið í Faxaflóa og hitt að mestu við Vestmannaeyjar og eitthvað á Breiðafirði. Það er alveg ljóst, að einasta veiðarfæri, sem hægt er að veiða skarkola með að nokkru magni og aðrar flatfisktegundir, einnig þykkvalúru, sem veiðist einnig við Vestmannaeyjar, allur þykkvalúruaflinn kemur frá Vestmannaeyjum, — eina veiðarfærið, sem hægt er að ná þessum tegundum með, er dragnótin. Þessar fisktegundir voru mjög lítið veiddar á okkar

skipum hér við land, þegar engin dragnótaveiði var stunduð, og má heita, að útlendu togararnir hafi þá verið þeir einu, sem veiddu sem nokkru nam af flatfiski hér á þeim árum. Sama yrði upp á teningnum aftur, ef bannaðar yrðu hér dragnótaveiðar í Faxaflóa, þar sem meginhluti af flatfiskinum hefur veiðzt, sérstaklega af skarkolanum. Sá fiskur mundi annað tveggja deyja drottni sínum hér við landið innan landhelgislínunnar eða, eins og hann gerir alltaf nokkuð, ganga út fyrir línuna, sérstaklega fyrir Vesturlandi og Vestfjörðum, og vera veiddur þar af útlendum togurum, sem alltaf sækjast mjög eftir því að ná í þennan flatfisk.

Um ýsuna gildir þetta ekki alveg eins, en þó að nokkru leyti, því að það er greinilegt, að ýsustofninn hefur aukizt mjög mikið hér við land á undanförnum árum. Ýsuafli í dragnót hefur verið verulegur, og það er ekki hægt að ætla, að þeim afla hefði verið hægt að ná nema að litlu leyti í önnur veiðarfæri, ekki á þessum tíma, þ. e. a. s. á sumrin, þegar dragnótaveiðarnar eru leyfðar. Ýsuveiði hefur hins vegar verið mikil núna í vetur, aðallega í þorsknót, sem kallað er, og þær veiðar eru að sjálfsögðu stundaðar innan landhelgislínunnar, oft á grunnu vatni.

Nú liggja fyrir skýrslur eða álit frá fiskifræðingum okkar um dragnótaveiðarnar og áhrif þeirra. Því miður hefur hv. sjútvn. Ed. ekki séð ástæðu til að taka upp í sitt nál. þá umsögn frá fiskideild atvinnudeildar háskólans, sem barst um þetta frv., en vísað í þess stað í umsögn frá árinu 1963, eða fyrir einu ári, þegar enn lágu ekki fyrir mörg af þeim gögnum, sem nú liggja fyrir um dragnótaveiðarnar. Vegna þessa tel ég rétt að rekja hér að nokkru það, sem vísindamenn okkar segja nú um áhrif dragnótaveiðanna, bæði í áliti sínu til sjútvn. Ed. og eins í mjög merkilegri grein, sem forstjóri fiskideildar, Jón Jónsson, hefur nýlega ritað í tímaritið Ægi um áhrif dragnótaveiða á ýsu- og þorskstofnana hér við land. Í grein þessari rekur Jón vísindalega með tölum og myndum, hvernig þessar veiðar hafa gengið, hvernig þorskveiðarnar hafa verið, hvað hefur verið veitt í dragnót, hvernig ýsuveiðarnar hafa verið o. s. frv., og dregur af því ýmsar ályktanir, og ég vildi leyfa mér að tilfæra hér nokkuð af því, sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir svo í upphafi þessarar greinar:

„Frá því að dragnótaveiði var leyfð aftur í íslenzkri landhelgi árið 1960, hafa orðið miklar umr. manna á milli um þessa veiðiaðferð, og hefur menn greint mjög á um, hver áhrif hún hefði á íslenzku fiskistofnana. Andstæðingar dragnótar finna þessu veiðarfæri flest til foráttu. Dragnótin á að eyðileggja gróðurinn í botninum, hún á að fæla burt fisk eða spilla veiði á annan hátt, og hún á að eyðileggja ungviði nytjafiskanna."

Og enn segir svo:

„Það álit fiskimanna, að dragnót og botnvarpa eyðileggi gróður botnsins, er byggt á misskilningi. Hinn raunverulegi gróður á botninum, þang og þari, nær ekki lengra niður en 30—40 metra, vegna þess að geisla sólarinnar gætir ekki dýpra, og allir, sem til þekkja, vita, að fiskveiðar með botnvörpu og dragnót eru ekki stundaðar í þessu gróðurbelti. Það, sem fiskimenn nefna gróður, eru hins vegar dýr af ýmsu tagi, smádýr úr flokki kóralla og marglyttna, sem oft lifa saman í búum, er mynda greinar og jafnvel stærri hrúslur. Þessi dýr hafa sáralitla þýðingu, ef þá nokkra, sem fiskafæða. Þau dýr, sem lifa á sand- og leirbotni og þýðingu hafa fyrir nytjafiska okkar, eru t. d. alls konar skeldýr, kúskel, tígulskel o. fl. Þessum skeljum er engin hætta búin af dragnótaveiðinni. Þær eru venjulega niðri í leirnum, og verður fiskurinn því að róta upp til þess að ná þeim, og kemur dragnótin honum þar til hjálpar, að svo miklu leyti sem hún rótar upp botninum. Aðrar dýrategundir, sem lifa á botninum og þýðingu hafa sem fiskafæða, eru t. d. alls konar slöngustjörnur, krabbadýr og margar tegundir af ormum, og má hiklaust fullyrða, að þessum dýrum sé engin hætta búin af dragnótinni."

Þetta segir í greininni um dragnótina og botngróðurinn. Um dragnótina og ungviðið er hér einnig stuttur kafli, sem ég vildi leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Að dragnótin sé hættuleg fyrir ungviði fiskanna, hefur verið ein veigamesta mótbáran gegn þessu veiðarfæri. Það er rétt, að með lítilli möskvastærð er hægt að veiða mjög mikið af smáfiski í dragnót og botnvörpu. En með því að hafa möskvastærðina nógu stóra, er hægt að hlífa smáfiskinum. Mjög yfirgripsmiklar rannsóknir, bæði hér við land og annars staðar, hafa sýnt, að náið samhengi er á milli stærðar þess fisks, sem fæst í botnvörpu og dragnót, og möskvastærðarinnar. Hefur þetta verið vísindalega sannað, svo að ekki verður um villzt."

Svo rekur hann hér mjög ýtarlega þessar vísindalegu rannsóknir og til hvaða niðurstöðu þær hafa leitt. Ég mun ekki fara nánar út í það hér að rekja það, sem um það segir. En síðar í greininni segir svo um áhrif dragnótaveiði á ýsu- og þorskstofnana, og er það mjög fróðlegt einmitt í því sambandi, sem hér er um að ræða, í sambandi við þetta frv., — þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1962 var þorskveiðin í dragnót 3500 tonn, slægt með haus, og nam því 1.97% af heildarþorskveiði Íslendinga það ár. Sama ár var ýsuaflinn í dragnót 7964 tonn, og var það 18.3% af heildarýsuaflanum. Við skulum nú reyna að gera hér nokkra grein fyrir áhrifum dragnótaveiðanna á báða þessa fiskistofna. Árið 1962 fengust um ⅔ hlutar dragnótaaflans af þorski á báta úr verstöðvum við Faxaflóa, og er ástæða til að ætla, að mestur hluti aflans komi frá þessu svæði. Meðaltal endurheimta af þorski merktum í Faxaflóa á árunum 1954—1959 var 9%, en úr merkingum, sem gerðar voru árin 1960 og 1961, eða eftir að dragnót var leyfð, hafa fengizt 18% aftur. Gefur þetta nokkra vísbendingu um aukið álag á þennan stofn, og er um helmingur endurheimtanna frá dragnótabátum. Ekki gefa þessar tölur þó til kynna, að of mikið sé tekið úr stofninum."

Í niðurlagi greinarinnar eru svo niðurstöður höfundar. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stuttu máli má því segja, að hingað til hefur ekkert það komið fram í viðbrögðum þorsk- og ýsustofnanna gagnvart dragnótaveiðinni, er

bendi til þess, að þeim sé meiri hætta búin af þessari veiðiaðferð en öðrum veiðum. Við verðum að nýta þessa fiskistofna, svo sem þeir framast þola. Við höfum ekki ráð á því að láta fiskinn verða ellidauðan eða lenda í höndum útlendinga, af því að við tökum hann ekki sjálfir. Það er ástæða til að benda á, að sóknin í fiskistofna okkar á grunnmiðum er í dag á engan hátt sambærileg við það, sem var áður en landhelgin var færð út og útlendir togarar stunduðu veiðar inn að 3 mílum. Samkv. skýrslum Faxaflóanefndarinnar, sem vann að rannsóknum á fiskistofnunum fyrir seinustu heimsstyrjöld, var heildarsókn enskra togara einna í Faxaflóa að meðaltali tæplega 21 þús. togtímar á ári auk allra annarra togara, er veiðar stunduðu í flóanum. Og þá voru heldur engin fastmótuð ákvæði um lágmarksmöskvastærð, og togskipin rótuðu því upp miklu af smáfiski."

Þetta segir í grein Jóns Jónssonar um áhrif dragnótaveiði á ýsu- og þorskstofnana hér við land, og þykir mér það mjög athyglisvert einmitt með tilliti til þessa frv. og þeirrar grg., sem því fylgir, þar sem reynt er að leiða rök að því, að dragnótaveiðin sé mjög hættuleg fyrir fiskveiðar í Faxaflóa.

Í umsögn fiskideildar um þetta frv., sem beðið var um af hv. sjútvn. Ed., kemur fram að nokkru það sama, sem ég rakti hér úr grein Jóns Jónssonar, og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það. En nokkur atriði eru það þó, sem vert er að vekja athygli á. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta, þar sem rætt er um sveiflur í árgöngunum:

„Sveiflur í einstökum árgöngum í ýsustofninum eru miklar og geta því haft staðbundin áhrif á aflamagnið. Virðast þær koma jafnt fram á svæðum, þar sem dragnótaveiði er stunduð og þar sem hún er bönnuð. Samanburður á aflamagni á togtíma í Faxaflóa, Eyjafirði og Skjálfanda síðan árið 1955 sýnir líka sveiflur frá ári til árs." En í Faxaflóa hafa verið leyfðar dragnótaveiðar frá árinu 1960. Í Eyjafirði og Skjálfanda hafa ekki verið stundaðar dragnótaveiðar síðan árið 1950. Þrátt fyrir það koma fram sömu sveiflurnar í ýsustofninum á öllum þessum svæðum, þannig að það er ekki hægt að sjá, að dragnótaveiðin sem slík hér í Faxaflóa hafi haft nokkur áhrif á viðgang ýsustofnsins.

Enn fremur segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðaltal af endurheimtum af ýsu, merktri í Faxaflóa, var 4.3% á tímabilinu 1953—1959. Frá merkingum, sem gerðar voru árið 1960, hafa fengizt 5.1% og jafnmikið úr merkingum frá árinu 1961. Hins vegar hefur hlutur erlendra veiðiskipa í endurheimtunum lækkað mjög. Á árunum 1953—1959 komu 17.3% af endurheimtum af ýsu merktri í Faxaflóa frá útlendingum, en frá merkingum á árinu 1961 aðeins 3.4%."

Og enn segir hér:

„Hér skal ekki farið frekar út í þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á ýsustofninum í Faxaflóa og annars staðar við landið, en í stuttu máli má segja, að þær gefi ekki til kynna, að ýsustofninum sé hætta búin af núverandi sókn."

Um skarkolaveiðina gildir hið sama. Þar er niðurstaðan sú eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þau gögn, sem fyrir hendi eru, benda ekki til þess, að skarkolastofninum sé hætta búin af núverandi sókn." Og loks segir í niðurlagi umsagnarinnar með sérstakri tilvísun til þessa frv., með leyfi hæstv. forseta: „Af því, sem vitað er um ástand þorsk-, ýsu- og skarkolastofnanna hér við land, telur fiskideildin ekki ástæðu til þess að banna dragnótaveiði í Faxaflóa."

Ég hef þá rakið hér nokkuð álit fiskifræðinga okkar á því, hvaða áhrif dragnótaveiðarnar hafi á þessa tvo einna helztu fiskistofna, sem fiskveiðar okkar byggjast á, þ. e. þorsk og ýsu, tvo helztu fiskistofna af okkar botnfiskum auk flatfisksins, og það kemur sem sé greinilega í ljós, að það er álit þeirra, að dragnótaveiðarnar hafi ekki þau áhrif á þær veiðar, að nokkur ástæða sé til þess að banna þær í Faxaflóa eða raunar annars staðar. En eins og ég gat um áðan, koma fram, þegar menn segja álit sitt á dragnótaveiðunum, þ. e. a. s. leikmenn, ýmis sjónarmið, og það er ábyggilegt, að eitt af þeim vandamálum, sem hafa ekki lítið að segja, þegar menn fara að meta, hvort leyfðar skuli dragnótaveiðar, er það, sem alls staðar kemur fram, þar sem mismunandi veiðarfæri eru notuð á sömu slóðum á sama tíma til að ná sama fiski, en þar er um að ræða árekstra á milli veiðarfæra. Þetta er að vísu ekki sérstaklega áberandi á sumum þeim svæðum, sem dragnótaveiðarnar eru stundaðar á, og þó kemur það fyrir á sumum þeim svæðum, t. d. hér í Faxaflóa, þar sem bátar hafa stundað handfæraveiðar, línuveiðar og e. t. v. netaveiðar á sumrin og haustin, á sama tíma og dragnótaveiðin er leyfð. En þá ber að geta þess, að allt frá því að dragnótaveiði var leyfð hér í Faxaflóa 1960, hafa veruleg svæði innan flóans jafnan verið lokuð fyrir dragnótinni og reynt á þann hátt að hliðra nokkuð til fyrir öðrum veiðarfærum, þannig að komizt yrði hjá árekstrum. Þetta hefur að sjálfsögðu leitt til þess, að athafnasvið dragnótabátanna hefur verið mjög miklu minna en ella hefði orðið og valdið þeim erfiðleikum við veiðar þeirra. En þetta vandamál, sem ég minntist á í sambandi við mismunandi veiðarfæri, sem notuð eru á sömu slóðum á sama tíma til að ná sama fiski, er þó miklu alvarlegra á öðrum tímum og öðrum svæðum, og á ég þar við sérstaklega á vetrarvertíðinni, þar sem um er að ræða veiðar með línu, með netum og með nót og með botnvörpu. Þetta er vandamál, sem mönnum hefur lengi verið ljóst að var fyrir hendi, en hefur farið vaxandi. Það er orðið erfiðara viðfangs, eftir því sem veiðarnar hafa aukizt, eftir því sem bátunum hefur fjölgað, eftir því sem bátarnir hafa stækkað og eftir því sem veiðitækninni hefur fleygt fram. Það hefur verið reynt að gera nokkrar ráðstafanir til þess að hindra slíka árekstra á milli línuveiða og netaveiða hér í Faxaflóa eða út af Faxaflóa með því að hafa viss svæði lokuð, þannig að væri óheimilt að leggja þar net fram að vissum tíma á vetrarvertíð nú í 2 ár, en það er náttúrlega mjög takmarkað gagn, sem slíkt gerir fyrir línuveiðarnar, og þó mundi ég segja, að nokkurt gagn hafi af því orðið. Hér er um að ræða vandamál, sem við hljótum að verða að snúa okkur að því að reyna að leysa, og þar verður að ráða sama sjónarmiðið eins og ég gat um í upphafi í sambandi við dragnótaveiðar og

raunar allar fiskveiðar. Við verðum að miða við það að ná í fiskinn á sem ódýrastan hátt og að nýta eða ná hámarksarði af fiskistofnunum. Við megum ekki láta það henda okkur að stirðna í gömlum formum í sambandi við fiskveiðar okkar. Við megum ekki láta það henda okkur að halda dauðahaldi í veiðiaðferðir, þó að þær hafi gefizt okkur vel um langan aldur, ef ný tækni kemur og býður okkur nýja möguleika til þess að afla fisksins á ódýrari hátt, meira af fiski, og býður okkur möguleika til þess að nýta fiskistofnana betur en áður. Við höfum séð nú á undanförnum árum, hvílíka geysilega þýðingu ný tækni í síldveiðunum hefur haft, hvernig sú nýja tækni hefur fært okkur ótaldar milljónir eða hundruð milljóna í þjóðarbúið, af því að við kunnum að bregðast við fljótt, þegar sú tækni varð til, og notfæra okkur hana til hins ýtrasta. Þetta gefur okkur vísbendingu um það, hvað getur líka komið fyrir í öðrum veiðum, í þorskveiðunum. Það eru reyndar núna að gerast þar merkilegir hlutir, sem við sjáum ekki fyrir endann á enn þá. Það gefur okkur ákveðna vísbendingu um, að við eigum að vera mjög vakandi yfir öllum nýjungum og breytingum og ekki halda okkur dauðahaldi í gömlu formin, þegar við sjáum fram á það, að annað betra býðst. En það er ekki tækifæri til þess hér í sambandi við þetta frv. að ræða þetta mikla vandamál sérstaklega, en ég vildi þó ekki láta hjá líða að minnast á það hér, af því að það snertir þó að vissu leyti þetta vandamál dragnótaveiðanna.

Að lokum vildi ég svo segja þetta um það mál, sem hér er til umr.: Eins og ég gat um áðan, voru það okkar vísindalegu rannsóknir, sem stundaðar höfðu verið um áratugi, sem lögðu okkur í hendurnar þau vopn, sem bezt dugðu okkur í baráttunni fyrir stækkaðri landhelgi. Fiskirannsóknarmenn okkar hafa með starfi sínu unnið sér álit erlendis. Það reyndist svo alveg ótvírætt í okkar landhelgisbaráttu, að þeirra rök vógu þar mjög þungt. Og við munum vissulega í framtíðinni þurfa mjög á því að halda að nota þá í okkar baráttu. Það var, eins og ég gat um einnig áðan, spor í rétta átt að setja ákvæði í l. um dragnótaveiðar, þannig að þær skyldu stundaðar undir vísindalegu eftirliti, þó hins vegar að önnur ákvæði drægju mjög úr gildi þess ákvæðis. Ef Alþingi nú skyldi ákveða, þvert ofan í álit okkar vísindamanna, að banna dragnótaveiðar hér í Faxaflóa, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, er ómögulegt annað en líta þannig á, að álit vísindamanna okkar sé til hliðar sett og starf þeirra að vissu leyti gert ómerkt, þar sem svo ótvírætt liggja fyrir þeirra skoðanir á þessu máli og byggðar og studdar vísindalegum rökum, sem ég ætla að erfitt sé að hrekja. Ég mundi halda, að það gæti orðið erfitt síðar meir, þegar okkur kemur til með að ríða á því að tefla fram vísindalegum rökum þessara sömu vísindamanna eða þessarar sömu stofnunar, sem þarna er um að ræða, í okkar baráttu, og við getum varla vænzt þess, að aðrir taki álit þessara vísindamanna alvarlegar en við sjálfir mundum gera með því að samþ. þetta frv. þvert ofan í þeirra vel rökstudda álit.

Ég læt svo þessu lokið. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, vildi ég ekki láta hjá líða að láta þessi sjónarmið koma fram hér þegar við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d., svo að menn gætu kynnzt þeim sjónarmiðum, og jafnframt vildi ég kynna þær skoðanir eða það álit, sem vísindamenn okkar hafa sett fram í þessu efni, sem ég tel — og endurtek það — mjög mikils virði, að tekið verði tillit til einmitt í málum sem þessum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 430 um breyt. á l. nr. 40 frá 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, er að segja má staðbundið, þar sem það gerir aðeins ráð fyrir, að dragnótaveiði verði bönnuð á einu tilteknu svæði, þ. e. Faxaflóasvæðinu. Það mætti því segja, að þeir þm., sem þar eiga ekki beinna hagsmuna að gæta, gætu látið afskiptalaust, hvort það yrði samþykkt eða samþykkt ekki. Þetta er þó ekki svo, því að ef þetta frv. yrði samþ., eins og það liggur fyrir, er þar um stefnubreytingu hjá hv. Alþingi að ræða í þessum málum, og snertir það að sjálfsögðu út af fyrir sig alla landsmenn, ef svo má segja, a. m. k. frá þeim stöðum, þar sem dragnótaveiðar hafa undanfarið verið leyfðar.

Það, sem ég tel að megi út á þetta frv. setja, er í fyrsta lagi það, að við athugun sýnist mér koma í ljós, að þau rök, sem fyrir því eru færð, og það er aðallega það, að ýsustofninn hafi beðið of mikinn hnekki hér í Faxaflóa, og er það byggt, að því er flm. telja, á athugun, sem gerð hafi verið á veiðum í Garðsjó, þar sem tilgreint er, hver tala veiddra fiska á togtíma var árið 1959 og aftur 1962, — ég hef athugað opinberar skýrslur og af því, sem fram kemur í áliti fiskifræðinga okkar um þetta, sýnist mér þegar í upphafi, að þessi aðalrök og má segja einustu rök fyrir þessu frv. fái ekki staðizt. Hv. 6. landsk. þm., Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, hefur hér í ýtarlegri ræðu rakið þetta, og þarf ég því ekki að vera um það langorður, en vildi þó fara um það nokkrum orðum.

Ég er alveg sammála honum í því, að því miður komu ekki þær upplýsingar frá hv. sjútvn. Ed., sem æskilegt hefði verið og ég tel að eðlilegt hefði verið að hingað hefðu borizt með frv., en það er hið ýtarlega álit, sem bæði Fiskifélag og fiskideild sendu þessari hv. n., áður en frv. var þar afgreitt. Um veiðar þær, sem ég minntist á, togveiðar í Garðsjó, eða þær tilraunir, sem gerðar voru í sambandi við ýsustofninn þar, fjallar Jón Jónsson fiskifræðingur í grein í Ægi núna fyrir stuttu. Grein þessi er mjög ýtarleg og nokkuð almenns eðlis um þetta, birtar með henni margar myndir og segir þar sérstaklega um þetta atriði. Á 6. mynd er gerður samanburður á ýsuafla í tilraunaveiði í Faxaflóa, Eyjafirði og Skjálfanda. Tölurnar frá Faxaflóa eru meðaltöl allra tilrauna á hverju ári, en tölurnar frá hinum tveimur stöðunum eru frá sumrinu eingöngu. Myndin sýnir greinilega, að áþekkar sveiflur eru í fiskmagni á öllum þremur stöðum, en af þeim er dragnótaveiði aðeins leyfð í Faxaflóa. Hér koma því til aðrar orsakir en veiðarnar, og er skýringuna að finna í miklum sveiflum í magni hinna einstöku árganga. Ég tel, að þegar af þessari ástæðu, þar sem okkar þekkti og ágæti fiski-

fræðingur sýnir það og byggir það á þeirri athugun, sem hann og fiskimenn okkar hafa gert, að ýsuveiðar á þessu tiltekna svæði í Garðsjó séu nákvæmlega sömu sveiflum háðar og þær tilraunir sýna, sem annars hafa verið gerðar við Norðurland, þar sem, eins og hv. 6. landsk. þm. réttilega benti á, dragnótaveiðarnar hafa ekki verið stundaðar, þá séu þegar fallin þau rök, sem fyrir þessu frv. eru. Fyrir hv. sjútvn. Ed. lá einnig mjög ýtarlegt yfirlit yfir tilraunir, sem gerðar hafa verið um veiðar í botnvörpu til að kanna ýsustofninn. Nær það yfir tiltekin svæði og sýnir ár frá ári, hvernig þessar tilraunir hafa komið út. Varðandi Garðsjó kemur það fram, að fyrsta árið, sem skýrsla þessi nær til, þ. e. 1955, hafa veiðzt á togtíma 677 fiskar, eins og segir í skýrslunni, 1958 380, 1960 352, 1962 108, og er það sú tala, sem frv. þetta virðist byggjast mikið á. 1963 er þessi veiði aftur komin upp í 327 fiska á togtíma, en þetta kemur því miður ekki fram, hvorki í frv., grg. þess né nál. Ef síðan er farið yfir þá skýrslu og þær athuganir, sem gerðar hafa verið um þessar veiðar í Miðnessjó, er útkoman þar þessi, en maður skyldi ætla, að ofveiði á ýsu í Faxaflóa mundi einnig hafa áhrif á veiðarnar í Miðnessjó: Árið 1956 er fyrsta árið, sem þessi skýrsla sýnir um veiðarnar, þá eru þar taldir 52 fiskar á togtíma. 1958 er talan 586, 1960 207, 1962 480 og 1963 776. Bæði grein Jóns Jónssonar og þessi skýrsla, sem fyrir liggur, eða þessar tilraunir sýna greinilega, að það eru mjög miklar sveiflur í stofninum ár frá ári, og getur ekki verið hægt að byggja svo veigamikið atriði eins og hér er farið fram á, að banna veiðar með tilteknu veiðarfæri á jafnstóru svæði og Faxaflói er, á niðurstöðu eins eða tveggja ára eða samanburði aðeins á 2 árum, eins og þar er gert og frv. allt er byggt á. Ef hins vegar þessu til frekari upplýsinga er athugað heildarmagn af veiddri ýsu á vetrarvertíð árin fyrir 1960 eða áður en dragnótin var leyfð og aftur árin 1961 og 1962, eftir að dragnótaveiði hafði verið stunduð í 3 ár, þá er ekki heldur ástæða til að ætla, að dragnótin hafi að nokkru leyti orðið þess valdandi, að ýsustofninum sé hætta búin eða hann hafi verið ofveiddur. Á árunum 1957—1960 veiddust á vetrarvertíð samkv. skýrslum í Ægi að meðaltali 13655 tonn. Árin 1961 og 1962 veiddust að meðaltali af ýsu 15155 tonn. Nú er það um veiði á vetrarvertíð, að aflinn kemur að langsamlega mestu leyti á land á svæðinu frá Ísafirði suður um að Hornafirði, en einmitt á þessu sama svæði er það, sem dragnótin hefur eingöngu verið leyfð og stunduð. Það mætti kannske segja, að þetta væri ekki fyllilegur samanburður, að taka heildarmagnið á vetrarvertíð af þessari fisktegund, það gætu verið misjafnlega margir bátar á veiðum og annað slíkt. En ef við tökum dæmið á annan veg eða litum á það heildarmagn, sem veiðzt hefur, og aftur, hvað hlutfallslega mikill hluti af heildarmagninu er ýsa, verður dæmið kannske enn þá gleggra og raunhæfara. Eins og ég sagði áðan, veiddust á þessum árum, 1957—1960, á svæðinu frá Ísafirði að Hornafirði á vélbátaflotann, eða á því svæði má segja nær eingöngu, að meðaltali 13555 tonn af ýsu, en heildarmagnið var þá 168 þús. tonn, sem bátaflotinn skilaði á land þessi ár frá janúarbyrjun til maíloka. Ýsumagnið þau árin, áður en farið var að stunda dragnótaveiðar á þessu svæði, var 8.1% af heildarmagni því, sem vélbátaflotinn þá bar að landi. Árin 1961 og 1962 var aflamagnið að meðaltali á vetrarvertíð hjá bátaflotanum 160 þús. tonn, en það magn af ýsu, sem þessi ár veiddist á sama tíma, var þá rösklega 15 þús. tonn, eða um 11% af heildarmagninu. Þetta sýnir, að ýsumagnið hefur þessi ár, eftir að dragnótin var leyfð á þessu svæði og eftir að dragnótin var stunduð á þessu svæði, ekki minnkað. Það hefur aukizt úr 8.1% í 11% af heildarmagninu. Ég tel, að þetta séu rök fyrir því, að ekkert liggi fyrir um það enn, eins og fiskifræðingar vafalaust réttilega segja, að ýsustofninn hafi beðið við það hnekki, að dragnótin var leyfð.

En það, sem er þó kannske að mínum dómi mest athugavert við það, ef Alþ. samþykkti þetta frv., er það, sem hv. 6. landsk. þm. benti á, að með því væri Alþ. að ómerkja allar niðurstöður fiskifræðinga okkar, sem þeir hafa gert á undanförnum árum. Ég tel, að Alþingi megi ekki undir neinum kringumstæðum láta sig henda slík vinnubrögð. Þeir hafa alveg óvefengjanlega í sambandi við þetta mál og mjög ýtarlega, eins og hv. 6. landsk. þm. benti á, gert grein fyrir skoðun sinni á málinu, og er hún alveg einróma og mjög vel rökstudd um það, að þeir telji ekki, að það sé enn þá tímabært að banna dragnótaveiði, hvorki á þessu tiltekna svæði, Faxaflóa, né annars staðar. Þeir byggja þetta, eins og hér hefur verið upplýst af síðasta ræðumanni, á margra ára skýrslum, sem teknar eru úr öllum veiðisvæðum og þeir að sjálfsögðu vinna úr og gera sér grein fyrir eftir þeim, hvernig ástand mála í okkar fiskveiðum er ár frá ári. Í bréfi Fiskifélags Íslands, dags. 6. apríl, til hv. sjútvn. Ed. Alþingis segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi félagsstjórnar 24. f. m. samþykkti stjórnin, að hún teldi ekki tímabært að taka ákvörðun um breytingu á téðum lögum, enda lægju ekki fyrir neinar skýrslur frá fiskifræðingum eða álit þeirra um, að dragnótaveiðarnar hafi skaðleg áhrif á fiskistofnana í Faxaflóa."

Það er tekið fram, að einn nm., Pétur Ottesen, var þessu mótfallinn og vildi, að Fiskifélagið mælti með frv.

Niðurstöður fiskideildar eru nákvæmlega á sama veg, eins og hv. 6. landsk. þm. reyndar benti á. Þær er þar samandregnar í fimm línum, einum kafla, sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér skal ekki farið frekar út í þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á ýsustofninum í Faxaflóa og annars staðar við landið, en í stuttu máli má segja, að þær gefi ekki til kynna, að ýsustofninum sé hætta búin með núverandi sókn."

Ég vil þessu til viðbótar undirstrika það, sem hv. 6. landsk. þm. benti hér á. Það er niðurstaða sú, sem Jón Jónsson kemst að í grein sinni í Ægi nýlega, þar sem hann einnig, eftir að hafa mjög ýtarlega rakið allt þetta mál, birt um það mjög fróðlega skýrslu og tæmandi, að ég tel, kemst að nákvæmlega sömu niðurstöðu og fram kemur í því áliti fiskideildar og Fiskifélags, sem fyrir hv. sjútvn. Ed. lá, að ekki sé tímabært og ekki ástæða og engin rök fyrir því að banna

dragnótaveiðar enn sem komið er. Ég satt að segja mundi telja það mjög hörmulég vinnubrögð hjá hv. Alþingi, ef það, eftir að þetta liggur þannig alveg ljóst fyrir, bæði í opinberum greinum eftir fiskifræðinga okkar og í umsögnum, sem Alþ. hafa verið sendar um málið, léti það henda sig að samþ. frv. um að banna dragnótaveiði, þótt ekki sé nema á tilteknu svæði, þvert ofan í álit þessara manna okkar, sem við, eins og hv. 6. landsk. þm. réttilega benti á, byggjum allar okkar niðurstöður á í sambandi við fiskveiðar okkar. Það er alveg rétt, sem hann sagði, þegar á liggur, eru þetta okkar fulltrúar á erlendum vettvangi og þeir, sem af hálfu ríkisstj. reka erindi þjóðarinnar í sambandi við landhelgismál okkar. Þeir hafa þessa menn sér til aðstoðar, þeir byggja allt sitt á því, og þeir erlendu menn, sem þeir eiga viðræður við, hafa tekið þeirra niðurstöður trúanlegar, eins og hv. 6. landsk. þm. réttilega benti á. Og ef við allt í einu hér á Alþingi ætlum að fara að lýsa því yfir, að það séu ekki þessir menn, sem hafi vit á fiskveiðimálum okkar, heldur við, sem hér sitjum, mundi ég telja það mjög illa farið, og ég tel alveg hiklaust, að þetta megi ekki henda Alþingi, að slíku frv., eins og hér liggur fyrir, verði hleypt í gegn eða það verði afgreitt sem lög héðan. Ég tel það allt of viðurhlutamikið, og ég mundi telja það mikið vanmat á starfi þeirra manna, sem um langt árabil hafa starfað í þjónustu ríkisins við þessi mál og ég held að allra dómi skilað þar mjög góðum árangri. Það væri beint vantraust á þá, sem ég tel að Alþ. hafi ekki nokkra ástæðu til þess að sýna þeim og geti verið þjóðinni allri og sérstaklega að sjálfsögðu fiskveiðimálum okkar öllum ekki aðeins til vansæmdar, heldur til stórhnekkis.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þessi hv. d. hefur nú átt þess kost á þessu síðkvöldi að hlýða á tvær mjög ýtarlegar og fróðlegar ræður um það mál, sem hér liggur fyrir, sem er frv. til l. um breyt. á l. frá 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Þannig hljóðar heiti þeirra laga. Ég ætla ekki að verða margorður um þetta mál, og mér þykir ekki hlýða að láta á þessu stigi uppi afstöðu til þessa frv., eins og það liggur fyrir, þar sem ég á sæti í þeirri n., sem gert er ráð fyrir að fái það til meðferðar. En í þeirri n. verða eflaust tekin til athugunar þau rök m. a., sem færð hafa verið gegn frv. af hv. þm., sem talað hafa.

Þetta mál er komið frá hv. Ed., og þar var það afgreitt, að ég ætla, ef ég hef tekið rétt eftir, með shlj. atkv. eða nálægt því. (**Gripið fram í:** Nálægt því, það var einn á móti.) Já, já, ég var ekki kominn að því, með shlj. greiddum atkv. gegn einu. Það var það, sem ég ætlaði mér að segja, en var ekki kominn lengra, þegar hv. þm. kom fram með sínar upplýsingar. Hér virðist nú eftir þær ræður, sem fluttar hafa verið, málið ekki hafa eins eindregið fylgi og það hafði í hv. Ed.

En það, sem kom mér til þess að kveðja mér hljóðs, voru ummæli, sem hv. 6. landsk. þm. hafði um áðurnefnd lög eða lagasetningu frá 1960. En hann komst að orði eitthvað á þá leið í ræðu sinni áðan, að þessi lög væru glöggt dæmi um það, hvernig löggjöf ætti ekki að vera. Og þarna fannst mér hv. þm. láta nokkuð mikið um mælt. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki alveg rétt eftir haft.) Ekki kannske alveg, nei, þetta er eftir minni, þetta er tilvitnun eftir minni, en ég held, að það sé mjög nálægt þeim ummælum, sem hv. þm. hafði. (**Gripið fram í:** Má ég segja orðrétt það, sem ég sagði?) Já. (**DÓ:** Hvernig ekki ætti að setja reglur um fiskveiðar.) Jæja, m. ö. o. dæmi um það, hvernig fiskveiðilöggjöf ætti ekki að vera. Það, sem hv. þm. studdi þessi ummæli við, var það, að með setningu þessarar löggjafar hefði ekki verið farið nægilega eftir till. fræðimanna á þessu sviði.

Þetta mál, dragnótaveiðarnar, er ákaflega mikið deilumál hér á hinu háa Alþingi. Það hefur oft verið til meðferðar á þingi, alla tíð síðan fyrstu lögin um bann gegn dragnótaveiðum voru sett einhvern tíma milli 1920 og 1930, að ég ætla, og hefur gengið á ýmsu. Stundum hefur þessi veiði verið bönnuð með öllu, stundum hefur hún verið leyfð með meiri eða minni takmörkunum. Á Alþingi 1959—1960, þegar þau lög voru sett, sem nú gilda, voru menn sem fyrr mjög ósammála um þetta mál. Þá voru uppi till. um að leyfa dragnótaveiðina með litlum takmörkunum, en margir voru því mjög andvígir og allmargir mjög tregir til þess að leyfa notkun þessa veiðarfæris yfirleitt, sem þá hafði verið bannað um hríð. Það sem þá gerðist, var það, að farin var millileið í þessu máli, tekið tillit til hinna mismunandi sjónarmiða, og í sjútvn. þessarar hv. d. voru þá gerðar þær till., sem d. síðar og þingið samþykkti og felast í þessum lögum.

Því fer fjarri að mínum dómi, að með l. frá 1960 hafi ekki verið tekið tillit til vísindamanna og fræðimanna á þessu sviði, því að heimild ráðh. til þess að leyfa dragnótaveiði er í l. fyrst og fremst bundin því skilyrði, eins og segir í 1. gr. frv., að fiskideild atvinnudeildar háskólans og Fiskifélag Íslands hafi lagt samþykki sitt á þær ráðstafanir. Það er fyrsta skilyrðið, sem sett er í l. En síðan eru í l. fleiri skilyrði sett í þessari sömu grein, sem sé, að áður en ákvörðun er tekin, skuli Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta á hlutaðeigandi veiðisvæði, og síðar í gr. er það nánar tiltekið, hverjir þessir aðilar séu, sem þar er um að ræða.

Niðurstaðan var þá sú, að fyrst og fremst skyldi veiðin ekki leyfð, nema þeir aðilar, sem byggja á vísindalegri þekkingu, hefðu lagt þar á samþykki sitt, en hún skyldi ekki heldur leyfð á þeim svæðum, þar sem þeir, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við fiskveiðar og annað atvinnulíf, teldu það ekki samrýmast hagsmunum atvinnulífsins á þeim slóðum, að hún væri leyfð. Þarna held ég, að Alþ. hafi á þessum tíma tekið með eðlilegum hætti á þessu máli og að hér sé ekki neitt dæmi um það, hvernig fiskveiðilöggjöf eigi ekki að vera.

Það var annað í ræðu hv. 6. landsk. þm. og einnig í ræðu hv. 3. þm. Sunnl., sem ég vildi leyfa mér að gera athugasemd við. Þeir halda því fram, þessir hv. þm., að ef Alþ. ákveður að banna dragnót á einhverju svæði, t. d. í Faxaflóa, þá sé þar í raun og veru verið að lýsa vantrausti

á íslenzkum fiskifræðingum. Þetta finnst mér, að ekki fái staðizt. Það er ekki hlutverk fiskifræðinga að setja lög um það, á hvern hátt Íslendingar hagnýti náttúruauðæfi þessa lands. Ég held, að þegar um það er að ræða að vernda slík verðmæti og þá alveg sérstaklega fiskimiðin kringum landið, sé betra að sýna of mikla varúð en of litla. Það sé betra fyrir framtíðina. Það er athyglisvert og kom fram m. a. í því, sem þessir 2 hv. ræðumenn lásu upp úr ritum vísindamanna um þessi efni, að þessir vísindamenn tala yfirleitt mjög gætilega um þessi efni, svo sem góðra vísindamanna er háttur. Þeir komast m. a. þannig að orði, eins og hér var lesið upp áðan, að ekkert sé fram komið, sem bendi til þess, að dragnótaveiði á vissum svæðum hafi áhrif á fiskstofninn. Og hv. 6. landsk. upplýsti það hér áðan, sem eflaust er rétt, að það væri ekki hægt á skömmum tíma að gera sér grein fyrir slíku, það tæki mörg ár, sagði hann, að gera slíkt, það tæki mörg ár að gera sér grein fyrir áhrifum veiði á fiskstofn. Það eru nú ekki liðin nema svo sem 3 ár eða 4 síðan dragnótaveiðin hófst hér aftur, og vísindamennirnir gera að sjálfsögðu enga kröfu um það, þó að þeir segi sem svo, að ekkert bendi til þess eða ekkert hafi komið fram, sem bendi til þess, að um of sé gengið á fiskstofninn, þá gera þeir enga kröfu um það, að við veiðum svo og svo mikið af kola við landið. Þeir taka það áreiðanlega ekki sem neitt vantraust á sig, þó að löggjafinn kynni að vilja sýna heldur of mikla varúð en of litla í þessum málum. Og í því felst ekki heldur neitt vantraust eða vanmat á starfi þessara manna, sem vissulega er mikilsvert og ómetanlegt og ber að viðurkenna og þakka.

Það er ekki mjög langt síðan við Íslendingar eignuðumst fræðimenn að nokkru ráði á þessu sviði, þ. e. a. s. fiskifræðinga, en það er langt síðan fiskimenn víðs vegar um landið komust á þá skoðun, að dragnótin væri hættulegt veiðarfæri fyrir innfjarðamiðin. Þessi skoðun var byggð á sjón og raun, hún var byggð á því, sem þeir menn sáu, sem komu um borð í dragnótabátana, dönsku dragnótabátana, sem hér voru víða inni á fjörðunum, áður en Íslendingar fóru að nota þetta veiðarfæri, og sáu, hvað þar var dregið upp á þiljur úr djúpinu. Út frá sínu leikmannssjónarmiði drógu þeir þá ályktun, að þarna væri verið að vinna tjón. Með réttu eða röngu drógu þeir þessa ályktun, reyndir menn, sem höfðu hagsmuna að gæta fyrir sig og sín byggðarlög á þessu sviði. Og þegar það er nú svo, að ekki er mjög langt síðan við eignuðumst hóp af fræðimönnum á þessu sviði, og þegar það er líka svo, að það tekur fræðimennina langan tíma, mjög langan tíma að vera alveg öruggir um niðurstöður sínar í þessum efnum, þá finnst mér, sem ekki er neinn fræðimaður um þessi efni, en met samt störf þeirra mikils, að við eigum ekki að gera lítið úr því, sem fiskimenn okkar hafa sagt um þessi mál, þeim skoðunum, sem þeir hafa myndað sér. Það getur verið, að þær reynist ekki hafa við nógu mikil rök að styðjast, en ég er ekki viss um, að það hafi verið sannað enn þá, og í tilefni af því langar mig til að spyrja þá hv. þm., sem hafa verið að fræða okkur um þetta efni í kvöld, hvort þær rannsóknir, sem eru gerðar á aflanum og dragnótinni, miðist við þann afla, sem kemur upp á þiljur úr sjónum, eða þann afla, sem lagður er á land til vinnslu í vinnslustöðvum. Þarna kann að vera nokkur munur á. Ég hef líka hug á að grennslast eftir því í sambandi við þær upplýsingar, sem hv. 6. landsk. gaf hér áðan um dragnótaaflann á árunum 1960—1962, — ég held, að það hafi eiginlega ekki náð lengra, — hvort hann hafi tölur um það, hvernig þessi afli skiptist, hvað mikið af honum hafi verið koli, sem dragnótin á nú aðallega að veiða, og hvað mikið hafi verið aðrar fisktegundir.

Það hefði getað verið þess vert að ræða nokkuð um það, sem hv. þm. nefndi hér áðan um árekstra milli veiðarfærategunda í sambandi við dragnótina, og fræðast ofur lítið meira um það efni. Ég ætla nú ekki að hafa mál mitt lengra og eins og ég sagði ekki að ræða að svo stöddu um afstöðu mína til frv. sjálfs. En það, sem eiginlega kom mér til þess, eins og ég sagði áðan, að taka til máls, voru þau ummæli, sem komu fram áðan, annars vegar um löggjöfina frá 1960 og hins vegar um þetta svo kallaða vantraust á vísindamönnum, sem sumum hv. þm. finnst felast í ákvæðum eins og þeim, sem í þessu frv. eru, en þetta finnst mér ekki hafa við rök að styðjast

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er greinilegt, að það eru mjög andstæðar skoðanir manna á dragnótaveiðum. Og ég held það fari ekki hjá því, að þeir, sem vilja styðja þetta frv., geti varla talið fiskifræðingana hafa rétt fyrir sér, eða ég get ekki skilið það öðruvísi þrátt fyrir ummæli hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG). Hann telur, að það felist ekkert vantraust á fiskifræðinga okkar í því að fylgja þessu frv., heldur sé um varúð að ræða, sem menn vilji sýna, og ekkert annað. Eftir því að dæma ættu fiskifræðingarnir að hafa alveg rétt fyrir sér í því, sem þeir segja, en samt ætti að banna dragnótina af varúð, eða ég skil þessi ummæli þannig. En þá vil ég spyrja þennan hv. þm.: Þarf þá ekki að fara að banna netaveiðina af varúð og banna hringnótina af varúð, því að það eru óneitanlega grunsemdir um það, að þessi veiðarfæri kunni að gera tjón? Það er enginn leikur að láta varúðina ganga svo langt að fara að banna svo þýðingarmikla atvinnuvegi sem þennan. Ég held það væri hyggilegra að fela sérfræðingum okkar að rannsaka sem allra rækilegast fyrst, hvort um tjón er að ræða af ákveðnum veiðarfærum eða ekki, áður en menn fara að banna viss veiðarfæri af eintómri varúð.

Það fer ekki fram hjá mönnum, að frv. gefur tilefni til þess að telja flm. þess þeirrar skoðunar, að fiskifræðingarnir hafi ekki rétt fyrir sér, og flm. meira að segja segja þetta nokkurn veginn berum orðum í grg. frv. Hér stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta, í grg. frv.: „Það tók skamman tíma, eftir að dragnótaveiðarnar hófust, að þær gengju af öllum handfæra- og línuveiðum smærri bátanna nærri dauðum.“ Það munar ekkert um það. Það er ekkert smáræðistjón, sem dragnótin hefur gert að dómi flm. En fiskifræðingurinn, sem leitað var til, segir aftur á móti í grein í Ægi, eins og hér hefur áður verið bent á, með leyfi hæstv. forseta: „Í stuttu máli má því segja, að hingað til hafi ekkert það komið fram í viðbrögðum þorsk- og ýsustofnanna gagn-

vart dragnótaveiðinni, er bendi til þess, að þeim sé meiri hætta búin af þessari veiðiaðferð en öðrum veiðum.“ Gagnstæðari skoðanir en þetta held ég að sé varla hægt að finna í einu máli. Það er því engum blöðum um það að fletta, eftir grg. að dæma, að flm. frv. telja fiskifræðinginn hafa rangt fyrir sér, því að ef þeir teldu það ekki, þá mundu þeir aldrei hafa sett þetta í grg. Menn geta svo velt því fyrir sér, hvort það er vantraust eða ekki vantraust á hann eða þá fiskifræðingana að hafa látið álit sitt í ljós á þennan hátt, eins og ég hef hér nefnt, með því að hafa lýst skaðsemi dragnótarinnar eins og grg. ber með sér. Og ég lít á þessa hlið málsins allalvarlegum augum, einmitt þessa hlið, að alþm. telja sérfræðinga í þessum efnum hafa rangt fyrir sér, sérfræðinga, sem hafa verið falin mjög ábyrgðarmikil störf í þágu þessa mikilsverða atvinnuvegar, en nú sé bara ekki hægt að treysta þeim lengur.

Undir hitt get ég ekki tekið, að þeir, sem fylgja þessu frv. eða flytja það, séu að gera það af eintómri varúð. Það hefur verið leitað til þessara sérfræðinga um langan tíma og í mikilsverðum málum, eins og öllum er ljóst, svo að það er ekkert hégómamál, hvort við virðum umsagnir þeirra eða virðum þær ekki. Og ef við förum að sniðganga svo rækilega álitsgerðir slíkra manna eins og hér er gert með þessu frv., fer að vakna sú spurning, hvort ekki megi þá rengja einhverja fleiri vísindamenn, sem þjóðfélagið hefur í þjónustu sinni. Ég get því ómögulega tekið undir það álit, sem kemur fram í grg. þessa frv. í garð þessara fiskifræðinga, meðan ég veit ekki betur en ég veit enn. Ef það væri svo, að það væri ekki hægt að byggja á niðurstöðum þeirra, verður að gera ráðstafanir til þess að fá þær betri annars staðar eða skapa þessum sérfræðingum þá aðstöðu, að þeir geti enn betur framkvæmt rannsóknir sínar. Meðan það liggur ekki fyrir, vil ég ekki taka það á mig að fara að rengja umsagnir þeirra. En það er tvímælalaust gert með þessu frv.

Hér er lagt til að banna dragnótaveiðar í Faxaflóa. Það mætti segja, að mér kæmi það lítið við, ef ég ætlaði aðeins að hugsa um Vestfirði. En þetta held ég komi öllum við, þótt ekki sé rætt nema um Faxaflóa, því að ef á að banna dragnótaveiðar þar, eru svipuð rök fyrir því að banna þær alls staðar. Og auðvitað kemur röðin að öðrum veiðisvæðum á eftir, ef nú er samþykkt þetta frv. um bann í Faxaflóa. En ég vil benda hv. þm. á, að það er hægt að friða Faxaflóa gegn dragnótaveiði án þess að breyta einum einasta staf í þessum lögum, og það vænti ég að hv. þm. hafi gert sér ljóst nú þegar. Þetta bar mjög á góma í hv. Ed. í fyrra, þegar þetta mál var þá á ferðinni, og það er þess vert að benda á það enn. Hæstv. ríkisstj. eða hæstv. ráðh., sem um þessi mál fjallar, hefur ekkert vald í þessum efnum, nema til komi leyfi ákveðinna aðila, sem fram er tekið í lögunum. Það má í fyrsta lagi ekki opna nokkurt svæði, nema fyrir liggi álit sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Þetta er fyrsta atriðið. Annað er það, að leyfið gildir ekki nema til eins árs, og það þarf því að endurtaka árlega að fá álitsgerðir frá þessum aðilum. Ef þessir aðilar, eins og segir í 1. gr., sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, skal ráðherra í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk. Ef þessir aðilar við Faxaflóa hafa svo óskaplega mikið tjón af dragnótinni eins og segir í grg. þessa frv., svo að lagður verði í auðn smábátaútvegur vegna hennar, af hverju hafa þá ekki þessir aðilar tekið höndum saman og heimtað af ráðherra að loka Flóanum? Þetta gátu þeir gert, ef þeir vildu. Mér sýnist vera ákaflega mikil mótsögn í því, sem stendur í grg. frv. annars vegar, og þessu valdi, sem þessir aðilar hafa hins vegar til að friða flóann, að þeir skuli ekki hafa gert það.

Ég hef heyrt því hreyft utan þings, að ekki sé það nein vísindaleg ráðstöfun að láta útgerðarmenn, verkamenn eða sveitarstjórnir segja fyrir um það, hvort á að veiða fisk þarna eða ekki. En þess er að gæta, að þarna er um þá aðila að ræða, sem hagsmuna hafa að gæta, og ef þeir telja sig enga sérstaka hagsmuni hafa af því að stunda dragnótaveiði umfram aðrar veiðar, fallast þeir auðvitað á að friða flóann. Og engan skaðar það að friða Faxaflóa, ef þessir aðilar telja sér hag í því, og þess vegna er það eðlilegt, að þeir láti sínar skoðanir í ljós. En ég held, að ástæðan til þess, að þeir hafa ekki viljað banna dragnótina, sé sú, að þessir aðilar séu alls ekki á því, að dragnótin valdi því tjóni, sem sagt er í þessu frv., og af því hafi þeir aldrei komið þessari ósk á framfæri, að banna dragnótaveiðar hér.

Þar sem hv. síðasti ræðumaður á nú sæti í sjútvn., sem væntanlega fær þetta frv. til athugunar, vil ég benda honum alveg sérstaklega á að koma því á framfæri við meðnm. sína, að það þurfi ekki að samþ. frv., það sé ekkert annað en að framfylgja ákvæðum 1. gr. l., þá geti þeir friðað Faxaflóa.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við það, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. (GíslG), þegar hann spurðist fyrir um, hvert álit sjómanna mundi vera um þetta mál. Þar sem ég bezt veit um það og hef kynnzt því, mun það vera þannig í stórum dráttum, að þar sem dragnótaveiðar hafa ekki verið stundaðar, munu sjómenn yfirleitt ekki vera því meðmæltir, en þar sem þær hafa verið stundaðar, eru þeir því samþykkir. Ég bendi til þess, að í Vestmannaeyjum, þar sem ég hygg að dragnótaveiðar hafi verið einna lengst stundaðar og mest stundaðar, að þar hefur sjómannafélagið árlega, síðan þessi lög voru samþykkt, mælt með því, að dragnótaveiðar væru leyfðar.

Í þessu sambandi vil ég einnig benda á það, sem ég man nú ekki, hvort kom fram hjá mér í fyrri ræðu eða hv. 6. landsk. þm., að þótt það sé alveg rétt, sem hv. síðasti ræðumaður kom hér inn á, að fiskifræðingar okkar væru mjög varfærnir í sínum umsögnum um þetta mál, liggur þó sú staðreynd fyrir alveg ljós, að t. d. á svæðinu frá Hornafirði að Reykjanesi hefur það sýnt sig, að veiðar, sérstaklega ýsuveiðar, hafa undanfarin ár farið vaxandi, en ekki minnkandi,

eftir að dragnótaveiðarnar voru leyfðar. Ýsuafli í hlutfalli við annan fisk á vetrarvertíð hefur farið vaxandi á þessu svæði, en ekki dregizt saman, og almennt er það vitað, að fiskigengd er núna þessa vertíð meiri á þessu svæði en hún sennilega hefur verið um langt árabil, þannig að ef dæma ætti út frá þessari reynslu, virðast engin rök fyrir því, að dragnótaveiðin hafi nokkur skaðleg áhrif, hvorki á ýsustofninn né fiskistofninn í heild.

Nú skal ég viðurkenna, að það kemur fram í nál. frá hv. sjútvn. Ed., að 227 aðilar á Akranesi hafa skrifað undir áskorun um að banna dragnótaveiðarnar. Dragnótaveiðar hafa aldrei verið mikið stundaðar frá Akranesi, það er ekki sú bátastærð, sem þar hentar, og sennilega hefur þetta mál verið túlkað þar þannig, eins og fram kemur í grg. með frv., þar sem 1. flm. þess er frá þeim stað. Maður verður að ætla, að fyrir þeim mönnum, sem þar skrifuðu undir, hafi legið þær upplýsingar, sem fram koma í grg., en ekki þær upplýsingar, sem fram koma frá fiskifræðingum okkar, Fiskifélagi og fiskideild. Einnig í þessu sambandi er rétt að benda á það, þegar um þessi mál er rætt, að því miður liggur það fyrir, að fiskimagn hefur dregizt saman fyrir Norðurlandi öllu, að ég hygg. Það hefur ekki um langt árabil verið stundað dragnótaveiði á þessu svæði. Ég segi, að ef dragnótin hefði verið leyfð á sínum tíma, þegar lögin voru samþ. 1960, hefði vafalaust komið krafa að norðan um það að banna hana aftur á þeim forsendum, að fiskmagn þar hefði dregizt saman, þannig að þetta út af fyrir sig sýnir, að það ber að yfirvega mjög rækilega öll rök, sem fyrir hendi eru, þegar fjallað er um mál eins og hér liggur fyrir, bann á veiði með ákveðnum veiðarfærum. Það verður að vega og meta öll þau rök, sem gætu legið því til grundvallar, að slíkt væri eðlilegt. Það má ekki láta blekkja sig á árangri á staðbundnu svæði, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni að frv. þetta er byggt á. Heildarmyndin er sú alveg óvefengjanlega, að það er engin ástæða til þess að ætla það, að dragnótaveiðin hafi neitt orsakað minnkandi aflamagn, hvorki af ýsu né annarri fisktegund, síðan lögin um leyfi til dragnótaveiða voru samþ. árið 1960 á svæðinu frá Ísafirði, eins og ég sagði áðan, allt til Hornafjarðar, það er það svæði, þar sem dragnót hefur verið stunduð á undanförnum árum.

Ég endurtek: Það, sem ég veit um álit sjómanna, en náttúrlega mest úr mínu heimahéraði, er það, að þeir, sem þekkja þetta veiðarfæri og veiðarnar, telja, að það beri að halda þeim áfram og það valdi ekki því tjóni, sem flm. þessa frv. gera grein fyrir í nál. eða gera grein fyrir í grg. með frv., og þeir eru ekki á því, a. m. k. liggur það örugglega fyrir í Vestmannaeyjum og reyndar víða, að sjómannafélög, sem til þekkja, eru ekki á því, að slíkt bann eins og hér er lagt til sé eðlilegt.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessar umræður hér, enda gerist þess ekki þörf á þessu stigi, þar sem bæði hv. 3. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Sunnl. hafa að nokkru leyti svarað vissum atriðum í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. Það eru aðeins 2 eða 3 atriði, sem mig langaði að minnast hér á af því, sem hann sagði.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði eitthvað á þá leið, að ég hefði sagt nokkuð mikið, þegar ég lét í ljós þá skoðun, að lögin frá 1960 um dragnótaveiðarnar væru dæmi um það, hvernig ekki ætti að setja reglur um fiskveiðar. Ég leyfði mér að viðhafa þessi orð vegna þess, að ég tel, að þessi lög séu til varnaðar fyrir Alþ. síðar meir, þegar að því kemur, að það þarf að fara að ræða alvarlega um það, hvernig við eigum að setja reglur um fiskveiðar okkar, vegna þess að í þessum lögum er blandað saman tvennu mjög ólíku. Annars vegar er talað um vísindalegt eftirlit með veiðunum, en hins vegar er það raunverulega gert óframkvæmanlegt að byggja á nokkru vísindalegu eftirliti með því að leggja valdið um það, hvort veiðar skuli leyfðar eða ekki, í hendurnar á aðilum, sem hafa ekki tök á því að meta það, hvort veiðarnar skuli leyfðar út frá eðlilegum sjónarmiðum um fiskveiðarnar. Það eru, eins og ég gat um áðan, mörg ólík sjónarmið, sem koma til greina, þegar þessir aðilar taka sína afstöðu, sem maður skilur vel og eru vel skiljanleg, þegar svo stendur á, en það eru ekki skynsemissjónarmið með tilliti til fiskveiða, sem þar ráða fyrst og fremst. Og það er eins og hv. þm. sagði, að það fer fjarri því, að með l. 1960 hafi ekki verið tekið tillit til vísindamannanna, þar sem það sé einmitt fyrsta skilyrði, sem sett sé í 1. gr. l. Á þetta get ég ekki fallizt. Það stendur að vísu í 2. mgr. 1. gr. l. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðh. getur samkv. till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu“ o. s. frv. Þarna segir sem sé, að ráðh. geti samkv. till. þessara aðila leyft þessar veiðar. En svo kemur 3. mgr.: „Áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, þá skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæðum.“ Áður en till. eru gerðar um opnun veiðisvæða, verður því að leita álits þessara mörgu aðila, þannig að það, sem er ákveðið í 2. mgr., er raunverulega tekið aftur í þeirri 3. Og 3. mgr. segir raunverulega, að álit þessara aðila, þ. e. fyrst og fremst fiskifræðinganna, sem þarna koma til greina, þetta er undir vísindalegu eftirliti, það eigi alls ekki að ráða neinu, ef hinir aðilarnir leggjast gegn því, og það eru, eins og ég hef margoft sagt, allt önnur sjónarmið, sem ráða um ákvörðun þeirra aðila. Þetta held ég, að rökstyðji það, sem ég sagði áðan, að þessi lög eru einmitt dæmi um það, hvernig ekki eigi að setja reglur um fiskveiðar.

Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., að vísindamennirnir eru varkárir í sínum umsögnum, og það eiga þeir líka að vera. En hvort sem má kalla það varkárni eða gefa því eitthvert annað nafn, eru þeir a. m. k. mjög ákveðnir í því, sem þeir segja um áhrif dragnótaveiðanna, og ég vil þó með tilliti til þess, sem hv. þm. sagði um varkárni þeirra vísindamannanna, leggja enn þá meira upp úr því, að þeir skuli vera svona ákveðnir í sínum umsögnum um áhrif dragnótaveiðanna og um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Þeir geta sjálfsagt ekki dæmt út frá neinu öðru en því, sem þeir vita um ástand stofnanna eftir áralangar rannsóknir. En þegar þeir taka svo til

orða, að af því, sem vitað er um ástand þorsk-, ýsu- og skarkolastofnanna hér við land, þá telji þeir ekki ástæðu til að banna dragnótaveiðar í Faxaflóa, er það mjög ákveðin umsögn, sem byggist á áralöngum rannsóknum, og þeir mundu ekki taka svo ákveðið til orða, ef þeir væru ekki alveg ákveðið þeirrar skoðunar, að það væri engin ástæða til þess vegna fiskistofnanna að banna þessar veiðar. Og sama kemur fram í grein, sem ég vitnaði í áðan. Þar er um að ræða mjög ákveðna skoðun þess vísindamanns, sem þar lætur í ljós álit sitt.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. ræddi um það, sem er mjög oft talað um, að fiskimennirnir hafi fengið sína reynslu af dragnótaveiðunum hér fyrr á árum og þeir hafi séð og reynt, að þessar veiðar voru skaðlegar, og meti það út frá því, sem þeir sáu, hvað kom um borð í bátinn. Nú ætla ég ekki að draga það í efa, að þar sem veiðar voru stundaðar hér á árunum fyrir stríð og alveg fram til ársins 1952 með þeim veiðarfærum, sem þá voru notuð, hafi stafað af þessu nokkur hætta. En ég lýsti því áðan, að á þessu hefði orðið gerbreyting frá því, sem var á þeim tíma, og breytingin liggur í því fyrst og fremst, að þetta veiðarfæri er á engan hátt það sama og það var. Það er ekki hægt að meta það á sama hátt og áður með tilliti til þeirrar hættu, sem af því stafaði fyrir stofninn, vegna þess, hvernig því hefur verið breytt að því er möskvastærðina snertir. Því er lýst í þessari grein, sem ég gat um áðan, hvaða áhrif mismunandi möskvastærð hefur á veiðarnar, og ég ætla ekki að fara út í það frekar. Þetta er atriði, sem ekki aðeins okkar vísindamenn hafa rannsakað og geta borið um, heldur er þetta atriði, sem er búið að vera nú líklegast áratugum saman í rannsókn hjá vísindamönnum margra þjóða, og sérstaklega nú á allra síðustu árum hefur verið lögð í það mjög mikil vinna og margra færra vísindamanna að ganga úr skugga um það, svo að óyggjandi væri, hver áhrif mismunandi möskvastærð hefur á veiðarnar, og það hefur komið alveg ótvírætt í ljós, að með því að stækka möskvann er hægt að hafa þau áhrif, að mikið af smáfiskinum sleppur út úr nótinni. Um þetta er nú alls ekki deilt lengur meðal vísindamanna. Það voru um tíma á þessu nokkuð skiptar skoðanir. En það hefur komið í ljós með bættri rannsóknartækni, sem notuð er nú, frá því, sem áður var, m. a. með því að geta fylgzt nákvæmlega með því, sem gerist niðri í sjónum, með sjónvarpstækjum og ljósmyndavélum og kvikmyndavélum, svo að hægt er að fylgjast nákvæmlega með, hvað skeður, þegar varpan er dregin í gegnum sjóinn, hvaða áhrif möskvastærðin hefur á mismunandi stærðir fiska, og þetta eru þau atriði, sem nú eru til fullkomnar og öruggar upplýsingar um. Það er þetta, sem hefur skeð nú á seinni árum, eftir að dragnótin var leyfð aftur. Þá var búið að stækka möskvann úr 60—70 mm upp í 120 mm, þannig að það er gífurleg breyting, sem þarna hefur verið gerð, og kannske ekki von af leikmönnum, að þeir geri sér ljóst, hvaða þýðingu hún hefur.

Ég vil svo aðeins að lokum geta þess, að sérstaklega með tilliti til þessa frv., af því að það snertir beint aðeins einn tiltölulega lítinn blett við landið, þó þýðingarmikinn, því að á þessu svæði stunda nokkrir tugir smábáta veiðar, — ég kalla það smábáta, báta upp í 35—40 tonn, — þeir eru nú orðnir þannig settir, að þeir eiga ekki margra kosta völ, þegar þeir ætla að gera út þessa stærð báta, miðað við það, að hér er komið mikið af stórum bátum, sem hafa tekið til sín mjög mikinn mannskap og gert þessum minni bátaeigendum mjög erfitt fyrir um að fá fólk á bátana og hafa því óneitanlega þrengt kosti minni bátanna. Það eru þessir bátar, sem stunda dragnótaveiðarnar hér í Faxaflóa og annars staðar. Með því að banna þeim þessar bjargir er enn verið að þrengja þeirra kosti, en auk þess hefur sá afli, sem á dragnótabátana fæst hér í flóanum, mikla þýðingu fyrir fólkið í veiðistöðvunum, sem vinnur við vinnslustöðvarnar, því að sú er nú raunin, að verulegur hluti af þeim fiski, sem vinnslustöðvarnar fá, kemur frá dragnótabátunum, og er það því mikið atvinnuatriði fyrir fólkið í bæjunum við Faxaflóa. Og í þriðja lagi — því má ekki heldur gleyma — hefur það ekki litla þýðingu fyrir fiskmarkaðinn hér í Reykjavík og í nágrannabyggðum, að dragnótaveiðarnar eru stundaðar, með því að reynslan varð sú, á því tímabili, sem þær voru ekki stundaðar hér í flóanum, að neytendur áttu mjög erfitt með það að fá bæði það úrval af fiski til neyzlu og þau gæði, sem viðunanleg voru. Allt eru þetta atriði, sem verður að taka tillit til, þegar þetta mál er metið, og líta á það frá öllum þessum hliðum.

Það er svo að lokum eitt atriði, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. minntist á, en það var um skýrslurnar um afla dragnótabátanna við Faxaflóa. Þær skýrslur eru til fyrir 1960, 1961 og 1962, því miður er ekki búið að vinna þær alveg út fyrir 1963, en ég geri ráð fyrir því, að sjútvn., sem fær þetta mál til meðferðar, muni kynna sér þessar skýrslur, sem er auðvelt að fá frá Fiskifélaginu, og sé ég því ekki ástæðu til þess að fara að þylja þær tölur upp nú að þessu sinni, enda gefst hv. n. betra tækifæri til þess að kynna sér þær, þegar þær liggja alveg fyrir.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að ræða þetta efnislega. Mér hefur þótt liggja að því í ræðum einstakra þm., að það væri jafnvel óviðurkvæmilegt, að gerðar væru breyt. á l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, að gerðar væru breytingar á þessum lögum, ef það gengi að einhverju leyti í mótsögn við álit fiskifræðinga. Ég lít ekki svo á. Þegar um er að ræða lög, sem kveða svo á, að það skuli leitað umsagnar eða álits fjöldamargra aðila, sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, þá finnst mér ekki óeðlilegt, þó að hér á hinu háa Alþ. sé einnig fjallað um þetta mál. Ef löggjöfin gerði ráð fyrir því, — og það er út af fyrir sig sjónarmið, sem vissulega er hægt að taka undir, — að vísindamennirnir segðu algerlega til um þetta, væri hægt að halda þessu fram. En miðað við það, hvernig þau lög, sem hér um ræðir, eru úr garði gerð, þar sem kveðið er á, að leita skuli álits svo og svo margra aðila í þessu efni, að þá gerir maður ráð fyrir, að taka eigi tillit til álits þessara manna, jafnvel þó að það gangi að einhverju

leyti í berhögg við álit fiskifræðinga, þá er það alls ekki óeðlilegt, fyrst svona er um hnútana búið, að þessum málum sé hreyft hér. Ég er ekki svo kunnugur, að ég viti, hvert er álit þeirra aðila, sem um getur í 1. gr. að leita eigi til, ég vil segja frá Snæfellsnesi og til Reykjaness. Ég veit um nokkra í því efni, og það mun sjálfsagt upplýsast hér við seinni umræður málsins, hvernig þeir aðilar eru stemmdir í því máli.

Ég vildi aðeins varpa þessu fram, vegna þess að 3. þm. Vestf. vakti einmitt athygli á því, að innan ramma laganna, eins og þau eru nú, getur farið svo, að ekki sé hægt að opna Faxaflóa fyrir dragnótaveiði, hvað svo sem okkar fiskifræðingar segja.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. *Mér sýnist það tilgangslaust að* fara að þrátta um það, hvort löggjöfin frá 1960 sé til varnaðar eða ekki. Ég hef áður minnzt á það mál og hef ekki neinu við það að bæta, sem ég sagði áðan um það. En ég vil aðeins benda á það, að niðurstaða þessarar löggjafar er sú, að dragnót hefur verið leyfð síðan 1960 á öllu svæðinu frá sunnanverðum Austfjörðum vestur og norður undir Horn, ekki þó óslitið, að ég ætla, heldur að miklu leyti. En fyrir Norðurlandi og norðanverðum Austfjörðum hefur hvergi verið leyfð dragnót eftir þessum lögum frá 1960. Sýnist mér þá, að vísindamenn og þeir, sem áhuga hafa fyrir því að leiða í ljós gagnsemi þessa veiðarfæris, megi nokkuð vel við una eða hafi mátt nokkuð vel við una, úr því að dragnótin hefur verið í notum á svo stóru svæði við landið. Hins vegar er svo annar hluti strandlengjunnar, sá sem ég nefndi áðan, þar sem dragnótin hefur ekki verið leyfð, og má þá ætla, að reynsla hafi fengizt eða fáist af hvoru tveggja, ef framhald verður á þessu fyrirkomulagi, og að slíkt verði ekki eftir atvikum talið óheppilegt einmitt frá sjónarmiði þeirra, sem vilja fara rannsóknarleiðina í þessum efnum.

En út frá því, sem hér hefur verið mælt í þá átt að láta í ljós óánægju út af þessari löggjöf, verð ég að segja það, að mér finnst það bera þess vott, að þeim, sem þannig ræða málið, þyki ekki hafa verið nóg að gert. Þeir eru sýnilega óánægðir með eitthvað í sambandi við þessi lög, og það virðist hljóta að vera af því, að þeir telji, að rétt hefði verið að leyfa dragnótina víðar en gert hefur verið. Nú er mér ekki fullkunnugt um það, hvaða afstöðu stofnanir eins og atvinnudeild háskólans og Fiskifélag Íslands hafa haft til hugsanlegrar frekari útfærslu dragnótaveiðanna. Ég minnist þess ekki, að það hafi komið fram, og mér hefði þótt fróðlegt að fá einhverja *vitneskju um* það, t. d. frá hv. 6. landsk. þm., hvort fyrir hafi legið á sínum tíma einhver afstaða þessara stofnana eða þeirra fræðimanna, sem þær byggja álit sitt á um það atriði, og þá, ef sú afstaða lá fyrir, hvort hún hafi e. t. v. verið á þá leið, að rétt væri að opna firðina fyrir Norðurlandi, Húnaflóa, Skagafjörð, Eyjafjörð, Skjálfanda, Öxarfjörð, Þistilfjörð, Bakkafjörð og Vopnafjörð, hvort það hafi legið fyrir afstaða þess efnis, að talið væri eðlilegt að gera slíkt. Ef svo væri upplýst, kynni það að gefa tilefni til frekari umhugsunar um þessi mál.

Í sambandi við þær óánægjuraddir, sem hér koma fram út af löggjöfinni frá 1960, og það frv., sem hér liggur fyrir, gaf ekki beint tilefni til, skal ég svo ekki hafa fleiri orð, en ég vil aftur benda á það, að allt, sem vísindamenn segja um þessi mál, og það, sem hér hefur verið lesið, er yfirleitt með sama fyrirvaranum að efni til, þó að hann sé orðaður á mismunandi hátt, þ. e. a. s., „eftir því sem fram hefur komið“ eða „eftir því sem vitað er“, og ummæli, sem hv. þm. las hér síðast, voru með þessum fyrirvara: „eftir því sem vitað er“. En það er svo margt, sem ekki er vitað á sviði vísindanna, því miður, þrátt fyrir ýmsar framfarir og það kynni að vera, að þótt mönnum virðist það ekki hafa komið fram á þessum 3 árum, að notkun dragnótar hér í landhelginni hafi skaðleg áhrif, þá gæti það samt *átt eftir að koma fram*. Það getur vel verið, að það komi ekki fram, en það getur alveg eins átt eftir að koma fram. Ég segi þetta aðeins til þess að benda á, að það er ekki hægt að byggja algerlega á því, sem haldið er fram með slíku fororði. Þess vegna verða menn líka í þessu máli eins og fleirum að byggja nokkuð á sinni leikmannsreynslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 83. fundi í Nd., 24. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 97. og 99. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, n. 656 og 657).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

63. Samvinnubúskapur.

Á 49. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um samvinnubúskap [159. mál] (þmfrv., A. 290).

Á 52. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við þm. Framsfl., sem eigum sæti í þessari hv. d., *höfum borið fram frv. um samvinnubúskap*, sem er nú hér til 1. umr.

Landbúnaður hefur verið stundaður hér á landi, allt frá því að það byggðist. Það má segja, að höfuðviðfangsefni þeirra, er landbúnað stunda, sé að framleiða fæðu handa þjóðinni. En landbúnaðurinn gegnir jafnframt fleiri hlutverkum í þjóðfélaginu. Hann er sá atvinnuvegur, sem bindur þjóðina við landið umfram aðrar atvinnugreinar. Aðrar atvinnugreinar eru þannig, að þær yfirleitt stefna að því að færa byggðina saman í þéttbýli, en landbúnaðurinn dreifir

byggðinni og nytjar gæði landsins hvarvetna. Jafnframt hefur landbúnaðurinn miklu menningarlegu hlutverki að gegna. Það liggur utan við efni þessa frv. að ræða þann þáttinn, en ég vil þó aðeins drepa á eitt atriði. Íslenzk tunga er það, sem gerir þjóðina að sjálfstæðri þjóð umfram allt annað. Ef þjóðin glataði tungu sinni, þá mundi hún glata sjálfri sér innan skamms, en það er ekki smávægilegur orðaforði tungunnar, sem bundinn er við örnefni landsins, — örnefnin, sem lifað hafa allt frá landnámstíð og geymzt mann fram af manni. Nú er það augljóst og hefur enda komið í ljós í sambandi við þá örnefnasöfnun, sem þjóðminjasafnið gengst fyrir, að það er miklu betur séð fyrir þessum þætti, þar sem sama ættin hefur búið á jörðunum langtímum saman, heldur en þar, sem tíð eigendaskipti hafa orðið. Þó að ég víki að þessu, endurtek ég það, að þetta liggur allt utan við efni þessa frv., og ég fer ekki lengra út í þetta.

Fram á þessa öld var landbúnaðurinn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar og stundum nær eini atvinnuvegur hennar. En þróunin á þessari öld hefur orðið sú, að fólki, sem stundar landbúnað, hefur stöðugt fækkað í hlutfalli við íbúafjölda í landinu í heild. Þessu veldur, að nýjar atvinnugreinar hafa risið á fót og fjármagnið að ýmsu leyti lagzt meira til þeirra atvinnuvega, en minna til landbúnaðarins. Í grg. er þetta sýnt með tölum, sem fengnar eru hjá hagstofunni, hvernig þróunin hefur verið að þessu leyti, og vísa ég til þess. En fram eftir þessari öld voru sveitaheimilin yfirleitt fjölmenn, þannig að búskapurinn var rekinn með mörgu vinnufólki. Þetta vinnufólk bar oft ekki mjög mikið úr býtum, en það stóð ásamt húsráðendum að búskapnum og naut þeirra gæða, sem hann gaf, þó að þar væru oft ekki mjög mikil verðmæti í aðra hönd. En fækkunin í sveitunum og við landbúnaðarstörfin hefur aðallega orðið með þeim hætti, að fólki hefur fækkað á hverju sveitaheimili, þannig að vinnufólkið, sem áður starfaði á sveitaheimilunum, er horfið þaðan. En þrátt fyrir þetta hefur framleiðsla landbúnaðarins stóraukizt á undanförnum árum, þannig að tölur sýna, að á s. l. 15 árum hefur mjólkurframleiðslan u. þ. b. þrefaldazt og framleiðsla sauðfjárafurða nærri tvöfaldazt. Þetta er út af fyrir sig mjög ánægjuleg þróun Vélvæðingin í landbúnaðinum veldur þessu og eykur þannig afköstin og framleiðslumagnið. En þessi breyting á búskaparháttum hefur það í för með sér, að búin þurfa að stækka til þess að geta staðið straum af þeim kostnaði, sem vélaaflinu fylgir. Vélarnar eru dýrar í innkaupi, og þær þurfa mikið viðhald. Og a. m. k. nú á síðari árum hefur þróunin verið sú, að það hefur ekki verið eðlilegt hlutfall um verðhækkanir véla annars vegar og hækkun afurðaverðsins hins vegar. Þetta gerir það að verkum, að bóndinn á mjög erfitt með að endurnýja þann vélakost, sem hvert bú þarf á að halda. Vélarnar þurfa og miklar viðgerðir, og þarf til þess nokkra kunnáttu, sem varla er hægt að ætlast til að hver maður, sem við búskap vinnur, hafi fyllilega til að bera. Enn fremur er þess að gæta, að sumir þættir búskaparins eru þannig vaxnir, að ekki er hægt að framkvæma þá með vélum. Aðalafurð sauðfjárbúskaparins er bundin við það, hvernig sauðburðurinn heppnast, en bóndinn getur ekki nema að mjög takmörkuðu leyti sparað sér vinnu með vélaafli til að gæta sauðfjárins um sauðburðinn. Þetta veldur því, að þeir sérstöku þættir í búrekstrinum, sem ekki verða unnir með vélum, nema þá að mjög litlu leyti, þeir hvíla æ þyngra á herðum bóndans, eftir því sem búið stækkar, og verður þetta sérstaklega erfitt og áhrifaríkt, þegar um einyrkjabúskap er að ræða. Nú er stefnt að því m. a. með löggjöf að létta bústörfin og auka öryggi og afkomu búrekstrarins með því að styðja ræktun og umbætur í húsagerð. En það mark, sem hv. Alþ. setur um sérstakan stuðning í ræktunarmálum, er þó enn ekki hærra en miðað við 25 ha. 25 ha. tún getur ekki verið miðað við að framfleyta búi, sem getur staðið straum af kaupgjaldi til handa aðkeyptu vinnuafli, svo að nokkru ráði sé. 25 ha. túnstærð er fyrst og fremst miðuð við, að einyrki með fremur lítilli aðstoð aðkeyptri geti framfleytt nægilegum bústofni fyrir fjölskyldu sína með aðstoð þeirra véla, sem hann kemst yfir. En reynslan sannar, að einyrkjabúskapur hefur mikla annmarka í för með sér. Þó að hann sé nú mjög algengur og hafi sem betur fer víða náð góðum árangri, þá hefur hann samt sem áður mikla annmarka. Starf einyrkjans er mjög bindandi. Hann þarf einn að leysa af hendi margvísleg verkefni, sem hann er misjafnlega vel fallinn til að vinna. Og ef annað hjónanna á sveitaheimilinu forfallast um skemmri eða lengri tíma, þá getur það valdið miklum örðugleikum, þar sem einyrki á í hlut. Það er því að dómi okkar flm. tímabært að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, hvernig sé hægt að leita ráða til þess að skapa sveitabúskapnum sem allra mest öryggi.

Með frv. þessu er stefnt að því að leggja grundvöll að aukinni samvinnu í búskap. Gömul og ný reynsla sannar, að hvar sem erfiðleikum er að mæta, verða þeir bezt leystir með samstarfi nokkurra manna. Þegar steininn í götunni lokaði leið hins sterka vegfaranda, þá hefðu þrír um þokað. Þetta eru ekki ný sannindi, heldur ævaforn. Meðan vinnufólkið var á sveitaheimilunum fleira eða færra, þá skapaðist nokkurn veginn eðlileg verkaskipting á heimilunum. Og þó að einn maður forfallaðist á slíku heimili um skamman tíma, þá var heimilið ekki í neinni hættu, vegna þess að þá gátu samstarfsmenn hlaupið undir bagga um stundarsakir og tekið að sér þau verk, sem sá hafði með höndum, er forfallaðist.

Það hefur einnig tíðkazt hér á landi, jafnvel öldum saman, að vissir þættir í búskapnum hafa verið þess eðlis, að þá hefur þurft að leysa með samvinnu margra heimila, og það var eins meðan heimilin voru fjölmenn. Nærtækast er í þessu efni að minnast á fjallskilin, þar sem um langan tíma hefur verið staðið þannig að þeim þætti búskaparins í sveitarfélögunum hér á landi, að þar hefur verið um samvinnu margra heimila að ræða. Og fjallskilareglugerðin er sá samningur, sem geymir þau fyrirmæli, sem unnið er eftir að þessu verki. Þetta tíðkaðist enn fremur allvíða á jörðum, sem lágu við sjávarsíðuna, meðan útræði var stundað á opnum bátum, að þá krafði nauðsyn, að nokkur heimili ynnu saman til þess að notfæra sér þessi sjávargæði. Svipað átti sér

stað og á sér stað enn sums staðar þar, sem nytja þarf veiði, veiðiföng og önnur hlunnindi, sem einn maður getur ekki nytjað, að þá mynda menn samtök, samvinnu, oftast nær yfirleitt óformlega, en þetta er eins konar heföbundin starfsemi í ýmsum byggðarlögum, að menn mynda samvinnu til þess að nytja þessi gæði. Á fleiri sviðum gætir mjög samvinnu meðal bænda og sveitafólks. Í sumum byggðarlögum í sveitum er því þannig háttað, að ef einn bóndinn þarf að ráðast í framkvæmd eins og húsbyggingu, þá koma nágrannar og sveitungar og hjálpa til við verkið. Búnaðarfélagið á oft einhver tæki, svo sem hrærivélar o. fl., sem létta störfin, og þannig er létt undir fæti með einyrkjanum að búa í haginn fyrir sjálfan sig á sinni jörð. Og í sumum sveitum er þetta svo þýðingarmikill þáttur, að það er eiginlega erfitt að sjá, hvernig framkvæmdir hefðu getað orðið þar, miðað við þann kostnað, sem þær hafa nú í för með sér, ef þessari reglu væri ekki fylgt. Það eru einnig til sveitir hér á landi, þar sem það er algengt, að skyldfólk starfi saman við búskap og þannig eigi sér stað óformlegur samvinnubúskapur. Þar sem þetta tíðkast, hefur það víða gefið mjög góða raun. En áhrifarikust og markvísust verður þó samvinna, ef hún er grundvölluð í löggjöf. Það eru mörg dæmi, sem nefna má og sýna þetta. Íslendingar hafa á undanförnum áratugum lyft grettistökum á sviði viðskipta með samvinnu. Hið sama er að segja um afurðasölu bændanna, sem vitanlega er einn þáttur viðskiptalífs þeirra. Vinnsla afurðanna og skipulag vöruflutninga í heilum byggðarlögum, t. d. mjólkurflutningar, þetta er allt byggt á samvinnu í heilum héruðum. Hreppabúnaðarfélögin hafa verið styrk stoð við margar framkvæmdir bænda í sveitunum, keypt ýmiss konar tæki, sem einstaklingarnir hafa síðan getað notað sér til hagræðis. Og þegar hinar stórvirku ræktunarvélar fóru að ryðja sér til rúms eftir stríðið, þá voru þær yfirleitt svo kostnaðarsamar og dýrar í rekstri, að það var flestum einstaklingum í bændastétt ofviða sökum kostnaðar að kaupa þær og reka. Hins vegar eru slíkar vélar og viðeigandi tæki nauðsynleg til framkvæmda í sveitum. Þennan vanda hefur bændastéttin leyst mjög greiðlega og ágreiningslítið á grundvelli löggjafar með stofnun ræktunarfélaga og samvinnu um kaup vélanna og rekstur þeirra.

Öll þessi dæmi eða allir þessir þættir, sem ég hef nú nefnt, eru grundvallaðir á löggjöf, en til hefur komið framtak einstaklinganna og félagsstarfsemi heima í hverju héraði til þess að framkvæma þau ákvæði, sem löggjöfin hefur lagt grundvöll að. Flm. þessa frv. telja tímabært, að með löggjöf verði nú lagður grundvöllur að stofnun samvinnubúa í sveitum, svo að þeir, er áhuga hafa á að stofna til búrekstrar í því formi og telja sér það henta, geti stuðzt við löggjöf. Flm. er það ríkt í huga, að samvinnan er gædd þeim áhrifum að geta sameinað það tvennt, að þroska einstaklingsgildið og efla atvinnulíf og framkvæmdir með mætti samtakanna, að félagsbandið, sem sannur samvinnumaður leggur á sig af fúsum og frjálsum vilja, skerpir að jafnaði vitund hans um ábyrgðina gagnvart félögum hans og eigin skuldbindingum og að vissan um það, að hagsældin, sem vinnst með félagsstarfi, er sprottin af verkum og áhuga samstarfsmanna á að skapa gagnkvæma tiltrú milli þeirra.

Eins og ég hef tekið fram, er stefnt að því með þessu frv. að fá lagalegan grundvöll til þess að stofna samvinnubú í sveitum, svo að þeir, er áhuga hafa á slíku, geti stuðzt við löggjöf. Og í því sambandi er miðað við í þessu frv., að eðlileg fjárhagsaðstoð sé veitt til þess að koma samvinnubúi upp, þar sem áhugi er á slíku og eftir aðstoð yrði leitað af hálfu einstaklinga í sveitum. Hér er ekki stefnt að því að knýja einstaklinga til samvinnubúskapar með valdboði eða þvingun, og hér er ekki stefnt að því að hnekkja einstaklingsbúskap, því að vitanlega á hann og mun þróast samhliða samvinnubúum, þó að þau risu af grunni hér og hvar. Áhugi, framtak og félagshyggja einstaklinganna ræður úrslitum um það, hvort samvinnubúskapur nær útbreiðslu og blómgast. Reynslan ein fær úr því skorið, hver þróunin verður að þessu leyti, en það er augljóst, að samvinnubúskapur hefur ýmsa kosti og mun gera sveitafólkinu kleift að losna við þá annmarka, sem einyrkjabúskap fylgja. Þar sem tveir bændur eða fleiri standa saman að búrekstri, getur komizt á hagkvæm verkaskipting, framkvæmdir orðið hlutfallslega meiri en hjá einyrkjum, vélaaflið notazt betur og búin orðið hlutfallslega stærri. Það má þó telja enn mikilvægara, að með samstarfi í búskap skapast öryggi, þannig að búið verði ekki í bráðri hættu, þótt einn maður forfallist, þar sem samstarfsmenn hlaupa þá undir bagga, og með samvinnubúskap mun gefast kostur á meira frjálsræði til að taka þátt í nútímaþjóðlífi en einyrkjabúskapur leyfir. Það er álit okkar, sem stöndum að þessu frv., að það muni enn sem fyrr reynast sannmæli, það, sem norðlenzki bóndinn kvað á sínum tíma, „að miklu fá orkað í mannvina höndum samlynd tryggðatök".

Í I. kafla þessa frv. er það skilgreint, hvað teljist samvinnubúskapur samkv. lögum þessum. En það er, ef tveir bændur eða fleiri saman reka í félagi samkv. samningi eitt bú, þar sem aðilar vinna saman við búið, vélar og tæki vegna búrekstrarins eru sameign og jörð og útihús eru til sameiginlegra afnota vegna búskaparins. Ég vil vekja eftirtekt á því, að hér er ekki miðað við, að það þurfi að breyta um eignarrétt á jörðum, þó að búskapur yrði í samvinnuformi. Þess eru dæmi, að þannig er ástatt í sumum sveitum, að t. d. öldruð hjón eiga allgott jarðnæði og vilja gjarnan búa áfram, en þau vantar vinnuafl til þess að geta haldið búrekstrinum í sæmilegu horfi. Í grennd við þau eru svo ung hjón, sem vilja hefja búskap, en vantar jarðnæði. Hér gæti farið svo, að það hentaði báðum að stofna til samvinnubúskapar, þar sem eldri maðurinn legði fram eignina til afnota, en yngri maðurinn meira af starfsorku til búrekstrarins. Við gerum ráð fyrir í frv., að ef stofnað yrði til samvinnubúskapar samkv. lögum þessum, sé gerður um það stofnsamningur milli aðila og þeim samningi sé þinglýst.

II. kafli frv. er um samvinnubúskap á einstökum jörðum. Þar er svo fyrir mælt, að bændum, sem stofna samvinnubú, sé heimilt að sameina jarðir til að reka á þeim samvinnubúskap,

en þó ekki fleiri jarðir en stofnendur samvinnubúsins eru samkv. stofnsamningi, nema nýbýlastjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykki. Þetta ákvæði á að koma í veg fyrir það, að þetta verði misnotað, þannig að einstakir menn fari að leggja undir sig jarðir til að stofna þar samvinnubúskap, nema álit og samþykki nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar komi til. Og þá verður það metið af þessum aðilum í hverju einstöku falli, hvort og að hve miklu leyti sé eðlilegt að sameina jarðir til þess að reka á þeim samvinnubúskap.

III. kafli frv. er um samvinnubúskap í byggðahverfum. Nú er samkv. lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum lagt á vald nýbýlastjórnar að stofna nýbýli, annaðhvort einstök býli eða í byggðahverfum. Þegar undirbúin er á vegum nýbýlastjórnar stofnun byggðahverfis samkv. landnámslögunum, virðist það liggja beint við, að stefnt sé að því að koma þar á samvinnubúskap, og er þá eðlilegt, að það sé athugað fyrir fram og mannvirki öll í byggðahverfinu miðuð við það búskaparform, en ekki einstaklingsbúskap, eins og algengast hefur verið.

IV. kafli frv. er um samvinnubúskap til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags. Þar segir, að ef yfirvofandi hætta er á, að byggð eyðist í sveitarfélagi, getur Landnám ríkisins stofnað þar til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar. Landnám ríkisins á þá að afla sér nægilegs lands að dómi nýbýlastjórnar til ræktunar og beitar og rækta að fullu land, sem svarar til allt að 25 ha. fyrir hvert heimili, reisir íbúðir og nauðsynleg útihús fyrir samvinnubúið, en til að standa straum af þessum kostnaði skal ríkissjóður samkv. frv. greiða Landnámi ríkisins 10 millj. kr. árlega næstu 10 ár. Slík býli, sem þannig yrðu reist, yrðu síðan leigð með hliðstæðum kjörum og nú er ákveðið um nýbýli í byggðahverfum, sem Landnám ríkisins reisir samkvæmt landnámslögunum.

V. kafli frv. hefur að geyma almenn ákvæði. Þar er tekið fram, að nýbýlastjórn skuli hafa á hendi leiðbeiningar og veita aðstoð þeim, sem koma vilja á samvinnubúskap, og að hún eigi að meta skilyrði til búrekstrar á þeim stöðum, þar sem samvinnubú verður stofnað, og skulu þau skilyrði eigi vera lakari en svo, að hluti hverrar fjölskyldu, er gerist aðili að samvinnubúi, geti a. m. k. samsvarað meðalbústærð, þ. e. vísitölubúi. Enn fremur er í 11. gr. frv. ákvæði um það, hvað skuli taka fram í stofnsamningi, sem gerður er, þegar samvinnubú er reist, hverjir séu stofnendur samvinnubúsins, með hvaða hætti menn geti orðið aðilar að því, að samvinnubændur skuli allir hafa heimili á staðnum og vinna að samvinnubúinu, hver sé eignarhlutur hvers stofnanda í jörð, húsum og öðrum mannvirkjum, búvélum og bústofni og bújörð, fóðurgeymslur, peningshús, jarðræktar- og heyvinnuvélar skuli vera til sameiginlegra afnota á samvinnubúinu, hvernig skuli fara um stjórn búsins og hvernig það verði skuldbundið og aðrar félagslegar ákvarðanir teknar, hvernig fara skuli með reikningshald, arðskiptingu og áhættu, hvaða reglum skuli fylgt, ef aðili að samvinnubúi fellur frá, flyzt burt eða selur eignarhluta sinn, og loks, hvaða reglur skuli gilda um ábyrgð aðila og um félagsslit, ef til kemur.

Við leggjum til samkv. 13. gr. frv., að samvinnubú hafi sama rétt til lántöku í stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkv. jarðræktarlögum og l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, eins og aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búið út af fyrir sig á sérstakri bújörð. En auk þess skal nýbýlastjórn heimilt, ef stofnun samvinnubús hefur í för með sér sérstakan kostnað á byrjunarstigi umfram venjulegan einkabússtofnkostnað, að veita stofnendum áfafturkræft framlag, eftir því sem fé verður til þess veitt á fjárlögum. Enn fremur skal þá stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. Um þetta skulu sett nánari ákvæði í reglugerð, bæði um framlag og lán.

Ég hef þá drepið á aðalatriðin í frv. og farið um málið nokkrum almennum orðum. Ég sé ekki ástæðu til að skýra það með lengra máli, en legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

64. Söluskattur.

Á 52. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [168. mál] (þmfrv., A. 311).

Á 53. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Daníel Ágústínusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 311 til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 22. marz 1960, um söluskatt. Ég hef áður flutt svipað frv. hér á hv. Alþ., en það hefur ekki orðið útrætt.

Lögin um söluskatt í sinni núv. mynd eru senn fjögurra ára. Skattheimta ríkisins í formi söluskatts fer stöðugt vaxandi vegna hækkaðs verðlags, aukinnar umsetningar og þeirrar hækkunar, sem á honum var gerð í vetur úr 3% í 5½%. Söluskatturinn er ranglátur, af því að hann lendir með mestum þunga á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur þyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili. Hann er óréttlátur neyzluskattur, og því hærri sem hann er, því óréttlátari er hann. Þá er sá grunur sterkur, að miklar fjárhæðir séu innheimtar af almenningi í formi söluskatts, sem aldrei komast á leiðarenda. Gerir það málið enn ranglátara og óvinsælla.

Með frv. þessu er ekki lagt til atlögu við söluskattinn í heild. Slíkt má telja vonlaust eftir það, sem áður hefur gerzt, m. a. nýlega hér á Alþ., er söluskatturinn var hækkaður í sambandi við lögin um stuðning við sjávarútveginn o. fl. Hér er aðeins lagt til að sníða nokkuð augljósa vankanta af lögunum. Það eru tekin fá atriði, sem snerta starfsemi og þjónustu. Er farið mjög hóflega í breytingar í þeirri von, að um þær geti náðst samkomulag á þessu þingi. Hér er ekki um þær fjárhæðir að ræða, sem geta skipt verulegu máli fyrir ríkissjóð, og allar stefna þær að því að draga úr óvinsældum söluskattsins í framkvæmd, og það ættu vissulega sumir að kunna að meta.

Fjögurra ára reynsla hefur leitt í ljós, að þau viðbótarundanþáguákvæði í 7. gr. laganna um söluskatt frá 1960, sem hér er lagt til að tekin verði upp, eru eðlileg og sjálfsögð, enda héldu margir stuðningsmenn söluskattsins í upphafi, að sum þau atriði, sem hér eru nefnd, lentu í undanþágu samkv. ákvörðun ráðh. En í niðurlagi 7. gr. l. um söluskatt segir, með leyfi forseta: „Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar gr. og næstu gr. hér á undan.“ Er þar enn fremur átt við undanþáguákvæði 6. gr., sem fjallar um viðskipti eða sölu á vörum eða verðmætum. Með leiðbeiningum, sem ráðh. hefur gefið út handa skattheimtumönnum sínum, er í ýmsum atriðum seilzt lengra en lögin ætlast til, eins og ég vík að síðar. Slíkt er vitanlega alveg óviðunandi.

Skal ég næst víkja að breytingum, sem skipta má niður í 4 aðalatriði.

1) Lagt er til, að vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum sé undanþegin söluskatti. Samkv. 7. gr. l. er vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja, undanþegin söluskatti. Það virðist því mjög eðlilegt, að ræktunarframkvæmdir bænda, hvort sem um er að ræða skurðgröft eða jarðvinnslu, séu ekki síður undanþegnar söluskatti. Jarðræktarframkvæmdir eru dýrar og styrktar af ríkissjóði samkv. jarðræktarlögunum, þótt í smáum stíl sé. Sama máli gegnir um vegagerðarvélar, skattlagning á þær er ekkert annað en skerðing á fjárveitingu til vegamála, en vegagerðin er ólíklegur tekjustofn fyrir ríkissjóð.

2) Samkv. 7. gr. l. um söluskatt er vinna við skipasmíði og flugvélaviðgerðir undanþegin söluskatti. Það er eðlilegt, að sama gildi um landbúnaðarvélar, hverrar tegundar sem er, og vegagerðarvélar, svo að aðalatvinnuvegum þjóðarinnar sé ekki mismunað. Með frv. er lagt til, að úr misræmi þessu verði bætt. Með auknum vélakosti landbúnaðarins hefur sú orðið þróunin hin síðari ár, að búnaðarfélög og ræktunarsambönd hafa stofnsett viðgerðarverkstæði eða gerzt aðilar að þeim. Vinna, sem á verkstæðum þessum er unnin fyrir bændur, er framkvæmd á raunverulegu kostnaðarverði.

3) Rekstur sjúkrahúsa er undanþeginn söluskatti samkv. 7. gr. l. Hins vegar hafa skattheimtumenn ríkissjóðs þau fyrirmæli, að þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, séu söluskattsskyld af allri starfsemi sinni. Það eru engin rök, sem mæla með því, að starfsemi þessi sé skattlögð til ríkissjóðs. Má jafnframt á það benda, að sjúkrahúsin eru yfirleitt rekin með miklum halla og njóta jafnan daggjalda frá ríkissjóði. Sameiginleg þvottahús margra heimila með öflugum og fjölbreyttum vélakosti við heita staði, þar sem því verður við komið, eru bæði fyrir einstaklinga og þjóðarheildina skynsamleg og heppileg ráðstöfun, sem hefur margvíslegan sparnað í för með sér. Þessi samhjálp við rekstur heimilanna má aldrei verða tekjustofn fyrir ríkissjóð.

4) Leiksýningar og samkomur menningar- og líknarfélaga verði undanþegnar söluskatti. Framangreind félög og félagasamtök eiga það sameiginlegt að vanta fé til starfsemi sinnar og berjast í bökkum fjárhagslega, enda njóta þau mörg opinberra styrkja. Það er því ástæðulaust fyrir ríkissjóð að reyta af tekjum þeim, sem leiksýningar og samkomuhald geta veitt. Oft er alls ekki um neinn hagnað að ræða og jafnvel tap, en samt skal söluskattur lagður á alla selda aðgöngumiða, og svo langt er gengið í skattheimtunni að leggja söluskatt á samkomuhald, þó að engin aðgöngumiðasala fari fram.

Meginefni frv. eru þá eftirgreind atriði:

1) Að öll vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum verði undanþegin söluskatti.

2) Að viðgerðir á tækjum þessum séu ekki söluskattsskyldar frekar en viðgerðir á skipum og flugvélum.

3) Að þvottahús sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús verði undanþegin söluskatti, enda er rekstur sjúkrahúsa það nú í lögum.

4) Að leiksýningar og samkomur menningar- og líknarfélaga verði leystar frá söluskatti.

Af þessu ætti að vera ljóst, að hér er einungis um fá og einföld atriði að ræða. Reynslan hefur leitt í ljós, að allt eru þetta vankantar á óskynsamlegri löggjöf og því brýn ástæða að þrjózkast ekki lengur við að sníða þá af. Hér er ekki um að ræða tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð, sem skiptir verulegu máli, og innheimtan á þeim atriðum flestum, sem hér er lagt til að njóti undanþágunnar, er seinleg og erfið. Því vænti ég, að Alþ. telji breytingar þær, sem í frv. felast, sanngjarnar og eðlilegar eftir þá reynslu, sem fengin er.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

65. Orlof.

Á 47. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof [175. mál] (þmfrv., A. 326).

Á 54. og 55. fundi í Ed., 2. og 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 5. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það frv. um breyt. á orlofslögum frá 1943, sem ég flyt hér, felur í sér eftirtalin efnisatriði: Í fyrsta lagi, að lágmarksorlof þeirra, sem lögin taka til, verði ákveðið 1¾ úr degi fyrir hvern unninn mánuð á næstliðnu orlofsári, en það svarar til þess, að orlofstíminn sé lengdur úr 18 dögum virkum í 21 dag, ef um fullvinnandi mann er að ræða. Í öðru lagi, að konur missi ekki neins í varðandi rétt til orlofs, þótt þær séu frá vinnu í allt að 3 mánuði vegna barnsburðar. Í þriðja lagi, að orlofsfé sé ákveðið 8% af kaupi í stað 6%, eins og nú er í gildi. Í fjórða lagi, að fólk í föstu starfi fái fullt orlofsfé greitt af kaupi sínu fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu. Og loks í fimmta lagi, að bætt verði í lögin heimildarákvæði á þá lund, að ríkisstj. sé heimilað að fela Alþýðusambandi Íslands þá framkvæmd orlofslaganna, sem ella er falin póststjórninni, þ. e. a. s. útgáfu orlofsbóka og orlofsmerkja, sölu orlofsmerkja, afhendingu orlofsbóka og greiðslu orlofsfjár.

Um þetta mál í heild er það fyrst að segja, að hinni íslenzku orlofslöggjöf hefur aðeins einu sinni verið breytt, svo að talizt geti, á þeim rösklega tveimur áratugum, sem nú eru liðnir frá því að hún var sett, en sú breyting var gerð árið 1957, þegar þáv. ríkisstj. og félmrh. hennar beittu sér fyrir allverulegum lagfæringum. Í fyrsta lagi þeirri, að orlofstími og orlofsfé yrði ákveðið í samræmi við þá þróun mála, sem þá var orðin, að því er þessi atriði snerti, með samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, þ. e. a. s. að orlofstíminn var lengdur með lögum úr 12 í 18 virka daga og orlofsfé hækkað úr 4% í 6% af kaupi, en þessi aukni orlofsréttur hafði náðst í tveimur vinnudeilum, desemberverkfallinu 1952 og verkfallinu mikla vorið 1955. Í annan stað var svo hlutarsjómönnum tryggður fullur réttur til þess að fá orlof sitt greitt úr hendi atvinnurekenda, en áður áttu þeir aðeins rétt á helmingi raunverulegs orlofsfjár frá vinnveitendum. Í þriðja lagi var svo ákveðið, að sömu reglur skyldu gilda um fyrningu orlofsfjár og annarra kaupgreiðslna.

Með þessum breytingum 1957 var farið að þeirri sjálfsögðu lágmarksreglu, að fylgt væri eftir með lögum þeim umbótum, sem um hafði verið samið milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaga, og þó gengið nokkru lengra í sumum greinum. Löggjafinn veitti þannig nokkrar nýjar réttarbætur. En eins og ég sagði áður, hefur síðan verið um algera kyrrstöðu að ræða af hálfu löggjafarvaldsins, þrátt fyrir það þó að ofur lítið hafi mjakazt í áttina eftir samningaleiðinni. Þannig var um það samið í lok vinnudeilna vorið 1961, að orlofsfé yrði greitt 6% af öllu kaupi, einnig eftir-, nætur- og helgidagavinnu, en sú réttarbót hefur ekki enn verið staðfest í lögum, og verða því t. d. allir, sem teljast í föstu starfi, enn að una því að fá ekki greitt orlofsfé af yfirvinnu, en það þýðir aftur, þegar tekin er með í reikninginn hin mikla almenna yfirvinna, sem nú tíðkast, að það er mjög langt frá því, að þetta fólk njóti fullra launa í orlofi sínu, svo sem vera ber og ávallt hefur í rauninni verið gengið út frá, frá því fyrst að lög og reglur um orlof tóku gildi. Það er líka næsta auðsætt, að tekjuþörf er meiri, en ekki minni, miðað við orlofstímann, heldur en ella, og er tekið nokkurt tillit til þess í því frv., sem hér er flutt. Þá er og þess að geta, að ýmis samtök launafólks hafa náð með samningum ákvæðum um lengri orlofstíma í ýmsum tilfellum a. m. k. en löggjöfin gerir ráð fyrir. Af þessu er ljóst, að orlofslögin, eins og þau nú eru, eru að ýmsu leyti orðin úrelt, og verður sú staðreynd þó enn þá ljósari, ef litið er til annarra landa, t. d. hinna Norðurlandanna, en þar hafa á síðustu tímum verið gerðar verulegar umbætur í þessum efnum.

Fullkomnust orlofslöggjöf á Norðurlöndum mun nú vera í Svíþjóð, en frá og með þessu ári, árinu 1964, fær sænskt verkafólk lágmarksorlof í fjórar vikur á ári og orlofsfé er þar ákveðið 9% af kaupi. Lög um orlof voru endurskoðuð þar í landi af þingnefnd á árinu 1962, og hafði sú nefnd lagt til við þingið, að orlofsfé yrði 8%, en í meðförum þingsins var orlofsféð hækkað í 9%. Sýnir sú málsmeðferð sænska þjóðþingsins vissulega mjög vel, hversu Svíar leggja mikið upp úr þeim réttindum, sem hér ræðir um.

Norðmenn búa við orlofslöggjöf frá árinu 1962, og er lágmarksorlof fullvinnandi fólks þar ákveðið 21 virkur dagur og orlofsfé 7½% af kaupi.

Danska ríkisstj. undirbýr nú róttækar og verulegar réttarbætur til handa verkafólki þar í landi í þessum efnum, en orlofsfé er þar nú samkv. samningum danska alþýðusambandsins og atvinnurekenda 7¼%. En meðan slíkar framfarir verða í þessum málum meðal grannþjóða okkar og þó sjálfsagt miklu víðar og að mjög verulegu leyti fyrir tilstilli löggjafarvaldsins, þá er fátt um breytingar til bóta hérlendis og alls ekkert að frumkvæði eða fyrir stuðning stjórnarvalda. Er þó hér í raun og veru um miklu gildari ástæður til aukins réttar að ræða, þar sem íslenzkt verkafólk býr við stórfellt lengri vinnudag og meira vinnuálag en stéttarsystkin þess í þessum löndum, þar sem lengri vinnudagur en sem svarar 45 stundum á viku þekkist varla. En hér vinnur verkafólk fyrir meira en þriðjungi tekna sinna í eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu. Og það er auðvitað alveg víst, að slíkt ástand skapar aukna þörf fyrir ríflega árlega hvíld frá störfum, ef vinnuþrek og heilsa á ekki að bíða tjón af.

E. t. v. munu sumir halda því fram, að hér sé fremur um að ræða verkefni fyrir samtök launafólks og atvinnurekenda heldur en löggjafarvaldið, og vissulega ber því ekki að neita, að hér er um slíkt málefni að ræða, sem hlýtur ávallt að verða fjallað um af hagsmunasamtökunum og þau hljóta að láta nokkuð til sín taka. En í þessu sambandi ber í fyrsta lagi á það að líta, að hér er um að ræða almenn mannréttindi, sem fyrir löngu hafa verið viðurkennd meðal menningarþjóða, réttindi, sem löggjafarvaldinu ber að sinna, svo sem glöggt má sjá af þróun þessara

mála á Norðurlöndum og víðar. Þetta viðhorf kemur t. d. mjög glöggt fram í nál. hinnar sænsku orlofsnefndar, sem undirbjó hin nýju lög þar í landi. Þar segir m. a.:

„Orlofslögin eru hluti af verndarlögum vinnumarkaðarins. Tilgangur þeirra er að tryggja verkafólki vernd gegn ofþreytu með því að veita því fjárhagslega tryggða hvíld frá daglegum störfum. Lögin eru byggð á þeirri skoðun, að verkafólk þarfnist þess árlega og um lengri tíma að hverfa frá sínum venjulega starfsvettvangi, ef starfskraftar þess eiga ekki að slitna um aldur fram."

Á þennan hátt fullkomnar orlofið þá vernd, sem gildandi reglur um takmörkun vinnutíma og helgidaga veita. Fullnæging hvíldar- og hressingarþarfarinnar með orlofi er því almennt mikilvæg með tilliti til verndar vinnuafls og almennrar heilbrigði. En ef stjórnarvöld í landi, þar sem ströng vinnuverndarlög gilda og vinnudagur er miklum mun styttri en hér gerist, líta þannig á málið, hvað mættu þá íslenzk stjórnarvöld hugsa og gera? Ef þessi sjónarmið eru höfð í huga, verður að telja æskilegt, ef ekki óhjákvæmilegt, að slík málefni séu skilin að sem mestu leyti frá hinni beinu hagsmunabaráttu og samningum um kaup, og slíkt gerist tæpast, nema til komi forusta hjá löggjafarvaldinu um sanngjarnar og eðlilegar réttarbætur, en að þeim er stefnt með því frv., sem hér er flutt.

Um einstök efnisatriði frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða á þessu stigi málsins, þar sem þau skýra sig að mínu viti að mestu sjálf. Þó vil ég sérstaklega nefna það nýmæli, sem felst í 3. gr. frv., en það er á þá lund, að ríkisstj. sé heimilað að veita A. S. Í. umboð til þess að annast framkvæmd orlofslaganna að verulegu leyti, þ. e. a. s. að því leyti sem hún annars fer fram á vegum póststjórnarinnar. Ég er a. m. k. þeirrar skoðunar, að slík breyting mundi á margan hátt hafa heillavænleg áhrif á gagnsemi orlofslöggjafarinnar og tryggja t. d. betur en nú er, að orlofsrétturinn yrði raunverulega notaður til þeirrar hvíldar og endurnýjunar starfskrafta, sem til er ætlazt. En því er ekki að neita, að nú er það allt of títt, að fólk tekur ekki raunverulega hvíld frá störfum, en notar orlofsfé sér til tekjuauka. Meiri samvinna við alþýðusamtökin um framkvæmd laganna mundi vafalaust hafa sterk áhrif í þá átt að skapa þann almenna skilning, sem til þarf að koma, jafnt á rétti sem skyldum í þessum efnum.

Alþýðusamband Íslands hefur nú hafið með aðstoð fjárveitingavaldsins mikið átak til þess, að íslenzkt verkafólk geti notið sumarleyfa sinna betur en áður með byggingu hins fyrsta orlofsheimilis alþýðusamtakanna, en sú stofnun mun geta hafið starf sitt á næsta sumri. Það færi vissulega vel á því, að í sama mund og þeim mikilvæga árangri verður náð, sé orlofslöggjöfin sjálf færð í það form, að hún yrði sambærileg við það, sem nú gerist um Norðurlönd, en yrði ekki lengur haldið langt að baki þeirri löggjöf, sem þar gildir. Hitt er þó auðvitað miklu mikilsverðara, að með þeim breytingum á orlofslöggjöfinni, sem hér er lagt til að gerðar séu, er stigið nokkurt spor í þá átt að létta vinnustéttunum það óhæfilega mikla vinnuálag, sem nú hvílir á þeirra herðum, að svo miklu leyti sem það er unnt með lögverndaðri árlegri hvíld frá störfum. Við hlið slíkrar sæmilega fullkominnar orlofslöggjafar þarf svo að koma til almenn löggjöf um vinnuvernd, sem m. a. takmarki daglegan vinnutíma og tryggi þannig eðlilega daglega hvíld frá störfum. En það verður að telja hafið yfir allan vafa af reynslu þeirra menningarþjóða, sem beztan rétt hafa tryggt þegnum sínum í þessum efnum, að slíkar réttarbætur skili þjóðfélaginu fullkomlega aftur þeim tilkostnaði, sem þeim eru samfara, í aukinni heilbrigði, aukinni starfsgleði og þar með í auknum afköstum og framleiðslu þjóðarbúsins.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

66. Stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu.

Á 49. fundi í Sþ., 4. marz, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu** [182. mál] (þmfrv., A. 342).

Á 56. og 57. fundi í Ed., 5. og 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Ed., 10. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 13 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Frá landfræðilegu sjónarmiði má heita, að Kjalarneshreppur sé klofinn í tvennt. Fjallshryggur, svonefndar Kleifar, skerst þvert í gegnum hreppinn næstum í sjó fram. Af þessu leiðir, að þeir, sem búa austan megin við hinar svonefndu Kleifar, eru mjög sundurskildir frá hinum, sem búa í hreppnum vestan megin við Kleifarnar. Samskipti íbúanna á þessum tveimur svæðum í Kjalarneshreppi eru í rauninni lítil önnur en þau, sem af þeirri staðreynd leiðir, að að forminu til heyra íbúarnir til einu og sama sveitarfélagi. Hreppsbúar austan Kleifa hafa svo til öll eða langsamlega mest sín félagslegu viðskipti, ekki við sveitunga sína, heldur við íbúa nágrannahreppsins, Mosfellshrepps. Þannig er það t. d. og hefur lengi verið, að íbúar í Kjalarneshreppi austan Kleifa eiga ekki kirkjusókn í Kjalarneshreppi, heldur í Mosfellshreppi. Íbúar í Kjalarneshreppi austan Kleifa eru ekki í sameiginlegu búnaðarfélagi með öðrum íbúum síns sveitarfélags, heldur eru íbúar austan Kleifanna meðlim-

ir í búnaðarfélagi Mosfellshrepps. Ungmennafélagar í Kjalarneshreppi eru heldur ekki allir í einu og sama ungmennafélagi. Þeir, sem austan Kleifanna búa, eru félagar í Ungmennafélagi Mosfellshrepps. Sama máli gegnir um kvenfélagið. Konurnar í Kjalarneshreppi eru ekki saman um sitt kvenfélag, heldur eru konurnar í austurhluta hreppsins meðlimir í Kvenfélagi Mosfellshrepps. Um barnafræðsluna gildir nokkuð svipað, þannig að börn úr austurhluta Kjalarneshrepps hafa gjarnan sótt og stundað skóla, ekki á Klébergi í sínu sveitarfélagi, heldur í Mosfellshreppi. Og þannig mætti lengi upp telja.

Af þessum eðlilegu landfræðilegu ástæðum hefur félagslíf Kjalarnesbúa í raun og veru verið klofið í tvennt, þannig að íbúar austan Kleifanna hafa sitt félagslíf í samfélagi með Mosfellssveitarmönnum, en ekki með sínum sveitarfélögum í Kjalarneshreppi.

Þessi staðreynd hefur leitt til þess, að íbúar austan Kleifa í Kjalarneshreppi hafa lengi fundið fyrir því, að hreppaskiptingin væri þarna með nokkuð óeðlilegum hætti. Þeir hafa verið þeirrar skoðunar, að það væri eðlilegt, að þeir tilheyrðu því sveitarfélagi, sem þeir hafa sín félagslegu samskipti yfirleitt við. Þessi skoðun leiddi til þess, að á s. l. ári óskuðu íbúar austurhluta Kjalarneshrepps eftir því, að flutt yrði frv. hér á hv. Alþingi þess efnis, að austurhluti Kjalarneshrepps yrði sameinaður Mosfellssveit. Samkv. ósk þessara íbúa flutti ég frv. um þetta á síðasta Alþingi í þeirri d., sem ég þá átti sæti, hv. Nd. Frv. var þá vísað til allshn. til athugunar. Ég beindi því til n., þegar málið var til 1. umr., að eðlilegt væri að leita umsagnar hreppsnefndar Kjalarneshrepps, Mosfellshrepps og sýslunefndar um frv. í heild. Hv. allshn. Nd. gerði þetta, en umsagnirnar bárust ekki fyrr en svo seint, að ekki var tími til að afgreiða málið úr nefnd fyrir þinglok á s. l. ári. Ég hef því samkv. endurnýjaðri ósk nú tekið frv. upp á ný og borið það fram hér í þessari hv. deild.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Í skrifstofu Alþingis liggja fyrir þær umsagnir, sem borizt hafa um frv. frá þeim aðilum, sem leitað var til. Ég vil enga dul á það draga, að hreppsnefnd Kjalarneshrepps lagðist gegn þessu frv. og mótmælir því, að það verði samþykkt. Hreppsnefnd Mosfellshrepps hins vegar lýsir því yfir, að hún hafi ekkert við það að athuga, að þessi breyting verði gerð á hreppaskipaninni. Sýslunefnd Kjósarsýslu hins vegar leiðir hjá sér að taka afstöðu til málsins, en leggur áherzlu á, að íbúar Kjalarneshrepps komi sér saman um lausn þess og niðurstöðu. Þrátt fyrir þessar umsagnir er það eindregin ósk þeirra, sem voru hvatamenn þess, að ég bar frv. fram í fyrra, að frv. verði nú flutt á ný.

Eins og menn sjá, miðar frv. að því að fullnægja þarna ósk talsverðs hluta íbúa Kjalarneshrepps, ósk, sem fram er komin vegna þess, að landfræðileg staðreynd hefur löngum slitið þá úr félagslegu sambandi við sína sveitunga, — landfræðileg staðreynd, sem leiðir til þess, að eðlilegt sé að taka tillit til þessara íbúa Kjalarneshrepps um það, að þeir fái að vera í sveitarfélagi með þeim grönnum sínum, sem þeir eiga og hafa átt miklu meiri samleið með heldur en öðrum íbúum Kjalarneshrepps. Það er rétt, að við þetta minnkar Kjalarneshreppur, og það kunna að verða einhverjir erfiðleikar fyrir Kjalarneshrepp í framtíðinni, ef þessi breyting nær fram að ganga. Ég hygg þó, að þetta skipti ekki svo ýkjamiklu máli. Erfiðleikarnir eru þegar til staðar, og ég hef áður oft og mörgum sinnum bent á, að það væri fullkomlega til athugunar, hvort ekki væri heppilegust lausn á þessu máli, að sá hluti Kjalarneshrepps, sem vestan Kleifanna liggur, hygði til nánara sambýlis við Kjósarhrepp, sem liggur þarna enn norðar og vestar. En allir þessir hlutir verða að sjálfsögðu athugaðir í sambandi við frv.

Ég vil leyfa mér að endurtaka till. mína um, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Vegna þess að ég get búizt við, að þetta frv. verði nokkurs konar prófsteinn á það, hvort ganga á inn á þá braut að smækka sveitarfélög eða kljúfa þau vegna innbyrðis ágreinings í sveitarfélögunum um viss mál, sem er mjög algengur hlutur, hef ég óskað eftir að fara nokkrum orðum um þetta frv., áður en það kemur til n. til athugunar og umr. þá þar í nefndinni.

Eins og ég sagði, virðist það, að frv. sé einkum flutt vegna ágreinings innan sveitarfélagsins, og er mér sagt, að það stafi af ágreiningi um staðarval fyrir félagsheimili. Þetta er ekkert annað en það, sem fyrir kemur í mjög mörgum sveitarfélögum, þegar byggja á félagsheimili eða skóla, en hjaðnar venjulega fljótlega aftur, þegar menn hafa áttað sig á hlutunum. Þetta þekkja allir í öllum áttum, og ég hef oftsinnis orðið var við það, að í sveitarfélögum, þar sem svona stendur á, hefur verið óskað eftir því að flytja frv. um það að kljúfa sveitirnar af þessum ástæðum. Þó að þessi ágreiningsmál séu nokkuð stór á tímabili, er það, eins og ég sagði, venjulegt, að þau hjaðna niður af sjálfu sér.

Ég tel, að yfirleitt, ef slíkum óskum er sinnt, að smækka sveitarfélög eða kljúfa út úr þeim, sé það til skemmda fyrir sveitarfélögin og þess vegna beri að ganga mjög varlega í þá átt. Nú nýlega var flutt í sameinuðu þingi þáltill., sem gekk í þá átt, að athuga skyldi um sameiningu smærri sveitarfélaga, eitthvað hliðstætt því, sem nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa nú þegar gert meira og minna, og Samband ísl. sveitarfélaga hefur haft þetta mál á dagskrá sinni nú hin síðari ár og nú síðast, að ég hygg, fyrir fáum dögum, og allir, sem þekkja til sveitarstjórnarmála, vita, að sum sveitarfélög eru svo smá, að þau af þeirri einu ástæðu eru mjög vanmegnug til að standa undir kostnaði við framkvæmdir og framfærslu og hitt og annað, sem á hvert sveitarfélag leggst.

Hér eru í lögum um sveitarstjórnarmál ákvæði um það, að ekki skuli kljúfa sveitarfélög smærra en það, að 200 íbúar verði í hverju sveitarfélagi. Íbúar í Kjalarneshreppi munu vera liðlega 200, og er hann þá svo lítill, að ef út úr honum er klofið verulega, fer íbúatala hans niður fyrir þetta lágmark, sem sveitarstjórnarlögin gera ráð fyrir. Með frv. þessu er gert ráð fyrir að rýra þennan litla hrepp um 10—12 býli eða allt að því ¼ af íbúum hans, eftir því sem mér hefur

skilizt, og bæta þessum 10—12 býlum við annan hrepp, sem er um það bil þrefalt stærri en Kjalarneshreppur, eftir því sem ég bezt veit. Býli þau, sem hér er um að ræða, eru Mógilsá, eign Skógræktar ríkisins, mun fara í eyði á næstunni, Kollafjörður, sem er klakstöðin, Naustanes, sem er í sjálfsábúð, Álfsnes, eigandi þess er í Reykjavík, Víðines, eign Blóa bandsins, Fitjakot, eigandi í Reykjavík, Varmidalur, í leiguábúð, Vellir, eigendur í Reykjavík, jörðin er leigð hestamannafélaginu Fák, Norður-Gröf, í sjálfsábúð, Þverárholt, eyðibýli, sem hreppurinn á, og Hrafnhólar og Stardalur.

Svo sem að líkum lætur, eru hreppsbúar í ýmsum félögum og hafa verið og alls konar samtökum og háðir hver öðrum meira og minna um samstarf og samhjálp, og held ég, að talsverðum örðugleikum sé bundið að slíta þetta sundur, og það eigi ekki að gera það, nema eitthvað sérstaklega knýi á um það. Framsögumaður þessa máls, hæstv. utanrrh., gat þess í framsögu, að íbúar hreppsins væru í tveimur búnaðarfélögum. Mér virðist það stangast á við bréf, sem Búnaðarfélag Íslands hefur nýlega ritað út af ágreiningi um þetta mál, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af bréfi stjórnar Búnaðarfélags Kjalarness vill stjórn Búnaðarfélags Íslands taka fram, að hún telur, að hér hafi ekki verið fyrir hendi þau skilyrði, sem heimila mönnum að vera í búnaðarfélagi annars hrepps, og auk þess er svo ákveðið í lögum Búnaðarfélags Mosfellshrepps, að rétt til inngöngu í það félag hafi eingöngu íbúar hreppsins.

Það er því ályktun stjórnar Búnaðarfélags Íslands, að innganga bænda í Kjalarneshreppi í Búnaðarfélag Mosfellshrepps hafi ekki við lög að styðjast. Er þessi niðurstaða í samræmi við álit lögfræðings Búnaðarfélags Íslands, herra Sveinbjörns Jónssonar hrl. Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn Sigurðsson."

Þetta bréf skýrir mjög vel þau tengsl, sem verða að vera á milli íbúa innan eins og sama sveitarfélags, ekki aðeins í búnaðarfélagi, heldur í mörgum öðrum samtökum. T. d. er þarna skógræktarfélag fyrir allan hreppinn, slysavarnardeild fyrir allan hreppinn, sláturfélagsdeild fyrir allan hreppinn og líklega kaupfélagsdeild og sameiginlegir mjólkurflutningar fyrir allan hreppinn. Að sjálfsögðu eru það ekki óyfirstíganlegir örðugleikar að skipta eignum þessara félaga með einhverju móti, ef landfræðileg rök væru fyrir því eða enn veigameiri ástæður væru fyrir því og sveitarfélagið ekki gert of veikt með því að taka frá því þessi 10—12 býli. Hér munu gilda forn hreppamörk, svo að landfræðilegum rökum mun tæplega vera til að dreifa, eins og vegasambandi er nú háttað. Á stærð sveitarfélagsins hefur þegar verið drepið, og tel ég það aðalástæðuna, sem mælir gegn því, að þetta litla sveitarfélag sé minnkað. Sú þróun gengur í þá átt, sem ég tel vera mjög óheppilega, að því er snertir sveitarfélög yfirleitt. Og ég hef eingöngu og aðallega óskað eftir að koma þessum sjónarmiðum á framfæri vegna þess, að ég veit, að það eru fyrir hendi víða óskir um það að kljúfa út úr sveitarfélögum á svipaðan hátt og hér er lagt til. Að þessu öllu athuguðu tel ég, að fleira mæli móti því en með að samþykkja þetta frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. er nokkuð sérstætt í sinni röð, þegar litið er til þess, sem jafnan ber að hafa í huga, þegar um meðferð sveitarstjórnarmálefna er að ræða. Það er enginn efi á því, að hér í þessu frv. eru sveitarstjórnarlögin sniðgengin á allan hátt, því að þegar um skiptingu sveitarfélaga er að ræða, er ekki gert ráð fyrir því, að Alþingi fjalli um slík málefni hverju sinni, heldur að þau mál fari sína réttu boðleið og að um þau fjalli í fyrsta lagi sveitarstjórnir hlutaðeigandi sveitarfélaga og sýslunefnd hlutaðeigandi sýslu og síðast félmrn., sem hefur úrskurðarvald í þessum efnum, ef einhver ágreiningsatriði koma fram. Ég vil leyfa mér að benda á og lesa hér upp nokkur atriði úr sveitarstjórnarlögunum, sem voru lögð fram af hæstv. núv. ríkisstj. 1961 og þar á meðal að sjálfsögðu af þeim hæstv. ráðh., sem flytur þetta mál hér á hv. Alþingi. Með leyfi forseta, hljóðar 2. gr. sveitarstjórnarlaganna þannig:

„Með sveitarfélögum er í lögum átt við hreppa og kaupstaði. Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera þau sömu og nú eru, en rn. getur breytt þeim samkv. því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. l. þessara, sbr. þó 3. gr."

„3. gr. Kaupstöðum og sýslum má eigi fækka eða fjölga nema með lögum. Sama gildir um breytingar á mörkum kaupstaða og sýslna."

Þarna skilur á milli. Þegar breyta skal sýslumörkum og mörkum milli kaupstaða og sýslna, þá skal það gert með sérstökum lögum, og þar skilur á milli frá því, þegar breyta skal hreppsfélögum, að það er ekki gert ráð fyrir því, að um það skuli fjallað hverju sinni af Alþingi, heldur að það fari hina réttu boðleið, sem ég áðan drap á.

„4. gr. Rn. skal sameina hreppa, þegar þess er óskað af hlutaðeigandi hreppsnefndum, ef sýslunefnd mælir með því. Með sömu skilyrðum er rn. heimilt að breyta hreppamörkum, sbr. þó 7. gr."

En 7. gr. sveitarstjórnarlaganna hljóðar þannig:

„Rn. getur skipt hreppi samkv. beiðni hreppsnefndar, að fengnum meðmælum sýslun., enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200. Rn. ákveður hreppamörk, þegar skipt er samkv. 1. mgr. þessarar gr."

Hv. 8. landsk. þm. kom hér inn á það áðan, að íbúatala í Kjalarneshreppi er því sem næst 220 og um þriðjungur þeirra íbúa býr austan Kleifa eða í þeim hluta, sem hæstv. utanrrh. ætlast til að flytjist yfir til Mosfellshrepps. Eftir eru þá í hinum hluta hreppsins um 150 íbúar, og þannig stangast þetta frv. algerlega á við það, sem sveitarstjórnarlögin gera ráð fyrir, þar sem fæst mega vera eftir, þegar sveitarfélagi er skipt, 200 íbúar.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að auka mætti nánari samskipti milli Kjósarhrepps og Kjalarneshrepps, þess hluta, sem eftir er. Það er að vísu kannske möguleiki fyrir slíku. Ef hæstv. ráðh. ætlast til þess, að þeirra samskipti verði það náin, að það verði eitt sveitarfélag, því er þá ekki lagt til í þessu frv., að sporið sé stigið til

fulls og málið sé á þann hátt, að það fullnægi þeim ákvæðum, sem 7. gr. sveitarstjórnarlaganna gerir ráð fyrir? En svo er ekki.

Ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er flutt, bæði sem kemur fram í grg. og einnig í framsöguræðu hæstv. ráðh., eru harla léttvægar. Ég held, að það séu einhver sjónarmið hjá hæstv. ráðh., sem hvetja hann til að flytja þetta mál, sem hann hefur ekki þegar skýrt hv. Alþingi frá. Það er talað um í grg. og kom líka fram í ræðu hæstv. ráðh., að öll landfræðileg lega mælti með því, að skipting þessi yrði framkvæmd. En ég hélt, að bæði hæstv. ráðh. og aðrir, sem til þekkja á þessum slóðum, væru upp úr því vaxnir að vera að tala um landfræðilega legu og þránda í götu á því sviði á þeirri bílaöld, sem við lifum nú, og þetta held ég, að hæstv. ráðh. sé fullljóst, ekki síst þegar hann hugleiðir það, að hann á sjálfur heima í allt öðru bæjarfélagi en því, sem hann stundar jafnan sína vinnu, og ekur marga km daglega án þess að finna nokkurn hlut fyrir því, og sama máli held ég að gegni um flesta íbúa Kjalarneshrepps, að þeir finna ekki mikið fyrir þessum landfræðilegu staðháttum, sem eiga að vera hindrun fyrir því, að sveitarfélagið geti staðið áfram sameinað, eins og það hefur verið til þessa. Þessi rök falla því, að mér finnst, algerlega um sjálf sig.

Þá er í grg. getið um það, að þessi hluti Kjalarneshrepps, sem er austan Kleifa, hafi kirkjusókn með Mosfellingum. Nú er það svo, að kirkjusóknir á Íslandi hafa frá fyrstu tíð ekki verið bundnar við hreppamörk og hreppamörk ekki heldur verið bundin við kirkjusóknir. Og í Kjalarneshreppi eru þrjár kirkjusóknir, þ. e. Saurbæjar-, Brautarholts- og Lágafellssókn, þannig að þarna eru engin tengsl á milli.

Hv. 8. landsk. þm. minntist hér á ýmis samskipti og sterkan félagsskap, sem er innan þessara sveita, og skal ég ekki gera það að frekara umtalsefni, en vitna til þess, er hann sagði. En hæstv. ráðh. minntist í sinni grg. á nokkur félög, sem hann telur að mæli með því, að sveitarfélaginu sé skipt. Þar á meðal minnist hæstv. ráðh. á kvenfélag og ungmennafélag. Ungmennafélögin eru flest stofnuð um eða eftir aldamótin, og þá kann að vera, að einhverjir landfræðilegir staðhættir hafi mælt með því, að þessi sveitarhluti var með Mosfellingum, en ekki innan sinnar sveitar með stofnun ungmennafélags. En um kvenfélögin er það að segja, að þar sem ég þekki til þeirra félaga, eru þau hvergi bundin hreppamörkum og því ekkert undrunarefni, þó að slíkt hafi átt sér stað þarna, frekar en annars staðar á landinu, og það út af fyrir sig eru því engin rök, sem mæla með því, að einu sveitarfélagi sé skipt vegna þeirra hluta.

Þetta mál var lagt fyrir hv. Alþingi í fyrra, og umsagnir bárust frá 3 aðilum til hv. Alþ. Eins og vænta mátti, kom frá hreppsnefnd Kjalarneshrepps mjög mikil og greinargóð umsögn, auk þeirrar umsagnar, sem kom frá Mosfellshreppi og frá sýslunefnd Kjósarsýslu, þar sem hæstv. utanrrh. er í raun og veru hæstráðandi, en þó féll sú sýslunefnd frá því að taka ákvörðun í þessu máli, en umsögn þeirrar sýslunefndar hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Sýslunefnd væntir þess, að Kjalarneshreppur og Mosfellshreppur ráði málum þessum til lykta á farsælan hátt, og frestar að svo stöddu að taka afstöðu til máls þessa.“

Þarna vantar því þegar eitt atriði, sem uppfylla þarf, til þess að þessi skipting geti átt sér stað samkv. gildandi löggjöf. En ég hef löngun til þess að lesa grg. hreppsnefndar Kjalarneshrepps, en hún hljóðar þannig, með leyfi forseta, og er rituð 6. apríl 1963:

„Vegna frv. þess, sem fram er komið á Alþingi um stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu og stórfellda skerðingu Kjalarneshrepps, vill hreppsnefnd Kjalarneshrepps harðlega mótmæla slíku gerræði við sveitarfélagið og lýsir jafnframt furðu sinni á frv. þessu. Frv. er frekleg árás á Kjalarneshrepp og íslenzka hreppa almennt. En það er fjöregg íslenzku þjóðarinnar að vernda og varðveita sjálfsforræði sveitarfélaganna, sem standa á gömlum merg, allt frá því að hreppar urðu til á 10.—11. öld. Þá brýtur frv. í bága við sveitarstjórnarlög, nr. 58 frá 27. marz 1961, sbr. 6.—7. gr., en þar eru ákvæði um allt aðra málsmeðferð en hér er ætlað að viðhafa.

Við grg. frv. er þetta að athuga: Vandlega er dulin hin raunverulega ástæða fyrir kröfunni um skiptingu hreppsins, sem er staðsetning félagsheimilis hreppsbúa. Verður síðar að því vikið. Um eindregna ósk þess hluta Kjalarneshrepps, sem liggur austan Kleifa, er það vitað, að 26 íbúar sendu kröfu þess efnis að slíta hreppsfélaginu, dags. 29. nóv. 1959, og þar með, að þeir hefðu ákveðið að koma því til leiðar, að hreppnum yrði skipt. Samkv. gildandi íbúaskrá er helmingur þessa fólks fluttur burt úr hreppnum nú fyrir ári. Ekki er hreppsnefnd kunnugt um, að innfluttir íbúar austan Kleifa standi að ósk þessari um skiptingu. Þá hefur ríkissjóður keypt tvær jarðir vegna laxveiðistöðvarinnar í Kollafirði og ein jörð verið lögð undir vistheimili.

Mótmæli gegn kröfu um skiptingu bárust hreppsnefnd frá 72 íbúum. Innan sveitarinnar eru starfandi hin ýmsu félög, sem allir hreppsbúar eru í án nokkurs tillits til búsetu. Hreppsbúar eiga til þriggja kirkjusókna að telja. Er það Saurbæjarsókn að Ártúnsá, Brautarholtssókn þaðan að Kleifum, en austur þaðan er Lágafellssókn, enda munu kirkjusóknir að jafnaði ekki miðast við hreppamörk. Búnaðarfélag hefur um langt skeið verið starfandi í hreppnum, og hafa allir bændur hreppsins verið félagar í því. Svo brá við á s. l. vori, að nokkrir bændur austan Kleifa sóttu um upptöku í Búnaðarfélag Mosfellshrepps. Fullkominn vafa verður að telja á lögmæti afgreiðslu þessa máls, enda mun stjórn Búnaðarfélags Íslands ekki hafa samþykkt það.“ — Ég vil í því sambandi vitna til þess bréfs, sem hv. 8. landsk. þm. las hér áðan, og úrskurður í þessu máli mun hafa fallið í janúarmánuði s. l. — „Barnaskóli hefur starfað í hreppnum í meira en 30 ár að Klébergi. Þennan skóla hafa öll börn í hreppnum sótt að örfáum undanteknum. Unglingafræðsla er ekki nema að takmörkuðu leyti, og hafa unglingar því leitað fræðslu annars staðar, m. a. í unglingadeildina að Brúarlandi eða í héraðsskólana. Þá er í athugun nánara samstarf í skólamálum upphreppa Kjósarsýslu, sem er heimavistargagnfræðaskóli að Varmá.

Félagslíf Kjalnesinga hefur löngum verið

þröngur stakkur sniðinn, þar sem ekki er í annað hús að venda en barnaskólann, en á því eru margvíslegir óruðugleikar. Hafa hreppsbúar því sótt samkomur til nágranna sinna, m. a. að Hlégarði, og hefur hlutur þeirra, er vesturhlutann byggja, sízt verið minni en hinna. Til úrbóta á menningar- og félagslífi hreppsbúa var því ráðizt í byggingu félagsheimilis. Þarna er rótina að finna að deilumáli þessu.

Um framkvæmd þá er í stuttu máli það að segja, að ákveðið var með öllum greiddum atkv. á almennum hreppsfundi 26. júní 1957 að byggja félagsheimili í hreppnum. Á almennum hreppsfundi 17. maí 1958 fór fram leynileg atkvgr. um staðarval. Var Kléberg samþykkt með ⅔ hlutum greiddra atkv. Á sama fundi bar þáv. oddviti fram till. um fjárveitingu allt að 100 þús. kr. til félagsheimilisbyggingarinnar, sem var samþykkt einróma. Á fundi fræðslumálastjóra og íþróttanefndar ríkisins 4. febr. 1959 var samþykkt, að félagsheimilið yrði staðsett að Klébergi. Þá hefur sýslunefnd Kjósarsýslu samþykkt aðild hreppsins að félagsheimilisbyggingunni.

Þess skal getið, að menn hafa valizt til hinna ýmsu trúnaðarstarfa í þessum efnum án tillits til búsetu, þ. e. a. s. alveg jafnt austan og vestan Kleifa, sem kallað er. Forsenda frv., sem nefnd er félagsleg og landfræðileg skipting, verður því algerlega að teljast út í hött. Af greindum ástæðum hljótum vér að mótmæla fram komnu frv. harðlega, enda mundi það, ef að lögum yrði, skapa vítavert fordæmi. Hverjum minni hluta væri með því tryggð lagaleg aðstaða til þess að koma í veg fyrir, að löglegar samþykktir næðu fram að ganga. Það hlýtur því að vera krafa hreppsnefndar Kjalarneshrepps til hins háa Alþingis, að frv. þessu verði frá vísað.

F.h. hreppsnefndar Kjalarneshrepps,
Teitur Guðmundsson, oddviti."

Ég ætla, að þau rök, sem haldbær eru í þessu máli, séu þegar fram komin. Og hverjum hv. þm. ber að hugleiða það, hvort stefna beri að því á Alþingi að taka upp nýjan hátt, þegar skipta skal sveitarfélögum, eða fara að þeim lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 1961. Og ég tel, að það sé hyggilegast allra hluta vegna að hlíta þeim lögum, sem eru mjög greinileg í þessum efnum, því að ef svo færi, að annað eins mál og þetta væri samþykkt á Alþingi, er þegar búið að opna þá gátt, sem er ekki víst að verði á valdi hv. Alþ. að stöðva hverju sinni, sem það ella vildi. Því er bezt að gera slíkt þegar í upphafi og annað tveggja að fella þetta mál eða afgr. með rökst. dagskrá eða í þriðja lagi að láta það daga uppi, og ég er ekki fjarri því, að það sé kannske undir niðri meining hæstv. ráðh., sem flytur þetta mál.

Mig undrar það mjög, að það skyldi falla í hlut hæstv. utanrrh. að flytja þetta mál, vegna þess að hann hefur frá fyrstu tíð haft það orð á sér, að hann væri einn af mestu lögfræðingum þessa lands. Því undrar það mig, að það skyldi falla í hans hlut að flytja frv., sem brýtur svo gersamlega í bága við sveitarstjórnarlögin. Og ég ætla, að það sé hverjum bezt, að þetta mál fari ekki lengra en komið er, og vil því fyrir mitt leyti og þeirra, sem ég til þekki, og ég vil segja fyrir hönd þeirra sveitarfélaga, sem ég til þekki, óska þess, að för þess verði ekki lengri, hvorki að þessu sinni né síðar, en til 1. umr. í þessari hv. deild.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég get haft mál mitt stutt, þar sem tveir hv. þm., hv. 8. landsk. þm. og hv. 1. þm. Vesturl., hafa borið hér fram mörg þau rök, sem virðast vera gegn þessu frv., og það hefur komið fram í ræðum þeirra, að það er full ástæða til þess að athuga það nokkuð rækilega.

Ég held, að það sé ekki ofsagt, þó að fullyrt sé, að þetta frv. sé óvenjulegt, að því er allan undirbúning þess snertir. Ég er e. t. v. ekki nógu kunnugur til þess að fullyrða, að það sé dæmalaust í íslenzkri þingsögu, en mér er næst að halda, að svo sé. Hér er um það að ræða að breyta með löggjöf hreppaskiptingu, leggja hluta Kjalarneshrepps undir Mosfellshrepp.

Það hefur alloft komið fyrir á undanförnum áratugum, að einum hreppi fornum hefur verið skipt í tvo. Í flestum tilfellum hefur það átt sér stað, eftir að myndazt hafði í hreppnum þorp eða kauptún allstórt. Því er ekki að neita, að stundum var uppi einhver ágreiningur um það, hvort slík skipting hrepps í tvö sveitarfélög ætti að fara fram. En ég hygg, að alltaf hafi þeim deilum lyktað á þann veg, að þeir aðilar, sem sérstaklega áttu um málið að fjalla, hreppsnefnd og hreppsbúar, hafi í aðalatriðum orðið sammála um það, sem síðan var framkvæmt. Þess munu vissulega fá dæmi eða jafnvel engin, að hreppi hafi verið skipt eða hluti af hreppi lagður undir annan hrepp gegn vilja hreppsnefndar viðkomandi hrepps og meiri hluta hreppsbúa, en það virðist eiga að gera hér, eins og ljóst verður af umsögn hreppsnefndar Kjalarneshrepps um þetta frv., þeirri sem lesin var hér áðan. Ég efast um, að nokkur dæmi slíks finnist í þingsögunni. Hið eina, sem e. t. v. væri að einhverju leyti sambærilegt, væri það, þegar yfirvöld hér, ríkisstj. á sínum tíma og meiri hl. hv. Alþingis, skikkuðu Kópavogshrepp til þess að gerast kaupstaður gegn vilja meiri hl. hreppsbúa og gegn vilja lögmætra yfirvalda hreppsins. Það væri helzt hægt að líkja því, sem flm. þessa frv. vill gera hér, við það, sem þá gerðist. Og það hygg ég, að sé mála sannast, að þeir, sem fyrir því stóðu gagnvart Kópavogshreppi, hafi ekki haft neina sérstaka sæmd af þeim málatilbúnaði, eins og hann var til kominn.

Það hefur komið hér ljóst fram, að meginástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er óánægja nokkurra manna í Kjalarneshreppi, sem stafar, að því er virðist, af ágreiningi um byggingu eða þó einkum um staðsetningu félagsheimilis. Eins og lýst hefur verið hér áður, er það býsna algengt, að slík átök verði, tímabundin átök og óánægja innan hreppsfélaga. En venjulega lægir þær öldur fljótt, og svo hygg ég að sé þegar að allmiklu leyti, að því er varðar þann ágreining, sem þarna varð fyrir fáeinum árum. En svo mikið er víst, að þó að þarna yrði einhver ágreiningur, voru allar ákvarðanir um byggingu þessa félagsheimilis og staðsetningu þess teknar á lögformlegan hátt af réttum aðilum, og mikill meiri hluti hreppsbúa virðist hafa verið og vera fylgjandi þeirri ákvörðun, sem tekin var. Lítill

minni hl. var hins vegar óánægður og er það sennilega að einhverju leyti enn þá, og hefur hótað því að segja sig úr lögum við aðra hreppsbúa, og það virðist vera að ósk þessa litla minni hl., sem þetta frv. var flutt í fyrra og er endurflutt nú.

Þeir þrír aðilar, sem segja má að sérstaklega eigi hér hlut að máli, hafa, eins og áður er rakið, allir sagt sitt álit á málinu. Sýslunefnd Kjósarsýslu tekur í rauninni enga afstöðu aðra en þá, að hún óskar þess, að viðkomandi hreppar jafni þetta mál á milli sín, áður en frá því er gengið. Mosfellshreppur eða hreppsnefnd hans segist að vísu ekkert hafa við það að athuga að taka við þessum hluta af Kjalarneshreppi, en eins og greinilega kom fram í þeirri ýtarlegu umsögn, sem barst frá hreppsnefnd Kjalarneshrepps, er af hennar hálfu alger andstaða gegn því, að þessi skipting nái fram að ganga. Ég held, að þau rök, sem flm. lagði einna mesta áherzlu á, hin landfræðilegu rök, sem lægju til þess, að eðlilegt væri að gera þessa breytingu á hreppaskiptingum, séu heldur lítilvæg, enda eru þau, að því er ég hygg, tylliástæða meira en hitt. Aðalástæðan er sá ágreiningur, sem þegar hefur verið lýst í sambandi við félagsheimilið.

Aðalatriðið í sambandi við þetta mál er, eins og þegar hefur verið sagt, þetta, að frv. gerir ráð fyrir þvert ofan í þær reglur, sem gilda samkv. alveg nýlega settum lögum um meðferð slíkra mála sem þessara, þá gerir frv. ráð fyrir því, að knúin verði fram með lögum skipting gegn vilja viðkomandi hreppsnefndar, gegn vilja meiri hl. þeirra hreppsbúa, sem hér er um að ræða. Slík þvingun er að mínu viti mjög óviturleg, og ég ætla, að Alþingi geti ekki staðið að slíku.

Þetta mál fer nú vafalaust til nefndar, og ég vænti þess, að hún athugi það rækilega, og síðar, ef það kemur þá frá þeirri n., sem mun um það fjalla, verður tilefni til þess að ræða það nánar, en við þessa 1. umr. tel ég ástæðu til þess að leggja höfuðáherzlu á þetta, hversu fráleitt það er að fara inn á þá braut að knýja fram með þvingunarlögum skiptingu hreppsfélaga eða breytingar á hreppsfélögum.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég er að vísu í einu og öllu ósammála þeim hv. þremur þm., sem þegar hafa tekið til máls um þetta mál. En engu að síður verð ég að þakka þeim fyrir þeirra málflutning hér og fyrir þeirra þátttöku í þessum umr. Það hefur sem sagt skeð hvorki meira né minna en að hér hafa risið upp talsmenn, sinn frá hverjum af þremur stjórnmálaflokkum utan Alþfl., til þess að láta í ljós skoðun sína á málinu. Það eitt bendir til þess, að hér er á ferðinni mjög athyglisvert mál, sem er vissulega þess virði, að það sé athugað, og ekki þannig vaxið, að menn eigi að láta það þegjandi fram hjá sér fara.

Hv. 1. þm. Vesturl. lagði á það megináherzlu í andmælum sínum gegn frv., að ákvæði þess væru ekki í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaganna um skiptingu sveitarfélaga. Vegna þess að hér væri ósamræmi á milli, taldi þessi hv. þm. sjálfsagt, að þetta frv. fengi ekki fullnaðarsamþykkt á hv. Alþingi. Hann getur sem sagt ekki hugsað sér, að afgreidd séu lög, sem ekki séu nákvæmlega í einu og öllu í samræmi við þau lög, sem gildandi eru í landinu fyrir. Nú hefur þessi hv. þm. átt sæti á Alþingi á annan áratug. Hvað hefur hann verið að gera allan þennan tíma? Ég veit ekki betur en hann, eins og við allir, sem eigum hér sæti, höfum haft það fyrir fast starf á Alþingi, ekki aðeins að samþykkja ný lög, heldur að breyta lögum. Á hverju einasta Alþingi er breytt — ekki tugum, heldur hundruðum lagaákvæða. Þetta veit þessi hv. þm. ákaflega vel eins og við allir hinir. Aldrei hefur hann séð ástæðu til að rísa hér upp og setja það fram eins og einhverja algilda kenningu, að það sé eitthvert ódæði að breyta gildandi lagaákvæðum, fyrr en nú, þegar þetta litla frv. kemur hér, sem gerir ráð fyrir því, að breytt sé ákvæði að því er þetta varðar í gildandi lögum. Þá er slíkt slík fjarstæða, að af prinsip-ástæðum má ómögulega samþykkja það. Þessi hv. þm. getur að sjálfsögðu tínt hér fram þau rök, sem hann hefur á móti málinu, byggð á efnisástæðum. En mér finnst það með öllu óframbærileg rök á Alþingi að halda því fram, að ekki megi breyta ákvæðum í lögum. Ég hef a. m. k. ekki heyrt slíkt fyrr.

Þá vitnaði hv. 1. þm. Vesturl. til þeirra umsagna, sem hv. allshn. í Nd. bárust á s. l. ári um frv. samhljóða þessu. Hann minntist þar á umsögn sýslunefndar Kjósarsýslu, og hann lét þess getið, að ég væri einhver ráðamaður í þeirri sýslunefnd. Hér fer þessi hv. þm. algerlega villur vega. Ég hef ekki komið nálægt, hvorki störfum sýslunefndar Gullbringu- eða Kjósarsýslu né heldur sýslumannsembættisins í því lögsagnarumdæmi síðan síðla sumars 1956 og engin afskipti haft af málum, sem þar eru til meðferðar. Ég hef forðazt það með öllu að hafa nokkurt samband við sýslunefndina eða afskipti af því, hvernig hún afgreiddi þetta mál. Ég lét sýslunefndarmenn algerlega um það, enda hefði allt annað verið mjög óviðeigandi af minni hálfu. En þegar þeir í sýslunefnd Kjósarsýslu fóru að skoða þetta frv. og athuga, þá hneyksluðust þeir ekki á því, sem hv. 1. þm. Vesturl. hneykslaðist mest á, að hér væri verið að sniðganga ákvæði sveitarstjórnarlaganna um skiptingu sveitarfélaga. Þeir sáu ekkert athugavert við það form. sem hér er tekið upp á skiptingu sveitarfélaga. Sýslunefnd Kjósarsýslu hreyfði engum andmælum gegn frv. á þeim grundvelli, og yfirleitt niðurstaða sýslun. var sú, að hún andmælir frv. ekki, sem ekki er heldur von. Sýslunefndarmenn eru allir það vel kunnugir í Kjalarneshreppi, að þeir vita það, að með rökum verður þessu frv. ekki andmælt. Þess vegna létu þeir sér nægja að segja það eitt: Við vonum, að þeir, sem þarna eru að deila, komi sér saman. — Engin andmæli, engin andstaða af hálfu sýslunefndarinnar, heldur aðeins ósk til þeirra, sem voru að deila, um, að þeir kæmu þeir saman. Það má geta nærri, að ef sýslun. hefði viljað taka undir eitthvað af því, sem andmælendur frv. hafa sagt hér á þessum fundi í hv. Alþingi í dag, þá hefðu þeir látið það fram koma í sinni umsögn. Þeir gerðu það ekki, og til þess lágu fullgildar ástæður.

Það er hins vegar rétt, að hreppsnefnd Kjalarneshrepps andmælti þessu frv. Hún andmælti því mjög ákveðið. Grundvöllur hennar andmæla er fyrst og fremst sá, að í frv. felist frekleg árás á sjálfræði sveitarfélaganna til að ákveða mörk

sín. En hver er þessi árás, og hver er að fremja þessa árás? Hún er eingöngu sú, að nokkur hluti íbúa Kjalarneshrepps kemur og segir: Við höfum ekki átt og við eigum ekki félagslega samleið með öðrum íbúum Kjalarneshrepps. Okkar félagslegu samskipti hafa verið við nágrannahreppinn, Mosfellshrepp. Þess vegna biðjum við Alþingi að opna augun fyrir þessari staðreynd og leyfa það, að við fáum að vera meðlimir í því sveitarfélagi, sem við eigum félagslega samleið með, en ekki hinu, sem við eigum ekki félagslega samleið með. Þessi rökstuddu tilmæli eru það, sem menn leyfa sér hér að kalla freklega árás á sjálfsforræði sveitarfélags.

Þá var og vísað til umsagnar hreppsnefndar Mosfellshrepps. En í þeirri umsögn kemur greinilega fram, að hreppsnefndin hefur ekkert við það að athuga og hún er því ekki mótfallin, að Mosfellshreppur verði stækkaður, þannig að hann nái vestur að Kleifum. Að öðru leyti óskar hreppsnefnd Mosfellshrepps ekki að úttala sig um málið, sem hún veit að er ágreiningsmál.

Hv. 5. þm. Reykn. vildi halda því fram hér, að þetta frv. væri að efni til algert einsdæmi. Það hefði ekki þekkzt áður á Alþingi, að borin væru fram frv. að efni til í þá átt að taka hluta úr einu sveitarfélagi og leggja undir annað gegn vilja þeirra, sem klofnir eru út úr sínu upprunalega sveitarfélagi. Hann telur, að þetta sé algerlega einsdæmi. Ég hef nú alltaf staðið í þeirri trú, að þessi hv. þm. væri nokkuð vel að sér í ýmsum sögulegum fróðleik og þá ekki hvað síst því, sem næst gæti legið því kjördæmi, sem hann sjálfur er þm. fyrir. En ég sé af þessum ummælum hans, að hann hefur ekki kynnt sér málið niður í kjölinn. Það hefur sem sagt komið fyrir og það kom fyrir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að sveitarfélögum í Gullbringu- og Kjósarsýslu væri skipt og hluti þeirra lagður undir umdæmi algerlega gegn vilja þeirra, sem var verið að flytja milli umdæma. Ég minnist þess, þegar ég var nýkominn hér á hv. Alþingi, að eitt af þeim fyrstu málum, sem ég mætti þá, var frv., sem hér var flutt um það að kljúfa Mosfellshrepp og leggja hluta af honum undir Reykjavík. Hreppsnefnd Mosfellshrepps mótmælti þessu frv. Íbúar þeir í Mosfellshreppi, sem átti að flytja á milli lögsagnarumdæma, mótmæltu þessu sem einn maður, og hinir íbúar Mosfellshrepps, sem eftir áttu að vera í Mosfellshreppi, mótmæltu einnig. Allir íbúar Mosfellshrepps stóðu saman um að mótmæla þessu frv. og þessari lagasetningu. En frv. var samþ. og frv. varð að lögum. Þannig liggur fyrir ljóst dæmi, sem sannar, að það, sem hv. 5. þm. Reykn. var að halda fram um þetta, hefur ekki við rök að styðjast. Ég gæti nefnt fleiri dæmi og þau einmitt úr þessu sama lögsagnarumdæmi, en ég hirði ekki um að telja upp fleira að sinni.

En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er gerólíkt frv. um breytingu á Mosfellshreppi frá því í kringum 1942 eða 1943 að því leyti, að þá mótmæltu þeir menn breytingu á hreppamörkunum, sem átti að flytja á milli hreppa, sem átti að flytja á milli sveitarfélaga, þeir mótmæltu breytingunni. En hvað er að gerast hér? Eru þeir menn, sem verið er að tala um að flytja á milli sveitarfélaga, að mótmæla? Er þetta gert gegn vilja þeirra? Nei, þvert á móti. Frv. er flutt samkv. skriflegri beiðni þeirra manna í Kjalarneshreppi. sem eru að óska eftir flutningi á milli sveitarfélaga. Það er flutt samkv. skriflegri beiðni þeirra og að þeirra vilja. Hér er þess vegna ekki verið að gera nokkurn skapaðan hlut gegn vilja þeirra, sem verið er að færa á milli sveitarfélaga, heldur þvert á móti, það er verið að fara að þeirra óskum.

Því hefur verið haldið fram í umr., að þetta frv. væri einkum flutt vegna ágreinings um staðarval fyrir félagsheimili í Kjalarneshreppi. Það er út af fyrir sig rétt. Það hefur verið ágreiningur um það í Kjalarneshreppi, hvort þar skyldi byggt félagsheimili eða ekki, og það hefur verið ágreiningur um það, hvar þetta félagsheimili skyldi vera. Þessi ágreiningur innan hreppsins er mjög djúpstæður, og hann hefur haft alvarleg áhrif á alla sambúð íbúa Kjalarneshrepps, því miður. En þetta frv., sem hér er flutt, er ekki flutt á grundvelli þess ágreinings. Ég vitna til þeirrar grg., sem birt er með frv., og ég vitna til þeirrar framsögu, sem ég hélt fyrir málinu áðan. Þar voru hvergi færð sem rök fyrir því, að þetta frv. væri flutt eða ætti að ná fram að ganga, að ágreiningur væri um það í Kjalarneshreppi, hvort félagsheimili skyldi byggt eða ekki byggt eða hvar það skyldi byggt. Ástæðurnar, sem ég færði fram fyrir flutningi frv., voru allt annars eðlis.

Það er sýnt fram á það með ljósum rökum í grg. frv. og var endurtekið í minni framsöguræðu, að af landfræðilegum ástæðum hefði það verið eðlilegast, að íbúar Kjalarneshrepps austan Kleifa hefðu sitt félagslega samneyti, ekki við hreppsbúa sína í Kjalarneshreppi, heldur í Mosfellshreppi, og þetta hefur ekki verið aðeins eðlilegt landfræðilega, heldur hefur þetta einnig verið þannig í rauninni. Það hefur verið þannig í framkvæmd, að samskipti Kjalnesinga innan hreppsins hafa verið klofin, þannig að hluti hreppsins hefur leitað yfir í annað sveitarfélag. Kirkjusóknin, Búnaðarfélagið, Ungmennafélagið, Kvenfélagið og að nokkru leyti barnafræðslan og félagslífið yfirleitt er órækt dæmi og óræk sönnun þess, sem ég hef sagt. Af eðlilegum og sjálfsögðum ástæðum hafa íbúar Kjalarneshrepps austan Kleifa leitað með þessa starfsemi sína yfir í sitt nágrannafélag, en ekki til sveitunga sinna í Kjalarneshreppi. Því hefur verið haldið fram hér, að stjórn Búnaðarfélagsins hafi vísað þeim Kjalnesingum austan Kleifa burt úr Búnaðarfélagi Mosfellshrepps. Ég skal ekki ræða um það hér, hvort þessi úrskurður fær staðizt eða er á rökum reistur. En ef hann fær staðizt, eru þarna komin enn ein ný sterk rök fyrir því, að þetta frv. fái að ná fram að ganga. Íbúar Kjalarneshrepps austan Kleifa hafa ekki viljað vera í Búnaðarfélagi Kjalarneshrepps, vegna þess að landfræðilega eiga þeir ekki samleið með sínum sveitungum í búnaðarmálum, landfræðilega eiga þeir samleið með Mosfellshreppi. Þess vegna leita þeir þangað. Nú er okkur sagt, að þeim skuli úthýst úr Búnaðarfélagi Mosfellssveitar samkv. úrskurði stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Þeim er vísað í burtu úr búnaðarfélaginu í þeim hreppi, sem þeir kjósa að vera í samstarfi með. Og hvert eiga þeir að fara? Þeir telja sig ekki eiga samleið með sveitungum sínum í Kjalarneshreppi.

Það þýðir, að þeir verða að vera utan búnaðarfélags. Ég vil nú spyrja hv. þm., hvort þeim finnist það ekki sanngjarnt, — margir þeirra eru bændur og ættu að geta vel skilið það, — ég vil spyrja þá, hvort þeim finnist það ekki sanngjarnt, að bændur í Kjalarneshreppi austan Kleifa geti átt þess kost að vera meðlimir í því búnaðarfélagi, sem þeir af landfræðilegum og félagslegum ástæðum telja sig eiga samleið með, eða hvort hv. þm. telja það rétt að pína þessa menn annaðhvort til að vera utan búnaðarfélaga eða í búnaðarfélagi, sem þeir eiga ekki samleið með og telja sig ekki hafa gagn af því að vera í þar. Ég held, að það væri hin mesta ósanngirni og hin mesta óbilgirni af hv. Alþingi að fara að beita þessa menn í Austur-Kjalarneshreppi slíku ofbeldi ofan á allt saman að neyða þá nú að vera utan búnaðarfélegs með því að neita um breytingu á þessum hreppamörkum.

Því hefur verið haldið fram hér, að í hv. sameinuðu Alþingi hafi verið borin fram till. um að athuga um stækkun sveitarfélaga. Þetta er alveg rétt, og ég er fyrir mitt leyti alveg sammála þeirri stefnu, sem í till. felst. Það á að vinna að því að stækka sveitarfélögin. En þessi skoðun mín er í fullkomnu samræmi við það frv., sem ég hef borið hér fram. Kjalarneshreppur, eins og hann hefur verið og eins og hann er í dag, er í rauninni allt of lítill hreppur. Og það er ástæða til að taka það mál til athugunar út af fyrir sig, án tillits til þess, hvort nokkur ósk hefði komið fram í þessa átt eða ekki. En hér liggur fyrir till., sem miðar að því að stækka Mosfellshrepp, og þó að Kjalarneshreppur minnki að sama skapi við það í bili, aðeins opnar það leiðina fyrir þeim möguleika, að Kjalarneshreppur á fullkomlega samleið, félagslega samleið með nábúum í Kjósarhreppi. Og það er á þeim grundvelli, sem ég tel, að óhjákvæmilegt sé að athuga málið.

Þeir hv. þrír þm., sem töluðu hér á móti þessu frv., héldu því fram, að bezt væri, að annaðhvort færi þetta mál ekki lengra, dagaði uppi, yrði vísað frá með rökst. dagskrá eða hreinlega fellt. Ég fyrir mitt leyti legg á það mikla áherzlu, að engar af þessum hugmyndum þessara hv. þm. eigi eftir að rætast. Ég legg á það áherzlu, að þetta frv. verði samþykkt nú á þessu þingi. En hvað sem því líður, þá get ég sagt þessum þm. eitt með öruggri vissu: Það er hægt að tefja fyrir framgangi þessa máls, en það er aðeins hægt að tefja fyrir því. Það er ekki hægt að sporna við framgangi þess til frambúðar. Það er hægt að setja stíflu fyrir á eða læk, sem rennur niður fjallshlíð eða bratta, það er hægt að setja stíflu og tefja rennslið um tíma, en innan skamms rennur lækurinn eða áin yfir bakkana og ryður stíflunni úr vegi, og nákvæmlega eins verður með þetta frv. Menn geta tafið fyrir því og eytt tíma í það, en það getur aldrei orðið annað en tímaspursmál. Og ég vildi nú gjarnan mega gefa þeim hv. þm., sem hafa andmælt þessu frv., það góða ráð að fara sér hóflega og hægt í andmælunum, því að þeim mun léttara verður undanhaldið, þegar þar að kemur.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég finn það eftir þá ræðu, sem hæstv. utanrrh. hefur hér flutt, að hann er snjall í málflutningi, hann er snjall að verja mjög veikt mál. Og hann sagði, að ég mætti gjarnan vita það, hvert hefði verið mitt aðalstarf hér á hv. Alþingi í 15 ár, og það væri að breyta lögum. En ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, hvað þetta frv. heitir. Það heitir, með leyfi forseta: „Frv. til laga um stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu". Hvergi nokkurs staðar stendur: breyting á lögum. Það stendur ekki heldur í þessu frv., að það sé nokkurs staðar afnuminn nokkur sá lagabókstafur, sem til er í íslenzkri löggjöf, vegna þessa máls, þó að það nái fram að ganga. Þess vegna er þetta nýtt mál. Það er ekki breyting á neinum lögum, þetta er nýtt mál, sem er í fullkominni andstöðu við þau lög, sem eru gildandi í landinu, því að ef til þess væri ætlazt, að íslenzk löggjöf miðaðist eftirleiðis við þetta frv., þá bæri vitanlega hæstv. ráðh. að flytja brtt. við sveitarstjórnarlögin til samræmis við sína túlkun á málinu og sanna það, að hér væri um lagabreytingu að ræða, en það er alls ekki. Þessi rök hæstv. ráðh. falla því algerlega um sjálf sig. Hér er flutt frv., sem stangast á við íslenzka löggjöf, sem á að gilda jafnt eftir sem áður, auk þess sem það er algerlega nýtt, að einn maður af þremur eigi að vera rétthærri en hinir tveir. Það var líka uppistaðan í seinni ræðu hæstv. ráðh. Það er alveg ný kenning, því að venjulega hefur svo verið í landinu, að minni hl. hefur orðið að lúta valdi meiri hl., alveg eins og við verðum hér í minni hl. á Alþingi, sem þar erum, að lúta valdi þess nauma meiri hl., sem Alþingi er skipað. Þetta er hefðtekin venja, og því finnst mér, að frv., hvernig sem því er snúið og hvaða kanti þess sem hæstv. ráðh. reynir að fara með, þá stangast það á við allar venjur í íslenzkri löggjöf og íslenzku þjóðlífi almennt.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að fyrir Alþingi lægi till. um fækkun og stækkun sveitarfélaga. Þessi till. er einmitt fram komin frá einum hv. þm. Alþfl., Unnari Stefánssyni, og ég ætla, að hún sé flutt vegna þess, að þetta mál er eitt af stefnumálum Alþfl. og Alþfl. ræður ríkjum hér á landi nú. Ef hæstv. ráðh. ætlar þessu máli framgang, þarf hann ekki að vera að flytja sérstakt frv. um breytingu á einum hreppamörkum í landinu. Ég held, að ef hann ætlaði till. á þskj. 171 framgang, þá gæti sú breyting, sem hann fer fram á í sínu frv., beðið, þar til Alþfl. væri búinn að koma þessu máli í það horf, sem hann teldi til bóta horfa fyrir sveitarfélögin almennt í landinu. Og annað tveggja er, að það er ekkert meint með till., því að ef svo væri, þá mundi hæstv. ráðh. ekki nú fara að flytja frv., sem engan framgang hlýtur á þessu þingi, og ég fæ ekki séð að nái fram að ganga nema í samræmi við skipulagðar breytingar á sveitarfélögum almennt í landinu. Það er það eina, sem getur fleytt þessu máli áfram, en annað ekki. Þess vegna er þetta mál nú í raun og veru alveg út í hött, eins og þegar hefur komið fram, þó að hæstv. ráðh. vilji ekki svo vera láta.

En ég vil minna á það, að þetta frv. er nýtt mál. Það er ekki farið þar fram á breytingu á neinum lögum, og sveitarstjórnarlögin standa óhögguð eftir sem áður og gilda því jafnt að því er varðar skiptingu á þessu sveitarfélagi sem öðrum, þótt um það sé borið fram sérstakt frv.

Ég vil líka geta þess út frá þeim samskiptum, sem hæstv. ráðh. talaði um milli austurhluta Kjalarneshrepps og Mosfellssveitar, að hann sagði, að mörg börnin væru í skólahverfi, sem tilheyrði Mosfellshreppi. En allur fjöldi sá, sem stundar nám í Mosfellshreppi í vetur, það eru tveir nemendur, sem hafa fengið undanþágu, það eru tveir nemendur. Allir aðrir á skólaskyldualdri í hreppnum stunda sitt nám að Klébergi. Og þetta vil ég biðja hæstv. ráðh. að athuga, þegar hann fer að hugleiða þau miklu samskipti, sem eru á milli þessara tveggja aðila.

Svo var annað, sem hæstv. ráðh. minntist á í sambandi við þann úrskurð. sem felldur hefur verið af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og það er afar þægilegt í ræðu að vefengja slíkan úrskurð, en ég hygg, að hann verði ekki svo létt vefengdur, þegar á á að herða, þótt lengra yrði farið, vegna þess að að þessum úrskurði stendur einn af viðurkenndustu og beztu og hyggnustu lögfræðingum þessa lands, þar sem Sveinbjörn Jónsson hrl. á í hlut.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það var eingöngu í sambandi við þá röksemd hv. flm., að þetta frv. hans væri í algeru samræmi við þá þáltill., sem einn hv. fulltrúi Alþfl. lagði fram í sameinuðu Alþingi um fækkun og stækkun sveitarfélaga, — það var eingöngu vegna þessarar röksemdar, sem ég ætlaði að bæta fáeinum orðum við það, sem ég sagði hér áðan. Mér finnst þetta stangast dálítið á hjá flm., hæstv. ráðh. Hann segist vera með sínu frv. að stækka Mosfellshrepp, og það er vitanlega alveg rétt, en hann er jafnframt að minnka minni hreppinn, þann hrepp, sem þegar er upplýst að sé nú niður við það lágmark, sem ætlazt er til samkv. sveitarstjórnarlögunum. Hitt hefði verið í miklu meira samræmi við þá þáltill., sem hér hefur verið nefnd og ég út af fyrir sig held að eigi töluvert erindi og þurfi að takast til rækilegrar athugunar, hvort ekki sé rétt stefna í þessum málum, en í samræmi við hana hefði þá verið frv. um það að sameina Kjalarneshrepp og Mosfellshrepp í eitt sveitarfélag, og það væri að sjálfsögðu umræðuvert. En vitanlega þarf þá að mínum dómi að liggja fyrir meirihlutavilji a. m. k. og sem allra almennastur vilji beggja viðkomandi sveitarfélaga til slíkrar sameiningar.

Hæstv. ráðh. sagði í lok ræðu sinnar, að þetta mál væri svipaðs eðlis og lækur, sem er að brjótast niður fjallshlíð, eða jafnvel fljót, það væri hægt að stöðva það um stundarsakir með því að reyna að stífla, en það mundi síðan brjótast fram með fullum þunga, og þá yrðu þeir að vara sig, sem hefðu verið að berjast við að stöðva eða stífla. Mér finnst þessi samlíking ekki hitta alveg. Ég held, að hér sé um svolitið annað að ræða. Það er eins og hæstv. ráðh. standi hér yfir borholu. Hann er að reyna að virkja þarna dálitla óánægju, óánægju nokkurra manna, sem hann virðist ætlar að virkja sér og sínum flokki til framdráttar, en ég held, að þessi óánægja sé sem óðast að gufa upp, og þá mun hæstv. ráðh. standa yfir sinni borholu tómri.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið, úr því sem orðið er, en mér sýnist eftir málflutninginn, að þá sé það í raun og veru vera tvö atriði, sem um er deilt. Annað er það, að þetta frv. brjóti í bága við þá stefnu að stækka sveitarfélög. Hitt er, að í frv. felist breyting á ákvæðum sveitarstjórnarlaga, án þess að frv. beri það sjálft með sér, að til slíkra breytinga sé ætlazt. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð um þessi tvö atriði, sem mér sýnist vera orðin kjarni málsins.

Ég er alveg sammála þeim, sem hér hafa talað, að stefnan um skipun sveitarfélaga á að vera sú að stækka þau upp að vissu, hæfilegu marki. Það er af hálfu Alþfl., sem þáltill. hefur verið borin fram í þessa átt í Sþ., og ég eins og mínir flokksmenn, við stöndum að baki þeirri till. og erum henni algerlega samþykkir. En einmitt þetta frv. og sú stefna, sem fram kemur í því, er í fullkomnu samræmi við þessa þáltill. Það er vitað og öllum kunnugt, sem þekkja, að Kjalarneshreppur er það lítill hreppur, að framtíð hans er óviss, eins og hann er. Till. hér gengur út á það að taka hluta af hreppnum samkvæmt ósk íbúa þess hluta og sameina öðrum hreppi til stækkunar. Þá er það fyrir þá, sem eftir búa í Kjalarneshreppi að gera það upp við sig, hvers þeir óska sjálfir. Vilja þeir einnig sameinast Mosfellshreppi, kjósa þeir að halda í áttina að Kjósarhreppi eða vilja þeir reyna að vera áfram einir? Þetta dæmi hef ég ekki reynt að gera upp við flutning þessa frv., vegna þess að ég býst við, að það sé nákvæmlega sama, hvaða niðurstöðu ég hefði komizt að, maður hefði fengið ásakanir um, að í henni fælist ofbeldi. Þess vegna hefur það verið látið eftir liggja hreppsnefnd Kjalarneshrepps og íbúum Kjalarneshrepps vestan Kleifa að gera þetta dæmi upp sjálfum og segja, hverjar þeirra óskir væru í þeim efnum. En öll byggist hugsunin á þeirri staðreynd og þeim möguleika að stækka sveitarfélögin, en minnka þau ekki.

Hv. 1. þm. Vesturl. tilfærði í sinni fyrri ræðu, eins og ég gat um áðan, sem meginástæðu fyrir andstöðu sinni gegn frv., að í því fælist ákvæði, sem væru í ósamræmi við lögin um sveitarfélög og ákvæði þeirra um breytingu sveitarfélaga. Ég benti hv. þm. á í minni fyrri ræðu, að hann þyrfti ekki að kippa sér upp við það, þó að gildandi lagaákvæðum væri breytt með lögum, því að það væri hlutur, sem við værum alltaf að gera hér á Alþingi, á hverjum degi, ár eftir ár, og hv. 1. þm. Vesturl. hefði tekið ríkulegan þátt í því starfi. Ég gat ekki skilið hv. 1. þm. Vesturl. í sinni seinni ræðu betur en svo, að það eitt, sem honum fyndist að í þessu frv., að því er samband þess við sveitarstjórnarlögin varðar, væri það, að í fyrirsögn frv. vantaði orð, sem gæfi til kynna, að með því væri verið að breyta sveitarstjórnarlögunum. Ég gat ómögulega skilið málflutning hans öðruvísi en að það eina, sem honum fannst á vanta, og það eina, sem hann hefði að málinu að finna, væri það, að það vantaði, að þetta kæmi fram í fyrirsögn frv. Ef ég hef skilið þennan hv. þm. rétt, þá verð ég að segja, að mér finnst hans undanhald gert með miklum virðuleik, og ég er reiðubúinn til þess að mæta því með því að rétta honum nú höndina og bjóðast til að breyta heiti frv. eitthvað til samræmis við þessa ósk hans, ef fylgi hans við frv. er með því tryggt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. ráðh. er dálítið laginn að snúa út úr hlutunum, því að vitanlega tók ég ekki neitt aftur af því, sem ég hafði áður sagt. En ef hæstv. ráðh. langar til að hlusta á það á ný, þá væri velkomið, að ég endurtæki öll þau atriði, sem ég hafði sagt í fyrstu ræðu minni hér í dag, því að það stendur enn þá, — allt, sem ég sagði, öll þau rök standa óhögguð og hafa ekki verið tekin aftur af minni hálfu. Ég stend líka við það, að þetta frv. er ekki breyting á lögum, því að sveitarstjórnarlögin standa eftir sem áður óhögguð, þó að þetta frv. nái fram að ganga. Um skiptingu annarra sveitarfélaga, ef um hana væri að ræða, yrði að fjalla eftir þeim lögum, á meðan þeim er ekki breytt, því að þetta frv. er nýtt, það er ekki breyting á lögum, eins og ég tók fram áðan. Þetta er nýtt frv. Það er hvergi fram tekið, að neinn lagabókstafur í neinni íslenzkri löggjöf sé felldur niður, þó að þetta mál nái fram að ganga. Vera má, að hæstv. ráðh. hugsi sér í framhaldi þessa máls að leggja fram einhverjar breytingar á þann hátt, að sveitarstjórnarlögunum verði breytt að einhverju leyti til samræmis við þetta frv., en það liggur ekki fyrir enn þá. Og enn er það atriði í þessu máli, sem hæstv. ráðh. hefur ekki komizt frá og hefur rætt þó um aftur á bak og áfram, og það er það, að hann smækkar eitt sveitarfélag í landinu, hann smækkar Kjalarneshrepp, og því máli hefur hann ekki gert þau skil, að maður viti, hvað hann meinar með því, þegar hann ræðir um, að ótal leiðir séu fyrir þá, sem eftir eru í sveitarfélaginu, að sjá sér borgið, svo að þeir bíði ekki neitt tjón af, þó að þetta frv. næði fram að ganga. Og þetta er líka, eins og ég hef áður bent á, í andstöðu við stefnu og störf Alþfl. um þessi mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.